# Alþingi 1995

## ÞINGSETNINGARFUNDUR

þriðjudaginn 16. maí.

### *Þingsetning.*

Árið 1995, þriðjudaginn 16. maí, var hundraðasta og nítjánda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tuttugusta og annað aukaþing í röðinni en hundrað þrítugasta og fjórða samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Karl Sigurbjörnsson steig í stólinn og lagði út af Jóh. 14:27.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.
2. Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.
3. Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.
4. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
5. Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.
6. Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.
7. Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
8. Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.
9. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
10. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
11. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
12. Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.
13. Finnur Ingólfsson, 7. þm. Reykv.
14. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
15. Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.
16. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
17. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
18. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
19. Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.
20. Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.
21. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
22. Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.
23. Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.
24. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
25. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
26. Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.
27. Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
28. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
29. Ingibjörg Pálmadóttir, 1. þm. Vesturl.
30. Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.
31. Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.
32. Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.
33. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
34. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
35. Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.
36. Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.
37. Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.
38. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
39. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
40. Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.
41. Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.
42. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
43. Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.
44. Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.
45. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
46. Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.
47. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
48. Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.
49. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
50. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
51. Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.
52. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.
53. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
54. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
55. Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.
56. Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.
57. Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.
58. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
59. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
60. Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
61. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
62. Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.
63. Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

### *Forseti Íslands setur þingið.*

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

[14:07]

**Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):**

Hinn 3. maí 1995 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 16. maí 1995.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

---

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 16. maí 1995.“

Samkvæmt bréfi því sem ég nú hef lesið lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Það þing sem hér hefur störf er 119. löggjafarþing Íslendinga frá því að Alþingi var endurreist. Þinghald hefst að þessu sinni að nýafstöðnum kosningum og 19 nýir þingmenn taka til starfa við hlið þeirra mörgu sem langa reynslu hafa af störfum Alþingis Íslendinga.

Ég óska alþingismönnum öllum stjórnvisku og gæfu til góðra verka. Það er í höndum þessarar virðulegustu stofnunar lýðveldisins Íslands að styrkja og efla hverja stund trú fólksins í landinu á framtíð fósturlandsins.

Bið ég yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra Davíð Oddsson** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn. Bið ég aldursforseta, Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., að ganga til forsetastóls.

[14:10]

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Ég býð alla hv. alþingismenn, sem kjörnir voru í alþingiskosningunum 8. apríl 1995, velkomna til starfa. Sérstaklega býð ég velkomna 19 nýja alþingismenn sem ekki áttu hér sæti þegar Alþingi lauk störfum í febrúarmánuði sl. Ég óska nýskipaðri ríkisstjórn velfarnaðar í störfum og vil láta í ljós þá von að störf þessa nýkjörna Alþingis verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

## *Minning Eggerts G. Þorsteinssonar.*

[14:11]

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Nú verður minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Eggert G. Þorsteinsson, fyrrverandi forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, alþingismaður og ráðherra, andaðist í Landspítalanum þriðjudaginn 9. maí. Hann var á sjötugasta aldursári.

Eggert G. Þorsteinsson var fæddur 6. júlí 1925. Foreldrar hans voru hjónin Þorsteinn Eggertsson, skipstjóri í Keflavík, og Margrét Guðnadóttir húsmóðir. Að loknu hefðbundnu skyldunámi hóf hann nám í múraraiðn og lauk sveinsprófi í múrsmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1947. Auk þess stundaði hann tungumálanám í aukatímum og á kvöldnámskeiðum. Næstu sex ár, 1947–1953, var aðalstarf hans við múrverk og árin þar á eftir sinnti hann því að nokkru með öðrum störfum. Í alþingiskosningunum 1953 var hann í kjöri á Seyðisfirði fyrir Alþýðuflokkinn og hlaut sæti landskjörins þingmanns, sat þá á þrem þingum. Við kosningarnar 1956 og eftir það var hann í framboði í Reykjavík og náði þingsæti ýmist sem þingmaður Reykvíkinga eða landskjörinn, að undanskildu fyrsta þinginu, 1956–1957, hann var þó varaþingmaður alllengi á því þingi. Var hann síðan þingmaður til vors 1978, sat á 27 þingum alls. Hann var forseti efri deildar á sumarþinginu 1959 og fyrsti varaforseti deildarinnar 1959–1965 og 1971–1978. Hinn 31. ágúst 1965 var hann skipaður sjávarútvegs- og félagsmálaráðherra, en við breytta skipan innan Stjórnarráðsins í upphafi árs 1970 varð hann sjávarútvegs-, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og gegndi þeim störfum til 14. júlí 1971. Hann var skrifstofustjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins 1961–1965, framkvæmdastjóri Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1972–1979 og forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins 1979–1993.

Eggert G. Þorsteinsson var skipaður eða kjörinn til fleiri starfa en hér hafa verið talin. Árið 1951 var hann skipaður í endurskoðunarnefnd laga um iðnaðarmál. Í landsbankanefnd var hann 1954–1957, síðustu ár þeirrar nefndar, og í öryggisráði á vinnustöðum 1955–1958. Hann var kosinn í atvinnumálanefnd 1955, var í húsnæðismálastjórn 1957–1965, formaður hennar frá 1960 og það ár var hann skipaður í endurskoðunarnefnd um húsnæðismál. Árið 1961 var hann kosinn í vinnutímanefnd og skipaður í endurskoðunarnefnd laga um Iðnlánasjóð 1962. Hann var í stjórn Íslenska járnblendifélagsins 1975–1982 og stjórnarformaður hlutafélagsins Gutenbergs 1984.

Enn eru ótalin störf Eggerts G. Þorsteinssonar í þágu flokks og stéttarfélags og skulu nokkur þeirra nefnd. Hann var í miðstjórn Alþýðuflokksins 1948–1988, formaður Félags ungra jafnaðarmanna 1949–1953 og næstu tvö ár formaður Sambands ungra jafnaðarmanna. Ritari Múrarafélags Reykjavíkur var hann 1949–1953 og formaður þess 1953–1958, sat af þess hálfu á fundum Alþýðusambands Íslands frá 1952. Hann var varaforseti Alþýðusambandsins 1958–1960.

Á æskustöðvum sínum í Keflavík kynntist Eggert G. Þorsteinsson lífi og störfum verkalýðs. Hann var í ætt við kunna aflamenn á sjó, en valdi sér starf í landi. Hann skipaði sér ungur í raðir jafnaðarmanna, gekk í félag með þeim og komst þar innan skamms tíma í forustusveit. Hann var líka ungur valinn til forustu í verkalýðssamtökum. Hann hlaut að hverfa eftir nokkurra ára störf frá þeirri iðn sem hann menntaði sig til. Á hann hlóðust störf á öðrum vettvangi, eins og glöggt má sjá af þeim starfsferli sem hér hefur verið rakinn. Hann reyndist styrkur forustumaður, brást ekki trúnaði þeirra sem að baki honum stóðu. Á Alþingi var hann löngum í efri deild og varð oft að starfa í mörgum nefndum þeirrar deildar. Öll störf hans hér einkenndust af vinnusemi, staðfestu og tryggð við þann málstað sem hann kaus á ungum aldri að helga líf sitt og starf.

Ég vil biðja þingheim að minnast Eggerts G. Þorsteinssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fundi frestað kl. 14:18

# ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

miðvikudaginn 17. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning í kjörbréfanefnd, 9 manna, skv. 2. mgr. 1. gr. þingskapa.
2. Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.
3. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
4. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
   a. allsherjarnefnd, 9 manna,
   b. efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna,
   c. félagsmálanefnd, 9 manna,
   d. fjárlaganefnd, 11 manna,
   e. heilbrigðis- og trygginganefnd, 9 manna,
   f. iðnaðarnefnd, 9 manna,
   g. landbúnaðarnefnd, 9 manna,
   h. menntamálanefnd, 9 manna,
   i. samgöngunefnd, 9 manna,
   j. sjávarútvegsnefnd, 9 manna,
   k. umhverfisnefnd, 9 manna,
   l. utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
5. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

**Fjarvistarleyfi:**

Halldór Ásgrímsson utanrrh.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Jóni Haukssyni héraðsdómslögmanni, Vestmannaeyjum.
Erindi frá Landsþingi Grænlands.
Erindi frá bæjarráði Vestmannaeyja.

## *Kosning í kjörbréfanefnd, 9 manna, skv. 2. mgr. 1. gr. þingskapa.*

[13:36]

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þingskapa skal nú kjósa 9 þingmenn í nefnd til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna og bið ég um lista.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sólveig Pétursdóttir,
Valgerður Sverrisdóttir,
Geir H. Haarde,
Ragnar Arnalds,
Tómas Ingi Olrich,
Magnús Stefánsson,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Einar K. Guðfinnsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir.

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Kjörbréfanefnd fær nú í hendur kjörbréf aðalmanna og varamanna sem landskjörstjórn hefur gefið út. Enn fremur fær nefndin í hendur bréf sem Alþingi hefur borist frá dómsmrn. um sex ágreiningsatkvæði í Reykjaneskjördæmi. Ég bið hv. 5. þm. Reykv., Sólveigu Pétursdóttur, að kveðja kjörbréfanefndina saman til fundar nú þegar í þingflokksherbergi Alþfl.

[Fundarhlé. — 13:44]

## *Rannsókn kjörbréfa.*

[14:01]

**Frsm. kjörbréfanefndar (Sólveig Pétursdóttir):**

Herra forseti. Rannsókn kjörbréfa og úrskurður um kjörgengi og kosningu þingmanna sbr. 46. gr. stjórnarskrárinnar fer nú í fyrsta sinn fram samkvæmt nýjum ákvæðum þingskapa sem sett voru 1991. Áður skiptust þingmenn allir í þrjár deildir sem rannsökuðu kjörbréf hver annarrar á þingsetningarfundi. Það er ástæða til að fagna þessari breytingu sem er tvímælalaust til hagræðis við þingmenn og ég vona að hún feli í sér betri vinnubrögð.

Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar að þessu sinni kjörbréf allra 63 aðalmanna sem kjörnir voru í alþingiskosningunum 8. apríl sl. og jafnmargra varamanna en landskjörstjórn gaf kjörbréfin út þann 19. apríl sl. Enn fremur hefur kjörbréfanefnd fjallað um bréf dómsmrn. frá 9. maí sl. sem er endurrit úr gerðabók yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis ásamt þremur innsigluðum umslögum með ágreiningsseðlum og fleiru. Þá hefur nefndin kynnt sér bréf frá dr. Þorkeli Helgasyni, reikniráðunauti landskjörstjórnar, sem hann hefur sent að beiðni skrifstofu Alþingis. Í því bréfi kemur fram að hvernig sem úrskurðað verður um ágreiningsatkvæðin, þá mun það ekki breyta neinu um hverjir skipi þingið. Kjörbréfanefnd getur fyrir sitt leyti fallist á afgreiðslu yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis á ágreiningsseðlunum. Nefndin leggur því einróma til að kjörbréf aðalmanna og varamanna verði samþykkt.

*Aðalmenn:*

Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
Finnur Ingólfsson, 7. þm. Reykv.
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.
Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.
Árni Ragnar Árnason, 6. þm. Reykn.
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.
Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.
Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.
Ingibjörg Pálmadóttir, 1. þm. Vesturl.
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.
Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.

*Varamenn:*

1. Ásta B. Þorsteinsdóttir, 1. varamaður Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
2. Magnús Árni Magnússon, 2. varamaður Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
3. Arnþrúður Karlsdóttir, 1. varamaður Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
4. Vigdís Hauksdóttir, 2. varamaður Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
5. Katrín Fjeldsted, 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
6. Magnús L. Sveinsson, 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
7. Ari Edwald, 3. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
8. Ásta Möller, 4. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
9. Kristján Guðmundsson, 5. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurjördæmi.
10. Hanna Birna Kristjánsdóttir, 6. varamaður Sjálfstfl. í Reykvíkurkjördæmi.
11. Helgi Árnason, 7. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
12. Ellen Ingvadóttir, 8. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.
13. Guðrún Helgadóttir, 1. varamaður Alþb. og óháðra í Reykjavíkurkjördæmi.
14. Guðrún Sigurjónsdóttir, 2. varamaður Alþb. og óháðra í Reykjavíkurkjördæmi.
15. Svanhildur Kaaber, 3. varamaður Alþb. og óháðra í Reykjavíkurkjördæmi.
16. Mörður Árnason, 1. varamaður Þjóðvaka í Reykjavíkurkjördæmi.
17. Guðrún Árnadóttir, 2. varamaður Þjóðvaka í Reykjavíkurkjördæmi.
18. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavíkurkjördæmi.
19. María Jóhanna Lárusdóttir, 2. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjavíkurkjördæmi.
20. Petrína Baldursdóttir, 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi.
21. Hrafnkell Óskarsson, 2. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi.
22. Drífa Jóna Sigfúsdóttir, 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi.
23. Unnur Stefánsdóttir, 2. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi.
24. Viktor Borgar Kjartansson, 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi.
25. Stefán Þorvaldur Tómasson, 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi.
26. Sigurrós Þorgrímsdóttir, 3. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi.
27. Ævar Guðmundsson, 4. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi.
28. Sigurveig Sæmundsdóttir, 5. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi.
29. Sigríður Jóhannesdóttir, 1. varamaður Alþb. og óháðra í Reykjaneskjördæmi.
30. Lilja Á. Guðmundsdóttir, 1. varamaður Þjóðvaka í Reykjaneskjördæmi.
31. Bryndís Guðmundsdóttir, 1. varamaður Samtaka um kvennalista í Reykjaneskjördæmi.
32. Sveinn Þór Elinbergsson, 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi.
33. Þorvaldur T. Jónsson, 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi.
34. Sigrún Ólafsdóttir, 2. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi.
35. Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi.

36. Þrúður Kristjánsdóttir, 2. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi.
37. Ægir E. Hafberg, 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi.
38. Ólafur Þ. Þórðarson, 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi.
39. Ólafur Hannibalsson, 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi.
40. Guðjón Arnar Kristjánsson, 2. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi.
41. Lilja Rafney Magnúsdóttir, 1. varamaður Alþb. og óháðra í Vestfjarðakjördæmi.
42. Elín R. Líndal, 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra.
43. Magnús B. Jónsson, 2. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra.
44. Sigfús Leví Jónsson, 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra.
45. Þóra Sverrisdóttir, 2. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra.
46. Sigurður Hlöðvesson, 1. varamaður Alþb. og óháðra í Norðurlandskjördæmi vestra.
47. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.
48. Ingunn St. Svavarsdóttir, 2. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.
49. Svanhildur Árnadóttir, 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.
50. Jón Helgi Björnsson, 2. varamaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.
51. Árni Steinar Jóhannsson, 1. varamaður Alþb. og óháðra í Norðurlandskjördæmi eystra.
52. Vilhjálmur Ingi Árnason, 1. varamaður Þjóðvaka í Norðurlandskjördæmi eystra.
53. Jónas Hallgrímsson, 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi.
54. Kristjana Bergsdóttir, 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi.
55. Kristinn Pétursson, 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi.
56. Sigurður Eymundsson, 2. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi.
57. Þuríður Backman, 1. varamaður Alþb. og óháðra í Austurlandskjördæmi.
58. Hrafn Jökulsson, 1. varamaður Alþfl. í Suðurlandskjördæmi.
59. Ólafía Ingólfsdóttir, 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi.
60. Elín Einarsdóttir, 2. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi.
61. Drífa Hjartardóttir, 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi.
62. Arnar Sigurmundsson, 2. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi.
63. Ragnar Óskarsson, 1. varamaður Alþb. og óháðra í Suðurlandskjördæmi.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan, þá leggur kjörbréfanefndin til að kjörbréfin verði samþykkt.

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Frsm. kjörbréfanefndar hefur lagt til fyrir hönd nefndarinnar að kjörbréfin, sem nefndin hefur prófað, verði samþykkt og kosning og kjörgengi þingmanna og jafnmargra varamanna verði tekin gild. Þetta eru samhljóða tillögur af hálfu nefndarinnar og verða því bornar upp í einu lagi ef enginn hreyfir andmælum og hefst nú atkvæðagreiðslan.

Þeir sem samþykkja tillögurnar ýta hér á eftir á já-hnappinn, þeir sem eru á móti ýta á nei-hnappinn, þeir sem sitja hjá ýta á hnapp sem merktur er: Greiði ekki atkvæði. Ef skyldi vera þörf á þá bið ég reyndari þingmenn að aðstoða nýliða í þessari fyrstu atkvæðagreiðslu, en að sjálfsögðu verða menn að ýta sjálfir á hnappinn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Kjörbréf samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁJ, GHall, HÁs, IP) fjarstaddir.

## *Drengskaparheit unnin.*

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Samkvæmt 2. gr. þingskapa ber þeim alþingismönnum sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni. Af hinum 19 nýkjörnu alþingismönnum hafa fimm áður setið á Alþingi sem varamenn og einn sem aðalmaður. 13 nýir þingmenn undirrita því drengskaparheitið á þessum fundi en þeir eru:

Arnbjörg Sveinsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,

Einar Oddur Kristjánsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristján Pálsson, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Pétur H. Blöndal, Siv Friðleifsdóttir, Ögmundur Jónasson.

Ég vil biðja skrifstofustjóra að færa þingmönnum heitstafinn til undirritunar.

Þeir hv. alþingismenn sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn, hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni.

Ég vil bjóða alla þessa hv. alþingismenn sérstaklega velkomna til starfa á Alþingi.

## *Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.*

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1.

mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Ég óska eftir tilnefningum.

Tilnefning hefur borist um Ólaf G. Einarsson, 1. þm. Reykn. Aðrar tilnefningar hafa ekki borist. Ólafur G. Einarsson er því einn í kjöri. Ég vil sérstaklega taka það fram að atkvæði sem falla á aðra dæmast ógild samkvæmt þingsköpum. Hefst nú kosningin og ég bið þingverði að útbýta atkvæðaseðlum.

Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Ólafur G. Einarsson,** 1. þm. Reykn., hlaut 45 atkvæði en 15 seðlar voru auðir.

**Aldursforseti (Ragnar Arnalds):**

Samkvæmt þessu er Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn., rétt kjörinn forseti Alþingis. Ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í störfum og bið hann að taka við fundarstjórn.

[14:23]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Ég þakka háttvirtum starfsaldursforseta, Ragnari Arnalds, árnaðaróskir og alþingismönnum það traust sem mér er sýnt með því að kjósa mig forseta Alþingis.

Þetta traust met ég mjög mikils og mun reyna að sýna það í verki með því að leggja mig fram um að sem best samstarf takist milli forseta Alþingis og allra hv. alþingismanna.

Starf Alþingis er enn í mótun eftir þá grundvallarbreytingu er varð fyrir fjórum árum þegar Alþingi varð ein málstofa. Að sönnu hafa mótast ákveðnar starfsreglur sem ekki verður breytt, sumar arfur frá löngu liðnum tíma, aðrar nýjar. Af þeim reglum er þegar fengin nokkur reynsla — og af reynslunni lærum við og metum hvað betur má fara. Og sjálfsagt er það margt sem forseti Alþingis og hv. alþingismenn gætu orðið sammála um að mætti færa til hins betri vegar í störfum Alþingis. Um leiðirnar kunnum við að hafa skiptar skoðanir, en þá er að rata á réttar lausnir, og þær finnur enginn einn. Því heiti ég á hv. alþingismenn til samstarfs.

Starf forseta Alþingis felst í því að veita forustu löggjafarsamkomunni og sjá til þess að störf hennar fari fram þannig að sæmd sé að. Okkur er hollt að hafa í huga, alþingismönnum, að saga Alþingis er rauði þráðurinn í þjóðarsögunni, allt frá upphafi, allt frá 10. öld og fram á þennan dag.

Við minnumst þess 1. júlí nk. að þá verða 150 ár liðin frá því að Alþingi í nútímaskilningi kom saman í fyrsta sinn — en Alþingi sem þjóðarsamkoma og vettvangur forustumanna Íslendinga er hins vegar jafngamalt þjóðríki á Íslandi. Við erum stolt af þessari löngu sögu.

Ég vil nefna hér nokkur atriði sem hugur minn stendur til að vinna að.

Fyrst vil ég þar nefna svipmót þingsins, hvernig þingstörfin birtast almenningi um sjónvarpsskjáinn og í umfjöllun fjölmiðla. Þar þykir mér sem draga þyrfti upp aðra mynd en birtist. Þingmenn gætu sýnt meiri háttvísi í orðavali og framgöngu hver gagnvart öðrum, enda eru það þingmenn sjálfir sem mest áhrif hafa á hver ímynd Alþingis er í augum þjóðarinnar.

Fyrir nokkru hófust beinar sjónvarpsútsendingar frá Alþingi. Það var enn eitt skrefið í þá átt að færa Alþingi nær þjóðinni. Landsmenn hafa átt þess kost að fylgjast með daglegum störfum í þessum sal um tíma. Það er til bóta en ég get ekki leynt þeirri skoðun minni að þingstörfin hafa ekki tekið mið af þeim miklu breytingum sem orðið hafa á mörgum sviðum þjóðlífsins, í fjölmiðlun, boðskiptum og margvíslegri tæknivæðingu. Umræðuhefðin hér á Alþingi á með öðru þátt í veikri stöðu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu og áliti almennings. Það er mjög mikilvægt að Alþingi rífi sig upp úr því fari sem það hefur lent í á undanförnum árum. Almenningur, sem nú fylgist með störfum okkar daglega, gerir ríkar kröfur um vitrænan málflutning, snarpar umræður og tilþrif á Alþingi. Þess vegna verðum við að setja strangar reglur um umræður og gera meiri kröfur til sjálfra okkar en verið hefur um sinn. Of mikill tími fer í umræður utan dagskrárinnar, eða athugasemdir um fundarstjórn forseta, eins og það heitir nú. Agaleysi af þessu tagi má laga með góðri samvinnu þingmanna, ráðherra og forseta.

Fyrir rúmum tveim áratugum var sá háttur tekinn upp á Alþingi að stjórnarflokkar og stjórnarandstöðuflokkar hefðu samvinnu um val á þingmönnum til trúnaðarstarfa á vegum þingsins. Ég var þá að hefja þingmennsku og man vel að hugmyndin vakti nokkra tortryggni í röðum okkar þáverandi stjórnarandstæðinga. En það hvarf fljótt því að það sýndi sig að samvinna af þessu tagi var af hinu góða. Stjórnarandstæðingar hafa ekki brugðist trausti við slík störf. Samstarf þingflokka um forustu í nefndastarfi, sem hófst fyrir tveimur árum, er nýtt skref á þessari braut. Ég hvet til áframhaldandi samvinnu á þessum vettvangi því að hún mun áreiðanlega auka sjálfstæði Alþingis og styrkja stöðu þess.

Þá nefni ég samskipti Alþingis og ríkisstjórnar. Oft heyrist að þingið sé ekki annað en afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma. Sú skoðun má ekki festast í sessi. Að sönnu tryggir sá þingmeirihluti sem að baki ríkisstjórnar stendur framgang stjórnarfrumvarpa. En innri málum þingsins ræður þingið eitt.

Raunar eru skilin milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds — milli Alþingis og ríkisstjórnar, milli Alþingis og ýmissa stjórna og ráða utan þingsins — ekki skörp. Þess vegna leggja nú ýmsir áherslu á að alþingismenn sitji ekki í stjórnum og ráðum utan þingsins, telja það ekki samræmast góðum stjórnarháttum og aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Þó þykir sumum eðlilegt að alþingismenn séu jafnframt ráðherrar, æðstu menn framkvæmdarvaldsins. Það hlýtur þó að vera álitamál.

Þá vil ég víkja að húsnæðismálum Alþingis, en það starfar sem kunnugt er í átta húsum sem eru misvel fallin til að þjóna Alþingi og alþingismönnum. Ég tel það því meðal mikilvægustu verkefna nýrrar forustu þingsins að koma húsnæðismálum þess í viðunandi horf. Að því máli hefur verið unnið á undanförnum missirum og ber að þakka það. Nú er komið að fram-

kvæmdum og ég heiti á alþingismenn alla að duga í því máli. Koma verður starfsaðstöðu þingnefnda, þingflokka og alþingismanna í það horf sem annars staðar tíðkast hér á landi og þykir sjálfsagt mál, að ekki sé talað um samanburð við önnur þjóðþing.

Það hefur lengi verið svo á vettvangi fjárveitingavaldsins að alþingismenn hafa látið sín mál sitja á hakanum. Það kann að vera gott og göfugt en ég tel að þessi viðhorf séu farin að skaða þingið. Það verður að búa svo um hnútana að hverjum þeim sem kjörinn er til setu á Alþingi standi til boða starfsumhverfi sem almennt tíðkast í stjórnsýslunni, stofnunum og fyrirtækjum. Hér er með öðrum orðum um sjálfsvirðingu Alþingis að tefla.

Á fjárlögum þessa árs er veitt fé til að lagfæra ytra byrði tveggja húsa Alþingis við Kirkjustræti. Afar æskilegt er að aukin fjárveiting fáist til þess að unnt verði að ljúka endurbótum innan húss einnig. Alþingi er í brýnni þörf fyrir aukið rými.

Ég hlýt jafnframt í þessu sambandi að hvetja til þess að launamál og starfskjör alþingismanna verði tekin til endurskoðunar. Því miður er það svo að það eru útbreiddar ranghugmyndir í þjóðfélaginu um launakjör þingmanna. Sannleikurinn er sá að margir þeirra sem kjörnir eru til setu á Alþingi lækka við það í launum. Ég hef áhyggjur af Alþingi sem stofnun ef launakjör og starfsaðstaða fælir þá frá þátttöku í stjórnmálastörfum sem fengur væri að fá á Alþingi. Hér eins og víðar er vandratað meðalhófið en á þessu máli er nauðsynlegt að taka.

Ég býð nýja þingmenn velkomna til starfa á Alþingi. Þeir eru 19 að þessu sinni, tæpur þriðjungur þingheims. Það er mikil endurnýjun og ljóst að hún mun setja mark sitt á þingstörfin fyrst í stað. Þeir sem nú hefja störf á Alþingi eru sjálfsagt ólíkir þeim sem kvöddu í vetur, flestir yngri og með önnur viðhorf. Þetta er kjarni lýðræðisins sem við metum. Ég vænti góðs samstarfs við þá eins og aðra reyndari og endurkjörna þingmenn.

Ég óska nýrri ríkisstjórn velfarnaðar í störfum og vona að samstarf hennar og Alþingis verði farsælt.

Það þing sem nú er að hefjast mun standa skamman tíma. Eigi að síður verða mikilvæg mál til umræðu og afgreiðslu, þar á meðal staðfesting frumvarps um ný mannréttindaákvæði í stjórnarskrána. Einnig er ljóst að á því kjörtímabili sem nú er að hefjast munu mörg viðamikil mál koma til kasta þingsins. Umheimurinn breytist hratt og staða Íslands jafnframt. Mál tengd þeim breytingum hljóta óhjákvæmilega að hafa áhrif á störf þingsins næstu árin. Einnig hlýt ég í þessu sambandi að nefna það viðfangsefni stjórnvalda að viðhalda efnahagslegum stöðugleika og tryggja jafnframt traust velferðarkerfi og menntunarmöguleika ungs fólks.

Ég tek að mér starf þingforseta fullur áhuga á því að bæta starfsaðstöðu og starfskjör þingmanna og styrkja stöðu Alþingis í stjórnkerfinu. Ég kalla á samstöðu þingmanna um þessi mál og óska eftir nánu samstarfi við ríkisstjórn og þingflokka.

Ég endurtek þakkir til þingheims fyrir að trúa mér fyrir þessu embætti. Það er einlægur ásetningur minn að reynast þess trausts verður.

### *Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Samkvæmt 3. gr. þingskapa skal nú fara fram kosning sex varaforseta. Tekist hefur samkomulag milli þingflokka um að kjósa að þessu sinni einungis fjóra varaforseta. Því mun forseti leita afbrigða frá þingsköpum um að kosning fimmta og sjötta varaforseta fari ekki fram að svo stöddu. Verður þeirra afbrigða nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]

Afbrigði við þingsköp samþ. með 59 shlj. atkv.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
2. varaforseti: Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.
3. varaforseti: Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
4. varaforseti: Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforseta og hlakka til samstarfs við þá um fundastörfin og þau mikilvægu verkefni sem bíða nýrrar forsætisnefndar Alþingis.

### *Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.*

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

**1. Allsherjarnefnd.**

Sólveig Pétursdóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Jón Kristjánsson (A),
Árni R. Árnason (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

**2. Efnahags- og viðskiptanefnd.**

Vilhjálmur Egilsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),

Valgerður Sverrisdóttir (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Gunnlaugur M. Sigmundsson (A),
Ágúst Einarsson (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A).

**3. Félagsmálanefnd.**
Einar K. Guðfinnsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Kristján Pálsson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Magnús Stefánsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

**4. Fjárlaganefnd.**
Sturla Böðvarsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Jón Kristjánsson (A),
Árni Johnsen (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

**5. Heilbrigðis- og trygginganefnd.**
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðni Ágústsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A).

**6. Iðnaðarnefnd.**
Guðjón Guðmundsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Hjálmar Árnason (A),
Ágúst Einarsson (B),
Árni R. Árnason (A).

**7. Landbúnaðarnefnd.**
Egill Jónsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Guðni Ágústsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Magnús Stefánsson (A),
Ágúst Einarsson (B),
Guðjón Guðmundsson (A).

**8. Menntamálanefnd.**
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Árni Johnsen (A).

**9. Samgöngunefnd.**
Einar K. Guðfinnsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Egill Jónsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Árni Johnsen (A),
Magnús Stefánsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

**10. Sjávarútvegsnefnd.**
Árni R. Árnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Vilhjálmur Egilsson (A).

**11. Umhverfisnefnd.**
Tómas Ingi Olrich (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A).

**12. Utanríkismálanefnd.**
*Aðalmenn:*
Geir H. Haarde (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Gunnlaugur M. Sigmundsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Tómas Ingi Olrich (A).

*Varamenn:*
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Hjálmar Árnason (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A).

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Þá er lokið kosningu í nefndir og ég vil geta þess að forseti mun í framhaldi af kjöri fastanefnda beita sér fyrir því, sem fyrr hefur verið gert, að gerð verði áætlun um fundartíma nefndanna. Ætlun forseta er að slík fundaáætlun liggi fyrir síðdegis á föstudag. Geta nefndirnar þá komið saman til síns fyrsta fundar samkvæmt þeirri áætlun í næstu viku og kosið sér formann og varaformann og eftir atvikum fjallað um starfið á vorþingi.

**Útbýting þingskjala:**

Gjald af áfengi, 4. mál, stjfrv., þskj. 4.
Stjórnarskipunarlög, 1. mál, frv. GHH o.fl., þskj. 1.
Stjórnarskipunarlög, 2. mál, frv. GHH o.fl., þskj. 2.
Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 3. mál, stjfrv., þskj. 3.

***Sætaskipun.***

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Sætaúthlutun fer þannig fram að þingmenn verða kvaddir hingað að forsetaborði með nafnakalli til að draga sér sæti. Verður nú hlutað um sæti þingmanna og fyrst þingmanna dregur sér sæti Arnbjörg Sveinsdóttir:

Sætaúthlutun fór á þessa leið:

2. sæti hlaut Svavar Gestsson,
3. sæti hlaut Ísólfur Gylfi Pálmason,
4. sæti hlaut Árni Johnsen,
5. sæti hlaut Gunnlaugur M. Sigmundsson,
6. sæti hlaut Pétur H. Blöndal,
7. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir,
8. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson,
9. sæti hlaut Guðni Ágústsson,
10. sæti hlaut Hjálmar Árnason,
11. sæti hlaut Árni M. Mathiesen,
12. sæti hlaut Sighvatur Björgvinsson,
13. sæti hlaut Ögmundur Jónasson,
14. sæti hlaut Jón Kristjánsson,
15. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson,
16. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir,
17. sæti hlaut Kristján Pálsson,
18. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson,
19. sæti hlaut Sturla Böðvarsson,
20. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir,
21. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir,
22. sæti hlaut Egill Jónsson,
23. sæti hlaut Guðný Guðbjörnsdóttir,
24. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson,
25. sæti hlaut Ágúst Einarsson,
26. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir,
27. sæti hlaut Kristín Halldórsdóttir,
28. sæti hlaut Ragnar Arnalds,
29. sæti hlaut Jón Baldvin Hannibalsson,
30. sæti hlaut Siv Friðleifsdóttir,
31. sæti hlaut Ólafur Örn Haraldsson,
32. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson,
33. sæti hlaut Kristín Ástgeirsdóttir,
34. sæti hlaut Árni R. Árnason,
35. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson,
36. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich,
37. sæti hlaut Ólafur Ragnar Grímsson,
38. sæti hlaut Magnús Stefánsson,
39. sæti hlaut Hjálmar Jónsson,
40. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson,
41. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir,
42. sæti hlaut Geir H. Haarde,
43. sæti hlaut Svanfríður Jónasdóttir,
44. sæti hlaut Gísli S. Einarsson,
45. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson,
46. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir,
47. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson,
48. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon,
49. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson,
50. sæti hlaut Stefán Guðmundsson,
51. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir,
52. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir,
53. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.

Fundi slitið kl. 15:14.

---

## 2. FUNDUR

fimmtudaginn 18. maí,
kl. 8.30 síðdegis.

**Dagskrá:**

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.).

**Fjarvistarleyfi:**

Halldór Ásgrímsson utanrrh.

***Stefnuræða forsætisráðherra (útvarpsumræður).***

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Umræðurnar skiptast í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund, en fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Alþb. og óháðir, Þjóðvaki, Framsfl., Alþfl. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn verða: Fyrir Sjálfstfl. Davíð Oddsson forsrh. í fyrri umferð og Björn Bjarnason menntmrh. í þeirri síðari. Fyrir Alþb. og óháða tala í fyrri umferð Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn., Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv., og Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv., en í þeirri síðari Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e. Fyrir Þjóðvaka tala Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv., og Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð en Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv., og Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn., í þeirri síðari. Af hálfu Framsfl. tala Guðmundur Bjarnason landbrh. og Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn., í fyrri umferð, en Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e., í þeirri síðari. Ræðumenn Alþfl. verða: Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv., og Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf., í þeirri síðari. Af hálfu Samtaka um kvennalista talar Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., og Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., í þeirri síðari.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hæstv. forsrh., Davíð Oddsson.

[20:33]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ný ríkisstjórn tók við völdum í landinu eftir kosningarnar sem fram fóru 8. apríl sl. Ríkisstjórnin var mynduð aðeins 15 dögum eftir kosningarnar og því skapaðist engin óvissa um stjórn landsins og þróun efnahagsmála eins og stundum hefur gerst þegar stjórnarmyndunarviðræður hafa dregist mjög á langinn. Okkar kjördæma- og einkum kosningaskipan leiðir til þess að samsteypustjórnir fara að jafnaði með fyrirsvar landsmála. Sjaldnast er ljóst fyrir kosningar hvers konar samstarf tekst á milli flokka eftir kosningar því oftast nær ganga flokkar til kosninga með algerlega óbundnar hendur hvað það varðar.

Niðurstaðan varð sú að stærri stjórnarflokkurinn úr síðustu ríkisstjórn og stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn tóku höndum saman um stjórn landsins til næstu fjögurra ára. Ekki verður annað sagt en að sú niðurstaða sé í fullu samræmi við úrslit kosninganna og vilja kjósendanna eins og hann má lesa út úr niðurstöðum talnanna. Sjálfstfl. var í forustu í síðustu ríkisstjórn og hélt velli í kosningunum. Framsfl. leiddi stjórnarandstöðuna og jók fylgi sitt verulega.

Auðvitað voru áherslur þessara tveggja flokka nokkuð ólíkar í kosningunum, bæði vegna þess að þeir eru ólíkrar gerðar og vegna hins að flokkarnir komu til kosninganna úr gagnstæðum áttum. Annar flokkurinn leiddi stjórn og hinn stjórnarandstöðu. Engu að síður verður ekki annað sagt en að sú stefnuyfirlýsing sem flokkarnir komu sér saman um sé rökrétt framhald af kosningabaráttu þeirra.

Í stefnuyfirlýsingunni kemur fram að lögð er áhersla á traust, öryggi og festu á öllum sviðum þjóðlífsins. Það á að varðveita þá stöðu í efnahagslífinu sem náðst hefur, en jafnframt gefa fólkinu í landinu og fyrirtækjum þess möguleika á að nýta vel vilja sinn til verka og tryggja jafnræði þeirra í samkeppni við erlenda aðila. Í stefnuyfirlýsingunni eru tíunduð nokkur helstu áhersluatriði sem fylgja verður fast eftir eigi að ná þeim markmiðum sem ég lýsti. Jafnframt hafa flokkarnir ákveðið að vinna sérstaka verkefnaáætlun sem verður tilbúin til kynningar fyrir þing og þjóð á haustdögum. Þar verður gerð grein fyrir helstu þáttum og útfærslu þeirra verkefna sem stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar tekur til.

Herra forseti. Bati er nú að verða á flestum sviðum efnahagslífsins og mikilvægt er að þar verði enginn afturkippur. Hinu er þó ekki að leyna að það tekur tíma fyrir þjóð að vinna sig út úr sjö ára stöðnunarskeiði. Það verður ekki gert á einum degi eða einum mánuði, en ekki er óeðlilegt að á fjögurra ára tímabili megi takast að byggja atvinnulífinu traustan grundvöll, stuðla að bættum kjörum í landinu og minnkandi atvinnuleysi. Könnun Þjóðhagsstofnunar á atvinnuástandi í apríl 1995 sem birt var 12. þessa mánaðar sýnir að nú telja atvinnurekendur æskilegt að fjölga nokkuð starfsmönnum en fyrir ári síðan töldu þeir sig þurfa að fækka fólki töluvert mikið. Þetta eru mikil og góð umskipti.

Um allan hinn vestræna heim ber nú mjög á ótta um að velferðarkerfið sé að komast í þrot. Forustumenn í stjórnmálalífi sem og leiðtogar launþegahreyfingar og forráðamenn atvinnulífs hafa af þessu vaxandi áhyggjur. Nú má halda því fram að velferðarkerfið sem slíkt njóti nánast óskoraðs stuðnings allra stjórnmálaafla í landinu rétt eins og raunin er í nálægum löndum. Það er því ekki vegið að velferðarkerfinu utan frá af pólitískum forsendum heldur er meinsemdin innvortis, liggur í kerfinu sjálfu og stjórnlitlum vexti þess langt umfram það sem hagvöxtur hefur gefið tilefni til á hverjum tíma. Velferðarkerfinu verður hvorki haldið við hér á landi né annars staðar með auknum lántökum, hvort sem er erlendum eða innlendum. Auðvitað er sá kostur til að ýta vandanum á undan sér einhver missiri eða jafnvel ár með stórkostlegum halla á ríkissjóði og söfnun skulda. Það verður ekki gert endalaust. Slík stefna mundi springa fyrr en síðar. Þá mundi blasa við sársaukafullur og stórfelldur niðurskurður sem væri óhjákvæmilegur.

Núverandi ríkisstjórn vill ekki fara þá leið. Hún vill stöðva sjálfvirkni í útgjöldum ríkissjóðs á þessum sviðum sem öðrum í tæka tíð án þess að raska velferðarkerfinu sjálfu. Hún vill með kerfisbreytingum nýta þá fjármuni sem varið er til stærstu útgjalda ráðuneyta og einstakra framkvæmda með sem bestum hætti til þess

að undirstaða velferðar verði treyst og takast megi með ráðdeild og skilvirkni að veita sambærilega þjónustu og sambærilegt öryggi með svipuðum fjármunum og nú er gert. Með sama hætti verður stefnt að nýskipan í ríkisrekstri, fjölgun útboða, sameiningu stofnana, fleiri þjónustusamningum og breyttu launakerfi sem eflir ábyrgð og frumkvæði stjórnendanna. Keppikefli ríkisstjórnarinnar verður að ná jafnvægi í fjármálum ríkisins á kjörtímabilinu.

Það er oft haft á orði að almenningur í landinu hafi lítinn áhuga á hugtökum á borð við ríkissjóðshalla eða jöfnuð í ríkisfjármálum. Umræður um slíkt og slíka þætti fari fyrir ofan garð og neðan og eigi ekki mikinn hljómgrunn. Vel má vera að þetta sé rétt en hitt er þó fagnaðarefni að á síðustu missirum hefur aukist skilningur á því að til lengdar verður eyðslu okkar sem nú er á dögum ekki velt yfir á framtíðina. Framtíðin mun einfaldlega ekki rísa undir slíkri skuldabyrði.

En það er ekki síður mikilvægt að afkoma ríkissjóðs og rekstur hans er ekki eingöngu spurning um skuldir næstu kynslóða, heldur hefur óhagstæð afkoma ríkissjóðs þegar áhrif á allt okkar daglega líf. Það er nefnilega óhrekjanleg staðreynd að gangi ríkissjóður harðar fram en tekjur hans leyfa er hann kominn í bullandi samkeppni við atvinnulífið og einstaklingana í landinu. Þanþol efnahagslífsins leyfir ekki þá togstreitu og margs konar fylgikvillar koma í ljós. Einn sá versti er að lánsfjáreftirspurn hins opinbera ýtir undir að vextir verði óeðlilega háir. Sem betur fer hefur tekist að tryggja að vextir eru nú svipaðir hér á landi og gerist í okkar nágrannalöndum. En það má ekki miklu út af bera svo að vaxtahækkanir verði. Því er stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar og þau fyrirheit sem þar eru gefin til þess fallin að treysta grundvöll lágra vaxta og ýta undir vaxtalækkun þegar fram í sækir.

Ríkisstjórnin hefur einsett sér að taka skattkerfið til endurskoðunar og mun leitast við að eiga um það gott samráð við helstu aðila á vinnumarkaði. Markmiðið verður að draga úr skattsvikum, að lækka jaðarskatta, sem eru bersýnilega orðnir truflandi og ganga gegn réttlætisvitund manna um jafnræði í skattheimtu. Um leið verður leitast við að einfalda skattkerfið og gera það öllum skiljanlegra. Skattaívilnun verður beitt til þess að hvetja almenning í landinu til að leggja áhættufé í atvinnufyrirtæki. Hugsunin er sú að undirbúningur allra þessara breytinga fari strax af stað og verði lokið á næsta ári þannig að niðurstöðu megi ná um þessi efni í tengslum við þá kjarasamninga sem gerðir verða í lok þess árs.

Það er ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að auka umsvif ríkisins á þessu kjörtímabili. Áfram verður unnið að einkavæðingu í ríkisrekstri og í fyrstu verður lögð áhersla á að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða. Sama máli gegnir um fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkaaðila. Unnið verður að sölu ríkisfyrirtækja á kjörtímabilinu í samræmi við ákvarðanir Alþingis.

Í kosningaslagnum sem nýlega er afstaðinn gáfust okkur þingmönnum fjölmörg tækifæri til að eiga skoðanaskipti við þúsundir kjósenda. Við tókum eftir því að nokkurs óróleika gætir um skipan sjávarútvegsmála víða um landið. Það þarf ekki að koma á óvart að farvegur óánægju og gagnrýni í þessum mikla málaflokki er margslunginn. Skoðanir eru mjög skiptar og fara eftir aðstæðum á hverjum stað. Nálægð við fengsæl mið hefur áhrif á afstöðu manna og svo með hvaða hætti uppbyggingu skipaflota og vinnslu í landi er háttað.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að sjávarútvegurinn búi við festu í starfsskilyrðum og þar sé ekki tjaldað til einnar nætur. Á hinn bóginn verði að leitast við að bregðast við þeirri gagnrýni og þeim umkvörtunarefnum sem mest bar á í kosningabaráttunni. Í stefnuyfirlýsingunni segir, með leyfi forseta:

„Að [ríkisstjórnin hyggist] tryggja stöðug og góð rekstrarskilyrði útflutningsgreina og stuðla að nýsköpun og sókn í vöruþróun og markaðssetningu."

Áréttað er að byggt sé að mestu á aflahlutdeildarkerfi í sjávarútvegi en banndagakerfið svonefndra krókabáta verði tekið til endurskoðunar. Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Skapað verður svigrúm til að rétta hlut þeirra aflamarksbáta sem harðast hafa orðið úti vegna minnkandi þorskafla. Öflugar líffræði- og hagkvæmirannsóknir eru forsenda skynsamlegrar fiskveiðistjórnar og eðlilegrar þróunar hennar. Sérstök áhersla verður lögð á að bæta umgengni um auðlindir sjávar. Tryggja þarf hagsmuni Íslands varðandi veiðar utan fiskveiðilögsögunnar með því að afla málstað Íslands fylgis á alþjóðavettvangi og með samningum við aðrar þjóðir. Stefnt er að því að festa í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar og að stjórn fiskveiða og rétti til veiða skuli skipað með lögum."

Það er ánægjuefni að margt bendir til þess nú að uppbyggingarstefna í nýtingu sjávarfangs sé loks að bera nokkurn árangur og það jafnvel fyrr en menn gátu ætlað. Þýðingarmikið er að draga ekki of víðtækar ályktanir á þessu stigi af takmörkuðum upplýsingum þótt margt bendi til þess að við séum að komast yfir það versta hvað þorskinn varðar.

Í tiltölulega knappri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er vikið nokkuð að öðrum þáttum en þeim sem ég hef þegar gert að umræðuefni. Þar er m.a. fjallað um þá erfiðleika sem landbúnaður og úrvinnslugreinar hans hafa átt í og sérstaklega áréttað að búvörusamning frá 1991 þurfi þegar að taka til endurskoðunar, m.a. með hliðsjón af þeim mikla vanda sem sauðfjárbændur standa frammi fyrir nú eins og kunnugt er. Stjórnarflokkarnir eru sammála um að treysta verði tekjugrundvöll bænda og nefna til sögunnar hvað það varðar að nauðsynlegt sé að losa um framleiðsluhömlur og auka sveigjanleika í framleiðslustjórn, stuðla að nýsköpun og fjölbreyttari atvinnu til sveita og auðvelda bændum breytingar á búháttum og búskaparlok. Gæta verður vel að hagsmunum neytenda í þessu sambandi, enda eiga neytendur og framleiðendur þegar grannt er skoðað ríka sameiginlega hagsmuni.

Á undanförnum árum hefur verið gert mikið átak í vegagerð og ríkisstjórnin mun, m.a. til að efla byggð í landinu, tryggja markvissar framkvæmdir í samgöngumálum.

Í alþjóðlegri umræðu ber nú meira en oft áður á rökræðum um gildi þekkingar og skipun menntamála í einstökum löndum. Nú þegar margar auðlindir veraldar virðast fullnýttar þá horfa þjóðirnar til þekkingar sem þess brunns sem lengi megi ausa úr. Er nú svo komið að flestar þjóðir telja að því hærra sem menntunarstigið í löndunum er því betur standi þjóðirnar að vígi í hinni hörðu alþjóðlegu samkeppni um betri lífskjör. Fjárfesting í menntun og þekkingu sé líklegri til þess að skila arði en fjárfesting í sumum öðrum þáttum hefðbundinnar framleiðslu og þjónustu. Það hlýtur því að vera verðugt verkefni ríkisstjórnar og þings á þessu kjörtímabili að tryggja að Ísland verði ekki eftirbátur annarra í þessum mikilvæga málaflokki.

Það kom glöggt fram í kosningabaráttu sem nú er nýafstaðin að skipulag og framkvæmd húsnæðismála hvílir mjög þungt á mörgum og sérstaklega hefur yngra fólkið áhyggjur af því að erfiðara sé nú en löngum fyrr að koma þaki yfir höfuð nýstofnaðrar fjölskyldu. Ríkisstjórnin mun því leita leiða til þess að greiða götu þess unga fólks sem er að eignast sína fyrstu íbúð. Jafnframt verður hugað að stöðu þeirra sem búa við húsnæðisskuldir vegna lána ríkisins og freistað að finna möguleika á lengingu slíkra lána. Tengingar húsnæðismála og skattamála og þróun jaðarskatta kemur til sérstakra álita þegar verkefnaáætlun vegna þessa málaflokks verður kynnt.

Herra forseti. Fyrr í þessum mánuði minntust menn þess að 50 ár eru liðin frá lokum síðari heimsstyrjaldar í Evrópu. Af því tilefni var ég viðstaddur hátíðarhöld í Moskvu í boði Rússlandsforseta ásamt þjóðhöfðingjum og ráðherrum frá tugum annarra ríkja. Heimsstyrjöldin síðari er mesta blóðbað sem sögur fara af. Talið er að um 50 millj. manna hafi týnt lífi í styrjöldinni. Ísland lenti í lykilstöðu í orrustunni miklu á hafinu milli Evrópu og Norður-Ameríku. Talið er að rúmlega eitt hundrað íslenskir sjómenn hafi farist beinlínis vegna styrjaldarinnar. Þessi blóðtaka er hlutfallslega álíka mikil og margar miklu fjölmennari þjóðir urðu fyrir. Þá er ljóst að hefði Þýskaland nasismans sigrað í hernaðinum á meginlandinu, sem munaði ekki miklu, hefði það leitt til langvarandi styrjaldar á Atlantshafi og stórátaka um Ísland.

Af síðari heimsstyrjöldinni má draga margar ályktanir. Ég vil leyfa mér að vekja sérstaka athygli á þremur þeirra.

Fyrsti lærdómur lýðræðissinna af síðari heimsstyrjöldinni var sá að þegar öfl á borð við nasisma fara á kreik verður að halda þeim í skefjum af fullri hörku. Þrátt fyrir þá friðarást sem lýðræðisþjóðum er eiginleg þurftu þær að horfast í augu við að hernaður væri í senn réttlætanlegur og óumflýjanlegur þrátt fyrir fórnir og hörmungar.

Í annan stað er viðurkennt að brugðist var of seint við ógnuninni frá nasismanum. Í kalda stríðinu gegn kommúnismanum stóðust Atlantshafsbandalagsríkin prófið og sigruðu að lokum án styrjaldarátaka. Þau hafa einnig síðan gert sér grein fyrir nauðsyn þess að halda áfram samvinnunni í Atlantshafsbandalaginu til að tryggja öryggi og stöðugleika í Evrópu. Þess vegna verður aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarf við Bandaríkin áfram þungamiðja öryggisstefnu þjóðarinnar.

Þriðji lærdómur lýðræðissinna af síðari heimsstyrjöldinni var sá að vildu þeir tryggja til langframa réttlátan frið yrðu hugsjónir lýðræðis og réttarríkisins að breiðast út um heiminn. Í kjölfar kalda stríðsins hefur þessum hugsjónum vaxið ásmegin en nýfengið lýðræðið er víða brothætt og annars staðar býr stór hluti mannkyns við einræði og skort á grundvallarmannréttindum. Baráttan fyrir útbreiðslu lýðræðis og mannréttinda heldur því áfram. Íslendingar eru vopnlaus þjóð en þeir geta eigi að síður tekið virkan þátt í þessari baráttu og þannig stuðlað að friði og stöðugleika í heiminum.

Ísland hefur í þessu skyni tekið þátt í umfangsmiklu alþjóðlegu samstarfi og á margvísleg samskipti við nágranna sína ekki síst Evrópuríkin. Málefni Evrópusambandsins eru um þessar mundir í mikilli deiglu. Mikil óvissa ríkir um svonefnda ríkjaráðstefnu sambandsins og almennt er talið að nýr forseti Frakklands hafi töluvert aðrar áherslur en fyrirrennari hans. Hagsmunum Íslands er vel borgið í núverandi stöðu eins og kunnugt er.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta, að hún vilji: „...treysta samskiptin við Evrópusambandið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, fylgjast náið með þróun mála innan sambandsins á næstu missirum og kynna íslenska hagsmuni fyrir aðildarríkjum þess. Áhersla verður lögð á að tryggja viðskiptasamstarf og önnur samskipti Íslands við Bandaríkin. Kannaðar verða hugmyndir, sem fram hafa komið, um fríverslunarsamstarf Bandaríkjanna og annarra Atlantshafsríkja og hvort í þeim felist sóknarfæri fyrir íslensk fyrirtæki."

Herra forseti. Ég vil víkja nokkrum orðum að þeim viðkvæmu og alvarlegu deilum sem við Íslendingar höfum átt í vegna stjórnunar fiskveiða, ekki síst á úthafinu. Ekki er hægt með neinni sanngirni að halda því fram að Íslendingar hafi ekki staðið með ábyrgum hætti að stjórnun fiskveiða hvort sem er í eigin lögsögu eða á alþjóðlegu hafsvæði. Framganga okkar, bæði á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og í samningaviðræðum um Barentshaf og um norsk-íslensku síldina, gefur ekkert annað til kynna. En góður vilji okkar dugar ekki einn. Til þess að leysa þessar deilur þarf, líkt og í öllum öðrum milliríkjadeilum, pólitískan vilja allra samningsaðila. Við Íslendingar höfum sýnt slíkan vilja. Við höfum verið reiðubúnir til að takmarka veiðar okkar á alþjóðlegu hafsvæði í Barentshafi gegn sanngjörnum kvóta, sem fæli í sér mun minni afla en íslenskir sjómenn gætu náð án slíkra samninga. Við höfum boðið að afli og kvóti yrði tengdur stærð þorskstofnsins í Barentshafi þannig að okkar kvóti félli niður ef stofninn færi niður fyrir tiltekin mörk.

Frá því að síldarstofninn hrundi undir lok sjöunda áratugarins hafa Íslendingar ítrekað óskað eftir viðræðum um þann stofn. Þegar Norðmenn féllust loks á að þær viðræður gætu farið fram vorum við reiðubún-

ir til þess að líta fram hjá allri þessari forsögu og einnig því að Norðmenn hafa einhliða ákveðið kvóta fyrir sig og Rússa án eðlilegs samráðs við okkur. Við vorum tilbúnir til þess að semja um sanngjarna hlutdeild í þessum veiðum, líkt og við höfum nefnt í Barentshafi, og að hún yrði minni en við gætum veitt án samninga. Allar fiskifræðilegar forsendur voru fyrir síkum samningi um síldina. Það má segja að nú sé komið einstakt tækifæri til þess að ná samningum vegna þeirra stóru árganga síldar sem væntanlegir eru á næstu tveimur árum. Samningsumleitunin átti einungis við veiðarnar í ár en hefði veitt aukið svigrúm fyrir samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum í framtíðinni. Því miður hafa viðsemjendur okkar ekki haft sama pólitíska vilja og pólitískt þrek til að ná samkomulagi hvort heldur í Barentshafi eða í síldinni og hefur mikið skort upp á.

Mér sýnist augljóst að meginástæðan sé sú að mál þessi séu í einhvers konar pólitískri klemmu eða hnút hjá viðsemjendum okkar og það leiðir til þess að verulega skorti á að nægjanlegur vilji og sveigjanleiki sé fyrir hendi af þeirra hálfu til að ná samkomulagi. Þetta er miður og auðvitað bindum við vonir við að þessi sjónarmið verði skaplegri hjá okkar viðsemjendum á næstunni svo fljótlega megi koma á ábyrgri fiskveiðistjórnun á úthafinu. Gerist það ekki er veruleg hætta á að öll þessi mál fari í enn harðari hnút. Það er ekki í samræmi við hagsmuni ríkjanna sem hér eiga hlut að máli, það er ekki í anda norræns samstarfs og það er ekki í samræmi við vilja núverandi ríkisstjórnar.

Herra forseti. Það vorþing sem nú er ný hafið mun taka nokkur mikilvæg mál til úrlausnar. Ríkisstjórnin væntir þess að hún geti átt gott samstarf við þingið allt um framgang þeirra mála og jafnframt skipun mála á kjörtímabilinu í heild. Ef við höldum þeirri festu sem fengist hefur og göngum hægt um dyr efnahagsbatans er bjart fram undan í íslensku þjóðfélagi.

Hagvöxtur hér á landi að undanförnu stenst fyllilega samanburð við það sem hefur verið að gerast annars staðar. Landsframleiðslan jókst í fyrra um 2,8% og áætlað er að hún aukist um 3% á þessu ári. Þetta eru nánast sömu hagvaxtartölur og að meðaltali í aðildarríkjum OECD fyrir sömu ár. Jafnframt er efnahagur Íslendinga traustari en oft er látið í veðri vaka. Þannig er landsframleiðslan á mann nú um 7% meiri en að meðaltali í OECD-ríkjum og 23% meiri en að meðaltali í Evrópuríkjum OECD. Sé aðildarríkjum OECD raðað eftir verðmætum landsframleiðslu á mann er Ísland nú í 8. sæti af 25 ríkjum. Gera má ráð fyrir því að þorskafli fari hægt en örugglega vaxandi og sæmilegar vonir eru um að álver í Straumsvík verði stækkað. Ástæða er til að ætla að framkvæmdir við Hvalfjarðargöng geti hafist næsta haust og stöðugt gengi og skaplegir vextir muni tryggja að útflutningsiðnaðurinn vaxi enn á næstu árum og jafnframt að ferðaþjónustan eflist. Vaxtarsprotarnir eru því margir og tækifærin fjölmörg og því er mikið í húfi að vel sé haldið á þeim spilum sem þjóðin hefur á hendi.

Ríkisstjórnin mun leggja mikla áherslu á að auka samheldni þjóðarinnar, tryggja samvinnu vinnuveitenda og launþega og að sátt ríki milli dreifbýlis og þéttbýlis. Samstillt átak og góð sátt með mönnum mun tryggja að afkoma okkar allra fari batnandi ár frá ári á því kjörtímabili sem nú er nýhafið.

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Ég þakka áheyrnina.

[20:56]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. sagði í upphafi stefnuræðu sinnar að myndun ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. sé í fullu samræmi við úrslit kosninganna og vilja kjósenda eins og hann birtist í niðurstöðum talnanna.

Það má vera, hæstv. forsrh., að það sé hægt að raða þingsætatölunum saman á þennan hátt, en hitt er víst að sú stefna sem hæstv. forsrh. kynnti hér í kvöld er ekki í samræmi við þau fyrirheit sem þjóðinni voru gefin í kosningunum. Efst á blaði í stefnuræðu forsrh. hér áðan var niðurskurður í velferðarkerfinu. Aðgerðir gegn „innvortis meinsemdum" velferðarkerfisins, svo notað sé orðalag hæstv. forsrh. Mér er spurn, Íslendingar góðir: Sögðu Sjálfstfl. og Framsfl. þjóðinni fyrir kosningar að brýnasta verkefni þeirra í nýrri ríkisstjórn væri niðurskurður í velferðarkerfinu? Var þá minnst á innvortis meinsemdir í heilbrigðismálum og menntamálum?

Næst á blaði hæstv. forsrh. var svo áframhald á þeirri einkavæðingarstefnu sem Sjálfstfl. setti á oddinn á síðasta kjörtímabili. Mér er spurn: Sagði Framsfl. þjóðinni að einkavæðing banka og fjárfestingarlánasjóða væri brýnasta verkefnið ef Framsfl. tæki sæti í nýrri ríkisstjórn? Nei, Framsfl. lofaði 12.000 nýjum störfum til aldamóta. Kvöld eftir kvöld komu ungar stúlkur og ungir drengir á sjónvarpsskjáinn í kosningaauglýsingum Framsfl. og sögðu þjóðinni hvað þau ætluðu að verða. Enginn ætlaði að verða atvinnulaus. 12.000 ný störf til aldamóta voru einkunnarorð Framsfl. í kosningunum. Kjarninn í því trúnaðarsambandi sem hann bað um milli sín og kjósenda. Þetta helsta kosningaloforð Framsfl. hefur nú gufað upp strax á fyrstu vikum nýrrar ríkisstjórnar. Og í þeirri stefnuræðu sem hér var flutt áðan og í stjórnarsáttmálanum sem gefinn var út fyrir fáeinum vikum er ekki að finna eitt orð, ekki eitt einasta orð, um fyrirheitið 12.000 ný störf til aldamóta. Þvert á móti gaf Þjóðhagsstofnun, helsta trúnaðarstofnun ríkisstjórnarinnar, út það álit strax eftir myndun ríkisstjórnarinnar að Íslendingar gætu búist við til aldamóta að árlega yrði 4% atvinnuleysi í landinu.

En Framsfl. lofaði meiru. Hann lofaði tafarlausum aðgerðum til að bjarga neyðarástandi í húsnæðismálum og forða gjaldþrotum þúsunda heimila í landinu. Í stefnuræðunni í kvöld og í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar var heldur ekki eitt orð, ekki eitt einasta orð, um slíkar tafarlausar aðgerðir til að forða neyðarástandi í húsnæðismálum og gjaldþrotum heimilanna.

Framsfl. lofaði að leiðrétta hróplegt óréttlæti í skattamálum einstaklinga og fjölskyldna, sérstaklega ungs hjónafólks með börn og mikinn húsnæðiskostnað. Hér í kvöld, fyrir fáeinum mínútum, sagði hæstv.

forsrh. að engar leiðréttingar yrðu gerðar í skattamálum á þessu ári og engar leiðréttingar yrðu gerðar í skattamálum einstaklinga og fjölskyldna á næsta ári. Það væri þá fyrst árið 1997 þegar kjörtímabilið væri hálfnað að þess væri að vænta að slíkar breytingar kæmu til framkvæmda. Voru það fyrirheitin sem þingmenn Framsfl. gáfu ungu barnafjölskyldunum í landinu fyrir fáeinum vikum síðan að þær yrðu að bíða, bíða til ársins 1997 til að fá leiðréttingu á hróplegu óréttlæti í skattamálum?

Framsfl. lofaði að tafarlaust yrðu gerðar breytingar á lánakjörum íslenskra námsmanna en nú á engar slíkar breytingar að gera á þessu þingi þannig að íslenskir námsmenn munu í upphafi skólaársins í haust búa áfram við sama óréttlæti og lögleitt var í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Virðulegu tilheyrendur. Sú stefna sem Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., kynnti er í öllum meginatriðum í samræmi við áherslur Sjálfstfl. og verk hans. Ég vil skora á talsmenn Framsfl. hér í kvöld, hvern og einn þeirra, að tilgreina þó ekki sé nema eitt atriði í þeirri stefnuræðu sem hæstv. forsrh. flutti áðan sem er í samræmi við þau fyrirheit sem Framsfl. gaf þjóðinni í síðustu kosningum, fyrirheitin í atvinnumálum, fyrirheitin í skattamálum, fyrirheitin í húsnæðismálum, fyrirheitin í menntamálum, fyrirheitin í heilbrigðismálum. Eitt atriði af öllum þessum fyrirheitum Framsfl. sem hægt var að finna í stefnuræðu hæstv. forsrh.

Niðurlæging Framsfl. í hinni nýju vist hjá Sjálfstfl. er síðan kórónuð með því að fyrstu frv. sem ríkisstjórnin leggur fram á þessu þingi eru hin svokölluðu „brennivínsfrumvörp". Frv. um einkavæðingu ÁTVR til að gefa frjálsan innflutning á áfengi. Þessi frv. voru flutt á síðasta þingi og þá börðust þingmenn Framsfl. í þessum ræðustól, í þessum þingsal, fyrir þremur mánuðum síðan, maður á eftir manni, eins hart og þeir gátu gegn þessum sömu áfengisfrumvörpum og eru fyrstu þingmálin sem ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. leggur fram á þessu þingi. Hæstv. núv. félmrh. Páll Pétursson sagði að hann mundi aldrei samþykkja slík frv. En nú gerir Framsfl. einkavæðingu á áfengissölunni að fyrsta þingmáli nýrrar ríkisstjórnar. Það eru ekki atvinnumálin, 12.000 ný störf, sem eru fyrsta þingmálið. Það eru ekki skattamálin, leiðréttingin á misréttinu, sem eru fyrsta þingmálið. Það er ekki neyðarástandið í húsnæðismálunum sem er fyrsta þingmálið. Það er ekki óréttlætið gagnvart íslenskum námsmönnum sem er fyrsta þingmálið. Nei, það er gamla einkavæðingarfrumvarpið, ÁTVR, frá hæstv. fjmrh. Sjálfstfl., Friðriki Sophussyni, sem er fyrsta þingmálið. Aðgerðir í atvinnumálum þola greinilega bið að dómi þessarar ríkisstjórnar. Aðgerðir í húsnæðismálum þola greinilega bið. Aðgerðir í skattamálum þola greinilega bið. Aðgerðir í málefnum námsmanna þola greinilega bið. En einkavæðing áfengissölunnar, mál sem allur Framsfl. barðist gegn fyrir þremur mánuðum, þolir greinilega enga bið. Svo langt er gengið að í gær fór ríkisstjórnin fram á það að Alþingi kæmi saman til sérstaks fundar í fyrramálið svo hægt væri að hefja afgreiðslu brennivínsfrumvarpanna strax í þessari viku.

Þannig birtist okkur strax á fyrstu sólarhringum þingsins eðli þessarar nýju ríkisstjórnar. Ríkisstjórnar sem er að öllu leyti í málefnamerkjum Sjálfstfl., ríkisstjórnar sem framkvæmir aðeins samkvæmt þeirri áhersluskrá sem Sjálfstfl. setur á oddinn. Stefnuræða forsrh. í kvöld staðfestir þessa niðurstöðu. Í henni, eins og ég sagði áðan, er ekki að finna eitt einasta atriði um þau fyrirheit sem Framsfl. gaf þjóðinni fyrir fáeinum vikum síðan. Flokkurinn sem talaði um trúnað og traust. Hvar er nú fyrirheitið um trúnað og traust? Það hefur reynst innihaldslaust þegar á hólminn var komið. Enda er sjálfur persónugervingur traustsins, hæstv. utanrrh., formaður Framsfl. önnum kafinn við önnur störf sem hann telur greinilega mikilvægari en að vera hér í kvöld við fyrstu stefnuræðu þessarar nýju ríkisstjórnar til þess að gera þjóðinni grein fyrir fyrirheitum Framsfl. og efndunum á þeim í þessum stjórnarsáttmála. Fjarvist formanns Framsfl., hæstv. utanrrh., í kvöld þar sem hann telur fund í útlöndum vera mikilvægari en að mæta til stefnuumræðu ríkisstjórnarinnar á Alþingi Íslendinga er sláandi tákn um stöðu Framsfl. í þessari ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Það er verkefni vinstri manna og félagshyggjufólks að veita þessari ríkisstjórn mótspyrnu. Í því verki er mikilvægt að okkur skiljist öllum að í samstöðunni felst afl, að dreifing kraftanna dregur úr áhrifum, að öflung samfylking vinstra fólks og jafnréttissinna er eina aðferðin sem dugir til að brjóta þessa ríkisstjórn á bak aftur.

Alþb. var á síðasta ári reiðubúið að mynda slíka samfylkingu. Alþb. sýndi í kosningunum að við teljum mikilvægt að efna til samstarfs með óflokksbundnu félagshyggjufólki og Alþb. er enn og verður á næstu árum opið fyrir öllum hugmyndum og öllum aðferðum til að breikka þá sveit sem ætlar sér að binda enda á valdaferil hægri stjórnar sem birti hér í kvöld boðskap sinn í fyrsta sinn.

Íslenskir vinstri menn, við skulum vanda þá samvinnu vel því mikið er í húfi.

[21:08]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við höfum í kvöld hlýtt á boðskap hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar. Þar er með almennum orðum tæpt á ýmsu sem góðra gjalda er vert eins og því að stuðla að bættum kjörum í landinu og minnkandi atvinnuleysi, að laga skattkerfið að réttlætisvitund manna um jafnræði í skattheimtu, að berjast fyrir lýðræði og mannréttindum í samfélagi við aðrar þjóðir.

Hér er fagur boðskapur á ferð og það væri óskandi að úr honum rættist.

Atvinnuleysi er eitt mesta böl sem á þjóð getur herjað og því hlýtur það að vera meginverkefni þeirra sem við stjórnvölinn sitja að takast á við það af öllum mætti. Skattkerfið á vissulega að vera réttlátt og lýðræði og mannréttindi vilja allir Íslendingar í hávegum hafa. Því miður er það þó svo að mér hættir til að efast um að þessi háleitu markmið nái fram að ganga og það á áreiðanlega við um marga.

Í þjóðfélagi sem vill berjast fyrir lýðræði og mann-

réttindum á að ríkja jafnræði á milli fólks. Í slíku þjóðfélagi á ekki að líðast misrétti af neinu tagi og fólkið í landinu á að eiga jafna möguleika á að njóta lífsins gæða. Í slíku samfélagi á að ríkja samhjálp svo þeir sem minna mega sín geti reitt sig á að samfélagið hlaupi undir bagga þegar í harðbakkann slær. Þar á ekki að ríkja lögmál frumskógarins um að hver sé sjálfum sér næstur. Það á að vera hlutverk stjórnvalda að sjá til þess að landsmenn geti notið réttlætis á sem flestum sviðum. Stjórnvöld eiga ekki að sitja aðgerðalaus og horfa upp á misréttið viðgangast og komi slíkt misrétti upp á yfirborðið er það skylda þeirra sem sitja við stjórnvölinn að vinna að því að því sé eytt.

Virðulegi forseti. Fyrsta þingskjal þessa vorþings er frv. til laga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þar er ásamt fleiru lagt til að inn í stjórnarskrána verði sett almenn jafnræðisregla auk þess sem sérstaklega er vikið að því að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Ekki þótti nægilegt að í stjórnarskránni væri almenn jafnræðisregla heldur þótti nauðsynlegt að hafa sérstakt ákvæði um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Og hvers vegna? Jú, rökin fyrir því að hafa slíkt ákvæði í stjórnarskránni eru m.a. þau að þrátt fyrir að jafnrétti kynjanna sé nú tryggt í lögum þá ríkir það ekki í framkvæmd. Það þurfi því að tryggja það í raun en einhverra hluta vegna hefur gengið illa að gera jafnréttislöggjöfina gildandi hér á landi.

Nýleg skýrsla Jafnréttisráðs um launamyndun og kynbundinn launamun staðfestir það sem marga hefur grunað lengi, að konur eru rétt rúmlega hálfdrættingar á við karla í launum. Í öllum stéttum þjóðfélagsins búa konur við rýrari hlut en karlar launalega séð þótt misréttið aukist með aukinni menntun. Með öðrum orðum, á Íslandi ríkir gífurlegt launamisrétti.

Íslenskar konur eru orðnar langþreyttar á að bíða eftir viðhorfsbreytingu sem leiðir til þess að störf þeirra verði metin til jafns á við störf karla. Auk þess er málið ekki einkamál okkar kvenna. Það snýst hreinlega um mannréttindi.

Ríkisstjórn sem vill berjast fyrir mannréttindum á ekki að láta slíkt misrétti líðast. Hún á að beita sér fyrir því af öllum mætti að eyða slíku misrétti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að finna örlitla klausu um það að hún muni vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis og stuðla að jafnari möguleikum kvenna og karla til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína.

Við sem viljum jafnrétti fyllumst ekki bjartsýni við lestur þessarar klausu enda er erfitt að sjá hvernig framkvæma eigi herlegheitin. Hún felur reyndar líka í sér ákveðinn misskilning því staðreyndin er sú að launamisréttið er ekki byggt á því að konur hafi svikist um að þroska hæfileika sína. Þær hafa verið að þroska hæfileika sína allt sitt líf, rétt eins og karlar, en það hefur bara ekki fært þeim ábata.

Ég sakna þess að hæstv. forsrh. hafi ekki séð ástæðu til þess að minnast neitt á þetta mikilvæga úrlausnarefni í stefnuræðu sinni. Í kosningabaráttunni mátti nefnilega sjá margs konar merki þess frá báðum stjórnarflokkunum, að ekki sé minnst á stjórnarandstöðuflokkana, að taka þyrfti á launamisréttinu. Kjósendur máttu því í einlægni vænta þess að á því yrði tekið af fullri einurð. Því miður verð ég að segja það í hreinskilni að ríkisstjórnin gefur ekki þá mynd af sér að hún sé líkleg til afreka í þessum efnum. Hún er í huga margra ríkisstjórn stöðnunar og í raun ávísun á óbreytt ástand á flestum sviðum þjóðlífs. Skýrast kemur það fram í ráðherravali stjórnarflokkanna þar sem nú situr aðeins ein kona af tíu. Skilaboðin til íslenskra kvenna eru þessi: Það er ekki komið að ykkur en við ætlum að hjálpa ykkur til að þroska hæfileika ykkar og njóta eigin atorku. Haldið ykkur á mottunni á meðan.

Góðir tilheyrendur. Launamisréttinu verður að linna. Við getum ekki státað af því að búa í þjóðfélagi lýðræðis og mannréttinda á meðan slíkt misrétti viðgengst og að því er virðist án þess að stjórnvöld hafi af því teljandi áhyggjur. Stjórnvöld verða að gera sér grein fyrir því einnig að launamisréttið er aðeins ein mynd þess misréttis sem ríkir á milli kvenna og karla og þurfum við ekki að tíunda það að hvert skref í átt til jafnræðis skiptir máli. Þess vegna skiptir það líka máli hvert hlutfall kvenna og karla er í ríkisstjórn eða í stjórnmálum almennt. Þeir sem vilja leiðrétta misréttið þurfa því líka að líta í eigin barm og huga að því í hvívetna hvort eigin stefna hvetji til jafnréttis kynjanna í einu og öllu.

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Hróplegt misrétti á ekki að viðgangast. Réttlætisvitund allra þeirra sem vilja gott þjóðfélag með mannréttindi í fyrirrúmi krefst þess að launamisrétti kynjanna verði leiðrétt og að til þess verks verði gengið strax.

[21:15]

**Ögmundur Jónasson:**

Þingforseti. Góðir Íslendingar. Ég vil byrja á því að óska nýrri ríkisstjórn Íslands velfarnaðar í starfi. Það hlýtur að vera sameiginleg ósk okkar allra að ríkisstjórninni farist landsstjórnin vel úr hendi og það besta sem fram kemur í stjórnarsáttmálanum sem birtur var á dögunum og í yfirlýsingu hæstv. forsrh. hér áðan hlýtur að vera okkur sameiginlegt keppkefli að nái fram að ganga. Við hljótum öll að taka undir tilboð og óskir um sátt og samvinnu og að sjálfsögðu viljum við ganga bjartsýn og með reisn inn í 21. öldina en í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir einmitt að hún vilji leggja að því grunninn að svo geti orðið.

Í kosningabaráttunni hétu stjórnarflokkarnir okkur því að skila þjóðinni betra Íslandi, eins og það hét á máli Sjálfstfl., á meðan Framsókn varð tíðrætt um traust og trúverðugleika, að standa við gefin fyrirheit, að saman færu orð og efndir og var þar enginn greinarmunur gerður annars vegar á fyrirheitum flokksins um stórátak í atvinnumálum, tafarlausa aðstoð við fjölskyldufólk í fjárhagserfiðleikum og hins vegar afdráttarlausri afstöðu gegn einkavæðingu og markaðsvæðingu almannaeigna sem í tíð síðustu ríkisstjórnar gekk undir vinnuheitinu einkavinavæðing og varð fræg að endemum. Og það mega framsóknarmenn eiga að þeir tóku af einurð og festu þótt í þessari umræðu, bæði á liðnu kjörtímabili og ekki síður í nýafstaðinni kosn-

ingabaráttu eins og þingræður, yfirlýsingar og fyrirheit núverandi þingmanna flokksins á fundum, stórum og smáum, bera glöggt vitni um. Þess vegna munu menn fylgjast grannt með því á hvern hátt þessir sömu einstaklingar láta fara sama orð sín fyrir kosningar og efndir að þeim loknum. Þegar á morgun hefur hæstv. fjmrh. krafist þess að menn taki til hendinni við að markaðsvæða brennivínssölu í landinu. Þar verður fyrsti prófsteinninn.

Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að hann hefði orðið var við það í kosningabaráttunni að þjóðinni þætti það vera réttlætismál að draga úr jaðarsköttum sem á mæltu máli eru tekjuskattar og tekjutenging barnabóta, vaxtabóta og annarra greiðslna í millifærslukerfinu. Og hann upplýsti okkur um að ríkisstjórnin væri að íhuga að taka á þessu ranglæti. En ekki núna. Og ekki á næsta ári heldur. Það á að gera það í tengslum við kjarasamninga sem taki gildi á árinu 1997 og þá væntanlega sem skiptimynt til að halda kaupinu niðri, eða hvað? Er það virkilega ætlun hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að semja um kosningaloforð stjórnarflokkanna við launafólk og það eftir tvö ár? Er það þetta sem samvinnan og sáttin eiga að byggjast á? Eitt er víst að sé þessi raunin, þá er ekki gengið fram af mikilli reisn. Og það er umhugsunarefni að það hafi þurft þingkosningar til að koma ráðamönnum í skilning um staðreyndir sem öllu venjulegu fólki hafa verið ljósar um árabil. Í tengslum við fjárlög undangenginna ára hefur það jafnan verið stafað ofan í hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að hún hafi gengið of langt í skerðingu á fjölskyldubótum því auk atvinnuleysisins er það samtvinnuð skerðing á kaupmætti kauptaxta á liðnum árum og hækkun jaðarskatta sem veldur því að margt fólk er nú að missa fótanna í lífinu. Hæstv. forsrh. segir nú þessu fólki að það þurfi að bíða til ársins 1997 til að tekið verði á þessum málum af einhverri alvöru. Þá fyrst sé tíminn til að skoða jaðarskatta. En brennivíninu, því skal lokið fyrir Jónsmessu.

Hæstv. forsrh. og aðrir hæstv. ráðherrar — og ég vona svo sannarlega að menn rísi undir allri þeirri virðingu sem menn temja sér í ávörpum hér innan þingsins — það verður að segjast að sú fullyrðing hæstv. forsrh. hér áðan að um velferðarkerfið ríki pólitísk sátt stenst ekki eða hefur alla vega ekki staðist til skamms tíma nema hér sé verið að boða stefnubreytingu. Það hefur að vísu verið almenn sátt með þjóðinni um þessi efni. En ágreiningur um skipulag velferðarþjónustunnar hefur einmitt sett svip á stjórnmálaumræðu síðustu ára. Fyrrv. ríkisstjórn tók t.d. til við það að selja aðgang að skólum og sjúkrahúsum en af óljósu orðalagi í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar verður ekki séð hvert framhaldið verður. En þegar hafðar eru í huga hvers kyns yfirlýsingar ráðamanna eru um nauðsyn á niðurskurði, breytingar á vinnulöggjöf og almannatryggingum og þegar við heyrum hæstv. forsrh. gefa fjárfestum og peningamönnum undir fótinn með einkavæðingu og tali um skattívilnanir eins og hann gerði í stefnuræðu sinni hér áðan, þá er ljóst að allt ber að sama brunni og fyrri daginn. Þjóðin þarf öll enn sem áður að halda vöku sinni gagnvart ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Það er stundum sagt að hver ríkisstjórn eigi að fá hveitibrauðsdaga, laus við aðhald og gagnrýni. Þessu er ég ósammála. Á meðan þúsundir Íslendinga eru án atvinnu og aðrar þúsundir í alvarlegum þrengingum, þá á ekki að ríkja í Stjórnarráðinu nein hjónabandssæla hafin yfir gagnrýni. Og frómt frá sagt þá ætla ég að trúa mönnum fyrir því að heldur hrýs mér hugur við því að við þessar aðstæður skuli einkavæðing á brennivíni og umræða um eigin kjör þingmanna vera orðið forgangsviðfangsefni ríkisstjórnar og Alþingis. Það er ekki svona sem menn fara að því að ganga með reisn inn í nýtt kjörtímabil.

[21:21]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Með stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar sem einkennist af frjálshyggju og einkavæðingaráformum hefur Framsfl. tekið ofan grímuna. Við blasa hægri úrlausnir í stað félagshyggjuúrlausna sem flokkurinn boðaði fyrir kosningar. Þau öfl sem vilja mynda öflugt bandalag gegn ofurvaldi frjálshyggjunnar hljóta að vara sig á þeim tvískinnungi sem birtist í því hvernig Framsfl. breytir sinni pólitísku hugmyndafræði og stefnumálum eftir því hvernig vindar blása fyrir og eftir kosningar.

Rökrétt niðurstaða kosninganna var ekki hin gamalkunna helmingaskiptastjórn Framsóknar og Sjálfstfl. eins og forsrh. heldur fram. Rökrétt niðurstaða kosninganna var að svara kalli þjóðarinnar um hvernig taka eigi á misskiptingunni í kjörum landsmanna sem ríkisstjórnin gerir ekki í sinni stefnuyfirlýsingu. Hvaða leiðir á að fara til að taka á ónýtu launakerfi og misréttinu í launamálum kynjanna? Það minnir að vísu á orð hæstv. forsrh. sem skilja má svo að í jafnréttismálum sé nægjanlegt að taka á launajafnrétti kynjanna, en óþarfi sé að tryggja konum valdajafnvægi í þjóðfélaginu á við karla sem ég tel harðan áfellisdóm á stefnu sjálfstæðismanna í jafnréttismálum. Hitt er aftur á móti satt og rétt hjá hæstv. forsrh. að fólkið í landinu veit aldrei hvaða ríkisstjórn það er að kjósa yfir sig að loknum kosningum. Fólk veit svona álíka mikið um það og hvort það fær vinning í happdrætti líkt og við í Þjóðvaka vöruðum við fyrir kosningar.

Það er alveg ljóst að þessi ríkisstjórn er fyrst og fremst mynduð um ráðherrastóla en ekki málefni. Meginákerslan í stefnuyfirlýsingunni er lögð á velferðarkerfi fyrirtækja og fjármagnseigenda án þess þó að boðaðar séu neinar markvissar aðgerðir til að skapa þau 12.000 störf sem Framsfl. lofaði á kjörtímabilinu. Nei, þvert á móti má lesa út úr orðum hæstv. forsrh. hér áðan niðurskurð fyrst og fremst á velferðarkerfi fólksins. Hvergi í stjórnarsáttmálanum er minnst á þá 4–5 milljarða sem Framsfl. taldi nauðsynlegt að verja til lífskjarajöfnunar, nýsköpunar í atvinnulífinu og aukinna framlaga til menntamála. Framsóknarmenn töldu á síðasta þingi og í kosningabaráttunni að enga bið mundi þola að taka á skuldastöðu heimilanna, koma á greiðsluaðlögun og fjármagnstekjuskatti og draga úr skattálögum á fólk með hækkun á skattleysismörkum

og vaxta- og barnabótum. Þetta má nú bíða.

Engu að síður er full ástæða til að fagna loforði hæstv. félmrh. um að lánshlutfall í húsbréfakerfinu verði hækkað í 75% eins og við í Þjóðvaka boðuðum þó að vissulega séu á því þeir annmarkar eins og hann sjálfur benti á að ráðherrann á eftir að ræða við Seðlabankann og láta fjmrh. vita af þessum áformum sem kostar 1–1,5 milljarða í aukinni útgáfu húsbréfa. Það er líka ánægjulegt að hæstv. ráðherra hefur áttað sig á því að sú stefna framsóknarmanna að lengja húsbréfalánin og flytja húsbréfakerfið til bankanna er varhugaverð og ekki sú búbót fyrir fólk sem þeir boðuðu fyrir kosningar þó að ágreiningur sé að vísu um það milli félmrh. og viðskrh. og heiðarlegra hefði verið að gera fólki grein fyrir þessari afstöðu í kosningabaráttunni. En stundum geta orð ráðherra orðið að efnahagsvandamáli og það gæti sannast á hæstv. félmrh. Yfirlýsingar hans um húsnæðismálin geta haft mjög óæskileg áhrif á fasteigna- og vaxtamarkaðinn ef fólk fer nú í biðröð eftir því að ráðherrann standi við yfirlýsingar sínar og fólk fari almennt að fresta sínum fasteignaviðskiptum þar til þessi loforð hans verða efnd. Slíkt gæti hæglega komið í bakið á fólki og skrúfað upp vexti og afföll.

Ný vaxtaskriða sem farin er af stað getur orðið býsna alvarleg fyrir atvinnulífið og ekki síst fyrir heimilin í landinu sem aukið hafa skuldir sínar um 29 milljarða á 12 mánuðum á sama tíma og atvinnulífið hefur dregið saman sínar skuldir um 9 milljarða kr. Það er staðreynd að mörg heimili í landinu búa við sára fátækt og aðgerðir ríkisvaldsins að undanförnu hafa ekki gengið í þá átt að jafna tekjuskiptinguna og brúa bilið milli ríkra og fátækra í þjóðfélaginu sem virðist sífellt fara vaxandi. Ekkert bendir til þess að þessi ríkisstjórn jafni kjörin í landinu eða taki á því efnahagslega misrétti sem hvarvetna blasir við.

Það sýnir líka vel í hvílíkt öngstræti launamálin eru komin þegar lægstu launin samsvara varla atvinnuleysisbótum þannig að það borgar sig ekki að vinna. Þörf er á gífurlegum millifærslum í gegnum skattkerfið til að auka ráðstöfunartekjur láglaunafólks sem m.a. hefur leitt til þess að háir jaðarskattar eru nú orðnir vinnuletjandi. Hið opinbera greiðir í raun umtalsverðan hluta af ráðstöfunartekjum fólks sem segja má að sé niðurgreiðsla á launum fyrir atvinnureksturinn í landinu.

Lágu launin eru ekki bara vanvirða við þær þúsundir fjölskyldna sem við þau þurfa að búa, heldur eru þau einnig orðin meiri háttar efnahagsvandamál á Íslandi. Kaupmáttur fólks er orðinn þannig að fólk hefur orðið ekki efni á að kaupa vöru eða þjónustu atvinnulífsins sem aftur eykur á atvinnuleysið um leið og það kemur einnig fram í minni tekjum ríkis og sveitarfélaga af samneyslunni og beinum sköttum.

Góðir áheyrendur. Byrjunin á þessu stjórnarsamstarfi lofar ekki góðu. Að taka á brýnum málum fyrir heimilin í landinu má bara bíða að mati ríkisstjórnarinnar en tíma þessa þings virðist eiga að nota aðallega í að koma í gegn hluta af einkavæðingaráformum sjálfstæðismanna, stíga hænufet í breytingum á sjávarútvegsmálum og væntanlega knýja í gegn heimild til að taka upp ofurtolla á innfluttar landbúnaðarvörur. Við í Þjóðvaka teljum að standa verði þannig að málum að breytingar í kjölfar GATT-samningsins verði raunverulegur hvati til breytinga í landbúnaði sem tryggi bæði hag neytenda og bænda. Mikilvægt er í tengslum við ákvörðun um tollígildi á innfluttar landbúnaðarvörur að taka til umræðu endurskoðun á búvörusamningnum. Í samráði við bændur og neytendur þarf að ná samstöðu um breytingar í landbúnaði sem hafi það að markmiði að atvinnugreinin nái hagkvæmni og geti keppt við innfluttar búvörur með lágmarksstuðningi frá ríkissjóði. Þar ætti m.a. að koma til skoðunar að ná víðtæku samkomulagi milli bænda og neytenda um einfaldari, skilvirkari og hagkvæmari skipan í vinnslu og hjá öðrum milliliðum. Endurskoða þarf einnig núverandi beingreiðslur til bænda með það að markmiði að ná sátt um að afnema þær í áföngum og í staðinn komi greiðslur sem ekki tengjast framleiðslumagni, heldur séu byggðastyrkir eða miðist við búháttabreytingar og að viðunandi verklokasamningar yrðu gerðir við eldri bændur og aðra sem vilja hætta störfum í landbúnaði. Jafnframt því þarf að tryggja frjálsan og heilbrigðan markað og verðmyndun með búvöru innan lands þannig að tryggt sé að bændur og sölusamtök þeirra búi ekki við fákeppni eða einokun örfárra verslunarkeðja á búvörumarkaði. Brýnt er einnig að fara yfir álögur, skatta og tolla í landbúnaði með það að markmiði að jafna aðstöðu innan atvinnugreinarinnar og gera henni kleift að standa að þessu leyti jafnfætis landbúnaði í grannlöndunum.

Góðir áheyrendur. Við í Þjóðvaka teljum útilokað að þetta þing fari heim án þess að fram fari ítarleg umræða um það hvernig ríkisstjórnin ætlar að taka á skuldastöðu heimilanna og atvinnumálunum, en ætla má að um 10 þúsund manns gangi nú um atvinnulausir. Við teljum að gera þurfi áætlun í samráði við aðila vinnumarkaðarins um nýja sókn í atvinnumálum jafnframt því að fram fari heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar sem tryggi betur réttindi og framfærslumöguleika atvinnulausra en núgildandi löggjöf er sniðin að allt öðrum aðstæðum á vinnumarkaði en nú er.

Þjóðvaki mun veita þessari ríkisstjórn harða en málefnalega stjórnarandstöðu og fylgja eftir þeim málum á Alþingi sem við boðuðum kjósendum okkar í kosningabaráttunni. Þar verður megináherslan lögð á nýja sókn í atvinnumálum með umbyltingu í menntamálum, markvissu átaki í jafnréttismálum kynjanna og uppstokkun á launa-, lífeyris- og skattakerfi til tryggja betur hag fólks með lágar og meðaltekjur. Koma þarf á samræmdri fjölskyldustefnu og jafna kjörin milli dreifbýlis og þéttbýlis. Samhliða því munum við leggja áherslu á að jafna atkvæðavægi landsmanna og tryggja skýrari skil milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Við viljum líka endurreisa trúnað milli stjórnmálamanna og fólksins í landinu. Í því skyni munum við meðal annars leggja fram á þessu þingi frv. um starfsemi stjórnmálaflokka og fjárreiður þeirra.

Góðir Íslendingar. Við viljum endurvekja mannleg

verðmæti í samfélaginu, mannúð, samhjálp og sjálfsvirðingu einstaklingsins andspænis ofurvaldi frjálshyggjunnar sem byggir á að hver sé sjálfum sér næstur. Þróun íslenskra stjórnmála hefur leitt til víðtæks trúnaðarbrests í stjórnmálum og viðskiptalífi milli einstaklinga og almannastofnana. Fólk krefst réttlætis og mannúðlegrar jafnaðarstefnu og að mannúð og virðing fyrir mannréttindum skipi aftur æðri sess í samskiptum manna. Að því munum við í Þjóðvaka vinna.

[21:32]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Virðulegi forseti. Þegar hlýtt er á stefnuræðu hæstv. forsrh. sem hann flytur fyrir hönd nýrrar ríkisstjórnar og skoðast því sem stefna ríkisstjórnarinnar í hinum ýmsu málaflokkum þá hljóta kjósendur að velta því fyrir sér hvort það hafi verið þetta sem þessir flokkar, Framsfl. og Sjálfstfl., lögðu megináherslu á í kosningabaráttunni. Var þetta það sem þið bunduð vonir við? Hið almenna orðalag og þau efnisatriði sem tiltekin eru og þó e.t.v. enn fremur það sem ekki er nefnt vekur upp spurningar um þann trúnað sem ætti að ríkja milli kjósenda og stjórnmálamanna þannig að menn vissu fyrir fram hvaða stefnu þeir væru að kjósa þegar þeir kjósa flokk. Kjósendur hljóta einnig að fylgjast af athygli með því hvernig ný ríkisstjórn forgangsraðar sínum málum inn í þingið.

Ég minnist þess ekki að gjörbreytingar á áfengislöggjöfinni, breytingar sem hvorki eru í samræmi við almenna umræðu um varnir gegn vímuefnum né heilbrigðisáætlun, væru kosningaloforð núv. stjórnarflokka í nýliðinni kosningabaráttu eins og fyrstu stjfrv. gætu gefið til kynna. Það hefði verið meira í samræmi við væntingar og vilja landsmanna að hér hefðu verið sýnd mál sem svara þeim áleitnu spurningum sem leita á fólk sem óttast um atvinnu sína og þar með hag fjölskyldu og barna. Eða foreldra sem vilja betra skólakerfi fyrir börnin sín til að búa þau undir samkeppni um vinnu og lífskjör í óvissri framtíð. Eða spurningum þeirra sem við vanheilsu eiga að stríða eða af öðrum ásætðum standa höllum fæti og hafa þess vegna ekki sömu möguleika og hinir að bjarga sér í þjóðfélagi þar sem viðbrögð stjórnvalda við efnahagskreppu hafa ekki einu sinni getað varið venjulegt launafólk áföllum. Það kann að virðast eðlilegt að því fólki finnist hugðarefni stjórnmálamanna og áherslur stundum í ljósárafjarlægð frá þeirri baráttu sem háð er til að halda á floti þeirri litlu efnahagseiningu sem við köllum heimili.

Til að bregðast við breyttum aðstæðum og búa okkur undir 21. öldina er okkur nauðsyn að eignast fjölbreytt öflugt menntakerfi með aukinni áherslu á verk- og tæknimenntun og skipulögðu samstarfi skóla og atvinnulífs. Við þurfum líka að efla endurmenntun og starfsþjálfun vegna tækninýjunga í atvinnulífinu. Einungis þannig getum við nýtt þau sóknarfæri sem felast í gæðum landsins og þeirri verkþekkingu sem er til staðar hjá fólkinu í landinu. Það hlýtur að vera lykilatriði í nýrri atvinnusókn, atvinnusókn þar sem aukin framleiðni og bætt kjör verða að vera í forgrunni, því ef svo verður ekki mun Ísland einfaldlega tapa í samkeppninni um fólk í framtíðinni. Betra og fjölþættara menntakerfi er þannig forsenda framfara í atvinnulífinu og betri lífskjara. Það er jafnframt svar við atvinnuleysi. Vegna sparnaðar og niðurskurðar í skólakerfinu hefur það þróast með þeim hætti að það nám sem mesta peninga kostar, tækni- og verknám ýmiss konar, hefur dregist saman en hefðbundið bóklegt nám, sem kostar minnst, hefur aukist. Þó almenn bókleg menntun sé að sínu leyti jákvæð þá þurfum við engu síður en þær þjóðir sem við erum í samkeppni við að leggja nýjar áherslur. Þær áherslur verða ekki lagðar nema til komi auknar fjárveitingar. Jafnframt er nauðsynlegt að háskólamenntun verði efld og boðið verði upp á sem fjölbreytilegasta kosti, m.a. með fagháskólum. Þeir sem segjast vilja breyta þessu, því þeir skilji nauðsyn þess sem forsendu framfara í atvinnulífinu, verða að sýna þann vilja í verki með auknum fjárveitingu til menntamála. Þar mun reyna á vilja núverandi ríkisstjórnar strax við gerð næstu fjárlaga.

Lífsbaráttan er hörð í þessu landi og umbun fyrir erfiði má ekki vera minni hér en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Vinnuveitendasambandið kýs að gera samninga í stóru samfloti þar sem meðaltalsafkoma er lögð til grundvallar. Við hljótum að velta því fyrir okkur af hverju það má ekki sjást hvaða fyrirtæki eða atvinnugreinar treysta sér til að greiða hærri laun. Hvaða fyrirtæki eða atvinnugreinar hafa nýtt sér það svigrúm til að bæta sinn rekstur sem stöðugleiki undanfarinna ára og skattatilfærslur frá fyrirtækjum yfir á herðar launafólks hafa skapað. Fjöldi vinnandi fólks er þannig settur að það sækir um og sumir fá aðstoð félagsmálastofnana til að komast af. Bara í Reykjavík eru 22% þeirra sem fá stuðning félagsmálastofnunar með atvinnu. Hvaða sögu segir það? Meðal annars þá að skattpeningar eru í stórum stíl notaðir með beinum hætti til að greiða niður laun fyrir atvinnureksturinn í landinu. Er víst að þess þurfi í öllum tilvikum? Eru öll fyrirtækin sem greiða sínu fólki samkvæmt lágmarkskjarasamningum svo illa stödd að þau þurfi á slíkri niðurgreiðslu að halda? Þarf atvinnureksturinn í landinu ekki það aðhald sem felst í opinni umræðu um velferðarkerfi fyrirtækjanna, velferðarkerfi sem tekur einnig á sig þá mynd að framtíðinni er slegið á frest. Atvinnuháttabreytingum eða aðlögun að nýjum aðstæðum er frestað með „vestfjarðaaðstoðum" ýmiss konar. Hafa menn ekki áhyggjur af því að það velferðarkerfi sé að komast í þrot eða af þeim slaka og metnaðarleysi sem það velferðarkerfi kann að valda? Þess verður ekki vart í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þar er einungis að finna áhyggjur af útþenslu velferðarkerfis fólksins.

Ýmislegt bendir til þess að fiskveiðistjórnun og uppbygging fiskstofnanna geti skilað okkur árangri á næstu árum. Þar með megum við vænta þess að arðurinn af okkar sameiginlegu auðlind aukist. Í verkefnaskrá sjútvrn. kemur fram vilji til að kanna möguleika á að koma á sveiflujöfnun í sjávarútvegi bæði til að tryggja stöðugleika í greininni og jafnvægi gagnvart öðrum atvinnugreinum. Jafnframt eru fyrirheit í

stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um hagstætt raungengi. Við hljótum að spyrja hvort hér sé verið að gefa fyrirheit um enn aukna ríkisforsjá í atvinnulífinu með verðjöfnunarsjóðum samkvæmt gamla laginu eða hvort ríkisstjórnin hyggst leggja á veiðileyfagjald og láta þá sem nýta auðlindina greiða fyrir afnot af henni. Með beitingu veiðileyfagjalds væri hægt að jafna út sveiflur og koma í veg fyrir að raungengi hækki til skaða fyrir annan atvinnurekstur í landinu og einnig að svara þeirri réttlætiskröfu fólksins í landinu að eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni verði staðfest með því að greitt sé fyrir afnotin. Æ fleiri útgerðaraðilum er einnig að verða það ljóst að nauðsynleg sátt um fiskveiðistjórnunina mun ekki nást án þessa.

Kannanir leiða í ljós að þeim fyrirtækjum sem er umhugað um ímynd sína gengur betur. Hluti af ímynd fyrirtækis er hvernig það gerir við sína starfsmenn, jafnt konur sem karla. Kjarasamningar um lágt grunnkaup gera beinlínis ráð fyrir því að yfirborganir eigi sér stað. Slík tilhögun kjarasamninga er eitt af því sem gerir kynbundinn launamun mögulegan, það að mismuna körlum og konum í launum þó um sambærileg eða jafnverðmæt störf sé að ræða. Það á jafnt við um almenna vinnumarkaðinn og hinn opinbera.

Á þessu þingi verður lögð fram till. til þál. um framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kvenna og karla. Samþykki slíkrar tillögu ætti að vera auðfengið í ljósi þess að í nýliðinni kosningabaráttu var það orðið baráttumál allra stjórnmálaflokka að draga úr launamun kynjanna. Til að fylgja þeim áhuga eftir er nauðsynlegt að fram fari vinna sem hafi það að markmiði að ráðast í aðgerðir sem taka á launamisréttinu.

Virðulegi forseti. Í okkar fámenna samfélagi ætti að vera auðveldara en víðast annars staðar að uppræta misrétti hvar sem það kann að fyrirfinnast og stuðla þannig að jafnrétti fólks. Einungis þannig er mögulegt að góð sátt verði milli manna. Frá því sjónarhorni verða störf ríkisstjórnarinnar ekki síst metin. Út frá því mun okkar stjórnarandstaða og aðhald verða. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:41]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Góðir tilheyrendur. Ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum í landinu. Framsfl. á á ný aðild að ríkisstjórn eftir að hafa verið í stjórnarandstöðu síðasta kjörtímabil. Samstarfsflokkur Framsfl. í ríkisstjórn er Sjálfstfl. sem leiddi stjórnarsamstarf undanfarin fjögur ár. Ég vil í upphafi máls míns gera grein fyrir þessari stjórnaraðild Framsfl., hvernig hana bar að og hvaða áherslur við munum leggja í stjórnarsamstarfinu á því kjörtímabili sem nú er að hefjast.

Framsfl. hlaut góða kosningu í alþingiskosningunum. Í kosningabaráttunni lögðum við megináherslu á nokkur aðalatriði.

Í fyrsta lagi að auka atvinnu og skapa ný störf. Í öðru lagi að koma skuldsettum heimilum til aðstoðar. Í þriðja lagi töldum við að menntamál ættu að sitja í fyrirrúmi á næsta kjörtímabili og síðast en ekki síst lögðum við áherslu á ábyrga stefnu í ríkisfjármálum og nauðsyn þess að ná niður ríkissjóðshallanum á kjörtímabilinu. Við töldum að kosningaúrslitin staðfestu það að stór hluti kjósenda treysti Framsfl. til að hrinda þessum stefnumálum í framkvæmd og lögðum því áherslu á að ef tækifæri gæfist þá ættum við að ganga til ríkisstjórnarsamstarfs við þann flokk eða flokka sem vildu taka á þessum málum með okkur.

Í kosningabaráttunni lýstum við því margsinnis yfir að flokkurinn gengi til kosninga með óbundnar hendur um stjórnarsamstarf að kosningum loknum. Jafnoft var það sagt, bæði af formanni Framsfl. og öðrum frambjóðendum hans, að eðlilegt væri að reyna stjórnarmyndun með þáverandi stjórnarandstöðu ef ríkisstjórnin félli. Þegar kosningaúrslitin lágu fyrir kom í ljós að ríkisstjórnin hélt meiri hluta sínum þó tæpur væri. Möguleikinn á að stjórnarandstöðuflokkarnir mynduðu ríkisstjórn var því alls ekki fyrir hendi. Það var ljóst að ný ríkisstjórn yrði ekki til nema með þátttöku annars hvors fyrrv. stjórnarflokksins. Forustumenn Sjálfstfl. töldu að fyrra stjórnarsamstarf hefði of veikan meiri hluta og því nauðsynlegt að leita til annarra flokka um myndun ríkisstjórnar með meiri þingstyrk að baki. Ef bæði Framsfl. og Alþb. hefðu hafnað viðræðum við Sjálfstfl. hlaut niðurstaðan að verða óbreytt stjórn þar sem vitað var að Alþfl. var fús til slíks stjórnarsamstarfs.

Við þessar aðstæður töldu forustumenn Framsfl. og þingflokkur framsóknarmanna eðlilegt að ganga til stjórnarmyndunarviðræðna. Í þeim ríkti gagnkvæmt traust og viðurkenning á sjónarmiðum hvors flokks fyrir sig. Báðir flokkarnir voru tilbúnir að taka með festu á þeim erfiðu vandamálum sem við blasa. Stefnuyfirýsingin er ekki löng en hún er markviss og byggir á meginatriðum úr kosningastefnuskrám beggja flokkanna.

Stjórnarandstaðan telur að lítið beri á fyrirheitum þeim sem Framsfl. lagði mesta áherslu á í kosningabaráttunni í þessari stefnuyfirlýsingu, nú síðast formaður Alþb. í umræðunum hér áðan. Þetta er alrangt og með öllu óskiljanlegt hvernig hægt er að halda slíku fram ef kosningastefnuskrá okkar og stefnuyfirlýsingin eru bornar saman. Ummæli formanns Alþb. hér áðan um fjarveru utanrrh., sem er að gegna skyldustörfum sínum, eru vart svaraverð og dæma sig sjálf.

Aðalátakasvæði okkar framsóknarmanna í kosningabaráttunni var að berjast gegn atvinnuleysi, efla atvinnulífið og fjölga störfum. Í stjórnarsáttmálanum er lögð megináhersla á það að treysta undirstöður öflugs atvinnulífs enda er það forsenda þess að störfum fjölgi. Það verður að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir hagvöxt. Með auknum fjárfestingum og nýsköpun í atvinnulífinu verður best unnið gegn atvinnuleysinu.

Í öðru lagi lögðum við áherslu á nauðsyn þess að gripið yrði til aðgerða til þess að koma skuldsettum heimilum til hjálpar. Í stefnuyfirlýsingunni er fjallað um nauðsyn þess að gera breytingar á starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins og breyta lánum á þann hátt að hægt sé að létta greiðslubyrði fólks. Þá segir að stuðlað verði að því að einstaklingar sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum hafi möguleika á því að ná tök-

um á fjármálum sínum.

Í stefnuyfirlýsingunni er greint frá því að vegur menntunar og rannsókna verði aukinn en það er forsenda nýsköpunar í atvinnulífinu. Þetta var þriðja áhersluatriði okkar framsóknarmanna í kosningabaráttunni. Og ekki síst lögðum við áherslu á nauðsyn þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á kjörtímabilinu. Fyrri ríkisstjórn fór einnig af stað með þetta fyrirheit en tókst ekki að standa við það. Við munum leggja mikla áherslu á að þetta markmið náist þó að okkur sé ljóst að það verður erfitt að ná niður miklum ríkissjóðshalla og standa jafnframt við þau fyrirheit sem gefin hafa verið um félagslegar úrbætur. En jafnvægi í ríkisfjármálunum er einnig grundvöllur þess að hægt sé að byggja öflugt velferðarkerfi.

Í þessu ríkisstjórnarsamstarfi fer Framsfl. með marga mikilvæga málaflokka. Má þar fyrst nefna utanríkismálin. Við lifum nú í heimi þar sem alþjóðleg samskipti og viðskipti hafa tekið miklum breytingum á tiltölulega fáum árum og Íslendingar verða að sjálfsögðu að laga sig að. Í stefnuyfirlýsingunni segir að samskipti við Evrópusambandið verði treyst á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og fylgst verði náið með þróun mála innan sambandsins á næstu missirum. Umsókn um aðild að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar.

Á vettvangi iðn.- og viðskrn. er nú unnið að ýmsum þeim málum sem skipt geta sköpum um hvernig til tekst að styrkja atvinnulífið og fjölga störfum. Þar eru e.t.v. mikilvægastar þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á skipulagi banka og fjárfestingarlánasjóða, og Framsfl. tók skýrt fram í sinni kosningastefnuskrá, og hvernig hægt er að nýta fjármuni sem best til þess að styrkja atvinnulífið. Til skoðunar eru möguleikar á að stækka álverið og útlit fyrir að ásættanlegir samningar séu að takast. Mun það að sjálfsögðu einnig hafa jákvæð áhrif á efnahags- og atvinnulíf.

Félmrh. hefur nú þegar hafið undirbúning að því að lagfæra skuldastöðu heimilanna, bæði með breytingum á útlánareglum Húsnæðisstofnunar og með öðrum aðgerðum sem komið geta skuldugum fjölskyldum til hjálpar og aðstoðað þær við að ná tökum á fjármálum sínum á nýjan leik. Það er sannarlega mikið og þarft verk.

Aðkoman að heilbrigðismálum var erfið. Þar biðu mörg óleyst vandamál. Má þar fyrst nefna harðvítugar deilur um tilvísunarkerfið svokallaða sem nýr heilbrrh. er að leita lausna á. Eins og allir vita hafði fyrrv. heilbrrh. ekki lokið heimavinnunni og útilokað var að kerfið gæti gengið upp eins og það var hugsað í tíð fyrri ríkisstjórnar. Flestar stofnanir sem undir heilbrrn. heyra eiga í miklum rekstrarerfiðleikum. Á næsta ári þarf því að huga að mörgum málum í þessum viðkvæma en kostnaðarsama málaflokki sem heilbrigðis- og tryggingamálin eru. Jafnframt því að gæta ýtrasta aðhalds og sparnaðar verður lögð áhersla á að veita þjónustuna þannig að ásættanlegt sé fyrir þá sem á henni þurfa að halda.

Landbúnaðarmálin falla nú á ný undir Framsfl. eftir sjö ára stjórn Alþb. og Sjálfstfl. á þessari atvinnugrein. Þar er svo sannarlega verk að vinna. Sem þingmaður kjördæmis þar sem landbúnaður er mikilvæg atvinnugrein geri ég mér grein fyrir því að landbúnaðurinn á við mikla erfiðleika að etja. Eftir að hafa setið nokkra daga í landbrn. er mér ljóst að vandinn er enn meiri en ég hafði álitið áður. Sérstaklega á þetta þó við um sauðfjárræktina en aðrar búgreinar eru betur settar. Unnið hefur verið samkvæmt búvörusamningi frá 1991 og ljóst að þó að sá samningur hafi gefið ákveðna tryggingu þá blasir nú við að hann getur ekki gilt lengur óbreyttur. Ef svo fer fram sem horfir með samdrátt í kindakjötsneyslu stefnir í gjaldþrot fjölmargra sauðfjárbúa. Neyslan dregst hratt saman þessa mánuðina og greiðslur samkvæmt samningnum taka mið af neyslunni. Á þetta hafa menn horft að undanförnu en ekki brugðist við eða ekki viljað taka á vandanum. Kannski hefur aðgerðaleysi stafað af ósamkomulagi innan fyrrv. ríkisstjórnar um nauðsynlegar úrlausnir. Það skal ósagt látið.

Það er skýrt tekið fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að búvörusamningurinn frá 1991 verði tekinn til endurskoðunar og sérstaklega verði litið til þess mikla vanda sem sauðfjárbændur standa nú frammi fyrir. Ég hef þegar sett þá vinnu af stað með viðræðum við fulltrúa bændasamtakanna.

Einnig er ljóst að skoða verður kerfi framleiðslustýringar og framleiðslustjórnunar í þessu sambandi og leita nýrra leiða sem stuðla að nýsköpun og fjölbreyttari atvinnuháttum til sveita og auðvelda bændum breytingar á búskaparháttum eða jafnvel búskaparlok. Það verður að leggja mikla áherslu á vöruþróun sem tekur mið af breyttum neysluvenjum fólks og markaðssókn sem byggist á hreinleika og hollustu afurðanna. Vonir eru að sjálfsögðu bundnar við markaðssókn erlendis og eru tilraunir í gangi á því sviði. Þá stendur landbúnaðurinn frammi fyrir nýrri samkeppni vegna alþjóðaviðskiptasamninga sem Íslendingar hafa gerst aðilar að. Þetta er nýtt umhverfi sem landbúnaðurinn þarf að fá tíma til að laga sig að og verður ekki umflúið.

Ég vil leggja áherslu á það að landbúnaðurinn og neytandinn eiga í öllum aðalatriðum samleið og sjónarmið sem stundum hafa verið uppi um ágreining á þessu sviði eiga ekki rétt á sér. Landbúnaðurinn verður að laga sig að óskum og kröfum markaðarins og neytandinn verður einnig að hafa þolinmæði til þess að gefa þessari atvinnugrein tíma til að aðlaga sig breyttum aðstæðum.

Áherslur í landgræðslu og skógrækt þurfa að miðast við það m.a. að auka hlut bænda í framkvæmdum og á þann hátt að létta á hinum hefðbundnu búgreinum.

Framsfl. stýrir nú umhvrn. í fyrsta skipti og talandi um áherslur í landgræðslu og skógrækt eru gróður- og jarðvegseyðing einmitt meðal alvarlegustu umhverfisvandamála sem þjóðin glímir við. Deilur um vægi einstakra orsakavalda þarf að setja niður en einbeita kröftunum þess í stað að úrbótum þar sem þær eru brýnastar. Á sviði umhverfismála bíða fjölmörg önnur úrlausnarefni.

Ég mun leggja áherslu á það að við verndum og

varðveitum okkar fögru náttúru og veitum einstaklingunum jafnframt tækifæri til að njóta hennar. Frárennslismál, sorphirðing og endurvinnsla eru málefni sem þarf að huga að og við þurfum að búa betur í haginn þannig að ásættanlegt sé. Skattkerfið þarf að taka mið af umhverfisvernd og nauðsynlegt er að koma skilagjaldi á fleiri vörur, ekki síst spilliefni þannig að tryggt sé að þau fari ekki út í náttúruna og valdi þar ómældum skaða um langa framtíð.

Íslendingar eiga að vera virkir þátttakendur í umhverfismálum á alþjóðavettvangi og sýna það og sanna að landið okkar hefur öll skilyrði til þess að vera leiðandi land á því sviði. Land hreinleikans, óspilltrar náttúru og ómengaðs umhverfis.

Hæstv. forseti og góðir tilheyrendur. Framsfl. mun leggja sig fram um það að standa við þau fyrirheit sem hann gaf kjósendum sínum í kosningabaráttunni og undirstrikuð eru í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. og stuðningsmenn hennar á Alþingi munu leggja sig fram um það að treysta atvinnulíf, viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum, skapa fleiri atvinnutækifæri og treysta með því velferðarkerfið í landinu. — Ég þakka áheyrnina.

[21:53]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Ágætu tilheyrendur. Segja má að verkefni nýhafins Alþingis séu tvíþætt. Annars vegar aðkallandi úrlausnarefni og hins vegar að búa þjóðina undir 21. öldina.

Nýliðin kosningabarátta bar þess merki að íslensk þjóð hefur verið að ganga í gegnum tímabil hremminga og erfiðleika sem m.a. hafa komið fram í ólíðandi atvinnuleysi, erfiðri skuldastöðu margra heimila og ámóta þáttum. Ástæða er til að ætla að nú sé þetta tímabil hremminga senn að baki. Svo sem fram hefur komið hér fyrr í kvöld eru mörg jákvæð teikn uppi fyrir efnahagslíf þjóðar okkar. Ég leyfi mér að nefna síldarauðinn óvænta, jákvæðar fregnir frá sjómönnum um mikla og aukna þorskgengd, áhuga stórra erlendra aðila á fjárfestingum hérlendis og þannig mætti áfram telja. Þetta þýðir með öðrum orðum að hin frægu hjól efnahagslífsins séu byrjuð að snúast að nýju og það felur í sér bata, það felur í sér ný störf og minnkandi atvinnuleysi, það felur í sér möguleikann á því að lagfæra skuldastöðu heimilanna og létta byrðir þeirra. Enda hlýtur það að vera meginskylda allra hv. alþm. að skapa þegnum landsins skilyrði til að lifa hér mannsæmandi lífi.

Það er á þeirri forsendu m.a. sem Framsfl. gekk til stjórnarsamstarfs. En sérstaða okkar Íslendinga er sú að vera háð dyntóttum auðlindum. Hagkvæm skilyrði eins árs geta horfið á einu vetfangi og sent okkur aftur á upphafsreit. Við hljótum að búa okkur undir 21. öldina með því að verjast slíkum sveiflum. En slíkur gjörningur gerist ekki að sjálfu sér, til þess þarf markvissar aðgerðir. Til þess þarf m.a. skýra sjávarútvegsstefnu, stefnu sem tekur mið af hámarksnýtingu auðlindarinnar en gætir jafnframt verndunarsjónarmiða í sátt allra hinna ólíku hagsmunaaðila. Líklega er þó meira réttnefni að ræða um fiskvinnslustefnu í stað veiðistefnu því hráefnið á að gefa af sér sem mest verðmæti og sem flest störf í stað þess að hverfa úr landi lítt eða illa unnið. Þar liggja sóknarfæri okkar ef við berum gæfu til að skapa atvinnugreininni þau skilyrði sem þarf til fullvinnslu sjávarfangs.

Í raun má segja að sömu forsendur gildi um landbúnaðinn og aðrar starfsgreinar svo sem ferðaþjónustu, þ.e. að skapa þeim skilyrði og forsendur til að njóta sín og blómstra á eigin forsendum.

En fleira þarf til. Stjórnmálamenn hafa lengi talað um mikilvægi menntunar og gildi hennar fyrir þjóðina. Þrátt fyrir göfuglyndi þeirra í tali hefur inntak menntunar lítið breyst í langan tíma. Til að gera langa sögu stutta má segja að akademískar áherslur séu ráðandi innan skólakerfis meðan atvinnulífið og starfsmennt sjást þar lítið. Það er gleðiefni og ber vott um sátt að allir flokkar lögðu áherslu á þennan þátt í nýliðnum kosningum. Án nokkurs vafa verður það í gegnum heilbrigt menntakerfi sem við búum okkur best undir 21. öldina og fyrir því eru einfaldlega mörg og gild rök. Ég leyfi mér að nefna örfá.

Mikið er talað um að framleiðni á Íslandi sé óeðlilega lág. Getur ekki verið að áðurnefnd gjá milli atvinnulífs og skóla eigi þátt í þeirri staðreynd? Getur verið tilviljun ein að í framlögum til menntamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu röðumst við jafnneðarlega og þær þjóðir sem lægstar eru í framleiðninni? Það vinnuafl sem skólakerfið skilar til atvinnulífsins endurspeglar ekki umhverfi sitt. Með tengingu á milli skóla og atvinnulífs má skila verðmætara vinnuafli og þar með skapa skilyrði fyrir aukinni framleiðni. Um 35–40% nemenda gefast upp í framhaldsskólum landsins í dag, m.a. vegna þess hversu þröngt og takmarkað námsframboð er.

Íslendingar búa yfir miklum auðlindum til sjávar og sveita. Stærsta auðlind okkar er þó mannvitið og skólakerfinu ber að rækta þá auðlind þannig að nýsköpun og hugmyndaauðgi verði sýnileg og skili okkur efnahagslegum framförum. Þar er líklega mesta sóknarfæri okkar og því verður að fylgja eftir með góðum stuðningi við rannsóknir og nýbreytnistörf. Það er með öðrum orðum komið að því að standa við hin fögru fyrirheit til margra ára um gildi menntunar í íslensku samfélagi. Þannig rennum við stoðum undir nýja þætti í atvinnulífi okkar, þannig aukum við verðmætasköpun okkar, þannig siglum við inn í 21. öldina. Þess vegna hlýtur að verða eitt af mikilvægustu verkefnum Alþingis að skapa skólunum þau skilyrði að þeir geti staðið undir væntingum okkar til 21. aldar með breyttum áherslum og langþráðum friði um starfið í skólum landsins. Menntun skilar sér á löngum tíma, hún er fjárfesting til framtíðar.

Samkvæmt nýlegri könnun kemur í ljós að um þriðjungur unglinga á Íslandi telur framtíðina vonlitla. Þetta er áfellisdómur, þetta eru þung högg. Það er einmitt meginskylda okkar alþingismanna að skapa ungu fólki tiltrú á framtíðina. Það gerum við með bættu skólastarfi, með innihaldsríku menningarlífi þar sem einstaklingar kunna og geta notið andlegra verð-

mæta og menningararfsins. Það gerum við með því að skapa skilyrði fyrir blómlegu atvinnulífi þar sem ungt fólk öðlast trú og bjartsýni á framtíðina.

Það leiðir, herra forseti, einmitt hugann að hlutverki okkar hér í þinginu. Marga hef ég heyrt spyrja þeirra spurninga hvort stjórnarandstaða allra tíma skilji hlutverk sitt þannig að hún skuli hafa það eitt að leiðarljósi að vinna gegn stjórnarstefnu hverju sinni. Við að hlýða á ræðu hv. alþm. Ólafs Ragnars Grímssonar hér í kvöld, þá rifjuðust þessar spurningar einmitt upp og, ekki það að ég fagni ekki umhyggju hans fyrir Framsfl., þá kom líka í hugann fleyg setning frá miklum kvenskörungi af Vesturlandi, Guðrúnu Ósvífursdóttur, eftir ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar um sinn gamla flokk: „Þeim var ég verst er ég unni mest."

Í athyglisverðri ræðu virðulegs forseta í gær var vikið að ýmsum grundvallarþáttum í störfum hæstv. Alþingis, þar á meðal að aðgreiningu löggjafans frá framkvæmdarvaldi. Ég fagna slíkri umræðu en spyr jafnframt hvort ekki sé ástæða til að skoða starfshefðir hvað varðar samskipti stjórnar og andstöðu hverju sinni. Við nýsettu þingi blasa mörg mikilvæg mál er snerta hagsmuni þjóðarinnar. Forsendur þess að ná árangri hljóta að vera skýrar, heiðarlegar leikreglur en umfram allt málefnalegar í þágu þess fólks er veitt hefur okkur trúnað sinn. — Ég þakka áheyrnina.

[22:01]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Virðulegi forseti. Fyrstu orð mín úr þessum ræðustól í upphafi nýs kjörtímabils skulu vera þau að árna þeim hv. alþingismönnum sem valist hafa til setu í ríkisstjórn Íslands persónulega velfarnaðar í störfum fyrir land og þjóð. Þetta segi ég þrátt fyrir það hvernig til þessa stjórnarsamstarfs var stofnað, — með vél og táli, en vegna þess að ég veit að þeim mun ekki af veita að árnaðaróskir fylgi í upphafi. Það sést strax í upphafi af því að hæstv. forsrh. treysti sér ekki til þess í ræðu sinni hér áðan að skýra stefnu ríkisstjórnar í meginmálum nema í hálfkveðnum vísum. Hann tæpti á nokkrum fyrri pörtum en botnarnir eru uppi í Borgarfirði eða í þessu tilviki e.t.v. norður á Höllustöðum. Orðfærið er slétt og fellt en inntakið vantar. Og hvar eru stjórnarfrumvörpin um breytingar á stjórnun fiskveiða og framkvæmd GATT-samningsins sem þetta þing á að fást við? Þau höfum við ekki séð enn svo að þau ræðum við ekki í þessari umferð.

Virðulegi forseti. Fáein orð um kosningaúrslitin og stjórnarmyndunina. Ég vil fyrst nota þetta tækifæri og þakka þeim 19 þúsund kjósendum sem veittu Alþfl. og málefnum hans brautargengi í kosningunum. Fyrir ykkar atbeina hélt fyrrv. ríkisstjórn að vísu velli, en afl atkvæða var ekki nóg til að tryggja að stefna okkar jafnaðarmanna yrði áfram mótandi afl í stjórn landsins. Það er ekki við þessa 19 þúsund kjósendur að sakast. Kosningaúrslitin sýna ótvírætt að hefði forustumenn okkar jafnaðarmanna borið gæfu til að varðveita samstöðu hreyfingarinnar, þá hefði Alþfl. styrkt stöðu sína í kosningunum og vafalaust verið áfram við völd í aðdraganda nýrrar aldar. Fyrir vikið eru jafnaðarmenn nú án afgerandi áhrifa á stjórn landsins. Fyrir vikið var Framsfl. afhent lyklavöldin í Stjórnarráðinu. Páll Pétursson er ekki bara orðinn félmrh., hann er ekki bara orðinn pósturinn Páll frá Brussel, og verði honum að góðu, heldur er hann líka orðinn ásýnd þessarar ríkisstjórnar sem jafnréttismálaráðherra.

Fyrir vikið var forðagæslumönnum framsóknarkerfisins gefið tækifæri til að renna saman í nýja, hefðbundna helmingaskiptastjórn um varðveislu sérhagsmuna og óbreytt ástand. Þeir kjósendur sem létu telja sér trú um að leiðin til þess að sameina jafnaðarmenn væri að sundra þeim, hljóta nú að naga sig í handarbökin. Ekki vantaði að við vöruðum við í kosningabaráttunni að einmitt þetta yrði líklegasta niðurstaðan ef Alþfl. bæri skarðan hlut frá borði í kosningunum. Þetta eru dýrkeypt mistök eins og síðar mun koma í ljós.

Það mun koma í ljós á þessu kjörtímabili hvort við getum sameiginlega látið okkur mistökin að kenningu verða og gert það sem skyldan býður til að bæta fyrir þau. Ég sagði mistök, herra forseti, því að þegar við jafnaðarmenn lítum til baka yfir farinn veg eftir átta ára ríkisstjórnaraðild megum við vel við una þann árangur sem náðst hefur. Það eru því mikil mistök, einmitt þegar okkur hafði tekist að snúa erfiðri varnarbaráttu undanfarandi ára í sókn, að yfirlýstir jafnaðarmenn stöðvi þá sókn í miðjum klíðum með sjálfsmarki, á íþróttamáli, og afhendi andstæðingunum völdin á silfurfati.

Herra forseti. Það er til marks um það hversu málflutningur framsóknarmanna í stjórnarandstöðu var marklaus og haldlaus að nú þegar þeir setjast í stjórnarstólana, þá geta þeir ekki kvartað undan því að þeir taki ekki við góðu búi. Og þeir munu engum nema sjálfum sér geta um kennt ef þeir glutra niður árangrinum eins og þeir gerðu vissulega í ríkisstjórnum framsóknaráratuganna.

Verðbólgan er lægri en í flestum viðskiptalöndum. Það ríkir einstæður verðstöðugleiki á Íslandi. Samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina er betri en nokkru sinni á grundvelli rétts og hagstæðs gengis. Viðskiptajöfnuður við útlönd hefur verið hagstæður þrjú ár í röð. Það hefur tekist að stöðva erlenda skuldasöfnun þjóðarbúsins þótt ríkissjóður sé enn með innbyggðum halla og safni skuldum, en það verður eitt meginviðfangsefni þessa kjörtímabils að gera þar bragarbót á. Skuldir fyrirtækja hafa farið minnkandi og afkoma þeirra batnandi. Eftir sjö ára erfiðleikatímabil er hagvöxtur tekinn að glæðast á ný. Kjarasamningar til tveggja ára hafa eytt óvissu um stöðugleikann. Nýjum störfum fer fjölgandi. EES-samningurinn sem hinn nýi stjórnarflokkur, Framsfl., fór hamförum gegn, ekki síst pósturinn Páll, hefur verkað sem vítamínsprauta á íslenskan sjávarútveg og reyndar þjóðarbúskapinn í heild. Fyrir hans tilverknað erum við nú að vinna verðmætari vöru úr minni afla. Og stóriðjuframkvæmdir eru loksins í sjónmáli á ný. Þennan efnahagsbata má nýta bæði til þess að bæta lífskjör, að jafna lífskjör og að jafna kjör milli kynjanna á vinnumarkaðnum ef rétt er á málum haldið.

Þessi efnahagsbati byggðist hvorki á töfrabrögðum né skyndilausnum. Hann er árangur skynsamlegrar hagstjórnar sem Framsfl. í stjórnarandstöðu fór hamförum gegn. Það er umhugsunarefni að þvílíkur árangur í stjórn efnahagsmála hefur aldrei í lýðveldissögunni náðst nema þegar Alþfl. hefur verið í ríkisstjórn. Slíkur árangur hefur aldrei náðst í helmingaskiptastjórnum Sjálfstfl. og Framsfl. Sú sögulega staðreynd segir sína sögu. Það hlýtur að vera frjálslyndu og umbótasinnuðu fólki sem hingað til hefur talið sig eiga samleið með Sjálfstfl. alvarlegt umhugsunarefni að hinir andlegu leiðtogar hans nú, þeir Davíð Oddsson og Björn Bjarnason, skuli ótilneyddir telja sig helst eiga samleið á vit 21. aldarinnar í félagsskap póstsins Páls og Guðna Ágústssonar. Það segir líka mikla sögu.

Sérstaklega er þetta frjálslyndu fólki raunverulegt áhyggjuefni vegna þess að því fór auðvitað fjarri að allur vandi væri leystur í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Innri veikleikar og óleyst vandamál blasa við þegar við skyggnumst undir yfirborðið og horfum til framtíðarinnar. Lausnir á þessum vandamálum kalla á langtímahugsun, áræði og umbótavilja frammi fyrir varðstöðu kerfislægra sérhagsmuna sem þessi ríkisstjórn er mynduð utan um. Það er einmitt slíka langtímahugsun, stefnufestu og framtíðarsýn sem er hvergi að finna, hvorki í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna svokallaðri né í ræðu hæstv. forsrh. Það er þetta sem vantar. Og það er þetta sem vekur ugg í brjóstum frjálslyndra og umbótasinnaðra Íslendinga þegar þeir hugleiða það hlutskipti þjóðarinnar að vera undir stjórn þessara dauflyndu kerfisflokka allt til aldamóta.

Hverjir eru þessir innri veikleikar og þessi óleystu vandamál sem ég nefni svo? Íslenskt atvinnulíf er einhæft og fábreytt. Það ber sterk einkenni þróunarlands vegna þess hversu háð við erum vinnslu hráefna. Og þótt forsrh. hafi í ræðu sinni hér áðan talað drýgindalega um landsframleiðslu á mann, þá er þar aðeins hálf sagan sögð vegna þess að framleiðnin í íslensku atvinnulífi, verðmætasköpunin á hverja unna vinnustund og fjármagnseiningu er einhver hin lægsta í okkar heimshluta. Fyrirtækin eru smá. Eiginfjárstaða þeirra er veik og vaxtarfæri þeirra á heimamarkaði er afar takmörkuð fyrir iðnað og þjónustugreinar sem við verðum að byggja upp ef við meinum eitthvað með orðum okkar um að skapa ungu kynslóðinni atvinnu við arðbær störf. Það er þessu sem við þurfum að breyta. Okkur vantar kerfisbreytingu í úreltum kerfum í landbúnaði og sjávarútvegi. Við verðum að leysa sambúðarvanda sjávarútvegsins annars vegar og iðnaðar- og þjónustugreina hins vegar með því að taka upp veiðileyfagjald fyrir aðgang að auðlindum sjávar. Þannig leggjum við grunn að raunverulegri hagvaxtarstefnu sem byggir á jafnræði allra atvinnugreina í opnu samkeppnisþjóðfélagi með þátttöku erlends áhættufjármagns með vaxandi útflutning að meginmarkmiði. Það er ekki síst þess vegna sem við eigum í alvöru út frá þjóðarhagsmunum að búa okkur með kerfisbundnum hætti undir aðildarumsókn að Evrópubandalaginu. Ella er hætt við því að við höldum áfram að dragast aftur úr þeim þjóðum sem við hingað til höfum reynt að halda til jafns við. Ella er hætt við að okkur takist ekki að skapa þau arðbæru og vel launuðu störf sem hvarvetna eru vaxtarbroddur hinna tæknivæddu þjóðfélaga framtíðarinnar. Þess vegna má þjónkun við sérhagsmuni, sem er erindi Framsfl. í pólitík og framsóknarmannanna í Sjálfstfl., ekki fæla okkur frá róttækum kerfisbreytingum og tefja för okkar inn í 21. öldina.

Þess vegna hlýtur það að vera meginverkefni okkar íslenskra jafnaðarmanna á þessu kjörtimabili að læra af mistökum fortíðarinnar, að finna nýjar leiðir til þess að brjóta niður þá múra úrelts flokkakerfis sem sundrar afli okkar til umbóta þegar mest ríður á. Það, herra forseti, verður því meginverkefni okkar á þessu kjörtímabili sem nú gegnum trúnaðarstörfum fyrir Alþfl. – Jafnaðarmannaflokk Íslands.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Hafi hv. 9. þm. Reykv. verið að ávarpa hæstv. félmrh. með orðunum „pósturinn Páll" þá vill forseti koma því til skila að slíkt ávarp er ekki við hæfi.

[22:11]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Sérhver ný ríkisstjórn leggur að sjálfsögðu upp með þann staðfasta ásetning að gera sitt besta fyrir land og þjóð. Núverandi ríkisstjórn er engin undantekning frá því og fyrir mitt leyti óska ég henni velfarnaðar í starfi. Hún nýtur þess umfram margar fyrri stjórnir að taka við svo góðu búi að það þarf sennilega sérstaka afreksmenn til að koma í veg fyrir að í hönd fari veruleg uppsveifla. Enn er of snemmt að spá um hvort slíka afreksmenn er að finna í ríkisstjórn Íslands. Hæstv. félmrh., sem jafnan er þó í essinu sínu þegar hann leikur hlutverk fílsins í glervörubúðinni, er þó þessa dagana að gera heiðarlega tilraun til að sprengja upp samninginn um EES og takist honum það er aldrei að vita nema honum takist líka að sprengja upp þann efnahagsbata sem ella væri óumflýjanlegur.

Samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. hefur alltaf leitt af sér stöðnun og jafnvel afturför. Það er einfaldlega söguleg staðreynd. Ástæðan er eðli slíkra stjórna. Innan þeirra verða óhjákvæmileg átök á milli ósættanlegra stefnumiða, annars vegar sérhagsmunagæslu Framsóknar og hins vegar frjálslyndis þess arms Sjálfstfl. sem hægt er að kalla framfarasinnaðan. Afleiðingin hefur jafnan orðið pattstaða þegar kemur að róttækum ákvörðunum og niðurstaðan er kyrrstaða sem í stjórnmálum jafngildir afturför. Og það er fróðlegt að sjá að á örskömmum ferli núv. ríkisstjórnar, þá er pattstaðan þegar komin upp. Stjórnarliðar úr Sjálfstfl. segja að ríkisstjórnin muni einkavæða ríkisbankana. En hverjir börðust hatrammlegast gegn því á síðasta kjörtímabili? Það voru núv. félmrh. Páll Pétursson og fyrrverandi tilvonandi landbrh., hv. þm. Guðni Ágústsson, en landbúnaðarráðherraefnið fyrrverandi er maður ódeigur og hefur þegar lýst því yfir í Alþýðublaðinu að fyrr mundi hann kaldur liggja en hann einkavæddi Búnaðarbankann.

Annað dæmi vil ég taka, herra forseti. Frumkvöðlar í atvinnulífi vildu kaupa sig inn í mjólkurbúið í

Borgarnesi, ráðast í nýja framleiðslu á grundvelli hefðbundins mjólkuriðnaðar og innleiða samkeppni í einokunarveldið sem Framsókn hefur byggt upp í greininni. Eðlilega vakti þetta mikinn fögnuð í Sjálfstfl. Nei takk, sagði Framsókn og setti hramminn í borðið. Af hverju? Af því að það hefði skaðað einokunarfyrirtæki í Reykjavík sem á kostnað neytenda stórgræðir á því að þurfa ekki að standa í samkeppni. Og Framsókn var nákvæmlega sama að það kostaði 30 störf í landbúnaðarhéraði þar sem atvinna liggur ekki á lausu. Og sannarlega er það dapurlegt hlutskipti fyrir formann Sjálfstfl. að vera í hlutverki útfararstjórans þegar frumkvæði að nýju framfaraskeiði í stirðnaðri atvinnugrein er jarðsungið með þessum hætti. En svona, ágætu tilheyrendur, verða afleiðingarnar af kjötkatlastjórn Framsóknar og Sjálfstfl. í hverju framfaramálinu á fætur öðru á komandi árum: Kyrrstaða, stöðnun, afturför.

Við hverju á svo sem að búast? Djúpstæð og gagnkvæm tortryggni er aldrei lykill að farsælu hjónabandi. Leyfist mér, herra forseti, að lesa nokkrar tilvitnanir í texta sem á eftir að verða sígildur. Þar segir m.a.:

„Kjósendur ættu að vera farnir að átta sig á því að síst af öllu er ástæða til að treysta framsóknarmönnum þegar fjármál eru annars vegar. ... Sagan kennir okkur að framsóknarmenn fara hvorki vel með eigið fé né annarra."

Hver talar svo um hina ágætu framsóknarmenn? Þetta, herra forseti, er tilvitnun í blað sem sjálfstæðismenn í Reykjavík gáfu út fyrir nokkrum vikum og oddviti þeirra situr hér — hæstv. forsrh. Þetta er lýsing sjálfstæðismanna á sínum eigin samstarfsflokki.

Í Morgunblaðinu birtist líka auglýsing um að Framsfl. hefði verið ábyrgur fyrir áratuga óstjórn, hefði brennt upp sparifé landsmanna, sett verðbólguna yfir 100%, skapað skjól fyrir pólitísk hrossakaup, staðið fyrir stórfelldu sjóðasukki, sóað 45 milljörðum af fé skattborgaranna. Þar er sagt að pólitísk spilling í stjórnartíð Framsóknar hafi verið svo gífurleg að fjármunum hafi beinlínis verið úthlutað eftir flokksskírteinum.

Herra forseti. Það voru ekki góðvinir Framsóknar í Alþfl. sem sömdu þetta stórfróðlega safn köpuryrða. Nei, herra forseti, það var birt á ábyrgð formanns Sjálfstfl. sem er þó orðvar maður eins og þjóð veit.

Þetta eru sem sagt ástarhótin sem gengið hafa milli um þeirra manna sem nú þæfa sameiginlegt sokkaband á kærleiksheimili ríkisstjórnarinnar. Ber þetta vitni um gagnkvæmt trúnaðartraust? Er hægt að ætlast til þess að samstarf manna sem tala af þvílíkri ást hver um annan leiði til farsældar fyrir þjóðina? Það er vissulega hægt, — ef menn trúa á kraftaverk.

Gagnvart eigin flokksmönnum þá varði formaður Sjálfstfl. þá ákvörðun að leiða Framsókn inn í ríkisstjórn með því að segja að Framsfl. væri breyttur flokkur. Hann hefði nýtt andlit. Þetta nýja andlit sáum við þegar raðað var á ráðherrabekkinn. Framsfl. átti kost á því að sýna breytingarnar í verki með því að leiða inn í ríkisstjórnina fulltrúa nýja andlitsins, unga fólksins, og viti menn, þegar upp var staðið þá var fulltrúi ungu kynslóðarinnar Páll Pétursson félmrh. Hins vegar verður það að segjast Páli Péturssyni, ráðherra jafnréttismála og barnaverndar, til hróss að hann er ekkert að hafa fyrir því að fela hið nýja andlit Framsóknar. Fyrsta verk hans var að reyna að hindra staðfestingu á reglum um vernd barna og ungmenna sem á að takmarka óhóflega vinnu þeirra. Og svo merkilega vill til að bæði ASÍ og VSÍ sóttu fast að fá reglurnar staðfestar. Og hvað veldur þessari vinsamlegu afstöðu ráðherrans til íslenskra barna? Jú, reglugerðin á sér rætur innan EES og besti vinur barnanna hefur sem kunnugt er sýnt EES afskaplega lítil ástarhót. Það skiptir hann engu þó afstaðan geti leitt yfir þjóðina dýrkeyptar gagnaðgerðir ríkjanna sem standa að EES.

Þetta, herra forseti, þetta er hið nýja andlit Framsfl., þetta er andlitið sem hæstv. forsrh. þótti slægur í. Það vill hins vegar íslensku atvinnulífi til happs að formaður Framsfl. hefur tekið hæstv. ráðherra félagsmála á hné sér í fjölmiðlum og tugtað hann eins og óþægan krakka. Kannski dugar það. EES er staðreynd og Alþfl. er stoltur af því að hafa með þeim samningi samræmt gönguleið þjóðarinnar inn í nýja framtíð.

Steinn Steinarr orti einu sinni ljóð sem mér þykir lýsa vel stöðu Framsfl. um þessar mundir. Ljóðið heitir „Undanhald samkvæmt áætlun". Það er nefnilega engu líkara en að Framsókn sé á vel skipulögðu undanhaldi frá sínum eigin kosningaloforðum. Húsnæðismálin voru helsta tromp flokksins og þau sýna þetta í hnotskurn og það var sannarlega ekki skorið við nögl þegar Framsókn setti fram loforðin. Það átti að ráðast í víðtækar skuldbreytingar. Það átti að koma upp sérstökum björgunaraðgerðum. Það átti að koma upp sérstakri greiðsluaðlögun. Það átti að frysta húsnæðisskuldir tímabundið. Það átti að lækka af þeim vexti. Það átti jafnvel að lækka skuldirnar sjálfar.

Herra forseti. Ég hygg að það sé Íslandsmet en ekkert af þessum loforðum finnst í sáttmála stjórnarinnar. Ekkert einasta.

Hæstv. heilbrrh. hefur sem kunnugt er sérstakan áhuga á öldrunarmálum. Er ekki tilvalið að hún láti nú athuga hvort þetta ótrúlega minnistap stafi af ótímabærum hrumleika Framsóknarforustunnar eða hvort verið geti að flokkurinn sé einfaldlega kominn á skipulegan flótta frá sjálfum sér? Enginn lofaði þó jafnmiklu og hæstv. viðskrh. sem hét t.d. að lækka greiðslubyrði húsnæðislána um 25%. Nú er hins vegar staðfest að aðferðin sem átti að nota til þessarar miklu lækkunar byggðist á röngum útreikningum. Reikningsskekkjuna er sjálfsagt að fyrirgefa. Það tók hæstv. vaxtamálaráðherra ekki nema fimm daga í embætti til að sýna þjóðinni fram á að á flestu hefur hann betra vit heldur en vaxtamálum. Og af því tilefni sagði fyrrv. ráðherra Sjálfstfl. af mikilli vinsemd það „gróflega dapurlegt" að hæstv. viðskrh. skyldi yfirleitt koma nálægt vaxtamálum. Ég vænti þess að þingmenn Sjálfstfl. séu sammála þessum fyrrv. ráðherra sínum og reyndasta bankastjóra landsins.

„Styrkurinn liggur í undanhaldinu" — segir í kvæði Steins Steinars og samkvæmt því er Framsfl. fullur af styrk þessa dagana. Hann hefur flúið næstum því öll þau loforð sem hann gaf í kosningabaráttunni. Hann hlýtur að geta notað þennan styrk til að beita handafli

til að lækka vexti eins og flokkurinn predikaði allt síðasta kjörtímabil.

Eins og frægt er, virðulegi forseti, tók það loforðaglaðasta framsóknarmanninn, hæstv. viðskrh., einungis fimm daga að missa frá sér vaxtafótinn. Það mun þó tæpast vefjast fyrir hinum lýríska ritstjóra Tímans, hv. þm. Jóni Kristjánssyni, að mæra ráðherrann vel í vikulegum skjallpistlum sínum um forustu Framsfl. og ef í óefni stefnir getur hann alltént leitað til höfundar Grettissögu og gert að einkunnarorðum um hæstv. vaxtamálaráðherrann og raunar framsóknarráðherrana alla það sem þar segir um Öndund tréfót: „Hann var fræknastur einfættra manna sem þá voru uppi á Íslandi."

[22:21]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Guðrún Helgadóttir, fyrrv. alþm., á í fórum sínum merkan grip. Það er danskort eins og þau sem dömur höfðu hangandi í keðju sér um háls á dansleikjum hér fyrrum til að skrá niður beiðnir virðulegra herra um næsta vals eða polka. Það var eins gott að ruglast ekki í röðinni til að forðast móðganir eða til að geta raðað þeim eina rétta á góðan stað þannig að hann fengi bestu dansana.

Að loknum kosningum hér á landi hefst atburðarás sem líkja má við dansleik af gamla taginu. Stjórnmálaflokkarnir skrá sig á danskort hvers annars, biðja um dans en segja um leið: Ég ætla að dansa við alla hina líka svona í fyrstu umferð.

Kannski er verið að skoða og þreifa, kannski hafa miklar augngotur og hneigingar farið fram og ljóst að einhverjir tveir ætla saman í lokadansinn og að opinbera trúlofun sína á eftir.

Nú á vordögum var ballið með eindæmum stutt og fáum boðið upp í dans. Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., sagði skilið við Jón Baldvin Hannibalsson, hv. þm., eftir stormasama sambúð, þeysti út í sveit á fund framsóknarmaddömunnar, bar umyrðalaust upp bónorð og fékk jákvætt svar. Kaupmáli var saminn í hasti, brúðkaup haldið og síðan flutt inn á stjórnarheimilið ásamt nauðsynlegu fylgdarliði. En þá strax kom í ljós að hjónakornin höfðu ekki tileinkað sér nútímabúskaparhætti þrátt fyrir fögur fyrirheit. Allt skyldi skipulagt með gamla laginu. Stjórn hins óbreytta ástands er tekin við, eins og sjá má af stjórnarsáttmálanum og samsetningu heimilismanna. Enn einu sinni á aðeins ein kona sæti í ríkisstjórn Íslands meðan konur eru um helmingur ráðherra í flestum hinna Norðurlandanna.

Í öðrum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum dettur stjórnmálamönnum ekki í hug að bjóða þegnum sínum upp á jakkafatastjórnir af því tagi sem hér tíðkast. Það þykir einfaldlega ólýðræðislegt og óhæf endurspeglun á samfélaginu og þeim mismunandi viðhorfum sem þar ríkja.

Síðast í kvöld bárust fregnir af því að nýkjörinn forseti Frakklands skipaði tólf konur í nýja ríkisstjórn. Honum dettur auðvitað ekki annað í hug en að standa við gefin loforð.

Skipan íslenskra ríkisstjórna er orðin að viðundri meðal vestrænna þjóða. Þar ríkir mikill en vægast sagt ömurlegur stöðugleiki. Við hljótum að spyrja hvernig í ósköpunum á því stendur að slíkt gerist á því herrans ári 1995 — 80 árum eftir að íslenskar konur fengu kosningarrétt og 20 árum eftir að þær sýndu svo eftirminnilega fram á þýðingu sína fyrir samfélagið á heimsfrægum útifundi á Lækjartorgi. Hvernig er hægt að bjóða okkur svona lagað á sama tíma og fyrir liggur skýrsla íslenskra stjórnvalda sem lögð verður fyrir kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking í haust sem sýnir hve hlutur kvenna er rýr í valdastofnunum hér á landi og mannréttindi á þeim brotin m.a. í launamálum og hvað varðar heimilisofbeldi?

Hvernig er það, er ráðamönnum alveg sama um orðstír Íslands á alþjóðavettvangi? Finnst þeim boðlegt að leggja fram fyrir alheim upplýsingar um vaxandi launamisrétti kynjanna? Finnst þeim boðlegt að segja frá því að hlutur kvenna í sveitarstjórnum og á Alþingi Íslendinga standi í stað? Finnst þeim boðlegt að sýna umheiminum að ekkert sé gert til að leiðrétta þetta misvægi milli kynja þegar tækifæri gefst? Er ekki meiningin að standa við mannréttindasáttamála og aðra sáttmála sem Ísland hefur undirritað? Og ég spyr: Er þess að vænta að ríkisstjórnin fylgi eftir væntanlegri framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna í réttindamálum kvenna ef hugarfarsbreytingin sem Sjálfstfl. boðaði í kosningabaráttunni er ekki komin lengra en þetta innan ríkisstjórnarinnar? Er það ekki hlutverk stjórnmálamanna að gæta almannahags og að þróa samfélagið í átt til aukins réttlætis, jöfnuðar og lýðræðis?

Á næstu dögum verða staðfestar hér á Alþingi breytingar á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins sem m.a. kveða á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis. Þar segir einnig að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Það er nöturlegt á að horfa að á sama tíma og löggjafinn tekur sig á og tryggir mannréttindi kvenna í stjórnarskránni skuli þeir sem taka að sér hlutverk framkvæmdarvaldsins og hafa tækifæri til að rétta hlut kvenna í stjórnkerfinu auglýsa karlrembu sína með svo eftirminnilegum hætti og komast upp með það.

Íslenskar konur hljóta að hugsa sinn gang eftir atburði undanfarinna vikna en þeir sanna svo ekki verður um villst hvað Kvennalistinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna og hver nauðsyn er á öflugri kvenfrelsisbaráttu jafnframt sterkum samtökum kvenna og breiðri samstöðu til að konur fái það sem þeim ber og geti haft eðlileg áhrif á mótun samfélagsins hverjar sem þær eru.

Í nýafstaðinni kosningabaráttu tókst að koma launamálum kvenna og því launamisrétti sem þær eru beittar rækilega á dagskrá. Allir stjórnmálaflokkar tóku undir kröfur um afnám launamisréttis kynjanna. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að finna loforð um að unnið verði gegn launamisrétti af völdum kynferðis. Hæstv. forsrh. lét þau orð falla að þetta fyrirheit væri flokkssystrum hans mun dýrmætara en ráðherrastólar og formennska hér og þar, þær skyldu bara vera ánægðar.

Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að ríkisstjórn-

in grípi til aðgerða gegn launamisréttinu og verður vel fylgst með efndum en það er mikill misskilningur að halda að mannréttindabarátta kvenna snúist um það eitt að jafna launamuninn. Hún snýst um frelsi og sjálfstæði kvenna til að velja sér þann lífsfarveg sem þær kjósa og að þær séu ekki hindraðar af lögum, venjum, aldagömlum lögmálum eða hagsmunum og samtryggingu karlveldis sem öldum saman hefur mismunað konum. Það þarf vissulega hugarfarsbyltingu til að ná því markmiði að kynin standi jafnt að vígi svo sem íslenskum stjórnvöldum ber að vinna að, bæði samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasáttmálum, en þó þarf fyrst og fremst vilja og aðgerðir. Það er rétt að gefa ríkisstjórninni tækifæri til að sýna hver viljinn er og til hvaða aðgerða verður gripið en mér segir svo hugur um að verulegs aðhalds verði þörf.

Herra forseti. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar og stefnuræða hæstv. forsrh. sem hér var flutt í kvöld bera með sér að ekki er von mikilla umbrota eða uppstokkunar í stjórnkerfinu hvað þá í stefnu stjórnvalda á því kjörtímabili sem fram undan er. Allt er slétt og fellt á yfirborðinu og ekki annað að lesa út úr ræðunni en að allt sé í nokkuð góðu lagi í þessum besta heimi allra heima. En ekki er allt sem sýnist. Við skulum minnast þess að stefnuyfirlýsing Viðeyjarstjórnarinnar sálugu vorið 1991 gaf ekki til kynna það sem á eftir fylgdi í niðurskurði, einkavæðingu og handahófskenndum árásum á velferðarkerfið. Þótt nú ári betur í íslensku þjóðlífi og enn eitt síldarævintýrið virðist hafið er langt í frá að hin nýja ríkisstjórn taki við blómlegu búi. Allt síðasta kjörtímabil var ríkissjóður rekinn með miklum halla. Sá reikningur er ógreiddur. Ríkisstofnanir hafa verið í miklu fjársvelti og stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík var gert að spara svo mikið að reksturinn er sums staðar við öryggismörk. Skólakerfið og Lánasjóður ísl. námsmanna urðu fyrir verulegum niðurskurði en víðtækt samkomulag er um að við svo búið megi ekki standa vegna framtíðarinnar.

Herra forseti. Stóru spurningarnar sem samfélag okkar stendur frammi fyrir eru þær hvernig við getum skapað hér jöfnuð og jafnrétti, hvernig við ætlum að standa undir rekstri velferðarkerfis sem tryggir öldruðum, sjúkum, fötluðum og öðrum sem þurfa á aðstoð að halda nauðsynlega þjónustu, hvernig við ætlum að byggja upp enn öflugra menntakerfi og hvernig við ætlum að skapa þau 12.000 störf sem Framsfl. lofaði landsmönnum að til yrðu fyrir aldarlok. Hvar á að skera niður og hvernig á að ná í auknar tekjur til að standa undir sívaxandi þjónustu sem m.a. á rætur í breyttri aldursskiptingu þjóðarinnar og fjölgun aldraðra?

Við þessum spurningum er einungis óljós svör að finna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og engu líkara en að nýfengin hjónabandssæla hafi blindað parið svo gjörsamlega að kaldur veruleikinn úti fyrir sé gleymdur og grafinn. Utan veggja gamla Stjórnarráðshússins er fólk sem glímir við gífurlegar skuldir heimilanna. Um götur Reykjavíkur gengu í gær 3.247 atvinnuleysingjar og við þá tölu má bæta öllum þeim sem stríða við atvinnuleysi úti á landi. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar finnur enn ekki fyrir neinum efnahagsbata og þar innan dyra ríkir ekki stöðugleiki í útgjöldum til þurfandi, heldur vöxtur.

Herra forseti. Það er mér mikið áhyggjuefni hve lítil áhersla er lögð á atvinnusköpun og atvinnuleysi í þeim boðskap sem borist hefur frá ríkisstjórninni. Eru stjórnvöld farin að sætta sig við atvinnuleysið eða halda þau að það hverfi eins og dögg fyrir sólu með auknum síldveiðum og aukinni byggingarvinnu? Því miður eru orsakir atvinnuleysisins margslungnari en svo að það leysist með aukinni vinnu í fiskiðnaði úti á landsbyggðinni.

Herra forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fær það hlutverk að stjórna landinu fram undir aldarlok. Ætlar hún að undirbúa þjóðina fyrir nýja öld með því að sækja fram, jafna lífskjörin, bæta stöðu kvenna og koma Íslendingum í röð helstu jafnréttisþjóða, eða á að hjakka í sama farinu, dragast aftur úr og brjóta mannréttindi á konum?

Ég bið íslenskar konur að minnast þess að fyrir 20 árum lögðu tugir þúsunda kvenna niður vinnu í heilan dag til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags þeirra. Í heilan dag var atvinnulífið lamað. Konur búa yfir krafti sem getur knúið fram breytingar. Sá kraftur felst í samstöðu og aðgerðum sem verður að grípa til ef þessi ríkisstjórn ætlar að bregðast konum eins og svo margar hinna fyrri. Það er ekkert dansiball fram undan. Danskortin eru komin niður í skúffu og það er ekki hægt að bíða þess að þessir stjórnarherrar eða aðrir bjóði upp í dans þegar réttlætið er annars vegar. Konur verða sjálfar að grípa til sinna ráða og nýta tækifærin sem fram undan eru. Það þolir enga bið að bæta stöðu kvenna vegna okkar sjálfra og vegna þeirrar framtíðar sem bíður komandi kynslóða. — Góðar stundir.

[22:32]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Að alþingiskosningum loknum var sú krafa sterkari en nokkru sinni fyrr að stjórnarflokkarnir sýndu í verki að þeir eru farvegir fyrir völd kvenna. Hvernig stóðust þeir prófið? Því miður er staðan á stjórnarheimilinu verri nú en undanfarin ár. Sem fyrr er aðeins ein kona ráðherra, og það sem verra var: Henni var nánast vantreyst frá fyrsta degi af leiðarahöfundi Morgunblaðsins. Enginn ráðherra Sjálfstfl. er kona. Forseti Alþingis er karlmaður og sama er að segja um alla kjörna varaforseta þingsins bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu. Er þetta ásættanleg niðurstaða í lýðræðisþjóðfélagi sem búið hefur við lögbundið kynjajafnrétti í 20 ár? Þó það hafi lengi tíðkast að mismuna konum á öllum sviðum mannlífsins er það að verða viðurkennd lýðræðisleg krafa að mismunun á grundvelli kynferðis eða litarháttar sé mannréttindabrot. Það er ekki langt síðan minni hlutinn í Suður-Afríku varð að deila völdum með svarta meiri hlutanum, það var ekki hægt lengur að andmæla lýðræðislegu kalli samtímans. Það sama er að gerast nú með konur hér á landi.

Þó að núv. ríkisstjórn hafi sterkan meiri hluta sér að baki og baði sig í sælu hveitibrauðsdaganna er hún í

margra huga fyrst og fremst karlastjórn með eina konu innan borðs. En hvað eiga stjórnarflokkarnir að gera þegar kvenþingmenn beggja flokka eru um eða innan við 20% þingmanna þeirra? Ég læt þá sjálfa um að svara því með von um betra gengi kvenna innan allra stjórnmálaflokkanna í næstu kosningum.

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar er stutt og einkennist af almennum viljayfirlýsingum, sem ekki kom á óvart miðað við þá flokka sem hér eiga í hlut, einkum Sjálfstfl. Nánari hugmyndir um útfærslu skortir og bent er á að útbúin verði verkefnaskrá fyrir hvert ráðuneyti sem kynnt verði á þinginu í haust. Stefnuræða forsrh. bætir hér mjög litlu við. Heimavinnunni er einfaldlega ekki lokið. Gefið er t.d. til kynna í stefnuyfirlýsingunni að mikið standi til að gera í menntamálum en í stefnuræðunni er réttilega bent á að fjárfesting í menntun sé líklegri til að skila arði en fjárfesting í öðrum þáttum framleiðslu og þjónustu. En það er allt og sumt. Menntmrh. hefur lýst því yfir á öðrum vettvangi að lengja beri skóladaginn á næsta ári en ekki er eitt orð sagt um það í stefnuræðunni.

Ég fagna yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að stefnt sé að því að festa í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Mér finnst þó orðalagið loðið og hef grun um að sami tvískinnungurinn haldi áfram og einkennir núgildandi lög. Hagsmunaaðilar selji aflaheimildir dýrum dómi sín á milli sem þeir fá gefins frá ríkisvaldinu. Ekki verður séð að sátt náist um aflamarkskerfið meðal þjóðarinnar nema til komi einhvers konar aflagjald. Þjóðin, sem á auðlindina, hlýtur að vilja fá meira fyrir sinn snúð en eina setningu í stjórnarskrá sem er merkingarlaus miðað við núverandi stefnu. Meira að segja útgerðarmenn sjálfir eru farnir að átta sig á réttmæti þessarar kröfu. Skyldi ríkisstjórn kolkrabbans og smokkfisksins huga að lýðræðislegu tilkalli almennings til auðlindarinnar eða eiga svokallaðir hagsmunaaðilar að ráða ferðinni? Verða óánægjuraddirnar kveðnar niður með því að leyfa sumum að fara á sóknarmark? Það verður fróðlegt að fylgjast með því þegar þessi mál koma nú inn í þingsali á þessu þingi. Einkum og sér í lagi verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig hagsmuna almennings verður gætt.

Annað mál sem liggur fyrir vorþinginu er endursamþykkt á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Þar náðist samkomulag um almenna jafnræðisreglu og um orðalag sem kveður á um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Fróðlegt verður að fylgjast með hvort þetta greiðir fyrir meðferð mála fyrir dómstólum og styrki núverandi jafnréttislög sem því miður hafa reynst mjög haldlítil þegar á reynir. Það er til lítils fyrir löggjafann að setja framsækin lög ef dómstólar túlka þau ávallt miðað við hefðina. Þetta hefur verið reyndin í ýmsum málum sem varða ofbeldi gagnvart konum þrátt fyrir víða refsiramma.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er talað um að vinna eigi gegn launamisrétti af völdum kynferðis. En um það er ekki orð í stefnuræðu hæstv. forsrh. Ekki eitt einasta orð. Eru jafnréttismálin kannski alveg komin af dagskrá stjórnarinnar eftir öll átökin um ráðherrastólana og formennsku í nefndum? Það er einlæg von mín að forneskjuleg viðhorf hæstv. félmrh. til vinnutíma barna, sem er að gera okkur að viðundrum í samstarfi þjóðanna, boði ekki áþekkar skoðanir hans í jafnréttismálum. Rök hans gegn því að takmarka vinnu barna undir 15 ára aldri, nefnilega þau að þá verði að hækka laun foreldranna, eru vonandi ekki staðfesting á því að til valda sé komin ríkisstjórn afturhalds og stöðnunar. Það er löngu kominn tími til að venjulegt fjölskyldufólk geti lifað af eigin launum og að vinnutíminn verði styttri en nú er.

Við kvennalistakonur erum í mannréttindabaráttu. Það vakti sérstaka athygli mína þegar utanríkisráðherra Kína var hér á dögunum að þegar hann var spurður um stöðu mannréttindamála í Kína sagði hann að Kínverjar settu aðrar áherslur á oddinn en Vesturlönd þegar þeir skilgreindu mannréttindi, m.a. teldu þeir brýnt að fólk gæti unnið fyrir sér. Það skyldi þó aldrei vera að á þessu sviði standi jafnvel Kínverjar okkur framar hvað mannréttindi varðar.

Við búum hér við hagkerfi þar sem tiltekin prósenta mannaflans er atvinnulaus, nú tæp 7%. Þetta atvinnuleysi er markviss leið til að halda hagkerfinu í „æskilegu" jafnvægi. Stór hluti þeirra sem þó hafa vinnu getur alls ekki lifað af launum sínum því þau eru allt of lág. Það er svo sannarlega kominn tími til að hér verði samið um lífvænleg kjör fyrir 40 stunda vinnuviku og að óhóflegri yfirvinnu linni. Þetta hefur verið eitt helsta baráttumál Kvennalistans frá upphafi þar sem óhófleg yfirvinna slítur fólki um aldur fram og kemur í veg fyrir að foreldrar og börn njóti eðlilegra samvista, auk þess sem hún dregur oft úr framleiðni fyrirtækja. Að auki stóreykur þessi yfirvinna kynjamisrétti á vinnumarkaði, m.a. í skjóli sporslukerfisins svokallaða sem tíðkast á ótrúlegustu stöðum á íslenskum vinnumarkaði. Þessu þarf að breyta strax. Um það höfum við kvennalistakonur þegar lagt fram tillögu á þessu vorþingi sem lið í þáltill. um að afnema launamisrétti kynjanna en það mál þolir enga bið.

Kannski þurfum við Kínverja eða þrýsting frá Evrópu til að hrista af okkur hlekki forneskjulegs hugarfars. Tímarnir eru breyttir og þjóðfélagið hlýtur að gera þá kröfu til okkar stjórnmálamanna að grundvallarmannréttindi séu virt. Mismunun kynjanna snýst ekki aðeins um völdin á Alþingi, um ráðherrastóla og formennsku í nefndum, eins og ætla mætti af umræðu síðustu daga. Mismunun kynjanna er ekki heldur einskorðuð við launamálin og þá alvarlegu staðreynd að kynbundinn launamunur hefur aukist á flestum sviðum sl. tíu ár og er nú mestur hjá háskólamenntuðu fólki. Mismunun og misrétti kynjanna kemur einnig fram hjá dómsvaldinu, á heimilunum, í skólunum, í kirkjunni, í verkalýðslögunum, í Vinnuveitendasambandinu, í fjölmiðlunum, í föðurnafnakerfinu, í tungumálinu, í kennslubókunum, í ráðuneytunum, í bankaráðum og þannig get ég talið upp hverja einustu valdastofnun þjóðfélagsins. Karlveldið er alls staðar og því viljum við breyta. Kynferði á ekki að ráða því hvert hlutskipti fólks verður í lífinu. Það er brot á mannréttindum.

Þó íslenski löggjafinn hafi viðurkennt þetta lengi þá leyfðu stjórnarherrarnir sér í kosningabaráttunni að tala um þörf á hugarfarsbreytingu sem greinilega hefur ekki enn náð til þeirra sjálfra, a.m.k. ekki þingmanna Sjálfstfl. Það bakslag sem virðist hafa orðið í jafnréttisbaráttu kynjanna bæði hér og víðar er mikið áhyggjuefni. Ég vona að við kvenfrelsiskonur tvíeflumst við mótlætið og berum gæfu til að finna þær leiðir sem best duga til að dætur okkar þurfi ekki að byrja baráttu okkar frá grunni.

Gárungarnir hafa bent á að nú eigi stjórnarandstaðan að fylkja sér saman undir forustu kvenna og bjóða karlveldinu í stjórnarflokkunum birginn. Þetta er umhugsunarvert ekki síst í ljósi þess að kannanir hafa sýnt að í kjósendahópi vinstri flokkanna og Kvennalistans eru konur í meiri hluta en karlar kjósa hægri öflin í ríkari mæli en konur. Einnig er ljóst að konur eru þær sem hafa haldið uppi velflestum vinnudeilum að undanförnu enda ærin ástæða til vegna vanmats á störfum þeirra og menntun. Verður þetta framtíðin? Ætla hægri öflin að hrekja kvenfrelsisbaráttuna til vinstri þrátt fyrir tilkall sjálfstæðra kvenna til aðildar, reyndar á forsendum karla, sjálfstæðiskonum til eðlilegrar skelfingar?

Við kvennalistakonur vonum að sem margbreytilegastar raddir kvenna fái að heyrast héðan úr þessu púlti um aldur og ævi því við erum sannfærðar um að saman verði að fara pólitísk völd kvenna, laun þeirra og kjör. Við viljum að konur öðlist völd og laun til jafns við karla. Þá fyrst er kominn jarðvegur fyrir hugarfarsbreytinguna sem stjórnarherrarnir hafa kallað eftir, jarðvegur sem leiðir til áþreifanlegra breytinga á hugarfari þeirra sem kjósa í prófkjörum flokkanna og þeirra sem eru við völd. Þá fyrst mun koma betri tíð fyrir alla, konur börn og karla.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ég hef lokið máli mínu. Ég þakka áheyrnina.

[22:44]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Annað ráðuneyti Davíðs Oddssonar er myndað til að tryggja traust, öryggi og festu á öllum sviðum þjóðlífsins. Að baki ríkisstjórninni stendur mikill meiri hluti þingmanna og hið sama má segja um stuðning hennar meðal þjóðarinnar, hann er ótvíræður.

Hér á Alþingi standa stjórnarflokkarnir tveir, stærstu flokkar þjóðarinnar, frammi fyrir stjórnarandstöðu sem er sundruð og sundurleit þótt hún segist vilja sameinast. Umræðurnar hér í kvöld hafa sýnt okkur að þessir flokkar hafa lítið annað til mála að leggja þegar hagsmunir þjóðarinnar eru í húfi en marklaus hnjóðsyrði í garð framsóknarmanna.

Fráfarandi formaður Alþb., stærsta stjórnarandstöðuflokksins, hefði átt að beina umhyggju sinni að eigin flokki. Alþb. verður á næstu mánuðum bundið við innbyrðis átök. Í málgagni flokksins, Vikublaðinu, birtist í síðustu viku grein eftir ritstjóra þess þar sem segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Íslenskir sósíalistar eiga í erfiðleikum með fortíðina vegna þess að þeir höfðu ekki döngun í sér til að horfast í augu við eðli hugmyndafræðinnar sem elstu flokksfélagarnir ánetjuðust á þriðja áratugnum."

Í þessum orðum felst mikilvæg viðurkenning úr óvæntri átt á nauðsyn þess að Alþb. og óháðir geri upp við hina sósíalísku fortíð. Vegna klofnings er Alþfl. í sárum eins og fram kom í ræðu formanns hans.

Herra forseti. Í ræðu sinni komst hæstv. forsrh. þannig að orði: „Fjárfesting í menntun og þekkingu er líklegri til að skila arði en fjárfesting í sumum öðrum þáttum *hefðbundinnar framleiðslu og þjónustu*." Undir þessi orð tek ég heils hugar. Þau vekja þá spurningu hvort við nálgumst ekki umræður um mennta- og skólamál, vísindi, rannsóknir og menningu á röngum forsendum með því að kenna ráðuneyti þessara mála við útgjöld. Í þeirri skilgreiningu felst að við séum að verja skattfé almennings með frekar neikvæðum hætti. Mörk eru dregin á milli atvinnuvegaráðuneyta sem kennd eru við sjávarútveg, iðnað, landbúnað og viðskipti og útgjaldaráðuneyta eins og menntmrn. Oft má skilja umræðu þannig að í fyrri flokknum séu ráðuneyti sem skapa tekjur og atvinnu en hinum síðari þau sem eyða opinberum fjármunum.

Þessi flokkun er til marks um úreltan hugsunarhátt. Útgjöld til menntamál eru ekki eyðsla heldur fjárfesting. Góð menntun og þekking þjóðarinnar eru jafnvel mikilvægari auðlindir en þær sem finnast til lands og sjávar. Menntmrn. er eitt helsta atvinnuvegaráðuneyti okkar þegar grannt er skoðað. Þar vísa ég ekki aðeins til þeirra þúsunda eða tugþúsunda sem starfa í skólunum heldur til hins mikla gildis sem menntun og þekking hefur fyrir atvinnu hér og hvarvetna annars staðar. Er brýnt að skólar og menningarstofnanir almennt tileinki sér starfshætti sem eru í samræmi við kröfur tímans. Þetta á við um innra starf og nýjar hugmyndir um rekstrarform, framtak einkaaðila og aðferðir til að tryggja að opinberir fjármunir nýtist sem best.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein. Í Viðskiptablaðinu í gær birtist úttekt á henni. Blaðið kemst að þeirri niðurstöðu að öll upplýsinga- og rannsóknavinna vegna ferðaþjónustu sé í molum, nánast engin tölfræði sé til og ekkert vitað um þá ferðamenn sem hingað koma. Upplýsingar séu þó undirstaða alls, markaðssetningar, áætlunargerðar, skipulagningar og fjárfestingar. Ekki er vitnað til þessara orða hér til að taka undir dóminn sem í þeim er felldur. Á hinu er vert að vekja rækilega athygli að lausnin á vandanum felst að mati blaðsins í auknum rannsóknum og þekkingu. Þetta á ekki aðeins við um ferðaþjónustuna heldur alla atvinnustarfsemi. Hún fær ekki þrifist sem skyldi nema hugað sé að þessum grundvallarþáttum. Við blasir að taka stefnumarkandi ákvarðanir um sjávarútvegsfræði og matvælarannsóknir. Þar á að hafa að leiðarljósi að Íslendingar verði í forustu á heimsmælikvarða og með hliðsjón af því hlýtur að koma til álita að stofna hér sjávarútvegsskóla í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar.

Menntun er sífellt að verða alþjóðlegri. Ótti við að aukið alþjóðasamstarf sé menningu okkar hættulegt er með öllu ástæðulaus. Að mínu mati á hið gagnstæða við. Við höfum gaman af því að bera saman kjör okk-

ar og annarra þjóða. Slíkur samanburður byggist yfirleitt á fjárhagslegu mati. Lífskjörin ráðast þó af miklu fleiru, m.a. af grósku í menningar- og listalífi og aðstöðu til að stunda það. Sem betur fer viljum við Íslendingar aðeins líta til hins besta og þess sjást víða merki. Ísland er ekki verstöð heldur þrífst í landinu þjóðfélag sem stenst miklu strangari kröfur. Þar ræður menning og menntun úrslitum. Í þessu tilliti má ekki heldur einblína á útgjöld sem eyðslu. Framlög til menningarmála eru fjárfesting í betra og fjölbreyttara þjóðfélagi.

Samkeppni um vinnuafl er alþjóðleg. Með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu opnuðum við ekki aðeins íslenskan vinnumarkað fyrir íbúum annarra landa, við opnuðum einnig þennan stóra, evrópska vinnumarkað fyrir Íslendingum. Til að menn geti nýtt sér hin nýju tækifæri þurfa þeir að vera vel menntaðir. Til að Ísland geti haldið í þá einstaklinga sem eiga greiða leið til góðra starfa hvar sem er þarf íslenskt þjóðfélag að standast alþjóðlega samkeppni við þá sem eru í fremstu röð. Í þessari skilgreiningu felst mikil áskorun, ekki síst á hendur þeim sem standa að menntun og menningu þjóðarinnar. Hún snertir einnig fjölmarga aðra þætti er lúta sérstaklega að yngri kynslóðunum og má þar nefna íþróttir. Fátt er þjóðum meira til framdráttar heima fyrir og út á við en öflugt íþróttastarf bæði til keppni og heilsuræktar.

Á síðasta kjörtímabili fór fram endurskoðun á lögum um grunnskóla og framhaldsskóla. Mótuð var ný menntastefna. Grunnskólastarf verður flutt af höndum ríkisins til sveitarfélaganna fyrir 1. ágúst 1996. Það tekst ekki nema í góðri samvinnu við sveitarfélög, kennara og foreldra. Ekki er unnt að framfylgja grunnskólalögunum án náinnar samvinnu við foreldra. Þeir hljóta næst á eftir börnum að teljast stærsti hagsmunahópur sem skólakerfið þjónar. Þeim ber í raun skylda til að láta skólamál sig varða.

Einnig verður unnið að því að hrinda í framkvæmd lögunum um listnám á háskólastigi og vænti ég góðrar samvinnu við Bandalag íslenskra listamanna um það mál. Frv. til laga um framhaldsskóla verður endurflutt næsta haust. Unnið verður að því að koma á fót upp-eldisháskóla og þannig mætti áfram telja. Skólastarf og allt atvinnulíf þrífst ekki nema á grundvelli rannsókna og upplýsinga. Nýta á nýja tækni til upplýsingaöflunar og miðlunar. Er fagnaðarefni hve íslenskir skóla- og vísindamenn hafa verið ötulir við að tileinka sér nýja tækni á þessu sviði. Verður að gæta að því að hið tæknilega umhverfi þeirra standist kröfur tímans og sé í samræmi við hina miklu notkun. Ég tel óhjákvæmilegt að stjórnvöld marki skýra og víðsýna stefnu varðandi upplýsingatæknina og hljóta yfirvöld menntamála að koma þar mjög við sögu því að stærstu notendurnir eru einmitt á þeirra starfsvettvangi.

Áður var minnst á ferðaþjónustuna og vaxandi gildi hennar. Hvergi dafnar hún betur en þar sem hún þróast í blómlegu menningar- og listalífi. Að þessu þarf ekki aðeins að huga í þéttbýli heldur um land allt. Menningarstofnanir eiga þannig að vera lifandi þáttur í atvinnulífinu án þess að slegið sé af fræðilegum og faglegum kröfum. Við þurfum að búa þessum stofnunum sómasamlega aðstöðu. Taka þarf ákvarðanir í því efni vegna gamalla bygginga og einnig nýrra, eins og að því er varðar tónlistarstarfsemi í höfuðborginni.

Allt kostar þetta peninga, mikla peninga. Markmið á þessum sviðum þarf að samræma því höfuðmarkmiði ríkisstjórnarinnar að ná jafnvægi í fjármálum ríkisins á kjörtímabilinu.

Í kosningabaráttunni lögðu allir stjórnmálaflokkar meiri áherslu á menntamál en oftast áður. Ég vona að sú áhersla njóti sín í verki þegar teknar verða ákvarðanir um ráðstöfun takmarkaðra fjármuna ríkissjóðs. Mikilvægt er að í því efni líti menn til þess sem skilar mestum árangri til lengdar en láti ekki stjórnast af stundarhagsmunum.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Minnumst þess að það eru engir aðrir en Íslendingar sem hafa þeirri skyldu að gegna um gjörvalla heimsbyggðina að gæta íslenskrar tungu og menningar. Við vörpum þeirri ábyrgð ekki af herðum okkar með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Á hinn bóginn mun það auðvelda okkur alhliða sókn út á við ef við sinnum heimavinnu okkar vel. Ríkisstjórn sem leggur áherslu á traust, öryggi og festu á öllum sviðum þjóðlífsins er stjórn sem vill öflugt og agað skóla- og menntakerfi og standa vörð um íslenskan menningararf.

[22:55]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Ég leyfi mér að bjóða ríkisstjórnina velkomna til starfa og óska nýjum ráðherrum velfarnaðar. Einnig menntmrh. Birni Bjarnasyni, hv. síðasta þm. kalda stríðsins, sem hér talaði áðan og er enn við sama heygarðshornið eins og heyra mátti.

Það er tilgangslaust annað en viðurkenna það að úrslit alþingiskosninganna á sl. vori og þó ekki síður tilurð ríkisstjórnarinnar í kjöfarið urðu íslenskum vinstri mönnum vonbrigði. Það veldur auðvitað vonbrigðum að hægri stefna er hér fest í sessi annað kjörtímabilið í röð.

Framsfl. hefur nú valið sér það gæfusnauða hlutverk að taka við hlutskipti hækjunnar sem styður við völd hægri aflanna í landinu. Þessi ræðumaður vill engar spár og allra síst hrakspár hafa uppi um störf hinnar nýju ríkisstjórnar. Hún hefur í byrjun nokkurn byr vegna þess að ytri aðstæður eru nú um margt hagstæðar. Á hinn bóginn bíða fjölmörg óleyst vandamál og svo virðist sem bið ætli að verða á því að staðið verði við stóru orðin og loforðin sem gefin voru af miklum fjálgleik í kosningabaráttunni, ekki síst af Framsfl. sem lofaði skjótri úrlausn á ýmsum brýnum vandamálum, svo sem vanda húsbyggjanda, vanda heimilanna og lofaði því að skapa hér 12 þúsund ný störf á nokkrum árum.

Einna alvarlegust virðast þó svikin ætla að verða í skattamálum. Þar töluðu báðir stjórnarflokkarnir, að vísu hvor með sínu nefi, um nauðsyn þess að gera lagfæringar. Ekki síst átti að hverfa frá óhóflegri tekjutengingu bótaliða. Nú er upplýst að ekkert standi til að gera fyrr en á síðari hluta kjörtímabilsins. Hveiti-

brauðsdagar stjórnarinnar hverfa nú hver af öðrum í gleymskunnar djúp og handan þeirra birtist veruleikinn, veruleiki atvinnuleysis, veruleiki erfiðleika í húsnæðismálum, veruleiki gífurlegrar skuldasöfnunar heimilanna og fyrr en varir verður tekið að spyrja um efndir. Þegar á þessu stutta vorþingi mun á það reyna hvort ríkisstjórnin sýnir lit í því að standa við gefin loforð. Stjórnarsáttmálinn segir fátt um aðgerðir í þessum efnum og hér í kvöld er til umræðu einhver innihaldslausasta stefnuræða sem sögur fara af. En úrslit þingkosninganna og tilkoma hægri stjórnar gefa okkur vinstri mönnum um leið tilefni til að staldra við og meta stöðuna. Við þurfum og eigum að líta í eigin barm og spyrja okkur: Hvers vegna fór þetta svona? Hvers vegna er styrkur vinstri hreyfingarinnar í landinu ekki meiri? Af hverju náum við ekki að hafa meiri áhrif, komast oftar að stjórn landsins, ráða meiru um það hvernig íslenskt samfélag þróast?

Samstarf stjórnmálaafla sem að einhverju leyti kenna sig við vinstri stefnu, félagshyggju eða jafnaðarstefnu, er nú sem oft áður og endranær talsvert til umræðu. Á því eru m.a. þær augljósu skýringar að vinstri hreyfingin hefur ekki náð að hafa þau áhrif sem hún vill og ætlar sér að hægri stjórn er sest að völdum eina ferðina enn og mörg framboð og flokkar dreifa kröftunum um of.

Við hljótum einnig að spyrja okkur hvort sjálf umræðan hafi verið á villigötum. Við höfum rætt um form, við höfum rætt um foringja, við höfum rætt um samvinnu, bandalög eða sameiningu en allt of lítið um innihald. Ég sannfærist æ betur um nauðsyn þess að allir þeir sem á annað borð telja sig fylgjendur vinstri stefnu, jafnaðarstefnu og félagshyggju vinni að því fyrst og síðast að sameinast um pólitísk grundvallaratriði. Takist það er eftirleikurinn auðveldur.

Ef litið er til þess hvernig vinstri heyfingin í ýmsum nálægum löndum er saman sett og hvaða árangri hún hefur náð kemur í ljós að það er á ýmsa vegu. Á hinum Norðurlöndunum hafa stórir tiltölulega vinstri sinnaðir jafnaðarmannaflokkar með mun róttækari stefnu en íslenski krataflokkurinn haft mikil áhrif á þróun þjóðfélagsins undanfarna áratugi. Í Frakklandi sameinuðust margir flokkar og flokksbrot á vinstri kantinum í stóran flokk, franska sósíalistaflokkinn, 1971 ekki síst fyrir tilstuðlan hins merka stjórnmálamanns, François Mitterrands, og hafa í kjölfarið haft mikil áhrif. Annars staðar hafa vinstri flokkar náð árangri með samvinnu eða kosningabandalögum.

Sigur Reykjavíkurlistans hér í borginni er nýlegt og glæsilegt dæmi um slíkt samstarf, sameiginlegt framboð flokka sem eftir sem áður starfa sjálfstætt áfram.

Hér á Íslandi höfum við hins vegar hvað landsmálin varðar undanfarin ár og undanfarna áratugi fyrst og fremst fengið kennslustundir í því hvernig menn ná ekki árangri. Lærdómurinn er að mínu mati sá að menn sameina ekki stjórnmálaflokka ofan frá. Menn sameina ekki stjórnmálaflokka í beinni útsendingu í fjölmiðlum. Menn sameina ekki stjórnmálaflokka með því að stofna nýja flokka. Nei, verkefnið hlýtur að vera að sameina sem flesta um tiltekin pólitísk grundvallaratriði. Grundvallaratriði vinstri stefnu eins og jöfnuð í launum og lífskjörum. Grundvallaratriði eins og það að velferð og félagslegt öryggi sé tryggt án tillits til efnahags, aldurs, kynferðis, búsetu o.s.frv. Grundvallaratriði eins og það að undirstöðuþættir menntunar og heilsugæslu standi öllum til boða án endurgjalds. Grundvallaratriði eins og það hvernig kostir markaðarins eru nýttir en þó þannig að hann sé beislaður, sé þjónn en ekki herra, tæki en ekki trúarbrögð. Grundvallaratriði eins og það að hagvöxtur nútímans megi ekki verða á kostnað náttúrunnar og lífsgæða komandi kynslóðar.

Um slík grundvallaratriði og mörg, mörg fleiri þurfa vinstri menn að sameinast, finna sér samnefnara sem menn síðan fylkja um. Form slíkrar samfylkingar er svo eitthvað sem þróast og ræðst í framhaldinu. Hvort það tekur á sig birtingarform samvinnu og samstarfs, kosningabandalaga eða sameiningar, er í raun úrlausnarefni sem kemur sjálfkrafa í kjölfarið. En núverandi ástand í íslenskum stjórnmálum er hins vegar óviðunandi frá sjónarhóli okkar vinstri manna.

Herra forseti. Um margt hafa línur nú skýrst í íslenskum stjórnmálum. Framsfl. hefur kosið að skilgreina sig með afdráttarlausum hætti sem miðjuflokk og núv. formaður hans, Halldór Ásgrímsson utanrrh., hefur gert upp við allt sem heitir vinstri stefna og félagshyggja í þeim herbúðum. Framsfl. birtist nú þjóðinni sem miðjuflokkur með hægri slagsíðu. Flokkur sem væntanlega sér það sem eðlilegt hlutverk sitt í framtíðinni að vinna með Sjálfstfl. Það eina sem eftir er í þessu uppgjöri Framsfl. við félagshyggjuna er að drjúgur hluti kjósenda flokksins meðtaki skilaboðin, hverfi frá flokknum og taki þátt í að byggja upp öflugan vinstri flokk á komandi árum. Stóra verkefni okkar vinstri manna er því umsköpun íslenskra stjórnmála með það að markmiði að efla hér til áhrifa sterkan vinstri flokk, vinstri samfylkingu, og breyta styrkleikahlutföllum í íslenskum stjórnmálum verulega þannig að ríkisstjórnarmyndun af því tagi sem við stöndum nú frammi fyrir geti ekki oftar orðið veruleikinn. Engin önnur getur sú framtíðarsýn verið sem við eigum og verðum að berjast fyrir og í þeirri baráttu þurfa að vinnast a.m.k. áfangasigrar á þessu kjörtímabili. Þá sigra þurfum við ekki að vinna vegna okkar sjálfra, ekki vegna flokka okkar, ekki vegna valdanna, heldur vegna fólksins í landinu og framtíðar þess.

Það er sannfæring mín að þorri íslensku þjóðarinnar vilji viðhalda hér öflugu velferðarkerfi, kerfi samhjálpar og samábyrgðar og því mun þessi ríkisstjórn kynnast verði hún svo gæfusnauð að leggja til atlögu við velferðarkerfið. Tíminn sker úr um það, dómur reynslunnar er jafnan ólygnastur og að lokum verður þessi ríkisstjórn dæmd af verkum sínum en ekki loforðum. — Ég þakka áheyrnina.

[23:04]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. forsrh. lýsir í ræðu sinni yfir stuðningi við velferðarkerfið og vill treysta undirstöður velferðarinnar með ráðdeild og skil-

virkni. Það er gott og blessað og við getum án efa öll tekið undir það, en hvað þýðir þetta? Hvernig velferð er verið að tala um? Í dag er löng bið eftir aðgerðum á sjúkrahúsum. Landlæknir hefur bent á að tæplega ársbið er að meðaltali, t.d. eftir bæklunaraðgerðum, og meðalaldur þeirra sem bíða er 46 ár, þ.e. fólk á miðjum vinnualdri. Meðan þeir bíða eru þeir á dýrum lyfjum, sjúkradagpeningum og óvinnufærir. Ráða verður bót á þessu ástandi. Það eykur velferð.

Aukin áhersla er nú lögð á forvarnir og er það vel. Öflugar forvarnir gefa fyrirheit um betra heilsufar í framtíðinni og vonandi aukna hamingju og vellíðan. Það er hluti af velferðinni. Í Reykjavík bíða nú á þriðja hundrað aldraðra í brýnni þörf eftir hjúkrunarrými. Mun fleiri eru á biðlistum. Allt þetta fólk þarf umönnun heima á meðan ekki leysist úr vanda þeirra. Við blasa einnig sumarlokanir á sjúkrahúsum og þá verða aðstandendur sjúklinga að leggja á sig aukin störf á heimilum, umönnunarstörf við sína nánustu til að gera þeim kleift að dvelja heima sem lengst. Hið opinbera á að meta þessi störf og greiða fyrir þau. Á því er misbrestur. Það ber að meta umönnunarstörf á heimilum óháð hver veitir þau. Það er líka velferð.

Herra forseti. Mönnum verður hér tíðrætt um efnahagsbatann. En hvernig á að nýta þann efnahagsbata sem menn telja sig merkja í efnahagslífinu? Afnema verður eftirágreiðslu námslána. Námsmenn kröfðust þess fyrir þessar kosningar að kosið yrði um menntamálin. Stjórnarflokkarnir lofuðu að taka á lánamálunum og einn hæstv. ráðherra Framsfl. lýsti því yfir, aðspurður á fjölmennum fundi með námsmönnum, að hann mundi ekki svíkja það loforð að afnema eftirágreiðslurnar fyrir ráðherrastól í ríkisstjórn með Sjálfstfl. Það er dapurlegt að hvergi er minnst á afnám eftirágreiðslu námslána í fyrirheitum og stefnumálum þessarar ríkisstjórnar. Ég vona að það þýði ekki að þau loforð verði svikin. Orð og efndir eiga að fara saman.

Betra efnahagsástand verður að nýta til að rétta hlut lífeyrisþega sem hafa framfærslu sína af greiðslum úr almannatryggingum. Sá hópur bar skarðan hlut frá borði miðað við launþega þegar laun hækkuðu á almennum vinnumarkaði í vetur. Lífeyrisþeginn með 48.000 kr. fékk 2.300 kr. hækkun á meðan launþeginn með sömu upphæð í laun fékk 3.700 kr. Stórum hópi lífeyrisþega er ætlað að lifa á tekjum undir lágmarksframfærslu. Það er lítilsvirðing við þá sem hafa skilað sínum starfsdegi eða eru óvinnufærir vegna sjúkleika eða fötlunar. Rúm 22% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar í fyrra voru lífeyrisþegar. Mannsæmandi lífeyrir er grundvallarmannréttindi aldraðra og öryrkja. Það almannatryggingakerfi sem við búum við er löngu úr sér gengið, það þarfnast gagngerrar endurskoðunar.

Á níunda þúsund manns eru nú á atvinnuleysisskrá, þ.e. um 7% vinnufærra manna. Hér er átt við skráð atvinnuleysi svo atvinnuleysið er meira. Bregðast verður við vanda þessa stóra hóps fljótt. Við búum við úrelt lög í atvinnuleysistryggingum, þau voru sett við allt aðrar aðstæður en nú ríkja. Atvinnuleysið er orðið viðvarandi og þörf annarra úrræða. Í Reykjavík í dag eru fleiri skráðir atvinnulausir en á sama tíma í fyrra. Efnahagsbatinn hefur ekki komið fram í betra atvinnuástandi. Tölurnar tala sínu máli. Fjórðungur atvinnulausra í borginni er ungt fólk á aldrinum 16–25 ára. Hér eru námsmenn ekki meðtaldir, þeir eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Næg atvinna er bæði velferðar- og heilbrigðismál því atvinnuleysi brýtur niður andlega og líkamlega heilsu fólks. Það sem vekur ugg er hversu margir atvinnulausir fá ekki aðstoð í velferðarsamfélagi okkar. Réttur til bóta er oft ekki til staðar eða þær duga ekki fyrir lágmarksframfærslu. Margir þurfa að leita eftir aðstoð sveitarfélaga. Í Reykjavík einni eru atvinnulausir 40% þeirra sem fengu þar fjárhagsaðstoð í fyrra. Á vanda þessa fólks verður ríkisstjórnin að taka. Nú reynir á hvort velferðin sem menn eru að ræða um er velferð fyrirtækjanna eða velferð fólksins.

Það eru margir sem búa við erfitt hlutskipti í þessu velferðarsamfélagi okkar. Laun eru of lág og launamisrétti ríkir. Ekkert hefur heyrst um skjót viðbrögð stjórnvalda með slæmri skuldastöðu heimilanna og orð eins og greiðsluaðlögun, skuldbreyting og tímabundin frysting skulda hafa ekki heyrst frá því fyrir kosningar. Hvað þá hækkun launa kvenna til jafns við karla.

Herra forseti. Góðir landsmenn. Friður afskiptaleysis mun ekki ríkja gagnvart ríkisstjórninni af hálfu stjórnarandstöðunnar í þessum málum. — Góðar stundir.

[23:10]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ríkisstjórn á að dæma af verkum hennar og það er kjósenda að gera það. Hlutverk stjórnarandstöðu er að ræða um ætluð verk stjórnarinnar í ljósi stefnuyfirlýsingar hennar og stefnuræðu. Þar er ekki feitan gölt að flá. Yfirlýsingin er óljós og fáir skýrir drættir.

Það eru vond stjórnmál þegar framkvæmdarvaldið kýs að stjórna frá degi til dags í krafti óljósra fyrirheita. Stefna ríkisstjórnarinnar er vitaskuld ekki byggð á úrræðum félagshyggju eða jafnaðarmanna þar sem samhjálp og sjálfsvirðing einstaklinga eru grundvallaratriði. Þessi ríkisstjórn er mynduð um aðdráttarafl ráðherrastóla og óbreytt valdakerfi stjórnmálamanna. Völundarhús valdamannanna í Sjálfstfl. og Framsfl. nær ekki einungis yfir stjórnmálin heldur fyrirtækin, verkalýðshreyfingu, bankakerfi, útflutning og margt, margt fleira. Það er einungis angi ríkjandi valds sem blasir hér við á hinu virðulega Alþingi. Þetta vald flokkanna í þjóðfélaginu er ólýðræðislegt og flestum hulið. Það er e.t.v. gott að þessi samstaða afturhalds, stöðnunar og íhaldssemi hafi náð saman í ríkisstjórn. Það skerpir skilin í stjórnmálum.

Stefnuyfirlýsingin er í anda þeirra manna sem taka eigin völd fram yfir breytingar byggðar á hugsjónum. Í stefnuyfirlýsingu og stefnuræðu hæstv. forsrh. eru engin nýmæli. Við búum við mikið atvinnuleysi og félagsleg vandamál vegna þessa hafa stóraukist. Ríkisstjórnin hefur enga stefnu á því sviði.

Við höfum lengi búið við misrétti atkvæðisréttar sem er grunnréttur samfélagsins. Engin afdráttarlaus

fyrirheit eru um að leiðrétta þetta.

Stefna ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum er máttlaus. Þingmenn Þjóðvaka munu flytja tillögu um upptöku veiðileyfagjalds og skipun nefndar til að undirbúa það mál.

Í kosningabaráttunni lagði Þjóðvaki mikla áherslu á að breyta verðmyndunarkerfinu í sjávarútvegi. Nú þegar fer þriðjungur botnfisksaflans um fiskmarkaði og við teljum að það hlutfall verði að auka. Sjómannasamtökin eru sama sinnis. Væntanlegt verkfall á flotanum verður ekki leyst nema komið verði til móts við þessar hugmyndir.

Við skulum þó reyna að standa saman í einu máli, ríkisstjórn og stjórnarandstaðan, og það er baráttan fyrir rétti okkar á úthafinu. Það er mikið áhyggjuefni ef erlendur floti ofveiðir karfastofna okkar á Reykjaneshrygg eða við fáum ekki sanngjarnan hlut í síldar- og þorskstofnum í norðurhöfum. Það ber að íhuga hörðustu aðgerðir til að tryggja rétt okkar, m.a. útfærslu landhelginnar, einir eða með öðrum þjóðum, tímabundið þar til niðurstaða fæst á alþjóðvettvangi.

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar felst í því að efla fjárhag ríkisins á kostnað velferðakerfisins. Þetta er slæm stefna. Auðvitað á að skapa meiri verðmæti í þjóðfélaginu frekar en að ráðast á velferðarkerfið og til er einföld aðferð sem ríkisstjórnin virðist ekki hafa hugmynd um. Framleiðni íslenskra fyrirtækja er með því lægsta í Evrópu. Þjóðvaki, ein stjórnmálahreyfinga, benti mjög ákveðið á þetta í kosningabaráttunni. Nú tóku vinnuveitendur þetta upp á sínum aðalfundi. Þarna liggja sóknarfærin. Fyrirtækin verða að standa sig betur, en íslensk fyrirtæki greiða nú einna lægsta skatta í Evrópu. Samt ætlar ríkisstjórnin enn að bæta hag fyrirtækja.

Hvers konar efnahagsstefna er þetta? Á að vernda íslenskt atvinnulíf eins og þurfalinga? Á að knýja launastigið hér enn neðar niður og krefjast sífellt lengri vinnudags af launafólki? Stjórnarandstaðan mun bíða enn um sinn eftir stefnu ríkisstjórnarinnar. Víst er, herra forseti, að sjaldan hafa þingheimi í upphafi þings verið birt jafninnihaldslítil plögg og stefnuyfirlýsingin og stefnuræða hæstv. forsrh. Ef þetta verður til marks um stjórnarhættina, þá verður vandlifað hér fyrir marga næstu fjögur árin. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[23:16]

**Valgerður Sverrisdóttir:**

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Alþingi kemur nú saman að loknum kosningum. Nýtt kjörtímabil er að hefjast, annað í röðinni eftir að róttækar breytingar voru gerðar á þingsköpum og störf Alþingis færð í eina málstofu. Hver er reynsla okkar af þessum breytingum? Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg, eins og skáldið sagði forðum?

Störf okkar sem alþingismanna eru umdeild og þannig hlýtur það alltaf að verða. En eru störf Alþingis skilvirk? Eru samskipti alþingismanna og almennings eins og þau eiga að vera? Er löggjafarstarfið vel rækt hér á hv. Alþingi?

Það kjörtímabil sem nú er nýlokið var prófraun á breytt form í störfum Alþingis, ekki einungis hvað varðar afnám deildaskiptingar heldur einnig hvað varðar aukna ábyrgð stjórnarandstöðu á störfum þingsins. Við alþingismenn erum flest þeirrar skoðunar að þetta hafi tekist vel og því er mikilvægt að haldið verði áfram á þessari braut og löggjafinn þannig styrktur gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Hvort sem það er að þakka breyttu formi á störfum þingsins eða öðru er það staðreynd að starfsandinn í sölum Alþingis tók miklum breytingum á fjórum nýliðnum árum. Það var sérkennilegt að upplifa það á síðasta degi Alþingis í vetur að flest þingmál fóru ágreiningslaus í gegnum þingið þrátt fyrir að kosningar væru í nánd og þingmenn væru að hlaupa út í kosningabaráttu eins og kálfar á vordegi. En eitt er að geta starfað saman að lausn mála og annað er að hafa mismunandi skoðanir. Það er vegna mismunandi grundvallarskoðana á landsmálum sem fólk skiptist í stjórnmálaflokka og rökrétt afleiðing af því er að menn greini á.

Ég sótti nýlega norræna ráðstefnu um almenningsfræðslu sem haldin var hér á landi. Þar var m.a. fjallað um kúnstina að tala saman, að skiptast á skoðunum og komast síðan að niðurstöðu. Í nútímaþjóðfélagi er ástæða til að hafa áhyggjur af þessum mikilvæga þætti mannlegra samskipta sem reyndar er undirstaða lýðræðisins. Ég vona að það Alþingi sem nú er nýhafið verði sönnun þess að í þessari virðulegu stofnun skiptast menn á skoðunum og komast síðan að niðurstöðu, sameiginlegri þegar best lætur. Hitt er líka í fullu samræmi við lýðræðið að skoðanir séu skiptar.

Sannleikurinn er sá að ástand stjórnmála er á margan hátt betra hér en víðast annars staðar. Við búum við ríka lýðræðishefð og réttlætiskennd sem er byggð á kristinni trú og á sér djúpar rætur í þjóðarsálinni.

Hæstv. forseti. Það hefur verið mynduð ný ríkisstjórn í landinu, ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. Það hefur komið fram í skoðanakönnunum að hún nýtur trausts hjá þjóðinni og það er von mín að hún reynist þess trausts verð.

Samstaða var um það innan Framsfl. að hefja samstarf við Sjálfstfl. Aðstæður voru þannig eftir að talið var upp úr kjörkössunum að engum hefði átt að koma á óvart að svona færi. Þegar tekið er tillit til þess ágreinings sem var orðinn á milli stjórnarflokkanna í síðustu ríkisstjórn hefði það verið afleitur kostur fyrir land og þjóð að sitja uppi með slíka stjórn áfram. Þess sjást glögglega merki nú eftir að ný ríkisstjórn hefur tekið við að það er tekið á málum af einurð og festu sem áður ríkti ágreiningur um. Má nefna utanríkismál í því sambandi. Það var alvarlegt fyrir hagsmuni þessarar þjóðar að ráðamenn voru ósamstiga um viðkvæm utanríkismál. Allir sjá að slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Við fyrrv. samstarfsflokka í stjórnarandstöðu á hv. Alþingi vil ég aðeins segja það að þeirra flokkar þurftu einfaldlega að standa sig betur í kosningunum til þess að það gæti orðið raunhæfur möguleiki að mynda með þeim ríkisstjórn, enda gátu formaður og varaformaður Alþb. og óháðra ekki leynt gremju sinni yfir slælegri

frammistöðu í kosningunum í ræðum sínum fyrr í kvöld. Það þýðir ekki að sakast við okkur framsóknarmenn, við jukum okkar fylgi umtalsvert, en það dugði ekki til.

Í janúar sl. birtist nafnlaus grein í málgagni Alþb. sem bar yfirskriftina: „Hægri sinnaðir karlar til valda í Framsókn." Þessir karlar voru formaður flokksins, hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson og þáv. formaður þingflokksins, hæstv. iðnrh. og viðskrh., Finnur Ingólfsson. Þessir nýju forustumenn eru enn fremur í grein þessari sagðir hlynntir hægri sinnuðum körlum úr atvinnulífinu en konur í flokknum séu hornreka. Þetta er rifjað upp núna m.a. af þeim ástæðum að innan Framsfl. hefur konum verið treyst til ábyrgðarstarfa eftir þessar kosningar og er ég ákaflega stolt yfir því. Þetta er þróun sem hefur verið að eiga sér stað á alllöngum tíma og ég fullyrði að hún mun halda áfram. Markmiðið er að sjálfsögðu fullt jafnrétti á þessu sviði sem öðrum og það er samstaða um það innan Framsfl. að jafnrétti skuli náð.

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn skilgreindum okkur með skýrum hætti á miðju íslenskra stjórnmála í nýliðnum kosningum og bárum fram vel útfærða stefnuskrá. Við sögðum m.a. að á þessu kjörtímabili þyrftu ríkisvaldið og aðilar vinnumarkaðarins að vinna að lífskjarajöfnun og framsækinni atvinnustefnu. Við teljum það sameiginlega hagsmuni atvinnulífsins, launþega og ríkisvaldsins að öflugt atvinnulíf blómstri svo að heimilin og fyrirtækin geti greitt niður skuldir sínar. Við sögðum að á síðari hluta kjörtímabilsins, ég endurtek, að á síðari hluta kjörtímabilsins verði 2 til 3 milljörðum kr. varið til lífskjarajöfnunar með því að draga úr skattálögum á meðaltekjufólk, með hækkun skattleysismarka, vaxtabóta, barnabóta og barnabótaauka. Við þetta verður staðið.

Eins og fram hefur komið þá setur ríkisstjórnin sér það markmið að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á kjörtímabilinu og er það í fullu samræmi við málflutning framsóknarmanna fyrir kosningar. Allir gera sér grein fyrir því að það verður ekki auðvelt og það krefst forgangsröðunar á ýmsum sviðum. Við framsóknarmenn höfum fylgt raunsærri stefnu á sviði ríkisfjármála og það gerðum við einnig sem stjórnarandstöðuflokkur. Við lögðum ekki fram útgjaldatillögur án þess að því fylgdu tillögur um auknar tekjur fyrir ríkissjóð, enda eru slíkar tillögur varla pappírsins virði.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að ríkisstjórnarflokkarnir ætla að endurskoða lög um Lánasjóð ísl. námsmanna ef það skyldi hafa farið framhjá einhverjum hv. alþm.

Hæstv. forseti. Þó að flestir hafi nóg með dægurþrasið og að fást við lausn mála frá degi til dags er mikilvægt endrum og sinnum að horfa lengra fram á veginn til nýrrar aldar, velta því fyrir sér hvort við mennirnir séum að fara vel með umhverfi okkar og hvort við séum að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir. Fyrir okkur Íslendinga sem og aðra jarðarbúa er það mikilvægt að við séum ekki að taka af höfuðstól auðlindanna heldur nýtum okkur vextina til afraksturs. Það er auðvelt að tengja alla framtíðarmöguleika því að okkur takist að fara vel með landið okkar og fiskimiðin umhverfis. Hagsmunir atvinnulífsins og umhverfisins verða að fara saman. Það er því ákaflega vanhugsað þegar því er t.d. haldið fram að sami ráðherrann geti ekki farið landbúnaðarmál og umhverfismál. Fram til þessa hefur verið tilhneiging til að stilla umhverfismálum og landbúnaðarmálum upp sem andstæðum. Því verður að linna. Í sumum tilfellum hafa einstaklingar notfært sér þessar ímynduðu aðstæður til þess að hagnast persónulega á kostnað málefnisins. Það getur nefnilega stundum komið sér vel í hita leiksins að eiga sér ímyndaðan óvin.

Áhugi á náttúruvernd og umhverfismálum almennt hefur aukist á undanförnum árum. Það þarf að efla þann áhuga enn frekar og vinna gegn því, sem stundum hefur mátt skilja á málflutningi einstakra manna, að umhverfismál séu bara fyrir fáa útvalda með prófgráðu á því sviði. Við framsóknarmenn höfum alltaf verið þeirrar skoðunar að það þurfi að nytja landið, auðlindir þess og gæði. Í þeim efnum þarf hins vegar að kunna sér hóf. Þetta vitum við í dag en þetta vissu forfeður okkar ekki fyrr á öldum, enda skal fúslega viðurkennt að hóf hefur ekki alltaf verið haft að leiðarljósi í landnytjum þegar sagan er skoðuð. Það er mikilvægt í þessum efnum, eins og svo mörgum öðrum, að ríkisvaldið vinni að því að ná sátt á milli aðila, að unnið verði af ábyrgð að sameiginlegum hagsmunum þjóðarinnar. Það eru sameiginlegir hagsmunir þessarar þjóðar að fara vel með landið. Það skiptir okkur öll máli, hvort sem við búum í sveit eða bæ. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[23:27]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. hefur líkt vegferð ríkisstjórnarinnar við ökuferð á þjóðvegi. Hann lítur á sjálfan sig sem ökumanninn, sem nokkurs konar Bjössa á mjólkurbílnum. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar á Alþingi sér forsrh. fyrir sér sem varadekkin sín. Ekki vantar hann varadekkin fyrir þessa hæstv. ríkisstjórn, þau eru hér á víð og dreif um allan sal. Hins vegar hefur ökumanninum alveg láðst að segja okkur hvert akstrinum er heitið. Í hroðvirknislega unnum stjórnarsáttmálanum er fátt sem hönd er á festandi og ræða forsrh. hér áðan var notalegt spjall um ekki neitt.

Það er sjálfsagt að gefa hæstv. ríkisstjórn tíma til að marka sér stefnu og kynna hana, en það mun hún sjáanlega ekki treysta sér til að gera fyrr en í haust og fram að þeim tíma skulum við leyfa henni að njóta vafans.

Það litla sem heyrst hefur frá ráðherrunum er hins vegar ekki mjög gæfulegt. Á fyrsta starfsdegi ríkisstjórnarinnar lýsti utanrrh. því yfir að ríkisstjórnin hefði undir höndum tæki til þess að koma í veg fyrir hækkun vaxta og ríkisstjórnin mundi beita þeim. Það hefur nú harla lítið sést til þessara tækja. Bæði forsrh. og viðskrh. lýstu því yfir daginn eftir að þar sem nú væri komin ríkisstjórn með traustum þingmeirihluta væri með öllu ástæðulaust að hækka vexti. Bankarnir tóku ekki mikið mark á þessu.

Hátíðlegt kosningaloforð Framsfl. um að lengja lánstíma húsnæðislána reyndist við nánari athugun vera vanhugsað og sjálfur félmrh. tók þannig til orða að málið þyrfti mikla skoðun áður en það yrði framkvæmt ef það yrði þá gert. Sami ráðherra hefur lýst því yfir, eins og komið hefur hér fram, að hann muni leita allra leiða til að þvælast fyrir því að Ísland staðfesti tilskipun Evrópusambandsins um vernd barna og unglinga og um hæfilegan vinnutíma. Þannig ætlar íslenska ríkisstjórnin að gæta sóma síns og lands síns á vettvangi Evrópuþjóða.

Þá hefur heilbrrh. lýst yfir vilja sínum til að reisa meðferðarstofnun þar sem á að leggja inn á kostnað ríkisins þá Íslendinga sem langar til að hætta að reykja. Mikið meira hefur ekki komið frá hæstv. ráðherrum og vænti ég þess að hlustendur séu mér sammála um að þetta sé ekki dæmi um vel heppnaðan sunnudagsbíltúr hjá hæstv. forsrh.

Í spjalli sínu fyrr í kvöld ræddi hæstv. forsrh. um lok síðari heimsstyrjaldarinnar og þær ályktanir sem draga má af þeim hildarleik. Honum sást þó yfir meginatriði málsins frá sjónarhóli okkar Íslendinga, þ.e. hvaða lærdóma íslenskir stjórnmálaforingjar drógu. Hvernig brugðust þeir við sem leiddu þessa þjóð á árunum eftir styrjöldina miklu? Fyrir heimsstyrjöldina var Ísland einangrað land sem hafði lítil samskipti við aðrar þjóðir. Það fylgdi hlutleysisstefnu sem er annað nafn á einangrunarstefnu og hugarfar Bjarts í Sumarhúsum var hugarfar margra landsmanna. Þetta land húkti eitt sér og einangrað lengst norður í ballarhafi þar sem menn hokruðu að sínu, táðu ullina sína, leiddu sjaldnast hugann að umheiminum og umheimurinn vissi varla að þetta ríki væri til. Lærdómurinn sem íslenskir þjóðarleiðtogar dróu eftir heimsstyrjöldina síðari var að þessari afstöðu Íslendinga til hlutskiptis síns í umheiminum og stöðu sinni í samfélagi þjóðanna yrði að breyta. Þá vildu fjölmargir Íslendingar hverfa á ný á vit einangrunarhyggjunnar, hlutleysisins og útúrboruháttarins. Þá átti Ísland leiðtoga, menn eins og Ólaf Thors og Bjarna Benediktsson, sem börðust fyrir breytingum, börðust fyrir því að Ísland mætti til leiks sem fullgildur aðili í samfélagi þjóðanna, gerðist virkur þátttakandi í vestrænni samvinnu og starfsemi hinna sameinuðu þjóða, léti að sér kveða og tæki afstöðu. Þeir vildu að Ísland tæki á sambærilegan hátt þátt í viðskiptasamstarfi þjóða með aðild að fjölþjóðlegu samstarfi um gjaldeyrismál, um verslun og viðskipti og síðan um aðildina að EFTA. Og forustumenn þjóðarinnar sem voru leiðtogar en ekki spurgöngumenn almenningsálitsins höfðu sigur.

Gerbreytingin sem varð á viðhorfi Íslendinga varð ekki af sjálfu sér. Hún kostaði baráttu og átök hér innan lands því að einangrunarhyggjan og útboruskapurinn átti þá og á sér enn marga öfluga talsmenn meðal landsmanna. En leiðtogar þjóðarinnar á þessum árum vissu að það er hlutverk leiðtoga að horfa til framtíðar og ryðja nýja braut en ekki að elta óskilgreint almenningsálit. Reynslan hefur sýnt að stefna þeirra var rétt. Ísland öðlaðist sess í alþjóðlegu samstarfi, hefur notið þar álits og haft áhrif og íslenska samfélagið hefur lagað sig að samfélögum Vesturlanda til mikilla hagsbóta fyrir sérhvern landsmann. Þetta var sá lærdómur sem forustumenn íslensku þjóðarinnar tileinkuðu sér að lokinni seinni heimsstyrjöldinni og hæstv. forsrh. láðist að geta um.

Það er ástæða til þess að rifja upp þessa atburði af því að nú stöndum við Íslendingar aftur á krossgötum. Að þessu sinni er það ekki heimsstyrjöld, sem því veldur, heldur hraðfara ferli efnahagslegs og stjórnmálalegs samruna þeirra þjóða sem eru okkur Íslendingum skyldastar og við höfum mest samskipti við. Það samrunaferli hefur gengið miklu hraðar en menn bjuggust við og er því spurningin til Íslendinga knýjandi: Hvað hyggst þessi þjóð fyrir? Ætlar hún að vera með eða ætlar hún að hverfa aftur á vit einangrunarhyggjunnar og hugarfars Bjarts í Sumarhúsum?

Herra forseti. Það er mikið áhyggjuefni að forustumenn Íslendinga skuli nú ætla að sitja hjá og hafast ekki að í staðinn fyrir að leiða þessa þjóð á vit nýrrar framtíðar. Eigum við að standa á þessum krossgötum þangað til við dögum uppi á morgni nýrrar aldar eins og nátttröllin í þjóðsögunum eða ætla forustumenn þjóðarinnar að sýna sömu framsýni og sama kjark og forustumenn hennar gerðu á árunum eftir stríð? Núv. ríkisstjórn segist vera ríkisstjórn stöðugleika. Það má til sanns vegar færa. En hún er miklu fremur stjórn stöðnunar af því að forustumenn hennar skortir nú vilja leiðtogans til að ryðja þjóðinni braut til nýrra tíma til að lýsa henni veginn til framtíðar.

Tíminn líður, herra forsrh. Hann bíður ekki eftir þeim sem hafast ekki að. „Sjá, tíminn hann er fugl sem flýgur hratt. Hann flýgur máske úr augsýn hér í kvöld." Þannig kvað Magnús Ásgeirsson. En þannig gæti farið fyrir okkur Íslendingum að bæði tíminn og tækifærin flygju úr augsýn okkar og einangrunin verði aftur hlutskipti þessarar þjóðar ef forustumenn hennar skortir skilning á nýjum aðstæðum eða dirfsku til að láta Ísland gerst virkan þátttakanda í stefnumörkun þeirrar heimsálfu sem við tilheyrum. — Góðar stundir.

[23:37]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Eftir býsna kvenvinsamlega kosningabaráttu átti ég satt að segja von á metnaðarfyllri stefnuræðu forsrh. en við fengum að heyra hér fyrr í kvöld. Hann virtist eitthvað svo skilningsríkur í garð kvenna fyrir kosningar og áhugasamur um viðhorfsbreytingu en það er orð sem skyndilega skaut upp kolli í kosningabaráttunni.

Reyndar höfum við kvennalistakonur talað um nauðsyn viðhorfsbreytingar í garð kvenna í ekki færri en 12 ár. En það er náttúrlega allt annað og áhrifameira að heyra það úr ranni stærsta og voldugasta stjórnmálaflokks landsins. Margir hrifust af þeirri viðhorfsbreytingu Sjálfstfl. sem fram kom í kosningabaráttunni og konur innan hans urðu býsna góðar með sig og lýstu fyllsta trausti á karlaforustuna til að rétta hlut kvenna. Að vísu heyrðist ein og ein tala um nauðsyn kvenlegrar handleiðslu en það var sett fram meira eins og í léttum dúr því að auðvitað gengur ekki að vera

með einhverjar efasemdir um getu foringjanna í stærsta flokki landsins til að skilja kall tímans og vilja þeirra til að gegna því kalli. Svo er miklu líklegra að þeir geri sitt gagn sé þeim hossað svolítið.

Konur um allt land vörpuðu öndinni léttar og sáu fram á betri tíð með blóm í haga. Stærsti flokkur landsins bara tilbúinn til að taka kvennabaráttuna upp á sína arma. Þetta var eitthvað annað og merkilegra en hjáróma tuð óánægðra kvenna sem heimtuðu að fá að breyta ástandinu sjálfar og það á eigin forsendum, hvað sem það nú þýddi. Fólk var að vísu meira en fúst til að viðurkenna að kvennalistakonur hefðu gert gagn með þessu tuði en nú væri mál til komið að gefa þessum sínöldrandi frekjudósum frí. Þær væru búnar að hreyfa við málum, þær væru búnar að stuðla að fjölgun kvenna í stjórnmálum, þær væru búnar að breyta umræðunni þó nokkuð og nú væri best að láta gömlu flokkana um þetta eða kannski nýja flokkinn, Þjóðvaka, sem virtist hafa ýmsar áherslur hinar sömu og Kvennalistinn en var hefðbundnari í formi sem væri líklega farsælla. Þannig virðast margir kjósendur hafa hugsað. En við heyrðum það í máli hæstv. forsrh. hvernig hann hefur kosið að skilja kjósendur og hvaða skilaboð hann hefur til þeirra nú. Allt hefur nefnilega sinn tíma, það vita allir hugsandi menn. Kynjamisrétti er t.d. nokkuð sem ræða ber fyrir kosningar en alger óþarfi að eyða að því orðum eftir kosningar. Viðhorfsbreyting er ágætis tískuorð, sem gott er að brúka í kosningabaráttu, og endilega leggja áherslu á að slík og þvílík breyting tekur langan tíma og náttúrlega erfitt að vinna að henni með beinum hætti. Það er um að gera að flagga konum fyrir kosningar og umbera hjal þeirra um jafnrétti, jafnvel kvenfrelsi og efnahagslegt sjálfstæði kvenna. Það hefur sýnt sig að duga vel til atkvæðaveiða. En eftir kosningar tekur alvaran við og þá er tekið upp ábyrgðarfyllra tal um stöðugleika og festu sem passar náttúrlega illa við markmið kvennabaráttu sem kallar á breytingar og hreyfingu. Og jafnvel þótt konur séu nú eftir kosningar enn að veifa þessari skýrslu um kynbundinn launamun sem virtist eitt aðalmál kosningabaráttunnar er óþarfi að hafa miklar áhyggjur af því vegna þess að enn er langt til næstu kosninga.

Já, konur góðar. Efnahagslegt sjálfstæði kvenna virðist allt í einu svolítið fjarlægara en það var fyrir örfáum vikum. Það ætlar líklega að verða með það eins og hækkun skattleysismarkanna sem var eitt helsta kosningaloforð árið 1991. Hæstv. forsrh. ætti þó ekki að vera svona kærulaus um launamisréttið. Þolinmæði kvenna og umburðarlyndi er að vísu mikið en það er ekki takmarkalaust. Ráðherrann hefði t.d. haft gagn af að mæta á morgunverðarfund hjá Kvenréttindafélagi Íslands í fyrradag og heyra hljóðið í konunum þar. Líklega hafa þó stjórnarkonur ekki haft rænu á því að bjóða ráðherranum á fundinn. Konur eru því miður alltaf dálítið önnum kafnar að tala hver við aðra í stað þess að reyna að skipta um forrit í blessuðum körlunum. En reyndar er ólíklegt að hæstv. forsrh. hefði gefið sér tíma þennan morgun því að hann var að búa sig undir aðalfund Vinnuveitendasambandsins um hádegisbilið, hefur sennilega verið að semja ávarp um stöðugleika og festu.

Á fund Kvenréttindafélagsins kom hins vegar nýbakaður félmrh. úr Framsfl., sem virðist nú horfinn héðan úr salnum, en það var reyndar ágætlega við hæfi að hann mætti á þennan fund því að flokkurinn hans sem í eina tíð og reyndar til skamms tíma var gersamlega óforbetranlegur karlaflokkur er allt í einu orðinn kvenhollur og treysti meira að segja konum til að leiða heila tvo lista af átta í síðustu kosningum. Það verður bara að teljast nokkuð gott hjá slíkum flokki, enda leyndi sér ekki hreykni þingflokksformannsins hér áðan og lái ég henni það ekki. Hins vegar eiga framsóknarmenn alveg eftir að sanna það að þeir hafi raunverulegan áhuga á að bæta stöðu kvenna í þjóðfélaginu og þeir þurfa t.d. að sýna að þeir kunni einhver önnur ráð gegn launamun kynjanna en að konur breyti náms- og starfsvali sínu eins og þeir létu ítrekað hafa eftir sér í kosningabaráttunni. Eða eiga það kannski að vera skilaboð heilbrrh. til þeirra 200 hjúkrunarfræðinga sem munu ganga út af sjúkrahúsum landsins um næstu mánaðamót vegna þess að stjórnvöld hafa tekið einhliða ákvörðun um að lækka laun þeirra? Það skyldi þó aldrei hafa eitthvað með málið að gera að hér er um kvennastétt að ræða.

En það er fleira sem vantar í stefnuræðu forsrh. en einhverja viðleitni til að virðast áhugasamur um mannréttindi kvenna. Í stefnuræðu forsrh. er ekki orð um umhverfismál. Þó eru umhverfismál á Íslandi í miklum ólestri og verkefnin á því sviði ótalmörg og bráðnauðsynleg og þau eru ekki síst nauðsynleg vegna þess að möguleikar okkar til nýsköpunar og eflingar atvinnulífi byggjast fyrst og fremst á þeim auðæfum sem felast í tiltölulega hreinni og lítt mengaðri náttúru landsins. Þar liggja möguleikar okkar í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu og raunar getur góð ímynd landsins í þessu tilliti selt nánast hvað sem er. Að vanrækja þennan þátt er jafnheimskulegt og að sinna ekki fóðrun og hirðingu bestu mjólkurkýrinnar í fjósinu.

Það var afskaplega augljóst að umhvrn. var afgangs þegar gengið var frá skiptingu ráðuneyta við myndun ríkisstjórnarinnar og það skorti allan kraft í umfjöllun landbrh. og umhvrh. hér áðan um þennan málaflokk, því miður, því að brýnt er að auka vægi umhverfismála í stjórnkerfinu og snúa vörn í sókn á öllum sviðum umhverfismála. Það þarf að efla fræðslu um alla þætti umhverfismála og auka rannsóknir á náttúru lands og sjávar. Sérstaða Íslands er lykilatriði í atvinnulífi okkar í nútíð og framtíð og sem dæmi má nefna að íslensk náttúra er í rauninni lifandi kennslubók og kjörinn vettvangur alþjóðlegrar vísinda- og rannsóknastarfsemi. Það væri verðugt verkefni að koma hér á fót fleiri alþjóðlegum vísinda- og rannsóknastofnunum á borð við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, Norrænu eldfjallastöðina og vísindastofnun þá sem kennd er við Vilhjálm Stefánsson og verið er að leggja grunninn að norður á Akureyri. Það þarf að gera áætlun um nýtingu landsins og um varðveislu landgæða og endurheimt þeirra sem tapast hafa. Það þarf að friðlýsa fleiri svæði með fagurri og sérstæðri nátt-

úru og það þarf að bæta aðstæður til móttöku ferðamanna um allt land. Þetta eru brýnustu verkefnin og það er með öllu óskiljanlegt að ekki skuli vera orð um þessi mál að finna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það er einfaldlega lífsspursmál að mannkynið taki umhverfisvandann miklu fastari tökum en hingað til og þar verður íslenska þjóðin að leggja sitt lóð á vogarskálarnar. Við eigum að stefna ótrauð að sjálfbæru þjóðfélagi þar sem réttur komandi kynslóða til lífs og velfarnaðar er virtur.

Herra forseti, góðir áheyrendur. Sú ríkisstjórn sem nú nýtur hefðbundinna hveitibrauðsdaga er því miður ekki líkleg til stórra verka á þeim sviðum sem ég hef hér gert að umtalsefni. Hún mun ekki reisa sér minnisvarða á sviði umhverfismála nema þann einan að vanrækja þann málaflokk og hún mun engum stömpum steypa til þess að rétta hlut kvenna í launamálum. En kvennabaráttan heldur áfram og hver veit nema viðhorfsbreyting í garð kvenna verði smám saman meira en orðið tómt, jafnvel á þessu kjörtímabili sem nú er hafið. Orðið er allténT komið á dagskrá og megi gott á vita.

Ég þakka þeim sem hlýddu og býð góða nótt.

**Útbýting þingskjala:**

Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, 5. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 5.

Áfengislög, 6. mál., stjfrv., þskj. 6.

Framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kvenna og karla, 7. mál, þáltill. SvanJ og BH, þskj. 7.

Opinber fjölskyldustefna, 8. mál, fsp. BH, þskj. 8.

*Fundi slitið kl. 23:48.*

---

## 3. FUNDUR

föstudaginn 19. maí,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
2. Gjald af áfengi, stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga.

### *Tilkynning um dagskrá.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill vekja athygli þingmanna á því að gerð hefur verið áætlun um fundartíma fastanefndanna á vorþinginu og hefur áætlunin verið lögð í hólf þeirra. Forseti vill einnig vekja athygli þingmanna á því að gert er ráð fyrir að nefndir komi saman til síns fyrsta fundar samkvæmt þeirri fundaáætlun í næstu viku og verður fyrsta verk hverrar nefndar að kjósa sér formann og varaformann.

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að borist hafa tvö bréf frá formanni þingflokks Alþb. og óháðra er varða dagskrármálin. Fyrra bréfið, sem dagsett er 17. maí 1995, er svohljóðandi:

„Forseti Alþingi, Ólafur G. Einarsson.

Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokks Alþb. að umræðutími við 1. umr. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum, verði tvöfaldur vegna mikilvægis málsins.

Svavar Gestsson, formaður þingflokks Alþb.“

Hið síðara bréf, sem einnig er dagsett 17. maí 1995, er svohljóðandi:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokks Alþb. að umræðutími 1. umr. um frv. til laga um gjald af áfengi verði tvöfaldur vegna mikilvægis málsins.

Svavar Gestsson, formaður þingflokks Alþb.“

Þar sem hér er um rétt þingflokks að ræða, sbr. 3. málslið 3. mgr. 55. gr. þingskapa, verður ræðutími tvöfaldaður. Ráðherra hefur þá allt að einni klukkustund til framsögu og einstakir þingmenn mega við umræðuna tala allt að 40 mínútur í fyrra sinn og 20 mínútur í síðara sinn.

Þá hefur borist eftirfarandi bréf frá hæstv. fjmrh.:

„Með skírskotun til 3. mgr. 63. gr. þingskapalaga óska ég eftir því að umræður um 3. og 4. mál þingsins fari fram í einu ef því verður ekki mótmælt.

Virðingarfyllst, Friðrik Sophusson.“

Eru athugasemdir? (**ÓRG:** Já, en það er óþarfi að flytja þær úr stólnum.) Það er athugasemd frá hv. þm.

[10:36]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að þingflokkar hafa rétt til þess að biðja um það að tvöfaldur tími verði notaður fyrir ræðumenn þegar rædd eru einstök þingmál og verður að sjálfsögðu að

fara að því. Ég vil hins vegar taka það fram að í þessum málum var hægur vandi fyrir ráðherra að gera eitt þingmál úr tveimur. Það hefur aukist nokkuð í seinni tíð að lagðir séu fram svokallaðir bandormar og það þykir sjálfsagt mál reyndar þegar mál eru mjög skyld og falla undir sama ráðuneytið að slíkt sé gert. Það var hins vegar ekki gert í þessu tilviki og ég leyfi mér af þeim ástæðum að fara fram á það, og óska eftir samvinnu við þingflokk Alþb. um það efni, að þessi tvö mál megi ræðast sem eitt mál en að sjálfsögðu verði þá ræðutíminn tvöfaldaður þannig að hægt sé að koma til móts við bæði sjónarmiðin.

Ef hins vegar ekki er á það fallist þá lít ég svo á strax í upphafi þings að það verði að beina þeim tilmælum til okkar ráðherranna að við sameinum sem mest okkar mál í ein mál þannig að það sé ekki verið að reyna að tefja mál með of löngum ræðum, (Gripið fram í.) sérstaklega þegar mál eru náskyld eins og þau tvö sem hér er um að ræða. Því vil ég, virðulegi forseti, mælast til þess í upphafi þings ef um það gæti orðið gott samkomulag að farið sé að óskum beggja aðila, ræðutími verði tvöfaldaður en málin, sem í raun og veru eru eitt, fáist rædd í sömu umræðu.

[10:39]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið venjan hér í þinginu að reyna að taka tillit til eðlilegra og sanngjarnra óska sem fram hafa komið. Hins vegar hefur það líka verið venja hér í þinginu, hæstv. fjmrh., að hafa að engu hótanir. Ef hæstv. fjmrh. hefði flutt ósk sína hér fram með eðlilegum rökum hefði verið sjálfsagt að skoða það. En fyrst hæstv. fjmrh. tengdi við ósk sína hótun um það og rangtúlkun á þann veg að ef ekki yrði farið að þessari ósk hans þá mundi hann líta á það sem tilkynningu um það hér strax í þingbyrjun að þar með ættu ráðherrar að fara að hengja öll sín mál saman í bandorm sem almennt hefur verið talið undantekningaraðferð hér í þinginu.

Ég held að það sé ekki farsælt, hæstv. fjmrh., að byrja þessa samvinnu hér í þinginu með hótunum og útúrsnúningum af því tagi sem komu fram hjá hæstv. ráðherra. Ég get alveg sagt það strax við ráðherrann að fyrst að beiðnin var sett fram í þessum stíl og í þessum búningi þá kemur ekki til greina að fallast á hana. Það kemur ekki til greina. Sérstaklega líka í ljósi þess hver ástæðan er fyrir því að umræðan fer fram hér í dag. Ástæðan er sú að hæstv. fjmrh. er að fara til útlanda. Og hver er ástæðan fyrir því að forsrh. á að halda umræðunni áfram eftir helgina þegar hæstv. fjmrh. er í útlöndum? Hún er sú að málið er talið svo mikilvægt að staðgengill fjmrh. á að halda því áfram þó að fjmrh. sjálfur megi ekki vera að því.

Ég vil bara spyrja hæstv. fjmrh. fyrst hann er að opna hér umræður um meðferð málsins: Hvað er svona mikilvægt í útlöndum að fjmrh. biður um það gagnvart formönnum þingflokka í þessari viku að það sé haldinn fundur hér í dag, sem ekki var ætlast til að gera, til að þóknast utanferðarplani hæstv. fjmrh.? Ég hélt að það hefði verið nóg fyrir ráðherrann að við féllumst á það hér formenn þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna að halda þennan fund í dag svo ráðherrann mætti mæla fyrir þessu áður en hann færi til útlanda. Svo á það eftir að koma í ljós hvort menn fallast á það að halda umræðunni áfram þegar hæstv. ráðherra er fjarverandi. Ég verð að segja alveg eins og er, þó að maður hafi kannski verið tilbúinn til þess hér fyrr, að eftir þessar hótanir og stærilæti áðan í ráðherranum þá efast ég satt að segja um að við munum fallast á það að hæstv. forsrh. muni standa fyrir þessum frv. fyrst hæstv. fjmrh. má ekki vera að því.

Það er sagt við okkur hér í þinginu að þessi mál séu svo mikilvæg að þau verði að vera fyrstu mál stjórnarinnar. Þau eru svo mikilvæg í öðru lagi að það verður að halda fund á sérstökum degi þó það hafi ekki verið ætlast til þess. Svo eru þau svo mikilvæg að forsrh. á að vera í forsvari fyrir þeim eftir helgina. Ef þessi mál eru af slíkri þungavigt, hæstv. fjmrh., þá ber hæstv. fjmrh. að vera hér á þinginu. Það er satt að segja alveg nauðsynlegt að segja það við hæstv. ráðherra í upphafi kjörtímabilsins að æðsta skylda ráðherra í ríkisstjórn Íslands er að mæta til að standa fyrir sínum málum á þjóðþinginu. Fundir í útlöndum af hvaða tagi sem þeir eru eru ekki mikilvægari heldur en að standa fyrir sínum eigin frumvörpum á Alþingi Íslendinga.

[10:43]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta verði ekki dæmi um það sem koma skal, þessi ræða hv. þm., því að ég hafði ekki í neinum hótunum í minni ræðu hér áðan heldur bað ég um samvinnu um það hvernig ræða mætti þau mál sem hér eru til umræðu í dag. Ég hafði auðvitað engar athugasemdir við það að gera að það væri tvöfaldur ræðutími í málinu, en þar sem málið er í raun og veru eitt þótt það komi fram í tveimur frv. þá benti ég, að ég hélt, afar auðmjúklega og kurteislega á það að auðvitað væri hægur vandinn að sameina þessi frv. í einu frv. og það hefði enginn getað gert athugasemd við það. Það var hótunin sem hv. þm. var að tala um.

Aðalefni ræðu minnar var að biðja um samvinnu við þingflokk Alþb., samvinnu um það að ræða mætti þessi mál ítarlega í tvöföldum ræðutíma en að ræða þau sem eitt því málið er í raun og veru eitt þótt að það sé breyting á tvennum lögum. Þetta var nú efni minnar ræðu. Síðan sá hv. þm. ástæðu til þess að ræða önnur mál.

Ég vil taka fram af því tilefni til þess að reyna að svara kurteislega því sem hér hefur komið fram, þó það hafi ekki verið lagt fram í spurnarformi heldur í formi dylgna af ýmsu tagi, að þá er fundur sá sem ég er að fara á, reyndar eru það tveir fundir sem haldnir eru samtímis, annars vegar er það Norðurlandaráðherrafundur fjármálaráðherra og hins vegar er það fundur hjá OECD sem fjallar um ríkisfjármál og um atvinnuleysismál. Við höfum lagt talsvert kapp á það, fjármálaráðherrar á Norðurlöndum, að biðja OECD að vinna að þeim málum en á vegum OECD og þeirra aðila sem koma nálægt vinnu OECD, þar á meðal Al-

þýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins hefur verið talsverð þátttaka í undirbúningi þessa máls eins og fram kom hjá forseta Alþýðusambandsins í útvarpsviðtali fyrir nokkru. Við höfum lagt áherslu á það að fylgjast með og taka þátt í þessari vinnu og það er ástæðan fyrir því að ég verð erlendis enda verður þing ekki nema þrjá daga í næstu viku.

Að lokum kemur það mér á óvart, virðulegur forseti, að það sé kvartað undan því að haldinn sé fundur hér í dag, á föstudegi, sem auðvitað er oft gert ekki síst í ljósi þess að það hefur aðeins einn fundur verið haldinn um málefni í þessari viku en það var í gærkvöldi í útvarpsumræðu en enginn fundur var allan daginn.

Ég verð, virðulegur forseti að óska enn á ný eftir því hvort það sé hugsanlegt að þingflokkur Alþb. geti fallist á þá málsmeðferð. Ef ekki þá auðvitað ræð ég því ekki, en þessi ósk liggur fyrir og það verður fróðlegt að sjá hvort henni verður hafnað vegna hótana af minni hálfu eftir að ég hef skýrt mitt mál eins og ég hef gert hér. Ég tel það nokkuð langt til seilst, virðulegur forseti, ef menn kalla þetta hótun sem ég hef verið að lýsa hér á mjög málefnalegan hátt.

[10:46]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. vék nú ekki að því hér í sinni seinni ræðu að í upphafi máls síns í dag lýsti hann því yfir að ef ekki yrði fallist á þessa beiðni hans þá liti hann svo á að þar með væri verið að beina þeim tilmælum nánast, þó ég muni nú ekki nákvæmlega orðlagið, til stjórnarinnar að hún taki upp þann sið að setja frv. í bandorm. Það var það sem ég kallaði hótun, hæstv. fjmrh., að ríkisstjórnin færi að taka upp svo óeðlileg vinnubrögð.

Áður en ég svara endanlega beiðni hæstv. fjmrh. þá vil ég spyrja hann að því hvort hann geti þá fallist á það á móti að málið verði ekki tekið fyrir í fjarveru hans. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að hann þyrfti að fara á þessa mikilvægu fundi. Það má vel vera að fjármálaráðherrafundir Norðurlanda séu nú allt í einu orðnir svona merkilegir. Þeir voru nú satt að segja einhverjir ómerkilegustu hreppsnefndarfundir sem ég hef nokkurn tímann setið þegar þeir voru haldnir í minni tíð. Aðalvandamálið var að finna eitthvað til að tala um þá tvo tíma sem fundurinn átti að standa. En það er nú gott að þessir fundir séu orðnir mikilvægir. Um OECD-fundinn skal ég ekkert segja, ég þekki það ekki. En ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Er hann reiðubúinn til að fallast á að málið verði ekki rætt í fjarveru hans? Eða er óskin sem sagt bæði sú að hann fái að tala fyrir málunum báðum í einu og svo eigi umræður að halda áfram á meðan hann er í burtu? Ef það er verið að biðja um hvort tveggja, hæstv. ráðherra, þá vil ég segja að það er fullkomlega óeðlilegt að ráðherra sé að biðja um hvort tveggja í senn, að fá að mæla fyrir málunum í einu og svo eigi þingið að tala um málin þegar hann er í burtu. Ef ráðherrann aftur á móti er tilbúinn til þess að málið sé tekið fyrir þegar hann er hér til andsvara en það sé ekki verið að nota einhvern staðgengil sem veit lítið um málið þá er alveg sjálfsagt að skoða þetta en mér finnst ekki koma til greina að fallast á hvort tveggja.

Hins vegar hefði ég talið eðlilegra, hæstv. ráðherra, að umræður af þessu tagi færu fram við forseta þingsins áður en fundur hæfist. Við ræddum þessi mál, ég og forseti þingsins, fyrir þennan fund. Honum var fullkomlega ljós afstaða okkar alþýðubandalagsmanna. Það er fjmrh. sem er að nota ræðustólinn hér og þingfundinn til þess að halda áfram umræðum sem við töldum okkur í þingflokki Alþb. vera búna að ljúka við forseta þingsins áður en fundur hófst. Og af því að þetta er hér í byrjun þings þá vil ég eindregið lýsa þeirri skoðun minni að það eigi að ræða mál af þessu tagi við forseta þingsins áður en fundir hefjast en ráðherra sem ekki vill una því sem verður niðurstaðan á ekki að vera að taka fundartíma hér í ræðuhöld af þessu tagi.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Hæstv. fjmrh. hefur þegar talað tvisvar og óheppilegt að beint sé til hans fyrirspurnum úr ræðustól þegar hann á ekki kost á að koma að nýju í ræðustólinn.

Vegna orða hv. 8. þm. Reykn. vill forseti upplýsa að hann ræddi við formann Alþb. í morgun og gerði honum grein fyrir þessari ósk fjmrh. og forseta var kunnugt að það yrðu gerðar athugasemdir. Þær hafa þegar komið fram.

[10:50]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé sjálfsagt að greiða fyrir þingstörfum. Það hefur stjórnarandstaðan einmitt gert hér í dag með því að fallast á þennan fund sem upphaflega var ekki á því plani sem rætt var hér a.m.k. fyrir nokkrum dögum. Það var gert til þess að greiða fyrir flutningi fjmrh. til útlanda og sjálfsagt að hann verði þar en hins vegar er það svo að þetta þing átti upphaflega ekki bara að snúast um það áfengisvandamál sem ríkisstjórnin hefur gagnvart EES heldur var *það tilkynnt hér mörgum dögum fyrir þing að þetta* vorþing ætti fyrst og fremst að snúast um tvennt, um sjávarútveg og um GATT. Nú er liðin ein þingvika og hæstv. forsrh. hefur í fjölmiðlum lýst því yfir að stefnt sé að því að ljúka þingi á tíu dögum. Það kom fram hér áðan hjá hæstv. fjmrh. að það verði ekki nema þrír þingdagar í næstu viku og enn bólar ekkert á þeim mikilvægu frv. sem ríkisstjórnin hefur boðað um stjórn fiskveiða og um GATT. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að það verður að ganga á báða bóga að stjórn og stjórnarandstaða reyni að greiða fyrir þingstörfum. Stjórnarandstaðan hefur fyrir sitt leyti gert það eins og ég hef rakið hérna en ég sé ekkert bóla á því að hæstv. ríkisstjórn leggi sitt af mörkum til þess að greiða fyrir þingstörfum með því að leggja fram þau frv. sem hún og einstakir þingmenn hennar, eins og þingmenn Vestf., hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Einar K. Guðfinnsson, hafa margsinnis boðað að komi hér fram á vorþinginu. Þess vegna vil ég inna hæstv. forseta eftir því: Veit hann til þess að þessi stjórnarfrv. séu á leiðinni? Veit hann til þess að hæstv. ríkisstjórn hyggist reyna að greiða fyrir þingstörfum og standa við að ljúka þingi á skikkanlegum tíma með því

að koma fram með þessi frv.? Eða er það svo að við séum hér að byrja vorþing með allt upp í loft þegar á kærleiksheimili ríkisstjórnarinnar? Getur það verið að frv. um GATT og um stjórn fiskveiða séu ekki fram komin af þeirri einföldu ástæðu að það er hvorki sátt millum stjórnarflokkanna né innan stjórnarflokkanna um þetta mál?

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti mun ræða við formenn þingflokka um framhald þessarar umræðu og önnur mál sem verða lögð fyrir þetta vorþing, mun ræða um framhald þessarar umræðu ef henni lýkur ekki í dag sem forseta sýnist ekki miklar líkur á.

## *Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 1. umr.*

Stjfrv., 3. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 3.

[10:53]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Þetta er eitt þriggja frv. sem fjallar um sama málefni. Tvö eru flutt af fjmrh., eitt af dómsmrh., það frv. hefur verið lagt fram á hinu háa Alþingi og mun verða til 1. umr. á næstu dögum.

Óhjákvæmilegt er að ræða 4. mál þingsins ásamt þessu máli enda er um að ræða nákvæmlega sama málið þótt um sé að ræða breytingar á tvennum lögum. Verður það að reiknast sem klaufaskapur þess sem hér stendur að hafa ekki flutt þetta í einu frv. og biðst ég forláts á því.

Í almennri greinargerð með þessu frv., sem er mjög stutt og auðskiljanlegt og krefst ekki langrar umræðu af þeirri ástæðu, segir m.a., með leyfi forseta:

„Með þessu frumvarpi er lagt til að einkaréttur ríkisins til innflutnings á áfengi verði afnuminn. Frumvarpið er í meginatriðum samhljóða frumvarpi sem lagt var fram sem stjórnarfrumvarp á síðasta þingi en tókst ekki að afgreiða fyrir þinglok.

Þau rök, sem voru færð fyrir einkarétti ríkisins til innflutnings og heildsölu á áfengi, voru að með þeim hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi vínandagjalda af vörum þessum, auk þess sem líklegt þótti að slíkt fyrirkomulag tryggði betur en ella hagstæðari innkaup á vörunum til landsins. Einnig var á það bent að með einkaréttinum væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á áfengi þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með löglegum hætti.

Telja verður að framangreind rök eigi ekki lengur við um innflutning og heildsölu áfengis. Afla má ríkissjóði sömu tekna og hann hefur af vínandagjöldum með öðrum hætti en þeim að ríkið hafi einkarétt á innflutningi og dreifingu umræddra vara í heildsölu. Teknanna má einfaldlega afla með innflutningsgjöldum og sambærilegum gjöldum af innlendri framleiðslu, sé um hana að ræða, á sama hátt og tíðkast varðandi innheimtu ýmissa annarra óbeinna skatta. Möguleikar til eftirlits með ólögmætum innflutningi og sölu áfengis verða ekkert síðri við þessa breytingu.

Í frumvarpi til laga um gjald af áfengi, sem flutt er samhliða frumvarpi þessu," — en það frv. er að finna á þskj. 4 — „er gerð grein fyrir því, að þessi breyting mun ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs af áfengi. Gjald af áfengi breytist úr vínandagjaldi, sem nú er ákveðið af fjármálaráðherra, í áfengisgjald sem verður bundið í lögum og verður innheimt við tollafgreiðslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að felld séu úr gildi öll ákvæði er varða einkarétt ríkisins til innflutnings á áfengi. Jafnframt skilgreinir frumvarpið hverjir hafa heimild til að endurselja það áfengi sem flutt er til landsins. Með vísan til þessa þykir ekki ástæða til að fjölyrða frekar um efni þess, en hins vegar er vísað til frumvarps um gjald af áfengi." Það mál er næsta mál hér á dagskrá.

Í því frv. er því lýst hvernig gjaldið breytist og þar kemur fram á þskj. 4 að samkvæmt áætlun sem þar er sýnd á bls. 4 í því frv. má búast við að tekjurnar sem ríkissjóður fær verði u.þ.b. þær sömu þegar tekið er tillit til skatta sem fyrirtækin sem annast innflutning þurfa að greiða til viðbótar áfengisgjaldinu.

Frekar ætla ég ekki að fara út í að ræða það frv. enda hefur komið fram beiðni um — eða það hefur ekki verið fallist á það réttara sagt af einum hv. þm. að það frv. verði rætt samhliða þessu.

Aðalatriði málsins er að samkvæmt þessum frv. og frv. dómsmrh., sem liggur fyrir þinginu, hverfur einkaréttur til innflutnings. Gjald er sett við innflutning, heildsöluverð myndast en smásalan verður óbreytt. Með þessum hætti má segja að aðgangur framleiðenda að íslenskum markaði sé jafn. Eins og ég hef áður sagt þá dregur ekki úr tekjum ríkissjóðs og sama áfengisstefna gildir eftir sem áður, áfengisstefna sem byggist fyrst og fremst á verðpólitík og takmörkuðu framboði með áfengissmásölu en hún verður ekki stunduð nema af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annars vegar og þeim aðilum hins vegar sem aflað hafa sérstaks leyfis, vínveitingaleyfis. Slíkt leyfi fá menn einungis frá sveitarstjórnum og viðkomandi lögregluyfirvöldum.

Þessi frv. tvö eru samin af þremur mönnum, þeim Höskuldi Jónssyni, forstjóra ÁTVR, Snorra Olsen, sem nú gegnir stöðu ríkisskattstjóra og Ara Edwald, aðstoðarmanni sjútvrh., en hann var þá við störf sem aðstoðarmaður dómsmrh.

Lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á frv. frá því að þau voru lögð fram á síðasta þingi en þar er ekki um að ræða neinar efnisbreytingar. Ástæðan fyrir flutningi frv. er sú að það er hagræði að þessum breytingum að áliti ríkisstjórnarinnar. En ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin leggur áherslu á að máli fái afgreiðslu á þessu vorþingi er hins vegar sú, sem öllum er ljóst og talsvert hefur verið rætt á opinberum vettvangi, að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, áformar að stefna íslenskum stjórnvöldum fyrir EFTA-dómstólnum. ESA hefur lagt fram rökstudda ályktun þar sem

niðurstaðan er sú að stofnunin telur að núverandi skipan sé ólögleg og brjóti í bága við samning sem Íslendingar hafa gert, samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Þegar EES-samningurinn var gerður gáfu fjórar Norðurlandaríkisstjórnir yfirlýsingu þar sem þær áskildu sér rétt til þess að fylgja áfengisstefnu sem byggðist á heilbrigðis- og félagslegum sjónarmiðum. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu, sem fól það í sér að Íslendingar, Norðmenn, Svíar og Finnar teldu allir að ekki væri nauðsynlegt að breyta því fyrirkomulagi sem gildir í þessum löndum við innflutning á áfengi, þá hafa allar ríkisstjórnirnar breytt um stefnu í þessum málum.

Íslenska ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún telji að hún þurfi ekki vegna EES-samningsins að gera þessar breytingar en á sama tíma liggur fyrir það álit dómstólsins, ekki dómsniðurstaða heldur álit dómstólsins, að fyrirkomulagið stangist á við EES-samninginn. Þetta kom fram þegar skotið var til dómstólsins álitaefni frá finnskum aðilum. Nú liggur fyrir að það eru ekki einungis Svíar og Finnar sem hafa gengið í Evrópusambandið sem hafa breytt sínum viðskiptaháttum heldur hefur norska ríkisstjórnin ákveðið að gera það líka þótt Norðmenn hafi ekki gengið í Evrópusambandið. Byggir það að sjálfsögðu á áliti EFTA-dómstólsins sem fengið var vegna finnska málsins.

Ég skal taka það fram, virðulegi forseti, að Íslendingar hafa ekki breytt afstöðu sinni frá því sem hún var í upphafi varðandi það hvað Evrópski efnahagssamningurinn þýðir en við verðum hins vegar að játa að það eru miklar líkur á því hver niðurstaðan verður og búast má við því að hún verði með þeim hætti sem ESA hefur ályktað í sinni rökstuddu ályktun eða „reasoned opinion", eins og það heitir á ensku.

Þetta mál hefur ítarlega verið rætt á opinberum vettvangi og ástæðulaust að flytja langa ræðu um það en ef dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulagið hér á landi brjóti í bága við samninginn getur myndast skaðabótakrafa hjá þeim aðilum sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni af völdum fyrirkomulagsins. En samkvæmt Evrópska efnahagssamningnum, og reyndar reglum sem Evrópusambandið byggir sína viðskiptahætti á, þurfa framleiðendur að eiga jafna möguleika á því að komast inn á markað viðkomandi þjóða.

Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að hér er ekki verið að breyta neinu um verðpólitíkina. Verð einstakra vörutegunda getur auðvitað raskast lítillega en það hefur ekki neinar verulegar breytingar í för með sér.

Ég vil einnig láta það koma fram að þetta mál er mikilvægt fyrir innlenda framleiðendur, einkum og sér í lagi innlenda bjórframleiðendur sem telja að þessi breyting sem hér sé verið að gera þjóni þeim tilgangi að setja þá jafna innflytjendum en eins og allir vita þá stundar ÁTVR innflutning fyrir hönd umboðsaðila erlendra bjórframleiðenda. Þetta hefur komið mjög skýrt fram af hálfu samtaka iðnaðarins og allir hv. alþm. hafa getað fylgst með þeim umræðum í blöðum og öðrum fjölmiðlum að undanförnu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta frv. Ég legg til að frv. verði sent til hv. efh.- og viðskn. og til 2. umr. og ég vil segja frá því í lokin að fjmrn. mun að sjálfsögðu senda allar þær upplýsingar sem tiltækar eru um stöðu þessara mála til nefndarinnar. Það var reyndar gert í lok síðasta kjörtímabils en það er sjálfsagt að verða við öllum óskum sem þar fram koma til þess að upplýsa málið en þess ber að geta að 4. mál, sem er á dagskránni, var afgreitt úr efh.- og viðskn. með meirihlutanefndaráliti í fyrravor þannig að málið var þá ítarlega rætt á hinu háa Alþingi, kannað mjög rækilega í nefndinni. Þetta tek ég fram, ekki til þess að segja að sú vinna hafi mikla þýðingu því síðan hafa verið kosningar og nýtt þing kemur saman á nýju kjörtímabili heldur einungis til þess að benda á að málið var mjög rætt og er alþekkt og alkunnugt og þess vegna ætti ekki að þurfa að vera að setja á mjög langa umræðu til þess að komast að lýðræðislegri niðurstöðu í þessu máli.

[11:06]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir um það bil fimm mánuðum sagði hæstv. fjmrh. hér á Alþingi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta frv. er algjörlega flutt vegna stefnu ríkisstjórnarinnar og það er alveg ljóst hver fyrirvari Íslands var í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta fer hvorki í bága við fyrirvarann né heldur við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði."

Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir eins ótvírætt og fram kemur á þessari tilvitnun sem ég hér las að það frv. sem hann var að mæla fyrir og er endurflutt nú væri algjörlega, svo notuð séu hans orð, flutt vegna stefnu ríkisstjórnarinnar. Það væri ekkert varðandi samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem væri því valdandi að nauðsynlegt væri að gera þessa breytingu.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh.: Var þessi ótvíræða yfirlýsing, sem hann gaf á Alþingi 8. des. sl., ekki rétt? Hvað hefur breyst frá því að yfirlýsingin var gefin 8. des. á þann veg að nú var það meginuppistaðan í röksemdafærslu hæstv. ráðherra að það væri nauðsynlegt að flytja þetta frv. vegna einhverra álitsgerða frá stofnunum EES-svæðisins? Nú eru það álitsgerðir frá stofnunum EES-svæðisins sem eru helsti hvatinn að því að ráðherrann ekki aðeins flytur frv. heldur telur brýnt að það sé afgreitt á þessu sumarþingi. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Var yfirlýsing hans 8. des. röng eða hvað hefur breyst?

[11:09]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég harma að hv. þm. hafi ekki fylgst með þessu máli né heldur hlustað á ræðu mína hér áðan því 8. des. lá þetta fyrir eins og hv. þm. var að lesa og í raun sagði ég það í minni ræðu áðan að það er álit íslensku ríkisstjórnarinnar að þeir viðskiptahættir sem hér eru stundaðir séu ekki í andstöðu við EES-samninginn. Síðasta yfirlýsing frá íslensku ríkisstjórninni þess efnis kemur fram í bréfi sem skrifað er

4. apríl á þessu ári til EFTA Surveillance Authority og er svar við því bréfi sem ég sagði frá í minni ræðu. Það breytir hins vegar ekki því að seint í desember eða í byrjun janúar, ég man ekki hvort var, en eftir að þessi ræða var flutt, kom fram álit EFTA-dómstólsins vegna máls í Finnlandi sem var skotið til dómstólsins. Niðurstaða í því áliti er alveg ljós og þess vegna má búast við því og það liggur fyrir að svo geti farið að ef þetta mál verði sent dómstólnum geti niðurstaðan orðið eins og Eftirlitsstofnunin segir að hún eigi að verða og til viðbótar þá getur það gerst að dómstóllinn taki ex officio upp hjá sér fleiri þætti málsins og þar má nefna t.d. smásöluna. Þannig að fyrir fimm mánuðum, 8. des., lá ekki fyrir álit dómstólsins, það kom fram seinna. Það hefur hins vegar ekki breytt því að Ísland heldur uppi vörnum gagnvart ESA. Eftir sem áður, og það er kannski það sem skiptir mestu máli vegna þess að fyrirspurnin kom þannig fram, er stefna íslenskra stjórnvalda hins vegar sú, algjörlega burt séð frá þessu, að það sé hagkvæmt fyrir íslenska ríkið að breyta viðskiptaháttunum eins og hér er lagt til, það sé heppilegra að taka gjald af áfengi við innflutning í stað þess að gera það yfir búðarborðið eins og tíðkast hefur á undanförnum árum.

[11:11]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það ber að fagna því að hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir hér í annað sinn að það sé ótvírætt skoðun íslensku ríkisstjórnarinnar að það sé ekkert í EES-samningnum sem knýi á um það að þessari skipan mála hér á Íslandi sé breytt. Það er mjög mikilvægt að sú yfirlýsing liggur fyrir. Eðli EES-kerfisins er hins vegar á þann veg að ef ágreiningur er milli ríkisstjórna fullvalda aðildarríkja EES-samningsins og Eftirlitsstofnunarinnar þá kemur til kasta dómstólsins. Dómstóllinn er settur upp til þess að skera úr slíkum málum. Það er fullkomlega óeðlilegt að ríkisstjórn í fullvalda ríki sem lýsir því yfir, nú síðast áðan, að hún telji sig hafa allan rétt í málinu samkvæmt samningnum skuli fyrir fram gefast upp vegna þess, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að svo gæti farið að dómstóllinn væri ekki sammála íslensku ríkisstjórninni.

Hitt var svo ekki síður athyglisvert að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir áðan að þessi túlkun á hugsanlegri afstöðu dómstólsins fæli það í sér að dómstóllinn kynni að úrskurða að það yrði líka að breyta smásölunni. Það yrði líka að einkavæða smásöluna á áfenginu þannig að hægt væri að selja áfengi út um allt í matvöruverslunum og hvar sem menn vildu.

Eitt hefur þó alveg verið skýrt í öllum yfirlýsingum utanrrn. íslenska og allra íslenskra ráðherra á undanförnum árum, að það væri ótvírætt án nokkurs vafa að það mundi aldrei þurfa að breyta smásölunni á áfengi vegna EES-samningsins. Það er í fyrsta skipti hér áðan sem hæstv. fjmrh. gefur það í skyn að vegna EES-samningsins þurfi hugsanlega að breyta skipan smásölunnar á áfengi á Íslandi. Það gerir þessa umræðu hér auðvitað enn alvarlegri en menn héldu þó í upphafi.

[11:13]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsi furðu minni á þessum málflutningi sem segir mér að hv. þm. hlustar ekki vel á það sem sagt er. Í fyrsta lagi varðandi smásöluna þá er enginn sem segir að áfengi að seljast í öllum búðum. Það eina sem var sagt var að það gæti verið að dómstóllinn tæki það mál upp. Í bréfum frá ESA hefur margoft komið fram að þó að það sé ekki þeirra álit þá hafa þeir bent á að svo kynni að fara að það væri álit dómstólsins. Þessi gögn hafa öll legið fyrir nefndum þingsins á fyrra kjörtímabili og ég veit að fulltrúi þingflokks Alþb. er maður sem stundum talar við hv. þm. og hefði getað sagt honum þetta fyrr.

Í fyrsta lagi er frá því að segja að auðvitað heldur Ísland uppi vörnum á þeim grunni sem þeir telja vera réttan. Það er engin ástæða fyrir okkur að segja annað en það sem við höfum sagt frá öndverðu, að við teljum að við séum ekki að brjóta gegn þessum samningi.

Í öðru lagi er það okkar mat að það sé alveg óþarfi að láta reyna á þetta fyrir dómstólum þegar á það er litið, sem er aðalatriði málsins, að við teljum að það sé heppilegt að breyta þessari skipan okkar vegna algjörlega burt séð frá því hvað líður niðurstöðu dómstólsins eða niðurstöðu ESA. (**ÓRG:** Er það líka afstaða Framsfl.?) Það er þetta sem skiptir máli. (Gripið fram í.) Ég bið hv. þm., þó ég skilji vel að hann sé óróleguur eftir kosningaúrslitin, aðeins að gæta hófs og sýna a.m.k. smákurteisi í þingsölum. Hann hefur nægan tíma til þess því að hann er búinn að fara fram á að tala tvöfaldan tíma og við erum einungis komin fram í andsvör við fyrstu ræðuna.

[11:15]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við ræðu hæstv. fjmrh. Hann gat þess í ræðu sinni að það mál, sem er til umræðu, hefði verið vel rætt á síðasta þingi og var ekki annað að skilja en að ekki þyrfti að eyða miklum tíma í það núna. Það vill svo til að hæstv. fjmrh. mælti fyrir þessu máli 21. febr. 1995 en þingi lauk 25. febr. Þingið hafði því hvorki meira né minna en fjóra daga til að ræða þetta mál.

Á síðasta kjörtímabili átti ég sæti í efh.- og viðskn. sem hafði þetta mál til umfjöllunar og ég get alveg fullyrt að þetta mál var á engan hátt útrætt eða búið að vinna það enda hafði nefndin í ýmsu öðru að snúast. Ég vil þess vegna mótmæla því að þau frv., sem snúa að ÁTVR eða gjaldi á áfengi og annað það sem í þessu felst, hafi verið vel eða rækilega unnið af þinginu.

[11:17]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvað hv. þm. kallar ítarlegar umræður en ég er með útskrift úr bókum Alþingis þar sem í fyrsta lagi er þess getið að málið hafi verið til umræðu 8. des. frá dálki 2465 til dálks 2485. Löng og mikil umræða fer fram 8. des. eins og hv. þm.

Ólafur Ragnar gat um hér áðan. Málið er aftur til umræðu 7. febr. og þá fer fram mjög löng umræða sem hefst kl. fjögur að degi til og síðasta ræða er haldinn þegar kl. er að verða hálfsex. Og loks 21. febr. fer fram umræða sem byrjar eftir miðnætti, kl. tuttugu og tvær mínútur yfir eitt og stendur til kl. hálfþrjú. Þetta er umræðan sem fór fram á síðasta þingi. Ég kvíði dálítið fyrir þessu þingi og næstu þingum ef hv. þm. telur þetta ekki vera langa umræðu.

[11:18]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu rétt sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að málið átti nokkurn aðdraganda hér í þinginu en hv. efh.- og viðskn. hafði afar lítinn tíma til að fjalla um málið sem er auðvitað það sem skiptir mestu, þ.e. hvernig málið er kannað í þinginu og um hvað það snýst. Nefndin hafði ákaflega lítinn tíma vegna þess hve málið kom seint til hennar og reyndar var því lítið sinnt í nefndinni vegna þess hve brýnt var að ræða önnur mál.

[11:19]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil sérstaklega taka undir það sem hv. þm. sagði. Það sem brýnt er eftir langar umræður í þingi er að fá málið sem allar fyrst til nefndar þannig að nefndin hafi góðan tíma til að kynna sér málið. Ég er því hjartanlega sammála hv. þm. að það liggur á að koma málinu til nefndar þannig að nefndin fái góðan tíma til að vinna að málinu. Ég fagna því að hv. þm. skuli sýna málinu skilning með þessum hætti og veit að hv. þm. mun ásamt mér og fleiri þingmönnum koma málinu fljótt og hratt í gegnum umræðuna til þess að nefndin fái góðan tíma til að kynna sér það og ná fram niðurstöðu í málinu. Ég þakka stuðninginn.

[11:19]

**Ögmundur Jónasson:**

Þingforseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum. En eins og fram hefur komið í umræðunni tengist þetta frv. öðrum frv. sem senn verða einnig til umræðu þannig að það ber að skoða þetta að vissu leyti sem eina heild. En mig langar í upphafi máls míns að lýsa furðu minni á málflutningi hæstv. fjmrh. hér áðan þegar hann ver nokkrum tíma í að skýra okkur frá því hvaða embættismenn hafi komið að þessum málum. Hvaða embættismenn í starfi hjá ríkinu hafi verið fengnir til að aðstoða við smíði þessa lagafrv. Mergurinn málsins er náttúrlega sá að hér er á ferðinni stórpólitískt mál sem snertir ýmsa þætti í þjóðlífinu. Við erum ekki einungis að fjalla um sölu á vöru, við erum að fjalla um áfengisstefnu, við erum að fjalla um heilbrigðisstefnu og við erum að fjalla um fjármál ríkisins. Það sem um er að ræða er að réttir aðilar gangist við þeirri ábyrgð sem er þeirra. Þetta er pólitískt mál og það eru pólitískir aðilar sem eiga að axla þá ábyrgð, sem þeim ber, en þeir eiga ekki að vísa til manna sem eru fengnir til að aðstoða við frumvarpssmíðina með einum eða öðrum hætti.

Hvað er hér um að ræða? Það er um það að ræða að afnema eigi einkarétt ÁTVR á því að flytja inn áfengi til landsins. Í þessum pakka öllum er gert ráð fyrir því að ÁTVR hætti að vera innheimtuaðili fyrir hönd ríkissjóðs, gjöldin eiga hér eftir að afgreiðast í tolli. Það sem skiptir máli er að menn geri sér grein fyrir því að við erum að fara inn í fyrirkomulag þar sem um er að ræða gerbreytta stöðu ÁTVR sem nú á einvörðungu að reka sem áfengisverslun og eftir markaðslögmálum. Eins og segir í athugasemdum við frv. til laga um gjald á áfengi, með leyfi forseta:

„Eftir þessa breytingu mun ÁTVR verða með álagningu á áfengissölu sem standa á straum af kostnaði fyrirtækisins og skila hæfilegum arði af því og fjárfestingum þess. Ekki er gert ráð fyrir að settar verði reglur um heildsölu- og smásöluálagningu ÁTVR fremur en annarra sem annast sölu áfengis."

Þarna er með öðrum orðum verið að beina ÁTVR inn í samkeppni sem hefur ekki verið við lýði fram til þessa. Samkeppni við aðra aðila sem annast innflutning á áfengi.

ÁTVR hefur haft að leiðarljósi að selja sem minnst áfengi og tóbak með sem mestum hagnaði. Með öðrum orðum hefur markmiðið með starfsemi ÁTVR verið að takmarka sem mest neyslu áfengis og tóbaks í landinu en um leið að skila sem mestum tekjum af sölunni í ríkissjóð. Það má spyrja: Hvað gerist þegar sala á áfengi og tóbaki er komin í hendur einkaaðila? Munu þeir hafa sömu markmið að leiðarljósi? Getur verið að það verði markmið innflytjenda að selja sem minnst? Er ekki líklegt að innflytjendur muni keppa innbyrðis um viðskiptavini sína sem verða hótel og veitingastaðir? Hvaða braut erum við eiginlega að fara inn á? Hvað skyldu þeir sem hafa látið sig áfengisvarnarmál varða segja um þessi efni? Ég ætla ekki í þessari umræðu að lesa upp úr öllum þeim samþykktum sem áfengisvarnaráð hefur látið frá sér fara, samtökin Vímulaus æska eða önnur samtök sem hafa beitt sér af krafti hér á liðnum árum til að sporna gegn áfengisneyslu í landinu og aukningu áfengisneyslu. Ég ætla ekki að lesa upp úr þeim gögnum á þessu stigi, ég mun gera það síðar ef þörf krefur. En niðurstaða þessara aðila er öll á einn veg. Það er varað mjög eindregið við því að við fetum okkur inn á þá braut sem boðuð er með þeim frv. sem hér liggja fyrir.

Margoft hefur komið fram í máli fjmrh. að það er langtímastefna að leggja niður Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Þetta hyggst ráðherrann gera í áföngum. Fyrsti áfanginn var að selja framleiðsludeild ÁTVR, því er lokið. Framleiðsludeild ÁTVR var seld hæstbjóðanda á 15 millj. kr. Það verð var langt undir raunvirði og er nú reyndar kapítuli út af fyrir sig sem er vert að leiða hugann að því að það hefur allt of lítið verið fjallað um þetta mál. Framleiðslan á áfengi fór fyrst og fremst fram í pásum hjá ÁTVR á lagernum, fór fram með mjög litlum kostnaði, en um mitt ár 1992 seldi fjmrh. framleiðsludeild ÁTVR. Þá þurfti ekki gera neinar lagabreytingar varðandi söluna því að hún var einvörðungu ákvörðun fjmrh. Mér þykir miður hve lítið var fjallað um þessa sölu á sínum tíma því þetta

tengist allt saman þeirri stefnu sem hér er verið að fylgja fram og nauðsynlegt er að menn geri sér glögga grein fyrir því hvert samhengi hlutanna er. Almenningur á kröfu á að vita hvort einkavæðingarstefna ríkisstjórnarinnar er til góðs eða ills.

Það er fróðlegt að skoða hvaða afleiðingar þessi sala hefur haft fyrir ríkissjóð. Salan á framleiðsludeildinni var boðin út og samið við hæstbjóðanda sem átti reyndar nokkur hæstu boðin og féll hann frá þeim efstu. Samkvæmt kaupsamningi fengust rúmlega 15 millj. kr. án skatts fyrir framleiðsludeildina en áður en kaupsamningur var undirritaður lá fyrir það álit yfirmanns framleiðsludeildarinnar að of lágt verð væri í boði. Það álit var virt að vettugi og greinilegt að framleiðsludeildin skyldi seljast hvað sem það kostaði, jafnvel gefin í burtu. Í útboðsgögnum komu fram tölur úr framleiðslubókhaldi ÁTVR fyrir árið 1990 kom fram að framleiðsludeildin skilaði hagnaði upp á tæpar 6 millj. kr. og að auki rúmlega 12 millj. upp í fastan kostnað hjá fyrirtækinu. Eftir söluna tapar ÁTVR hagnaðinum við framleiðsluna en situr uppi með fastakostnaðinn. Því má segja að beint tekjutap ríkissjóðs vegna sölu á framleiðsludeildinni sé um 17 millj. kr. Söluandvirði búnaðarins hrökk ekki einu sinni fyrir tekjumissi eins árs. Þetta var fyrsti áfanginn í því að leggja niður Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Núna er um það rætt að eftir að framleiðsludeildin hefur verið seld eða gefin, alla vega verið færð kaupendum á silfurfati, að til standi að selja iðnaðardeildina hjá ÁTVR. Það á smám saman að tína fjaðrirnar af þessu fyrirtæki og þessari stofnun, iðnaðardeildina þar sem t.d. kökudropar eru framleiddir. Ég vil vekja athygli á því að þar starfa fjórir til fimm fatlaðir einstaklingar sem missa allir vinnuna. Það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því hvað er hér á ferðinni. Það er verið að stíga markviss úthugsuð skref í þá átt að leggja ÁTVR niður. Með þeim breytingum, sem hér var talað um, kom fram í máli hæstv. fjmrh. áðan ef ég skildi það rétt, að ekki yrði um tekjutap að ræða. Ég sá ekki betur í grg. með þessum frv. að talað væri um að ÁTVR yrði af 50 millj. við þær breytingar sem eru boðaðar í því frv. sem hér er til umræðu, verslunin mundi að öllum líkindum missa um 10% af sölunni til hótela. Margir ætla að þetta tekjutap yrði miklu meira.

Við þurfum öll að gera okkur grein fyrir að verið er að boða byltingu í íslensku þjóðlífi þegar við erum að tala um breytta heilbrigðisstefnu, breytta áfengisstefnu. Nauðsynlegt er að staldra við og skoða hvort þessar breytingar eru til góðs eða ills, sérstaklega á þeim erfiðu tímum sem við glímum við í dag.

Menn spyrja hvers vegna verið er að gera þessa hluti, hvers vegna verið er að framkvæma þessar breytingar. Við höfum fengið hluta af svörunum, það er verið að þjóna hugsjónum, pólitískum markmiðum og e.t.v. er verið að þjóna hagsmunum líka. Það eru miklir hagsmunir í húfi líka. Báða þessa þætti þarf að ræða rækilega. Síðan hefur það komið upp á borð núna að einnig sé verið að verða við skuldbindingum sem við höfum gefið í tengslum við hið Evrópska efnahagssvæði.

Í júnímánuði 1992 ritaði ég fyrir hönd BSRB utanrrn. bréf þar sem ég óskaði eftir upplýsingum um það hvaða breytingar þyrfti að framkvæma innan lands varðandi rekstrarform opinberra stofnana til þess að við stæðumst þær skuldbindingar sem við verðum að gangast undir gagnvart EES. Þetta bréf sendi ég í júnímánuði 1992 og fékk svar að bragði. Ég leyfi mér að vitna í það bréf sem barst frá utanrrn. 1. júlí 1992, með leyfi forseta:

„Samningurinn krefst þess ekki að ríkisfyrirtæki eða stofnanir verði færð yfir í einkarekstur og skerðir á engan hátt möguleika ríkis eða sveitarfélaga til þess að taka þátt í atvinnustarfsemi. Rekstur einkasölu er þó bundinn ákvæðum 16. gr. EES-samningsins en þar er skylt að tryggja að ekki sé gerður greinarmunur milli ríkisborgara aðildarfélaga EB og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar.

Einstaklingar í Noregi hafa sýnt áhuga á að keppa við áfengiseinkasölu þar og telja EES-samninginn opna þar nýja möguleika. Vísa þeir til úrskurðar EB-dómstólsins í svonefndu Manghera-máli þar sem talið var að tóbakseinkasala á Ítalíu samrýmdist ekki 37. gr. Rómarsáttmála. Í því máli er hins vegar um að ræða hreina verndarstefnu ítalskra yfirvalda sem vildu standa vörð um ítalska tóbaksrækt.

Ekkert mælir gegn starfsemi ÁTVR, sem í raun hefur haft í hendi einkaleyfi á smásölu fremur en við innflutning, sem mismunar ekki á grundvelli þjóðernis. Þess má og geta að í öðrum dómsúrskurði EB-dómstóls hefur komið fram skýr skilningur á því að sérstakar reglur skuli gilda um viðskipti með áfenga drykki.

Þetta er mjög afdráttarlaust. Ég spyr: Hvað hefur breyst?

Mér finnst nauðsynlegt að þeir sem gefa út yfirlýsingar af þessu tagi, og hér er vitnað til stjórnvalda, skýri okkur greinilega frá því hvað hafi breyst. Menn vitna til Finnlands í þessu sambandi og ábendingar sem fram hafi komið frá stofnunum hins Evrópska efnahagssvæðis en ég vil leyfa mér að halda því fram og staðhæfa að þetta séu ekki sambærileg efni. Eftir því sem ég fæ skilið þessi mál þá er nóg að breyta tveimur lagaákvæðum sem bæði gilda um ÁTVR. Það er nóg að gera smávægilegar breytingar hér á lögum til að við stöndumst fyllilega þær kröfur sem gerðar eru af hálfu EES-samkomulagsins sem við höfum gengist undir.

Í fyrsta lagi mætti fella niður framleiðsluréttinn eða aðskilja á skýran hátt söluhlutann og framleiðsluhlutann. Það er reyndar sáralítil framleiðsla eftir að Svarti dauðinn var færður svokölluðum kaupendum á silfurfati á sínum tíma. Þá nægir sem sagt að aðskilja mjög rækilega söluhlutann og framleiðsluhlutann. Þetta eru menn t.d. að gera í Noregi og þar verður eftir sem áður sami forstjóri yfir öllu batteríinu en það eina sem menn gera er að menn aðskilja rækilega söluhlutann og framleiðsluhlutann.

Í öðru lagi þyrfti að tryggja að einkaleyfisrétti ÁTVR verði ekki beitt til að mismuna. Reyndar þarf enga lagabreytingu til að svo verði en það mætti, ef

mönnum liði betur og teldu sig standa betur að vígi gagnvart EES, *ráðast í lagabreytingu sem gæti*, með leyfi forseta, hljóðað svo: „Komi fram ósk um að tiltekin tegund áfengis eða tóbaks verði flutt til landsins má eigi synja þeim tilmælum nema með vísun til annarra laga en þessara enda hafi sá er tilmælin bar fram tryggt að innflytandi fái andvirði vörunnar greitt."

Hér væri einvörðungu um að ræða staðfestingu í lögum á því sem þegar er viðhaft hjá ÁTVR.

Með öðrum orðum þá eru rök fyrir því að með smávægilegum breytingum væri hægt að taka af allan vafa gagnvart EES-samkomulaginu.

Þá kemur að hinum pólitíska þætti og hinni pólitísku ábyrgð í þessu máli. Mér er kunnugt um að starfsmannafélag ÁTVR hefur kynnt sér þessi mál mjög rækilega. Það hefur einnig verið gert á vettvangi BSRB og ég get upplýst hér að fyrir kosningarnar ræddum við við marga stjórnmálamenn sem sátu þá á þingi og sitja enn á þingi og ég sakna þess sárlega að sjá ekki t.d. marga ágæta framsóknarmenn sem gáfu mjög afdráttarlausar yfirlýsingar, bæði í þingsölum og einnig í samtölum við þá aðila sem ég vitnaði til hér áðan. Ég vil t.d. nefna hæstv. viðskrh. sem er ekki hér staddur í dag og kom á fund okkar og gaf mjög afdráttarlausar yfirlýsingar um þessi efni. Að ekki sé vitnað til orða hæstv. félmrh., sem gaf yfirlýsingar úr *þessum ræðustól á síðasta þingi, sem gefa ekki tilefni* til mikilla túlkana, svo afdráttarlausar voru þær yfirlýsingar um að hann mundi aldrei ljá þessum frv. atkvæði sitt. Ég minni á þær áherslur sem voru á flettiskiltum um allan bæ fyrir kosningar þar sem menn horfðu ábúðarmiklir í stíl Kim Il Sungs í Suður-Kóreu niður í mannþröngina og sögðu að saman ætti að fara traust og trúverðugleiki. Það verður fróðlegt að hlusta á menn tjá sig um þessi efni hér á komandi dögum. Hvað finnst hæstv. heilbrrh. sem er einhvers staðar úti í bæ eða a.m.k. ekki í þingsal þegar þetta mikilvæga mál er til umræðu og snertir mjög heilbrigðisþáttinn í þjóðlífinu? (**Gripið fram í:** Hún var hérna áðan.) — Væri hægt að fá hæstv. heilbrrh. til að koma í þingsal?

En eitt er víst að þegar allir þessir þættir eru teknir saman, fullyrðingar sem ég hef sett fram um að það þurfi ekki að gera breytingar og í besta falli afar litlar breytingar ef menn vilja viðhafa til að taka af allan vafa gagnvart EES. Í ljósi þessa, í ljósi yfirlýsinga sem stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar gáfu fyrir kosningar, í ljósi afstöðu sem fram hefur komið af hálfu allra þeirra sem hafa blandað sér í umræður um áfengisvarnir í landinu á liðnum missirum og árum, í ljósi afstöðu þeirra, mjög eindreginnar gegn þessum frv., *finnst mér það fullkomið ábyrgðarleysi ef á að þröngva* þessu í einhverjum andarteppustíl í gegnum þingið á örfáum dögum. Fullkomið ábyrgðarleysi.

Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að hafa komið hingað í salinn til þess að hlýða á þessa mikilvægu umræðu sem er hafin og það væri fróðlegt að heyra sjónarmið heilbrrh. Ég er ekki að mælast til þess að heilbrrh. tali fyrir hönd framsóknarmanna sem gáfu yfirlýsingar fyrir kosningar um afstöðu til þessara mála og eindreginnar afstöðu gegn þessum frv. Ég er ekki að *mælast til þess, það er eðlilegt að þeir geri það sjálf*ir þegar þar að kemur. En mig langar til að spyrja hæstv. heilbrrh. um afstöðu heilbrigðisyfirvalda til þeirrar gerbreyttu áfengisstefnu sem verið er að boða með þeim frv. sem hér liggja fyrir Alþingi.

[11:44]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gefst ekki tækifæri til þess að svara öllu því sem kom fram í ræðu hv. þm. en það er þó eitt atriði sem ég vil strax að komi fram og það er vegna sölu á framleiðsludeildinni en það var gefið í skyn í ræðu hv. þm. að hún hafi verið gefin. Á sínum tíma tók Ríkisendurskoðun út sölu fyrirtækja í eigu ríkisins 1991–1994. Þar voru gerðar ýmsar athugasemdir en engin athugasemd við þessa sölu sem endaði í 18–19 millj. kr. Ég held að það sé allra manna mál að þessi sala hafi farið mjög eðlilega fram og verðið verið eðlilegt, en verðtilboðin sem komu í framleiðsluþáttinn voru frá 4,5 millj., sem var lægsta boð, en salan var endanlega á 18,8 millj. Þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Varðandi sölu iðnaðardeildarinnar þá er hún ekki að frumkvæði fjmrn. eða einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar. Það er flóknara fyrirbæri og að því kemur *svokallaður Sunnusjóður, sem ég veit að hv. þm.* hlýtur að kannast við ef hann hefur kynnt sér málið. Það er ekki að frumkvæði ráðuneytisins að breytingar eigi sér stað á framleiðslu á kökudropum, það er rangt, frumkvæðið kemur frá Áfengisversluninni sjálfri og þeim aðilum sem fjalla um það mál. Ég skal upplýsa hv. nefnd um það mál og kannski síðar í dag, hv. þm., þegar ég er búinn að fá frekari upplýsingar um málið.

[11:46]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónsson spyr heilbrrh. um þetta mál. Það er rétt sem fram kemur í máli þingmannsins að þetta kemur heilbr.- og trmrh. verulega við. Áfengislög, nr. 82/1969, hafa nokkra sérstöðu að því leyti að þau heyra beint eða óbeint undir þrjú ráðuneyti: Dómsmrn., fjmrn. og heilbr.- og trmrn. Í áfengislögunum er sérstakur kafli um áfengisvarnir, VII. kafli, sem heyrir undir heilbr.- og trmrn. Þar segir m.a. að umsagnar áfengisvarnaráðs skuli jafnan leita áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum séu settar. Því er mjög eðlilegt að heilbrrh. láti þessi mál til sín taka og mér finnst mjög eðlilegt að heilbr.- og trn. ræði þessi mál þegar þar að kemur. Mér finnst *aðalatriðið í þessu máli að aðgengi barna og ung*menna að áfengi aukist ekki með þessari löggjöf.

[11:48]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Þingforseti. Ég vil lýsa sérstakri ánægju með svar heibrrh. Mér finnst felast í því skilningur á alvöru málsins. Mér finnst felast í því að hæstv. heilbrrh. ætlar að láta kanna þessi mál mjög rækilega, ætlar að leita

til þeirra aðila sem um þessi mál fjalla í þjóðlífinu og ég vona að það verði unnið ötullega að því núna á næstu vikum og mánuðum þannig að þegar þetta mál verði tekið fyrir í haust að rækilega og vel athuguðu máli þá liggi þessar upplýsingar allar fyrir.

Ég vil einnig þakka hæstv. fjmrh. fyrir að ætla að kanna nánar hvaða breytingar sé verið að gera á þessari stofnun, ÁTVR, hvaðan frumkvæði kom um þær breytingar sem ég vék að áðan og ég bíð spenntur eftir að fá þær upplýsingar tilreiddar hér í ræðustól.

[11:49]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég óska að leggja orð inn í þessa umræðu. Það sem við erum að ræða er stórt mál og er afar mikilvægt að taka það til góðrar umræðu hér eins og við höfum áður gert með mál sem snúa að áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins. Það er mikilvægt að reyna að átta sig á hver áhrif þess eru og hvernig bregðast skuli við og ef óumflýjanlegt er að gera þær breytingar sem hér er lagt til hvort þær eiga að vera í þessa veru eða hvort hægt væri að sameinast um aðrar leiðir.

Það er alveg ljóst að þegar á að einkavæða, eins og við gjarnan orðum svo, áfengissöluna að einhverju leyti þá koma upp mjög ólík sjónarmið. Það eru ólík sjónarmið á milli flokka en það eru einnig ólík sjónarmið innan flokka og einstaklingar í öllum flokkum geta haft harða afstöðu gagnvart því sem snýr að áfengismálum og haft uppi þau sjónarmið að það hvernig við höfum haldið á málum hingað til sé besta formið þó e.t.v. verði að beygja sig fyrir því að þurfa að gera breytingar.

Þetta frv. sem við erum að ræða í dag var endurflutt og var stjfrv. þegar minn flokkur var í ríkisstjórn. Það var fallist á að þetta væri flutt sem stjfrv. en ég vil gjarnan að það komi fram hér að það voru þó skiptar skoðanir um þetta mál innan þingflokksins og það eru einnig skiptar skoðanir um þetta mál innan flokksins. Það er eðlilegt þegar flokkar eru í samsteypustjórnum og ljóst að ýmis stjórnarfrumvörp fara fram þrátt fyrir að ágreiningur sé innan flokkanna um þau.

Ég tel að ég muni það rétt, virðulegi forseti, að það hafi verið samþykkt að leggja þetta frv. fram á sl. vetri, sýna það en ekki endilega pressa á um afgreiðslu þess þá. Ég sjálf hef skilið það þannig að þetta frv. væri afgerandi tengt EES-samningi okkar og þess vegna tek ég undir þau undrunarorð sem komu fram fyrr í umræðunni um að hæstv. fjmrh. hafi ekki tengt frv. EES-samningnum við umræðuna í desember og ég vil, með leyfi virðulegs forseta, vísa í orð fjmrh. í þeirri umræðu, en þá sagði hann:

„Ég vil í fyrsta lagi taka það skýrt fram að ég sagði hvergi í minni ræðu að frv. væri flutt vegna fyrirheita sem hefðu verið gefin í EES-samningnum, það sagði ég hvergi. Þetta frv. er algerlega flutt vegna stefnu ríkisstjórnarinnar og það er alveg ljóst hver fyrirvari Íslands var í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið."

Það kemur einnig fram, virðulegi forseti, síðar í ræðu fjmrh. að það sé hins vegar rétt að ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hafi gert athugasemdir við innflutninginn en að við höfum svarað því til og bent til fyrirvarans sem við gerðum þegar samningurinn var undirritaður. Þá endurtekur ráðherrann að þetta frv. sé auðvitað fyrst og fremst flutt vegna þess að við teljum það skynsamlega ráðabreytni. Það eru þessi orð sem ollu mér nokkurri undrun og ég vil endilega upplýsa það hér að ég er ekki í hópi þeirra sem telja þetta beinlínis skynsamlega ráðabreytni.

Það er hins vegar aldrei trúverðugt ef það kemur þannig út fyrir þingmann að hann hafi viðhorf sem eru ólík eftir því hvort hann situr í stjórn eða er í stjórnarandstöðu og ég tel að mínar vangaveltur við þessa umræðu séu fullkomlega óháðar þeirri stöðu.

Ég hef áður átt orðastað við fjmrh. varðandi einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og hæstv. ráðherra þekkir það að í þessum málum er ég íhaldssöm og fremur stolt af því. Þannig er að í störfum mínum á Alþingi hef ég látið mig varða heilbrigðisþátt og varnaðarmálefni sem snúa að áfengis- og vímuefnanotkun og ég hef staðið fyrir tillöguflutningi míns þingflokks á nokkrum þingum um varnir gegn vímuefnum og jafnframt flutt frv. um merkingar á áfengisumbúðum, um skaðsemi áfengisneyslu fyrir vanfærar konur og að áfengisneysla og akstur fara ekki saman. Og það er alveg ljóst að sá sem þannig er að fjalla um og lætur sig varða þá þætti sem snúa að verslun okkar með áfengi og tóbak er auðvitað uppteknari af varnaðarþætti og að fara varlega og er fremur hlynntur að vera með einokun í þessum málum en frelsi. Það er engan veginn auðvelt að sættast á aukið frelsi í innflutningi og sölu áfengis og tóbaks og fyrir mér er það form einkavæðingar sem ég á erfiðast með að styðja. Ég tel að það að aflétta ríkiseinokun á þessum þætti sé afar stórt skref, en ég tel jafnframt að almennt varðandi einkavæðingar geti ýmislegt í þeim farvegi verið góð og eðlileg ákvörðun og það fari eftir eðli máls hverju sinni. Þetta ræddum við einmitt í umræðu um frv. fjmrh. um gjald af tóbaksvörum, sem rætt var í þinglok árið 1993, en náði ekki fram að ganga og hefur ekki verið hreyft síðan og ég tel að hafi verið góð ráðabreytni að fallið var frá að knýja það til enda.

Þá ræddum við það einmitt að sumt af því sem hefur verið á hendi hins opinbera í gegnum tíðina hafi verið barn síns tíma, þótt eðlilegt að það væri á höndum ríkis eða sveitarfélaga á þeim tíma sem það var sett á laggir og jafnvel nauðsynlegt til að kæmist á, en það hefur yfirleitt tekið langan tíma að aflétta slíku fyrirkomulagi af hendi hins opinbera og verið umdeilt þegar það var gert. Þetta á við um marga hluti sem ég hef sjálf talið að væru betur komnir síðar á frjálsum markaði og þess vegna tel ég það að breyta og létta af hendi hins opinbera ýmsum þáttum geti verið góður hlutur og eigi ævinlega að skoða með opnum huga og líta á það sem lagt er til hverju sinni. En sumir þættir svokallaðra einkavæðingaráforma eru af þeim toga að ég er þeirrar skoðunar að varlega ætti að fara og ég vísa þar til þess sem hægt er að álykta að á einhvern hátt varði almannaheill á þeim tíma.

Það kom fram í umræðunni í desember og í framsögu fjmrh. í dag, ef ég man rétt, að ekki væri um að ræða breytingu á áfengisstefnu hins opinbera. Um hana væri full sátt og ekki væri fyrirhugað að breyta henni. Hins vegar er það alveg ljóst að þetta er þannig skref að við verðum að spyrja okkur sjálf hvort óhjákvæmilega verði ekki breyting á áfengisstefnunni þegar það hefur verið stigið, ekki það að við séum að áforma eða ákvarða breytingu á áfengisstefnu heldur að breyting sem við gerum óháð slíkri ákvörðun verði til þess að þegar upp er staðið og skömmu síðar þá hafi orðið breyting á áfengisstefnunni sem við teljum að sé á verri veg.

Ég vil líka geta þess að það að frv. var ekki flutt vegna fyrirheita sem hefðu verið gefin í EES-samningnum heldur eingöngu vegna stefnu ríkisstjórnarinnar, þá er það alveg ljóst núna að þrátt fyrir fyrirvarann sem Ísland hafði við þessi mál við gerð EES-samningsins, og reyndar önnur Norðurlönd, þá virðist hann ekki duga núna eftir að ákveðið ferli hefur átt sér stað. Þar er ég að vísa til þess dómsúrskurðar sem felldur var í Lúxemborg vegna Ítalíu og Portúgals og forúrskurðar sem felldur var í kjölfarið vegna Finnlands án þess að ég ætli nánar í þau mál enda ekki sérfræðingur beinlínis í að rekja þessa þætti.

Þess vegna árétta ég það, virðulegi forseti, og leyfi mér að halda því fram við hæstv. fjmrh. að frv. þetta hafi í raun og veru tengst EES-samningnum, sem við höfum lagt mjög mikla áherslu á, og það sé okkar vandi nú að okkur sé nauðsynlegt að gera breytingar eftir að forúrskurður hefur verið felldur og krafa hefur verið gerð um breytingar gagnvart Íslandi og Noregi.

Ég hef leyft mér, virðulegi forseti, að kalla eftir því í morgun hvernig Norðmenn hafa brugðist við þeirri kröfu sem sett hefur verið fram við Ísland og Noreg og það er alveg ljóst að Noregur, eins og Ísland, telur sig þurfa að gera breytingar á þeim þætti sem snúið hefur að einkasölu ríkisins á áfengi og tóbaki, bæði hvað varðar framleiðslu, innflutning og smásölu eins og kom fram í ræðu hv. 17. þm. Reykv.

Mér hefur fundist það fróðlegt á þessari stuttu stundu að glugga í þá tillögu sem norska þingið er að fá til umfjöllunar, það hefur ekki fjallað enn þá um þessa tillögu. *Ég held ég fari rétt með að tillagan hafi* farið beint frá félagsmála- og heilbrigðisráðuneytinu til félagsmálanefndar norska þingsins og þar er verið að fara yfir hana en það er áformað að ljúka umfjöllun tillögunnar og afgreiða hana áður en þingi lýkur nú fyrri part sumars.

Það er alveg ljóst að í Noregi er enn þá meiri andstaða við að afnema einkarétt á innflutningi á áfengi en hjá okkur þó ég leyfi mér að halda því fram að hjá íslensku þjóðinni sé andstaða við það og ótti við hvað geti gerst þegar við höfum gert þessa breytingu. Ég hef reynt að líta dálítið á þessa tillögu og það er alveg ljóst að *í henni felst að afnuminn er einkaréttur norsku* áfengisverslunarinnar á innflutningi og heildsölu á víni og brennivíni eins og þar er sagt og útfluttningi á brennivíni. Tillagan byggir á því að einkasölu áfengisverslunarinnar norsku til smásölu verði viðhaldið á þann sama hátt og hún er í dag. Enn fremur að önnur starfsemi sem í dag er á hendi norsku áfengisverslunarinnar og sem í megindráttum verður nú samkeppnisfærð verður sett út í eigin hlutafélög. Þannig ætla Norðmenn að leysa þessa kröfu sem uppi er af hálfu ESA að þeir skilja upp starfsemina og sá þáttur sem verður samkeppnisfær verður settur í hlutafélög. Það er mjög fróðlegt að líta á það hvernig Norðmennirnir ætla að leysa þetta mál. Þeir ætla að hafa einkaleyfi til innflutnings og heildsölu, og ætla að breyta þessu einkaleyfi þannig að það verði einhvers konar leyfisveitingar fyrir þá sem vilja viðhafa innflutning og heildsölu. En það er alveg ljóst að sú leyfisveiting á að innihalda og uppfylla þörfina fyrir áframhaldandi strangt eftirlit með þessum hluta af umsetningu eða fyrirkomulagi umsetningar á alkóhóli í Noregi.

Það kemur líka fram þegar maður skoðar það fyrirkomulag sem Norðmenn eru með að þeir hafa verið að skipta upp starfseminni og eins og reyndar 17. þm. Reykv. fór yfir hér. Í tillögunni sem þeir hafa lagt fyrir þingið er verið að fjalla um hvernig eigi að deila upp starfseminni, hvaða form eigi að velja á því sem verður samkeppnisfært, hvernig félagaform í smásölunni sem fullkomlega verður á hendi ríkisins og hvernig félagaform fyrir samkeppnishlutann. Þar leggur ráðuneytið til að starfsemin verði fullkomlega í ríkiseigu og að samkeppnishlutinn, sem fari í hlutafélagaform, verði ríkishlutafélag. Ég tel, virðulegi forseti, að það sé afarmikilvægt að um mál eins og þetta náist eins góð samstaða og eins víðtæk samstaða og unnt er þegar gera þarf breytingar.

Ég hef skilið það svo í allri umfjöllun stjórnmálamanna eftir að við höfum samþykkt EES-samninginn og eftir að reynsla hefur fengist af því hvers virði hann er fyrir íslenskt athafnalíf að jafnvel þeir sem greiddu atkvæði gegn samningnum á Alþingi geri sér grein fyrir því að ekki muni verða aftur snúið. Menn muni byggja á þessum samningi þar til annað og e.t.v. stærra skref verður tekið í samvinnu við Evrópu og þess vegna sé mjög mikilvægt að gera hlutina sem fylgja í kjölfar þessa samnings eins vel og unnt er.

Ég tek eftir því, virðulegi forseti, að í tillögu sem lögð hefur verið fyrir norska þingið segir að þessar *breytingar skuli hafa tekið gildi fyrir 1. jan. 1996* á meðan í frv. fjmrh., sem hér er lagt fram, er lagt til að það taki gildi 1. ágúst 1995. (**Gripið fram í:** Hvaða breytingar eru gerðar hjá Norðmönnum?) Ég treysti mér ekki til þess umfram það sem ég hér hef getið að fara nákvæmlega í gegnum það. Þeir eru að losa þennan samkeppnishluta frá og búa til hlutafélagaform varðandi innflutning og dreifingu og heildsöluformið á því sem er innflutt en halda smásöluhlutanum. En tillagan er um að þessir hlutir taki gildi 1. jan. 1996. Eftir þessa stuttu skoðun á því máli tel ég að það eigi að vera fullkomlega svigrúm fyrir Alþingi að ná samstöðu um breytingar og skoða hvort þær breytingar sem lagðar eru fram í frumvarpsformi eru þær einu eða hvort e.t.v. megi líta á hvernig grannar okkar sem eru mjög umfram um evrópska samvinnu vilja stíga þau

skref, sem nauðsynleg eru, til þess að sú samvinna geti orðið sem öflugust en eru hins vegar varkárir varðandi áfengismálin. Ég tel að það væri mjög mikilvægt að nefnd sem fær þetta mál til skoðunar kanni einmitt hvernig tillagan hefur verið sett fram fyrir norska þingið, skoði hvort við getum lært af henni og e.t.v. gert þær breytingar sem náist betri samstaða um en lítur út fyrir með því frv. sem hér hefur verið lagt fram. Ég ber þá spurningu fram við hæstv. fjmrh. hvort ekki geti komið til greina að hann skoði að gildistaka verði síðar þannig að það megi vinna í þessu máli í nefnd í sumar, málið fari til nefndar, það verði hægt að kalla eftir umsögnum frá sem flestum aðilum, skoða hvaða tillögur liggja fyrir hjá nágrönnum okkar og hvort samvinna náist um breytingar því það er það mikilvægasta skref sem við getum stigið. Það væri jafnframt afar mikilvægt með fyrsta almenna mál sem við tökum fyrir á Alþingi í upphafi þessa kjörtímabils og í máli sem tengist samningnum, sem er svo mikilvægur fyrir þjóð okkar, ef við getum unnið þetta mál þannig að samkomulag yrði um vegna þess að allir sem að því koma vita að ef við ætlum að búa við þennan samning þá verðum við að gera breytingar. Þessa tillögu legg ég fram, virðulegur forseti, við fjmrh., að hann reyni að koma til móts við það að hægt verði að skoða þessi mál mjög vel og gera breytingar á frv. sem samstaða næst um.

[12:08]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru örfá atriði. Í fyrsta lagi hef ég gefið skýringar á ræðu minni 8. des. og það er ekkert athugavert við hana. Hún byggir á stefnu ríkisstjórnarinnar sem mörkuð var 27. júlí. Ég man ekki hvort hv. þm. var þá í ríkisstjórninni eða forveri hans en þá var alveg gengið frá stefnunni og hún var þessi: Við höldum okkar málsvörn gagnvart ESA- og EFTA-dómstólnum en við breytum þessu af því að við teljum það vera skynsamlegt. Þannig var staðan 8. des. og það er ekki fyrr en á síðari stigum málsins sem það kemur í ljós að álit dómstólsins, ekki dómur heldur álit, lá fyrir. Þó við höldum uppi andsvörum og málflutningi okkar sjáum við auðvitað að líkurnar eru litlar á því að okkur takist að ná okkar fram enda hafa þrjár Norðurlandaþjóðir með svipaða áfengisstefnu breytt fyrirkomulagi sínu. Norðmenn hafa þar á meðal gert það og ástæðan fyrir því að þeir eru seinna á ferðinni er að Eftirlitsstofnunin fer síðar af stað gagnvart þeim. En nú liggur stefna þeirra fyrir og af þessu tilefni vil ég segja að ég tel að það sé skynsamlegt að við breytum núna löggjöfinni. Gildistíminn um nokkra mánuði, einn, tvo eða þrjá mánuði, skiptir ekki öllu máli. En ég held að það sé útilokað fyrir mig að fallast á að málið verði ekki samþykkt á sumarþinginu því að ég minni á að við lögðum frv. fram sem stjfrv. á síðasta kjörtímabili í október eða byrjun nóvember en það dugði ekki betur en til að koma því til nefndar. Það var í nefnd í þrjá eða fjóra daga ef ég man rétt í lok tímans. Ég bið hv. þm. um að taka tillit til þess um leið og ég tek auðvitað undir það að það á að sjálfsögðu að kanna þetta mál rækilega og það er allt til, öll gögn í málinu sem hægt er að leggja fram.

[12:10]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það hafi komið mjög skýrt fram í máli mínu að ég er þess mjög meðvituð að við erum búin að fá þá athugasemd frá ESA að athugasemd hefur verið gerð bæði gagnvart Íslandi og Noregi og að við munum þurfa að taka á þessu máli, það er alveg ljóst, ef við viljum ekki fá á okkur málshöfðun. Ég tel að enginn óski þess ef hann á annað borð ætlar að vera í því samstarfi sem við höfum þegar skipað okkur í. En þrátt fyrir að það hafi verið farið síðar af stað með athugasemdir gagnvart Norðmönnum get ég ekki ímyndað mér að við þurfum að afgreiða mál okkar einhverjum mánuðum fyrr. Ef það er nægilegt að tvær Norðurlandaþjóðir, tvær þær síðustu, séu búnar að skipa málum sínum í réttan farveg fyrir ákveðinn tíma hlýtur það að vera þannig að sé það nægilegt fyrir Noreg að vera búinn að því fyrir 1. jan. 1996 sé það jafnframt nægilegt fyrir Ísland.

Ég vek einnig athygli á því að annars staðar á Norðurlöndum var búið að gera þessa breytingu áður vegna þess að þau ákváðu að sækja um inngöngu í Evrópusambandið og þjóðir þeirra samþykktu að ganga í Evrópusambandið og það flýtti ákvörðun þeirra vegna þess að krafan gagnvart þeim löndum þegar þau voru komin með aðildarumsókn og voru á leið inn í sambandið var harðari en gagnvart þeim löndum sem eftir sitja með EES-samninginn.

[12:12]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. að aðildarumsókn að Evrópusambandinu hafi haft þýðingu fyrir Svíþjóð og Finnland. Það eru sömu reglur sem eiga að gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og innan Evrópusambandsins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það skiptir því engu máli hvort þjóð er á samningssvæðinu eða hvort hún er aðili að Evrópusambandinu beint. Þetta hefur komið skýrt fram bæði hjá Svíum og Finnum og þegar þeir gengu inn þá var það ekki vegna inngöngunnar heldur gilti nákvæmlega sama regla fyrir þá sem voru á svæðinu. Þetta þarf að leiðrétta.

Í öðru lagi er það nauðsynlegt að álit eða ályktun Alþingis liggi fyrir eins og í Noregi. Þeir eru að klára málið þótt gildistakan sé síðar. En munurinn á okkur og Noregi er sá að málið er lengra komið hjá okkur og það liggur fyrir að fulltrúar ESA segja: Við munum senda þetta til dómstólsins. Ég er sammála hv. þm. að það skiptir miklu máli fyrir Ísland sem er aðili að alþjóðlegum samningum að virða þá samninga og þess vegna tel ég skynsamlegt að afgreiða þetta mál nú á þessu þingi jafnvel þótt gildistíminn þurfi ekki að vera 1. júlí eða 1. ágúst heldur liggi afgreiðslan fyrir. Það er afar brýnt og það brýnasta í málinu. Hitt er svo annað mál að það breytir engu um mína skoðun á málinu að þegar málið var lagt fram í upphafi var það lagt fram sem sjálfstætt mál, mál sem þótti hagkvæmt af

ríkisstjórninni, algerlega burt séð frá því hvað ESA vill í málinu og hver var afstaða Evrópska efnahagssvæðisins. En á þeim tíma sem liðinn er síðan á hér um bil heilu ári hefur það smám saman skýrst vegna álits dómstólsins að líkast til verður þetta mál dæmt okkur í óhag jafnvel þótt við höldum uppi þeim vörnum sem við höfum gert allar götur, síðast í bréfi 4. apríl til Eftirlitsstofnunar EFTA.

[12:14]

**Rannveig Guðmundsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eigi skal deila við dómarann, ég geri mér grein fyrir því. En ég stend þó í þeirri meiningu að sá úrskurður sem dómstóll EFTA í Genf felldi 1994 hafi einmitt verið forúrskurður gagnvart Finnlandi og það hafi haft mikið að segja um afstöðu Finna sem var mjög áfram um að verða aðilar að Evrópusambandinu og þeir hafi ákveðið strax þá að endurskoða þessa hluti. Það skiptir hins vegar ekki öllu máli fyrir okkur en voru hins vegar vangaveltur mínar um vegna hvers þeir fóru fyrr í breytingar en Noregur og Ísland. Ég árétta það sem ég þegar hef sagt að ég held að það væri mjög skynsamlegt að reyna að ná samstöðu í nefnd þingsins um þær breytingar sem gerðar verða vegna þessa máls þar sem það er svo mikilvægt að þjóðin standi saman um hvernig staðið er að þessum málum og vegna þess að það er rótgróið í okkar þjóðarsál að það sé einkasala á áfengi og tóbaki, bæði hvað varðar innflutning og dreifingu og það er ótti í fólki um að þetta sé eitt af fleiri skrefum þar sem á að víkja þessum öllum málum yfir í frelsisátt.

[12:16]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Það er ljóst af efni þeirra frumvarpa sem við fjöllum um og þeirri umræðu sem hér hefur farið fram að það eru margar hliðar á þessu máli sem skoða þarf vandlega og ljóst að sá tími sem þingið virðist hafa er afar knappur til þess að fjalla um svo stórt mál. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni að það er afar mikilvægt að það verði skoðað hvort við getum ekki haft það svigrúm sem Norðmenn hafa þannig að okkur gefist tækifæri og lengri tími til þess að fjalla um allar hliðar á þessu máli.

Ég nefni líka, sem ég fagna mjög, að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur raunverulega tekið undir það með okkur sem hér höfum talað að þetta mál þurfi mjög rækilegrar skoðunar við og hæstv. ráðherra leggur raunverulega sjálf til að heilbr.- og trn. fjalli sérstaklega um kannski stærsta atriðið í þessu máli, hvort þessi frumvörp geti haft þau áhrif að við séum að breyta um áfengisstefnu. Ég vil taka undir það og leggja það eindregið til að heilbr.- og trn. fjalli einnig um þetta mál.

Það er alveg ljóst að við virðumst vera að ræða um eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar um að gefa innflutning á áfengi frjálsan, eins og það heitir, og ég skil satt að segja ekki það ofurkapp sem hæstv. fjmrh. hefur lagt á þetta mál. Það hefur verið rætt um það hér hvort við séum að ræða um raunverulega stefnu ríkisstjórnarinnar um það að gefa innflutning á áfengi frjálsan eða hvort við séum að ræða þessi mál núna vegna athugasemda og kröfu Eftirlitsstofnunar EFTA.

Það er alveg ljóst af því sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. í desember sl. að við erum hér að ræða stefnu fyrri ríkisstjórnar og þá væntanlega þessarar í áfengismálum vegna þess að hæstv. ráðherra sagði þá, með leyfi forseta:

„Þetta frv. er algerlega flutt vegna stefnu ríkisstjórnarinnar og það er alveg ljóst hver fyrirvari Íslands var í samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta fer hvorki í bága við fyrirvarana né heldur við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það er hins vegar rétt að ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur gert athugasemdir um innflutninginn en við höfum svarað því til og bent til fyrirvarans sem við gerðum þegar samningurinn var undirritaður. Þetta frv. er auðvitað fyrst og fremst flutt vegna þess að við teljum það skynsamlega ráðabreytni."

Við getum líka velt fyrir okkur annarri hlið á þessu máli. Af hverju er komið svo að Eftirlitsstofnun EFTA er að gera þessa athugasemd? Það kemur fram í samantekt sem er gerð af fjmrn., að mér skilst 23. febr. 1995, og ég vitna til hennar orðrétt, með leyfi forseta:

„Fljótlega eftir að ESA tók til starfa hóf stofnunin að skoða starfsemi áfengiseinkasala á Norðurlöndum. Tilefnið var m.a. kæra frá Verslunarráði Íslands, dags. 30. des. 1993, en ráðið taldi m.a. að hér á landi væri jafnræðis ekki gætt meðal framleiðenda áfengis og einkasalan sem slík hefði ekkert með félagsleg og heilsufarsleg markmið að gera."

Ástæðan sem sagt til þess, virðulegi forseti, að ESA fer að skoða þetta mál er kæra frá Verslunarráði Íslands. Og hver skyldi vera framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands sem flytur þessa kæru fyrir hönd ráðsins? Jú, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að vekja athygli á þessu vegna þess að mér skilst að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson muni verða kosinn formaður þeirrar nefndar sem síðan á að fjalla um þetta mál í þinginu sem væntanlega á að hraða í gegnum þingið ef ég skil orð fjmrh. rétt.

Þá vaknar spurning, virðulegur forseti, um hæfi hv. þm. Vilhjálms Egilssonar til þess að taka á þessu máli þegar hann hefur frumkvæði að því fyrir hönd Verslunarráðsins að kæra til ESA sem er tilefni þess að við erum að ræða þetta mál hér í dag. Ég tel að hér sé um alvarlega hagsmunaárekstra að ræða og raunverulegt vanhæfi að hv. þm. skuli eiga að leiða þá nefnd og stýra henni sem á að keyra þetta mál í gegn.

Við gerum miklar kröfur samkvæmt stjórnsýslulögum um hæfi aðila utan þingsins. Hvað gildir innan þingsins, hæstv. forseti? Ég held að það sé nauðsynlegt að áður en þessu máli verður vísað til nefndar, áður en þessari umræðu lýkur, að forseti skeri úr um það hvort hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem hefur átt frumkvæði að því fyrir hönd Verslunarráðsins að kæra þetta til ESA, sé hæfur til þess að stýra þeirri nefnd sem á að fjalla um þetta mál. Ég held að það sé mikilvægt að áður en þingheimur greiðir atkvæði um að vísa þessu máli til þessarar nefndar liggi fyrir úrskurður forseta í þessu máli.

Auðvitað væri einnig mjög brýnt, virðulegi forseti, að fá úr því skorið, af því að við erum hér að fjalla um stjórnarfrumvörp, hvort hér sé um stjórnarfrumvörp að ræða. Það hefur ítrekað komið hér fram, m.a. hjá hv. 17. þm. Reykv. Ögmundi Jónassyni, að hæstv. félmrh. hafi marglýst því yfir að hann mundi aldrei greiða atkvæði slíku frv. Ég hef alltaf skilið það svo, og hef ég nú verið ráðherra, að það væri skylda ráðherra að greiða atkvæði með stjfrv. Annað væri sama og að víkja úr ríkisstjórn. Auðvitað þarf því þingheimur líka að fá vitneskju um það hvort allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar styðji málið en mér fannst ég heyra á máli heilbrrh. að hann hefði ákveðnar efasemdir í þessu máli og vildi a.m.k láta heilbr.- og trn. skoða þetta mál áður en afstaða ráðherrans lægi fyrir þannig að við þurfum að vita það hvort þetta mál hafi meiri hluta á þingi áður en málið fer mikið lengra. (**Gripið fram í:** Viðskrh. líka.) Já, hv. þm. beinir líka spurningu að viðskrh. eða gerði áðan þannig að auðvitað þurfa allir þessir ráðherrar að koma í ræðustól og svara fyrir það hvort þeir standi að þessum frumvörpum.

Ég held nefnilega að það sé rétt sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir rakti mjög áðan að ef grannt er skoðað, alveg sama hvað hæstv. fjmrh. segir, þá mun þetta frv. hafa þær afleiðingar að við erum að breyta um áfengisstefnu. Hér er því ekki um eitthvert einfalt frv. að ræða þar sem við erum að gefa innflutning á áfengi frjálsan, afnema einkarétt áfengissölunnar að því er varðar innflutning, heldur erum við að breyta um áfengisstefnu. Og það er einmitt þetta atriðið sem við þurfum að skoða mjög nákvæmlega.

Eins og fyrirkomulagið er núna þá hefur ÁTVR haft mjög náið samráð bæði við lögreglu og skattyfirvöld. Til hvers? Til þess að hafa með því eftirlit og t.d. að fylgjast með því að ekki sé smygl eða brugg á boðstólum. Og hvað skeður við þessa breytingu? Áfengi sem selt er í veitingahúsum er merkt sérstaklega og það er hægt að merkja áfengi hverju húsi fyrir sig og því hægt að fylgjast með því hvort um er að ræða smygl eða ekki. Og ég spyr: Á að hætta öllu þessu eftirliti? Verður öllu þessu eftirliti hætt með þeirri breytingu sem við erum að ræða hér? Og hver fylgist með því að umboðsmenn selji eingöngu til veitingahúsa en ekki til almennra neytenda? Hvar verður eftirlitsþátturinn í þessu máli sem er mjög mikilvægur? Og hverjir græða á þessu öllu saman?

Ég var að ræða áðan, virðulegur forseti, um það sem ég álít vanhæfi væntanlegs formanns efh.- og viðskn. Og maður spyr líka: Var það tilviljun, hæstv. forseti, að þegar fjmrh. skipaði nefnd til þess að skoða rekstrarform ÁTVR þá sátu í þeirri nefnd formaður stjórnar tollvörugeymslunnar, Júlíus Hafberg Ólafsson, og stór hluthafi og umboðsmaður margra áfengistegunda, Ingi Björn Albertsson. Maður spyr hvort hér hafi ekki verið um hagsmunaárekstra að ræða.

Við gerum á Alþingi ríkar kröfur til þess, m.a. með stjórnsýslulögunum sem við höfum sett, að ekki sé um hagsmunaárekstra að ræða úti í þjóðfélaginu. Síðan er það fjmrh. sem skipar með þessum hætti menn í nefnd til þess að fjalla um breytt rekstrarform sem vissulega hafa hagsmuna að gæta af þeirri breytingu sem hér á sér stað.

Maður getur líka spurt sig af því að hæstv. ráðherra heldur því fram að ríkið muni í engu tapa á þessari breytingu og allir vita að ríkið hefur verulegar tekjur af áfengissölu og það er kannski liður í áfengisstefnunni líka að halda áfengisverði háu. Ráðherrann telur að þetta feli ekki í sér neinar breytingar á tekjum ríkissjóðs. Það má auðvitað skoða málið í þessu ljósi. Ég held að það sé alls ekkert í hendi að ríkið muni hafa af þessu sömu tekjur vegna þess að hvernig verður fyrirkomulagið eftir þessa breytingu? Eins og ég skil málið þá gerir fjmrh. ráð fyrir að innheimta öll opinber gjöld í tolli áður en innflytjendur fá vöruna afhenta í sína vörslu. Ef viðkomandi innflutningsfyrirtæki nýta sér pappírslaus viðskipti við tollayfirvöld fá þau samkvæmt núgildandi lögum allt að 45 daga gjaldfrest á opinberum gjöldum. Þetta þýðir að hver einkaaðili sem flytur inn áfengi eða tóbak getur haft hundruð millj. kr. af opinberu fé í sinni vörslu um lengri eða skemmri tíma allt árið um kring. Fyrir utan áhættuna af því að hafa svo mikið fé í vörslu einkafyrirtækja, þá tapast miklir vextir af þessu fé, en vaxtatekjur ÁTVR voru á árinu 1992 um 40 millj. kr. og þær tekjur renna ásamt öðrum tekjum ÁTVR beint í ríkissjóð og maður spyr: Hvers vegna á að færa 9 milljarða frá ríkisfyrirtæki til einkaaðila til þess eins að þeir skili ekki öllu þessu fé í ríkissjóð vegna þess að þetta er vissulega áhætta nema fjmrh. breyti lögum og innflytjendur á áfengi fái engan gjaldfrest á opinberum gjöldum. Það þýðir aftur á móti að innflytjendur verða að hafa mjög hraða umsetningu á sínum vörum.

Það er því auðvitað margt að skoða í þessu máli og ég ítreka það, virðulegi forseti, að ég tel að það sé ekki endilega í hendi að ríkissjóður standi uppi með sömu tekjur eftir þessa breytingu.

En ég ítreka samt aftur að alvarlegasta hliðin á þessu máli er breytt áfengisstefna og hana óska ég eftir að heilbr.- og trn. og heilbrrn. reyndar einnig segi álit sitt á. Maður spyr hvort ákafi sjálfstæðismanna í því að einkavæða þetta með þessum hætti sé ekki hluti af einkavinavæðingunni. Það verður fróðlegt að sjá hverjir standa uppi með gróðann eftir að þessi breyting hefur átt sér stað. Fróðlegt verður að fylgjast með því.

Hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, kom inn á ýmsa þætti, m.a. iðnaðardeildina og áform um sölu á henni. Ég tek undir og deili með þingmanninum áhyggjum af því að þarna eru eins og hv. þm. bendir á sex manns við störf, þar af fimm fatlaðir einstaklingar sem þarna mundu missa sína vinnu. Ég held að við ættum einmitt að skoða reynsluna af því að selja framleiðsludeildina áður en verður farið út í slíkt.

En hv. þm. nefndi einnig að það væri nægjanlegt að gera ákveðna breytingu á lögum um ÁTVR sem tryggja að einkaleyfi verði ekki beitt sem banni. Hv. þm. fór nákvæmlega ofan í þetta mál, nákvæmlega ofan í þá breytingu sem hann taldi nægjanlegt að gera til þess að uppfylla þær kröfur sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur sett fram.

Ég tel, virðulegi forseti, að þessi ábending sé mjög góð hjá hv. þm. og að þingið og sú nefnd sem fær þetta til umfjöllunar hljóti að láta skoða það mjög gaumgæfilega hvort að þetta nægi til þess að við uppfyllum þær kröfur sem Eftirlitsstofnunin hefur sett fram. Við hljótum að kalla þar til færustu sérfræðinga okkar á þessu sviði til þess að gefa þinginu álit sitt um það hvort þessi breyting nægi sem hv. þm. benti á. Það er þetta sem við þurfum að fá fram. Við þurfum að fá fram afstöðu heilbr.- og trn., við þurfum líka að fá fram hvort við höfum ekki sama svigrúm og Norðmenn eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á vegna þess að við þurfum á þessum tíma að halda til þess að fara ofan í allar hliðar á þessu máli. Það verður ekki aftur snúið ef við förum í þessar breytingar vanhugsaðar án þess að skoða afleiðingarnar.

Það er líka spurning sem við hljótum að skoða mjög vandlega, virðulegi forseti, þegar við lítum á forsöguna í þessu máli hvað Eftirlitsstofnunin getur í raun og sanni staðið á þessari athugasemd sinni. Ef við lítum aðeins á forsöguna, virðulegi forseti, sem ég ætla að *gera í lok máls míns þá kemur fram í greinargerð* við 16. gr. EES-samningsins að í samningaviðræðum um EES hafi Norðurlönd innan EFTA, sem öll hafa með hendi ríkiseinkasölu á áfengi, ekki talið að skuldbindingar samningsins gefi ástæðu til að breyta fyrirkomulagi áfengissölu svo fremi sem einkasölurnar ábyrgist að þær mismuni ekki áfengistegundum eftir uppruna þeirra. Bent hefur verið á að í raun sé um að ræða fyrirkomulag smásölu og því innanríkismál fremur en mál sem snertir alþjóðaviðskipti.

Síðan kemur það sem ég vil vekja athygli á: „*Í greinargerð segir að framkvæmdastjórn EB hafi í* samningaviðræðunum ekki dregið þessa túlkun í efa." Auðvitað þarf að skoða hvaða stöðu þeir hafa til þess nú að breyta túlkun á þessu máli. Ísland hefur ekki viðurkennt það.

Virðulegi forseti. Ég vitna aftur í samantekt fjmrn. 23. febr. 1995 en þar kemur fram afstaða Norðurlanda. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundi í sameiginlegu EES-nefndinni í febrúar sl. var fjallað um einkasölumálið. Lögð voru fram bréf Finnlands og Svíþjóðar til ESB sem rituð voru í tengslum við aðildarviðræður þessara landa. Þar lýsa þessi ríki sig sammála því viðhorfi ESB að afnema þurfi einkasölu á öðrum stigum en smásölu við aðild þeirra að ESB þar sem annað sé andstætt Rómarsáttmálanum. Á fundi nefndarinnar lýsti fulltrúi íslenskra stjórnvalda, Hannes Hafstein sendiherra, því yfir að yfirlýsinga Svía og Finna sem gefnar væru í tengslum við aðildarviðræður þessara landa hefðu engin áhrif á afstöðu íslenskra stjórnvalda."

Ég tel ekkert sjálfgefið miðað við þessa forsögu sem ég hef lýst að við mundum tapa þessu máli jafnvel þó það gengi svo langt að fara fyrir dómstólana. Við skulum því fara varlega í þessu máli, við skulum gefa okkur þann tíma sem við þurfum til þess að fjalla um þetta mál sem getur orðið svo afdrifaríkt eins og ég hef hér lýst.

Ég ætla að láta þetta nægja við 1. umr. nema tilefni gefist til en ítreka aftur, virðulegi forseti, að ég óska eftir því að áður en þessari umræðu lýkur úrskurði forseti um það hvort hv. þm. og væntanlegur formaður nefndarinnar sem fær þetta mál til umfjöllunar, Vilhjálmur Egilsson, sé hæfur til þess að stýra meðferð þessa máls í nefndinni með þeim rökum sem ég setti fram. Ég ítreka einnig að ég tel mjög brýnt að nefndin sem fær þetta til meðferðar leiti álits færustu sérfræðinga á því hvort sú tillaga sem hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, setti hér fram að verði sú lagabreyting gerð þá uppfylli hún þær kröfur sem Eftirlitsstofnunin hefur sett fram.

[12:38]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Óskað var eftir því af hálfu þingflokks Alþb. að hæstv. heilbrrh. og hæstv. starfandi utanrrh. yrðu viðstaddir þessa umræðu ásamt hæstv. fjmrh. að sjálfsögðu og þessir tveir hæstv. ráðherrar Framsfl. hafa verið hér fyrr í dag. Ég óska eftir því við virðulegan forseta að leitað verði eftir því að þeir komi hér til umræðunnar vegna þess að ég hyggst bera fram ákveðnar fyrirspurnir til þessara tveggja hæstv. ráðherra í upphafi máls míns.

(**Forseti** (RA): Það er verið að athuga hvort hæstv. landbrh. og hæstv. heilbrrh. eru í húsinu.)

Ég þakka fyrir það, virðulegi forseti, en venja hefur verið sú að forseti hefur það á skjá hjá sér hvort þeir eru í húsinu þannig að það ætti kannski að liggja fyrir. Ég vænti þess að þeir komi til umræðunnar vegna þess að það var forsenda þess að hún gæti farið fram að þessir tveir ráðherrar svöruðu ákveðnum spurningum.

(***Forseti*** (RA): *Hæstv. ráðherrar eru í húsinu og eru* væntanlegir.)

Meðan beðið er eftir hæstv. ráðherrum vil ég í upphafi þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa við umræðuna greint bæði frá ákveðnum efnisþáttum í málinu og eins látið okkur fá utan við ræðustólinn ákveðin gögn sem hann var með í fórum sínum. Það er mjög mikilvægt að við höfum undir höndum alla þá þætti í þessu máli sem nauðsynlegir eru.

Það mál sem er til umræðu er í grófum dráttum þríþætt. Í fyrsta lagi snertir það skipan áfengissölu á Íslandi. *Í öðru lagi snertir það samskipti Íslands við* stofnanir EES-svæðisins, sérstaklega í ljósi þeirra yfirlýsinga sem gefnar voru af íslenskum stjórnvöldum á sínum tíma. Í þriðja lagi er málið heilbrigðismál vegna þess að bæði í íslenskri löggjöf og eins í yfirlýsingum Alþingis er skipan áfengismála talin ríkur þáttur í heilbrigðismálastefnu íslensku þjóðarinnar. Þegar sú afdrifaríka breyting á skipan áfengismála er gerð að hugsanlega margir tugir ef ekki nokkur hundruð aðila geta farið að flytja beint inn áfengi og selja það síðan beint án nokkurra milliliða til yfir 300 veitingastaða sem *starfandi eru hér á landi án þess að það áfengi sé* sérmerkt þá er auðvitað alveg ljóst að það er verið að gera mjög afdrifaríka breytingu á skipan áfengismála á Íslandi. Það er verið að fjölga með svo afgerandi hætti að stórtíðindi hljóta að teljast hjá aðilum sem milliliðalaust geta verslað með áfengi. Jafnframt er ver-

ið að leggja niður það eftirlitskerfi sem hingað til hefur verið talið nauðsynlegur þáttur í framkvæmd áfengissölunnar á Íslandi, eftirlitskerfi sem hefur byggst á því að allar þær flöskur sem farið hafa til veitingahúsa á Íslandi hafa verið sérmerktar svo hægt væri að framkvæma eftirlit með því hvort brugg, smygl eða aðrar slíkar uppsprettulindir áfengis utan við sölukerfið væru inni á veitingahúsum. Þess vegna hefur legið fyrir, bæði í yfirlýsingum stjórnvalda, í löggjöf og í stefnuyfirlýsingum Alþingis að sú skipan sem við Íslendingar höfum haft á áfengismálum um langa tíð er ríkur þáttur í heilbrigðisstefnu okkar. Þess vegna er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að hæstv. heilbrrh. geri grein fyrir því hér við umræðuna hvort heilbrrn. hefur fallist á þær breytingar á skipan áfengissölunnar á Íslandi sem lögð er til með þessu frv. og hvaða afleiðingar heilbrrn. telur að þær breytingar kunni að hafa fyrir framkvæmd heilbrigðisstefnunnar.

Ég veit að ég þarf ekki að minna hæstv. heilbrrh. á það að áfengi er vímuefni. Áfengi er eina vímuefnið sem er löglegt að kaupa og selja á Íslandi en þjóðin hefur talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar af neyslu þessa vímuefnis að setja því skýrar skorður. — Ég heyri að hæstv. heilbrrh. kallar fram í til hæstv. fjmrh. að sama gildi um kardimommudropa. Ég vona að það frammíkall lýsi ekki alvöruleysi hæstv. heilbrrh. gagnvart þessu máli. Hæstv. heilbrrh. ætti að kynna sér umsagnir áfengisvarnaráðs. Hæstv. heilbrrh. ætti að kynna sér umsagnir Vímulausrar æsku. Hæstv. heilbrrh. ætti að kynna sér tölur um unglinga sem í vaxandi mæli eru orðin áfengisneyslunni að bráð. Hæstv. heilbrrh. ætti að kynna sér tölur um alvarleg slys, um sjúkdóma, um eyðileggingu á fjölskyldulífi sem eru samfara neyslu á áfengi. Ég vona þess vegna að frammíkall hæstv. heilbrrh. um kardimommudropana lýsi ekki hugarástandi hæstv. heilbrrh. gagnvart því máli sem hér er á ferðinni. Hæstv. heilbrrh. verður að gera sér grein fyrir því að sú breyting á löggjöfinni sem felst í þessu frv. er að hver og einn Íslendingur sem er orðinn fullráða getur nú farið að flytja inn áfengi beint — hefur hæstv. heilbrrh. gert sér grein fyrir því að samkvæmt þessu frv. getur hver og einn Íslendingur farið að flytja inn áfengi og selja það til veitingahúsa? Það eru engin takmörk sett í þessu frv. á þann fjölda einstaklinga sem geta farið að hefja viðskipti með áfengi. Og það sem meira er, þessir innflutningsaðilar sem geta orðið 50, geta orðið 200, geta orðið 500, geta orðið fleiri, þeir eiga sjálfir að hafa rétt til þess að varðveita þetta áfengi og geyma það. Þeir hafa líka rétt samkvæmt frv. að keppa um sölu á þessu áfengi til þeirra hundrað veitingahúsa sem eru í landinu.

Það er alveg ljóst að miðað við það eftirlitskerfi sem hingað til hefur verið starfandi í landinu verður ekki nokkur leið að fylgjast með viðskiptum með áfengi samkvæmt þessum breytingum. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. heilbrrh.: Hafa verið gerðar einhverjar ráðstafanir til þess að gjörbreyta eftirlitskerfinu í landinu miðað við þær breytingar sem felast í þessu frv. þó ekki væri nema vegna þess eins að með þessum breytingum verður öllum sérmerkingum á áfengi til veitingahúsa hætt?

Ég vil líka spyrja hæstv. heilbrrh. hvort heilbrrh. hafi áður en hún samþykkti framlagningu þessa frv. átt viðræður við áfengisvarnaráð og samtök á sviði áfengisvarna um frv. Eða er það virkilega þannig að heilbrrh. sem situr við ríkisstjórnarborðið hafi samþykkt að þetta frv. væri lagt fram sem stjfrv. án þess að taka það til meðferðar í heilbrrn.? Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. heilbrrh. svari því: Hvaða umfjöllun fékk þetta frv. í heilbrrn. áður en það var lagt hér fram af núv. hæstv. ríkisstjórn?

Ég veit að ég þarf ekki að minna hæstv. heilbrrh. á þau varnaðarorð sem hv. páv. þm. Jón Helgason, þingmaður Framsfl., ráðherra Framsfl. og einn af helstu forustumönnum Framsfl. um áratuga skeið flutti hér í þessum þingsal fyrir fáeinum mánuðum síðan. Og þó ekki væri annað en það þá ætti hæstv. heilbrrh. að hafa séð ærna ástæðu til þess að kynna sér þessa þætti málsins áður en ráðherrann samþykkti við ríkisstjórnarborðið að málið yrði lagt fram.

Ég vil líka spyrja hæstv. félmrh., Pál Pétursson, sem lýsti því yfir á Alþingi í tengslum við umræður um gjald af tóbaksvörum 15. apríl 1993 að hann væri andvígur því að gerð væri breyting á skipan áfengisverslunarinnar. Páv. þm. Páll Pétursson, núv. hæstv. félmrh., lýsti því yfir 15. apríl 1993 eins og segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Hæstv. fjmrh. var enn fremur með hótanir um að ganga lengra og ráðast næst á áfengisverslunina. Ég er líka andvígur því."

Hvenær skipti hæstv. félmrh. um skoðun? Var það áður en hann tók sæti í núv. ríkisstjórn eða á eftir? Hvaða rök færir hæstv. félmrh. nú fram fyrir því að styðja þetta frv. vegna þess að ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi samþykkt það sem stjfrv.?

Þegar þetta mál var til umfjöllunar á síðasta þingi þá gafst ekki mjög mikill tími til þess, vegna anna þingsins og væntanlegra kosninga og annarra frv. sem hér átti að afgreiða, að ræða mjög ítarlega heilbrigðisþáttinn í frv. Ég vil hins vegar segja það alveg skýrt að að mínum dómi vegur heilbrigðisþátturinn í frv. þyngra heldur en umræðan um einkavæðinguna til eða frá. Í sjálfu sér er hægt að ræða það hvort ríkið á að vera eigandi sölufyrirtækis á áfengi eða ekki eða hvort það sé hlutafélag í eigu einstaklinga. Það er sérmál. Hitt er svo allt annað mál að til viðbótar við að breyta eignarformi á sölunni sem slíkri er verið að gera þá skipulagsbreytingu á sölunni að leyfa hverjum og einum með frjálsum hætti að gerast innflytjandi á áfengi og keppa hver við annan um að selja áfengi eftirlitslaust — og ég legg áherslu á það orð — eftirlitslaust til yfir 300 veitingastaða í landinu eða jafnvel 400–500 veitingastaða ef þeim fjölgar hér á næstu árum.

Við vitum það t.d. vegna þess að það liggur nú fyrir að sú fjölgun veitingastaða sem varð með því að bjór var leyfður hér á Íslandi hefur aukið mjög drykkju ungmenna. Það liggur fyrir. Menn geta haft ýmsar skoðanir á því hvort bjórsala sé æskileg eða óæskileg en það er ekki hægt að hafa skoðanir á því fram og

aftur hvort breytingarnar á skipulaginu hafi minnkað eða aukið drykkju ungmenna því það liggur fyrir að þær hafa stóraukið drykkju ungmenna, einkum og sér í lagi ungra kvenna. Við hlustuðum fyrir fáeinum dögum á forráðamann meðferðastofnunar lýsa því í útvarpi hvernig vaxandi áfengisdrykkja og vímuefnanotkun ungra stúlkna og kvenna á Íslandi sé að verða stóraukið vandamál. Þess vegna er bara ekki hægt með einhverju pennastriki hér á Alþingi að hverfa frá áratuga skipulagi á áfengissölu án þess að taka ítarlega til umfjöllunar heilbrigðismálaþáttinn.

Þegar íslensk stjórnvöld lýstu fyrirvara sínum í EES-málinu þá var hann byggður á heilbrigðismálastefnunni. Ekki á einkavæðingu eða ekki einkavæðingu. Fyrirvarinn var byggður á heilbrigðismálastefnunni. Framkvæmdin á þeirri stefnu er á verksviði hæstv. núv. heilbrrh.

Það er einnig leitt að hæstv. landbrh. skuli nú hafa horfið úr salnum vegna þess að ég ætlaði að rifja það upp að þegar hann var heilbrrh., sá þingmaður Framsfl. sem síðast fór með embætti heilbrrh., þá lagði hann fram á Alþingi ítarlega stefnumótun í heilbrigðismálum. Sú stefnumótun í heilbrigðismálum sem þáv. hæstv. heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, lagði fram var stolt Framsfl. í þessum málaflokki árin á eftir. Ég vil spyrja hæstv. núv. landbrh., fyrrv. hæstv. heilbrrh.: Hvernig samræmist sú breyting sem hér er verið að leggja til á sölukerfi áfengismála þeirri heilbrigðisstefnu sem þáv. heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, lagði fram og mig minnir að hafi jafnvel verið samþykkt á Alþingi? (**Gripið fram í:** Hún var samþykkt.) Var samþykkt á Alþingi, þess heldur. Þannig að það liggur fyrir að hér var samþykkt ályktun um heilbrigðisstefnu sem var eitt helsta stolt þáv. hæstv. heilbrrh. og þjóðin hefur ætlað sér að starfa eftir. Hvernig stendur á því að Framsfl. lætur það verða eitt sitt fyrsta verk í nýrri ríkisstjórn að ýta þessari heilbrigðisstefnu til hliðar með því að leggja fram það frv. sem hér hefur verið lagt fram?

Það er þess vegna nauðsynlegt að þessir hæstv. ráðherrar Framsfl. geri ítarlega grein fyrir því, sérstaklega núv. hæstv. heilbrrh., hvernig hægt er að réttlæta þær tillögur sem hér eru gerðar í frv., annars vegar við gildandi lög um heilbrigðismál, gildandi lög um áfengisvarnir, og þá heilbrigðisstefnu sem samþykkt var á Alþingi á sínum tíma að frumkvæði ráðherra Framsfl. Eða er það kannski þannig að með því að ganga í þessa ríkisstjórn hafi Framsfl. líka horfið frá stefnumótun sinni í heilbrigðismálum? Ég vil líka spyrja af hálfu okkar sem stóðum hér með hv. þm. Framsfl. Jóni Helgasyni fyrir fáeinum mánuðum síðan: Hefur Framsfl. líka horfið frá þeim rökum sem hv. þm. Jón Helgason flutti hér fyrir hönd Framsfl. fyrir fáeinum mánuðum síðan? Staðreyndin var nefnilega sú að hv. þm. Jón Helgason var í fararbroddi baráttunnar gegn þessu frumvarpi í þingsalnum. Hann var í fararbroddi baráttunnar. Það var enginn þingmaður sem flutti jafnítarleg rök gegn þessum frumvörpum eins og þáv. hv. þm. Jón Helgason.

Nú segir hæstv. fjmrh. hér fyrr í dag að ástæðan fyrir því að þetta frv. sé flutt sé sú skoðun ríkisstjórnarinnar að það sé heppilegra að breyta þessu okkar vegna, svo vitnað sé í hæstv. fjmrh. orðrétt. Ég vil spyrja hæstv. landbrh., varaformann Framsfl.: Er þetta líka skoðun Framsfl., að það sé heppilegra að breyta þessu okkar vegna eins og hæstv. fjmrh. sagði að væru meginrökin fyrir frv.? Hvenær varv það skoðun Framsfl.? Það var ekki skoðun Framsfl. í desember, ekki í janúar, ekki í febrúar. Hvenær varð það skoðun Framsfl. að það sem hér væri verið að leggja til væri heppilegra okkar vegna? Það gengur auðvitað ekki hjá einstaklingum sem hafa gegnt jafnábyrgðarmiklum störfum á sviði heilbrigðismála og notið til þess stuðnings okkar hinna. Það var t.d. ekkert sjálfgefið hér að tillagan um stefnumótun í heilbrigðismálum væri afgreidd hér á þarnæstsíðasta kjörtímabili. Það var m.a. fyrir stuðning okkar margra hér sem það var gert. Að það sé ekki útskýrt hér í þingsalnum hvernig Framsfl. með allan sinn feril í heilbrigðismálum, með alla þá löggjöf sem nú er fyrir hendi og með ábyrgðina á heilbrrn. kemur þessu heim og saman.

Ég endurtek það hér að ég vænti þess að hæstv. heilbrrh. hafi kynnt sér umsagnir áfengisvarnaráðs, Vímulausrar æsku og annarra samtaka.

Ég vil líka spyrja bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh., þegar skipulagið er orðið þannig að hver og einn einstaklingur sem flytur inn áfengi getur farið í tollvörugeymsluna og tekið þar út vörur og flutt þær í veitingahúsin án þess að vörurnar séu sérmerktar, hvernig ætla menn að framkvæma eftirlit með því að þar sé ekki verið að opna greiða leið fyrir smygl og brugg? Það hefur verið aðaltækið sem lögreglan hefur getað notað til eftirlits að allar flöskurnar sem veitingahúsin hafa fengið hafa verið sérmerktar. Nú á að leggja það kerfi allt saman niður. Við höfum fengið vitneskju um það hér því miður á undanförnum mánuðum að það er stórfellt brugg stundað hér á höfuðborgarsvæðinu, stórfellt brugg, í svo ríkum mæli að það eru nánast óhugnanleg tíðindi sem hafa verið flutt á undanförnum missirum af því magni sem framleiðendur á bruggi hafa verið að senda frá sér. Hverjir eru aðalkaupendurnir? Það eru unglingar, það er ungt fólk, og hugsanlega veitingahúsin sem blanda þessu saman við ýmsa aðra drykki sem þar eru seldir. Samkvæmt því frv. sem ríkisstjórnin er að krefjast hér afgreiðslu á með hraði á Alþingi á nánast að útiloka allt skipulagsbundið eftirlit með þessu.

Við vitum líka að hér er stundað stórkostlegt smygl á framleiddu áfengi frá öðrum löndum, sterku víni, vodka og gini og öðrum slíkum tegundum. Eitt meginmarkmið til þess að hindra að smyglararnir gætu komið smyglinu á markað veitingahúsanna hafa verið hinar sérmerktu flöskur frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Nú á að afnema það allt saman. Þannig að um leið er verið að opna greiðan aðgang fyrir smyglarana að koma sterkum drykkjum, eins og vodka, gini og öðrum slíkum, beint inn á markað veitingahúsanna hér á landi. Það eru ekki aðeins veitingahús hér á höfuðborgarsvæðinu, þetta eru veitingahús út um allt land. Þannig að það er verið að opna á það að þessar vör-

ur, smyglaðar eða bruggaðar, séu teknar inn á veitingahúsin víða um land þar sem lögregla er mjög fámenn, þar sem hefðbundið eftirlit hefur ekki verið mjög sterkt. Síðan er ekkert í þessu frv. sem kemur í veg fyrir innbyrðis viðskipti veitingahúsanna, ég legg áherslu á það, innbyrðis viðskipti veitingahúsanna með áfengið, eftir að veitingahúsin eru búin að fá það í sínar hendur. Þannig að þar bætist við enn einn möguleikinn fyrir hina fjölþættu keðju veitingahúsa á Íslandi sem nú þegar telur nokkur hundruð veitingahús til þess að þróa þetta sölukerfi.

Það er þess vegna ekki bara einn, ekki bara tveir og ekki bara þrír, þeir eru fjölmargir kranarnir sem eru opnaðir með þessu frv. og hefur ekkert með EES-samninginn að gera. Hefur ekkert með EES-samninginn að gera heldur er eingöngu tilraun til þess að smygla þeim í gegn með afsökun gagnvart EES-samningnum grundvallarbreytingu í áfengismálum Íslendinga.

Enn einn kraninn í þessu frv. er svo sá að auk þess að geta flutt inn áfengi til sölu á veitingahúsum getur hver og einn flutt inn áfengi til einkanota, til einkanota. Hvað eru einkanot á áfengi? Er það að drekka áfengið einn? Er það bara þannig sem menn mega flytja inn áfengi samkvæmt þessu frv.? Eða eru einkanot samkvæmt frv. skilgreind á þann veg að menn geti boðið heim gestum? Ég gæti t.d. boðið heim hæstv. félmrh. þegar hann verður orðinn leiður á að hlusta á fyrri yfirlýsingar hér í þingsalnum og hresst hann aðeins við og boðið honum upp á kaffi og koníak heima hjá mér á Barðaströndinni? (**Félmrh.:** Takk fyrir.) Þetta var nú ekki boð, þetta er hugsanlegt að gæti gerst. Er mér þá heimilt að hafa sjálfur flutt inn þetta koníak samkvæmt frv.? Eru það þá einkanot mín samkvæmt því að bjóða það gestum? Hvar eru mörkin? Dætur mínar útskrifast úr menntaskólanum í vor. Það getur vel verið að við bjóðum heim vinum þeirra og kunningjum, ættmennum og öðrum, jafnvel núverandi bæjarfulltrúa á Seltjarnarnesi og núverandi þingmanni, kannski 50–60 eða 100 manns. Er þá heimilt samkvæmt þessu frv. að flytja inn kampavínið sjálfur? Eða eru það ekki einkanot að bjóða gestum samkvæmt frv.? Hvað er eiginlega verið að gera samkvæmt þessu frv.? Vita hæstv. ráðherrar það? Vita þingmenn Framsfl. það? Vita þingmenn Sjálfstfl. það? Kunna þeir svör við þessum spurningum hvað einkanot eru samkvæmt þessu frv.?

Hvað með félög af ýmsu tagi sem rekin eru í tengslum við einstaklinga og halda ýmiss konar samkomur eins og menn þekkja að er staðreyndin á höfuðborgarsvæðinu a.m.k.? Hér er fjöldi félagsheimila og starfsmannasala sem einstaklingar geta tekið á leigu fyrir afmæli sín, fyrir jólafagnaði, fyrir þorrablót o.s.frv. Það eru einkasamkvæmi. Það eru ekki veitingahús. Samkvæmt frv. eins og það er lesið þá á það að vera heimilt fyrir viðkomandi einstaklinga að flytja sjálfir inn áfengið nema einkanot samkvæmt frv. sé bara þegar menn sannanlega drekka áfengið einir. Ef það er ekki skilgreiningin samkvæmt frv. að menn drekki áfengið einir þá er verið að opna á það að þúsundir Íslendinga í stað þess að fara í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og kaupa áfengið í smásölu, í stað þess að fara á veitingahús geti til einkanota heima hjá sér í einkasamkvæmum í margvíslegum sölum höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta flutt áfengið inn beint sjálfir.

Menn hljóta þess vegna að sjá bara með því að skoða málið að í þessu frv. í svokölluðu skjóli EES-samningsins er verið að opna slíkar gáttir til breytinga á áfengisneyslu, kaupum og sölu, hér á landi, að það er grundvallarbreyting á skipan áfengismála á Íslandi og við skulum ræða þetta frv. á þeim grundvelli. Við skulum svo auðvitað líka ræða það út frá rekstrarformi og ýmsu öðru slíku. En gagnvart afstöðu minni til vímuefnamála, til margvíslegra vandamála í þjóðfélaginu, afstöðu minni til fjölskylduharmleikja, unglingavandamála, persónulegra harmsaga vegna neyslu á áfengi, vegna þess að við í auknum mæli þurfum að glíma við það sem stóraukið vandamál, sérstaklega hjá ungu fólki í þjóðfélaginu, skulum við ræða málið á þessum grundvelli. Það væri fullkomið ábyrgðarleysi af hálfu Alþingis Íslendinga að ætla sér ekki að ræða málið á þessum grundvelli. Að ætla að binda fyrir öll skilningarvit hvað heilbrigðismálaþáttinn snertir og segja bara: EES og við skulum bara keyra þetta í gegn. Því það er alveg ljóst að eins og frv. liggur fyrir eru allar þær breytingar sem ég hef hér verið að lýsa löglegar og heimilaðar.

Ég vona þess vegna að hæstv. heilbrrh. geri ítarlega grein fyrir afstöðu sinni hér í umræðunum. Því hæstv. heilbrrh., ekki fjmrh., er samkvæmt lögunum um Stjórnarráð Íslands, ábyrgur fyrir öllum þessum þáttum málsins sem ég hef hér verið að lýsa. Innan Stjórnarráðsins hefur ávallt orðið að ríkja ákveðinn skilningur milli annars vegar fjmrn., sem hefur haft ábyrgð á því að selja og afla tekna vegna neyslu áfengis, og svo hins vegar heilbrrn. sem hefur borið ábyrgð á að koma í veg fyrir þær því miður alvarlegu afleiðingar sem áfengisneysla getur haft í för með sér.

Ég hugsa að við höfum öll í kosningabaráttunni orðið vör við það að í þjóðfélaginu eru vaxandi áhyggjur af ofbeldi, af unglingavandamálum, af fjölskylduharmleikjum sem stafa af áfengisneyslu, vímuefnaneyslu, vaxandi ofbeldisbeitingu og öðru slíku. Ég segi það a.m.k. fyrir mig að auk ýmissa þátta efnahagsmála var þessi málaflokkur sá sem oftast bar á góma í samræðum við fólk í aðdraganda kosninganna. Mér er kunnugt um það að t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, hafa skoðanakannanir sýnt að áhyggjur fólks vegna vímuefna, ofbeldis og unglingavandamála eru jafnvel meiri heldur en áhyggjur fólks vegna húsnæðismála eða atvinnuleysis. Við þurfum ekki annað en fara til nágrannalanda okkar, að ég nefni nú ekki Bandaríkin, til þess að sjá það hvernig slík vandamál geta á örfáum árum orðið þannig að þau verða illviðráðanleg. Ég held þess vegna að þingið þurfi rækilega að skoða það hér í meðferð þessa máls hvort ekki er hægt að uppfylla hugsanlegar kröfur vegna EES-samningsins með allt öðrum hætti en gert er í þessu frv. án þess að opna þær flóðgáttir

fyrir aukna áfengisneyslu í landinu, sérstaklega áfengisneyslu ungs fólks sem gert er í frv.

Ég vil síðan einnig spyrja hæstv. starfandi utanrrh. hvaða afstöðu utanrrn. sem ráðuneyti hefur gagnvart þeim fullyrðingum, sem fram hafa verið fluttar af hæstv. fjmrh. og fjmrn., að óhjákvæmilegt sé að gera þessar breytingar vegna husanlegs úrskurðar EES-dómstólsins. Það liggur fyrir eins og fram hefur komið hér fyrr í dag að utanrrn. lýsti því formlega yfir í bréfum og greinargerðum og á fundum, m.a. í bréfi til BSRB, dags. 1. júlí 1992, að það væri ekkert í EES-samningnum sem hefði í för með sér að það þyrfti að gera breytingar á sölukerfi áfengismála á Íslandi. Samkvæmt yfirlýsingum hæstv. fjmrh. hér í dag liggur fyrir, séu þær yfirlýsingar hæstv. fjmrh. réttar, að utanrrh. hefur haft rangt fyrir sér. Í þessu efni er ég ekki að tala um fyrrv. hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson. Og þó að menn hafi kannski pólitíska tilhneigingu til að hengja þessa bjöllu um rangt mat utanrrn. um hálsinn á honum þá er það allt of ódýr aðferð vegna þess að þetta bréf sem dags. er 1. júlí 1992 er undirritað af Gunnari Snorra Gunnarssyni, sem var fremsti sérfræðingur utanrrn. í EES-málum og er núna sendiherra Íslands hjá EFTA. Sá maður sem í samskiptum við þingið var helsti handhafi útskýringa á eðli og innihaldi EES-samningsins. Það er þess vegna óhjákvæmilegt, hæstv. landbrh., starfandi utanrrh., að áður en þetta mál fer til nefndar þá sé farið yfir það hér í ræðustól á Alþingi við 1. umr. hvort utanrrn. sem stofnun er sammála þeirri skoðun sem hæstv. fjmrh. hefur lýst hér í þessum umræðum, að kynntar séu hér í ræðustól þær greinargerðir og þau bréf af hálfu utanrrn. þar sem slíkt mat kemur fram og að utanrrn. útskýri rækilega hvers vegna það hafði rangt fyrir sér. Nema utanrrn. sé ekki sammála fjmrn.

Ég ætla ekki að fara að flytja þetta mál á grundvelli persónu núv. hæstv. fjmrh., eða persónu fyrrv. utanrrh. Málið er ekki þess eðlis. Það byggist á faglegri afstöðu utanrrn. sem stjórnvalds. Og vegna mikilvægis EES-samningsins og mikilvægis þeirra breytinga sem felast í því að með samningnum opnum við á vald Eftirlitsstofnunarinnar og dómstólsins til að vera Alþingi æðra — ég bið menn að hafa það í huga — vera Alþingi æðra í ákveðnum málum, þá er það auðvitað ekkert léttvægt mál þegar það kemur hér fyrir á fyrstu missirum EES-samningsins að utanrrn. reynist hafa rangt fyrir sér í einu af þeim atriðum sem einna helst voru til umræðu varðandi EES-samninginn. Það vekur upp þær spurningar hvort það séu einhver fleiri atriði þar sem utanrrn. hefur reynst hafa rangt fyrir sér og það vekur líka upp spurningar um það hvaða faglegu athugun og umfjöllun hefur farið fram í utanrrn. um þessi mistök utanrrn. að skýra Alþingi, almenningi og samtökum einstaklinga í landinu rangt frá. Nema það sé þannig að utanrrn. sé ósammála fjmrn. varðandi þetta atriði. Þess vegna er það líka þannig að hæstv. starfandi utanrrh. eða utanrrh. hér þegar umræðan heldur áfram verða að fara ítarlega yfir það með þinginu hér strax við 1. umr. hver sé afstaða utanrrn. til þessa mikilvæga atriðis. Þetta er fyrsta atriðið sem við stöndum frammi fyrir, Íslendingar, að verði vísað til EFTA-dómstólsins ef Alþingi samþykkir ekki frumvörp, og hugsanlega dæmt Íslendingum í óhag, fyrsta tilvikið. Og ef það kemur í ljós að í því fyrsta tilviki hafi utanrrn. haft rangt fyrir sér, þá eru það auðvitað mjög merkileg tíðindi. Og utanrrn. sem fagleg stofnun í meðferð alþjóðasáttmála getur ekki starfað þannig eins og bara ekkert hafi gerst. Það eru stór tíðindi þegar það gerist að í fyrsta sinn sem reynir á það hvort utanrrn. á Íslandi hafi rétt fyrir sér í fullyrðingu gagnvart Alþingi og þjóðinni eða hvort EES-stofnanirnar geta ónýtt það álit utanrrn. og það krefst ítarlegra reikningsskila af hálfu utanrrn. sem ábyrgðaraðila á milliríkjasamningum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að sinni ekki að hafa þetta mál mitt lengra, en ég vona að þessar fjölmörgu spurningar sem ég hef hér borið fram nægi til þess að menn átti sig á því að þetta mál er á engan hátt svo einfalt að það sé hægt að afgreiða það hér sem tiltölulega minni háttar spurningu um rekstrarform á ákveðnum þætti í áfengissölu sem hingað til hefur verið hjá ÁTVR. Þetta mál felur í sér aðra þætti sem eru ekki síður mikilvægir fyrir íslenska þjóð og fyrir réttarstöðu þjóðríkisins Íslands gagnvart þeim alþjóðastofnunum sem við höfum skuldbundið okkur til að starfa með en að velta því fyrir sér hvort ríkið eða einkaaðilar hafi með höndum einhvern tiltekinn rekstur.

Ég vona því að þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á þeim þáttum málsins sem ég hef hér gert að umfjöllun muni gera þinginu rækilega grein fyrir þeim þáttum sem ég hef hér rakið. Mér þykir hins vegar leitt að geta ekki verið hér í þingsalnum næsta klukkutímann eða svo vegna þess að ég þarf að fara við jarðarför sem hefst kl. hálftvö og vona að menn skilji það og get þess vegna ekki hlýtt á þau andsvör sem hér verða sjálfsagt borin fram. Ég mun þá svara þeim í umræðum en ég verð því miður að geta mætt til þeirrar útfarar áður en hún hefst.

[13:19]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki tækifæri til þess að tala við hv. þm. á mánudaginn. Ég held að ræða hans hafi byggst á afar miklum misskilningi í flestum greinum og sérstaklega varðandi það að verið sé að gerbreyta heilbrigðismálum og áfengispólitíkinni. Við verðum að gera mun á því að á merkingum á flöskur sem eru merktar ÁTVR annars vegar og hins vegar sérmerkingum til veitingahúsa sem alveg er hægt að halda áfram sem eru límdir miðar og merktir SVG, ef ég man rétt. Og ég hygg þó að ég muni það ekki í svipinn að sérpöntunarkerfið byggist ekki á merktum flöskum þannig að þetta er rangt, það er allt rangt sem hv. þm. sagði um það að það væri verið að riðla til hér eftirlitinu. Það er bara allt rangt. Þeir sem þurfa síðan að dreifa áfengi í heildsölu hafa til þess heildsöluleyfi. Það sem skiptir auðvitað öllu máli er að menn greiða í tolli þetta áfengi, þ.e. áfengisgjaldið, nánast fullt verð, langsamlega hæstu upphæðina sem kemur fram, bæði í heildsölu og smásölu. Í dag er það svo, og

meira að segja þegar hv. þm. var ráðherra, þá veitti hann gjaldfrest vínveitingahúsum sem keyptu út úr ríkinu, gjaldfrest í hálfan mánuð eða svo, þannig að allt sem hv. þm. er að segja er tóm vitleysa. Það er sagt til þess að gera þetta mál tortryggilegt því að það er ekkert verið að gera hér sem breytir hugsanlegu eftirliti. Það sem verið er að segja er að það er óeðlilegt eftir að einkaleyfið er tekið af ÁTVR að skylda aðra að merkja flöskurnar ÁTVR. Um það snýst þetta mál. Og til einkanota veit hv. þm. hvað er — eða ég veit náttúrlega ekki hvað hann veitir mikið áfengi, ég efast um að hann hafi það mikið um hönd, drekkur a.m.k. ekki sjálfur — til einkanota þýðir að það er fyrir sjálfan sig og gesti. En það sem skiptir öllu máli er þetta: Greiðslan, gjaldið, á að greiðast strax í tolli og það er auðvitað verðpólitíkin sem er aðalatriðið í íslenskri áfengispólitík.

[13:21]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom skýrt fram hjá hæstv. fjmrh. eins og hann sagði hér í lokaorðum sínum að verðpólitíkin væri aðalatriðið í íslenskri áfengislöggjöf. Það er kannski skoðun hæstv. fjmrh. En það eru margir aðrir sem eru þeirrar skoðunar að áfengisneyslan í landinu og salan séu líka hluti af heilbrigðiskerfinu og það er sá þáttur sem ég gerði hér að umræðuefni.

Varðandi merkingarnar, þá er mér það alveg fyllilega ljóst að það á ekki að merkja vöruna ÁTVR, en ég hef hvergi séð þann texta í þessu frv. sem knýr á um að einstaklingarnir eða fyrirtækin sem flytja inn áfengið og selja veitingahúsunum eigi að merkja það með einhverjum skýrum og augljósum hætti. Ég sé engin slík ákvæði í þessu frv.

Það er svo jafnframt upplýst hér að til einkanota merkir fyrir sjálfan sig og gesti og þar með er verið að opna fyrir það að þau hundruð ef ekki þúsundir af einkasamkvæmum sem eru haldin hér í fjölmörgum samkomusölum um allt land, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, verði líka vettvangur fyrir áfengissölu þar sem áfengið er flutt beint inn millilíðalaust. Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem hæstv. fjmrh. var að lýsa hér, þá verður opnað á það að í einkasamkvæmum úti í bæ sé neytt áfengis sem flutt er inn millilíðalaust, án Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa staðfest það hér í sínu andsvari að hér er einmitt verið að gera grundvallarbreytingar á skipan áfengismála í landinu.

[13:22]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað erfitt að svara mönnum sem skilja ekki það sem sagt er við þá. En ég ætla að segja það til viðbótar því sem ég hef sagt að það eru auðvitað reglugerðarákvæði um það hvernig fara á með innflutninginn í gegnum tollinn, til viðbótar því sem ég sagði áðan og ég er feginn því að hv. þm. skilur um hvað málið snýst.

Ég vil líka segja það að verðpólitíkin er hluti af heilbrigðispólitíkinni. Verðpólitíkin og takmörkun á því að geta selt vínið í smásölu sem verður áfram eins.

Í þriðja lagi um einkanot. Ég skil vel að hv. þm. átti sig kannski ekki vel á þessu því að ég efast um að hann hafi nokkurn tíma verið með einkanot á þessum drykkjum. En það er þannig, hv. þm., að í dag getur hver sem er farið hér í ríkið og tekið út kassa af áfengi og haldið veislu heima hjá sér þannig að hv. þm. þarf ekkert að sleppa stúdentsveislunni þó að þetta verði ekki samþykkt og ef hann vill endilega kaupa inn sitt vín sjálfur, sitt kampavín eins og hann sagði sjálfur, frá Frakklandi, þá getur hann það í dag í gegnum sérpöntunarkerfið. Og ef hann hins vegar samþykkir þetta og ef hann þarf síðar að halda veislu, þá getur hann flutt þetta inn sjálfur, en hann verður að greiða í tolli þannig að munurinn er auðvitað sáralítill. Ég held að hv. þm. sem kemur hér upp og talar eins og heimurinn sé að farast verði að átta sig á því út á hvað þessar breytingar ganga og vona ég nú að hv. þm. skilji heldur betur þá breytingu sem hér er verið að leggja til.

Að öðru leyti þakka ég hv. þm. efnislegar ræður um bindindismál.

**Útbýting þingskjals:**

Frísvæði á Suðurnesjum, 9. mál, fsp. KPál, þskj. 9.

[13:25]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er rætt og annað frv. sem hér er á dagskrá er fyrir margra hluta sakir mjög athyglisvert mál. Það tengist með augljósum hætti samningi sem tók gildi hérlendis í ársbyrjun 1994, samningnum um Evrópskt efnahagssvæði þó að hér séu uppi tilburðir hjá hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn væntanlega að vísa til þess að flutningur þessara mála sé óháður ákvæðum þess samnings og þeirrar álitsgerðar sem fram hafa komið. Viðleitni í þá átt af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar og núv. ríkisstjórnar er auðvitað slíkur kattarþvottur og fjarstæða að það dettur engum í hug að telja að þar fylgi hugur máli svo augljóst sem þetta er. Hér er það að gerast sem gerst hefur í ýmsum þeim ríkjum sem gerðust aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði og sóttu um aðild að Evrópusambandinu og eru sum orðin aðilar að því, að þau grípa fram fyrir þróunina, þau vilja vera á undan hinni formlegu afgreiðslu og ganga frá aðlögun og breytingum fyrir fram til þess að það líti ekki svo út að þau séu að hlýða skipunum og afleiðingum af þeim samningum sem þau ætla sér síðan að gerast aðilar að. Þetta er búið að ganga eins og rauður þráður í gegnum frumvarpsgerð og lagasmíð og ákvarðanir meiri hluta á þjóðþingum að frumkvæði ríkisstjórna á hinum Norðurlöndunum sem ýmist eru orðin aðilar að Evrópusambandinu eða eru aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði eins og á við um Noreg og Ísland.

Nú er það hins vegar eðlilegt af hálfu stjórnvalda að reyna að draga þarna strik á milli og greina á milli eins og hæstv. fjmrh. hefur haft tilburði til að gera vegna hinnar formlegu stöðu málsins, vegna þess að í að-

draganda að gjörð og samþykkt samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og við undirbúning hans, þá héldu ríkisstjórnir þeirra landa og meiri hluti af þjóðþingum sem þær studdu því fram að með aðildinni að Evrópsku efnahagssvæði mundu þær komast hjá því að breyta reglum um áfengiseinkasölu og meðferð áfengismála vegna samningsins. Þetta var blekkingaleikur sem var viðhafður til þess að gera samninginn aðgengilegri og koma honum í gegn, en heiðarlegt var það ekki. Og það byggði ekki á því að mínu mati að viðkomandi stjórnvöld gerðu sér ekki grein fyrir því hvert væri eðli Rómarsamningsins í þessum efnum og hvernig hann yrði túlkaður þegar þar að kæmi. Nei, því miður. Þetta voru vísvitandi blekkingar sem þarna voru viðhafðar af íslenskri ríkisstjórn sem og öðrum ríkisstjórnum á Norðurlöndum sem stóðu að sérstakri yfirlýsingu um þetta efni að þau ætluðu sér á grundvelli heilbrigðismála og heilbrigðisviðhorfa að halda í stefnu sína varðandi einkasölu á áfengi. Það var reynt að halda andliti að þessu leyti, einnig hér á Alþingi Íslendinga.

Ég hef hér fyrir framan mig svar frá núv. og fyrrv. hæstv. dómsmrh., Þorsteini Pálssyni, við spurningum frá mér sem ég bar fram og fékk svarað í þinginu 30. apríl 1992 um áhrif EES-samningsins á innflutning og sölu áfengis. Um þessa fyrirspurn fór fram ein umræða og ég sé málsins vegna ástæðu til þess að rifja upp nokkra þætti úr skoðanaskiptum okkar hæstv. ráðherra um þetta efni, en hann byggði álit sitt á álitsgerðum sem hann hafði fengið frá viðskiptaskrifstofu utanrrn. og frá fjmrn. Tilvitnun, með leyfi forseta. Spurt var:

„Hvaða áhrif mun EES-samningur hafa að mati ríkisstjórnarinnar á núverandi lög og reglur um innflutning, sölu og dreifingu áfengis hér á landi?“ Um þetta segir af minni hálfu þar þegar fyrirspurnin var fram borin: „Í 16. gr. EES-samnings er að finna ákvæði sem varðar ríkiseinkasölufyrirtæki. Greinin er svofelld:“

Síðan er tilvitnun sem og rakin bókun 8 þar sem fjallað er um ríkiseinkasölur og hvað um það er sagt í bókuninni sem fylgdi samningnum. Ég segi um þetta efni í umræðunni:

„Mikil umræða hefur farið fram í Noregi um þetta mál þar sem áfengisstefna er meira á dagskrá en hér á landi í hinni almennu umræðu. Þar liggja fyrir ýmis sjónarmið sem varða þetta mál, m.a. tilvitnanir í dóma sem fallið hafa og hljóta að snerta málið.“

Ég ætla ekki að fara út í þau efni en það er nauðsynlegt fyrir íslensk stjórnvöld að setja sig inn í það hvernig dómar hafa fallið innan Evrópubandalagsins að því er snertir ríkiseinkasölur en þar er það 37. gr. Rómarsamningsins sjálfs sem varðar þetta efni sérstaklega og dómar sem þar hafa verið kveðnir upp, m.a. varðandi tóbakseinkasölu á Ítalíu, og leiddi til afnáms á hömlum eða einkasölu erlendis á grundvelli þess dóms sem kveðinn var upp 1974, að mig minnir.

Síðan kemur svar hæstv. ráðherra Þorsteins Pálssonar, sem ég ætla að fara yfir, með leyfi forseta:

„Norðurlöndin innan EFTA hafa öll áfengiseinkasölur. Þau hafa ekki litið svo á að í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið felist skuldbindingar um að fella þessar einkasölur niður. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur ekki andmælt þeim túlkunum samkvæmt þeim upplýsingum sem dómsmrn. hefur fengið frá viðskiptaskrifstofu utanrrn. að því gefnu að einstökum vörutegundum sé ekki mismunað eftir því frá hvaða landi þær koma.

Samkvæmt upplýsingum sem dómsmrn. hefur frá fjmrn. þá lítur það ekki svo á að samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið feli í sér neinar kvaðir um það að breyta því einkasölufyrirkomulagi sem nú er við lýði. Samkvæmt þeim upplýsingum bendir ekkert til þess að þessir samningar feli í sér neinar skuldbindingar af því tagi gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Við erum frjálsir að því að halda núverandi kerfi áfram að því tilskildu að ekki verði um að ræða mismunun milli vörutegunda.“

Síðan segir: „Hitt er svo annað mál að mín skoðun er sú að þetta einkasölufyrirkomulag orki um margt tvímælis, ekki síst að því er varðar innflutninginn. En samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið knýja ekki á um breytingar á því. Það yrði þá algerlega sjálfstæð ákvörðun Alþingis og stjórnvalda ef til þess kæmi.“

Í umræðunni sem fylgdi, og ég ætla ekki að fara í frekari tilvitnanir í þessa fyrirspurn sem er að finna í þskj. frá 30. apríl 1992, leiði ég líkum að því hver verði niðurstaða dómstóla að því er þetta varðar. Þá skoðun mína byggði ég á þeim tíma á því sem auðvelt er að sjá út úr dómasafni Evrópusambandsins sem utanrrn. hafði þó fyrir að birta smávegis útdrátt úr á sínum tíma samkvæmt sérstakri ósk og kröfu að fá svolítið yfirlit, ekki þýðingu því að það eru margir hillumetrar, um slíka dóma. Það liggur því fyrir á íslensku þó að auðvitað hefði þátt að þýða alla dómana í heild sinni á íslensku þannig að þeir væru Alþingi aðgengilegir vegna þess að ef nokkuð er grundvöllur fyrir utan Rómarsamninginn sjálfan, þá eru það dómar Evrópudómstólsins svokallaða sem er laga- og réttargrundvöllur Evrópusambandsins. Þar sjá menn það ganga í gegn sem rauðan þráð í dómum þessa æðsta valds í Evrópusambandinu, sem er jafnframt áhrifaaðili hér á landi eftir að við erum orðnir aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, það meginsjónarmið, að túlka óhindrað vöruflæði, *einn af fjórum þáttum sem kallaðir eru fjórfrelsi*, mjög rúmt og allt sem brjóti í bága við fullt frelsi í vöruflæði standist ekki reglur Rómarsamningsins, standist ekki reglur Evrópusambandsins. Og heilbrigðissjónarmiði, guð minn góður, slíkur hégómi fellur eins og lauf á haustdegi fyrir sjónarmiðum og kröfunni um að hið frjálsa vöruflæði skuli hafa algeran forgang fram yfir önnur sjónarmið.

Þetta eigum við að hafa í huga, ekki bara varðandi þetta mál heldur alls staðar þar sem spurningin er um þetta, t.d. um viðhorf til þátta eins og umhverfisverndar, spurningarinnar um umhverfisvernd og náttúruauðlindir og aðgengi að náttúruauðlindum og meðferð þeirra. Í öllum þessum tilvikum, hvarvetna þar sem er hægt að hafa uppi túlkunina um að eitthvað sé vara, þá dæmir Evrópudómstóllinn frjálsu vöruflæði í hag. Það

er þetta sem hefur verið að gerast einnig í sambandi við sjávarútvegsmál og dóma sem fallið hafa að því leyti. Það ættu Íslendingar að hafa í huga og ekki síst þeir sem eru að láta sig dreyma um að við eigum að ganga inn í Evrópusambandið. Þar er það eðli vara sem hefur forgang eins og í sambandi við dóma sem fallið hafa varðandi svonefnt kvótahopp, þ.e. viðskipti með sjávarafla, og spurningin um erlend skip sem eru skráð í einhverju landi Evrópusambandsins.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara nánar út í þá þætti. Það er af nógu að taka hér sem er nærtækara í sambandi við þetta mál. En ég minni á þessi grundvallaratriði. Ég verð að segja það við hæstv. fjmrh. að slæmt er hans hlutskipti og annarra þeirra sem hafa haft uppi við Alþingi Íslendinga þær blekkingar sem finna má í yfirlýsingum af þeirra hálfu en nú blasir við í þeim úrskurðum sem liggja fyrir, þeim bréfum sem liggja fyrir frá Eftirlitsstofnun EFTA og forúrskurði EFTA-dómstólsins í þessu máli og sem eru þess valdandi að ríkisstjórnin veit um það, að réttarstaðan er engin þessu máli, en svo þykist ríkisstjórnin vera á Alþingi Íslendinga að bera fram sjálfstæðan vilja í þessu efni.

Það vill nú svo til, virðulegur forseti, að Alþingi Íslendinga hefur ekki leyfi til þess lengur að hafa sjálfstæðan vilja á öllu samningssviði Evrópusambandsins. Þar erum við orðnir háðir þessum samningi. Þar erum við orðnir háðir og settir undir réttartúlkun Evrópusambandsins, ekki bara EFTA-dómstólsins, heldur Evrópudómstólsins skv. 6. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði þar sem við eigum að taka mið af túlkunum hans og dómsúrskurðum í hvað eina.

Nýir alþingismenn á Alþingi Íslendinga sem eru að koma inn í þessa stofnun í fyrsta sinn, okkur langar til að kalla hana virðulega og gerum það oft og tíðum, því hún ætti að vera það, koma á Alþingi Íslendinga við þær aðstæður að það hefur afsalað sér að formi til og innihaldi a.m.k. helmingi, og að mínu mati mun meira en helmingi, af valdsviði sínu með samþykktum sem gerðar voru af 33 alþingismönnum 1993 sem skrifuðu upp á samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Það er hinn beiski veruleiki, það er það sem á eftir að mæta fyrrverandi og enn verandi alþingismönnum og nýjum alþingismönnum sem hér starfa þegar þeir fá inn í þingnefndirnar frumvörpin frá stjórnvöldum sem eru flutt til þess að breyta íslenskri löggjöf — ekki samkvæmt mati þessarar stofnunar heldur vegna þess að 17 manna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins með aðsetur í Brussel, sem er löggjafarvald sambandsins í raun með ráðherraráðinu og eini aðilinn í þessari stofnun, Evrópusambandinu, sem hefur leyfi til þess að bera fram lagafrumvörp, 17 manna kommissaraveldi í Brussel. Engir aðrir hafa heimild til þess að flytja lagafrumvörp. Það er ekki kjörin stofnun, það er skipuð stofnun kommissara, embættismanna, í þessu verðandi stórríki í Evrópu sem við lútum og við erum að beygja okkur undir einnig í þessu stóra máli sem hér er verið að ræða því að það varðar miklu.

Það er aðeins dæmi um þær aðstæður sem við höfum búið okkur með meirihlutasamþykkt á Alþingi í sambandi við mótun löggjafar í landinu en jafnframt snertir það stóra þætti sem varða heilbrigðismál fyrir okkur, ekki bara varðandi áfengi heldur allt sem því tengist, einnig harðari vímuefni en áfengi, fíkniefni sem við köllum, en neysla þeirra tengist að sjálfsögðu áfengisneyslu með þeim hætti sem ekki þarf að fjölyrða mikið um. Og það sem verra er, reglurnar um og möguleikarnir á því að hafa eftirlit með innflutningi og dreifingu fíkniefna geta þurft að taka breytingum í náinni framtíð fyrr en seinna af sömu ástæðum og við erum að breyta ákvæðum að því er varðar einkasölu á áfengi. Við erum að vísu ekki komin í Evrópusambandið alla leið og það var sagt hér í gærkvöldi af varaformanni Framsfl. að það væri ekki á dagskrá og ég ætla að vona að Framsfl. standi við þá yfirlýsingu að aðild að Evrópusambandinu verði ekki á dagskrá á Alþingi Íslendinga og af hálfu ríkisstjórnar á þessu kjörtímabili. En nágrannar okkar á Norðurlöndum, tvö lönd þar, eru nýorðnir aðilar að Evrópusambandinu og þau eru að breyta sínum ákvæðum varðandi tollgæslu sem annað til þess að uppfylla kvaðirnar og þar er það með beinum hætti spurningin um möguleikana á eftirliti með innflutningi fíkniefna, með smygli á fíkniefnum sem brennur á þeim. Og það skyldi nú ekki vera, virðulegur forseti, að þau efni væru nær okkur en okkur býr í grun almennt séð og ég vil aðeins nefna hér sem eitt atriði inn í þessa umræðu.

Menn kannast við það, virðulegi forseti, að sjö ríki innan Evrópusambandsins, og senn níu, eru orðin aðilar að svonefndu Schengen-samkomulagi um það að afnema landamæri. Og önnur til viðbótar, eins og Danmörk, hafa gerst bráðabirgðaaðilar eða áheyrnaraðilar að því samkomulagi og telja sig tilknúin í rauninni fyrr en seinna að verða þar meðlimir en hafa gefið um það yfirlýsingu að þau ætla að draga það við sig á meðan látið er á það reyna að öll Norðurlönd geti varðveitt það sem kallað er vegabréfafrelsi milli Norðurlanda.

Þetta mál var til umræðu á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík um mánaðamótin febrúar/mars. Forsætisráðherrar Norðurlanda gáfu þar yfirlýsingu um það að þeir ætluðu sér að tryggja að þessu vegabréfafrelsi yrði viðhaldið ásamt því sem aðilar að Evrópusambandinu, Danmörk og þá væntalega Finnland og Svíþjóð, gengju inn í þetta Schengen-samkomulag, og afnæmu landamæri sín í reynd, bæði vegabréfaeftirlit og tollgæslu í því formi sem hún er núna.

Nú er það svo að leiðin að þessu marki er ekkert einföld og ekki enn þá séð fyrir endann á því hvernig þetta eigi að geta gerst. Ríkisstjórn Noregs — virðulegur forseti, mér sýnist hæstv. fjmrh. vera fjarri. Ég vildi biðja um nærveru hans áður en ég held lengra með þetta.

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera hæstv. fjmrh. viðvart.)

Virðulegur forseti. Það er heldur leitt við að búa ef ekki einn einasti ráðherra getur verið í þingsal og ekki einu sinni sá sem ber þetta mál fram.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur gert hæstv. fjmrh. viðvart og hæstv. landb.- og umhvrh. er í hliðarsal.)

Já, fjmrh. er kominn. Hæstv. ráðherra, ég var að

víkja að Schengen-samstarfinu og þeirri hugmynd og yfirlýsingu sem hefur verið borin fram af íslensku ríkisstjórninni og norsku ríkisstjórninni, að ég best veit, að þessi lönd lýsi sig reiðubúin til þess að taka við ytri landamæravörslu fyrir Evrópusambandið. Þetta er talinn, að ég best veit, einn helsti lykillinn að því að hægt sé að varðveita hið norræna vegabréfafrelsi. Nú veit ég ekki í einstökum atriðum hvernig að slíku máli yrði staðið að því er varðar eftirlit, bæði með fólki og varningi. En mig grunar þó að það mundi leiða af sér ef þetta yrði niðurstaðan og Evrópusambandið féllist á þetta, sem engan veginn liggur þó fyrir, þeir eiga alveg eftir að segja sitt orð í því og það er þeirra ákvörðun hvort Noregi og Íslandi yrði falin slík landamæravarsla fyrir hönd tollabandalagsins Evrópusambands, það er jú tollabandalag. Eftir slíkan gjörning væri sjálfsagt álitið af ýmsum eðlilegast að tollameðferðin yrði með svipuðum hætti. Mér þætti ósennilegt að Evrópusambandið fallist á slíka skipan mála í sambandi við vegabréfaskoðun og frjálst flæði fólks, svo notað sé tæknilegt orðalag, nema við meðhöndlum viðkomandi alveg eins og gerist þegar farið er á milli landa sem eru orðnir aðilar að Schengen-samstarfi, þ.e. að landamæraeftirlit sé nánast úr sögunni.

Hér er sýnist mér á ferðinni verulega stórt mál sem tengist þessu máli og tengist því sem ég var að segja í sambandi við fíkniefnin og möguleikana á að hafa einnig eftirlit með fíkniefnum og dreifingu þeirra sem er auðvitað enn meira áhyggjuefni en nokkurn tímann áhrifin á okkar áfengisstefnu og þær breytingar sem verða á henni vegna lögfestingar frv. af þessu tagi.

Mér þætti vænt um að hæstv. fjmrh. tjáði sig um þetta efni við umræðuna og greindi okkur frá því hvar þetta mál sé statt og hvernig áhrif þetta mundi hafa ef við yrðum landamæragæsluaðilar fyrir Evrópusambandið, verktakar að því leyti, og ytri landamæri Evrópusambandsins lægju í rauninni um landamæri Íslands. Skal ég þá ekki fara miklu lengra með þann þáttinn.

Ég vil þá aðeins nefna það til að hafa komið því að í umræðunni, virðulegi forseti, að við erum að tala um innflutning og heildsölu á áfengi en ekki smásöluna. Ég vil að sú skoðun komi fram af minni hálfu að mér þykir langt frá því einsýnt og hitt raunar líklegra að þegar að því kemur, sem áreiðanlega mun draga að fyrr en seinna, að spurningin um smásöludreifingu verði að dómsmáli innan Evrópusambandsins eða á vettvangi EFTA-dómstólsins séu líkur á því að þá geti svo farið að einnig sú hindrun falli að heimilt sé að ríkið hafi með höndum smásöludreifingu á áfengi. Niðurstaðan verði sem sagt sú að það verði óheimilt að halda uppi slíkri smásöludreifingu á áfengi á vegum einkaðila. Og það skyldi nú ekki vera að þetta eigi eftir að koma á okkur fyrr en seinna. Hér er hið sama, áhyggjur mínar að þessu leyti eru vegna þess sem ég hef áður greint frá, vegna í rauninni hinnar altæku túlkunar af hálfu dómskerfis Evrópusambandsins á því að vörurnar skuli hafa frjálst flæði. Þar megi ekki hafa uppi hindranir. Við heyrðum það úr munni hæstv. ráðherra áðan að hann var farinn að ýja að því að þetta mál gæti komið til kasta dómstóla og orðið viðfangsefni áður en langt um líður. Við skulum hafa þetta einnig í huga þegar við förum yfir málið.

Það er ekkert einfalt að verjast innan þessa kerfis miðað við þær leikreglur sem okkur eru skapaðar með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það er ekkert auðvelt mál. Eins og menn vita, ef við þrjóskumst við og viljum hafa uppi sjálfstæða stefnu í þessum efnum, halda okkar einkasölu á áfengi og koma þar ákveðnum vörnum við með lögum þá geta gagnaðilar sem telja sig verða fyrir tjóni að slíkri skipan mála gert kröfu til þess og gera til þess kröfu og raunar þurfa stofnanir Evrópusambandsins að grípa að eigin frumkvæði til gagnaðgerða með því að fella heilu sviðin niður úr samningnum og um það geta menn lesið í einstökum greinum hans, hvort það var grein 111 eða eitthvað á þeim slóðum þar sem fjallað er um gagnaðgerðir og réttinn til gagnaðgerða ef aðilar eru taldir uppfylla skilyrði samningsins. Auðvitað verða menn að horfa á það mál eins og það er.

Ég þarf ekki að rifja það upp að mitt viðhorf til þessa máls var það og er óbreytt enn að við höfum með því að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði gengið í gildru sem aldrei skyldi verið hafa og það kann að koma að því að það renni upp fyrir íslenskum stjórnvöldum að við værum betur komin utan þessa samnings og þeirra leikreglna sem hann kveður á um. En mér er alveg ljóst að það mun talsvert þurfa að ganga á áður en slíkt gerist.

Við hæstv. ráðherra vil ég segja að ég tel það þó mennilegra að bíða eftir því að dómur falli í þessu máli heldur en að ætla að gefast upp fyrir fram eins og hann er að leggja til við Alþingi Íslendinga og meta þá málið í ljósi þess að dæmt hafi verið í því. Það ætti að vera hægurinn hjá að þessi dómstóll hafi einhverja umsýslu, ærin eru launin sem dómararnir fá, þeir eru vel haldnir og allt það kerfi sem þarna er búið til í tengslum við það.

Varðandi spurninguna um það hvort sú skipan mála sem hér er lagt til að verði tekin upp leiði af sér verri stöðu að því er varðar áfengismeðferð og áfengisstefnu af hálfu Íslendinga þá veit ég að uppi eru mismunandi sjónarmið að því leyti. Ég hef t.d. tekið eftir því að sá öflugi fjölmiðill Morgunblaðið hefur haldið uppi alveg ákveðnum viðhorfum og skrifað leiðara eftir leiðara um það að breyta eigi til og metur það svo að hér sé um útúrboruhátt að ræða og Íslendingar eigi að semja sig að siðum annarra sem hafa allt aðra skipan á þessum málum. Þar er því haldið fram, án þess að ég fari að vitna hér í eina þrjá leiðara sem ég hef fyrir framan mig úr Morgunblaðinu frá síðasta ári eða svo, að áhrifin á áfengisstefnu okkar Íslendinga munu ekki verða neikvæð og það sé einnig af þeim sökum tímabært að gera þessar breytingar. Ég held að málið liggi ekki svona. Ég held að við þurfum a.m.k. að fara mjög vandlega yfir þessi efni áður en við staðhæfum slíkt og tökum undir slík sjónarmið.

Ég er ánægður að heyra það við umræðuna af hálfu hæstv. heilbrrh. og ég met það svo að það hljóti að verða niðurstaðan, ég hafði raunar ætlað mér að stinga

upp á því en nú er það fram komið af hálfu hæstv. heilbrrh., að óska eftir því að málið fái einnig umfjöllun í hv. heilbr.- og trn. þingsins. Það ætti að vera auðvelt að gera slíkt og eru afar skýr rök fyrir því að það verði gert.

Ég held það væri rétt fyrir okkur í því sambandi að fara yfir það hversu neysla hér á landi á áfengi er verulega öðruvísi en gerist í ýmsum löndum, þar á meðal í löndum sem nær eru miðju Evrópu en Ísland. Þessi sérstaða er tilkomin hjá okkur m.a. vegna opinberrar stefnu í áfengismálum. Hún kemur fram í Svíþjóð einnig og víðar á Norðurlöndum sem eru með langtum minni neyslu áfengis á heildina litið en gerist í löndum Mið-Evrópu þar sem löggjöf og stefna yfirvalda að þessu leyti er langtum frjálslegri, svo notað sé það orð, langtum rýmri en gerst hefur á Norðurlöndum. Ég tel að það sé ekki að ástæðulausu að Norðurlönd hafa reynt að halda í þetta og ég held að það væri mjög úr takti við tímann að breyta frá því sem verið hefur og kasta fyrir róða því sem hefur tekist að verja í þessum efnum og fara ekki sem sagt að opna þar fyrir flóðgáttir, e.t.v. að nauðsynjalausu, sem getur leitt til verulegs skaða á heilsufar þjóðarinnar og margt sem því tengist bæði andlega og líkamlega.

Virðulegur forseti. Ég hef hér fyrir framan mig yfirlit yfir neyslu á hreinum vínanda á Norðurlöndum á tímabilinu frá 1970 til 1972 og það er mjög athyglisvert að fara yfir það efni. Ég held að það ætti að vera eitt af verkefnum ekki síst hv. heilbrn. að fara yfir það efni þar sem það kemur fram eins og menn sjá hér á þessu línuriti, þeir sem hafa góða sjón, að Danmörk er með langsamlega mesta neyslu allan þennan tíma, alveg á toppi, og sker sig líka úr að því er varðar löggjöf í sambandi við áfengismál og er þar með svipað fyrirkomulag og Þýskaland og fleiri ríki nær miðju álfunnar. Finnland kemur í næsta sæti og síðan Svíþjóð og síðan er það Ísland og Noregur sem eru með minnsta heildarneyslu á þessu tímabili öllu, langsamlega minnsta neyslu. En ekki aðeins þessi staðreynd þarf að vera til athugunar og umhugsunar hjá okkur áður en menn fara að opna hér gáttirnar meira. Menn þurfa einnig að líta á samsetninguna en það er mjög athyglisvert hvernig samsetningin er á neyslunni. Hún er brotin upp í súluritum sem ég hef hér, virðulegur forseti, sem er neyslan í Skandinavíu á árinu 1992. Þar kemur í ljós að Íslendingar eru með mesta notkun, og þetta er miðað við íbúa og 100% alkóhólmagn, er með mesta notkun sterkra drykkja en hins vegar mun minna af öðru, þ.e. bæði af bjór og léttum vínum. Slík atriði þurfa menn að skoða vel áður en þeir kasta sér út í breytingar á því sem tiltölulega vel hefur reynst.

Virðulegur forseti. Það er margt fleira sem þörf væri á að draga fram í sambandi við þessa umræðu. Ég held að menn þurfi við skoðun málsins að fara vel yfir það sem opinberir trúnaðaraðilar í samfélaginu hafa sent frá sér í þessum málum. Ég hef hér fyrir framan mig samantekt frá áfengisvarnaráði frá desember 1994 nokkur atriði sem ástæða væri til að lesa hér upp en tíminn leyfir það ekki í þessari ræðu minni. Þar eru nokkur minnisatriði frá desember 1994 um einkavæðingu áfengissölu. Flest ber það að sama brunni að mati áfengisvarnaráðs að sú breyting sem hér er verið að leggja til mundi hafa slæmar afleiðingar að þeirra mati. Þeir benda einnig á það í öðru minnisblaði frá desember 1994 að þetta frv. gengur gegn markmiðum í öðrum frv. að því er varðar áfengismál eins og frv. til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lagði sem heilbrrh.- og trmrh. fyrir Alþingi á 115. löggjafarþingi og frv. til laga um breytingu á áfengislögum, með síðari breytingum, sem fyrrv. félmrh., hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, flutti ásamt fleiri þingmönnum Alþfl., og till. til þál. um áætlun um að draga úr áfengisneyslu sem þingmenn úr öllum flokkum lögðu fram á síðasta þingi og var Jón Helgason 1. flm. málsins. Þannig er nóg af aðvörunum frá aðilum sem láta sér annt um þessa hlið málsins og hafa komið því á framfæri bæði í formi þingmála hér á Alþingi og þess utan oft á tíðum í umræðum.

Virðulegur forseti. Ég hef komið hér að fáeinum atriðum af mörgum sem þörf er á að draga fram í þessari umræðu. Ég hef rétt til þess að koma aftur samkvæmt þingsköpum og e.t.v. er ástæða til þess við þessa 1. umr. að koma fleiri atriðum að. Ég þakka fyrir þolinmæði forseta.

[14:06]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var nú ekki vegna hótunar ræðumanns um að koma aftur í ræðustólinn sem ég tek til máls heldur eru það tvö atriði í hans máli sem mig langar til að gera hér örstutt að umræðuefni. Annars vegar er það Schengen-samstarfið. Ég vil einungis segja frá því að það samstarf er á vegum dómsmálaráðherranna annars vegar og að málinu koma utanríkisráðherrar þannig að ég verð að vísa til þeirra um frekari upplýsingar. En ég sé ekki á þessari stundu að það sé nauðsynlegt að leggja niður t.d. tollskoðun og tollafgreiðslu ferðamanna frá Evrópulöndum til Íslands því að samstarfið byggir fyrst og fremst á sams konar fyrirgreiðslu eða afgreiðslu vegna fólks sem kemur utan frá því þetta er ytri landamæravarsla. En í sjálfu sér á meðan við erum ekki aðilar að Evrópusambandinu getum við haldið uppi tollskoðun á varningi til að mynda frá Evrópuríkjunum til Íslands, þar á meðal Norðurlöndunum, eins og við gerum þó að menn séu ekki passaskyldir þessa leið. Þannig að án þess að ég geti nokkuð fullyrt um það þá held ég að það séu möguleikar á að halda úti eftirliti frá þessum löndum til Íslands. Aðalatriðið er að ef við verðum aðilar að Schengen-samstarfinu þá sé það að fara eins með ferðamenn og varning sem koma frá löndum utan EES-svæðisins.

Síðan var það varðandi blekkingar og vísvitandi blekkingar. Án þess að ég geti svarað því endanlega þá held ég að það sé alveg ljóst, virðulegur forseti, að fulltrúar fjögurra Norðurlandaþjóða eða ríkisstjórna hafa varla verið að skrifa þessa bókun sem vísvitandi blekkingu. Mér finnst dálítið langt til seilst þegar menn halda þessu fram þótt á daginn hafi komið að líklega

er hægt að dæma okkur fyrir það að fara ekki eftir því sem segir í samningum og sáttmála Evrópubandalagsins.

[14:08]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta fyrra atriði varðandi Schengen-samstarfið. Það er alveg nauðsynlegt að það verði farið yfir stöðuna við skoðun þessa máls hérna vegna þess að þetta er ekki eins einfalt og mér fannst hæstv. fjmrh. vilja túlka málið, að þetta varði fyrst og fremst ferðafrelsi utan að inn á EES-svæðið ef við tækjum að okkur landamæravörslu fyrir Evrópusambandið. Ég held að framkvæmdastjórn þess muni gera mjög ákveðið þá kröfu að það gildi að það væru ekki landamæri á milli, að það yrði hliðstæð meðhöndlun um þá sem kæmu til Íslands.

Menn skulu hafa það í huga af því að talað var um að þetta væri ekki bara vegabréfaskoðun heldur væri líka hægt að hafa tollskoðun uppi. Nú kann það að vera að það verði niðurstaðan, ég vil ekkert fullyrða um það, en innan Schengen-landanna hefur framkvæmdastjórnin nýlega kveðið upp úr um að það sé bannað að gera stikkprufur á farangri. Því skulu menn taka eftir. Menn héldu þetta og því hefur verið haldið fram á Norðurlöndunum af stjórnvöldum, kannski í góðri trú eins og hæstv. fjmrh. ætlaði einnig varðandi aðra þætti, að það verði teknar stikkprufur. Þessu eru þeir búnir að halda fram við fólk, m.a. í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslna. Nú er einnig búið að taka það út af borðinu með úrskurði framkvæmdastjórnarinnar, hinnar máttugu í Brussel.

Varðandi svo hitt atriðið sem hæstv. ráðherra kom að varðandi það að ekki hafi verið um vísvitandi blekkingar að ræða. Við fáum hvorugur sannað okkar mál en nógu margir voru þeir sem vöruðu við og einn af þeim stendur hér sem dró þær ályktanir augljóslega af dómum sem fallið hafa hver yrði túlkunin. (Forseti hringir.) Og að lokum, virðulegur forseti, menn skulu hafa í huga að lykillinn að því að fá EES-samninginn í gegn í Noregi var að Kristilegi flokkurinn greiddi atkvæði með. Hann vildi sko sannarlega trúa því og tók það bókstaflega og þess vegna greiddi hann atkvæði með og komst samningurinn í gegn í Noregi, Kjell Magne Bondevik er formaður hans, tók það trúanlegt gagnvart sínu fólki og sannfærður um að þetta fengi staðist. Þetta hefði ráðið úrslitum, þetta var úrslitaatriði, því að fyrir þeim er áfengisstefnan mjög heilög.

[14:11]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst út af því atriði sem hv. þm. nefndi frá Noregi og vitnaði til Kjell Magne Bondeviks, formanns Kristilega flokksins, þá á það ekki við hér á landi vegna þess að það var ljóst að EES-samningurinn átti meirihlutafylgi að fagna annars vegar og hins vegar var það frv. sem hér er til umræðu frv. sem meiri hluti þingsins studdi á síðasta þingi alveg burt séð frá aðildinni að EES. Þannig að í báðum tilvikum var um meiri hluta að ræða án þess að málin tengdust nokkuð skapaðan hlut. Það er því ekki hægt að halda því fram hér að þetta atriði hafi valdið straumhvörfum um stuðning við EES-svæðið eins og hugsanlegt er að gerst hafi í Noregi.

Út af Schengen-samstarfinu get ég ekki sagt neitt meira heldur en hér hefur komið fram, ég þekki það ekki nægilega vel. Hitt veit ég hins vegar að það kann að vera að ef við að fullu þurfum að gerast þátttakendur að samstarfinu eins og það liggur fyrir milli núverandi Schengen-þjóða, í samstarfi þeirra, þá gætum við líka þurft að sætta okkur við það sem ég hugsa að margir ferðamenn hafi ekki hugsað út í og það er að hætta að flytja tollfrjálsan varning, þar á meðal tóbak og áfengi á milli landanna. En Evrópubandalagið hefur einmitt haft það á stefnu sinni að því sé hætt af þeim sökum að landamæravarsla er látin niður falla.

[14:12]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að þetta síðasta varðandi flutning á áfengi milli landa sé ekki komið alveg í þessa höfn en þó kann það að verða að það fylgi með. En þetta er nú þegar býsna rúmt. Veit hæstv. fjmrh. hvað Svíar mega nú taka af áfengi inn í landið í krafti aðildar að Evrópusambandinu? Þeir geta tekið lítra af sterku, fimm léttar og tvo kassa af bjór. Þetta hefur rýmkað alveg stórkostlega þessi réttur til að taka með sér áfengi inn í Svíþjóð og auðvitað sjá allir að það mun væntanlega leiða til meiri notkunar, það er a.m.k. ályktun flestra að það leiði til þess. Og svo kann að vera hins vegar að þetta breytist ef Svíar verða aðilar að Schengen, það má vel vera.

Um það hvort þetta hafi riðið baggamuninn varðandi stuðning við EES hér á landi. Ég hélt því ekki fram. Ég býst við að það sé rétt ályktun. En af því að hæstv. fjmrh. nefndi þjóðirnar fjórar sem hefðu staðið að þessu þá þurfti kannski ekki nema eina til að vera sannfærð til að geta talið þingmönnum trú um það svona fyrir fram að hægt væri að viðhalda áfengiseinkasölu hjá sér, að það hefði verið nóg til að draga hinar með inn í spilið. Allir þekkja nú dómínó-kenninguna sem hefur verið býsna áhrifamikil í sambandi við þessa vél alla.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Mælendaskrá er ekki tæmd í 1. dagskrármáli en samkomulag hefur orðið um að ljúka þessum fundi nú. (**Fjmrh.:** Hve margir eru á mælendaskrá?) Það er einn hv. þm. á mælendaskrá.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 14:15.

# 4. FUNDUR

mánudaginn 22. maí,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 2. mál, þskj. 2. — 1. umr.
3. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr.
4. Gjald af áfengi, stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Björn Bjarnason menntmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Kaupmannasamtökum Íslands.

***Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.***

[15:02]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Eftirfarandi bréf hafa borist til forseta Alþingis, dags. 22. maí 1995:

„Á fundi samgn. í dag var Einar K. Guðfinnsson kjörinn formaður nefndarinnar og Magnús Stefánsson varaformaður.

Þetta tilkynnist hér með.

Áslaug Árnadóttir, ritari samgn."

Annað bréf, dags. 22. maí 1995:

„Á fundi heilbr.- og trn. í dag var Össur Skarphéðinsson kjörinn formaður nefndarinnar og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.

Þetta tilkynnist hér með.

Áslaug Árnadóttir, ritari heilbr.- og trn."

Þriðja bréfið er dags. 22. maí 1995:

„Á fundi utanrmn. í dag var Geir H. Haarde kjörinn formaður nefndarinnar og Ólafur Ragnar Grímsson kjörinn varaformaður.

Þorsteinn Magnússon, ritari utanrmn."

Enn er hér bréf dags., 19. maí 1995:

„Á fundi fjárln. Alþingis 18. maí sl. var Jón Kristjánsson kosinn formaður nefndarinnar og Sturla Böðvarsson varaformaður.

Fyrir hönd fjárln. Alþingis,

Sigurður Rúnar Sigurjónsson."

***Umræður utan dagskrár.***

Uppsögn sérkjarasamninga hjúkrunarfræðinga.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um uppsögn sérkjarasamninga hjúkrunarfræðinga. Umræðan er að beiðni hv. 5. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, en hæstv. heilbrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur því í allt að hálftíma.

Þar sem um fyrstu umræðu utan dagskrár á þessu þingi er að ræða vill forseti rifja upp reglur um ræðutíma í þessum umræðum.

Meginreglan er að hver ræðumaður má tala í allt að tvær mínútur tvisvar en málshefjandi og viðkomandi ráðherra mega þó tala í allt að fimm mínútur í fyrra sinn.

[15:05]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Undanfarna daga hefur mikið verið rætt um stöðu sjúkrahúsa og heilsugæslu utan höfuðborgarsvæðis vegna uppsagna á sérkjarasamningi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Samningar þessir eru flestir frá þeim tíma að sjúkrahúsin voru rekin á ábyrgð sveitarfélaganna en við gildistöku laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga 1991 var því lýst yfir að fjmrn. færi með gerð kjarasamninga við einstakar stéttir sem starfa á sjúkrahúsum eftir að ríkið yfirtók reksturinn. Fyrirmæli til stjórnenda sjúkrahúsa um að segja sérkjarasamningum upp komu því frá fjmrn. stutt af heilbrrn. Allur framgangur þessa máls er með endemum og um tíma leit út fyrir að starfsemi sjúkrahúsa á landsbyggðinni lamaðist algjörlega. En nú hefur það ánægjulega gerst að hæstv. heilbrrh. hefur lýst því yfir að málið sé leyst og sjúkrahúsin fái einhverja viðbótarfjárveitingu til að mæta útgjöldum vegna sérkjarasamninga á þessu ári. Það er þó ljóst að þessum kostnaði verður ekki mætt að fullu og þess vegna getur komið til þess að um einhverja skerðingu á þjónustu verði að ræða hjá sjúkrahúsum úti um land. Fréttamaður á annarri sjónvarpsstöðinni spurði hæstv. heilbrrh. hvort sjúkrahúsin réðu við þann kostnað sem því fylgir að láta sérkjarasamningana gilda áfram. Hæstv. ráðherra sagði að þau ættu að geta það en það yrði misjafnlega auðvelt. — Misjafnlega auðvelt.

Það mætti halda að verið væri að ræða um sjúkrahús sem hefðu þokkaleg fjárráð en ekki fjársveltar stofnanir. Ráðherrann hæstv. veit jafn vel og ég að þau sjúkrahús sem um er að ræða hafa mátt þola stöðugan og óraunhæfan niðurskurð ríkisvaldsins ár eftir ár. Niðurskurð sem hefur leitt til þess að þessar stofnanir hafa ekki getað veitt þá þjónustu heima í héraði sem nauðsynleg er og sífellt fleiri hafa þurft að sækja þjónustu til stóru sjúkrahúsanna hér í Reykjavík og sú staðreynd hefur síðan verið notuð sem rök fyrir því að leggja eigi sjúkrahúsin úti á landi niður í núverandi mynd. Þetta fjársvelti sjúkrahúsanna úti á landi er ein af ástæðunum fyrir því að gerðir hafa verið sérkjarasamningar við starfsfólk þeirra. Vinnuaðstaða þess er allt önnur og erfiðari en starfsfólks á stórum sjúkra-

húsum í Reykjavík. Það er því röng stefna að gera kjarasamning við stéttarfélag hjúkrunarfræðinga án þess að taka sérstaklega á vinnuaðstöðu og álagi úti á landi. Það hefðu verið eðlileg viðbrögð hæstv. heilbrrh. að fresta þessu máli á sama hátt og hún frestaði tilvísunarkerfinu og bæta sjúkrahúsum upp aukinn kostnað vegna sérkjarasamninga í fjáraukalögum þessa árs og vísa hefði mátt málinu í gerð nýs aðalkjarasamnings um næstu áramót.

Sú lausn sem hæstv. ráðherra hefur komið með tekur síður en svo á vanda sjúkrahúsanna á landsbyggðinni og verður ekki til að styrkja stöðu þeirra. Hæstv. ráðherra hefur sagt að vandanum verði að mæta innan ramma fjárlaga sem eru í gildi og búa þessum stofnunum afar knöpp kjör. Stjórnendur sjúkrahúsanna eiga nú að sjá um samninga telji þeir ástæðu til og það skulu þeir gera þrátt fyrir að fjmrn. hafi sent frá sér bréf þar sem segir að það ráðuneyti fari með alla samningsgerð eftir að verkaskiptalög ríkis og sveitarfélaga tóku gildi.

Hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir í viðtali við DV nú rétt fyrir helgina að stjórnendur sjúkrahúsanna hafi sjálfir gert þessa sérkjarasamninga og beri því á þeim fulla ábyrgð. Ég hlýt því að velta því fyrir mér hvert sé gildi laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem ábyrgð á rekstri sjúkrahúsanna var færð frá sveitarfélögum til ríkis. Ef fara á eftir orðum ráðherra um fulla ábyrgð stjórnenda á samningum hvers vegna voru þá ráðuneyti fjármála og heilbrigðismála að gefa út fyrirmæli um málsmeðferð? Fróðlegt væri að fá túlkun hæstv. ráðherra á bréfi fjmrn. frá 21. jan. 1991 þar sem ráðuneytið fellst á það sjónarmið stéttarfélags að starfsmenn heilbrigðisstofnunar skuli halda kjörum sínum út samningstímabilið. Það kemur skýrt fram að ráðuneytið ræddi um gildistíma sérkjarasamninga og tók ákvörðun um meðferð þeirra. Þýddi þetta ekki að forræði í samningamálum var komið úr höndum stjórnenda sjúkrahúsanna til fjmrn.? Hvaða forsendur hafa breyst frá því í febrúar þegar stjórnendum sjúkrahúsanna var sagt að þeim væri með öllu óheimilt að gera samninga um kaup og kjör? Hvers vegna ráðleggur hæstv. heilbrrh. stjórnendum nú að semja um kaup og kjör með bréfi dags. 15. maí? Telur hæstv. heilbrrh. að starfsaðstæður hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og annarra starfsstétta heilbrigðiskerfisins séu sambærilegar hvar sem er á landinu? Hver er afstaða hæstv. heilbrrh. til þeirra sérkjarasamninga sem eru í gildi fyrir starfsmenn heilbrigðiskerfis utan Reykjavíkur og þá sérstaklega til svokallaðra staðaruppbóta? Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að aukið fjármagn verði veitt síðar á árinu til þeirra sjúkrahúsa sem ná ekki að leysa deiluna með þeim fjármunum sem þeir nú hafa til umráða og hafa fengið loforð um? Verður gert ráð fyrir áframhaldandi kostnaði af sérkjarasamningum í tillögum ráðuneytis um fjárveitingar til sjúkrahúsa á næsta ári? Ef ekki, hyggst þá hæstv. ráðherra gera tillögur um sérstakar staðaruppbætur og sérstakar greiðslur fyrir verk umfram eðlilegar starfsskyldur vegna starfsaðstöðu?

[15:10]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu utan dagskrár vandi sjúkrahúsanna á landsbyggðinni og staða 200 hjúkrunarfræðinga sem hefur verið yfirvofandi að gangi út af sjúkrahúsunum 1. júní nk. Fjöldi þeirra lítur svo á að með uppsögnum einstaklingsbundinna ráðningarsamninga sem sagt var upp 1. mars sl. hafi þeim verið sagt upp störfum. Þetta er einn af þeim mörgu hnútum sem fyrir lá að leysa þyrfti þegar ég tók við embætti heilbrrh. Margir þeirra verða ekki leystir í bráð en aðrir þola enga bið samanber þetta deilumál.

Vandi sjúkrahúsanna er mikill og verður ekki leystur á skömmum tíma og hann verður varla leystur nema með miklum skipulagsbreytingum í heilbrigðisþjónustunni. Hv. fyrirspyrjandi ætti að þekkja þennan vanda eftir langa veru sína í fjárln. Alþingis.

Að því er varðar fyrirspurn þá sem hér er til umræðu vil ég svara einstökum efnisatriðum hennar sem hér segir.

Spurt er hvers vegna heilbrrn. gaf fyrirskipun um málsmeðferð til stjórnarnefnda sjúkrahúsanna í febrúar sl.

Forsaga málsins er sú að hér er um að ræða samræmdar aðgerðir stjórnenda þessara sjúkrastofnana og að frumkvæði ráðuneytis til þess að segja upp einstaklingsbundnum ráðningarsamningum milli stofnana og hjúkrunarfræðinga. Sú samstaða var síðan engin eða lítil.

Önnur spurning er varðandi túlkun á bréfi fjmrn. frá 21. jan. 1991 og forræði málsins.

Forræði málsins hefur alltaf verið í höndum stjórnenda stofnananna þar sem þær gerðu sjálfar þessa samninga við einstaka hjúkrunarfræðinga og hópa þeirra. Hér hefur aldrei verið um sérkjarasamning að ræða heldur einstaklingsbundin ráðningarkjör.

Tilvitnun hv. fyrirspyrjanda í bréf fjmrn. frá 21. jan. 1991 tel ég að sé best svarað með samningi þeim sem tók gildi 1. apríl 1994 sem var miklu hagstæðari fyrir hjúkrunarfræðinga en fyrri samningur.

Spurt er um tilboð ráðuneytis varðandi staðaruppbætur og fleira.

Tilboð það sem er til vitnað var ekki fellt úr gildi en fljótlega var ljóst að ekki var samstaða um landið varðandi tilboðið.

Niðurstaða mín varðandi þetta mál kom fram í bréfi sem ég sendi stjórnendum þessara stofnana hinn 15. maí sl. þar sem ég tilkynni þeim að ég hafi ákveðið viðbótarfjárveitingu til þeirra alls 34,7 millj. kr. til að bæta upp niðurskurð vegna þessara sérkjarasamninga í 10 mánuði á þessu ári. Jafnframt var það tilkynnt að ég gerði ekki athugasemd að þeir greiddu þessi laun ef hægt væri að fjármagna það rekstrarfé. Auk þess hvatti ég til að skoða og samræma sérkjör allra starfsmanna viðkomandi stofnana þannig að sérkjör allra stétta væru skoðuð í einu.

Ljóst er að svigrúm einstakra stofnana til að leysa þetta mál innan ramma fjárlaga er mismunandi eins og kom fram hjá hv. þm. og ég geri mér fyllilega ljóst að þetta er mjög erfitt fyrir mörg sjúkrahús úti á landi.

Síðan er spurt um afstöðu mína til að greiða sérstaka staðaruppbót og spurning um starfsaðstæður hjúkrunarfræðinga.

Starfsaðstæður hjúkrunarfræðinga hafa verið mjög mismunandi eftir vinnustöðum, stærð þeirra og þeirri starfsemi sem þar fer fram, það veit ég af eigin reynslu og vissulega eru starfsaðstæður á litlum vinnustað á landsbyggðinni verulega frábrugðnar því sem er t.d. á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík. Ég tel að sérstakar aðstæður geti verið nauðsynlegar til að meta til launa starfsaðstæður, landfræðilega legu, einangrun og sérstakt álag á starfsfólk, t.d. vegna mannfæðar, en það tel ég að eigi að gerast í kjarasamningum milli ríkisins og viðkomandi stéttarfélags eða í beinum tengslum við gerð kjarasamninga.

Síðan er spurt um viðbrögð mín ef einhver sjúkrahúsanna ná ekki samningum og hjúkrunarfræðingar ganga út. Staða þessa mála í dag er sú að framkvæmdastjórar og stjórnendur þessara stofnana eru að vinna að því að leysa málið gagnvart viðkomandi starfsmönnum. Víðast hvar á landinu er þetta leyst sem betur fer og góðar vonir um lausnir á flestum stöðum. Enda þótt ég viti að um mikla erfiðleika sé að ræða er mikill vilji til að leysa þetta mál. Ég tel því ekki tímabært að tjá mig um það sem hugsanlega kann að koma upp um næstu mánaðamót.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi hér svarað þeim fyrirspurnum sem hv. þm. lagði fyrir mig.

[15:16]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Allt síðasta kjörtímabil gagnrýndi Framsfl. vinnubrögð páv. ríkisstjórnar í heilbrigðismálum og núv. hæstv. heilbrrh. var þar framarlega í flokki og hún tók m.a. þátt í því að Framsfl. samþykkti þessa ágætu stjórnmálaályktun á síðasta flokksstjórnarfundi sínum á síðasta flokksþingi sínu og þar var harðlega mótmælt því sem Framsókn kallaði „fljótfærni og illa undirbúnar aðgerðir". Kallað var eftir meiri ábyrgð í verkum. Þess var því að vænta að einmitt þegar Framsfl. hafði tekið við heilbrigðismálunum yrði þess gætt að tekið yrði ákveðið á málum.

Herra forseti. Nú höfum við fengið forsmekkinn af þessum nýju vinnubrögðum hæstv. heilbrrh. og ef þau eru lýsandi fyrir framhaldið lofar það sannarlega ekki góðu. Á næstsíðasta kjörtímabili var rekstur sjúkrahúsanna fluttur yfir til ríkisins. Þá var það jafnframt gert skýrt af hálfu fjmrn. að einungis það ráðuneyti mætti fara með gerð sérkjarasamninga. Á síðasta kjörtímabili gerði síðan fjmrh. fyrsta heildarsamninginn við félag hjúkrunarfræðinga og gert var ráð fyrir því að staðbundnir sérkjarasamningar yrðu leiðréttir með tilliti til heildarsamningsins. Fyrir þessu var gert ráð við samþykkt síðustu fjárlaga og fyrrv. heilbrrh. vann að sjálfsögðu í anda þeirrar samþykktar sem Alþingi hafði gert með fjárlögum. Þetta olli vissulega deilum í röðum hjúkrunarfræðinga en sjúkrahúsin urðu ásátt um að verða samstiga við lausn málsins. Það brast þegar á hólminn var komið. Fyrrv. heilbrrh. hafði hins vegar náð einingu um það meðal forsvarmanna sjúkrahúsanna að gerður yrði samræmdur samningur þar sem í senn yrði tekið tillit til heildarsamningsins við stéttarfélagið en jafnframt til aðstæðna í héraði og þær voru auðvitað mismunandi milli staða. Núv. hæstv. heilbrrh. virðist hins vegar bresta kjark til að taka á sig ábyrgð. Hún veigrar sér einfaldlega við að hafa stefnu í málinu. Hvað gerir hún í staðinn? Hún sendir stjórnum sjúkrahúsanna bréf og segir þeim að leysa málið með samningum. Það gerir hún án þess að tryggja fjármagn til varanlegrar lausnar og vitandi vits um þá staðreynd að fjmrn. bókstaflega bannar það. Hún hendir einfaldlega málinu til þeirra og segir: Þetta er ekki á mína ábyrgð heldur ykkar.

Hæstv. heilbrrh. Þetta tel ég ekki eðlileg vinnubrögð og þetta er ekki að þora að horfast í augu við ábyrgð sína. Það er fróðlegt að horfa til þess hvaða einkunn forsvarsmenn sjúkrahúsanna gefa þessum vinnubrögðum. Framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Suðurlands hefur eftirfarandi orð um þetta vinnulag: „Algjört klúður."

Herra forseti. Ég get ekki annað en tekið undir það með forsvarsmanni Sjúkrahúss Suðurlands.

[15:18]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. 5. þm. Suðurl. frumkvæði í þessu utandagskrármáli vegna deilna um sérkjarasamninga við hjúkrunarfræðinga og ljósmæður. Umræðan um þessa deilu hefur að mestu leyti snúist um það hvort hægt væri að segja upp sérkjarasamningum án þess að þar væri um uppsögn úr starfi að ræða. Sérkjör starfsmanna hins opinbera hafa oft verið til umræðu og þá helst í því ljósi að sérkjör væru fríðindi karla. Það er því gott að í ljós kemur að kvennastétt eins og hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hefur siglt þar upp að hlið karlanna í sérkjörum. Ef sérkjör opinberra starfsmanna eru til umræðu þá hljóta öll sérkjör, jafnt karla sem kvenna, að vera til umræðu á sama tíma. Deila hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra hefur verið að þróast í þá átt að stjórnir flestra sjúkrahúsanna hafa dregið uppsagnir sínar til baka. Það er gert undir þeirri pressu að því er yfirmenn sjúkrahúsa segja mér að í kjölfarið verði að draga stórlega úr þjónustunni með virkum aðgerðum. Við Sjúkrahús Suðurnesja er t.d. rætt um að loka deildum eins og skurðstofu sem leiðir til takmarkaðra nota af þjónustu fæðingardeildarinnar. Þar er einnig rætt um að draga úr heimahjúkrun og jafnvel loka seljum í þéttbýliskjörnum. Þarna er um mikla skerðingu á þjónustu að ræða sem bitnar strax mjög harkalega á öldruðum, barnshafandi konum og fólki í jaðarbyggðum svæðisins. Svona gerum við ekki, hæstv. heilbrrh.

Það vakti eftirtekt að nokkur sjúkrahús á landsbyggðinni sögðu ekki upp sérkjarasamningum sínum þó fyrrv. heilbrrh. hefði mælt svo fyrir. Það vekur upp þær spurningar hvort fjárráð sjúkrastofnana séu mismunandi rúm. Ég vil beina því til hæstv. heilbrrh. að gerð verði samanburðarathugun á sjúkrastofnunum og bornir saman rekstrarþættir miðað við íbúafjölda á þjónustusvæði, aðgerðarfjöldi á hverri stofnun, fæðingar og o.fl. Það þarf að vera til aðferð sem mælir

vísitölu heilbrigðisþjónustu sem svæðin geta borið sig saman eftir. Ég vil benda á að fjárveitingar á Sjúkrahúsi Suðurnesja, sem þjónar um 15.000 manna svæði, er á yfirstandandi ári um 230 millj. kr. á meðan svæði sem þjónar 10.000 íbúum fær til sinnar stofnunar um 410 millj. kr.

[15:21]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég býst við að að flestra mati sé um allvandasamt mál að ræða. Ég held að það skipti mjög miklu máli að framkvæmdarvaldið fari varlega í sínum aðgerðum varðandi umfjöllun og hvernig á því er haldið. Það sem skiptir m.a. máli í þessu sambandi er rétturinn. Það liggja fyrir misjöfn sjónarmið, andstæð sjónarmið um það hvort þeir samningar sem taldir eru einstaklingsbundnir af hálfu heilbrrn. og fjmrn. eru það í reynd og hvort þeir tengjast ekki ráðningarsamningum eins og lögfræðingar félags hjúkrunarfræðinga halda fram og reisa andsvör sín við aðgerðum framkvæmdarvaldsins á. Ég held að það væri skynsamlegt fyrir ráðuneytin, heilbrrn. og fjmrn., að samræma í fyrsta lagi aðgerðir sínar og málflutning í málinu sem nokkuð skortir á um að gert sé og í öðru lagi að fela stjórnum sjúkrahúsanna úti um landið að draga til baka þær uppsagnir í bili á meðan verið er að vinna í þessum málum þannig að það gerist í sæmilegum friði. Ég sé ekki annað en að það stefni beint í dómsmál um þessi efni. Menn ættu m.a. að hafa í huga þá dóma sem fallið hafa varðandi kjarasamninga sem gerðir hafa verið af sjúkrahúsanna hálfu og sem hafa fallið á ríkið og nýlega verið greiddar út háar upphæðir af þeim sökum.

Ég held líka að það þurfi að skýra betur en hæstv. ráðherra hefur gert hvernig eigi að halda á málum varðandi aðrar starfsstéttir á sjúkrahúsum sem haldið er fram af ráðuneytinu og vafalaust á sér stað í vissum tilvikum að njóti einstaklingsbundinna kjara. En ráðuneytið hefur verið að hvetja til þess að ofan í þá sauma verið farið og þau mál verði gerð upp fyrir næstu áramót. Ég held að það verði afskaplega lítill starfsfriður á sjúkrahúsunum ef haldið verður áfram á þessari braut. Ég hvet ráðuneytin til þess að ætla meiri tíma til að fara ofan í þessi efni og reyna að skapa frið því á því er mjög brýn þörf innan sjúkrastofnana út um land allt.

[15:24]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umræðu er dæmigert fyrir þær ógöngur sem launakerfi opinberra starfsmanna er komið í. Almennu launin eru allt of lág svo hinir raunverulegu samningar gerast í sérsamningum þar sem yfirvinna og aðrar aukagreiðslur eru spyrtar saman, svokallaðar sporslur. Ég tek fram að með þessu er ég ekki að segja að sérkjarasamningar hjúkrunarfræðinga séu á nokkurn hátt óeðlilegir miðað við þá stefnu sem almennt hefur viðgengist á vinnumarkaðnum. Það sem er hins vegar sérstakt við þá miðað við aðrar heilbrigðisstéttir er að þeir eru hópsamningar með stöðu einstaklingsbundinna samninga á meðan aðrar heilbrigðisstéttir og hjúkrunarfræðingar á höfuðborgarsvæðinu gera mest einstaklingsbundna samninga.

Þetta mál er sérstakt vegna þess að það tengist verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það gengur auðvitað ekki til lengdar að í gildi séu sérsamningar á milli aðila sem aðrir eiga að greiða. Sú staða sem upp er komin er ótrúleg. Stjórnir sjúkrahúsa treysta sér ekki til að segja upp eigin sérsamningum við hjúkrunarfræðinga vegna þess ófremdarástands sem skapast á sjúkrahúsunum. En jafnframt treysta þær sér ekki til að greiða launin enda í verkahring ríkisins frá og með 1. jan. 1991. Mér virðist að hér sé þrennt að gerast. Í fyrsta lagi er verið að reyna að spara í heilbrigðiskerfinu. Í öðru lagi eru komin upp vandkvæði í kjölfar verkaskiptingalaganna og í þriðja lagi stendur til að auka enn á launamun kynjanna og halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið á sl. 10 ár að auka kynbundinn launamun.

Ég fagna svari hæstv. núv. heilbrrh. um að hún muni beita sér fyrir því að nauðsynlegt fjármagn komi til sjúkrahúsanna til að standa við samninginn á þessu ári og að hún muni hvetja til endurskoðunar á einstaklingsbundnum sérkjarasamningum annarra heilbrigðisstétta því þessi mál verða auðvitað að skoðast í samhengi. En ég hlýt að spyrja: Hvernig hyggst hæstv. heilbrrh. leysa þetta mál til frambúðar? Verður það gert öðruvísi en með allsherjaruppstokkun á launakerfi ríkisins?

[15:26]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Það hefur lengi viðgengist að greiða staðaruppbót eða sérstakar greiðslur til þeirra sem hafa starfað í heilbrigðiskerfinu úti á landi og það hefur verið á hendi heimamanna. En við verkaskiptasamningana í janúar 1991 var ákveðið að ríkisvaldið tæki að sér þessa samninga í samráði við verkalýðshreyfinguna. Er þetta mál ekki alfarið mál fjmrn.? Síðast þegar samið var við hjúkrunarfræðinga var alfarið miðað við aðstæður á sjúkrahúsunum í Reykjavík en ekki litið á aðstæður á landsbyggðinni. Það var ekki horft á raunveruleikann úti á landi eins og þeir hafa sagt. Er ekki með þessum sérkjörum verið að greiða fyrir aukna vinnu, svo sem störf sjúkrahúshjúkrunarfræðinga við heilsugæslustöðvarnar, aukið álag fyrir að annast ýmis verkefni sem eru ekki á höndum þeirra hjúkrunarfræðinga sem starfa hér? Kjarasamningar taka ekki mið af þessari vinnu. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á áðan eru aðstæður mjög mismunandi úti á landsbyggðinni og ber ekki að taka mið af því? Verður ekki að gera sérstaka ráðningarsamninga þegar erfitt er að fá ákveðna faghópa til starfa úti á landi?

Varðandi sérstaka samninga þá man ég ekki betur en það hafi verið stefna hæstv. fjmrh., sem er reyndar ekki staddur hér, í síðustu ríkisstjórn að gefa bæri stofnunum hins opinbera sérstakt svigrúm til sérsamninga. Eru þessir sérkjarasamningar hjúkrunarfræðinga ekki í samræmi við þá stefnu? Ég spyr því nú: Hefur orðið einhver breyting á stefnu fjmrh. í launamálum? Og annað mál: Hvernig er með aðrar stéttir og þá karlastéttir? Eru þær ekki einnig með sérstakar greiðsl-

ur samkvæmt ráðningasamningi, t.d. læknar? Mér finnst umhugsunarefni hvort farið hefði verið út í þessar uppsagnir á sérkjarasamningum ef um karlastétt hefði verið að ræða. Ég tek undir með 19. þm. Reykv., ég held að þetta bendi til að það sé nauðsynlegt að taka launakerfi ríkisstarfsmanna upp í heild.

[15:29]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Suðurl. fyrir að taka upp þetta mál sem er til umræðu. Á því er full þörf því þetta er í rauninni stærra mál en margur hefur áttað sig á og nauðsynlegt að skoða allar hliðar þess af gaumgæfni. Einn alvarlegasti flötur þess er sá hvernig ríkisvaldið hefur reynt að fría sig ábyrgð á þeim vanda sem skapast hefur á sjúkrahúsum landsins og verður ekki á nokkurn hátt rakinn annað en beina leið til ríkisvaldsins.

Það sem ég vil leggja inn í þessa umræðu er að sú deila sem er uppi milli hjúkrunarfræðinga utan höfuðborgarsvæðisins og vinnuveitenda þeirra, sem virðist nú raunar vera leyst í bili en aðeins í bili, sýnir í hnotskurn þann mikla og alvarlega vanda sem við er að fást í launakerfinu. Rætur þess vanda liggja fyrst og fremst í tvennu. Það er annars vegar láglaunastefna hins opinbera og hins vegar launamisrétti kynjanna, einmitt þeim atriðum sem Kvennalistinn hefur gagnrýnt svo mjög alla sína tíð og ítrekað lagt til að tekið verði á.

Hv. 10. þm. Reykn. gladdist yfir því að málið snerist um sérkjör kvenna og virtist telja það innlegg í jafnréttisumræðuna. Ég vil biðja hv. þm. að íhuga hvort það sé tilviljun að barátta fyrir bættum kjörum hefur að undanförnu einkum verið háð af hefðbundnum kvennastéttum, ekki síst innan heilbrigðiskerfisins. Hvaða sögu segir það okkur svo? Það er auðvitað öllum ljóst að láglaunastefnan hefur leitt til þess að víða í kerfinu hafa orðið til aukagreiðslur til þess að bæta starfsfólki lágu launin en það kerfi hefur aftur leitt af sér óþolandi mismunun milli einstaklinga, milli kynja og jafnvel milli heilla stétta. Menn mega hins vegar ekki rugla saman aukagreiðslum af þessu tagi og svo aukagreiðslum fyrir sannanlega vinnu eða álag eða starfskostnað af einhverju tagi. Það er misjafnt eftir stöðum í hverju þessar aukagreiðslur eru fólgnar en ég hef upplýsingar um samninga hjúkrunarfræðinga við Sjúkrahús Suðurnesja og það eru einkum sex liðir sem er tekið mið af. Það er álagsgreiðsla sem nemur 8% af stöðuhlutfalli, það er ein klukkustund fyrir að vera ein á vakt, það eru 20 klukkustundir til deildastjóra, hjúkrunarframkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra, það er fastagjald af síma vegna gæsluvakta og greiðsla fyrir akstur og svo auk þess sérstakar bókanir sem voru gerðar samhliða samningum.

Ég hef ekki tíma til að ræða þetta frekar en vildi kynna í hverju þetta er fólgið svo að menn geti metið það hvað hér er lagt til grundvallar.

[15:32]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er rætt í dag er vandasamt og á sér vissulega sérstæða fortíð. Það var í klúðri þegar fyrrv. heilbrrh., Sighvatur Björgvinsson, yfirgaf ráðuneytið. Enda þótt Alþingi hafi eignast breiðleita og kokhrausta stjórnarandstöðuþingmenn eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson verða þeir að átta sig á því að þegar núv. hæstv. heilbrrh. kom að þessu máli var það í strandi, ekkert svigrúm til staðar. Nú finnst mér að menn hafi fengið viðbótartíma til að ljúka þessu máli enda hefur formaður Hjúkrunarfræðingafélagsins tekið undir þá skoðun að þarna hafi gefist viðbótartími. Ég treysti heilbrrh. fullkomlega í þessu máli og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. og menn hans beri fulla ábyrgð í þessu máli. Hann verður að koma af fullum krafti inn í þetta mál og ég veit að sjúkrahúsin munu koma að þessu máli. Auðvitað munu hjúkrunarfræðingar einnig gera það því að það eru sjúklingarnir sem verða að ganga fyrir og friður um þá starfsemi. Fjögurra ára ófriði Alþfl. í heilbrigðismálum er lokið og fram undan er nýr tími. Þetta hygg ég að menn verði að gera sér grein fyrir. (**Gripið fram í:** Þinn tími er kominn.)

Það er nú svo, hæstv. forseti, að í þessu tafli hafa menn sett skákina í bið um sinn og fengið viðbótartíma. Ég vona að hann verði nýttur og að Alþingi gefi heilbrrh. frið til þess að vinna að því máli.

Ég treysti því einnig að hæstv. heilbrrh. muni á þessu kjörtímabili ná að endurskipuleggja starfsemi sjúkrahúsanna, styrkja landsbyggðarsjúkrahúsin með þeim hætti eins og ég gat um hér áðan að um þessa starfsemi ríki friður.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa skal umræða utan dagskrár standa aðeins í hálfa klukkustund og skerðist nú mjög um tímann. Hv. fyrirspyrjandi og hæstv. ráðherra fá að sjálfsögðu orðið en ég bið hv. aðra þingmenn að nýta sér ekki réttinn nema þeir telji sig nauðsynlega þurfa.

[15:35]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þau svör sem ég fékk áðan og þó kannski sérstaklega það að hæstv. ráðherra sagði að sérkjarasamningi ætti að beina inn í aðalkjarasamning sem líklega verður þá gert um næstu áramót. Þar er tækifæri til þess. Ég hefði talið rétt að þessi mál hefðu verið stoppuð strax og öllum frekari ákvörðunum frestað og málið afgreitt á fjáraukalögum en ekki með einhverjum loforðum ráðuneytis um einhverjar tilteknar fjárhæðir sem alls ekki fullnægja þörfinni sem fyrir hendi er eftir þeim upplýsingum sem ég hef frá forráðamönnum sjúkrahúsa.

Ég vil síðan mótmæla því að forstöðumenn sjúkrahúsanna hafi farið með þessi mál alla tíð. Það er ekki rétt. Sérkjarasamningarnir voru flestir til fyrir 1. janúar 1991, þegar ný verkaskiptalög voru samþykkt. Við verkaskiptalögin yfirtók ríkið þetta. Það eru til bréf frá fjmrn. dags. 21. janúar, það fyrsta sent árið 1991. Ef þetta er túlkun hæstv. ráðherra og ráðuneytis hvers vegna var þá verið að senda út bréf 2. júní í október, boða fund í febrúar og skipa forstöðumönnum sjúkrahúsanna að segja þessum sérkjarasamningum upp? Mér er sama hvort menn kalla þetta einstaklingsbundna

samninga eða sérkjarasamninga. Skipanirnar komu frá fjmrn. studdar af heilbrrn. vegna þess að verkaskiptalögin tóku gildi 1991. Ábyrgðin er þessara ráðuneyta en ekki stjórnenda sjúkrahúsanna og hefur ekki verið það síðan 1991. Það er rétt, ég þekki fjárhagsstöðu þessara sjúkrahúsa mjög vel. Það er ástæðan fyrir því að ég tek þetta upp hérna í dag af því að ég þekki fjárhagsstöðu sjúkrahúsanna afar vel og veit hvað loðin svör ráðuneyta þýða.

[15:37]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Ég tel mig nú þegar hafa svarað hv. þm. Margréti Frímannsdóttur þeim fyrirspurnum sem hún lagði fram og ég ætla að minna á það að í dag erum við að ræða hér um landsbyggðarvanda sjúkrahúsanna en á morgun ræðum við um vanda sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þannig er málið í hnotskurn. Svo eru menn að gera sig breiða eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og segir bara eitthvað út í loftið, eitthvert bull út í loftið og talar um ábyrgðarleysi o.s.frv. En hvernig er þessi málaflokkur skilinn eftir? Hann er skilinn eftir allur í hnút vegna þess að það vantar fjármagn til hans. Ef menn eru að tala í alvöru um að setja meira fjármagn í þennan málaflokk verða menn líka að standa saman um það og draga seglin saman annars staðar. Eru menn tilbúnir til þess? Mér er mjög vel ljóst að það verður erfitt fyrir landsbyggðarsjúkrahúsin að semja við hjúkrunarfræðinga á þeim nótum sem *bréf mitt ber vott um. En það eru þarna 32 millj. sem* á að leggja til þessara mála og ég ætlast til að á þeim 10 mánuðum sem ríkissjóður ætlar að greiða þennan mismun að sjúkrahúsin dragi seglin saman um þessa *tvo mánuði sem á vantar þangað til kemur* að aðalkjarasamningum. Ég held að menn geti ekki ímyndað sér það, ég trúi því ekki að nokkur þingmaður ímyndi sér að hægt sé að leysa alla þessa slæmu hnúta sem Alþfl. skilur eftir sig á fáeinum dögum. Það er þá bara hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem ímyndar sér það. Alla vega hef ég ekki heyrt nokkurn annan þingmann tala jafnábyrgðarlaust og hann gerði hér áðan.

## *Stjórnarskipunarlög, 1. umr.*

Frv. GHH o.fl., 1. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 1.

[15:39]

**Flm. (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á ákvæðum VI. og VII. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Flm. frv. eru formenn allra þingflokka á Alþingi.

Frv. þetta hlaut samhljóða samþykki á síðasta þingi eftir að ýmsar breytingar höfðu verið gerðar á ákvæðum þess. Samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar er það nú lagt fram öðru sinni til staðfestingar þingsins eftir að almennar kosningar hafa farið fram til þess að verða að gildum stjórnarskipunarlögum.

Ég tel að hér sé um að ræða mikilvægasta mál þessa þings til lengri tíma litið enda lýtur það að grundvallarréttindum borgaranna í landinu og mikilsverðum réttarbótum á því hvernig mannréttindi verði best tryggð. Hér er verið að fjalla um þau ákvæði sem í reynd snerta mest allra stjórnarskrárákvæða daglegt líf hvers einasta einstaklings í landinu á einn eða annan hátt eða undirstöðu þess að hver einstaklingur geti lifað frjálsu en jafnframt mannsæmandi og öruggu lífi í samfélaginu.

Meðal þeirra réttinda sem nauðsynlegt er að vernda í þessu skyni og frv. fjallar um eru trúfrelsi, jafnræði allra fyrir lögunum, að menn verði ekki sviptir frelsi sínu nema að ströngum skilyrðum uppfylltum, að mönnum verði ekki refsað nema samkvæmt skýrri lagaheimild og ekki afturvirkt, svo og að menn skuli njóta réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómstólum. Einnig eru afdráttarlaus ákvæði til verndar friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, friðhelgi eignarréttarins, skoðana- og tjáningarfrelsi, félagafrelsi og atvinnufrelsi og loks eru þær skyldur lagðar á ríkið að tryggja borgurunum ákveðin efnahagsleg og félagsleg réttindi sem ætlað er að tryggja öllum réttinn til að lifa mannsæmandi lífi. Með því að binda þessar grundvallarreglur skýrlega í stjórnarskipunarlög og veita þeim þannig sérstaklega ríka vernd er verið að viðurkenna þær varanlega sem hornstein íslensks lýðræðisþjóðfélags.

Málið er einnig merkilegt fyrir að eiga uppruna sinn *í samhljóða ályktun Alþingis sjálfs á hátíðarfundi á* Þingvöllum vegna 50 ára afmælis lýðveldisins 17. júní á síðasta ári. Breið samstaða var um frv. meðal þingmanna allra þingflokka þegar það var lagt fram á Al*þingi á síðasta þingi.* Í kjölfar mikillar opinberrar umræðu um efnisákvæði þess voru þó gerðar á því ýmsar breytingar til að koma til móts við óskir og ábendingar fjölda aðila sem létu sig málið varða. Ég tel að vel hafi tekist til við að sætta margvísleg sjónarmið sem fram komu í þeirri umræðu. Ég álít jafnframt að slík sátt um efni mannréttindaákvæðanna sé nauðsynleg til þess að þau þjóni þeim tilgangi sínum að vera fyrir borgana sjálfa og ég fagna þeim mikla almenna áhuga og athygli sem frv. hlaut þegar það var lagt fram á síðasta þingi.

Aðdragandi að gerð frv. þessa ætti að vera flestum kunnur en ég mun þó fara nokkrum orðum um hann í upphafi.

Núgildandi mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eru komin mjög til ára sinna en þau standa nánast óbreytt frá fyrstu stjórnarskrá Íslands frá árinu 1874. Í raun má rekja uppruna þeirra enn lengra aftur út fyrir landsteinana þar sem þau eru nánast samhljóða mannréttindaákvæðum í grundvallarlögum Dana frá 1849. Þrátt fyrir að þessi ákvæði hafi á sínum tíma eða fyrir hartnær einni og hálfri öld verið tímamótaskref í vernd mannréttinda og liður í vakningu sem þá átti sér stað í stjórnskipan vestrænna lýðræðisríkja er löngu orðið ljóst að þau fullnægja ekki nútímakröfum um það sem felst í inntaki grundvallarmannréttinda og alþjóðlegum skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur gengist undir á þeim vettvangi. Á undanförnum áratugum

hefur komið til umræðu að endurskoða þessi ákvæði, m.a. sem lið í heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Fyrst þegar 50 ára afmæli lýðveldisins stóð fyrir dyrum á síðsta ári var ákveðið að nýta það tilefni til að ýta úr vör heildarendurskoðun á mannréttindaákvæðunum. Þáverandi stjórnarskrárnefnd vann að frumvarpsdrögum um efnið og lágu þau fyrir 5. apríl á síðasta ári. Á hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum 17. júní gerði þingið síðan fyrrnefnda ályktun þar sem stefnt var að því að ljúka endurskoðun VII. kafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu reglulegar þingkosningar. Var jafnframt tekið fram að miða skyldi að því að færa ákvæði kaflans til samræmis við alþjóðlega mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að og hafa skyldi hliðsjón af tillögum stjórnarskrárnefndar frá 5. apríl 1994. Þeir alþjóðlegu mannréttindasamningar sem mestu máli skipta í þessu tilliti eru mannréttindasáttmáli Evrópu sem var lögfestur hér á landi með lögum nr. 62/1994, tveir samningar á vegum Sameinuðu þjóðanna, annars vegar um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og hins vegar samningur um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, svo og félagsmálasáttmáli Evrópu.

Frv. það sem hér er mælt fyrir byggir að stofni til á áðurgreindum tillögum stjórnarskrárnefndar. Við síðari undirbúning málsins þótti þó eðlilegt að það næði einnig til þeirra ákvæða VI. kafla stjórnarskrárinnar sem lúta að trúfrelsi enda telst það meðal mikilvægustu mannréttinda þótt því sé skipað í kafla með almennum ákvæðum um skipan þjóðkirkjunnar. Var frv. lagt fram á Alþingi í desember sl. og vísað til stjórnarskrárnefndar sem kosin var sérstaklega samkvæmt þingsköpum. Auk þess að leita eftir umsögnum um frv. þá hjá fjölda aðila greip nefndin til þeirrar nýbreytni að birta auglýsingar í dagblöðum þar sem lýst var eftir athugasemdum við frv. hjá þeim sem vildu láta málið til sín taka.

Nefndinni bárust í kjölfarið fjölmargar umsagnir og ábendingar, bæði frá félagasamtökum og einstaklingum sem létu sig varða efni þess. Ýmsir þessara aðila sendu ítarlegar greinargerðir. Eins voru ýmsir sérfræðingar kallaðir til. Mikil opinber umræða fylgdi í kjölfarið um efni frv. sem lýsir vel þeirri miklu vakningu og áhuga sem var á málinu meðal almennings. Eins og við var að búast birtust þar margvísleg sjónarmið og væri annað óeðlilegt þegar jafnmikilvægt málefni á í hlut. Í reynd hljóta að vera mismunandi skoðanir og ótæmandi umræðuefni hversu ítarleg mannréttindaákvæði eigi að vera og hvernig best sé að haga orðalagi þeirra. Er því óhjákvæmilegt að einhverju leyti að gera málamiðlun um orðalag til þess að allir geti orðið á eitt sáttir. Sú var og niðurstaðan á síðasta þingi.

Að loknum þessum inngangi, virðulegi forseti, langar mig að fara nokkrum almennum orðum um efnisatriði frv. og rekja helstu breytingar sem gerðar voru á því á síðasta þingi og árétta þau atriði sem ég álít mikilvægust í átt til réttarbóta.

Tvö upphafsákvæði frv. varða breytingar á 63. og 64. gr. stjórnarskrárinnar og fjalla um trúfrelsi. Eins og ég nefndi áðan þótti eðlilegt að þessi tvö ákvæði sem standa raunar í VI. kafla stjórnarskrárinnar verði tekin með í endurskoðun á mannréttindaákvæðum enda er hér um kjarnaréttindi að ræða. Þótt ekki sé stefnt að efnislegum breytingum á þessum ákvæðum er orðalag gert skýrara og tekin af öll tvímæli um að þótt evangelísk-lútersk þjóðkirkja sé í landinu hafi menn frelsi til þess að iðka aðra trú.

Við meðferð frv. kom til umræðu hvort maður utan trúfélaga skyldi eiga valkost um hvort hann greiðir gjöld til Háskóla Íslands eða til líknarstarfsemi en í dag er slíkur valkostur ekki fyrir hendi þar sem öll gjöld manna utan trúfélaganna renna til háskólans. Ekki þótti hins vegar ástæða til að breyta þessu fyrirkomulagi enda er hægt að fallast á að Háskóli Íslands sé hlutlaus stofnun sem kemur landsmönnum öllum jafnt til góða. Þess má geta að lítils háttar orðalagsbreytingar urðu á 1. gr. frv. við meðferð þess á síðasta þingi sem breyta í engu efnislegri merkingu hennar.

Ég álít að eitt af mikilvægustu ákvæðum frv. sé 3. gr. þess þar sem gerð er tillaga um efni nýrrar 65. gr. stjórnarskrárinnar. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að almenna jafnræðisreglan verði bundin með skýrum hætti en hún hefur til þessa verið meðal óskráðra undirstöðureglna sem stjórnarskráin hefur byggt á. Við meðferð frv. á síðasta þingi spunnust nokkrar umræður um hve langt ætti að ganga í upptalningu á atriðum sem sérstaklega eru tiltekin í ákvæðinu og óheimilt er að byggja mismunun á. Þar er tiltekið bann við mismunun á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Gagnrýnt var að bann við mismunun ákveðinna viðkvæmra hópa vantaði í þá upptalningu. Meðal annars komu til umræðu í þessu sambandi fatlaðir og samkynhneigðir auk þess sem gagnrýnt var að sérákvæði vantaði til áréttingar á jafnrétti kynjanna. Loks var bent á að í þetta ákvæði frv. vantaði skýlausa yfirlýsingu um að allir skyldu njóta mannréttinda. Í ljósi þessara ábendinga og umræðna sem urðu um efni ákvæðisins voru nokkrar breytingar gerðar á því.

Hvað varðar gagnrýni um að ítarlegri talning þyrfti að vera í ákvæðinu var bent á að sú talning væri alls ekki tæmandi heldur væri í ákvæðinu vísað til stöðu að öðru leyti. Jafnræðisreglan nær að sjálfsögðu til allra þjóðfélagshópa en auðvitað er álitamál hve lengi má telja í dæmaskyni atriði sem bannað er að byggja mismunun á. Þau atriði sem talin eru í dæmaskyni í 1. mgr. eru sambærileg þeim sem talin eru í jafnræðisákvæðum alþjóðlegra mannréttindasamninga og í jafnræðisreglunni í 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þótti því ekki ástæða til að bæta frekar við þá upptalningu sem birtist í ákvæðinu. Hins vegar var fallist á að til bóta gæti verið að nefna sérstaklega í ákvæðinu að allir skuli njóta jafnra mannréttinda. Loks var fallist á það sjónarmið að bæta við sérstöku ákvæði um jafnrétti kynjanna enda hlýtur það að vera mikilvægt til stuðnings baráttu gegn kynjamisrétti hér á landi. Full þörf er á slíkri áréttingu. Stjórnarskrár nágrannalanda okkar hafa flestar að geyma sérstakt ákvæði um jafnrétti kynjanna og þess má geta að á vettvangi Evrópuráðsins er í undirbúningi að bæta sérstökum viðauka

við mannréttindasáttmála Evrópu um jöfn réttindi karla og kvenna. Fram til þessa hefur slíkt ákvæði skort í sáttmálann en þetta lýsir vel þeirri tilhneigingu í ríkjum Evrópu að efla sérstaka vernd gegn kynjamisrétti.

Gildi þess að hafa almennu jafnræðisregluna skráða í stjórnarskrá felst tvímælalaust í því að þar er kominn skýr grundvöllur til að byggja lagalegan rétt sinn á fyrir dómstólum ef mönnum er mismunað. Þess má geta að sambærilegt ákvæði 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi hefur reynst mjög mikilvægt til stuðnings baráttunni gegn misrétti og er það eitt þeirra ákvæða sem flestar kærur berast um brot á til sérstakrar mannréttindanefndar sem starfar samkvæmt samningnum.

Loks ber að nefna að reglan hefur rýmra gildissvið en jafnræðisregla 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þar sem síðarnefnda reglan verndar menn gegn mismunun á að njóta réttinda sem talin eru í sáttmálanum sjálfum en ekki annarra, svo sem efnahagslegra og félagslegra réttinda sem njóta þýðingarmikillar verndar í frv. Hins vegar ber að hafa í huga að almennu jafnræðisregluna má ekki skilja svo afdráttarlaust að hún skjóti loku fyrir að einhver greinarmunur verði gerður á mönnum án nokkurs tillits til aðstæðna. Það er viðurkennt sjónarmið, bæði frá dómstólum og alþjóðlegum mannréttindastofnunum sem túlka jafnræðisregluna, að hægt er að réttlæta mismunun ef það skilyrði er uppfyllt að hún sé byggð á lögmætum, hlutlægum og málefnalegum rökum. Þannig má taka sem dæmi að eðlilegt er að lög ráðgeri að þeir sem hafa lágar tekjur greiði hlutfallslega lægri skatta en þeir sem hafa háar tekjur og þeir sem eru lakast settir njóti meiri fjárhagsaðstoðar frá hinu opinbera en þeir sem betur eru settir. Loks kemur jafnræðisreglan ekki í veg fyrir að aðgerðir sem beinast að því að efla jafnrétti í þágu tiltekinna hópa, sem hafa þurft að þola misrétti, uppfylli skilyrði um málefnalegar forsendur enda er það liður í átt að því markmiði að allir njóti fulls jafnréttis. Þetta á ekki síst við hér á landi um aðgerðir til þess að auka jafnrétti kynjanna sem eru lögheimiluðar í íslenskri jafnréttislöggjöf.

Í 4. gr. frv. er gerð tillaga um efni 66. gr. stjórnarskrárinnar. Þar er safnað saman reglum sem varða veitingu og missi íslensks ríkisborgararéttar, reglum um brottvísun úr landi og farbann og sérstaklega rétti útlendinga í þessu tilliti. Ákvæðið er nýmæli í flestum atriðum og tekur af skarið um réttindi sem hingað til hafa verið tryggð í almennri löggjöf en áréttar m.a. þá grundvallarreglu að menn verði ekki sviptir íslenskum ríkisborgararétti og að íslenskum ríkisborgurum verði ekki meinuð koma til landsins. Nokkur umræða spannst um þetta ákvæði við meðferð frv. á síðasta þingi sem laut ekki síst að því að það verndaði ekki nægilega réttindi flóttamanna. Eftir umræður í stjórnarskrárnefnd þótti þó ekki ástæða til þess að bæta við sérstöku ákvæði um réttindi flóttamanna í ljósi þess að markmið stjórnskipunarreglna um mannréttindi hlýtur fyrst og fremst að vera að tryggja innra skipulag ríkisins og gera framkvæmanleg réttindi borgaranna. Reglur til að tryggja réttarstöðu alþjóðlegra flóttamanna eru því fyrst og fremst viðfangsefni alþjóðlegra samningsákvæða sem nánar eru útfærðar í almennri löggjöf hvers ríkis. Það heyrir líka til almennra undantekninga að flóttamönnum sé veitt stjórnskipuleg vernd í stjórnarskrárákvæðum einstakra ríkja. Hins vegar legg ég ríka áherslu á að íslenska ríkið er skuldbundið af ákvæðum alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna frá árinu 1951 auk þess sem réttarstaða þeirra er einnig tryggð hér í almennri löggjöf.

Skýrar reglur um skilyrði frelsissviptingar koma fram í 5. gr. frv. þar sem tillaga er gerð um efni 67. gr. stjórnarskrárinnar. Sætti ákvæði þetta engum breytingum við meðferð frv. á fyrri stigum. Ég legg áherslu á að þarna koma fram mun ítarlegri reglur en í núgildandi 65. gr. stjórnarskrárinnar. M.a. er gerð tillaga í 3. mgr. um að stjórnarskrárbinda rétt manns sem sviptur hefur verið frelsi í öðrum tilvikum en þegar um handtöku er að ræða til að dómstóll kveði á um lögmæti frelsissviptingarinnar en slík regla er ekki í núgildandi stjórnarskrárákvæðum. Einnig er það nýmæli að kveða á um rétt manns til skaðabóta ef hann hefur verið sviptur frelsi að ósekju.

Fortakslaust bann við pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu kemur fram í 6. gr. frv. Sambærileg regla er ekki í núgildandi stjórnarskrá en er talin meðal allra mikilvægustu ákvæða í mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að. Er sjálfsagt og nauðsynlegt að binda hana með skýrum hætti í stjórnarskrá. Þess má geta að í upprunalegri gerð frv. var hugtakið „pyndingar" ekki talið sérstaklega þar sem það var augljóslega talið felast í orðunum ómannúðleg eða vanvirðandi meðferð. Var þó fallist á að bæta hugtakinu í ákvæðið þar sem margar ábendingar bárust þess efnis og er sá háttur einnig hafður á í alþjóðlegum mannréttindaákvæðum um sama efni. Í 2. mgr. ákvæðisins er lagt bann við því að mönnum verði gert að leysa af hendi nauðungarvinnu.

Í 7. gr. frv. kemur fram sú afdráttarlausa regla í 1. mgr. að engum manni verði refsað nema samkvæmt heimild í lögum og fortakslaust bann er lagt við afturvirkni refsireglna. Einnig kemur þar fram að viðurlög megi ekki vera þyngri en heimiluð voru í lögum þegar háttsemi átti sér stað. Er ákvæðið sama efnis og áréttíng á þeirri grundvallarreglu sem kemur fram í 1. gr. almennu hegningarlaganna um að manni verði ekki refsað nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem refsing var lögð á í lögum eða fullkomlega má jafna til hegðunar sem þar er talið afbrot. Hins vegar verður ákvæðið að sjálfsögðu ekki skilið svo að lögjafna megi um háttsemi sem var refsilaus þegar hún átti sér stað við lög sem síðar eru sett og kveða á um refsingu slíkrar háttsemi enda væri slík túlkun andstæð meginreglunni um bann við afturvirkni refsilaga.

Í 2. mgr. 7. gr. frv. er gerð tillaga um afar merkilegt stjórnarskrárákvæði sem kveður afdráttarlaust á um að í lögum megi aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Regla þessi er nýmæli en þykir eðlileg og í samræmi við íslenska réttarvitund þar sem dauðarefsing var afnumin úr íslenskum lögum fyrir hartnær 70 árum og hafði þá ekki verið beitt um tæplega aldar skeið. En

reglan hefur líka táknrænt gildi og getur jafnvel orðið hvatning til annarra ríkja í sömu átt á alþjóðlegum vettvangi.

Í 8. gr. frv. er gerð tillaga um efni nýrrar 70. gr. sem fjallar um ýmis réttarfarsskilyrði. Réttindin sem talin eru í 1. mgr. eru ekki bundin í núgildandi stjórnarskrá en þau hafa verið talin tryggð í almennri réttarfarslöggjöf. Sambærilegt ákvæði í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu er eitt af kjarnaákvæðum sáttmálans sem einna flestar kærur berast um að aðildarríki hafi brotið. Hefur það því tvímælalaust gildi að binda þessar reglur með skýrum hætti í íslensku stjórnarskrána.

Efni 1. mgr. 8. gr. er tvíþætt þar sem annars vegar er kveðið á um rétt manna til þess að fá úrlausn mála sinna fyrir dómstólum. Hins vegar er í ákvæðinu kveðið á um kröfuna til þess að málsmeðferð fyrir dómstólunum sé réttlát og eru síðan talin lágmarksskilyrði sem hún þarf að uppfylla til þess að því takmarki sé náð. Við meðferð frv. var bætt inn í ákvæðið hugtakinu „réttlát málsmeðferð". Ég tel að sú breyting sé mjög af hinu góða og til bóta fyrir skýringu á inntaki ákvæðisins. Hún er til áréttingar því að í réttlátri málsmeðferð felast ekki einvörðungu þau réttarfarsskilyrði sem talin eru í ákvæðinu heldur einnig önnur atriði sem koma fram í ítarlegu máli í almennri löggjöf, svo sem lágmarksréttindi sakhæfs manns í refsimáli.

Í 2. mgr. 8. gr. frv. er mælt fyrir um að sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi sé talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð. Þótt þessi grundvallarregla hafi verið höfð að leiðarljósi við meðferð sakamála hér á landi til þessa hefur skort á að hún sé skýrlega skráð bæði í almennri löggjöf og í núgildandi stjórnarskrárákvæðum.

Í 9. gr. frv. er að finna miklar réttarbætur að mínum dómi. Þar er tillaga gerð um efni 71. gr. stjórnarskrárinnar í þá átt að auka vernd og friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Í núgildandi 66. gr. er eingöngu kveðið á um friðhelgi heimilisins og hefur ákvæðið þannig töluvert þrengra gildissvið en ráðgert er hér í frv. Friðhelgi einkalífs hefur fram til þessa þó verið talin vernduð í óskráðum grundvallarreglum. Þetta hugtak er í reynd mjög víðtækt og nær yfir allt sem lýtur að persónulegum högum manns, þar með talið heimili og fjölskyldu, en aukið vægi reglunnar hefur á síðustu árum m.a. tengst álitaefnum um hve langt megi ganga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Upprunalegt markmið reglunnar um friðhelgi heimilis og fjölskyldu var fyrst og fremst að vernda heimili og einstaklinga fyrir þvingunaraðgerðum lögreglu í tengslum við rannsókn opinbers máls og að tiltekin skilyrði þyrftu að vera uppfyllt til að raska mætti þessum réttindum. Skýrar reglur eru settar í 2. mgr. 9. gr. í þessu markmiði.

Við meðferð frv. var því bætt við ákvæðið að tiltaka sérstaklega símtöl og önnur fjarskipti. Átti sú viðbót fullkomlega rétt á sér enda er hér um að ræða samskipti sem verða sífellt mikilvægari í nútímaþjóðfélagi og nægir í því sambandi að benda á síaukin tölvusamskipti og notkun myndsíma svo að dæmi séu tekin. Vernd einkalífs, heimilis og fjölskyldu er ekki eingöngu fólgin í að ríkið setji sjálfu sér hömlur við að ganga á þessi réttindi. Verndin felst ekki síður í því að ríkið gæti þess að einstaklingar gangi ekki hver á annars réttindi á þessu sviði og láti ekki afskiptalaust ef réttindi einstaklinga eru fótumtroðin af öðrum jafnvel þótt slíkt eigi sér stað innan veggja heimilisins. Er t.d. vernd barna í þessu sambandi mjög mikilvæg.

Í 3. mgr. 9. gr. frv. kemur þess vegna fram sú nauðsynlega regla að takmarka megi friðhelgi einkalífs heimilis eða fjölskyldu með lagaheimild ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Skilyrðinu um brýna nauðsyn var bætt við í meðförum frv. hjá stjórnarskrárnefnd til áréttingar þeirri grundvallarreglu að mikilvægar ástæður þurfi að liggja til þess að raska megi áðurgreindum grundvallarréttindum.

Í 10. gr. frv. er gerð tillaga um efni 72. gr. stjórnarskrárinnar. Annars vegar er þar um að ræða reglu um friðhelgi eignarréttarins í 1. mgr. og er ráðgert að hún standi óbreytt frá gildandi ákvæði sem nú er að finna í 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar er í 2. mgr. þessarar greinar orðuð regla um að takmarka megi með lögum réttindi erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi en í núgildandi 68. gr. stjórnarskrárinnar kemur fram að skipa megi með lögum heimild útlendinga til þess að eiga hér fasteignaréttindi. Þetta ákvæði frv. var tilefni nokkurra umræðna við fyrri meðferð þess á Alþingi og sætti það nokkrum breytingum. M.a. komu þar fram efasemdarraddir um að slík takmörkunarheimild samræmdist þjóðréttarlegum skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur gengist undir, t.d. í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég vil hins vegar benda á að með þessu ákvæði er fyrst og fremst gert skýrt að lög sem takmarka réttindi erlendra aðila til að eiga umrædd réttindi fara ekki í bága við almenna eignarréttarákvæðið í 1. mgr. greinarinnar. Ég legg áherslu á að hér er aðeins um heimild að ræða sem löggjafinn hefur sjálfdæmi um hvort hann nýtir sér.

Ég legg áherslu á að hér er aðeins um heimild að ræða sem löggjafinn hefur sjálfdæmi um hvort hann nýtir sér. En löggjöf á hverjum tíma verður þó að vera í samræmi við alþjóðlegar samningsskuldbindingar af hálfu íslenska ríkisins. Þá er það einnig ljóst að eignarréttindi útlendinga sem löglega hefur verið til stofnað njóta sams konar verndar fyrir eignarnámi og eignarréttindi Íslendinga.

Í 11. gr. frv. er gerð tillaga um efni 73. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um skoðana- og tjáningarfrelsi. Gildi þess að fá hér nýtt stjórnarskrárákvæði um þennan hornstein hvers lýðræðisþjóðfélags er ofar öllu fólgið í því að núgildandi ákvæði er verulega mikið þrengra en kröfur eru gerðar til í nútímaþjóðfélagi með sínum margbreytilegu tjáningarmiðlum. Núgildandi ákvæði er dæmigert barn síns tíma og bindur vernd tjáningarfrelsis við rétt manna til að láta í ljós hugsanir sínar á prenti. Hér er gerð tillaga um mikla útvíkkun ákvæðisins sem verndar berum orðum rétt manna til skoðana og frjálsrar sannfæringar og frelsi manna til að láta í ljós hugsanir sínar án tillits til með

hvaða hætti eða í hvaða formi slík tjáning er sett fram. Líkt og í núgildandi ákvæði er sett það skilyrði að maður verði þó að ábyrgjast hugsanir sínar fyrir dómi. Hins vegar er hert á gildandi banni við ritskoðun með því að leggja til bann við öðrum sambærilegum tálmunum á tjáningarfrelsi.

Við meðferð frv. síðasta vetur spunnust miklar umræður um takmarkanaákvæði það sem tillaga er gerð um í 3. mgr. þessarar greinar þar sem segir að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna, eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Hörð gagnrýni kom fram varðandi þetta atriði og jafnvel ómaklegar árásir sem reyndust að hluta til á misskilningi byggðar. Því var m.a. haldið fram að verið væri að rýmka heimildir til að takmarka tjáningarfrelsi frá því sem nú er. Ákvæðið færi skýrlega gegn ákvæðum alþjóðlegra mannréttindasamninga um tjáningarfrelsi og væri þannig skref aftur á bak. Staðreyndin er hins vegar sú að fram til þessa hafa verið við lýði í íslenskri löggjöf eins og allra annarra vestænna ríkja margvíslegar en jafnframt nauðsynlegar takmarkanir á tjáningarfrelsi án þess að eiga sér skýra lagalega stoð eins og tillaga er gerð nú um að setja í þetta ákvæði. Margar þessara takmarkana hafa kannski virst sjálfsagðar svo sem að rétt sé að vernda menn fyrir ærumeiðingum, að tilteknar starfsstéttir séu háðar þagnarskyldu um málefni skjólstæðinga sinna eða að hér sé starfandi kvikmyndaeftirlit svo örfá dæmi séu tekin. Í stað þess að byggja á löggjöf sem takmarkar stjórnarskrárvernd á tjáningarfrelsi á óskráðum og þar með óljósum viðmiðunum er hér gerð tillaga um að setja í stjórnarskrána sjálfa skilyrði sem verða að vera uppfyllt til þess að réttlæta slíkar takmarkanir. Þetta er í fullu samræmi við stjórnarskrárhefðir í öllum vestrænum ríkjum þar sem alls staðar er að finna sambærileg takmörkunarákvæði og það sama er að segja um þá mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að.

Hins vegar taldi ég og við sem áttum sæti í stjórnarskrárnefnd á síðasta þingi eðlilegt að koma til móts við ábendingar um að rétt væri að bæta við ákvæðið skilyrði um að slíkar takmarkanir verði að teljast nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum og var frv. breytt í þá átt þegar fjallað var um það á síðasta þingi. Orðalagið er frekar í samræmi við sambærileg ákvæði í alþjóðlegum mannréttindasamningum og er tryggara að árétta það þótt ég hefði fyllilega treyst íslenskum dómstólum að ákvæðinu óbreyttu að leggja til grundvallar ákveðna meðalhófsreglu við mat á því hvort löggjafinn hefur gengið of langt í takmörkunum á tjáningarfrelsi í hlutfalli við þá hagsmuni sem þær eiga að vernda.

Næsta ákvæði frv. sem er 12. gr. varð ekki síður tilefni líflegra umræðna en ákvæðið um tjáningarfrelsi. Hér er um að ræða tillögu að nýrri 74. gr. stjórnarskrárinnar sem ætlað er að vernda félaga- og fundafrelsi. Það mikilsverða nýmæli kemur fram í 2. mgr. ákvæðisins að engan megi skylda til aðildar að félagi. Finnst mér nánast liggja beint við að taka af skarið um þetta atriði á þessum vettvangi eftir að íslenska ríkið hlaut áfellisdóm hjá Mannréttindadómstólnum í Strassborg fyrir að skylda mann með lögum til að vera í félagi af einkaréttarlegum toga. Það er augljóst af þessu dæmi að núgildandi ákvæði í stjórnarskrá veitti ekki nægilega vernd gegn slíkri aðstöðu. Er með þessu reynt að ráða bót þar á. Sú undantekning er gerð frá þessari meginreglu að félagaskyldu megi binda við félög sem hafa lögmæltu hlutverki að gegna í þágu almannahagsmuna eða félög sem stofnað er til vegna sameiginlegra réttinda manna sem mælt er fyrir um í lögum. Í þessu sambandi hafa verið nefnd sem dæmi, húsfélög, veiðifélög eða annar sambærilegur félagsskapur.

Ég vil leggja áherslu á að með banni við félagaskyldu felst að engan megi skylda til aðildar að félagi með lögum eða stjórnvaldsákvörðunum. Nauðsynlegt er að árétta að í þessu stjórnarskrárákvæði er ekki fjallað um frjálsa samninga svo sem kjarasamninga sem gerðir eru á vinnumarkaði. Hefur ákvæði þetta því ekki áhrif á gildandi reglur um aðild að stéttarfélögum í ljósi þess að engin ákvæði er að finna í lögum um skyldu til slíkrar aðildar. Verður ekki litið svo á að þetta stjórnarskrárákvæði taki til frjálsra kjarasamninga sem fela í sér forgang stéttarfélagsmanna til vinnu á félagssvæðinu né heldur að það eigi við um umsamda skyldu launþega til þess að greiða stéttarfélagsgjöld.

Við meðferð frv. komu fram óskir um að sérstaklega yrði nefndur réttur manna til að stofna stéttarfélög og stjórnmálafélög í 1. mgr. ákvæðisins. Jafnvel þótt félagsskapur af slíku tagi falli skýlaust undir almenna reglu um að menn eigi rétt á að stofna félög var ákveðið að koma til móts við það sjónarmið í ljósi mikilvægis þessara félaga í sérhverju lýðræðisríki.

Í 13. gr. frv. er gerð tillaga um efni nýrrar 75. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi. Fjallar ákvæðið í 1. mgr. annars vegar um rétt manna til að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa og í 2. mgr. segir að með lögum skuli kveðið á um rétt manna til að semja um starfskjör sín.

Fyrri málsgreinin er efnislega áþekk núgildandi 69. gr. stjórnarskrárinnar en með breyttu og afdráttarlausara orðalagi. Síðari málsgrein ákvæðisins er nýmæli og lýtur að því að vernda sérstaklega félagsleg réttindi manna varðandi starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu. Breyttist ákvæðið í þetta horf í meðförum stjórnarskrárnefndar enda þótti upprunalegt orðalag ekki nægilega afgerandi og sætti ýmsum athugasemdum af þeim sökum. Þetta er mikilvæg grein í ljósi þess að hún verndar sérstaklega samningsfrelsi manna varðandi kjör þeirra og önnur vinnutengd réttindi sem ber að útfæra nánar í almennri löggjöf. Hins vegar er ekki ráðgert að ákvæðið hrófli við þeirri skipan sem tíðkast hefur með því að laun ákveðins hóps manna séu ákveðin af Kjaradómi.

Mikilvægustu efnahagslegu og félagslegu réttindunum er að öðru leyti raðað saman í 14. gr. frv. Er þar skýrlega tryggður í 1. mgr. réttur þeirra sem þurfa til framfærslu aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika en geng-

ið er út frá að nánari reglur verði settar í lögum um slíka aðstoð eins og tíðkast hefur. Hér er um að ræða undirstöðuréttindi í hverju velferðarþjóðfélagi þar sem tryggt er að þeir sem minna mega sín í þjóðfélaginu fái bæði þá fjárhagsaðstoð og aðra hjálp sem þeir þurfa.

Í 2. mgr. kemur fram regla um að öllum skuli í lögum tryggður réttur til menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Þetta er mikilvæg regla sem felur fyrst og fremst í sér að allir skuli eiga jafnan aðgang að almennri menntun eða skyldunámi án þess að setja megi hindranir við því. Gengur reglan mun lengra en núgildandi 71. gr. stjórnarskrárinnar sem takmarkast við þá skyldu ríkisins að sjá börnum fyrir menntun af almannafé ef foreldrar þeirra hafa ekki efni á að veita þeim hana eða börnin eru munaðarlaus eða öreigar.

Loks kemur fram í 3. mgr. greinarinnar sú mikilvæga stefnumótun að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Með þessu er fallist á að börn séu sérstaklega viðkvæmur hópur í þjóðfélaginu sem þarfnist ríkrar verndar. Er þetta til áréttingar skuldbindingum þeim sem íslenska ríkið hefur gengist undir með aðild að barnasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1989.

15. gr. frv. um skattamálefni felur um margt í sér mikilvæga réttarbót en þar er gerð tillaga um nýja 77. gr. stjórnarskrárinnar. Hér er þó ekki um að ræða hefðbundið mannréttindaákvæði. Í 1. mgr. eru tekin af tvímæli um að löggjafinn megi ekki framselja til stjórnvalda ákvörðun um hvort skattur verði lagður á, honum breytt eða hann afnuminn. Þótt hægt sé að leiða þessa reglu að nokkru leyti af 40. gr. stjórnarskrárinnar þá hafa margvísleg álitaefni komið upp fyrir dómstólum á undanförnum áratugum sem tengjast því hvort og hve langt megi ganga í því að framselja með lögum skattlagningarvaldið. Er þessu ákvæði beint gegn því að slík framkvæmd festist í sessi og er full ástæða til í ljósi tilhneigingar sem hefur verið í þá átt.

Í 2. mgr. 15. gr. frv. kemur síðan fram mikilvægt nýmæli um bann við afturvirkni skattalaga, en slíkt ákvæði hefur hvorki verið að finna í núgildandi stjórnarskrárákvæðum né almennri löggjöf. Með þessu ákvæði verður loku fyrir það skotið að unnt sé t.d. að breikka skattstofn, hækka hann eða leggja á nýjar skattálögur sem hafa gildi aftur í tímann. Hins vegar má benda á að ekki verður girt fyrir afturvirka ívilnun eða skattalækkun með ákvæðinu.

Síðasta efnisákvæðið í frv. sem er 16. gr. er nokkuð eðlisólíkt mannréttindaákvæðum kaflans þar sem það fjallar um réttindi sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Við meðferð frv. var fellt út fyrra orðalag 1. mgr. ákvæðisins sem vísaði til eftirlits ríkisins með málefnum sveitarfélaga og þótti heppilegra að láta síkt ráðast af almennri löggjöf á þessum vettvangi.

Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að tekjustofnar sveitarfélaga skuli ákveðnir með lögum en við meðferð frv. var bætt við að einnig skyldi lögákveðinn réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig tekjustofnar sveitarfélaga eru nýttir. Með þessu er sveitarfélögum t.d. veittur réttur til að ákveða útsvarshlutfall og fasteignagjöld innan ákveðins ramma sem veittur er með lögum.

Að lokum vil ég nefna að um leið og frv. þetta ráðgerir stórfelldar viðbætur við núgildandi mannréttindaákvæði þá er á sama tíma gerð tillaga um að fella út tvær reglur sem nú gilda. Hér er átt við í fyrsta lagi ákvæði í 78. gr. um að sérréttindi bundin við aðal, nafnbætur og lögtign megi aldrei í lög leiða. Ákvæðið ber þess skýrlega merki að vera upprunnið úr stjórnarskrá danska konungsríkisins frá miðbiki síðustu aldar þar sem stefnt var að því að binda enda á forréttindi konungsaðals á einveldistíma en það hefur enga skýrskotun við íslenskar aðstæður á ofanverðri 20. öld. Má auk þess benda á að veiting sérréttinda til hópa manna sem reist væri á þessum forsendum væri andstæð almennu jafnræðisreglunni sem tillaga er gerð um í 3. gr. frv.

Hins vegar er í frv. fellt niður ákvæði um varnarskyldu sem tæpast hefur nokkurt raunhæft gildi. Er ekki talin þörf á að binda þessa reglu í stjórnarskrá þar sem slíkri skyldu væri hægt að koma á með almennri löggjöf ef tilefni yrði til. Var ekki hljómgrunnur í stjórnarskrárnefnd fyrir að hafa þessi ákvæði áfram.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið umfjöllun minni um ákvæði þessa frv. sem eflaust er eins og ég áður sagði merkilegasta mál þessa þings til lengri tíma litið. Ég hef reynt að draga saman og gera grein fyrir helstu gagnrýni sem kom fram við fyrri meðferð þess á síðasta þingi og hvernig komið var til móts við þau sjónarmið sem hæst bar í þeirri miklu umræðu sem frv. hlaut. Ég tel að mjög vel hafi tekist til við að sætta ólík sjónarmið í þessu sambandi og ítreka að nauðsynlegt er að sátt sé um efni mannréttindaákvæða sjálfrar stjórnarskrárinnar sem eiga að gilda fyrir alla borgara þessa lands.

Ég vil að síðustu ítreka þakkir mínar til samstarfsmanna í öllum þingflokkum fyrir það umfangsmikla og merkilega starf sem hér hefur verið unnið og þá samstöðu sem náðist um að koma málinu í höfn. Þessar þakkir gilda að sjálfsögðu einnig um þá sem komið hafa að málinu á þessu þingi. Þetta var starf sem ekki aðeins við þingmenn tókum þátt í heldur einnig allir þeir sem sendu ábendingar sínar og umsagnir og létu sig miklu varða hvert yrði endanlegt efni þessa frv. Ég vil færa þeim öllum sem komu þannig að málinu sömuleiðis þakkir fyrir þeirra framlag. Ég er sannfærður um að verði frv. þetta að stjórnarskipunarlögum hafi því takmarki verið náð að færa íslenska lýðveldinu verðskuldaða afmælisgjöf sem lýðræðið í landinu og þjóðin öll mun njóta góðs af um ókomna framtíð.

Að svo mæltu legg ég til, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og þeirrar sérnefndar um stjórnarskrármál sem kjósa ber samkvæmt ákvæðum þingskapalaga.

[16:13]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Samkvæmt stjórnarskrá íslenska lýðveldisins ber að leggja allar stjórnarskrárbreytingar tvisvar sinnum fyrir, þ.e. nýtt þing verður að sam-

þykkja þær breytingar sem hið fyrra gerði á stjórnarskránni. Hér stöndum við einmitt frammi fyrir því að leggja fram að nýju það frv. sem við gengum frá á síðasta þingi sem var hið 118. í röðinni.

Framsögumaður hefur gert ítarlega grein fyrir þeim breytingum sem þetta frv. felur í sér og það er ekki ástæða til að fara mjög náið út í þær. Þó vil ég halda til haga nokkrum atriðum sem snerta þetta frv. ekki síst til þess að ítreka það að annars vegar er hér um mörg og mjög merkileg nýmæli að ræða í íslensku stjórnarskránni, bæði málefni sem hér eru tekin upp og ekki tíðkast annars staðar en líka málefni sem við erum að uppfylla nú loksins ýmsa þá sáttmála sem Ísland hefur gerst aðili að á undanförnum árum og áratugum eins og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópuráðsins.

Ég vil líka halda því til haga eins og ég nefndi að í ýmsum atriðum hefðum við kvennalistakonur viljað ganga lengra í þessu máli en hér er auðvitað um málamiðlun að ræða, skref sem er verið að stíga í þá átt að aðlaga íslensku stjórnarskrána nútímaþjóðfélagsháttum, en það þarf að ganga lengra bæði hvað varðar félagsleg réttindi og efnahagsleg réttindi eins og reyndar er gert í þeim alþjóðlegu sáttmálum sem við erum aðilar að en eins og hv. þm. vita hefur mannréttindasáttmáli Evrópuráðsins lagagildi hér á landi.

Áður en ég vík að einstökum atriðum þá er rétt að rifja það upp hvernig staðið var að þessu máli. Það urðu gífurlegar umræður úti í þjóðfélaginu um frv. og verður það að teljast merkilegt hvað tókst að kalla fram mikil viðbrögð fólks í landinu. Það var gert m.a. með auglýsingu, það var auglýst eftir viðbrögðum einstaklinga, félagasamtaka og alls almennings og þau viðbrögð urðu gífurlega mikil. Að vísu var oft um misskilning að ræða og eins kom fram í framsöguræðu hv. 4. þm. Reykv. vorum við, sem upphaflega sömdum frv., borin þungum sökum um að ætla að svipta landslýð mannréttindum eins og tjáningarfrelsinu en það var á miklum misskilningi byggt en varð kannski til þess að menn kváðu skýrar á í þeim breytingum sem gerðar voru á frv.

Ég vil þá aðeins nefna örfá atriði sem mér finnst skipta miklu máli í þessari umræðu um stjórnarskrána og þær breytingar sem verið er að gera á henni. Þar er fyrst að nefna 3. gr. frv. þar sem samkomulag náðist um að kveða sérstaklega á um það að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Við erum með þessu ákvæði að komast í hóp þjóða sem hafa ákveðið að kveða á um það í sinni stjórnarskrá að það þurfi að taka sérstaklega á jafnrétti karla og kvenna og beri að kveða skýrt á um það. En hvað varðar þetta atriði þá hefðum við einnig viljað fá það fram að ríkinu bæri að grípa til sérstakra aðgerða til þess að ná þessu jafnrétti fram en svo langt var ekki gengið að þessu sinni.

Það var mikil umræða á öllum stigum málsins um það hversu langt skyldi ganga í upptalningu í 3. gr. á ýmsum þeim þáttum sem rétt væri að telja upp til þess að undirstrika jafnræðisregluna en þar náðist ekki samkomulag um að ganga lengra en hér er gert. Vil ég sérstaklega nefna að við söknum þess reyndar, eins og fleiri þingmenn, að fatlaðir skyldu ekki vera taldir upp í þessari grein vegna þess að þeirra aðstaða í þjóðfélaginu er með þeim hætti að það þyrfti að vernda þá sérstaklega í stjórnarskránni. En það gildir einnig um aðra hópa og um það náðist einfaldlega ekki samkomulag.

Þá vil ég nefna 6. gr. þar sem kveðið er á um bann við pyndingum. Þetta er í samráði við alþjóðlega sáttmála.

Svo og vil ég sérstaklega nefna það atriði 7. gr. sem vakið hefur allnokkra athygli meðal þeirra sem fylgjast með mannréttindamálum en það er það ákvæði að í lögum megi aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.

Við umræðu á hinu háa Alþingi fyrir síðustu kosningar þá nefndi ég það að í ýmsum löndum heims fer fram mikil barátta til þess að reyna að ná fram banni við dauðarefsingum sem tíðkaðar eru sums staðar í stórum stíl, t.d. í Kína við jafnvel litlum brotum, og m.a. í Bandaríkjunum hefur um áratuga skeið geisað mikil umræða um réttmæti dauðarefsinga en samtök eins og Amnesty International hafa það á sinni stefnuskrá að afnema slíkar refsingar. Því vekur það auðvitað athygli þegar eitt ríki tekur það upp í sinni stjórnarskrá að í lögum megi aldrei mæla fyrir um dauðarefsingar. Þetta er að okkar dómi mjög þarft og gott ákvæði.

Þá vil ég einnig árétta varðandi 9. gr. þar sem kveðið er á um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu að þar er auðvitað ekki meiningin að innan veggja heimilisins geti hvaðeina gerst heldur er einmitt tekið fram að með sérstökum lagaheimildum megi takmarka þennan frið, t.d. til þess að koma í veg fyrir heimilisofbeldi, ofbeldi gegn börnum og annað slíkt sem auðvitað ber að berjast gegn í samfélaginu.

11. gr. er kannski sú grein sem olli hvað mestu uppnámi í allri þessari umræðu. Hún fjallar um skoðanafrelsið en þar hygg ég að tekist hafi að breyta orðalaginu á þann hátt að ekki sé hægt að vefengja það að allir skuli vera frjálsir skoðana sinna en þó beri að setja skoðana- og tjáningarfrelsi eðlileg takmörk til þess að vernda aðra, t.d. börn.

Hið sama gildir um 12. gr. sem snýr að félagafrelsinu. Þar var einnig tekið mið af þeim miklu athugasemdum sem fram komu og svo mikið er víst að umræðan um þessa grein hefur fallið niður en það á kannski eftir að koma fram hér á eftir hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur hvort verkalýðshreyfingin er fyllilega sátt við þessa grein.

Þá vil ég nefna það ákvæði 14. gr. að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst en þarna er líka um ákvæði að ræða sem verður að teljast til mikillar fyrirmyndar og er tilkomið m.a. fyrir tilstilli umboðsmanns barna. Þarna er um nýmæli að ræða sem þarf að fylgja eftir og vil ég þá aftur nefna ofbeldi gegn börnum og unglingum en með samþykkt þessa frv. verður þeirra réttur tryggður í stjórnarskránni.

Hæstv. forseti. Hér er um staðfestingarfrv. að ræða. Það þýðir að hér má engu breyta þannig að við verðum að láta okkur þetta skref nægja að svo stöddu en ég

vil sérstaklega nefna það að mönnum hættir til að líta þannig á að nú verði engu hægt að breyta fyrr en eftir fjögur ár. Menn vilja helst ekki leggja út í kosningar og leggja verk sín í dóm kjósenda. En auðvitað er það hin pólitíska nauðsyn sem á að ráða för. Ef samstaða er um það í þjóðfélaginu að það beri að breyta stjórnarskránni þá á auðvitað að ganga í það verk og þar eiga hagsmunir stjórnmálaflokkanna ekki að ráða för. Það er réttur borgaranna að fá stjórnarskránni breytt eins og öðrum lögum ef réttmæt krafa er uppi um það og Alþingi á ekki að sitja á því ef nauðsyn krefst.

Að lokum, hæstv. forseti, þá fagna ég þessu skrefi sem hér er verið að stíga en ítreka það að hér er um áfanga að ræða. Við þurfum að halda áfram að vinna það verk að breyta stjórnarskránni þannig að hún standist fyllilega þá alþjóðlegu sáttmála sem við erum aðilar að og að stjórnarskráin endurspegli framsýni í þjóðfélagsmálum, réttlæti og að mannréttindi allra séu tryggð í hvívetna.

[16:24]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umræðu um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands hefur tekið miklum breytingum frá þeirri mynd sem það var í upphaflega þegar það var lagt fyrir hið háa Alþingi.

Þegar frv. var kynnt á síðari hluta þessa árs vakti það mikla andstöðu úti í þjóðfélaginu. Margar umsagnir voru sendar hv. stjórnarskrárnefnd og m.a. bárust margvíslegar athugasemdir frá stéttarfélögum og stéttarfélagasamtökum. Þær athugasemdir snerust fyrst og fremst um ákvæði frv. um félagafrelsið en eins og þingheimi er kunnugt þá felur frv. m.a. í sér að sett er í stjórnarskrána ákvæði um svokallað neikvætt félagafrelsi eða rétt fólks til að standa utan félaga.

Frá sjónarhóli stéttarfélaga og samtaka þeirra þótti frv. í sinni upphaflegu mynd, og þá fyrst og fremst þegar það var skoðað með hliðsjón af greinargerðinni sem því fylgdi, geta athugasemdalaust falið í sér atlögu að stéttarfélögum og því vinnulagi sem aðilar vinnumarkaðar hafa komið sér upp á grundvelli alþjóðlegra samninga og landslaga. Einkum þótti greinargerðin sýna einslita mynd af málefninu og beindist gagnrýnin einkum að því að staða stéttarfélaga væri óviss ef frv. yrði samþykkt óbreytt. Orðalagið í greinargerðinni væri loðið og til þess fallið að bjóða upp á túlkunarágreining um stjórnarskrána. Með samþykkt frv. væri Alþingi í raun að vísa erfiðum ágreiningsmálum til dómstóla. Gagnrýnin beindist auk þess að því að almennt væri efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum ekki gert nægilega hátt undir höfði heldur væru þau í margumræddri greinargerð skilgreind sem nokkurs konar annars flokks mannréttindi.

Ég var í hópi þeirra fjölmörgu sem sendu inn athugasemdir til hv. stjórnarskrárnefndar um þetta mál sem starfandi lögfræðingur Alþýðusambands Íslands. Í stuttu máli sagt voru allflestar athugasemdir stéttarfélaganna og samtaka þeirra teknar til greina hjá hinni hv. nefnd og virðist mér niðurstaðan í alla staði ásættanleg. Sérstaklega vil ég lýsa ánægju minni með þá afdráttarlausu afstöðu til stéttarfélaga og starfsemi þeirra sem kemur fram í nál. hv. stjórnarskrárnefndar frá því í febrúar sl. en þar segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þessa lítur nefndin svo á að með samþykkt frv. sé í engu verið að hrófla við núverandi réttarstöðu á vinnumarkaði að því er varðar forgangsréttarákvæði, greiðslu félagsgjalda eða önnur réttindaákvæði."

Að auki tel ég sérstaklega ánægjulegt að fallist hefur verið á að setja í stjórnarskrána ákvæði um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna.

Virðulegi forseti. Ýmislegt er til bóta í umræddu frv. eins og bann við afturvirkni refsilaga og bann við að mæla fyrir um dauðarefsingu í lögum, svo dæmi séu tekin. Þá er það mjög til eftirbreytni að hv. nefnd skuli hafa gefið öllum landsmönnum kost á að senda inn athugasemdir um frv. og auglýst það sérstaklega í fjölmiðlum. Ég tel slíkt vinnulag verulega jákvætt þótt ég hefði reyndar viljað sjá mun meiri tíma fara í þá umræðu sem fór fram í kjölfarið á þeirri auglýsingu og þeim athugasemdum sem nefndinni bárust.

Ef vel hefði átt að vera hefði þurft að leggja frv. fram til kynningar strax í upphafi haustþingsins en því varð ekki við komið en væri rétt að hafa í huga eftirleiðis við breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins.

[16:28]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Á fundi Alþingis að Lögbergi, hinum forna þingstað Alþingis frá 930–1798, á fundi sem haldinn var 17. júní 1994 fór fram lokaatkvæðagreiðsla um till. til þál. um endurskoðun VII. kafla stjórnarskrárinnar. Þingflokksformenn höfðu þá þegar fjallað um málið og samkomulag náðst um hvernig að endurskoðun á þessum kafla sem nefndur er mannréttindakaflinn yrði staðið.

Virðulegi forseti. Því nefni ég þessa þekktu staðreynd að mér fannst það áhrifaríkt að við gerðum þessa samþykkt á Þingvöllum.

Eins og fram hefur komið erum við með frv. þessu um stjórnskipunarlög að staðfesta lagasetningu sem fullt samkomulag var um á síðasta þingi nýliðins kjörtímabils. Það er einnig afar mikilvægt að samstaða náist um breytingar á stjórnarskrá, að sátt sé um hvernig mannréttindakaflinn er endurskoðaður enda var það haft að leiðarljósi í allri umfjöllun frá fyrstu stigum málsins og það á sinn þátt í að allir þingflokkar féllust á sameiginlega niðurstöðu þeirrar nefndar sem vann endurskoðunina.

Það voru ekki teknar inn allar breytingar sem áhersla var lögð á, ýmist af þingflokkum eða öðrum aðilum sem sóttu á um tilteknar breytingar við þessa endurskoðun. Sjálf hefði ég kosið að samstaða hefði náðst um að festa rétt fatlaðra í stjórnarskrána. Það hefur verið gert í sumum nágrannalöndum okkar sem hafa endurskoðað sína stjórnarskrá en ég veit að það var sótt á um ýmis atriði sem ólík sjónarmið voru uppi um hvort heima ættu í stjórnarskránni og að niðurstaðan varð að flytja einungis tillögur um breytingar sem full samstaða var um.

Á síðustu árum hafa mannréttindamál fengið æ ríkari umfjöllun hjá okkur. Vitneskjan um mannréttindabrot og ofbeldi sem birtast okkur í nær viku hverri hafa gert okkur meðvituð um hve réttur manna í lýðræðisríkjum Vesturlanda er mikilvægur og í þeim efnum vísum við oft með stolti til ríkjandi viðhorfa hér á Norðurlöndum.

Á síðasta ári var gefin út bók af hálfu Rauða krossins. Bókin ber nafnið „Mannréttindi" og er skráð af Ágústi Þór Árnasyni. Ég ætla, með leyfi virðulegs forseta, að lesa úr upphafi inngangskafla þessarar bókar sem hljóðar svo:

„Öll erum við menn. Menn eru menn hvort sem þeir eru rauðir, gulir, svartir eða hvítir. Konur og karlar eru menn og börn eru það líka. En hæfileikum, efnum og aðstæðum er ærið misskipt. Menntun og tækifæri til að rækta það sem í okkur býr opnar okkur leiðir sem öðrum eru lokaðar sökum fáfræði og fátæktar. Auðlegð, hæfileikar og aðstæður geta veitt mönnum forréttindi umfram aðra. Sum réttindi eiga þó að vera óháð öllu öðru en því að við erum menn. Við eigum öll rétt á að lifa, ekki má loka okkur inni eða hindra ferðafrelsi okkar að ástæðulausu. Allir mega tjá skoðanir sínar og ekki er hægt að banna fólki að vinna eða læra það sem það vill og getur. Ekkert okkar á að þurfa að búa við hungur eða húsnæðisleysi.

Mannréttindi eru óháð stétt, stöðu, fjölskyldu, atvinnu, trú og menningu fólks. Mannréttindi fylgja öllum frá vöggu til grafar. Litarháttur, kynferði, þjóðerni, tunga eða stjórnmálaskoðun fólks breytir þar engu um. Tilvist manneskju veitir henni rétt til að njóta mannréttinda til jafns við alla aðra. Þeim rétti má ekki svipta fólk og það getur ekki afsalað sér grundvallarréttindum. Mannréttindi eiga að koma í veg fyrir að yfirvöld ráðskist með fólk að geðþótta og skapi því óbærileg lífskjör."

Virðulegi forseti. Því flyt ég inngang þennan hér á hinu háa Alþingi að ég tel að breytingar á stjórnarskránni, mannréttindakaflanum, spanni það sem hér er sett fram og sem mér finnst afar mikilvægt og samandregið í raun og veru það sem við hugsum þegar við fjöllum um mannréttindi. En ég ætla að leyfa mér í örfáum orðum að víkja að frv. því sem hér er til umfjöllunar og sem ég hef lýst yfir að mér finnst vel hafa tekist til um.

Ég ætla að byrja á því varðandi 1. og 2. gr., án þess að fara ofan í þessar greinar, að fagna því sem þarna felst í breyttu orðalagi að þar er nokkuð rýmkað um ákvæðin og frelsið til að iðka aðra trú er fest í stjórnarskrá okkar.

Ég vil einnig koma örlítið inn á 3. gr. þar sem fjallað er um að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna o.s.frv. og þessarar setningar: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna." Það er afar mikilvægt, og ég tek undir það, að þetta ákvæði sé fest í stjórnarskrá.

Jafnrétti kvenna og karla er mannréttindamál og það er mál sem brennur mjög sterkt á konum. Mig langar að nefna það varðandi þetta ákvæði hér að viðurkenndur launamismunur og viðbrögð við þeirri staðreynd verður til umræðu á þessu þingi og ég tel að umræður um aðgerðir varðandi þessi mál verði mjög öflugar á næstu mánuðum í okkar þjóðfélagi og hér á hinu háa Alþingi.

Ég hef ekki hugsað mér að fara orðum um hverja grein heldur fyrst og fremst nefna hér nokkur atriði. Mér finnst að frelsið sé grundvallaratriði í lýðræðisríki eins og okkar og mikilvægt að festa ákvæði er varða frelsissviptingu í stjórnarskrá landsins og það er gert í 5. gr.

Einnig er það nýtt og sjálfsögð mannréttindi, sterkt að hafa í stjórnarskrá, að engan megi beita pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og að nauðungarvinnu skuli engum gert að leysa af hendi.

Ég tel einnig að það að ekki megi mæla fyrir í lögum um dauðarefsingu endurspegli íslenskt viðhorf og réttarvitund. Ég tel að það sé grundvallarviðhorf Íslendinga að hér megi aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu og ég fagna þessu ákvæði.

Ég tek undir þau varnaðarorð sem er að finna í umfjöllun um 9. gr. þar sem bætt er inn að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs og bætt við: heimilis og fjölskyldu, að þessi viðbót verði aldrei skjól ofbeldis eða misnotkunar, enda er reynt að girða fyrir slíkt með því ákvæði sem felst í síðustu málsgrein.

Mig langar varðandi 13. og 14. gr. að nefna það að við höfum sett margs konar lög um atvinnumál, um aðbúnað fatlaðra, sjúkra, aldraðra, barna o.s.frv. en það eru aðeins örfá ár, fjögur eða fimm, síðan sett voru lög um félagslega þjónustu sveitarfélaga sem þá leystu af hólmi úrelta framfærslulöggjöf. Ég fagna því þegar ég lít á orðalag 70. og 71. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um að sá eigi rétt á styrk úr almennum sjóði sem eigi fær séð fyrir sér og sínum og einnig að skylt sé að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé sem eigi hafa efni á að fræða sjálf börn sín, séu börnin munaðarlaus og öreigar, að búið er að færa þetta í nýtt horf og að 76. gr. verður svohljóðandi:

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika."

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði hef ég ekki hugsað mér að fjalla um allar greinar frumvarpsins. Framsögumaður hefur gert það. Um þetta mál er góð sátt, en endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur lengi staðið til og oft verið haft í flimtingum á liðnum árum að þeirri endurskoðun yrði líklega aldrei hrint í framkvæmd, yrði aldrei lokið. Nú erum við að ljúka mikilvægum þætti þó ekki sé um að ræða endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild. Þessi áfangi sem nú hefur náðst er Alþingi til sóma og ég er sannfærð um það að þessi lög verða staðfest hér á vorþingi og er til vitnis um hve hægt er að ná góðri samstöðu þvert á alla þingflokka þegar menn hafa sett sér ákveðin markmið eins og Alþingi gerði á 17. júní á sl. ári.

[16:38]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Virðulegi forseti. Þau markmið sem höfð eru að

leiðarljósi við endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar eru þríþætt. Hið fyrsta er að efla og samræma ákvæðin þannig að þau gegni betur en nú því hlutverki að vera vörn almennings í samskiptum við þá sem fara með ríkisvaldið. Annað markmið er það að færa ýmis ákvæði til nútímalegra horfs og hið þriðja að taka mið af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur gengist undir með aðild sinni að alþjóðlegum mannréttindasáttmálum.

Það frv. sem hér liggur fyrir er niðurstaða vinnu sem margir hafa komið að og samhljóða frv. sem flutt var og samþykkt á síðasta þingi. Mörg merk nýmæli er hér að finna og vil ég þar fyrst taka til efni 3. gr. sem gert er ráð fyrir að verði 65. gr. stjórnarskrárinnar, en þar er að finna reglu sem ekki hefur áður verið bundin í stjórnarskipunarlögum með svo skýrum hætti, en það er sú jafnræðisregla sem þar er orðuð. Það er regla sem hefur verið álitin ein helsta undirstaða íslenskrar stjórnskipunar og almennt í íslenskum rétti. Mikilvægi hennar felst í því að vera almenn leiðbeiningaregla um bann við mismunun sem ávallt ber að hafa að leiðarljósi.

Hér er jafnframt um fyrirhuguð upphafsákvæði mannréttindakafla stjórnarskrárinnar að ræða. Í því sambandi má velta því fyrir sér hvort ekki hefði verið rétt að lögfesta sem stefnuyfirlýsingu þau grundvallarréttindi sem kveðið er á um í 3. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. En þar segir, með leyfi forseta:

„Allir menn eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi."

Jafnframt sakna einhverjir þess að ekki er hér að finna almenna reglu um túlkun á stjórnarskránni og lögum sem fjalla um mannréttindi og vísað í 29. gr. mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í 2. efnismgr. 3. gr. er einnig að finna nýtt ákvæði sem snýr að jafnrétti kynjanna. Þetta ákvæði var ekki í upphaflegum tillögum, en er mjög mikilvægt og var sett inn í meðferð Alþingis. Jafnframt er ljóst að margir vildu þar ganga mun lengra, svo sem að hafa það sem sérstakt ákvæði, enda hefur sú leið hlotið góðan hljómgrunn í umfjöllun Evrópuráðsins vegna breytinga á mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig mælti Jafnréttisráð með þeirri leið.

Umfjöllum um mannréttindi og ákvæði stjórnarskrár þar að lútandi er aldrei nægileg á dagskrá þrátt fyrir að um sé að ræða ákvæði sem snerta daglegt líf og grundvallarréttindi fólks og jafnljóst er að ýmislegt af því sem hefur verið til umfjöllunar og umræðu meðal almennings á undanförnum árum, svo sem jafnt vægi atkvæða og þjóðaratkvæðagreiðslur í mikilvægum málum, náðu heldur ekki inn í tillögurnar að þessu sinni.

Í niðurstöðu að samkomulagi, málamiðlun, sakna menn auðvitað ýmislegs sem þeir telja að eðlilegt hefði verið að hafa hér með. En þó menn sakni hér einhvers má það ekki skyggja á það sem er verið að gera, þau ákvæði sem samkomulag varð um og horfa vissulega til framfara. Þar vil ég enn nefna ákvæði 3. gr., um jafnræðisregluna og ákvæðið um jafnrétti karla og kvenna. Einnig ber að fagna sérstaklega þeim ákvæðum um félagsleg réttindi sem fram koma í 14. gr. frv. en þar er um gott dæmi þess að ræða að ákvæði séu færð til nútímalegs horfs sem eins og áður var getið var eitt af markmiðunum með endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar, svo og 15. gr. þar sem tillaga er gerð varðandi 77. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem tiltekið er að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt en í greinargerð með frv. á sínum tíma er sérstaklega tekið fram, með leyfi forseta: „...„að hugtakið skattur er ekki aðeins notað í þessu sambandi um gjöld sem eru bókstaflega nefnd skattar í lögum eins og á t.d. við um tekjuskatt, eignarskatt og virðisaukaskatt, heldur nær það einnig til gjalda sem hafa sömu einkenni, svo sem útsvar, sóknargjald og tollar."

Þá eru merk nýmæli í 7. gr. sem verður 69. gr. stjórnarskrárinnar þar sem kemur fram að í lögum megi aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.

Virðulegi forseti. Mannréttindaákvæði stjórnarskrár snerta okkur öll og verða á hverjum tíma að endurspegla vilja þjóðarinnar. Einnig ættu breytingar slíkra ákvæða að vera vísun til framtíðar fremur en staðfesting á orðnum hlut. Þetta tvennt vænti ég að einkenni þær tillögur um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins sem nú hefur orðið samkomulag um.

[16:44]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Þar sem ég hafði ekki tækifæri til að tjá mig um þetta mikilvæga mál á síðasta þingi vil ég segja örfá orð um það nú.

Endurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar var löngu tímabær og í þessu frv. er fjallað um mjög mörg mikilvæg mál, svo sem tjáningarfrelsi, félagafrelsi og jafnræði einstaklinga. Sérstaklega fagna ég ákvæðum um jafnrétti kynjanna og um það að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ég styð þetta frv. heils hugar þó að vissulega hefðum við kvennalistakonur viljað ganga lengra en samstaða náðist um, t.d. varðandi ákvæðið um jafnrétti kynjanna. Við erum þó vongóðar um að sú breyting sem nú er gerð sé til bóta og reynslan sker úr um hvort svo reynist þegar dómar fara að birtast á grundvelli þessa ákvæðis því að jafnréttislögin ein og sér hafa ekki dugað þegar á reynir.

Þá vil ég láta í ljós vonbrigði mín yfir því að ekki náðist samstaða um að setja ákvæði inn í stjórnarskrána um að fiskimiðin og nytjastofnar séu sameign þjóðarinnar. Það er brýnt að gera þrátt fyrir núgildandi ákvæði í 1. gr. laga um stjórnun fiskveiða í ljósi þeirrar stefnu sem ráðið hefur um stjórnun fiskveiða og þeirra staðreynda að aflaheimildir eru seldar manna á millum og eru orðnar að erfðagóssi. Það er von mín að slíkt ákvæði komist inn í stjórnarskrána við næstu endurskoðun og haldið verði markvisst áfram því starfi að endurskoða stjórnarskrána.

[16:46]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. 4. þm. Reykv. fyrr í dag að hér er á ferðinni eitt mikilvægasta mál sem við höfum fjallað um. Í

rauninni er stærð þess allt önnur en rammi málsins í þessari virðulegu stofnun gefur tilefni til að ætla því að af eðlilegum og margvíslegum ástæðum ætla menn þessu ekki mikinn tíma. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst sú að um þetta mál er mjög rík samstaða.

Kannski er rétt að rifja það aðeins upp hvernig þetta mál er til komið og hver var þróun og hver var aðdragandi málsins. Þannig háttar til að á löggjafarþinginu sem sat 1991–1992 fluttum við þrír þingmenn, ég ásamt hv. þm. Kristínu Einarsdóttur og Jóni Helgasyni, till. til þál. um það hvernig best yrði minnst 50 ára afmælis lýveldisins. Þar gerðum við beina tillögu um að mannréttindakafli stjórnarskrárinnar yrði endurskoðaður og endurskrifaður, m.a. með hliðsjón af almennri réttarþróun sem orðið hefur frá því að stjórnarskráin í öndverðu varð til, þ.e. í meira en 100 ár. Tillaga okkar náði ekki fram að ganga á því þingi og á þinginu þar á eftir varð niðurstaðan sú að um tillöguna varð samkomulag. Allir flokkar voru tilbúnir til þess að standa að því að afgreiða tillöguna, m.a. um það hvernig minnst yrði 50 ára afmælis lýðveldisins og þar var einnig samkomulag um það að sérstaklega yrði tekið á mannréttindaþætti stjórnarskrárinnar með endurskoðun á því verki og sérstakri vinnu við þann þátt stjórnarskrárinnar. Í framhaldi af því hófst þessi vinna og um hana náðist fullt samkomulag. Af hálfu okkar alþýðubandalagsmanna átti hv. þm. Ragnar Arnalds aðild að þeirri nefnd sem vann þetta mál í grófum dráttum í þeim búningi sem það liggur fyrir.

Þegar málið kom síðan fyrir þingið komu fram allmargar athugasemdir við efni þess, m.a. frá verkalýðshreyfingunni eins og hv. 12. þm. Reykv. gat um hér áðan. Það varð ofan á að komið var að verulegu leyti til samkomulags við þær athugasemdir sem fram komu frá verkalýðshreyfingunni í landinu. Þess vegna má segja að víðtæk allsherjarsátt hafi orðið um efni málsins eins og það liggur fyrir því að til viðbótar við þær breytingar sem voru gerðar til að koma til móts við sjónarmið úr verkalýðshreyfingunni var sérstaklega fjallað um 11. gr. frv., þ.e. tjáningarfrelsisþáttinn, ritskoðunarþáttinn eins og það var kallað á síðasta vetri. Um þau mál urðu mjög miklar umræður og einnig þar tókst mönnum að lenda þessu í samkomulagi. Ég tel ástæðu til að undirstrika það sem sjónarmið mitt í þessu máli að ég tel að rétt hafi verið staðið að málum í þeim skilningi að menn eru að setja stjórnarskrá sem eru grundvallarlög landsins og um þau á að vera samstaða. Þannig á að vinna að þeim málum og allir sem hafa komið að þeim málum eiga þakkir skildar fyrir það.

Varðandi einstök atriði í frv. vil ég sérstaklega víkja örfáum orðum að þremur þáttum. Það er í fyrsta lagi að 9. gr. frv. en þar segir svo:

„Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu." Í þeim efnum tek ég undir það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn. og ég lagði reyndar sérstaklega áherslu á við umræðu um þetta mál á síðasta þingi að þetta ákvæði má aldrei verða til þess að skapa skjól um ofbeldisverk og það er nauðsynlegt að þetta sé undirstrikað úr þessum ræðustól sem algerlega skýlaus hlutur. Það er mjög brýnt að þetta komi fram og ég tel að nauðsynlegt sé að ítreka það enn þá einu sinni vegna þess að við sem höfum reyndar fylgst dálítið með þessum málum á undanförnum árum þekkjum dæmi þess að menn hafi reynt að bregða fyrir sig anda þessa stjórnarskrárákvæðis til að slá skjaldborg um óhæfuverk sem hafa verið unnin inni á heimilum.

Í öðru lagi nefni ég sérstaklega þann málslið 11. gr. frv., með leyfi forseta, þar sem segir svo: „Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða."

Um þetta mál urðu miklar umræður á síðasta þingi og náðist ágæt samstaða um málið í heild en rétt er að undirstrika að eftir er að endurskoða þann þátt okkar löggjafar sem fyllir út í þetta grundvallaratriði, þ.e. það eru ekki til nein lög á Íslandi um prentfrelsi og um tjáningarfrelsi. Engin lagaákvæði eru til í þeim efnum og ég tel að nauðsynlegt sé að ítreka það í tilefni af þessari grein og þessari umfjöllun að það þarf að verða til löggjöf um tjáningarfrelsi og um prentfrelsi og það þarf að flýta því að ryðja úr vegi þeim gömlu ákvæðum sem til eru um meiðyrði sem svo eru kölluð í íslensku hegningarlögunum en þau ákvæði eru löngu úrelt og eru hættulega misnotuð eins og menn hafa mörg dæmi um á seinni árum. Ég tel að það sé hins vegar mjög mikilvægt að Alþingi hefur fellt úr hegningarlögunum ákvæðið um sérstaka réttarvernd fyrir opinbera starfsmenn. Það er gamla ákvæðið sem Þorgeir Þorgeirsson rithöfundur barðist mjög lengi hetjulegri baráttu gegn og náði að hafa fullan sigur í því máli á síðasta þingi þegar þetta tiltekna ákvæði hegningarlaganna varðandi sérstaka æruvernd opinberra starfsmanna var fellt úr gildi.

Í þriðja lagi vil ég nefna það ákvæði sem fram kemur í 12. gr. frv. um að menn eiga rétt á að stofna félög í löglegum tilgangi þar með talin stjórnmálafélög og stéttarfélög. Ég vil segja það fyrir mitt leyti að ég fagna þessum ákvæðum alveg sérstaklega vegna þess að í íslenskri löggjöf og í lagasafninu hefur til þessa ekki verið gert ráð fyrir stjórnmálafélögum, þau eru ekki til. Það eru til þingflokkar í íslenskri löggjöf en ekki stjórnmálafélög og ég tel þess vegna að það sé sérstaklega mikilvægt að menn hafi ákveðið að taka inn í stjórnarskrána ákvæði um að stjórnmálafélög geti starfað með tilteknum hætti á þeim forsendum sem þarna eru raktar. Þegar þetta frv. var til meðferðar á síðasta þingi var ekki full samstaða um það. Þessu ákvæði var mótmælt af hæstv. núv. menntmrh., hv. 3. þm. Reykv. Ég man ekki betur en hann sæti hjá þegar nákvæmlega þetta ákvæði var borið upp til atkvæða í þinginu sl. vetur en hann var einn um það. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þau sérkennilegu sjónarmið, hliðarsjónarmið, sem hann stendur fyrir í þessu máli fengu þarna í besta falli eitt hjásetuatkvæði samtals á Alþingi Íslendinga. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að allt þingið á þeim tíma að öðru leyti stóð að því að setja inn ákvæðið um stjórnmálafélög.

Í annan stað vildi ég leyfa mér, hæstv. forseti, að nefna annað málið á dagskrá þó að ekki sé búið að mæla fyrir því en það er líka um stjórnarskipunarlög-

in og varðar endurskoðun á fjárreiðum ríkisins. Þar er gert ráð fyrir því að fella niður einhver allra virðulegustu og merkilegustu störf sem unnin hafa verið í þágu íslenska ríkisins fyrr og síðar og er þá langt til jafnað, þ.e. störf yfirskoðunarmanna ríkisreiknings en það eru þrír menn sem kjörnir hafa verið samkvæmt stjórnarskrá á hverju þingi til þess að annast yfirskoðun ríkisreiknings. Í frv. er gert ráð fyrir því að fella þetta starf niður og að fela Ríkisendurskoðun að sjá alveg um þetta. Ég vil láta það koma fram að um leið og þetta yrði fellt niður sem var gert reyndar að minni tillögu og hv. þm. Pálma Jónssonar yrði Alþingi að taka um það ákvörðun hvernig verður farið með ríkisreikninga í framtíðinni. Það verður að taka um það ákvörðun hvernig verður farið með skýrslur Ríkisendurskoðunar og ríkisreikninga í framtíðinni. Ég vil láta það koma fram sem skoðun mína að ég tel skynsamlegt að breyta þannig þingsköpunum að skapaður verði farvegur fyrir skýrslu Ríkisendurskoðunar og fyrir meðferð ríkisreikningsins með öðrum hætti en verið hefur í tilefni af þeirri breytingu sem menn eru að gera tillögur um í öðru dagskrármálinu.

Að lokum, hæstv. forseti, um leið og ég fagna því eins og aðrir að sá árangur hefur náðst að endurskoða þennan þátt stjórnarskrárinnar er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh., sem hér er viðstaddur, hvað svo? Verulegur hluti af stjórnarskránni er óendurskoðaður. Það er verulegur hluti af stjórnarskránni sem er eftir að fjalla um sérstaklega þó að nefnd hafi verið starfandi við þau verkefni um allmargra áratuga skeið. Í tilefni af þessu skora ég í fyrsta lagi á hæstv. forsrh., ríkisstjórn og Alþingi að taka sér nú tak í þessu máli. Í tilefni af afgreiðslu mannréttindakaflans ákveði menn að fara í það verk að endurskoða stjórnarskrána að öðru leyti. Í öðru lagi spyr ég hæstv. forsrh. hvernig hann sér þessa endurskoðunarvinnu fyrir sér af því að stjórnarskrárnefndin sem starfandi hefur verið undir forustu Matthíasar Bjarnasonar — ég veit ekki hvar vinna hennar er á vegi stödd en hún hefur verið á forræði forsrn. og ég vil spyrja hæstv. forsrh. að lokum hvernig hann hugsar sér framhaldið á þeirri vinnu sem í þeirri nefnd var unnin.

[16:58]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála síðasta ræðumanni að það samstarf sem náðist um þessa vinnu á sl. þingi milli þingflokka hafi reynst farsælt og skilað góðum breytingum sem ég held að við getum verið bærilega ánægð með. Stjórnarskrá verður út af fyrir sig lengi í mótun og menn hrapa ekki að slíkum verkum. Ég tel þó að með þessari atlögu, ef má nota svo óvirðulegt orð um stjórnarskrána, hafi orðið ákveðin kaflaskil. Ég tek undir með hv. þm. að það sé eðlilegt við núverandi aðstæður að flokkarnir og formenn þingflokkanna sérstaklega velti fyrir sér framhaldinu, notfæri sér þann góða byr, þá góðu samstöðu sem var milli manna um þessa vinnu um framhaldið.

Varðandi stjórnarskrárnefndina, sem hefur starfað undir forsæti Matthíasar Bjarnasonar, fyrrv. alþm., hefur forsrn. reyndar ekki orðið mikið var við forræði málsins. Nefndin hefur verið mjög sjálfstæð í störfum og ég veit ekki annað en þegar menn hafa horfið frá störfum þar hafi nefndin sjálf skipað nýja menn til starfa innan nefndarinnar og þó hefur ráðuneytið eftir því sem ég best veit staðið fyrir greiðslum til nefndarinnar sem eru ekki háar á þessu tímabili.

Ég tel að það verði eðlilegt að núna verði ákveðin kaflaskil við þessa vinnu og vil nota tækifærið til að óska eftir því að við forustumenn í þinginu getum átt gott samráð við að móta næstu skref.

[17:00]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör. Þau eru alveg fullnægjandi að mínu mati miðað við stöðu málsins og lít á þau sem hvatningu til þess að á vettvangi formanna þingflokkanna og í samvinnu við forsætisnefnd verði tekið á þessu máli, þ.e. því hvernig áfram verður unnið að frekari endurskoðun á þeim þáttum stjórnarskrárinnar sem ekki er fjallað um sérstaklega í því frv. sem hér liggur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórnarskipunarlög, 1. umr.*

Frv. GHH o.fl., 2. mál (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur). — Þskj. 2.

[17:01]

**Flm. (Geir H. Haarde)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins með síðari breytingum á þskj. 2. Frv. er samhljóða samnefndu frv. sem samþykkt var á síðasta þingi og er nú, eins og þá, flutt af formönnum allra þingflokka. Mál þetta er ekki umfangsmikið að stærð, ólíkt því máli sem hér var til umræðu fyrir stundu, og felur aðeins í sér tvær efnislegar breytingar. Vík ég þá að fyrri breytingunni.

1. gr. frv. stefnir að því að færa 43. gr. stjórnarskrárinnar um endurskoðun og eftirlit með framkvæmd fjárlaga til samræmis við þá grundvallarbreytingu sem gerð var á stjórnskipulegri stöðu Ríkisendurskoðunar á árinu 1986. Hin umboðslega endurskoðun Ríkisendurskoðunar hafði til þess tíma farið fram á vegum framkvæmdarvaldsins, í Stjórnarráðinu, í sérstakri stjórnardeild er laut fjmrh. Meðan svo var til háttað var því e.t.v. ekki nema eðlilegt að fjárstjórnarvaldið, Alþingi, ætti sér stjórnarskrárvarinn rétt til þess að kjósa sér sérstaka trúnaðarmenn, svokallaða yfirskoðunarmenn, til að hafa eftirlit með reikningsskilum ríkissjóðs eins og 43. gr. stjórnarskrárinnar kveður nú á um.

Frá upphafi árs 1987 var hin umboðslega endurskoðun stjórnvalda hins vegar lögð niður og starfsemi hennar flutt í sérstaka stofnun sem starfar í beinum tengslum við Alþingi undir yfirstjórn þess og á ábyrgð þess. Af þessum sökum þykir eðlilegt að lagt sé til að 43. gr. kveði framvegis á um að þessi þáttur fjár-

stjórnarvaldsins sé í höndum Alþingis og áréttað að löggjafinn geti ákveðið með lögum hvernig því verður háttað á hverjum tíma.

Rétt er að geta þess jafnframt að með breytingu þessari er úr stjórnarskrá fellt það boð sem skyldar ríkisstjórnina til að standa löggjafanum skil á ríkisreikningi fyrir hvert fjárlagaár. Er það og nauðsynlegur undanfari þeirra breytinga sem fjmrh. hefur boðað í skýrslu ríkisreikningsnefndar um nýja uppbyggingu ríkisreiknings sem kynnt var í nóvember á fyrra ári. Er þar gert ráð fyrir að þegar uppgjöri hvers árs er lokið með gerð ríkisreiknings verði lagt fyrir Alþingi frv. til fjáraukalaga sem feli í sér samþykkt hans í stað sérstaks lagafrv. um samþykkt ríkisreiknings.

2. gr. frv. kveður síðan á um starfslok þeirra yfirskoðunarmanna sem síðast voru kjörnir.

Síðari breytingin, sem felst í ákvæði til bráðabirgða í þessu frv., er allt annars eðlis og kemur til af því að kjördagur alþingiskosninga hefur á liðnum árum stöðugt færst framar á almanaksárið. Á stundum hefur þetta bæði gert kjósendum erfitt fyrir að komast á kjörstað sem og frambjóðendum að undirbúa för þeirra þangað. Er þess vegna lagt til að kjördagur næstu reglulegu alþingiskosninga, sem fram eiga að fara 1999, verði annar laugardagur í maí þess árs í þeirri von að betur viðri á kjósendur og frambjóðendur á þeim tíma en fyrr á árinu. Er því ljóst, verði frv. samþykkt, að næstu alþingiskosningar verða laugardaginn 8. maí 1999 nema áður hafi komið til þingrofs.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og þeirrar sérstöku nefndar sem kjósa ber um stjórnarskrána samkvæmt þingskapalögum og er sama nefnd og ég hef áður lagt til að hinu fyrra máli verði vísað til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 3. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 3.

[17:05]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi mælast til þess við forseta að því yrði hagað þannig til í góðri samvinnu við hæstv. utanrrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh. að þessir tveir ráðherrar svöruðu fljótlega í umræðunni þeim fjölmörgu fyrirspurnum sem til þeirra var beint hér sl. föstudag. Það mundi tvímælalaust greiða fyrir umræðunni ef það yrði gert og líka óeðlilegt að við sem bárum fram þessar fyrirspurnir höfum ekki tækifæri til þess að nota síðari ræðutíma okkar í þessari takmörkuðu umræðu til þess að fjalla þá aðeins um svörin. Ég vildi þess vegna mælast til þess við forseta að reynt yrði að sjá til þess að þessir tveir hæstv. ráðherrar svöruðu þeim spurningum sem til þeirra var beint hér sl. föstudag fljótlega í umræðunni.

[17:08]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hinn 19. maí fór fram allítarleg umræða um þau frumvörp sem hér liggja fyrir varðandi breytingu á innflutningi ÁTVR með áfengi til landsins. Ég tók meðal annarra þátt í þeirri umræðu og leiddi getum að því hvað það væri sem lægi að baki því að menn vildu fá þessar breytingar framkvæmdar. Mín niðurstaða er sú að ástæðurnar séu af tvennum toga. Annars vegar hugsjóna- og hagsmunaástæður en þannig er það pólitísk hugsjón hæstv. fjmrh. og ýmissa manna sem eru svipaðs sinnis og hann að breyta verslunarmátanum með áfengi, að einkavæða ÁTVR, og það er einnig ljóst að það eru hagsmunir ýmissa aðila í viðskiptalífi að fá þessar breytingar framkvæmdar. Þetta er sem sagt annar þátturinn.

Hinn þátturinn er sá að ýmsir telja að til þess að við stöndum við ákvæði EES-samkomulagsins sé nauðsynlegt að framkvæma þessar breytingar. Þetta er af allt öðrum toga. Mér segir svo hugur að innan stjórnarliðsins séu þeir mjög margir sem væru tilbúnir að fylgja þessu máli einvörðungu vegna þess að þeir teldu síðari kostinn raunhæfan.

Ég benti á það í mínu máli um daginn að í fyrsta lagi teldi ég ekki nauðsynlegt að gera breytingar á íslenskum lögum til þess að við stæðumst EES-sáttmálann og ef svo væri benti ég á tvær smávægilegar breytingar sem mætti gera til þess að taka af allan vafa í þessu álitamáli.

Reyndar kom fram það sjónarmið í máli hæstv. fjmrh. hinn 19. maí að að hans mati þyrfti ekki að gera neinar breytingar á íslenskum lögum til þess að verslun ÁTVR með áfengi stæðist EES-samkomulagið. Hann sagði meðal annars að það væri, með leyfi hæstv. forseta:

„... álit íslensku ríkisstjórnarinnar að þeir viðskiptahættir sem hér eru stundaðir séu ekki í andstöðu við EES-samninginn...“

Að þeir viðskiptahættir sem hér væru stundaðir væru ekki í andstöðu við EES-samninginn. Reyndar bætir hæstv. fjmrh. síðar við í sinni ræðu að það hafi komið til úrskurðar um áfengisverslun í Finnlandi en það er mjög erfitt að ráða af máli hæstv. fjmrh. hvaða ályktanir hann dregur af því. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það breytir hins vegar ekki því að seint í desember eða í byrjun janúar, ég man ekki hvort var, en eftir að þessi ræða var flutt kom fram álit EFTA-dómstólsins vegna máls í Finnlandi sem var skotið til dómstólsins. Niðurstaða í því áliti er alveg ljós og þess vegna má búast við því og það liggur fyrir að svo geti farið að ef þetta mál verður sent dómstólnum geti niðurstaðan orðið eins og Eftirlitsstofnunin segir að hún eigi að verða...“

Það er mjög erfitt að ráða í meininguna úr þessu, en ég legg áherslu á að í máli hæstv. fjmrh. í umræðunni 19. maí kom mjög eindregið fram það álit íslensku ríkisstjórnarinnar að þeir viðskiptahættir sem hér eru stundaðir séu ekki í andstöðu við EES-samninginn.

Ef þetta er rétt þá er hinn þátturinn eftir og þar

finnst mér að við þurfum að heyra álit þeirra sem kveðast ætla að styðja þessi frumvörp, hvort þeir séu sammála hæstv. fjmrh. þegar hann reyndar fullyrðir fyrir þeirra hönd og fullyrðir fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar og ég leyfi mér að vitna aftur í hans ræðu, með leyfi forseta:

„Eftir sem áður, og það er kannski það sem skiptir mestu máli vegna þess að fyrirspurnin kom þannig fram, er stefna íslenskra stjórnvalda hins vegar sú algerlega burt séð frá þessu" — þar er vísað til EES — „að það sé hagkvæmt fyrir íslenska ríkið að breyta viðskiptaháttunum eins og hér er lagt til, það sé heppilegra að taka gjald af áfengi við innflutning í stað þess að gera það yfir búðarborðið eins og tíðkast hefur á undanförnum árum."

Mér finnst að við þurfum að fá málefnalega umræðu um það hvað raunverulega býr að baki. Hvers vegna er verið að samþykkja þessi frumvörp? Á hvaða forsendum er verið að gera það? Annars vegar fullyrti hæstv. fjmrh. úr ræðustóli hér um daginn að við þyrftum ekki að gera þetta samkvæmt EES-samningi og í sömu ræðu fullyrðir hæstv. fjmrh. að það sé álit íslenskra stjórnvalda að það sé heppilegra að taka upp breytta viðskiptahætti með áfengi og ég spyr: Er þetta sameiginlegt álit hæstv. ríkisstjórnar? Er hæstv. heilbrrh. sammála þessu áliti? Er hæstv. viðskrh. sammála þessu áliti? Ég nefni hæstv. viðskrh. sérstaklega vegna þess að fyrir kosningar hafði hann á orði að hann væri andvígur þeim breytingum sem hér er um að ræða. Og sama gildir reyndar einnig um hæstv. félmrh., að hann væri andvígur þeim breytingum sem hér er um að ræða. Þess vegna óska ég eftir málefnalegri umræðu um þetta mál þar sem menn gera rækilega grein fyrir sínum sjónarmiðum, hvað það er sem hafi breyst.

Er það virkilega álit manna að það sé hagkvæmara að taka upp breytta viðskiptahætti og þá á hvaða forsendum? Á hvaða forsendum er það hagkvæmara? Er það hagkvæmara fyrir ríkissjóð? Erum við að tryggja þannig betri áfengisstefnu, heilbrigðisstefnu? Hæstv. heilbrrh. lýsti því yfir hér úr ræðustól um daginn að þetta mál snerist ekki aðeins um skattamál heldur um heilbrigðismál, um heilbrigðisstefnu. Ég held ekki.

Mig langar til að vekja athygli á því að þingmönnum hefur borist mjög ítarleg greinargerð frá Starfsmannafélagi ÁTVR þar sem gerð er grein fyrir því hvernig eftirliti með áfengissölu er háttað í landinu nú um stundir og hvaða breytingar það hefði í för með sér fyrir þetta eftirlit ef þau frumvörp sem liggja fyrir þinginu yrðu samþykkt. Eins og sakir standa er allt áfengi selt á sama verði til almennings í landinu, til hótela og til veitingahúsa, en með því er reynt að tryggja að áfengi lúti ekki almennum markaðslögmálum.

Allt áfengi sem selt er í veitingahús er merkt sérstaklega með miðum sem límdir eru á hverja flösku. Einnig er möguleiki að brennimerkja flöskurnar hverju veitingahúsi fyrir sig og má þá jafnframt sjá hvenær vínið var keypt. Og það er vakin athygli á því í þeirri skýrslu sem ég vitnaði til að það er um mjög marga möguleika að ræða fyrir viðskiptavini ÁTVR að nálgast þessa vöru og þannig geta veitingahúsin keypt samkvæmt vörulista ÁTVR og sérpöntunarþjónustu ÁTVR. Einnig er um að ræða frísvæðispantanir og sjálfstæðar pantanir, en í þessari greinargerð er ítarlega gerð grein fyrir hverjum þætti fyrir sig.

Í síðari hluta þessarar samantektar er fjallað um það hvað gerðist ef frumvörpin yrðu samþykkt og mig langar, með leyfi forseta, til þess að vitna í þessa skýrslu orðrétt. Þar er t.d. vikið að merkingum og eftirliti og þar segir:

„Augljóst er að merkingum á áfengi sem selt er til veitingahúsa verður hætt. Í dag er net eftirlitsmanna, lögreglustjóra sem fara reglubundið í veitingahúsin og fylgjast með því að þau bjóði fram vörur frá ÁTVR en ekki smygl eða brugg. Staðreyndin er því miður sú að mjög hefur færst í aukana á síðustu mánuðum að veitingahúsin bjóði fram áfengi til sölu sem þau hafa fengið með vafasömum hætti og af vafasömum uppruna." Og síðan segir í greinargerðinni, með leyfi forseta: „Nánast verður útilokað fyrir áfengiseftirlitsmenn að framfylgja starfi sínu þegar merkingum verður hætt og áfenginu verður dreift frá mörgum aðilum til veitingahúsanna.

Annar þáttur þessa eftirlits er sá að eins og kerfið er í dag er auðvelt að fylgjast með því hvaða áfengi veitingahúsin eru að kaupa. Auðvelt er að sjá hvort innbyrðis hlutföll þeirra áfengistegunda sem veitingahúsin eru að kaupa eru að breytast. Þær upplýsingar gefa oft fyrstu vísbendingu um hvort viðkomandi viðskiptaaðili sé farinn að versla annars staðar en hjá ÁTVR. Dæmi eru um að veitingahús dragi mjög úr vodkakaupum og kaupi lítið sem ekkert af því meðan kaup í öðrum tegundum eru óbreytt. Þessum upplýsingum er komið fljótt og vel til eftirlitsmanna þannig að þeir geti gripið strax inn í málin. Þessi eftirlitsþáttur hverfur einnig með gildistöku frumvarpanna."

Og áfram segir: „Á sama hátt eiga skattyfirvöld aðgang að upplýsingum um áfengiskaup veitingahúsa þannig að þau geti fylgst með skilum á virðisaukaskatti og annarri skattheimtu. Þetta eftirlit hlýtur að falla niður að mestu. Erfitt verður að fylgjast með kaupum veitingahúsa þegar birgjar geta skipt hundruðum. Í þessu máli er vert að minnast á að gjaldþrot meðal veitingahúsa eru tíð og tapast þar oft stórar fjárhæðir af opinberu skattfé."

Ég man ekki betur en hæstv. fjmrh. hefði áhyggjur af skattsvikum. Ég man ekki betur en ætti að gera stórátak til þess að efla eftirlit með skattsvikum. Var ekki talað um að það væru 11 milljarðar á sveimi í samfélaginu sem ekki skiluðu sér inn í opinbera sjóði, inn í sameiginlega sjóði landsmanna? Síðan kemur sami hæstv. fjmrh. og segir hér í ræðustól á Alþingi að það sé hagkvæmara að taka upp breytta viðskiptahætti sem sannanlega gera skattsvik auðveldari en þau nú eru. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því nákvæmlega hvað hér er átt við.

Í skýrslu Starfsmannafélags ÁTVR er farið yfir öryggismál og ýmislegt sem lýtur að heilsuvernd og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í dag ber ÁTVR ábyrgð á öllum vörum sem fyr-

irtækið selur og tryggir réttan uppruna og rétta meðhöndlun þeirra vara sem fyrirtækið hefur á boðstólum. ÁTVR er í nánu samstarfi við einkasölurnar á Norðurlöndum og fær strax upplýsingar í hendur ef upp kemst að skemmdar eða gallaðar vörur séu í sölu hjá framleiðendum. Þannig er hægt að hindra innflutning af heilbrigðisástæðum ef framleiðendur eru vafasamir eða ef varan er gölluð. Hætta er á að þessi neytendavernd minnki þegar ÁTVR hefur ekki lengur hönd í bagga með innflutningnum og markaðslögmál fara að ráða."

Síðan segir varðandi innflutninginn: „Að frumvörpunum samþykktum munu umboðsmenn eiga þess kost að flytja inn áfengi beint án milligöngu ÁTVR. Það þýðir að ÁTVR mun hætta að fylgjast með heildarneyslu áfengra drykkja í landinu og eingöngu hafa tölur um áfengi sem fyrirtækið selur sjálft. Ekki er ljóst hvaða aðili mun hafa þessa gagnaöflun með höndum. Af heilbrigðisástæðum er þýðingarmikið að nákvæmar tölur um áfengisnotkun landsmanna liggi fyrir á hverjum tíma."

Og að lokum í greinargerð Starfsmannafélags ÁTVR er fjallað um vörugeymslur og lagerhald og ég ætla að vitna í þann kafla einnig, með leyfi forseta:

„Umboðsmenn geta kosið að nota frísvæðið sem vörugeymslu fyrir áfengi. Þá mundu þeir flytja inn í smáskömmtum eftir því sem pantanir berast frá veitingahúsum. Þetta er þó ekki líklegt að gerist því að dýrt er að geyma vörur á frísvæðinu. Innflytjendur fá gjaldfrest á áfengisskattinum og virðisaukaskattinum í minnst hálfan mánuð og jafnvel lengur ef þeir eru í skjalalausum samskiptum við tollayfirvöld. Líklegast er því að umboðsmenn muni flytja vörurnar inn í eins ódýra birgðageymslu og hægt er. Ekki er ólíklegt að þeir muni nota bílskúra sína sem geymslur því að þá fellur enginn birgðakostnaður á vöruna og þá verða þeir samkeppnishæfari hvor við annan. Þá verða þeir að selja vöruna eins hratt og hægt er til þess að eiga fyrir skattinum síðar. Hver fylgist með því á hvaða tíma dags eða nætur þeir selja eða hverjum þeir selja? Er ekki ljóst að svona háskattaðar vörur verður að selja hvaða aðila sem til næst og undanfari sölunnar verði mikið auglýsingastarf til að efla eftirspurn eftir einstökum tegundum áfengis." Tilvitnun í greinargerð Starfsmannafélags ÁTVR er hér með lokið.

Í þessu plaggi, í þessari greinargerð sem reyndar hefur verið dreift til allra þingmanna að því er mér skilst er að finna upplýsingar sem ég hef tiplað á og ég tel nauðsynlegt að fá umræðu um, ekki síst í ljósi þess að hér var fullyrt af hálfu hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi að það væri stefna íslenskra stjórnvalda, algerlega burt séð frá öllum skuldbindingum gagnvart EES, að það sé hagkvæmt fyrir íslenska ríkið að breyta viðskiptahættunum eins og hér er lagt til. Er þetta samdóma álit innan ríkisstjórnarinnar? Við eigum kröfu á því að hæstv. ráðherrar Framsfl. geri grein fyrir sinni afstöðu, ekki síst í ljósi þess að margir þeirra voru með yfirlýsingar sem gengu þvert á þetta fyrir kosningarnar. Í öðru lagi tel ég viðfangsefnið vera að kanna hverjar eru skuldbindingar okkar gagnvart EES. Mín skoðun er sú að við þurfum ekki að breyta okkar lögum til þess að standast EES-ákvæðin. Ég tek hins vegar undir að það kunni að vera álitamál á ferðinni. Ef svo er þá tel ég að það ætti að láta reyna á það hvort það yrði kært. Menn eru svoleiðis skjálfandi hér í hnjáliðunum af ótta yfir því að einhver dómstóll úti í Evrópu gangi gegn því áliti sem hér kemur fram. Mér finnst þetta mjög undarleg afstaða. Menn eiga að fara eftir sinni sannfæringu og reyna að búa til lög og reglur, samskiptareglur í þjóðfélaginu sem þeir telja vera þessu þjóðfélagi til góðs. Ef einhver álitamál eru þarna uppi, þá þarf bara að láta reyna á það. En fyrir þá sem hafa miklar efasemdir, þá er hægt að gera smávægilegar breytingar á íslenskum lögum til þess að ekki orki tvímælis. Það þarf að setja í lög ákvæði þess efnis að ÁTVR sé óheimilt að mismuna innflytjendum. Í annan stað þarf að tryggja að rækilega sé greint á milli framleiðslunnar, sem reyndar er nú að mestu leyti búið að leggja niður hjá ÁTVR, en ef eitthvað er eftir þá ætti að greina mjög rækilega milli framleiðslunnar annars vegar og sölunnar hins vegar og málið er leyst.

Ég ætla ekki að taka meiri tíma einfaldlega vegna þess að við eigum eftir að heyra álit ríkisstjórnarinnar. Hæstv. ráðherrar verða að gera miklu betur grein fyrir sínum sjónarmiðum. Ég vitnaði í orð hæstv. fjmrh. frá því fyrir helgina. Þar eru ýmsar mótsagnir. Þar eru fullyrðingar um samdóma álit ríkisstjórnarinnar sem við hér flest töldum að væri ekki samdóma álit, menn væru að nálgast þetta mál á ólíkum forsendum. En til þess að trufla ekki þá umræðu eða það upplýsingaflæði, þá ætla ég að víkja úr pontunni.

**Útbýting þingskjala:**

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 13. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 13.

Atvinnuleysistryggingar, 10. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 10.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 12. mál, frv. SvG o.fl., þskj. 12.

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Rétt er að láta þess getið vegna þess að það kom ekki fram þegar tilkynnt var um hvaða þingmenn hefðu fjarvistarleyfi í dag, það hafði fallið niður vegna mistaka, en hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, hefur fjarvistarleyfi í dag.

[17:30]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Virðulegur forseti. Það kom fram í máli hv. 17. þm. Reykv. að óþarfi væri að breyta þessum lögum og hann væri þeirrar skoðunar að lögin sem nú gilda stæðust EES-skuldbindingar eða a.m.k. þyrfti aðeins að gera á þeim smávægilegar breytingar. Ég verð því miður að lýsa því yfir að ég er ósammála þessu mati. Það er nú svo í máli sem þessu að það þarf að meta með málefnalegum hætti og ég held að því miður sé mjög óhentugt að fara yfir það mjög nákvæmlega í umræðum á Alþingi, heldur sé þetta mál sem hentar betur að fara vel yfir við vinnslu í nefnd. Ef menn komast að annarri niðurstöðu en ég hef komist að við vandlega

yfirferð á þessu máli, að það þurfi ekki að breyta lögunum, þá tel ég að það sé að sjálfsögðu hægt að taka tillit til þess. En ég vil taka það skýrt fram að eftir málefnalega og efnislega yfirferð á þessu máli þá er ég þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að breyta lögum.

Menn spyrja: Hvað er það sem hefur breyst? Það sem hefur breyst er að það hefur fallið dómur í máli að því er varðar Finna. Þessi dómur liggur fyrir og það liggur fyrir rökstutt álit frá ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, að Íslendingar þurfi að breyta lögum til þess að standast þær reglur sem þeir hafa undirgengist. Það er náttúrlega aðalatriði þessa máls að staðið sé við þær reglur sem við höfum undirgengist, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Það kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni við umræður 19. maí að það hafi m.a. komið fram í bréfi til BSRB, dagsett 1. júlí 1992, að það væri ekkert í EES-samningnum sem hefði í för með sér að það þyrfti að gera breytingar á sölukerfi áfengismála á Íslandi. Ég vil leyfa mér að halda því fram að það sé nokkuð langt gengið að túlka þetta bréf með þessum hætti því að þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekkert mælir gegn starfsemi ÁTVR sem í raun hefur haft með hendi einkaleyfi á smásölu fremur en við innflutning sem ekki mismunar á grundvelli þjóðernis."

Nú eru ekki gerðar neinar athugasemdir af hálfu ESA við smásölu ÁTVR. Það sem hins vegar eru gerðar athugasemdir við er að því er varðar innflutning. Það kemur mjög skýrt fram í þessu bréfi sem vitnað er til að þarna er verið að tala um smásölu eða eins og þar stendur: „ ... fremur við innflutning sem ekki mismunar á grundvelli þjóðernis."

Nú hefur Eftirlitsstofnunin gert athugasemdir við þetta en ef vitnað er til þess sem segir í þessu bréfi í lið 3, kemur þar fram, með leyfi hæstv. forseta: „Ekkert í samningnum veldur því að breytingar þurfi að verða á rekstrarformi fyrirtækja eða stofnana sem ríkið á eignaraðild að."

Þarna er verið að tala um rekstrarform og síðan kemur fram í framhaldinu: „Ef um er að ræða lögaðila í atvinnurekstri þurfa þeir að lúta banni við ríkisstyrkjum með þeim skilyrðum sem sett eru fram í 21. gr. samningsins. Þannig er ljóst að ríkisfyrirtækjum verði búin sömu rekstrarskilyrði og fyrirtækjum í einkaeign."

Ef síðan er farið í greinargerð sem birt var með EES-samningnum en segir þar um 16. gr. EES-samningsins um ríkiseinkasölu að tryggja verði að hún geri ekki greinarmun á grundvelli ríkisfangs hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar. Þetta kemur fram í þeirri greinargerð sem fylgdi EES-samningnum á sínum tíma. Jafnframt segir í þessari sömu greinargerð að taka verði tillit til þess hvernig þetta ákvæði er túlkað innan ESB en þar hefur áherslan verið lögð á það að ávallt verði hægt að stunda svokallaðan samhliða innflutning og veita einkaréttarhafanum þar með samkeppni.

Á sínum tíma, svo öllu sé haldið til haga í þessu máli, þá kom það fram af hálfu utanrrn. í samráði við fjmrn. og ÁTVR og líka í samráði við norsk stjórnvöld að talið væri hægt að tryggja með fullnægjandi hætti að milliganga ÁTVR væri engin viðskiptahindrun heldur hreint formsatriði. Eftirlitsstofnun EFTA hefur hins vegar gert athugasemdir við þessa málsmeðferð þar sem milliganga eða leyfisveiting, þótt hún sé formsatriði, sé ekki í anda samningsins. Efnislega breytir það engu um innflutning áfengis hvort ÁTVR er ævinlega formlegur innflutningsaðili eða ekki því að aldrei var ráð fyrir því gert að ÁTVR misnotaði aðstöðu sína til að tefja fyrir, hindra eða banna innflutning af einhverju tagi. Það er hins vegar alveg rétt að Eftirlitsstofnunin hefur krafist strangari túlkunar en upphaflega var ráð fyrir gert og við erum þar alveg á sama báti og Norðmenn.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta mál. Það er mín niðurstaða eftir að hafa farið yfir það að nauðsynlegt sé að breyta lögum. Ég hefði alveg eins getað sagt, eins og margir aðrir, að auðvitað hefði verið æskilegt að við þyrftum ekkert að breyta þessum lögum. En það er nauðsynlegt að standa við alþjóðlegar skuldbindingar, hvort sem viðkomandi þingmenn hafa verið sammála þeim eða ekki. Og við verðum að koma þannig fram í hinu alþjóðlega umhverfi að við viljum standa við okkar skuldbindingar. Ég er ekki sammála því að í málum eigi ávallt að láta reyna til hins ýtrasta á túlkanir fyrir dómstólum. Við verðum einfaldlega að gera það upp við okkur sjálf hvort við viljum standa við þessar upplýsingar. Þess vegna er það mitt mat að nauðsynlegt sé að gera þessar breytingar og við eigum að ganga frá þeim. En ég vildi mælast til þess að hv. þm. settu sig vel inn í þessi mál við umfjöllun í nefnd þar sem að sjálfsögðu verður reynt að leggja fram öll gögn um málið eins og dóminn sem gekk í málefni Finna, þann úrskurð sem kom frá ESA að því er okkur varðar og ýmislegt annað sem fram kemur í þessu máli.

Ég á von á því að hv. þm. muni komast að svipaðri niðurstöðu og ég gerði eftir að hafa farið yfir málið, að það sé nauðsynlegt að breyta lögunum. Sömu niðurstöðu og Norðmenn komust að á sínum tíma eða núna fyrir stuttu að það væri jafnframt nauðsynlegt að breyta lögunum í Noregi. Ég held að það sé miklu betra að fara vel yfir málið við umfjöllun í nefnd en í umræðum á Alþingi.

En út af fyrirspurn hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar þá tel ég að ekkert í því sem fram hefur komið af hálfu utanrrn. á sínum tíma hafi verið rangt, eins og mátti skilja af hans orðum, en það rétta sé að Eftirlitsstofnunin hafði verið með strangari túlkun á þessum ákvæðum en mátti skilja við umfjöllun á málinu hér á sínum tíma.

[17:40]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er líka mikilvægt að hæstv. ráðherrar beri saman bækur sínar um efni þessa máls ekki síður en þingmenn. Hæstv. fjmrh. sagði það hér sl. föstudag, hæstv. utanrrh., og ítrekaði þar með yfirlýsingu sína frá síðasta þingi, að það væri ekki vegna EES-samningsins sem þetta frv. væri flutt heldur væri

frv. flutt vegna þess að ríkisstjórn Íslands hefði komist að þeirri niðurstöðu að það skipulag sem lagt væri til í frv. væri betra út frá hagsmunum Íslendinga sjálfra hvað skipulagið snertir. Ég spurði hæstv. fjmrh. gagngert að því hvort yfirlýsingin sem hann gaf í desember á sl. þingi um að frv. væri ekki flutt vegna EES stæði enn og fjmrh. sagði það alveg skýrt við umræðuna síðasta föstudag að að dómi hans væri ekkert í EES-samningnum sem knúði á um það að skipan þessara mála á Íslandi væri breytt.

Þess vegna hafa komið fram í umræðunni tvíþættar skýringar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Annars vegar skýring hæstv. fjmrh., að hann telur skipulagið æskilegra í sjálfu sér sem verið er að leggja til, og hins vegar þær lýsingar sem hæstv. utanrrh. var nú að gefa. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanrrh. hvort þeir hafi ekki borið saman bækur sínar, hæstv. fjmrh. og hann, um þetta mál.

Í öðru lagi vil ég minna hæstv. utanrrh. á það sem aðaltalsmaður Framsfl. Jón Helgason sagði einnig í umræðunni á síðasta þingi, að fyrirvari Íslands á sínum tíma var tengdur stefnunni í heilbrigðismálum, að Íslendingar áskildu sér rétt að hafa óbreytt skipulag á sölu áfengis vegna stefnunnar í heilbrigðismálum. Í ræðu sinni áðan vék hæstv. utanrrh. ekki einu orði að þessum efnisþætti fyrirvarans og ég vil því spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort hann sé þar með að segja að utanrrn. hafi horfið frá tilvísun til heilbrigðismála varðandi þann fyrirvara sem gerður var af hálfu Íslands.

[17:43]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af því sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði um heilbrigðismál þá er það alveg rétt en það kemur fram í áliti dómsins að því er varðar Finna að hér sé ekki um nægilega ástæðu að ræða, sem ég ætla ekki að fara að rekja nægilega, því að hér sé eingöngu verið að hrófla við innflutningnum og heildsölunni en ekki við smásölunni. Þess vegna er það ekki rétt að hér sé verið að opna fyrir allar gáttir. Það liggur alveg ljóst fyrir að ÁTVR mun áfram hafa einkasölu í smásölu. En það kemur fram þegar dómurinn er lesinn að því er varðar Finnland að þeir telja þessa tilvitnun ekki vera nægilega til að réttlæta slíka undanþágu að því er varðar heildsölu.

Þetta eru staðreyndir málsins án þess að ég ætli að fara að vitna sérstaklega í ræður þess ágæta þingmanns Jóns Helgasonar sem fjallaði um málið á þeim grundvelli að það mætti ekki breyta hér um áfengisstefnu. Það er í sjálfu sér ekki verið að breyta um áfengisstefnu að mínu mati. Það er ekki verið að breyta smásölustiginu á neinn hátt, en það er verið að breyta heildsölustiginu og það má gera á grundvelli tvennra röksemda. Annars vegar að það sé æskilegt út frá almennum sjónarmiðum, en hins vegar verður ekki hjá því komist að líta líka til þess dóms sem féll og úrskurðar ESA. Sá úrskurður liggur fyrir og ég veit að þingmaðurinn hlýtur að hafa aðgang að honum eins og aðrir.

[17:45]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að hér er verið að gera margvíslegar breytingar á sölu áfengis á Íslandi. Það er að vísu hægt að kalla það heildsölu, hæstv. utanrrh., en það er verið að gera þá breytingu að hvaða aðili sem er getur flutt inn áfengi til landsins, tekið það út úr tolli, geymt það sjálfur í eigin birgðastöð og selt það síðan frá eigin birgðastöð hvaða aðila sem er sem stundar veitingahúsarekstur á Íslandi en þeir skipta hundruðum talsins. Hér verður þess vegna hægt að koma upp í landinu mörgum tugum eða jafnvel mörg hundruð litlum birgðastöðvum eins og starfsmenn ÁTVR hafa lýst í greinargerð sem liggur núna í hólfum allra þingmanna og það er auðvitað breyting á því kerfi sem hefur verið í landinu. EES-samningurinn felur það fyrst og fremst í sér að það eigi ekki að mismuna innkaupaaðilum eftir ríkisfangi en hann kveður ekkert á um það að samkeppni einstaklinga með sama ríkisfang eigi að breytast með þeim hætti sem lagt er til í frv. Það er þess vegna sem m.a. hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur verið að lýsa því hér hvernig hægt væri að gera breytingar án þess að innleiða um leið þá eðlilsbreytingu á sölumálum áfengis sem við höfum mörg lýst í umræðunum.

[17:47]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hæstv. ráðherra Halldóri Ásgrímssyni að það er nauðsynlegt að þingmenn og ekki síður ráðherrar setji sig mjög rækilega inn í þessi mál en ég er ósammála hæstv. utanrrh. um það að umræða af því tagi sem hér fer fram eigi betur heima í þingnefnd. Hér hafa verið gefnar ýmsar stórar pólitískar yfirlýsingar um mál sem snertir skattamál, sem snertir heilbrigðismál, sem snertir áfengisstefnu og það er nauðsynlegt að ræða það í þingsalnum.

Aðeins í sambandi við það bréf sem ég skrifaði fyrir hönd BSRB í júní 1992 og vitnað hefur verið til þá langar mig til að leggja áherslu á það að í þeirri fyrispurn, sem þá var beint til utanrrn., var óskað eftir upplýsingum um allar þær formbreytingar, rekstrarbreytingar, sem við þyrftum að gera á opinberum stofnunum hér í tengslum við EES. Í lok bréfsins segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við teljum afar brýnt að í ofangreindum svörum komi fram ef um einhver álitamál er að ræða. Eru einhver ofangreindra atriða þess efnis að þau megi túlka á annan hátt en ráðuneytið hefur gert? Ef svo er hafa einhverjar slíkar túlkanir verið settar fram hér á landi eða í öðrum þeim ríkjum sem EES-samningsdrögin taka til?"

Í svarinu sem okkur barst við þessari fyrirspurn þar sem við spyrjum um öll hugsanleg álitamál í tengslum við rekstrarformsbreytingar á opinberum fyrirtækjum, þar með ÁTVR, er vitnað sérstaklega í ÁTVR og sagt, með leyfi forseta:

„Ekkert mælir gegn starfsemi ÁTVR sem í raun hefur haft með hendi einkaleyfi og smásölu fremur en

innflutning sem ekki mismunar á grundvelli þjóðernis."

Þetta er síðan ítrekað af hálfu hæstv. fjmrh. úr ræðustól um daginn.

En mig langar til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh., sem ég reyndar orðaði áðan, hvort hann sé sammála því að það sé stefna íslenskra stjórnvalda, eins og hæstv. fjmrh. fullyrti hér um daginn, algjörlega burt séð frá öllu sem snertir EES að það sé hagkvæmt fyrir íslenska ríkið að breyta viðskiptahættunum eins og hér er lagt til, það sé heppilegra að taka gjald af áfengi við innflutning í stað þess að gera það yfir búðarborðið eins og tíðkast hefur á undanförnum árum. Er hann sammála því að þetta sé stefna íslenskra stjórnvalda? Ég óska þá eftir skýringum á því hvers vegna.

[17:50]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði áður að ég er sammála því að það þurfi að gera þessar breytingar á lögum og það má færa fyrir því ýmis rök. Ég hef fært ákveðin rök fyrir málinu og ég heyri að fjmrh. — ég var því miður ekki viðstaddur þá umræðu — hefur fært ýmis önnur rök og ég ætla ekki á nokkurn hátt að draga úr því sem hæstv. fjmrh. hefur hér fram sett.

Ég vil hins vegar taka það fram til þess að forðast misskilning að ég er á engan hátt að biðjast undan því að hér fari fram umræða um þetta mikilvæga mál en ég tel á margan hátt heppilegra að meginumræðan fari e.t.v. fram við 2. umr. þegar hv. þm. hafa fengið tækifæri til þess að fara betur ofan í málið og kalla til þá embættismenn sem hafa fjallað um málið að undanförnu. Ég tel að það geti orðið til þess að skýra málið miklu betur eða a.m.k. var það reynslan að því er mig varðar, sem hafði ekki sett mig mjög vel inn í málið, að eftir að ég hef farið yfir það með ágætum embættismönnum þá hef ég komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að gera þessa breytingu.

Þetta vildi ég að kæmi hér skýrt fram.

[17:52]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrr í þessari umræðu vék ég að stöðunni að því er varðar EES-samninginn og þær yfirlýsingar sem fyrir hafa legið af hálfu íslenskra stjórnvalda varðandi stöðu hans að því er varðar ríkiseinkasölu á áfengi. Vegna þess að hæstv. utanrrh. vitnaði til greinargerðar þá stendur eftirfarandi í lagaskýringu við 16. gr. samningsins sjálfs, með leyfi forseta:

„Í samningaviðræðum um EES hafa Norðurlöndin öll innan EFTA, sem öll hafa með hendi ríkiseinkasölu á áfengi, ekki talið að skuldbindingar samningsins gefi ástæðu til þess að breyta fyrirkomulagi áfengissölu, svo fremi sem einkasölurnar ábyrgist það að þær mismuni ekki áfengistegundum eftir uppruna þeirra."

Síðar í sömu skýringu stendur: „Framkvæmdastjórn EB hefur í samningaviðræðum ekki dregið þessa túlkun í efa."

Síðan segir í framhaldi af þessu: „Til þess að tryggja stöðu sína enn frekar ef til þess kæmi að þetta atriði kæmi fyrir dómstóla hafa Norðurlöndin fjögur, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð, gefið yfirlýsingu við samninginn þar sem áréttað er að áfengiseinkasala sé mikilvægur þáttur í stefnu þessara ríkja í heilbrigðis- og félagsmálum."

Þetta er í sjálfri skýringu við 16. gr. samningsins. Og svörin sem hæstv. dómsmrh. gaf með tilvitnun í greinargerðir fjmrn. og utanrrn. í þinginu 30. apríl 1992 eru alveg ótvíræð og til þeirra vitnaði ég í ræðu minni fyrr í umræðunni. Það liggur því alveg skýrt fyrir að íslensk stjórnvöld hafi í aðdraganda málsins talið það alveg tryggt og gullslegið að þetta atriði fengi staðist.

Ég minni á það að vegna hinnar pólitísku stöðu í Noregi þá gátu yfirlýsingar af þessu leyti ráðið algjörum úrslitum um afstöðu þjóðþinga til samningsins sjálfs og í þessu tilviki að því er varðaði Kristilega flokkinn í Noregi.

Ég spyr hæstv. utanrrh.: Liggja fyrir lögfræðilegar álitsgerðir um umsögn EFTA-dómstólsins sem er nú ekki dómur eins og orðað var heldur ráðgefandi álit? — Liggja fyrir lögfræðilegar álitsgerðir um þetta ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins?

[17:55]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur verið farið mjög ítarlega yfir þetta mál með lögfræðingum og það liggur ýmislegt fyrir um það en ég vil aðeins vitna til þess dóms sem féll að því er varðar finnska málið. Þar segir í áliti að ekki sé hægt að leyfa innflutningshöft eingöngu á þeim forsendum að þau miði að því að draga úr skaðsemi áfengisneyslu fyrir heilsu neytanda þar sem því markmiði megi ná með öðrum ráðstöfunum sem feli í minna mæli í sér hindrun á frjálsum vöruflutningum.

Þetta liggur fyrir í þessum dómi. Það er allt rétt sem hv. þm. sagði um aðdraganda málsins og sameiginlega yfirlýsingu Norðurlandanna en í því sambandi er rétt að geta þess að það verður að gera greinarmun á annars vegar innflutningi eða heildsölu og hins vegar smásölu í þessu sambandi. Það kemur mjög skýrt fram í áliti Eftirlitsstofnunarinnar í þessu máli að því er varðar Ísland. Það er ekki verið að gera neina kröfu um breytingar á smásölunni heldur eingöngu á innflutningnum og ég býst við því að það sé m.a. stutt með því sem kom fram áliti sem fylgdi dómnum að því er varðaði finnska málið.

[17:57]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hlýtur að verða óskað eftir því að leiddar verði fram álitsgerðir lögfræðilegs eðlis af hálfu íslenskra stjórnvalda varðandi stöðu þessa máls og það ekki síst í ljósi þess sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. í upphafi umræðunnar þegar mælt var fyrir þessu og málið rætt að honum viðstöddum þar sem hann fullyrti að þetta mál væri ekki til komið vegna þeirra dóma sem fallið hafa heldur vegna þeirr-

ar stefnu íslenskra stjórnvalda. Ég vil segja það vegna þess sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. að því er varðar smásöluna að það er út af fyrir sig rétt að það mál er ekki hér uppi að þessu sinni en hitt er jafnvíst að það mál á eftir að koma fyrir dóma og ég er ekki viss um að þeir falli á þá leið sem verið er að gefa í skyn að það mál fái staðist. Það hefur verið mitt álit, ekki aðeins nú heldur í aðdraganda EES-samningsins fyrir utan það að ég taldi fullljóst ásamt mörgum fleiri að svona færi að því er varðar heildsöluna.

[17:58]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu býsna margslungið mál eins og fram hefur komið í þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað. Ég gat þess í athugasemd við upphaf umræðunnar að það hafi ekki verið mikill tími sem gafst á hinu háa Alþingi til að skoða þetta mál þegar það kom loksins til þingnefndar í febrúar en afgreiðslan var með þeim hætti að hæstv. fjmrh., sem er fjarri við þessa umræðu, mælti fyrir málinu 21. febr. Málið hafði að vísu legið mánuðum saman í þinginu en ekki komist á dagskrá m.a. vegna andstöðu og umræðna sem urðu um eðli málsins. Hann mælti fyrir málinu 21. febr. en þingi lauk 25. febr. þannig að það voru einungis fjórir dagar sem málið var til meðferðar í nefnd. Það segir okkur auðvitað það miðað við þá umræðu sem hér hefur átt sér stað að afgreiðsla hv. efh.- og viðskn. var ekki mjög vönduð eða ítarleg. En það var lögð mikil áhersla á það að afgreiða málið og sú pressa er enn þá á okkur að reyna að afgreiða þetta mál fyrir þinglok vegna þeirra athugasemda sem borist hafa um málið. En það breytir ekki því að hér er svo margslungið mál á ferðinni að það verður að gefast tími til að skoða það rækilega. Það felst í því að í fyrsta lagi er hér um EES-mál að ræða sem kemur nokkuð óvænt.

Eins og hefur verið rakið var ekki hægt að skilja EES-samninginn öðruvísi en svo að það yrði ekki hróflað við því formi á áfengissölu sem hér hefur tíðkast um áratuga skeið. Það sem hér er á ferðinni að mínum dómi er hreinn menningarárekstur. Þetta er menningarárekstur milli Norður- og Suður-Evrópu í afstöðu til áfengis og hvernig skuli að þessum málum staðið miklu frekar en viðskiptahættir. Í suðurhluta Evrópu hafa menn umgengist vín með allt öðrum hætti en við þekkjum. Þar fæst vín í alls konar verslunum en hér á norðurhjaranum hafa menn löngu uppgötvað að við erum viðkvæmari fyrir áfengi og höfum tamið okkur og tekið í arf heldur sérkennilega umgengni við vín og reyndar fléttast þetta saman við mikla baráttu á 19. öldinni við áfengisvandamálið sem allt hefur leitt til þess að þau mál hafa verið tekin allt öðrum tökum sérstaklega á Norðurlöndum heldur en í öðrum löndum álfunnar. Þarf ekki að rifja upp í því samhengi þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór hér á landi árið 1908 sem síðar leiddi til þess að stöðvaður var innflutningur á öllu áfengi og síðan tók við sölubann sem stóð frá tímabilinu 1915–1923 þegar Íslendingar voru nánast þvingaðir til að opna fyrir innflutning á áfengi, hinum svokölluðu *Spánarvínum, mönnum til mismunandi* mikillar gleði eða óánægju en það varð svo síðar til þess að áfengisbannið var afnumið nema hvað varðaði innflutning á bjór. Þessa sögu þekkja menn.

Hér er sem sagt í fyrsta lagi um EES-mál að ræða. Í öðru lagi snýr þetta mál að þeirri áfengisstefnu sem hér hefur ríkt og hefur beinst að því að draga sem mest úr sölu á áfengi ekki síst að því er snertir nýtt fólk í landinu. Og loks snýr málið að þeirri stofnun sem um áratuga skeið hefur annast innflutning og sölu á öllu áfengi, þetta er málefni starfsfólks og spurning um framtíð þeirra sem starfa hjá þessu fyrirtæki. Síðast en kannski ekki síst þá blandast hér inn í einkavæðingarstefna fyrrv. ríkisstjórnar og núv. ríkisstjórnar sem hefur tekið í arf þá stefnu og þá starfshætti sem fylgdu einkavæðingunni á síðasta kjörtímabili.

Þetta er allflókið mál. Við gerum okkur öll grein fyrir því að það verður að breyta lögunum til þess að bregðast við þeim dómi eða þeirri álitsgerð sem fyrir liggur og þeirri hættu sem er á málsókn fyrir dómstóli EFTA. Stóra spurningin sem við stöndum frammi fyrir er sú: Hvað þarf að ganga langt? Er ekki hægt að ganga skemmra eða fara aðra leið heldur en farin er í þessu frv.? Það er fyrst og fremst það verkefni sem hv. efh.- og viðskn. þarf að glíma við. Hún þarf að skoða það hvort hægt er að fara aðra leið. Starfsmenn ÁTVR hafa bent á ákveðna leið í málinu. Ég treysti mér ekki að óskoðuðu máli til að leggja dóm á það hvort hún er fær en það þarf hv. efh.- og viðskn. að gera. Þeirra hugmyndir snúast um það að taka út úr lögunum réttinn til framleiðslu — það er reyndar búið að selja framleiðsludeildina eins og við vitum — en að jafnframt verði engin hemill á innflutningi í gegnum ÁTVR, þ.e. það verði ekki hægt að synja neinum um innflutning en hann fari áfram í gegnum ÁTVR. Stóra spurningin er sú hvort þetta stenst því að í grundvallaratriðum snýst málið um það hvort það form sem nú er viðhaft á innflutningi stenst þær kröfur og þær tilskipanir sem eru í gildi um samkeppni, hvort hér telst um óeðlilega viðskiptahætti að ræða. Þetta er það sem málið snýst um að mínum dómi.

En það sem snýr að þessu líka er það hvernig önnur Norðurlönd hafa brugðist við. Hvað er verið að gera þar? Hvernig ætla þau að taka á þessum málum? Menn hafa verið að reyna að afla sér upplýsinga, m.a. frá Noregi, og spurningin er hvort það megi af þeim læra og hvort með því að aðskilja algjörlega framleiðslu og sölu eins og reyndar er búið að gera hér og að taka á annan hátt á innflutningi finnist einhver leið í málinu.

Það sem við hljótum líka að spyrja okkur að er hvaða áhrif þessar breytingar hafi á sölu og dreifingu á áfengi og hvort hér verður að bregðast við á annan hátt, bregðast til varnar vegna þess að hér verður um opnari sölu að ræða en hingað til hefur verið. Menn geta farið á þetta frísvæði eins og það hefur verið kallað og keypt þar áfengi, fengið hálfs mánaðar greiðslufrest til þess að gera skil. Það hefur verið spurt hvort það sé eðlilegt að menn hafi slíkan greiðslufrest hvort það sé eðlilegt að t.d. veitingahúsaeigendur liggi með þessa peninga í sinni veltu í hálfan mánuð. Allt þetta þarf að skoða.

Ég vil gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hver stefna núv. ríkisstjórnar er í áfengismálum og hvort hún sjái fyrir sér að þetta frv., ef það verður að lögum, hafi í för með sér breytingar á þeirri áfengispólitík sem hér hefur verið rekin eða að það þurfi að grípa til einhverra frekari ráðstafana vegna þessara breytinga. Ég átta mig ekki á því en það er alla vega ljóst að eftirlitið með dreifingu á áfengi verður allt annað en það er núna. Þetta fer núna í gegnum einn aðila, allt áfengi er merkt og það er hægt að fylgja því þannig eftir hvort það er verið að selja löglega innflutt áfengi eða ekki á veitingastöðum. Það má gjarnan minna á það í því samhengi að því miður er veitingahúsabransinn, ef þannig má að orði komast, eða veitingahúsarekstur eitt af gráu svæðunum í íslenskum atvinnurekstri og menn hafa bent á það að þar sé mikið um skattsvik og óeðlilegan rekstur sem m.a. felst í því að veitingahús skipta mjög ört um eigendur og kannski oft verið að tefla þar á tvær hættur í rekstri. Það hefur verið spurt um það hvort þessi leið geri mönnum auðveldara að draga undan gjöldin, einmitt með því að liggja með peningana og hugsanlega fara á hausinn í millitíðinni. Og enn ein spurning sem við hljótum að velta fyrir okkur er hvaða áhrif þessar breytingar hefðu á verðlag. Hefðu þessar breytingar einhver áhrif á verðlag, sérstaklega á áfengi á veitingastöðum? Nú er ekki meiningin að breyta gjaldtöku ríkisins en er um einhvers konar hagræðingu að ræða hjá veitingahúsaeigendum? Hefðu þeir meira frelsi til þess að verðleggja sitt áfengi? Hvernig virkar þetta? Það er erfitt að átta sig á þessu.

Við getum velt því endalaust fyrir okkur hvort það sé eðlilegt að fara öðruvísi með þennan varning en með aðra vöru sem flutt er til landsins. En það alla vega sýnir sig ef við berum saman Norðurlöndin að þá er áfengisneysla mun meiri í Danmörku þar sem ríkir og hefur lengi ríkt allt önnur stefna varðandi dreifingu á áfengi þar sem vín er selt í öllum venjulegum verslunum. Hvort það á nú sökina á margfalt meiri áfengisneyslu heldur en hér tíðkast eða hvort það er á einhvern hátt menningarbundið er ekki gott að segja til um. Við getum endalaust rætt um það hvað sé eðlilegt og hvað sé óeðlilegt. En alla vega hefur sú stefna verið mótuð hér að halda smásölunni innan veggja sérstakra áfengisverslana eins og reyndar er gert bæði í Svíþjóð og Finnlandi og Noregi að því er ég held. Það alla vega er þessi munur á áfengisneyslunni.

Við megum ekki gleyma því að áfengi er vímuefni og heilbrigðisyfirvöldum ber að draga úr notkun þess og að stuðla að sem eðlilegastri notkun á áfengi ef hægt er að tala um það. Við vitum það að hér er um mörg þúsund ára gamalt fyrirbæri að ræða í sögu mannkynsins og er nú líklega fátt eitt sem gæti orðið til þess að útrýma algjörlega neyslu á áfengi. Málið er auðvitað það að reyna að verja unga fólkið og að reyna að stuðla að sem bestri líðan fólks þannig að ekki sé um misnotkun að ræða og jafnframt að áfengispólitíkin sé með þeim hætti að hún ýti ekki undir bæði brugg og smygl. En ég tel að það gífurlega háa verð sem hér er á víni, sérstaklega á veitingastöðum, ýti einmitt undir bæði brugg og smygl frekar en annað fyrir utan það hvað þetta háa verðlag gerir ferðaþjónustunni erfitt fyrir. Þarna er einmitt um kjarna málsins að ræða, þ.e. þá áfengisstefnu sem rekin er og spurninguna um það hvort vín eigi að vera dýrt eða ódýrt, hvort það eigi að vera auðvelt að nálgast það eða hvort það eigi að gera fólki sem erfiðast fyrir.

Nú vil ég taka fram að ég er ekki bindindismanneskja, ekki fullkomin bindindismanneskja, sem kemur málinu svo sem ekkert við en (**Gripið fram í:** Úr Vestmannaeyjum.) — einmitt, úr Vestmannaeyjum — þannig að ég get ekki verið að leggja öðrum lífsreglurnar. En það sem mér finnst skipta mestu máli er að við höldum hér uppi góðri heilbrigðisstefnu og fylgjum henni eftir og að við stöndum okkur í því að verja sérstaklega börn og unglinga fyrir neyslu áfengis.

Þetta tengist líka hinni hliðinni á þessari einkasölu og einkainnflutningi ríkisins sem er tóbakið. Og þó það komi málinu ekki beint við þá vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvort hún hyggist leggja tóbaksvarnafrv. fyrir nú á þessu þingi. Ég vil gjarnan rifja það upp að það olli mikilli reiði hér í þingsölum að það var í rauninni einn þingmaður sem stöðvaði það ágæta frv. eftir að búið var að ná fullkominni samstöðu um það. Ég var nú ein af þeim sem hörmuðu það mjög að okkur skyldi ekki takast að afgreiða það mál því að þó að áfengi kunni að vera mörgum skaðlegt þá er tóbakið enn þá verra og ágætt að upplýsa þingheim um það að nýjustu rannsóknir á tóbaki eða nikótíni sýna að rottur gera engan mun á nikótíni og heróíni. Menn telja núorðið að nikótín sé miklu sterkara eitur en menn hafa viljað viðurkenna hingað til. Ég nota tækifærið til að koma þessu á framfæri við þá þingmenn sem enn reykja. Og þá eru sígarettur allra verstar. Ég tel mig geta lesið mönnum pistilinn varðandi reykingar en ég er nú ekki eins sterk á hinu sviðinu.

Hæstv. forseti. Ég hef fyrst og fremst reynt að velta aðeins vöngum yfir þessu máli. Mér finnst það það flókið og margt í því að skoða að ég áskil mér allan rétt til þess að fara rækilega yfir það í hv. efh.- og viðskn. þar sem ég verð væntanlega áheyrnarfulltrúi og þykist vita að aðrir þeir sem þar sitja muni reyna að fylgja málinu eftir. En ég vil taka undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í fyrri hluta þessarar umræðu varðandi væntanlegan formann þeirrar ágætu nefndar, hv. þm. Vilhjálm Egilsson. Ég tel að hann sé algjörlega óhæfur til þess að fjalla um þetta mál og teldi rétt að hann viki sæti þar sem hann hefur komið að málinu með beinum hætti fyrir hönd þeirra samtaka sem hann vinnur hjá. Ég held að við hér á hinu háa Alþingi ættum að temja okkur þau vinnubrögð, eins og reyndar margir þingmenn hafa gert, þegar upp koma málefni sem snerta þeirra atvinnu eða jafnvel einkahagi, hverjir sem þeir eru, þá eigi menn að víkja sæti þannig að menn séu ekki að dæma eða vinna í eigin sök eða eigin máli.

Það er svo sem ekki mikið meira um þetta mál að segja. Mér finnst að ríkisstjórnin og meiri hlutinn hér á hinu háa Alþingi þurfi að gera okkur grein fyrir því

hvort hann er reiðubúinn til að leita samkomulags um afgreiðslu þessa máls og að við leitum annarra leiða en hér er farin og könnum til hlítar hvort unnt er að ganga skemmra en hér er gert og höfum þar í huga m.a. hagsmuni þeirra starfsmanna sem nú vinna hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins en það er ljóst að það er smátt og smátt verið að kippa stoðunum undan því fyrirtæki.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að ég tel að það sé ástæða til þess að hafa áhyggjur af smásöluversluninni í framhaldi af þessu máli og vil beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh., sem mér finnst málið varða einna mest hér, hver hennar afstaða er til breytinga á smásöluverslun með áfengi, hvort hún telji þörf á breytingum eða hvort við eigum að halda okkur við þá stefnu sem hér hefur ríkt um langt skeið. Mér finnst mjög mikilvægt að ríkisstjórnin skýri stefnu sína í þessum málum. Það er alveg ljóst að hér er um einkavæðingaráform að ræða og mér finnst það skipta mjög miklu máli varðandi afgreiðslu þessa máls hvort ríkisstjórnin hefur í huga að ganga lengra og að leggja niður það form smásöluverslunar sem hér hefur verið við lýði.

Ég held ég láti þetta duga að sinni en ítreka að ég tel að þetta mál þurfi að fá rækilega umfjöllun í nefnd.

[18:19]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna eins atriðis í ræðu hv. þm. þá vil ég nefna að það er misskilningur að hinar almennu vanhæfisreglur stjórnsýslulaga taki til starfa þingmanna hér við þingstörfin. Þetta eiga menn að þekkja. Vildu menn til að mynda segja að hv. 17. þm. Reykv. mætti ekki fjalla um þetta mál af því að það snerti BSRB og Starfsmannafélag Áfengisverslunar ríkisins? Að sjálfsögðu ekki, að sjálfsögðu er fengur að því að hv. þm. fjalli um málið, m.a. vegna þeirra tengsla. Þau tengsl fara ekki fram hjá neinum en hinar almennu vanhæfisreglur stjórnsýslulaganna gilda ekki um störf þingmanna hér við þingstörfin.

[18:20]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það snýr fyrst og fremst að okkur hér á hinu háa Alþingi hvernig við högum okkar störfum. Ber þar auðvitað að vinna í samræmi við þingsköp. Ég nefndi það hér áðan að þess eru dæmi að þingmenn hafi vikið sæti þegar um er að ræða mál sem snerta þeirra fjölskyldur eða fyrirtæki í þeirra eigu. Ég get nefnt þar sem dæmi Sólveigu Pétursdóttur, sem hefur vikið sæti þegar mál hafa komið upp sem snerta hennar fjölskyldu, þó í rauninni hafi ekki verið nokkur ástæða til þess að óttast hagsmunaárekstra. Hún hefur einfaldlega metið það svo að það væri réttara að víkja. Mér finnst að í þessu tilviki, þegar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og sú stofnun sem hann vinnur fyrir hefur átt frumkvæði að því að kæra það form áfengissölu eða áfengisinnflutnings sem hér er, þá sé mjög óeðlilegt að hann stjórni vinnunni sem á eftir að fara fram í þinginu. Mér finnst það mjög óeðlilegt og mér fyndist hann maður að meiri ef hann viki þar sæti og léti öðrum eftir að stjórna vinnunni. Hann á þar og þau samtök sem hann vinnur fyrir, Verslunarráð Íslands, beinna hagsmuna að gæta í þessu samhengi.

[18:22]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að Verslunarráðið lætur nánast allt í þjóðfélaginu til sín taka í sambandi við verslun og viðskipti. Það er alls ekki í samræmi við hugsun stjórnsýslulaga eða stjórnsýsluréttar og vanhæfisreglna að slíkur maður væri óhæfur til að sitja hér á þingi frekar en til að mynda forustumenn launþegahreyfingar væru óhæfir til að fjalla um launamál eða kjaramál hér í þingstörfunum. Hitt kann aftur að horfa öðruvísi við ef um beina persónulega eignaraðild einstaklinga er að ræða. Þá kann að fara betur á því að viðkomandi taki ekki beinan þátt í slíkum störfum.

[18:23]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að það er að sjálfsögðu ekkert óeðlilegt við það að fulltrúar hinna ýmsu þjóðfélagshópa eigi sæti á hinu háa Alþingi eins og t.d. verkalýðsleiðtogar. En spurningin snýr að því hvenær um hagsmunaárekstra er að ræða. Ég get alveg viðurkennt það að á síðasta kjörtímabili þá fannst mér oft jaðra við hagsmunaárekstra eða sérkennileg vinnubrögð þegar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem var ýmist formaður eða varaformaður hv. efh.- og viðskn. var að fjalla um erindi frá sjálfum sér sem hann hafði skrifað sem framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, sent til hv. efh.- og viðskn., og var þar að afgreiða málið sem formaður nefndarinnar. Þetta er auðvitað býsna sérkennilegt. Mér segir svo hugur um að það geti komið upp sama staða varðandi hv. þm. Ögmund Jónasson, að það gætu orðið ákveðnir hagsmunaárekstrar. Við höfum svo sem ekki ákveðnar reglur um þetta en þarna er náttúrlega um að ræða spurningar um siðferði og hvernig menn meta sín störf.

Ég ítreka að mér finnst ekki eðlilegt að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson stjórni þeirri vinnu sem snertir svo sterklega hagsmuni þeirrar stofnunar eða þeirra samtaka sem hann vinnur fyrir.

**Útbýting þingskjals:**

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, 11. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 11.

[18:25]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til þess vegna þeirra umræðna sem hér spunnust áðan í andsvari um hæfi eða ekki hæfi væntanlegs formanns efh.- og viðskn. að inna hæstv. forseta eftir því hvort fyrir liggi úrskurður sem ég óskaði eftir að forseti mundi kveða upp úr um hvað varðar hæfi þessa hv. þm. til að fjalla um þetta mál í nefnd. Ég geri ráð fyrir því að þessari umræðu sé senn að ljúka og ég tel nauðsynlegt að fá fram við umræðuna afstöðu og úrskurð forseta í þessu máli. Hér er um nokkuð sérstakt mál að ræða vegna þess að það er Verslunarráðið sem hefur frumkvæði að því að kæra þetta mál sem hér er til umræðu til Eftirlitsstofnunar EFTA og það er að því gefna tilefni sem

farið er að skoða þessi mál. Því finnst mér það alls óviðeigandi að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem væntanlega verður formaður efh.- og viðskn. fjalli um þetta mál.

Það má vel vera rétt, virðulegi forseti, sem hæstv. forsrh. sagði áðan að stjórnsýslulögin næðu ekki til Alþingis en það er nú einu sinni löggjafinn sem hefur sett mjög strangar kröfur að því er varðar framkvæmdarvaldið í þessu efni og þingið hlýtur að gera sömu kröfur til þingsins að því er varðar hæfi og hagsmunaárekstra í þessu efni.

Því óska ég eftir að fyrir liggi nú úrskurður forseta í þessu máli.

[18:27]

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti getur upplýst að fyrir atkvæðagreiðslu um málið mun úrskurður liggja fyrir.

[18:27]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé komið að mjög mikilvægu máli og það er útilokað annað en að á því verði tekið áður en umræðunni lýkur. Það er ekki nóg að forseti taki á þessu máli áður en atkvæðagreiðsla fer fram, á því verður að taka áður en umræðunni lýkur.

Hvernig liggur þetta mál, hæstv. forseti? Það liggur þannig að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson tók þátt í því sem formaður eða varaformaður efh.- og viðskn. á síðasta kjörtímabili að afgreiða EES-málin, að koma þeim hér í gegnum þingið. Síðan fór hv. þm. í önnur jakkaföt og gerðist framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands og í þeim jakkafötum kærði hann — hvern? Vilhjálm Egilsson alþingismann meðal annarra fyrir það hvernig Alþingi hafði afgreitt málið.

Þessi kæra og þessi klögumál Verslunarráðsins eru undirstaðan undir því frv. sem hér er verið að flytja. Þannig liggur málið. Þannig sjá það allir í hendi sér að það er algjörlega óeðlilegt, hæstv. forseti, að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson stýri meðferð þessa máls í efh.- og viðskn.

Það var alveg hárrétt hjá hæstv. forsrh. að stjórnsýslulögin sem slík taka ekki til alþingismanna og meðferðar þeirra á málum en það breytir engu í þessu sambandi fyrst og fremst vegna þess að þarna eiga alþingismenn að sjá sóma sinn í því að taka á málunum sérstaklega og ganga feti framar en aðrir þegar um er að ræða vönduð siðræn vinnubrögð. Þess vegna hvet ég til þess að a.m.k. muni hv. þm. Vilhjálmur Egilsson stíga úr sæti formanns efh.- og viðskn. og fela varaformanni að stýra meðferð þessa máls sem hér liggur fyrir. Ég skora á menn að standa þannig að því og ég skora á forsætisnefnd að koma með niðurstöðu og úrskurð í þessu máli áður en umræðunni lýkur en ekki bara áður en atkvæðagreiðslan hefst í málinu.

Ég vænti þess að hinn skörulegi forseti þingsins, sem nú situr hér, hv. 2. þm. Suðurl., sem jafnan hefur lagt góð orð til í þessari virðulegu stofnun, verið orðvar og grandvar alla jafna, beiti sér fyrir því að menn nálgist niðurstöðuna með sanngjörnum, yfirveguðum og góðum hætti.

[18:29]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins árétta í þessu sambandi að það verður eitt að gilda yfir alla þingmenn, hv. þm. Vilhjálm Egilsson jafnt sem aðra þingmenn. Það er nefnilega þannig eins og ég sagði að hin almenna regla stjórnsýslunnar getur ekki gilt hér. Hér hefur verið dreift í þinginu frv. til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka og hver skyldi nú flytja það? Formaður stjórnmálaflokks. Um fjárreiður stjórnmálaflokka, og sér ekkert athugavert við það náttúrlega sem það er ekki. En þá verður það sama að gilda. Við ákveðum hér sameiginlega við hver einustu fjárlög fjárframlög til stjórnmálaflokkanna og þingflokkanna, við greiðum atkvæði, ég og aðrir formenn og aðrir formenn þingflokka, og það er ekkert óeðlilegt vegna þess að það er ekki hægt að láta hinar almennu vanhæfisreglur stjórnsýslunnar gilda hér en það þarf eitt yfir alla að ganga í þeim efnum. En ég skal þó segja eins og ég sagði áðan að auðvitað kunna að vera einhver takmarkatilfelli sem er þá æskilegt að viðkomandi þingmenn sjálfir vegi og meti þannig að ekki séu þá erfiðleikar í samskiptum af þeim sökum.

[18:31]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. forsrh. að þingmenn fjalla iðulega um mál sem snerta þá sjálfa. Við setjum hér t.d. lög um tekjuskatt og eignarskatt sem fjallar um okkur sjálf. Ég held hins vegar að það mál sem við erum hér að fjalla um sé allt annars eðlis. Hér er um að ræða kæru til fjölþjóðlegs yfirvalds og um stöðu þingmanna gagnvart slíkri kæru.

Ég vil varpa hér öðrum þætti inn í þessa umræðu og hann er sá að þegar alþjóðleg stofnun eins og Eftirlitsstofnunin fær kæru frá framkvæmdastjóra samtaka eins og Verslunarráðs og framkvæmdastjórinn er jafnframt formaður efh.- og viðskn. Alþingis, eða varaformaður, þá segir það sig sjálft að kæra sem er undirrituð af slíkum einstaklingi hlýtur að hafa meira vægi hjá hinni alþjóðlegu eftirlitsstofnun. Þegar þingmaður undirritar kæru til alþjóðlegrar eftirlitsstofnunar, þó hann geri það í nafni annarra aðila en Alþingis, þá hlýtur það eðli málsins samkvæmt, samkvæmt eðlilegum vinnureglum og umræðuaðferðum hjá alþjóðlegum stofnunum að hafa meira vægi. Þess vegna er þingið að gefa kæru framkvæmdastjóra Verslunarráðs sérstakt vægi með því að hann sé að láta til sín taka á þeim vettvangi í málum sem hann hefur sjálfur verið forustumaður í hér á þinginu. Og hvað sem líður almennum reglum um vanhæfi stjórnsýslunnar þá held ég að þetta tilvik sýni okkur að það við þurfum a.m.k. að gæta okkar hvernig við komum fram gagnvart þeim fjölþjóðlegu eftirlitsstofnunum og dómstofnunum sem Ísland á aðild að. Það er a.m.k. alveg skýr og afmarkaður grundvöllur sem við getum skoðað út af fyrir sig án þess að þurfa að blanda inn í það umfjöllun um almenna löggjöf hér innan lands. Ég vil þess vegna vekja athygli forseta þingsins á því að þegar forseti úrskurðar í þessu máli þá ber forseta að hafa það í huga að hér

er verið að fjalla um kæru og löggjöf henni tengda sem var gerð til fjölþjóðlegrar eftirlitsstofnunar sem Ísland er aðili að og þar hlýtur að eiga annað við heldur en ef um almenna hagsmunaárekstra hér innan lands er að ræða.

[18:34]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. vitnar stöðugt til þeirra laga sem tóku gildi ekki alls fyrir löngu og varða einmitt hagsmunaárekstra og eðlilega og góða stjórnsýslu, stjórnsýslulögin. Það er rétt sem fram kom í hans máli að þau ná ekki til Alþingis og þess vegna er það okkar sjálfra að setja reglur um það hvernig við vinnum og hvernig við teljum eðlilegt að vinna. Því miður hafa ákaflega litlar umræður átt sér stað um hagsmuni alþingismanna sjálfra og hvernig þeir koma að málum. En það breytir ekki því að hér er um býsna sérstakt mál að ræða og ég vil vekja athygli á því að hæstv. félmrh., Páll Pétursson, lýsti því yfir í sjónvarpi á sunnudaginn að það væri álitamál hvort hv. þm. Vilhjálmur Egilsson væri hæfur til að vinna þetta mál þannig að það eru greinilega skiptar skoðanir á þessu. Það er kannski ekki það sem skiptir máli heldur fyrst og fremst það að við komum okkur saman um eðlileg vinnubrögð og hvernig beri að taka á málum þegar tilvik af þessu tagi koma upp. Mér finnst það ekki skipta máli hvort þar er um að ræða, eins og hæstv. forsrh. nefndi, persónulegar eignir eða eignir fjölskyldu eða hvort það eru hagsmunir vinnuveitanda viðkomandi eða hver sem í hlut á. Það sem skiptir máli er að ekki sé um hagsmunaárekstra að ræða, að menn séu ekki að ganga óeðlilegra erinda einhvers aðila heldur að löggjafinn uppfylli það skilyrði sem honum ber að uppfylla sem er það að gæta almannahags.

**Forseti (Guðni Ágústsson)**:

Forseti vill segja það um þetta mál að úrskurðurinn liggur ekki fyrir en því er lýst hér yfir að hann verður kynntur hér fyrir atkvæðagreiðslu. Aðalforseti verður ekki meira við hér í kvöld þannig að ég vil biðja þingmenn um að bíða þeirrar niðurstöðu. Sá forseti sem nú stýrir fundi hefur auðvitað enga hugmynd hvernig úrskurðurinn muni hljóða frekar en aðrir þingmenn. Við verðum því að bíða þeirrar stundar að hann verði felldur.

[18:37]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til að þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið hér fram vegna þess að hún náttúrlega skýrir mjög mikilvæga hluti og það er nauðsynlegt að hv. forsætisnefnd fari yfir þessi mál mjög rækilega, þau grundvallaratriði sem hér er verið að fjalla um, þ.e. þau grundvallaratriði að menn noti ekki aðstöðu sína til þess að gerbreyta niðurstöðum Alþingis í þágu sinna hagsmuna eða þeirra sem þeir eru að starfa fyrir með þeim hætti sem ég lýsti hér áðan að gæti átt við hv. þm. Vilhjálm Egilsson. Ég held að það sé þeim mun nauðsynlegra að umræða fari fram um þetta mál og menn átti sig á þessum grundvallaratriðum sem það hefur komið fram að menn hér leggja að jöfnu annars vegar viðhorf og stöðu hv. 17. þm. Reykv., Ögmundar Jónassonar, og hins vegar stöðu framkvæmdastjóra Verslunarráðsins í þessu máli, hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Ég tel að það sé nauðsynlegt að menn fari mjög rækilega yfir það hvar á að draga mörkin. Ég held að það sé nauðsynlegt núna að hv. forsætisnefnd og forseti fari yfir þessi mál og felli úrskurð, felli prinsippúrskurð í þessu máli. Vegna þess að hérna mega hlutirnir ekki vera í neinni þoku.

Það er náttúrlega alveg ljóst að það er ekki hægt að gera þá kröfu til þingmanna að þeir eigi aldrei neina hagsmuni af neinu tagi í þeim málum sem um er fjallað. Mér finnst satt að segja stundum eins og menn tali eins og hér eigi að vera fulltrúar utan úr geimnum, geimverur sem eiga engin tengsl við eitt eða neitt í þjóðfélaginu. Auðvitað eru menn fulltrúar ákveðinna sjónarmiða, stétta og hagsmuna í mörgum tilvikum. T.d. er hér einn stjórnmálaflokkur sem telur sig sérstaklega vera fulltrúa hagsmuna kvenna svo ég nefni dæmi. Það er því nauðsynlegt að horfa á það annars vegar og hins vegar hitt þegar menn beita sér fyrir því að kæra sjálfa sig fyrir alþjóðastofnun og knýja þannig fram tillögu frá hæstv. ríkisstjórn um breytingar á lögum landsins, á því er býsna mikill munur, hæstv. forseti.

Ég held þess vegna að það sé óhjákvæmilegt bæði að þakka fyrir umræðuna og frumkvæði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í henni og hvetja um leið til þess að forsætisnefndin noti þetta tækifæri og komist að niðurstöðu í málinu áður en umræðunni lýkur því það er ekki hægt að ljúka þessari umræðu öðruvísi en að þessi niðurstaða forsætisnefndarinnar eða forsetans, sem er úrslitaaðili í málinu en ekki nefndin, liggur fyrir.

[18:40]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég get vel fallist á það sem fram kom hjá starfandi forseta að þessi úrskurður þurfi að bíða þess að aðalforseti þingsins sé hér til þess að kveða upp þennan úrskurð en ég vil mjög ákveðið setja það fram að ég tel að það sé ekki hægt að ljúka þessari umræðu, virðulegi forseti, fyrr en úrskurðurinn liggur fyrir. Það er ekki nægjanlegt að mínu viti að kveða upp þennan úrskurð rétt áður en atkvæðagreiðsla fer fram og að umræðum sé lokið. Ég segi það vegna þess að jafnvel þó að úrskurður forseta gangi í þá átt að hér sé ekki farið gegn lögum eða þingsköpum þá tel ég rétt og eðlilegt að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson fái þá tækifæri til þess í þessum ræðustól sjálfur að óska eftir því að víkja sæti í nefndinni, eða í formennsku í nefndinni á meðan verið er að fjalla um þetta mál vegna þess, eins og sagt hefur verið hér og fram hefur komið, að við hljótum að gera kröfur til okkar sjálfra í þessu máli þegar um augljósa hagsmunaárekstra er að ræða eins og í þessu tilviki.

Ég ítreka að það þarf að fá svigrúm hér til þess að ræða úrskurð forseta og til þess að gefa hv. þm. Vilhjálmi Egilsyni þetta tækifæri, að víkja af sjálfsdáðum sæti í nefndinni þó niðurstaða forseta verði í þá átt að hér sé ekki gengið gegn þingsköpum.

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill segja það hér að það stóð til að ljúka þessum fundi kl. sjö. Ég hef tekið það fram að sá forseti sem mun fella þennan úrskurð er ekki hér í kvöld og verður ekki. Þannig að úrskurðurinn fellur á morgun og þá ræða menn hann.

[18:42]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er nú þannig að við þingmenn eigum þann einan kost til að ræða formlega við forseta þingsins um þessi mál að ræða við þann forseta sem á stól situr hverju sinni. Ég hef almennt talið að þótt að hið endanlega vald sé í höndum forseta þingsins, sem kosinn er sérstaklega, þá sé hér forsætisnefnd samkvæmt þingsköpum sem starfar með forseta og ræðir mál. Svo ég tel ekki að aðrir forsetar séu lausir við þetta mál og geti bara vísað því yfir á þann forseta sem hér er kosinn sérstaklega, hv. þm. Ólaf G. Einarsson. Ég bið forseta að huga vel að yfirlýsingum sem hann gefur hér á forsetastól áður en hann lætur þær frá sér fara.

Ég vil hins vegar ítreka það sem ég sagði áðan að þetta mál er sérstakt. Þessu máli má ekki blanda inn í almennar umræður um hagsmunaárekstur þingmanna. Málið er sérstakt vegna þess að orsök þess er kæra. Formleg kæra til fjölþjóðlegrar stofnunar sem þingmaður hefur undirritað í nafni embættis sem hann gegnir utan þings. Ég tel þess vegna að sá úrskurður sem hér er verið að biðja um sé ekki almennur úrskurður um hagsmunaárekstra þingmanna heldur sérstakur úrskurður í því máli hvort þingmaður sem lagt hefur fram kæru gagnvart alþjóðlegri stofnun geti jafnframt verið ábyrgðaraðili að umfjöllun málsins hér innan þings.

Ég bið forseta þingsins að koma því rækilega áleiðis til þess sem hér flytur svo úrskurðinn endanlega að a.m.k. af minni hálfu er eingöngu verið að ræða þetta mál út frá upphafi þess sem er hin formlega kæra hv. þm. Vilhjálms Egilssonar í nafni Verslunarráðsins. Það er atriði sem við hljótum að fjalla um hér í þinginu því ef þingmenn fara að beita kæruvaldi sínu þó þeir séu einstaklingar utan þings gagnvart fjölþjóðlegum stofnunum og ætli svo að fjalla um afleiðingar þeirrar kæru hér innan þingsins þá erum við kannski komin enn lengra í að blanda þessu saman en almennt hefur verið talið eðlilegt. Það er t.d. ekki talið eðlilegt gagnvart dómstólum að sá aðili sem kærir sé jafnframt dómari. En þingið ætlar að taka upp þau vinnubrögð hér að sá þingmaður sem kærði verði jafnframt umfjöllunaraðili.

Ég ítreka það að lokum, virðulegi forseti, ég er eingöngu hér að tala um úrskurð sem byggist á þessu afmarkaða, sérstaka tilviki þegar þingmaður er upphafsmaður kærunnar.

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill taka fram að allt það sem þingmaðurinn og þingmenn hafa sagt í þessari umræðu hefur forseti heyrt og tekið til greina og telur það allt mjög eðlilegt þannig að forsætisnefnd mun fjalla um það en hitt liggur auðvitað fyrir að forseti þingsins mun fella þennan úrskurð og það vita þingmenn væntanlega.

[18:46]

**Ögmundur Jónasson** *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir að það er nauðsynlegt að fá niðurstöðu og botn í þetta mál áður en þessari umræðu er haldið áfram og reyndar tek ég undir það sjónarmið sem einnig hefur verið haldið fram hér, þar á meðal af hálfu hv. 14. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur, að það sé nauðsynlegt að ræða almennt um hagsmuni og hugsanlega hagsmunaárekstra í þinginu. Þingmaðurinn lagði að jöfnu annars vegar talsmann Verslunarráðsins og formann BSRB sem hér stendur og það væri mjög fróðlegt að fá nánari útlistun á því hvað hér er átt við vegna þess að þau samtök sem ég er í forsvari fyrir hafa beitt sér fyrir almennum hagsmunamálum launafólks í landinu, (Forseti hringir.) hvort hv. þm. er að tala um barnabætur, um vaxtabætur, um málefni fatlaðra, um tryggingamál um almenn kjör launafólks.

(**Forseti** (GÁ): Þingmaðurinn er að ræða um fundarstjórn forseta.)

Þetta er umræða sem þarf að leiða til lykta og ég vil lýsa því yfir að ég hlakka mjög til þeirrar umræðu.

[18:47]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Málið snýst ekki um það hverjir eru lagðir að jöfnu í umræðum eða annars staðar í störfum hins háa Alþingis heldur vorum við að ræða um hagsmunaárekstra. Ég gerði athugasemd við það í vetur þegar í ljós kom að hv. þm. Ögmundur Jónasson ætlaði að bjóða sig fram til þings og vera jafnframt formaður BSRB vegna þess að ég tel að hann setjist þá beggja vegna borðsins sem hluti af löggjafanum sem setur lög og á hlut að kjarasamningum við opinbera starfsmenn. Það er hið háa Alþingi sem ákveður fjárveitingar. (**ÖJ:** Fyrir alla þjóðfélagsþegnana.) Ekki síst ...(Gripið fram í.) Það erum við sem förum með umboð ...

(**Forseti** (GÁ): Ekki samtal úr sal.)

til þess að setja ríkinu fjárlög. Við setjum ríkinu fjárlög og þar með hvað varðar starfsmannafjölda og það erum við sem höfum fjárveitingavaldið. Ég tel að hv. þm. geti lent í hagsmunaárekstrum ...

(**Forseti** (GÁ): Ræðan skal snúast um stjórn fundarins.) (**ÖJ:** Skýra þetta nánar.)

Herra forseti. Það er greinilegt að það form sem við erum hér að ræða þetta mál undir dugar mér ekki til þess að svara þessum spurningum hv. þm. Ég er að sjálfsögðu reiðubúin til þess að ræða þetta við hann en það breytir ekki þeirri skoðun minni að hér er og getur iðulega verið um óeðlilegan hagsmunaárekstur að ræða þar sem menn sitja beggja vegna borðsins (**ÖJ:** Barnabætur.) eins og var til í því dæmi sem við vorum að ræða hér um áðan.

(**Forseti** (GÁ): Þingmaðurinn er að ræða um fundarstjórn forseta.)

Þingmaðurinn hefur að sjálfsögðu rétt til þess að

sitja hér í sínu sæti og hafa skoðanir á öllum málum en hann verður auðvitað að meta það sjálfur hvenær hann telur að hann sé kominn í óeðlilega stöðu gagnvart því annars vegar að vera að ákveða fjárveitingar og setja lög og hins vegar að vera umbjóðandi stórra hagsmunasamtaka. Við höfum engar reglur um þetta. Það er alveg ljóst. (**ÓRG:** Er þá ekki mikill hagsmunaárekstur fyrir þingmenn Kvennalistans að vera konur?)

[18:50]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson beindi nokkrum spurningum til mín sl. föstudag varðandi heilbrigðisþátt þess frv. sem hér er til umfjöllunar um breytingar á áfengislögum en hann var tímabundinn og þar með gat ég ekki svarað honum þá og er fyrst að svara honum nú. Það var ekki vegna þess að ég væri ekki tilbúin til þess þá heldur var hv. þm. mjög tímabundinn.

Hans fyrirspurnir voru mjög í takt við það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hafði spurt fyrr um daginn en greinilegt að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur misst af. Þannig að það sem ég segi nú er bein endurtekning á því sem ég sagði á föstudagsmorgun.

Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. að samkvæmt lögum eru áfengisvarnir á sviði heilbrrn. og því mikilvægt að sá þáttur frv. komi inn í hv. heilbr.- og trn. Ég veit að allshn. mun taka því vel að senda þann hluta frv. til umfjöllunar þar.

Það er mjög mikilvægt að mínum dómi að allt eftirlit sé gott með innflutningi og það mikilvægasta sem ég ætla að endurtaka aftur og aftur að aðgengi ungmenna að áfengi verði ekki greiðari eftir að þetta frv. verður að lögum.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spurði einnig að því hvernig heilbrrn. hefði komið að þessu máli. Því er til að svara að við höfum fylgst grannt með því hvað hefur verið að gerast bæði í Svíþjóð og Noregi varðandi þessi mál. Norðmenn hafa verið að auka sitt eftirlit með reglugerðum og við munum fylgjast áfram með því hvernig þeim tekst til og fylgja í kjölfarið ef þeim vegnar vel í þeim málum.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði nokkurra spurninga líka hér áðan, m.a. varðandi stefnu í áfengismálum. Því er til að svara að á þessu kjörtímabili verður lagt fram frv. um áfengis- og vímuefnavarnir. Heilbrrn. mun leggja sig fram við að hlaða þann varnargarð sem nauðsynlegur er til að magn áfengis í umferð aukist ekki. Og ég endurtek enn og aftur sérstaklega varðandi börn og ungmenni.

Varðandi tóbaksvarnafrumvarpið, sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði líka um, sem dagaði uppi á síðasta þingi, hvenær það verður lagt fram: Það verður lagt fram á haustþingi. Ég veit að það verður mikil umræða um það mál og það verður örugglega ekki afgreitt á þessu þingi þó það yrði lagt fram þannig að við teljum það rétt að leggja það fram á haustþingi.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði einnig um smásölu á áfengi. Ég tel það rétt að smásala á áfengi sé óbreytt en ég segi, virðulegi forseti, ég deili áhyggjum mínum með þeim sem hafa áhyggjur af þeim vanda sem áfengisbölið er og ég tel það mjög mikilvægt að heilbrrn. sé mjög vel vakandi varðandi alla þá varnarmúra sem hægt er að hlaða í kringum þetta mál.

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Forseti vill upplýsa, þar sem margar óskir hafa komið fram um að þessari umræðu verði ekki lokið hér í kvöld að hann verður við þeim óskum þannig að umræðunni lýkur ekki.

[18:54]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að koma hér og verða við þeirri ósk að reyna að veita svör við þeim fyrirspurnum sem ég bar fram. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að ég þurfti vegna sérstakra ástæðna að fara af fundi sl. föstudag, hálftíma áður en fundi lauk.

Ég verð að segja það því miður að mér fannst tilraun hæstv. heilbrrh. — og er nú mjög vont að á þeim örstutta tíma sem ég hef hér til að ræða við ráðherrann sé hann truflaður af öðrum þingmönnum — mér fannst ekki koma fram svör af hálfu hæstv. ráðherra við því aðalatriði sem spurt var um. Það var sú spurning hvort heilbrrn. hefði fjallað um þær breytingar sem óhjákvæmilega verður að gera á eftirlitskerfinu með sölu á áfengi til vínveitingahúsa og hugsanlega einnig til einkaaðila í ljósi þeirra breytinga sem á að gera samkvæmt þessu frv.

Það er alveg ljóst á grundvelli þeirra umræðna sem hér hafa farið fram og t.d. á grundvelli greinargerðar frá starfsfólki Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að þegar veitingahúsin í landinu hætta að vera með sérmerktar flöskur til sölu þá opnast hér leiðir fyrir aðila sem selja brugg, smygl o.s.frv. að koma þeim varningi á framfæri við þá mörg hundruð aðila sem hér stunda veitingarekstur. Það var lykilspurningin sem ég bar hér fram í ýmsum liðum að það væri óhjákvæmilegt að breyta eftirlitskerfinu í landinu ef heilbrrn. ætlaði að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum um áfengisvarnir á sviði heilbrigðismála.

Síðan í öðru lagi sú spurning sem ráðherrann vék ekkert að en hefur komið fram enn frekar hér í dag að fyrirvarinn sem settur var af hálfu Íslands á sínum tíma í EES-samningnum var tengdur stefnumótun í heilbrigðismálum. Það kom ekki fram svar frá hæstv. ráðherra um að hvaða leyti heilbrrn. hefði út frá því sjónarmiði komið inn í umfjöllun utanrrn. og fjmrn. um þetta mál.

[18:56]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg viss um það að hvernig sem ég mundi reyna að svara hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni þá yrði hann aldrei ánægður með svörin, þau yrðu aldrei fullnægjandi að hans mati þannig að þetta bara heiðarleg tilraun til þess að svara honum enn og einu sinni. Lykilinn í spurningum hans, segir hann, vera varðandi merkingar á áfengi. Ég vil svara því til að það er eitt af því sem við erum að ræða hvort sé

ekki rétt og það er hægt með einfaldri reglugerð að merkja allt áfengi. Það er hægt að merkja áfengi sem fer til veitingahúsa o.s.frv. Það er hægt með einfaldri reglugerð.

Varðandi heilbrigðisþáttinn enn og einu sinni þá er heilbrrn. að skoða öll þau atriði sem hv. þm. hefur verið að ræða hér um í dag að gæti komið til greina að hefðu alvöru í för með sér og við munum áfram gera það.

[18:58]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra að ég taki ekki oft góð og gild svör sem koma frá hæstv. ráðherrum, það geri ég iðulega hér í þinginu. Ég vil gera það einnig nú gagnvart þessu síðasta svari hæstv. heilbrrh. Hæstv. heilbrrh. var að lýsa því yfir að ekki væri lokið þeirri vinnu í heilbrrn. hvernig ætti að breyta eftirlitinu eða tryggja það að þessi breyting sem í frv. felst leiddi ekki til aukinnar neyslu áfengis og breytingar samkvæmt gildandi háttum í þessum efnum. Það er afar mikilvægt að það komi hér fram nú við umræðuna að þessari vinnu er ólokið. Það er alveg rétt hjá hæstv. heilbrrh., það er hægt að setja ákvæði um að merkja flöskur. En hæstv. fjmrh. lýsti því hér yfir, og það felst í því frv. sem hann leggur hér fram og ætlast til þess að þingið samþykki, að það verði ekki gert. Það er einmitt þess vegna sem við hér mörg hver höfum verið að knýja á um að það fengjust svör í málinu.

Ég held að ræða hæstv. heilbrrh. hér áðan sýni það rækilega að þetta mál kemur svo illa undirbúið til þingsins hvað varðar samræður milli ráðuneyta að það er óhjákvæmilegt að þingnefndir fjalli mjög ítarlega um málið.

Ef hæstv. ráðherra er eitthvað leiður yfir því að þurfa að svara fyrirspurnum frá mér um þetta frv. þá vil ég beina því til hæstv. ráðherra að lesa ræðu þingmanns Framsfl. Jóns Helgasonar 8. des. 1994. Þar er fjöldinn allur af fyrirspurnum til ráðherra út af þessu máli betur orðaðar en ég hef gert hér. (Forseti hringir.) Þannig að ef það er stjórnmálalega og tilfinningalega auðveldara fyrir hæstv. ráðherra að svara fyrirspurnum frá forustumanni Framsfl., þeim sem áður gegndi því þingsæti sem núv. forseti hefur nú hjá sér, oddvitasæti Framsfl. á Suðurlandi þá beini ég því til hæstv. ráðherra að lesa ræðu hv. þm. Jóns Helgasonar frá 8. des. 1994.

[19:00]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég man eftir þessari ræðu, hún var ágæt eins og svo margar ræður sem fyrrv. þingmaður Jón Helgason flutti hér. Það er algjör misskilningur hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að mér þyki ekki gaman að svara honum. En ég veit að hann fær aldrei nóg af svörunum. Og af því að hv. þm. sagði hér áðan að það væri mikilvægt að þingnefndir fengju þetta mál til umfjöllunar þá er ég honum alveg hjartanlega sammála og það er auðvitað mikilvægast í þessu máli að menn hætti að ræða þau hér og sendi þau inn til þingnefndanna til þess að þingnefndirnar hafi tækifæri til að vinna þetta mál vel.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 19:02.

---

# 5. FUNDUR

þriðjudaginn 23. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórnarskipunarlög, frv., 2. mál, þskj. 2. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.
4. Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, stjfrv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr.
6. Gjald af áfengi, stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.
7. Áfengislög, stjfrv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
8. Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.
9. Framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kvenna og karla, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Björn Bjarnason menntmrh.,
Finnur Ingólfsson iðnrh.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.

**Útbýting þingskjals:**

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 14. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 14.

## *Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur tilkynning um að iðnn. hafi í dag kosið sér formann Stefán Guðmundsson og Guðjón Guðmundsson hefur verið kjörinn varaformaður.

Þá hefur borist tilkynning um að á fundi umhvn. í dag hafi Ólafur Örn Haraldsson verið kjörinn formaður og Gísli S. Einarsson varaformaður.

***Tilkynning um utandagskrárumræðu.***

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill upplýsa að kl. 18 í dag fer fram utandagskrárumræða um sumarlokanir sjúkrahúsa. Málshefjandi er hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir og hæstv. heilbr.- og trmrh. verður til andsvara.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Stjórnarfrumvörp um stjórn fiskveiða og GATT.

[13:34]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Áður en sumarþing kom hér saman var því lýst yfir af hálfu hæstv. forsrh. að sumarþingið mundi standa í um það bil 10 daga. Í dag er að hefjast önnur vikan frá því að þingið kom saman. Með stefnuræðu forsrh. fylgdi ekki nein skrá yfir þau frumvörp sem ríkisstjórnin hygðist leggja fram þó að venja sé að láta slíka skrá fylgja með stefnuræðu hæstv. forsrh. Hins vegar hafði það komið fram opinberlega af hálfu ríkisstjórnarinnar að það væru einkum tvö mál sem þessu þingi væri ætlað að fjalla um. Annað væru lagabreytingar vegna GATT-samkomulagsins og hins vegar breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða í samræmi við það samkomulag sem gert var milli stjórnarflokkanna þegar núv. ríkisstjórn var mynduð.

Nú heyrum við það í fjölmiðlum í hádeginu að það er fyrst í morgun í upphafi annarrar viku þings sem samkomulag hafi orðið í ríkisstjórn um frv. um stjórn fiskveiða en þó eigi eftir að bera það frv. undir þingflokka stjórnarflokkanna. Ekkert hefur komið fram um það hvenær áformað er að leggja frumvörpin vegna GATT fyrir þingið þó að hæstv. landbrh. hafi lýst því yfir í fjölmiðlum að pólitíska vinnan við GATT gengi vel.

Ég hef þess vegna kvatt mér hljóðs til þess að spyrja hæstv. ríkisstjórn og forráðamenn þingsins að því hvað þeir hyggjast fyrir með störf þingsins því að það er alveg ljóst að áætlanir sem settar voru hér í upphafi munu ekki standast. Vinnan á vettvangi ríkisstjórnarinnar og hugsanlega ágreiningur á vettvangi hennar um þessi mál er með þeim hætti að ríkisstjórnin kemur hingað til þings án þess að vera með þessi frumvörp tilbúin. Það er því mjög mikilvægt fyrir okkur að fá skýr svör við því hvenær þess er að vænta að þessi meginfrumvörp verði lögð fyrir þingið.

[13:37]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Hæstv. forseti. Það var gengið frá af ríkisstjórnarinnar hálfu þessum tveimur málum sem hv. þm. nefndi, annars vegar þeim breytingum sem menn leggja til að gerðar verði á fiskveiðistjórnarlögum og hins vegar frv. varðandi GATT á ríkisstjórnarfundi í dag. Ég geri ráð fyrir því að umræður um þessi frumvörp fari fram í þingflokkunum á morgun. Reyndar hafa umræður um fiskveiðimálin farið fram á vettvangi þingflokkanna fyrr þannig að það flýtir fyrir málinu hjá stjórnarflokkunum og því vænti ég þess að þessi tvö mál geti verið á dagskrá þingsins fyrir næstu viku, vonandi á mánudag ef næst að dreifa málunum á sérstökum dreifingarfundi ef hægt er að haga málum þannig til á morgun. Þá ætti þingið að geta tekið þessi mikilvægu mál til meðferðar í næstu viku og ég vonast til þess að það geti orðið sæmileg sátt um málsmeðferð þó að ágreiningur kunni að vera um efni málsins.

[13:38]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Það er vissulega athyglisvert að þótt því hafi verið lýst yfir að samkomulag um breytingar á stjórn fiskveiða hafi verið mkikilvæg forsenda fyrir myndun þessarar ríkisstjórnar, þá verður það fyrst á morgun sem þingflokkar stjórnarflokkanna fjalla um niðurstöður ríkisstjórnarinnar varðandi þær breytingar. Það liggur í dag ekkert fyrir um það hvort þingflokkarnir í heild muni samþykkja þau frumvörp sem ríkisstjórnin var að fjalla um í morgun, hvað þá hver afstaða einstakra þingmanna stjórnarinnar kann að verða gagnvart þessum frumvörpum.

Hæstv. forsrh. vék ekkert að því sem ég var einnig að fjalla hér um áðan hvað ríkisstjórnin hygðist fyrir með þinghaldið. Væntanlega er þá upphafleg áætlun ríkisstjórnarinnar um 10 daga þinghald eða svo úr sögunni. Fæðingarhríðarnar hafa verið erfiðar innan ríkisstjórnarinnar um frumvörpin um breytingar á stjórn fiskveiða og GATT-frumvörpin. Þau komu ekki hingað til þingsins fyrr en í þriðju viku þinghaldsins. Hæstv. forsrh. var að lýsa því yfir að það yrði fyrst í þriðju viku þinghaldsins sem frumvörpin yrðu sýnd hér í þinginu. Mér sýnast litlar líkur á því að þetta þing ljúki störfum á næstunni. Það er greinilegt á þeirri yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf að um þessi mál hefur verið verulegur ágreiningur á vettvangi stjórnarflokkanna og þess vegna óhjákvæmilegt að þingið muni þurfa þó nokkurn tíma til þess að fjalla um það einnig.

[13:40]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það vekur undrun að heyra að hér stefni í að annarri viku þinghaldsins ljúki án þess að þau frumvörp sem hér er spurt um birtist þingmönnum. Það var áformað að hafa þinghald í 10 daga og þau áform komu fram hjá stjórnarflokkunum. Það var hæstv. forsrh. sem boðaði til þings nú í vor og þá kom það fram að fyrirhugað var að þingið stæði í 10 daga. Við sem erum að reyna að átta okkur á hver störf okkar eru fram undan höfum þá gert ráð fyrir að þingið gæti staðið í tvær vikur eða e.t.v. fram á þá þriðju en þessir 10 dagar verða nú liðnir án þess að svo stórpólitísk mál séu komin fram eða birtist þingmönnum frá stjórnarflokkunum. Ég vil láta það koma fram úr þessum ræðustóli að fyrir viku síðan rituðu þinglokksformenn bréf til forsrh. og óskuðu eftir því að ef áformað væri að frumvörp varðandi GATT og breytingar í sjávarútvegsmálum ættu að koma fram á þessu þingi, þá væri eðlilegt að þau lægju fyrir áður en við færum hér í umræðu um stefnuræðu forsrh. Við

fengum ekki svör við því og frumvörpin hafa ekki sést, en ég hlýt að taka undir það að þetta er afar undarlegt fyrirkomulag, að hér verðum við búin að vera í tvær vikur án þess að þessi stóru frumvörp komi fram.

Ég tek undir þær spurningar sem fram hafa komið: Hvernig áforma fyrirliðar stjórnarflokkanna að við högum störfum okkar á næstunni ef á að ljúka vinnu við þessi frumvörp og gera lagabreytingar á þessu svokallaða vorþingi?

[13:42]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Hæstv. forseti. Í fyrstu viku þinghaldsins var aðeins um einn vinnudag að ræða, raunverulegan vinnudag. Þingið var að koma skipun á sín mál venju samkvæmt í öðrum vinnudögum og síðan eru þrír vinnudagar í þessari viku þannig að fjórir vinnudagar, almennir þingvinnudagar sem hafa liðið áður en umræðan byrjar um þessi stóru mál. Ég vænti þess að síðan geti umræðan hafist um þessi mikilvægu mál í byrjun næstu viku, í upphafi vikunnar, og ég vænti þess að við getum klárað þau fljótt en vel auðvitað og tekið okkur þann tíma sem við þurfum til efnislegrar og nákvæmrar umræðu eins og eðlilegt er. Ætlunin er að ljúka þinghaldinu þegar þingið hefur lokið meðferð sinni á þessum málum. Það hefur verið góð samvinna í ríkisstjórninni um vinnslu á þessum málum og ég á von á því að það verði einnig hér í þinginu.

[13:43]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Þó að það sé nú svo komið í annarri viku þess stutta þinghalds sem boðað var fyrst og fremst til að fjalla um tvö mál að hvorugt þeirra sé fram komið, þá er ekki hægt að segja að hæstv. ríkisstjórn ætli að láta þingið sitja aðgerðalaust á meðan. Ég vek athygli á því að hér var verið að dreifa fyrsta þingmáli nýs félmrh. á þskj. 14 sem heitir: „Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 47, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins", en 1. gr. hljóðar svo:

„Í stað orðanna „sbr. reglugerð nr. 312/76/EBE" í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: sbr. reglugerðir nr. 312/76/EBE og nr. 2434/92/EBE." Þetta er fyrsta þingmál hæstv. félmrh. og er honum sómi að því. Pósturinn starfar með góðum skilum.

[13:44]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs að nýju í ætlan minni að svara forsrh. Auðvitað er það ljóst og við þingmenn bæði stjórnar og stjórnarandstöðu gerum okkur fulla grein fyrir því hversu margir starfsdagar hafa verið hér frá því að við komum saman til setningar þings á þriðjudegi fyrir viku. En það lá að sjálfsögðu fyrir í upphafi hvernig virkir dagar yrðu fram undan og við höfðum þinghald á föstudeginum í síðustu viku þannig að það hefði undir venjulegum kringumstæðum talist löng vika. Það er alveg ljóst að ef þau frv. sem hér var vakið máls á hefðu legið fyrir á fyrsta degi þings sem eðlilegt og sjálfsagt hefði verið með góðum vinnubrögðum þá væru þau hugsanlega komin til nefndar núna og nefndir farnar að starfa með þau frv. og hefði verið hægt að senda þau út til umsagnar o.s.frv. Ég vek athygli á því að eftir 10 daga eru frv. ekki komin fram, umræða á eftir að fara fram í þingsal, mál eftir að fara til nefndar, það á eftir að leita umsagna og fá gesti á fundi nefnda til að fjalla um þau og síðan þarf 2. og 3. umr. að fara fram. Það er því ekki óeðlilegt að við höfum áhyggjur af því að þinghald muni dragast mjög frá því sem áformað var.

## *Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.*

[13:46]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseta hefur borist einn listi með nöfnun þingmanna. Þar sem ekki eru tilnefndir fleiri en kjósa skal lýsi ég eftirtalda hv. þm. réttkjörna í stjórnarskrárnefnd:

Geir H. Haarde,
Ragnar Arnalds,
Jón Kristjánsson,
Sólveig Pétursdóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson,
Tómas Ingi Olrich,
Guðni Ágústsson,
Svanfríður Jónasdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir.

## *Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.*

Frv. GHH o.fl., 1. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

## *Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.*

Frv. GHH o.fl., 2. mál (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur). — Þskj. 2.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

***Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 1. umr.***

Stjfrv., 13. mál (dómarafulltrúar). — Þskj. 13.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

[13:50]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Eins og kunnugt er var í Hæstarétti sl. fimmtudag kveðinn upp dómur í máli ákæruvaldsins gegn manni vegna meints brots hans á umferðarlögum og reglugerð settri samkvæmt þeim um hámarksöxulþunga bifreiðar. Í héraði var málið rekið fyrir héraðsdómi Austurlands og fór dómarafulltrúi með málið og dæmdi í því. Í Hæstarétti krafðist ákærði þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur á þeirri forsendu að sú skipan dómsvalds í héraði að fela dómarafulltrúa meðferð og úrlausn máls sé með öllu ósamrýmanleg 2. gr. stjórnarskrárinnar og jafnframt sé sú skipan andstæð 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um sjálfstæðan og óvilhallan dómstól.

Hæstiréttur felldi hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir héraðsdómi Austurlands á þeirri forsendu að staða dómarafulltrúa eins og henni er nú fyrir komið uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvalds svo sem þær verða skýrðar með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um sjálfstæða og óvilhalla dómara til þess að þeir geti í eigin nafni og á eigin ábyrgð farið með þau dómstörf sem þeir nú sinna. Dómur Hæstaréttar verður vart skilinn með öðrum hætti en svo að dómarafulltrúar geti ekki að óbreyttum lögum sinnt neins konar dómstörfum.

Á landinu öllu eru 38 héraðsdómarar og auk þess starfa hjá héraðsdómstólunum 13 fulltrúar sem hafa verið löggiltir til að framkvæma dómsathafnir. Dómarafulltrúar hafa allir sinnt dómstörfum með einum eða öðrum hætti en misjafnt er á milli umdæma hvaða störfum þeir hafa sinnt. Frá gildistöku aðskilnaðarlaga 1. júlí 1992 hefur málatími hjá héraðsdómstólum styst verulega frá því sem áður var.

Staða og hlutverk dómarafulltrúa í dómskerfinu hefur verið talsvert í umræðu meðal lögfræðinga og fræðimanna og hefur það sætt nokkurri gagnrýni að í framkvæmd sé ekki gerður greinarmunur á störfum þeirra og dómara. Réttarfarsnefnd vinnur nú að gerð frv. til dómstólalaga og er þess að vænta að það liggi fyrir á næsta ári. Gert er ráð fyrir að í því frv. komi fram tillögur að framtíðarskipulagi dómstólanna í landinu og þar með hvort og með hvaða hætti viðhalda eigi fulltrúakerfinu sem svo hefur verið nefnt. Með hliðsjón af því að verið er að vinna að frv. til dómstólalaga eru í frv. því sem hér er til umræðu einungis lagðar til þær breytingar einar á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem hafa sem minnsta röskun í för með sér frá gildandi fyrirkomulagi en fela í sér að dómarafulltrúum verði tryggt sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu til að þeir geti sinnt dómstörfum þar til varanlegar tillögur um framtíðarskipulag dómstólaskipunar liggja fyrir.

Niðurstaða Hæstaréttar um að vísa málinu frá héraðsdómi virðist aðallega byggjast á því að með því að fulltrúar séu ráðnir til starfa með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti og löggildingu dómsmrh. og að hægt sé að víkja þeim úr starfi án þess að bera það undir dómstóla geti framkvæmdarvaldið bundið enda á ráðningu þeirra. Telur Hæstiréttur slíkt fyrirkomulag í andstöðu við grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvalds.

Með hliðsjón af því sem ég hef áður sagt er lagt til í 1. gr. frv. að fulltrúar verði framvegis skipaðir til að framkvæma dómsathafnir í umboði og ábyrgð dómstjóra eða héraðsdómara þar sem eigi er skipaður dómstjóri. Kemur þetta fyrirkomulag í stað ráðningar og löggildingar dómsmrh. Í greininni er auk þess ákvæði um að embættisgengi dómarafulltrúa verði óbreytt frá gildandi ákvæði.

Í 2. gr. frv. er lagt til að dómarafulltrúar og setudómarar verði eigi leystir frá störfum nema með sama hætti og dómarar, þ.e. með dómi. Með þessu tel ég að fullnægt sé þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að dómstörf dómarafulltrúa teljist ekki í andstöðu við stjórnarskrána um sjálfstæði dómsvalds.

Í forsendum dóms Hæstaréttar er gagnrýnt að dómarafulltrúar sinni dómstörfum með sama hætti og dómarar. Að þessu tilefni kom fram það sjónarmið frá réttarfarsnefnd að í frv. þessu yrðu ákvæði um að dómsvald dómarafulltrúa yrði takmarkað með því að þeir færu ekki með og leystu að efni til úr einkamálum þar sem vörnum er haldið uppi eða opinberum málum frá því að þau koma til aðalmeðferðar.

Ég hef áður lýst því að nú er verið að vinna að frv. til dómstólalaga þar sem tillögur verði gerðar um hvort og með hvaða hætti eigi að viðhalda fulltrúakerfinu. Jafnframt hef ég sagt að í frv. þessu eru einungis lagðar til þær breytingar á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði sem hafi sem minnsta röskun í för með sér frá gildandi fyrirkomulagi en nauðsynlegar eru til að dómstörf fulltrúa teljist ekki í andstöðu við stjórnarskrána. Ég tel að það brjóti ekki bága við stjórnarskrána að fela fulltrúum að fara með og dæma mál með þeim hætti sem gert hefur verið enda sé réttarstaða þeirra að öðru leyti tryggð í samræmi við þau nýju sjónarmið sem fram koma í nefndum dómi Hæstaréttar.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir tilefni og meginefnisatriðum þessa frv. Eins og á stendur er býsna brýnt að málið fái svo skjóta meðferð í þinginu sem nokkur kostur er og það eru því vinsamleg tilmæli mín til hv. nefndar og þingsins að þess verði freistað að afgreiða frv. skjótt þannig að sú óvissa sem nú er uppi í störfum dómstólanna vari í sem allra skemmstan tíma.

Ég legg svo til að málinu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Forsetaúrskurður um hæfi þingmanns til umfjöllunar um þingmál.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en 5. dagskrármál, Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, er tekið fyrir, mun forseti kveða upp úrskurð sem varðar það mál. Ætlun forseta var að kveða upp úrskurðinn þegar að því kæmi að vísa málinu til nefndar, en vegna eindreginna óska nokkurra hv. þm. getur forseti þó fallist á að lesa úrskurðinn nú, áður en umræðunni verður fram haldið. Forseti vill leggja á það sérstaka áherslu að þessi úrskurður tengist á engan hátt efnisumræðu í málinu. Úrskurðurinn er svohljóðandi:

Í umræðum sl. föstudag um frv. til laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf óskaði hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, eftir því að forseti skæri úr um það, eins og hv. þm. orðaði það, hvort hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, sem hefur átt frumkvæði að því fyrir hönd Verslunarráðsins að kæra starfsemi áfengiseinkasölunnar til ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, væri hæfur til að stýra þeirri nefnd sem á að fjalla um þetta mál, þ.e. efh.- og viðskn. Forseti vill vekja athygli á því að hér mun fyrst og fremst verið að draga í efa hæfi hv. þm. Vilhjálms Egilssonar til að gegna formennsku í nefndinni þegar þetta ákveðna mál verður þar til meðferðar, ekki formennsku hans að öðru leyti.

Þessi ósk hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur gefur tilefni til hugleiðinga um það hvort einhverjum vanhæfisreglum sé til að dreifa á vettvangi löggjafarvaldsins líkt og er hjá dómstólum og stjórnsýsluhöfum. Svarið er nei. Slíkar vanhæfisreglur ná ekki til starfa þingmanna. Hvorki í stjórnarskránni né þingskapalögunum er að finna neinar reglur sem útiloka þingmann frá því að taka þátt í meðferð máls sem hann varðar sérstaklega ef undan er skilið ákvæði í 4. mgr. 64. þingskapalaga þar sem segir að enginn þingmaður megi greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín. En þar með eru vanhæfisreglur á vettvangi löggjafarvaldsins tæmandi taldar og engum öðrum til að dreifa.

Alþingismenn eru í störfum sínum eingöngu bundnir við sannfæringu sína og standa aðeins kjósendum skil gerða sinna. Þeir eru ekki bundnir af hæfisreglum í störfum sínum og geta því tekið þátt í meðferð og afgreiðslu allra mála á þinginu. Það er einmitt ein af grundvallarreglum í stjórnmálum lýðræðisríkja að þingmenn taki ákvarðanir um hvaða hagsmuni á að taka fram yfir aðra. Séu þeir tengdir þeim með mjög persónulegum hætti er þeim auðvitað í sjálfsvald sett af siðrænum ástæðum að segja sig frá máli. Það er þeirra ákvörðun og á þeirra ábyrgð.

Forseti lítur svo á að afskipti hv. þm. Vilhjálms Egilssonar af málefnum áfengiseinkasölunnar utan þings geti á engan hátt haft áhrif á hæfi hans til að fjalla um umrætt mál í efh.- og viðskn. en telur að öðru leyti eðlilegt að formleg ákvörðun um það hvort hv. þm. Vilhjálmur Egilsson stýrir fundum nefndarinnar, þegar málið er þar til umfjöllunar, sé í höndum nefndarinnar sjálfrar.

[14:04]

**Svavar Gestsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þennan úrskurð. Ég tel út af fyrir sig ekki við hæfi að hefja umræður um hann hér. Ég tel engu að síður rétt að benda á að það er nauðsynlegt að ræða það á öðrum vettvangi hvort ekki verður að setja almennar reglur um vanhæfi þingmanna við afgreiðslu tiltekinna mála hér í þinginu og almennar reglur um þau störf sem þingmenn gegna eða geta gegnt úti í þjóðfélaginu og komum við þá að grundvallaratriðum þingskapalaganna sjálfra og þar með að ákvæðum stjórnarskrárinnar um stöðu þingmanna og ég tel sjálfsagt í ljósi þessarar umræðu um hv. þm. Vilhjálm Egilsson að þessi mál verði rædd.

Hitt þakka ég forseta fyrir að benda á að það er auðvitað í valdi þingmannsins að segja sig frá umfjöllun um málið og ég skora á hv. þm. að gera það og beita sér fyrir því að einhver annar maður í samræmi við þingsköp stýri umfjöllun þessa máls í efh.- og viðskn. eða að efh.- og viðskn. taki ákvörðun um það, jafnvel í blóra við þingmanninn ef nauðsyn krefur, að einhver annar en hann fjalli um málið. Ég tel að málið liggi þannig, það sé augljóst að það sé í hæsta máta vafasamt að mati verulegs hluta þingmanna að hv. þm. gegni því trúnaðarstarfi að stýra umfjöllun nefndarinnar um þau mál sem hér liggja.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill taka það fram að efnisleg umræða um úrskurðinn á ekki heima hér.

[14:05]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka virðulegum forseta fyrir að kveða upp þennan úrskurð áður en umræðunni um þetta mál lýkur þó að ég vilji einnig um leið lýsa vonbrigðum mínum með úrskurðinn. Ég ætla ekki að hefja efnislegar umræður um úrskurðinn, eins og forseti hefur óskað eftir, en vil láta í ljós þá skoðun mína að þessi úrskurður hlýtur að gefa tilefni til þess að þingsköp verði endurskoðuð þar sem sérstaklega verði tekið á þessu máli.

Út af orðum forseta um að hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni væri það í sjálfsvald sett að víkja sæti úr nefndinni þegar fjallað væri um þetta sérstaka mál, þá vildi ég taka undir með síðasta ræðumanni og skora á hv. þm. að gera það. Hæfi hans hefur hér verið dregið í efa, og ég vísa þar til orða forseta við upphaf þessa þings þar sem hann var einmitt að tala um góða stjórnarhætti. Við gerum ríkar kröfur til framkvæmdarvaldsins varðandi hagsmunaárekstra og hæfi og við hljótum að gera sömu kröfur til þingsins þó að stjórnsýslulögin sem slík fjalli ekki um þátt þingsins að því er þetta varðar.

***Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, frh. 1. umr.***

Stjfrv., 3. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 3.

[14:07]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegur forseti. Það hafði verið óskað eftir því á sínum tíma af hálfu þingflokka stjórnarandstöðunnar að auk hæstv. fjmrh. yrðu hæstv. heilbrrh. og hæstv. utanrrh. viðstaddir umræðu um þetta mál. Ég hef tekið eftir því að hæstv. utanrrh. er hér í húsinu og getur væntanlega komið til umræðunnar þegar á þarf að halda, en hins vegar tel ég mjög miður, virðulegi forseti, að þessari umræðu skuli vera haldið áfram án þess að hæstv. heilbrrh. sé viðstaddur.

Eins og fram kom síðdegis í gær, þá eru landslög með þeim hætti að hæstv. heilbrrh. ber ábyrgð á áfengisvörnum og öllum þeim lögum sem kveða á um það að tryggja að neysla áfengis hafi ekki skaðvænleg áhrif á einstaklinga, fjölskyldur eða samfélag. Nú upplýsti hæstv. heilbrrh. það í gær, undir lok umræðunnar í gær að heilbrrn. hefði ekki — ég undirstrika — hefði ekki framkvæmt neina athugun á því til hvaða aðgerða þyrfti að grípa vegna þeirra breytinga sem hér er verið að leggja til. Hæstv. heilbrrh. vísaði því hins vegar til heilbr.- og trn. þingsins að kanna þann þátt málsins. Ég tel það í sjálfu sér óeðlilegt að ráðherra vísi þeirri ábyrgð sem ráðuneyti ber samkvæmt lögum yfir á þingnefndina. En fyrst svo er, þá vildi ég nú óska eftir því að nýkjörinn formaður heilbr.- og trn. sem hér er væntanlega í húsinu verði viðstaddur þessa umræðu en jafnframt ítreka athugasemd mína um að það er mjög slæmt að heilbrrh. skuli ekki sjá kost á því að vera hér áfram við umræðuna.

Ég tel að umræðan um þetta mál hafi nú þegar leitt það í ljós að sá þáttur málsins sem snýr að heilbrigðismálum hefur ekki fengið neina sérstaka athugun. En jafnframt hefur það komið hér rækilega í ljós að þær breytingar sem á að gera með sölu- og dreifingarkerfinu eru þess eðlis að þær hljóta að hafa verulegar afleiðingar hvað snertir skipan áfengismála, áfengisneyslu og viðskipti með áfengi. Það er t.d. alveg ljóst að með þessu frv. er verið að opna fyrir víðtæka samkeppni um sölu á áfengi sem ekki hefur verið í landinu fram að þessu. Og eins og fram hefur komið hefur það ekki verið markmið með rekstri áfengissölunnar til þessa að auka neysluna sérstaklega. Nú er það hins vegar alveg ljóst að með þeim breytingum sem hér er verið að leggja til er vísað á þá nýskipan að samkeppni milli innflutningsaðila verði veruleg.

Í öðru lagi er það ljóst að með þessari skipan verður það gerlegt fyrir alla innflytjendur að koma sér upp sínum eigin birgðastöðvum og dreifa áfengi til veitingahúsa sem kaupa af þessum innflutningsaðilum frá eigin birgðastöðvum. Þar með felur það í sér að það er hugsanlegt að koma hér upp nokkur hundruð áfengisbirgðastöðvum, smáum, víða um land sem er algjörlega andstætt því sem tíðkast hefur í landinu og ég leyfi mér að fullyrða andstætt skilningi þorra manna í landinu á því hvað sé eðlilegt í áfengismálum. Ég tel það mjög miður að hæstv. fjmrh. eða hæstv. heilbrrh. skuli ekki hafa haft hreinskilni til þess að gera þjóðinni grein fyrir þessari breytingu. Ég ætla þó af umræðum hér í gær að hæstv. heilbrrh. hafi ekki verið búinn að átta sig á þessum þætti málsins því að mér fannst það koma skýrt fram í yfirlýsingum hæstv. heilbrrh. í gær að svo er ekki.

Ég vil einnig vekja athygli hæstv. utanrrh. á því að fjmrh. sagði hér við umræðuna að þess mætti vænta að túlkun stofnana EES-svæðisins kynni að leiða til þess að það yrði að gefa smásöluna líka frjálsa. Það er þess vegna ekki rétt sem hæstv. utanrrh. sagði hér í gær að það lægi alveg skýrt fyrir að þessi breyting mundi ekki ná til smásölunnar. Með sama hætti og hæstv. fjmrh. rökstuddi þá breytingu sem nú er verið að leggja til með því að vísa í álit sem fram hefði komið og hæstv. utanrrh. gerði hér í gær, þá vakti hæstv. fjmrh. athygli á því að það gæti verið að það sama ætti við um smásöluna. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanrrh. að því: Hefur utanrrn. látið framkvæma sjálfstæða athugun á því að það sé alveg öruggt að sá fyrirvari, sem hæstv. utanrrh. var að lýsa hér í gær að væri þó alveg skýr og ætti við um smásöluna, mundi halda?

Ég vil einnig vekja athygli hæstv. utanrrh. á því að af hálfu tollvörugeymslunnar er búið að dreifa nú þegar upplýsingaefni sem ber heitið: Ný þjónusta í áfengis- og tóbaksviðskiptum, Direct Free Zone Delivery, og er nú svo mikið haft við að það er hafður sérstakur undirtitill á ensku til þess að kynna þessa nýskipan. Í þessari lýsingu tollvörugeymslunnar kemur það skýrt fram að með þessari breytingu geta viðskiptavinir leitað beint til tollvörugeymslunnar og tollvörugeymslan muni taka að sér að koma pöntunum á áfengi til viðskiptavinarins í lok vinnudags hvort sem er innan bæjar eða utan. Og í þessu efni er ekki bara átt við heildsala, hæstv. utanrrh., sem selja vínið áfram til veitingahúsa, heldur geta menn einnig annast þessi viðskipti við tollvörugeymsluna til einkaafnota.

Ég vil einnig vekja athygli utanrrh. á því að fyrir liggur ályktun frá Kaupmannasamtökum Íslands þar sem yfirvöld eru hvött til þess að afnema einkasölu ríkisins á bjór og léttum vínum og þeirri skipan komið á að neytendur geti keypt þessa vöru í matvöruverslunum.

Eins og ég sagði áðan hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. lýst því yfir hér í þinginu að úr því að heilbrrn. hefur ekki skoðað þann þátt þessa máls sem snýr að áfengisvörnum, þá sé óhjákvæmilegt að heilbr.- og trn. geri það. Ég tel þess vegna mjög mikilvægt að nýkjörin heilbr.- og trn. sinni þeim skyldum sínum sem felast í framkvæmd laganna um áfengisvarnir.

Mér hafa borist í hendur upplýsingar um neyslu á áfengi á Norðurlöndum og þar kemur alveg skýrt fram að í því landi, Danmörku, þar sem frjálsræðið hefur verið mest í sölumálum, hefur áfengisneyslan einnig verið til muna meiri heldur en annars staðar á Norðurlöndum þar sem önnur skipan hefur verið. Noregur og Ísland eru hér í neðstu sætunum varðandi neyslu á áfengi með um það bil 3 lítra ef ég les þetta rétt, en í

Danmörku eru það yfir 10 lítrar af áfengi á samsvarandi mælikvarða. Allt að því þrefaldur munur er á Íslandi og Noregi annars vegar og Danmörku hins vegar hvað snertir neyslu á áfengi. Þar með liggur það fyrir að sölufyrirkomulagið á áfengi hefur afgerandi áhrif á neyslu þessa vímuefnis.

Ég tel það vera, eins og ég sagði hér fyrst við umræðurnar, mjög miður að þegar þetta frv. er lagt fram þá fylgir því engin greinargerð frá heilbr.- og trn. um viðbrögð varðandi þá hættu að þessi breyting leiði til aukinnar neyslu á áfengi.

Eins og fram hefur komið hér í umræðunum verða lagðar niður allar merkingar á því áfengi sem verður selt til veitingahúsa og selt í veitingahúsunum. Fram kemur í álitsgerð frá starfsmönnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að mismunandi sala á léttum vínum og sterkum vínum er eitt aðalupplýsingatækið til þess að yfirvöld sem eru að kanna hugsanlegt smygl á áfengi og sölu þess eða sölu á bruggi geti framfylgt eftirlitsskyldu sinni. Með þessu frv. á að leggja niður alla möguleika að veita slíkar upplýsingar og leiðirnar fyrir þá sem smygla hér sterku víni eins og vodka og gini inn í landið til þess að koma því í umferð á veitingahúsunum án nokkurs eftirlits hafa stóraukist miðað við þessar breytingar. Það er einnig ljóst að samkeppni milli innflytjenda verður mun meiri. Þessi skipan felur það t.d. í sér að þegar innflytjendur hafa möguleika á að búa til sínar eigin birgðastöðvar þar sem þeir geta afhent veitingahúsum vínið að degi sem nóttu, helgum dögum sem hversdags, þá skapast alls konar möguleikar til þess að bjóða bætta þjónustu til að auka viðskiptin. Það bjóðast einnig möguleikar á því að efna til margvíslegra kynninga. Það bjóðast einnig þeir möguleikar að veita afslátt, hæstv. utanrrh., vegna þess að í þessu frv. er ekkert kveðið á um að það þurfi að vera sambærilegt verð til vínveitingahúsanna frá þessum heildsöluaðilum. Í dag er það hins vegar þannig að þegar Áfengis- og tóbaksverslunin annast söluna, þá er trygging fyrir sambærilegu verði. Með þessum breytingum er opnað á þann möguleika að framleiðendur á víni sem vilja t.d. koma sínum vörumerkjum inn á markað á Íslandi geta falið íslenskum umboðsaðilum að veita afslátt um ákveðinn tíma til þess að tryggja viðskipti ákveðinna veitingahúsa og efla þannig kaup bæði veitingahúsanna og viðskiptavina þeirra á tilteknum tegundum, m.a. til að byggja upp markaðinn. Og það er alþekkt aðferð í viðskiptum að beita lækkun vöruverðs um ákveðinn tíma til þess að afla sér nýrra viðskiptavina. Með þessu frv., hæstv. utanrrh., er í fyrsta sinn opnaður sá möguleiki. Ég fullyrði að það er ekkert í EES-samningnum sem knýr á um að það sé gengið svona langt í breytingum eins og gert er með þessum frumvörpum.

Á sama hátt og hæstv. heilbrrh. lýsti því hér yfir, að það væri samkvæmt hennar ósk að heilbr.- og trn. ætti að grandskoða þetta frv. út frá áfengisvarnarsjónarmiðunum, þá vona ég að hæstv. utanrrh. geti ásamt þingnefndinni lagst yfir það verkefni að skoða hvort ekki er hægt að fara aðrar leiðir til þess að fullnægja hugsanlegum skyldum EES-samningsins án þess að þurfa að fela í sér allar þessar víðtæku breytingar.

Ég hef í þessari umræðu rifjað nokkuð upp ræðu sem hv. þáv. þm. Jón Helgason flutti á Alþingi 8. des. sl. þegar þetta frv. kom fyrst til umræðu. Án þess að ég ætli nokkuð sérstaklega að elta Framsfl. í þessu máli vegna þess að ég tel að þetta mál sé í raun og veru hafið yfir allan flokkslegan ágreining, þá finnst mér mjög merkilegt að öllum þeim efnislegu athugasemdum sem fram komu í ræðu hv. þm. Jóns Helgasonar við þessa umræðu, og enginn þingmaður setti fram jafnítarlegar efnislegar athugasemdir og hv. þm. gerði í þessari umræðu, skuli vera ýtt út af borðinu eins og hendi sé veifað af hálfu bæði þingforustu og ráðherra Framsfl. Allt í einu við stjórnarskiptin þurfi menn endilega að beygja sig undir nýja stefnu í áfengismálum. Áfengismál hafa hingað til verið talin óflokkspólitísk mál. Ég get vel skilið að hv. þm. Guðni Ágústsson gangi úr salnum vegna þess að ef hann hefði einhvern manndóm í sér, þá ætti hann auðvitað a.m.k. að gera tilraun til þess hér í salnum að halda uppi merki fyrirrennara síns, Jóns Helgasonar.

Auðvitað gæti ég rifjað upp í ræðustólnum ýmis af þessum ummælum, þau liggja fyrir í þingtíðindum, en mig langar þó aðeins að nefna hér örfá að lokum í minni ræðu. Hv. þm. Jón Helgason sagði fyrir fáeinum mánuðum síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„En eins og menn hafa heyrt er í athugasemdunum við frv. eingöngu fjallað um þetta málefni út frá viðskiptalegu sjónarmiði. Hvernig hægt sé að afla ríkissjóði tekna og hvað það sé miklu betra að láta einkaaðila annast þetta og allt eftirlit verði einfaldara. Hins vegar er ekkert minnst á heilbrigðisþáttinn, áfengisneysluna, áfengisvandamálið eða félagslega þáttinn. Ég mun víkja að því síðar ef tími verður til en þetta eru þau atriði sem fyrirvarinn í EES-samningnum byggðist á. Þ.e. að áfengi skapaði heilbrigðisvandamál og því væri hér einkasala og tilgangur hennar væri ekki fyrst og fremst sá að afla ríkissjóði tekna heldur reyna að draga úr þeim afleiðingum sem áfengisneyslan hefur í för með sér."

Hv. þm. Jón Helgason sagði einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er því að sjálfsögðu um algera stefnubreytingu að ræða . . ."

Hv. þm. Jón Helgason sagði einnig: „Það er sem sagt ljóst að möguleiki er fyrir innflytjendur að flytja inn og geyma í tollvörugeymslu. Þaðan geta þeir afgreitt til þeirra sem hafa smásöluleyfi en þeir hljóta líka að hafa leyfi til að fara með þetta í sínar geymslur og dreifa þaðan, það er a.m.k. ekki minnst á það hvernig það eigi að vera. Það er möguleiki að dreifingarstöðvar áfengis verði býsna víða út um hvippinn og hvappinn. Hvernig á þá að hafa eftirlit með slíkum dreifingarstöðvum?"

Það er þegar í desember sem aðalfulltrúi Framsfl. við þessar umræður víkur að þessum þætti málsins sem við höfum hér verið að draga fram og hæstv. heilbrrh. sagði í gær að væri auðvitað mjög mikilvægur en heilbrrn. hefði bara ekkert skoðað hann. Það er eins og fulltrúar Framsfl. bæði í þingflokki og í ríkisstjórn hafi

alls ekki farið ofan í þær efnislegu athugasemdir sem hér komu fram af hálfu Jóns Helgasonar á sínum tíma.

Þingmaðurinn vék að aukinni unglingadrykkju. Hann vék einnig að því hvernig heildarneysla áfengis hefði aukist hjá yngri aldurshópum og hann vék einnig að því hvernig þessi breyting mundi að öllum líkindum hafa þau áhrif á rekstrarhagkvæmni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að mjög auðvelt væri að halda því fram eftir breytinguna að það væri óhagkvæmt að reka Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins áfram sem smásölufyrirtæki.

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að mikill meiri hluti þjóðarinnar hafi verið sæmilega sáttur við þá skipan sem verið hefur á áfengissölukerfinu á Íslandi. Við höfum búið í áratugi við þá skipan að menn hafa getað keypt til landsins þær tegundir sem þeir hafa óskað eftir ef þeir hafa komið þeim óskum á framfæri. Útsölur frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafa verið í flestum byggðarlögum og þeim hefur fjölgað á undanförnum árum. Í þriðja lagi hafa veitingahús getað keypt áfengi með þeim hætti að eftirlit er haft með því hvenær kaupin fara fram svo að þeim sem smygla áfengi til landsins eða framleiða áfengi hér á landi verði gert erfiðara að koma þeim varningi í umferð og sölu.

Það hefur engin krafa komið frá almenningi í landinu um að breyta þessu kerfi. Krafan hefur verið frá fáeinum hagsmunaaðilum í viðskiptaheiminum sem ætla sér að græða á aukinni — og ég legg áherslu á það — aukinni áfengissölu á Íslandi. Það er óheillaspor og vont ef það verður meðal verka þessa fyrsta þings á kjörtímabilinu að afgreiða lög af því tagi.

[14:28]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir það með hv. 8. þm. Reykn. að áfengismálastefnan varðar ekki beinlínis flokkspólitík þó að allir flokkar hafi að sjálfsögðu áfengismálastefnu með einum eða öðrum hætti. Ég get líka tekið undir það með honum að það er mjög mikilvægt að það sé sem best samstaða um áfengismálastefnu á hverjum tíma og það sé komið að þeim vörnum sem hægt er að koma að í sambandi við þau mál því að allir þekkja það mikla böl sem af áfenginu stafar í þjóðfélaginu og öll þau þjóðfélagsvandamál sem skapast af þessu mikla böli og þeim sjúkdómi sem áfengisneysla er oft og tíðum. Ég tek undir það með honum. Ég vil líka taka það fram að mér finnst sjálfsagt, og það hefði verið rætt milli mín og hæstv. fjmrh., að eftirlitsþáttur þessa máls yrði betur skoðaður við meðferð málsins í nefnd því að ég lít svo á að hér sé fyrst og fremst verið að fara út í breytingar sem eru nauðsynlegar til þess að við fullnægjum okkar alþjóðlegu skuldbindingum þó að menn geti haft mismunandi skoðanir á því hverjar þær eru.

Ég vil taka það fram vegna þess að hér hefur áður komið fram við umræðuna að Norðmenn séu að leysa þetta mál með allt öðrum hætti en við. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið, þá er það ekki rétt. Norðmenn höfðu hugsað sér að leysa málið með öðrum hætti en hafa nú ákveðið að gera ráðstafanir sem eru alveg sambærilegar við það sem fram kemur í þessum frumvörpum. Ég held að það sé nauðsynlegt að hv. þingnefnd kynni sér þau mál. Þetta kom m.a. fram í umræðum sem við áttum í þingflokki Framsfl. við starfsmenn ÁTVR þar sem þessu var haldið fram og ég leiðrétti það við þá að ég vissi ekki betur en Norðmenn væru að taka á þessu máli með allt öðrum hætti. En auðvitað er mikilvægt að þetta komi fram við meðferð málsins í nefnd.

Ég get alveg tekið undir það að á margan hátt hefur það verið farsælt að hafa dreifingu áfengis með þeim hætti sem nú er í landinu. Þess vegna held ég að það sé mikilvægt að við reynum að halda utan um þetta kerfi eftir bestu getu og hér er eingöngu verið að tala um breytingar á heildsölunni. Í frumvörpunum er á engan hátt verið að breyta smásölustiginu. Ég get að sjálfsögðu ekki fullyrt, því miður, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hvort við getum um alla framtíð haldið smásölunni eins og nú er. En ég tel afar mikilvægt að menn bindist samtökum um að verja það kerfi og eins og ég les greinargerðina með EES-samningnum, þá hafa menn lagt sig fram um að gera það. Það er á engan hátt hægt að túlka þá greinargerð eða þau gögn sem liggja fyrir í málinu að það hafi tekist í þeirri samningsgerð að slá skjaldborg um það heildsölukerfi sem hefur verið við lýði í landinu lengi. Og sá úrskurður sem Eftirlitsstofnunin hefur fellt er á þann veg að það samrýmist ekki samningnum um Evrópskt efnahagssvæði að reka þessi mál með þeim hætti sem við gerum í dag.

Við getum haft á því ýmsar skoðanir hvort það sé heppilegt fyrir þjóðina og hvort það sé heppilegt fyrir áfengismálastefnu landsins. Á því eru að sjálfsögðu tvær hliðar. En svona er þessi úrskurður og við verðum að gera það upp við okkur hvort við ætlum að framfylgja þessum úrskurði og breyta okkar málum til samræmis við hann eða hvort menn telja málið vera svo mikilvægt að það beri að láta reyna á það fyrir dómstólum. Þá verða menn að sjálfsögðu að kynna sér m.a. þann dóm sem hefur fallið að því er varðar málefni Finna þegar lagt er mat á það.

Nú kann svo að fara ef mál þetta fær ekki afgreiðslu á Alþingi að á þetta muni reyna og það eru e.t.v. einhverjir sem telja að þannig eigi að ganga fram. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel að við eigum að gera þær breytingar sem þessi úrskurður gefur tilefni til. Hins vegar finnst mér sjálfsagt og það varð niðurstaða við umfjöllun málsins í Framsfl. að það yrði farið betur ofan í eftirlitsþáttinn við meðferð málsins í nefnd. Það þykir mér sjálfsagt því að hér er ekki um að ræða mál sem er þess eðlis að allir þingmenn séu bundnir af því fyrir fram og ekki megi gera breytingar á frv. ef finnast betri leiðir í umfjöllun málsins í nefnd. Ég held þess vegna að það sé miklu farsælla fyrir góða niðurstöðu þessa máls að menn vindi sér sem fyrst í það að hefja nefndarstarfið og fara ofan í þetta með þeim embættismönnum sem hafa komið að málinu. En ég tel mjög mikilvægt að við verjum smásölustigið með þeim hætti sem nú er og ætla ekkert að leyna því að ef um það væri að ræða að Eftirlitsstofn-

un hefði fellt þann úrskurð að breyta bæri smásölustiginu, sem þeir hafa ekki gert, þá er ég þeirrar skoðunar að það væri svo stórt mál að það væri rétt að láta reyna á það fyrir dómstólnum. En sem betur fer hefur það ekki verið tekið upp og ég vænti þess að svo verði ekki í framtíðinni, en auðvitað get ég ekki frekar en aðrir fullyrt um að það mál kunni ekki einhvern tíma að koma upp því að auðvitað er það hugsanlegt að einhverjir telji sér hag í því að kæra þá skipan mála sem nú er og þá kæmi það mál sjálfsagt til umfjöllunar hjá þeim aðilum sem ber að fjalla um slík mál. Ég tel afar þýðingarmikið að við sameinumst um það að verja það skipulag með þeim hætti sem mögulegt er.

[14:37]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að það hefur komið fram hjá hæstv. utanrrh. að þingflokkur Framsfl. hafi talið mikilvægt að skoða eftirlitsþáttinn miklu nánar í meðferð málsins í þinginu. Það hefði getað stytt þessar umræður töluvert ef slík yfirlýsing hefði komið fram t.d. hjá hæstv. fjmrh. strax þegar hann flutti málið að hann opnaði möguleika á því að bæði sá þáttur og nokkrir aðrir yrðu skoðaðir í meðferð þingsins. Það gerði hæstv. fjmrh. hins vegar ekki. Hæstv. fjmrh. kom með þetta mál til þingsins eins og það væri fullbúið og ætti ekkert annað eftir en bara stimpla það í þinginu. Satt að segja lá hæstv. fjmrh. svo mikið á að hann vildi mæla fyrir báðum frumvörpunum í einu og taldi greinilega umræður um það vera bara til málamynda.

Ég fagna því að sú skoðun hefur komið fram hjá tveimur ráðherrum Framsfl., hæstv. heilbrrh. og hæstv. utanrrh., að nauðsynlegt sé að fjalla um ýmsa þætti þessa máls nánar í nefnd.

Ég hef verið þeirrar skoðunar, hæstv. utanrrh., að það hafi verið rík samstaða um þann skilning hér á þjóðþinginu og meðal þjóðarinnar að EES-samningurinn fæli ekki í sér neina breytingu á skipan áfengissölumála í landinu. Og menn hafi verið sammála um þetta alveg óháð því hvaða afstöðu menn hafa að öðru leyti til EES-samningsins. Sú staða að nú sé EES-samningurinn að knýja á um breytingar um þetta efni sé þess eðlis að það eigi að láta reyna á úrskurð dómstólsins, líka gagnvart hinu svokallaða heildsölustigi. Því ég óttast að ef við viðurkennum breytingarnar í þessu máli og ýtum þar með til hliðar heilbrigðisfyrirvaranum, þá verði mjög auðvelt fyrir þá sem vilja breyta smásölunni að fylgja því eftir gagnvart dómstólnum. En ég tel það hins vegar mjög mikilvæga yfirlýsingu hjá hæstv. utanrrh. að komi fram athugasemd frá Eftirlitsstofnuninni um smásöluna, þá telji hann að það eigi að vísa málinu til dómstólsins því að það er næsta öruggt að þegar þingið verður búið að samþykkja þetta frv. þá labbi hv. þm. Vilhjálmur Egilsson upp í Verslunarráð og skrifi nýja kæru, nú út af smásölunni. Þingið hefur enga tryggingu fyrir því að formaður efh.- og viðskn. muni ekki strax í sumar skrifa nýja kæru út af smásölunni því að það bjóst enginn við því að hann, af öllum mönnum, mundi skrifa kæruna sem hann svo gerði þegar þingið var búið að afgreiða frumvörpin á sínum tíma.

[14:40]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir að koma hingað í ræðustól og fjalla um þessi mál því að mér finnst núna kannski vera kominn fyrsti vísir að málefnalegri umræðu um þetta mál, en málefnalega umræðu af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur gersamlega skort. Það er búið að setja fram fjölmargar málefnalegar spurningar sem menn hafa óskað eftir að heyra rök ríkisstjórnarinnar fyrir án þess að þau kæmu fram.

Í máli hæstv. utanrrh. áðan kom fram að hér væri um að ræða áfengisvarnarmál og heilbrigðismál. Á því væru tvær hliðar. Nú hafa menn úr okkar röðum, sem höfum talað í þessu máli af hálfu stjórnarandstöðu, bent á mörg rök sem öll hníga í þá átt að þessar breytingar sem hér er verið að gera séu til ills. Og nú leikur mér forvitni á að heyra hver hin hliðin á málinu er.

Við höfum bent á það í fyrsta lagi að verið sé að færa hundruð milljóna af opinberu skattfé, sem nú er í öruggri innheimtu, út í óvissuna. Við höfum bent á það að merkingar á áfengi og eftirlit varðandi sölu til veitingahúsa og hótela verði einnig í óvissu. Það hefur komið fram að áfengi verður misdýrt eftir landshlutum, eða hver hefur áhuga á að dreifa því úti á landi þar sem magn er lítið og flutningskostnaður er hár? Hver kemur til með að fylgjast með því að umboðsmenn selji eingöngu til veitingahúsa en ekki til almennra neytenda? Hvernig verður því eftirliti háttað? Hér erum við komin að þeim þætti sem hæstv. utanrrh. vék sérstaklega að, að við ætluðum að standa vörð um smásöluna. Hér erum við komin ærið nærri henni.

Nú er það svo að einkaaðilar mega flytja inn það magn sem þeim sýnist til einkanota. Er ekki augljóst að sett verður upp verslun í tollvörugeymslunni þar sem hver getur verslað sem vill eins og vikið var að hér áðan að væri þegar að koma upp?

Með öðrum orðum þakka ég fyrir þann vísi sem við höfum hér að málefnalegri umræðu um þessi mál, en ég óska eftir miklu nákvæmari útskýringum og röksemdafærslu af hálfu ríkisstjórnarinnar sem sækir svo fast að fá þessi mál afgreidd.

[14:43]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Auðvitað gætum við lengi haldið áfram að ræða þessi alvarlegu mál en ég tel að það þjóni miklu betur framgangi málsins að þessi umræða fari fram í þingnefndum. Það er verið að ræða um það að fjalla um þetta mál í hv. efh.- og viðskn. og jafnframt verði því vísað til heilbrn. þingsins eins og venja er um mál sem koma inn á fleiri svið. Og öllum spurningum sem uppi eru í málinu, sem ég tel eðlilegar, held ég að verði miklu betur svarað í starfinu í þingnefndunum og síðan er nægt tilefni til þess að því loknu að ræða þessi mál ítarlega við 2. og 3. umr. Ég vildi því leyfa mér að leggja það til vegna þess að hér er um mál að ræða sem á ekki að reka eingöngu á flokkspóli-

tískum grundvelli. Það hefur ekki verið sú venja í þinginu í gegnum árin að fjalla um mál sem þetta á þann hátt.

Ég nefni ýmis dæmi um það eins og breytingar á áfengislögum hvort sem það varðar sölu á bjór innan lands eða mörg önnur mál sem hafa raskað áfengisstefnu Íslendinga. Þess vegna tel ég að það væri miklu betra, hv. þm. Ögmundur Jónasson, að þetta yrði gert með þeim hætti án þess að ég sé á nokkurn hátt að víkjast undan umræðu um þessi mál. Ég vil ekki að orð mín séu skilin þannig, en ég bið um að embættismenn verði kallaðir til. Ef það er ekki nægilegt þá má þess vegna kalla til ráðherra fyrir þingnefndirnar.

[14:46]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Þetta er víst þriðji dagurinn sem við fjöllum um þetta mál og má öllum ljóst vera að það er miklu umfangsmeira en hæstv. fjmrh. vildi vera láta í sinni framsöguræðu og miklu flóknara og á því miklu fleiri hliðar en ráðherrann vildi vera láta. Þess vegna er alveg ljóst að það er margt sem þingmenn óska eftir að fram komi við 1. umr. og fá svör ráðherranna við ýmsu sem ekki liggur alveg ljóst fyrir.

Ég held, virðulegi forseti, að það væri mjög ágætt og mundi flýta fyrir umræðunni ef hæstv. ráðherrar sem um þetta mál fjalla væru viðstaddir þessa umræðu því að ég hef gjarnan viljað beina til þeirra fyrirspurnum við 1. umr. málsins og á ég þá þar við hæstv. utanrrh., a.m.k. til að byrja með og kannski síðar í þessari umræðu staðgengil hæstv. fjmrh.

Ég get haldið áfram máli mínu, virðulegi forseti, þar til hæstv. utanrrh. þóknast að heiðra okkur með nærveru sinni en ég nefndi að á þessu máli væru margar hliðar og mér finnst nokkuð ljóst af þeirri umræðu sem orðið hefur að stjórnarflokkarnir, annars vegar ráðherrar Sjálfstfl. og hins vegar ráðherrar Framsfl., leggja í það mjög ólíka merkingu af hverju þetta mál er hér flutt og af hverju svo mikið liggur á að fá það lögfest á þessu þingi.

Hæstv. fjmrh. hefur ítrekað haldið því fram að fyrst og fremst væri um það að ræða að málið sé flutt vegna þess að hann telji það skynsamlega ráðabreytni að hafa þessa skipan mála á. Hann endurtók það sem hann sagði í því efni þegar mál þetta var til umræðu fyrir einu eða tveimur árum síðan. Hins vegar þrýsti nú á það að Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert kröfu um að þessi breyting verði hér gerð. Hins vegar heyrist mér fyrst og fremst á máli ráðherra Framsfl. að þetta mál sé hér komið út af síðasttalda atriðinu, að ekki sé um að ræða stefnu ríkisstjórnarinnar um breytingu á skipan áfengismála heldur sé þetta mál fyrst og fremst flutt til þess að verða við kröfum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur sett fram. Því er mjög mikilvægt að gera sér ljóst hvort málið sé þannig að það þurfi í raun og sanni að keyra það fram á þessu þingi.

Ég vil í því sambandi spyrja hæstv. utanrrh. um það sem hv. 5. þm. Reykn. drap á í umræðu um þetta mál fyrir helgi. Þá vitnaði hún til þess að Norðmenn hefðu frest til næstu áramóta að uppfylla þessa kröfu og ég vil spyrja hæstv. ráðherra, hvort hann telji málið ekki það umfangsmikið, ekki síst með tilliti til þess að við eigum alveg eftir að fjalla um hvort og þá hvaða áhrif þetta hefur varðandi áfengisstefnuna og heilbr.- og trn. á að fjalla um þetta mál, að rétt sé að ráðherrann beiti sér fyrir því að við fengjum þennan frest til næstu áramóta til þess að þinginu gæfist ítarlegra tóm til þess að fjalla um þetta mál.

Ég er alveg sannfærð um það og ég heyrði það af orðum hæstv. heilbrrh. að ráðherrann hefur miklar áhyggjur af þessu máli. Það lá í orðum ráðherrans að það þyrfti að skoða þetta mál mjög vandlega í heilbr.- og trn., m.a. til þess að þingið gæti fullvissað sig um það og ekki síst heilbr.- og trn. að hér væri ekki um að ræða neinar breytingar á áfengisstefnunni, þ.e. þessar breytingar gætu ekki haft þau áhrif að um breytingu á áfengisstefnunni yrði að ræða. Þess vegna er það mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að fá fram afstöðu hæstv. utanrrh. við 1. umr. málsins, hvort hann telji ekki fullt tilefni til þess að láta á það reyna að við fengjum lengri frest í þessu máli líkt og Norðmenn hafa.

Það hefur verið drepið á mjög margt í þessari umræðu sem hefur verið mjög gagnlegt og ég skal ekki fara að endurtaka hér. Þó eru nokkur atriði, virðulegi forseti, sem mér þykir rétt að ræða frekar en fram hefur komið.

Hæstv. utanrrh. nefndi áðan að hann teldi, ef ég skildi orð hans rétt, ekki rétt að láta reyna á þetta mál fyrir dómstólum. Það væri frekar ef um væri að ræða breytingu á smásölunni, en ég tel, virðulegi forseti, að menn eigi alls ekki að ýta því frá sér miðað við forsögu málsins að það geti ekki komið til álita að láta reyna á þetta mál fyrir dómstólum. Og þá er ég að vitna til þess, virðulegi forseti, að Norðurlöndin stóðu alla tíð í þeirri trú að hér væri ekki um breytingu á skipan áfengismála að ræða. Og það kom margítrekað fram að framkvæmdastjórn EB hafi í samningsviðræðum ekki dregið þá túlkun í efa að ekki væri um að ræða að þessum samningi fylgdi að við værum að breyta skipan áfengismála. Til þess má m.a. vitna að Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð gáfu þessa yfirlýsingu og áréttuðu með því að áfengiseinkasala væri mikilvægur þáttur í stefnu þessara ríkja í heilbrigðis- og félagsmálum. Og þessi túlkun þeirra var ekki dregin í efa. Ég gæti vitnað til þess, með leyfi forseta, sem fram kom t.d. hjá forstjóra ÁTVR á fundi með efh.- og viðskn. Á þeim fundi greindi forstjóri ÁTVR frá að forstjórar einkasalanna á Norðurlöndum hefði sagt honum að samningurinn hefði engar breytingar í för með sér sem máli skipta á stöðu þeirra fyrirtækja sem þeir stjórnuðu. Og í minnisblaðinu greinir Höskuldur jafnframt frá því að fulltrúi utanrrn. hafi komið á sama fund. Segir Höskuldur að fulltrúi utanrrn. hafi tekið undir frásögn sína og hann, þ.e. fulltrúinn, hafi jafnframt talið að ÁTVR hefði þegar leyst úr vandanum með því að veita svo umfangsmikla sérþöntunarþjónustu að í raun gæti hver og einn fengið þá vöru sem hann óskaði. Þar sem ummæli einstakra manna sem mæta á nefndarfundi hjá Alþingi eru ekki bókuð er ekki hægt að fá staðfest hjá nefndinni hvort hér sé rétt eftir haft.

Það sem ég er að vitna í hér, svo það fari ekki á milli mála, virðulegi forseti, er samantekt fjmrn. frá 23. febr. 1995. Reyndar kom það sama fram í svari við fyrirspurn á Alþingi vorið 1992, en þar spurði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson að því hvaða áhrif EES-samningurinn hafi að mati ríkisstjórnar á núverandi lög og reglur um innflutning, sölu og dreifingu áfengis hér á landi. Fyrirspurninni var beint til dómsmrh. og í svari dómsmrh. kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta, að Norðurlöndin innan EFTA hafi ekki litið svo á að í EES-samningnum fælist skuldbindingar um að fella einkasölu niður. Framkvæmdastjórn EBE hafi ekki andmælt þeim túlkunum samkvæmt upplýsingum utanrrn. að því gefnu að einstökum vörutegundum væri ekki mismunað eftir uppruna. Samkvæmt yfirlýsingu fjmrn. liti það ekki svo á að samningurinn um EES fæli í sér neinar kvaðir um það að breyta því einkasölufyrirkomulagi sem nú væri við lýði. Við værum frjálsir að því að halda núverandi kerfi áfram að því tilskildu að vörutegundum væri ekki mismunað.

Það liggur því mjög skýrt fyrir, hæstv. utanrrh., á hvaða forsendum að því er þetta tiltekna mál varðar þingmenn t.d. voru að samþykkja EES-samninginn. Þessari túlkun var ekki mótmælt, eins og ég segi, af framkvæmdastjórn EB. Þess vegna er það mjög sérstakt að hægt er að breyta þessari túlkun eftir að kæra hefur borist. Ég ítreka það að það er fyrst eftir að kæra hefur borist frá Verslunarráði Íslands að Eftirlitsstofnun EFTA fer á stúfana að kanna þetta mál. Þess vegna er það engin goðgá að menn velti fyrir sér hvort ekki sé ástæða til þess að láta reyna á þetta á þeirri forsendu og miðað við forsögu málsins.

Ég vil líka spyrja að því, ég sé að hæstv. forsrh., starfandi fjmrh. er hér mættur, hvort ráðherrar í ríkisstjórn hafi látið kanna það sem fram kom í máli hv. 17. þm. Reykv. þar sem hann heldur fram að það sé nægjanlegt að gera ákveðna breytingu á lögum um ÁTVR sem tryggi að einkaleyfi verði ekki beitt sem banni. Hv. þm. las upp þá breytingu sem hann taldi nægja en þar kom fram að breyta þyrfti lögunum á þennan veg, með leyfi forseta:

„Komi fram ósk um að tiltekin tegund áfengis eða tóbaks verði flutt til landsins má eigi synja þeim tilmælum nema með vísun til annarra laga en þessara, enda hafi sá er tilmælin bar fram tryggt að innflytjandi fái andvirði vörunnar greitt."

Ég tel fulla ástæðu til þess, ekki síst þar sem mér heyrist á hæstv. utanrrh. að hann fylgi þessu máli eingöngu eftir út af kröfu Eftirlitsstofnunarinnar og það sé ekki í hans huga að breyta neitt skipan mála nema vegna þessarar kröfu, að á það verði látið reyna hvort breyting á lögum um ÁTVR nægi til þess að uppfylla þær kröfur sem Eftirlitsstofnunin hefur sett fram. Ég tel reyndar, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin eða þá nefndin sem fær málið til umfjöllunar fái fram álit sérfræðinga á því hvort þessi lagabreyting mundi duga til.

Ég skal út af fyrir sig, forseti, ekki ræða þetta mál mikið meira við þessa umræðu. Við eigum eftir að ræða tvö mál sem tengjast þessu máli og það er einn hluti sem einmitt hefur komið fram í þessum umræðum að þingmenn margir hverjir sem hér hafa talað hafa áhyggjur af því að það sé ekki í hendi sem hæstv. fjmrh. hefur sagt að ríkissjóður verði í engu af tekjum vegna þessara breytinga á skipan áfengismála og vitna þar til þess hvort ætlunin sé að breyta lögum sem feli þá í sér að innflytjendur á áfengi og tóbaki fái engan gjaldfrest á opinberum gjöldum heldur þurfi að greiða þetta allt á þeim tíma þegar varan kemur til landsins, en það gæti haft áhrif á það hvernig þessar tekjur skila sér í ríkissjóð. Ég vil vitna í þessu sambandi og tel að hæstv. fjmrh. eða starfandi fjmrh. skoði þetta mál að það kemur fram í minnisblaði frá Starfsmannfélagi ÁTVR, með leyfi forseta:

„Á sama hátt eiga skattyfirvöld aðgang að upplýsingum um áfengiskaup veitingahúsanna þannig að þau geti fylgst með skilum á virðisaukaskatti og annarri skattheimtu. Þetta eftirlit hlýtur að falla niður að mestu. Erfitt verður að fylgjast með kaupum veitingahúsanna þegar birgjar geta skipt hundruðum. Í þessu máli er vert að minnast á að gjaldþrot meðal veitingahúsa eru tíð og tapast oft stórar fjárhæðir af opinberu skattfé."

Það er líka ekki bara að verið sé að breyta áfengisstefnunni eins og sumir halda fram heldur hafa margir sett fram rök fyrir því að eitthvað muni tapast af þeim tekjum sem ríkissjóður hefur haft af þessari skipan mála.

Ég ætla að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, þó að freistandi væri að ræða það ítarlega sem hefur komið fram og ég hef verulegar áhyggjur af en það er hvernig eftirlitinu verði háttað. Ég vil spyrja hæstv. starfandi fjmrh. hvort hann hafi engar áhyggjur af þeirri breytingu sem verður á eftirlitsþættinum þar sem ýmsir hafa áhyggjur af því sé hætta verði á að opnað verði fyrir smygl eða brugg inn á veitingahúsum. Einnig hefur verið spurt um það, hæstv. starfandi fjmrh., hver fylgist með því að umboðsmenn selji eingöngu til veitingahúsa en ekki til almennra neytenda og hvernig því eftirliti verði háttað. Þetta eru mjög mikilvægir þættir í málinu sem væri mjög æskilegt að fá svör við í þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Ég tel mjög miður að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafi ekki talið ástæðu í þessari umræðu til að svara þeirri áskorun sem fram kom hjá hv. 8. þm. Reykn. og ég tók undir að þrátt fyrir úrskurð forseta um hæfi hans til þess að stýra nefndinni þegar nefndin fjallar um þetta mál sé það á valdi hans sjálfs að víkja þá sæti þar sem hæfi hans hafi verið dregið í efa telji hann ekki ástæðu til að blanda sér inn í umræðuna þannig að það liggi skýrt fyrir hver það verði sem stýri nefndinni þegar málinu verður vísað til efh.- og viðskn. Í lokin verð ég að treysta því að efh.- og viðskn. sendi málið til umsagnar heilbr.- og trn. meðan hún fjallar um þetta mál.

[15:03]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka það fram að eftir því sem ég best veit hafa Norðmenn lýst því yfir að þeir

muni afgreiða sambærilegt frv. sem lög frá Stórþinginu fyrir lok þess þings sem stendur yfir í Noregi. Það má vel vera að ýmsir hafi gengið út frá því að ekki yrðu neinar breytingar hér á landi vegna EES-samningsins. Ég tel að það hafi ekki verið rétt mat og kom aldrei fram hjá utanrrn. á þeim tíma. Það kom fram á sínum tíma að utanrrn. hélt því fram að ÁTVR gæti haldið einkasölu til smásölu en ráðuneytið hefur jafnframt tekið það skýrt fram í gegnum tíðina að ekki megi mismuna á grundvelli þjóðernis við innflutning á áfengi. Í 16. gr. EES-samningsins um ríkiseinkasölu segir að tryggja verði að hún geri ekki greinarmun á grundvelli ríkisfangs hvað snertir skilyrði til aðdráttar og markaðssetningar. Jafnframt segir í sömu greinargerð að taka verði tillit til þess hvernig ákvæðið er túlkað innan ESB þannig að það kom alveg fram af hálfu utanrrn. á þessum tíma að þarna gæti þurft að verða breyting á. Ég tel að allir hafi viljað reyna að haga því þannig að óbreytt skipan gæti að miklu leyti staðist áfram. En nú liggur þessi úrskurður fyrir. Hann er málefnalegur, hann byggir m.a. á dómi sem var kveðinn upp í desember að því er varðar finnskt mál og hvað svo sem líður fortíðinni stöndum við frammi fyrir því hvort ber að fara eftir þessum úrskurði eða ekki. Vel má vera að einhverjir séu þeirrar skoðunar að það beri að láta á hann reyna fyrir dómstóli en ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel rangt að gera það.

[15:05]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þann tíma sem ég hélt fram að Norðmenn hefðu til þess að afgreiða málið af sinni hálfu fyrir næstu áramót — þó var þetta upplýst í umræðum um málið og nefndin hlýtur að skoða það þá sérstaklega. Ég ætla ekki að draga í efa orð ráðherrans um það að Norðmenn hafi sett það fram sjálfir að þeir munu afgreiða málið á því þingi sem nú stendur yfir.

Mér finnst það mjög athyglisvert sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. þar sem ég skildi orð hans svo að hann héldi því fram að utanrrn. hefði alltaf sagt að það þyrfti að skoða breytingar á skipan áfengismála í tengslum við þetta. Mér finnst það nýtt innlegg í umræðuna og ég vitna til skjals frá fjmrn. þar sem stendur að á fundi í sameiginlegu EES-nefndinni í febrúar sl. var fjallað um einkasölumálið. Lögð voru fram bréf Finnlands og Svíþjóðar til ESB sem skipuð voru í tengslum við aðildarviðræður þessara landa. Þar lýsa þessi ríki sig sammála því viðhorfi ESB að afnema þurfi einkasölu á öðrum stigum en smásölu við aðild þeirra við ESB þar sem annað sé andstætt Rómarsáttmálanum. Á fundi nefndarinnar lýsti fulltrúi íslenskra stjórnvalda, Hannes Hafstein sendiherra, því yfir að yfirlýsingar Svía og Finna sem gefnar voru í tengslum við aðildarviðræður þessara landa hefðu engin áhrif á afstöðu íslenskra stjórnvalda. Hver var afstaða íslenskra stjórnvalda til þessa máls? Það kom m.a. fram í svari dómsmrh. við fyrirspurn hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar þar sem dómsmrh. hélt því fram að engar breytingar þyrfti að gera á skipan áfengismála í kjölfar EFTA-samningsins. Fjmrh. hefur ítrekað haldið því fram í umræðum um þetta mál, t.d. á síðasta þingi, að þetta hefði ekkert með það að gera að við þyrftum að breyta þessu vegna kröfu frá ESA heldur væri um að ræða breytingar á skipan áfengismála sem ríkisstjórnin teldi hagkvæmara. Þetta stangast því gersamlega á við það sem hér er haldið fram ef utanrrn. hefur alla tíð talið það vera svo að þetta hefði í för með sér breytingar á skipan áfengismála. Ég fæ ekki betur séð en það sé þvert á yfirlýsingu annarra ráðherra um þetta mál.

[15:08]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég las aðeins upp úr og vitna til þess sem stóð í greinargerðinni með EES-samningnum en það þarf líka að hafa það í huga þegar mál þetta er metið að það er ekki að byrja í dag. Úrskurðurinn féll nýlega hjá Eftirlitsstofnuninni og miklar bréfaskriftir hafa átt sér stað milli Eftirlitsstofnunarinnar og fjmrn. Í því máli hefur fjmrn. auðvitað haldið á hagsmunum okkar og að sjálfsögðu verður að líta á ummæli hæstv. fjmrh. í gegnum tíðina í því ljósi án þess að ég hafi farið sérstaklega ofan í þau. Nú liggur úrskurðurinn fyrir. Hann lá ekki fyrir þegar hæstv. fjmrh. svaraði málinu áður fyrr og nú standa menn einfaldlega frammi fyrir því hvort við viljum uppfylla þær óskir og kröfur sem koma þar fram eða gera það ekki. Ég ítreka aðeins að það er mat mitt að við eigum að gera það og ég tel miklu betra að gera það sem fyrst með sama hætti og Norðmenn hafa ákveðið að gera það líka. Það er því nákvæmlega sama mat á málinu í Noregi og hérna. Ég tek fram að það var ekki upphaflega ætlun ríkisstjórnarinnar að leggja mikla áherslu á að málinu lyki á þessu þingi og var talið heppilegra að bíða haustsins. En í ljósi þessara aðstæðna hefur þótt rétt hér á landi eins og í Noregi að leggja málið fyrir þingið, leggja spilin á borðið í þessu sambandi og freista þess að ljúka þessu máli á því þingi sem nú stendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Gjald af áfengi, 1. umr.*

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4.

[15:11]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)**:

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um gjald af áfengi. Eins og þegar hefur komið fram í umræðum sem tengjast þessum málum er um að ræða þrjú mál sem fylgjast að og má segja að sum prinsippatriði varðandi málið og tilurð þess og ástæða fyrir flutningi þessa máls og hinna tveggja hafi þegar verið rædd nokkuð ítarlega nú á vorþinginu. Einnig má vísa til umræðna sem hafa farið fram um málið áður, bæði í desember á liðnu ári og í febr. sl.

Frv. er eins og áður hefur verið skýrt frá nánast

samhljóða frv., sem lagt var fyrir síðasta þing, og var þá ekki afgreitt. Málið hafði gengið til efh.- og viðskn. og hafði meiri hluti nefndarinnar mælt með samþykki þess.

Með frv. er verið að leggja til að tekið verði upp nýtt gjald er skuli leggja á allt áfengi og því gjaldi, áfengisgjaldi sem svo er kallað, er ætlað að koma sérstaklega í stað vínandagjalds á áfengi. Hið nýja gjald er eins og hið gamla gjald föst krónutala á hreinan vínanda í áfengi umfram tiltekið mark. Breytingin er hugsuð í kjölfar afnáms einkaleyfis ÁTVR til innflutnings á áfengi og við lítum á hana sem aðlögun að þeim viðskiptaháttum sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar og sem lið í því að uppfylla þær skuldbindingar sem hafa verið gerðar í milliríkjasamningum. Við þessar aðstæður er talið eðlilegra og einfaldara fyrir ríkið að afla þeirra tekna af áfengissölu sem taldar eru æskilegar á hverjum tíma með því að leggja skatt á innflutning þess og framleiðslu í stað þess að fá tekjurnar sem hagnað af starfsemi einkasöluaðila. Meginhluti af tekjum ríkissjóðs vegna sölu áfengis eins og hluti álagningar ÁTVR, sem kallaður hefur verið vínandagjald, gæti verið föst krónutala á hvert prósentustig á vínanda á rúmmáli sem er umfram 2,25%. Áfengisverslunin hefur auk þess verðtengdan álagningarþátt sem til þessa hefur skilað tekjum er nægt hefðu til að standa undir heildsölu og smásölukostnaði við dreifingu af sölu áfengis. Með frv. er gert ráð fyrir að tekna ríkissjóðs af sölu áfengis verði fyrst og fremst aflað með gjaldi á áfengi á sama hátt og tíðkast með ýmsar vörur sem bera vörugjald. Gert er ráð fyrir því að þetta gjald líkt og vínandagjaldið nú verði föst krónutala á hvern sentilítra af vínanda sem er umfram 2,25 sl í hverjum lítra áfengis. Eftir þessa breytingu mun Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verða með álagningu á áfengissölu sem standa straum af kostnaði fyrirtækisins og skila hæfilegum arði af því og fjárfsting þess.

Ekki er gert ráð fyrir að settar verði reglur um heildsölu- og smásöluálagningu ÁTVR fremur en annarra sem annast sölu áfengis en áfengi verður áfram virðisaukaskattsskylt.

Það er ljóst að breytingarnar sem frv. gerir ráð fyrir muni hafa töluverð áhrif á starfsemi Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Hlutverk þess fyrirtækis sem innheimtuaðila á gjöldum ríkissjóðs verður afnumið og meginhluti tekna ríkissjóðs á sölu áfengis verður innheimtur af öðrum innheimtuaðilum.

Í athugasemdum við frv. kemur fram það mat ríkissjóðs að tekjur ríkissjóðs með hinni breyttu skipan verði sambærilegt eða því sem næst það sama og tekjur með hinni gömlu skipan. Það kemur reyndar fram í þessum tölum að það skakki um 50 millj. ríkissjóði í óhag í beinum samanburðartölum en jafnframt er tekið fram að á móti þeirri 50 millj. kr. lækkun á beinum tekjur ríkisins af áfengissölu þá ætti að geta komið inn nokkuð auknar tekjur, eins og þar segir, af framleiðslu- og innflutningsstarfsemi einkaaðila. Því er það mat fjmrn. að sú breyting sem lögð er til með þessu frv. hafi ekki teljanleg áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Frv. er út af fyrir sig einfalt og skýrir sig sjálft en ég tel að ekki sé hægt að gera því skóna að með þessu frv. sé um að ræða breytta stefnu ríkisvaldsins varðandi heilbrigðisþátt áfengis því að svo miklu leyti sem hátt verð á áfengi dregur úr kaupum á því og neyslu á því þá verður hér ekki munur á því að þær skatttekjur eða þau gjöld sem af þessum varningi hljótast verða sömu og varnaðaráhrifin sem fylgja gjaldtökunni ættu því að vera sambærileg. Þannig er ekki hægt að halda því fram að það sé verið að breyta neinum grundvallarþáttum í stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi áfengi.

Það má því reikna með að áfengisverð verði í grundvallaratriðum hið sama eftir breytinguna og áður og varnaðaráhrif áfengisverðsins ættu því að vera söm og jöfn eða sambærileg eftir breytinguna og var fyrir hana.

Ég tel að þó það verði formmunur og breyting eins og að framan sagði á starfsemi Áfengisverslunar ríkisins með því að innheimtuhlutverk fyrirtækisins breytist þá ætti umfang fyrirtækisins ekki að breytast að sama skapi vegna þess að meginþáttur fyrirtækisins hefur verið og verður áfram smásöluþáttur þess og með þessu frv. og hinum öðrum tveimur sem samleið eiga með þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því að sá þátturinn breytist.

Með hliðsjón af því að frv. er einfalt og með hliðsjón af þeim umræðum sem hafa farið fram um önnur tengd mál þá leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:18]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var fallist á það hér af hálfu stjórnarandstöðunnar að mælt yrði fyrir þessu frv. þótt hæstv. fjmrh. væri fjarverandi. Ég leyfi mér þess vegna að bera fram þessar tvær fyrirspurnir til hæstv. forsrh. þótt það kunni kannski að koma honum á óvart miðað við það að hann er ekki ábyrgðaraðili yfir þessu ráðuneyti en við erum í þeirri stöðu að eiga ekki annan möguleika.

Fyrri spurningin víkur að því að með þessu frv. er opnað á það að mikill fjöldi fyrirtækja verður innheimtuaðili fyrir ríkissjóð á þeim tekjum sem ríkissjóður hefur haft af áfengi til þessa. Því miður er það staðreynd við framkvæmd áður söluskatts og nú virðisaukaskatts að verulegar upphæðir hafa tapast vegna þess að fyrirtæki verða gjaldþrota og ríkissjóður tapar þannig verulegum upphæðum. Nú er með þessu frv. opnuð sú leið að fyrirtæki kaupi inn mikið magn af áfengi, selji það síðan til veitingahúsa sem jafnvel sömu aðilar eru eignaraðilar að en er annað fyrirtæki en innkaupafyrirtækið sé síðan gert gjaldþrota og svo stofnað nýtt í kjölfarið. Mér sýnist ekkert vera í þessu frv. sem kemur í veg fyrir það að með þessari nýju skipan sé verið að opna á ansi víðtæka svikamyllu fyrir fyrirtæki að stinga undan fjármunum allverulegum sem eru í raun og veru eign ríkisins. Ég vildi þess vegna spyrja hæstv. starfandi fjmrh. eftir því hvort ekki hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að eitthvert sérstakt eftirlit verði haft með þessum fyrirtækjum eða hvort ætlunin sé bara að beita þeim almennu tækjum

sem hingað til hafa reynst erfið og eru satt að segja frekar bitlaus þegar möguleikinn er opnaður með eina vörutegund, þ.e. áfengi, af þessu tagi sem auðvelt er að koma þess vegna beint í verð á fáeinum dögum til annars fyrirtækis sem sömu aðilar kunna að eiga.

[15:21]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að gefa sér það að við þessa breytingu sé líklegt að undanskot og sviksöm háttsemi aðila sem versla með þennan varning muni aukast. Ég tel að við höfum ekki leyfi til þess að gefa okkur slíkt, að háttsemi þeirra aðila, sem með þennan varning véla sérstaklega, vegna þessara breytinga muni ganga frekar á þá brautina að sviksemi, undanskot og þjófnaður muni aukast.

Ég vek athygli á því að í greinargerðinni kemur til að mynda fram að nú liggi fyrir lagafrv. í Svíþjóð um að taka upp nákvæmlega sama fyrirkomulag í þessum efnum og við gerum hér. Ég tel að við hljótum að hafa, eins og menn hafa, náið samráð við aðra aðila sem betur þekkja til í þessum efnum eftir þær breytingar sem við leggjum hér til að verði gerðar. Þegar slíkar breytingar hafa komið upp þá hafa menn óttast að hin nýja skipan mundi leiða til öngþveitis. Það var rætt þegar Viðtækjaverslun ríkisins var lögð niður á sínum tíma. Það var rætt gríðarlega af mörgum embættismönnum þegar almenningur fékk að taka upp Visa-kort en ekki bara háttvirtir embættismenn. Þetta var rætt þegar gjaldeyrinn var gerður frjáls. Ég held að við þurfum ekki að byggja á því að þorri borgaranna sé svo óheiðarlegur að hann grípi til allra þeirra úrræða sem hann getur til þess að svíkjast undan skatti þó um viðkvæma vörutegund sé að ræða í þessum efnum. Ég fullyrði það að fjmrn. og skattyfirvöldin og þeir sem með þessi mál fara, tollayfirvöld, muni auðvitað fylgja því fast fram að lögum í þessum efnum sé í hvívetna fylgt sem og varðandi önnur efni.

[15:23]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er ekki verið að tala um þorra borgaranna heldur eingöngu þau fyrirtæki sem koma til með að starfa í þessum rekstri og þakka ég út af fyrir sig hugleiðingar forsrh. um það en það breytir því ekki að greinilegt er að með þessu frv. er verið að auka möguleika aðila til þess að taka í sínar hendur fé sem ríkissjóður hefur hingað til haft í öruggum höndum sem skattfé. Það hlýtur eðli málsins samkvæmt eitthvað að tapast af þeim orsökum.

Hitt atriðið sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um snertir innkaup opinberra aðila á áfengi. Það hefur verið sú skipan lengst af að ráðuneyti, opinberir aðilar, hafa keypt áfengi til að veita við opinberar athafnir. Til skamms tíma, mér er ekki kunnugt um það hvort að svo er enn, var þetta áfengi mjög ódýrt og þess vegna fært í bókhaldi ríkisins mun ódýrara en það var í almennri útsölu. Nú veit ég ekki hvort svo er enn en ef það er enn gert þá er auðvitað alveg ljóst að með þessu frv. hljóta öll slík skilyrði að breytast. Jafnframt vaknar sú spurning hvort það sé ekki brot á samkeppni, almennum samkeppnislögum að ríkið versli þá áfram eingöngu við ÁTVR, sem verður þá bara einn af mörgum heildsölum í landinu, heldur hljóti þess vegna út frá almennum samkeppnislögum að fara að versla almennt við aðra heildsala á þessum vettvangi, ella kynnu einhliða viðskipti ríkisins við ÁTVR á þessu sviði að vera dæmd brot á samkeppnislögum.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort það hafi verið kannað hvaða afleiðingar þetta frv. kann að hafa á þær venjur sem tíðkast hafa um kaup opinberra aðila á áfengi til að nota við opinberar athafnir.

[15:25]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, mér ekki kunnugt um að það hafi verið kannað sérstaklega og er nú kannski ekki stórmál. Ég vek hins vegar athygli á því sem hv. þm. veit að Ríkisendurskoðun og ég hygg yfirskoðunarmenn hafa einatt vikið að því að eðlilegt væri að þetta yrði fært með svipuðum hætti og kostnaður annarra, þ.e. gjöld væru öll færð til bókar jafnvel þau gjöld sem ganga inn og út til ríkisins hvað þetta varðar. Það má vel vera að vegna þessara breytinga þá muni slíkar breytingar verða gerðar. Eftir því sem ég best veit hafa engar breytingar verið gerðar á viðskiptaháttum hvað þetta varðar frá því að hv. þm. var hæstv. fjmrh. þannig að reglurnar eru að svo miklu leyti sem ég veit algjörlega óbreyttar og hann því þeim jafnkunnugur og ég og jafnvel betur kunnugur sem fyrrv. fjmrh. En þetta eru ágætar ábendingar og hugleiðingar og sjálfsagt að taka þær til athugunar í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

[15:27]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. að þessu sinni því eins og fram hefur komið í umræðunni er ákveðið samhengi á milli þessa frv. og hins sem hefur verið til umræðu undanfarnar klukkustundir og síðustu daga og rétt kannski og ekki óeðlilegt að umræðan tengist svolítið saman. Hins vegar fannst mér mjög athyglisvert það sjónarmið sem fram kom í máli hæstv. forsrh. hér áðan að við værum að fara inn í nýjan tíma. Á sínum tíma hefðu menn haft áhyggjur af breytingu á Viðtækjaverslun ríkisins. Menn hefðu haft áhyggjur af Visa-kortum, áhyggjur sem hefðu reynst ástæðulausar, og þess vegna ættum við væntanlega að vera áhyggjulaus núna þegar við tökum upp einkasölu á brennivíni. (Gripið fram í.) Að við einkavæðum brennivínssöluna, setjum brennivínssöluna í einkahendur. Nú hafa reyndar verið færð rök fyrir því í máli fjölmargra þeirra sem hafa tjáð sig um þessi mál hvort samhengi er á milli dreifingarmátans annars vegar og neyslunnar hins vegar. Það kom síðast í dag fram í máli hv. 8. þm. Reykn. að samhengi væri þar á milli.

En við erum einnig að tala um fjármuni ríkisins sem hæstv. forsrh. telur ekki ástæðu til að hafa þungar áhyggjur af. Við eigum að treysta fólki, segir hann. Staðreynd málsins er sú að sala á áfengi nemur 12–13 milljörðum kr. á ári. Við erum að tala um mjög stórar fjárhæðir. Það hefur ekki lítið farið fyrir þeirri umræðu hér í þessum sal og í þjóðfélaginu almennt hve

alvarlegt böl skattsvik eru og meinsemd í þjóðfélaginu. Menn ætla að um 11 milljarðar kr. skili sér ekki inn í sameiginlega sjóði landsmanna vegna skattsvika. Nú hafa verið færð rök fyrir því að þau frv. sem hér liggja fyrir og þær breytingar sem þau boða muni gera alla skattheimtu ótryggari en nú er. Það eru ekki einhverjar vangaveltur út í bláinn heldur eru það röksemdir sem fram hafa komið. Þannig að það er einn liðurinn í þessum málum.

En stóra málið er náttúrlega heilbrigðisþátturinn og áfengisvarnaþátturinn. Það voru að berast upplýsingar um það núna hingað inn í þingið að fyrr í dag hefði verið boðað til fréttamannafundar af hálfu helstu almannasamtaka í landinu sem hafa látið sig áfengisvandann varða. Þar er um að ræða Vímulausa æsku, Heimili og skóla, Samfok og átakið Stöðvum unglingadrykkju. Þessi samtök tala ekki um þessi mál á eins léttvægum nótum og hæstv. forsrh. leyfði sér að gera áðan, að um væri að ræða eitthvert gamaldags afturhald hér sem væri í ætt við afstöðu gegn breytingum á Viðtækjaverslun ríkisins eða andstöðu við Visakort á sínum tíma. Nei, þessi samtök eru að vara við því að þær lagabreytingar sem hér er boðað til muni stuðla að aukinni sölumennsku á áfengi og þar af leiðandi aukinni áfengisneyslu í landinu. Hafa í för með sér aukin umsvif einstaklinga í áfengissölu og aukinn ábata einstaklinga af áfengisneyslu, þ.e. markaðsvæðingu alveg ofan í og niður í kjölinn; minna eftirlit með framkvæmd áfengislaga, t.d. í vínveitingahúsum. Það verði minna eftirlit með áfengissölu almennt, bæði til barna og unglinga, auk þess sem við höfum vikið að hér áður, að tekjur ríkissjóðs muni verða minni eftir því sem eftirlitið dvínar eða dregið er úr því.

Í yfirlýsingu sem kemur frá fyrrnefndum fréttamannafundi segir orðrétt:

„Við hljótum því að beina þeim tilmælum til alþingismanna að þeir standi sem fastast vörð um heilbrigði landsmanna og tryggi virka áfengismálastefnu með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi."

Nú langar mig til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. á hvern hátt hann vill taka þeim tilmælum sem hafa borist frá þessum helstu samtökum í landinu sem láta sig áfengisvandann varða, Vímulaus æska, Heimili og skóli, Samfok og átakið Stöðvum unglingadrykkju til þessara mála. Vill hann beita sér fyrir því, hæstv. forsrh., að sjónarmið þessara aðila verði virt og á hvern hátt mun hann beita sér í því efni?

[15:33]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. 17. þm. Reykv. þá geri ég alls ekki lítið úr þeim þætti sem hann er að tala um og þeim virðulegu samtökum sem hann nefndi sérstaklega, að hefðu haldið fund í dag, sem ég er nú ekki búinn að fá fréttir af, um heilbrigðisþáttinn. En ég tel þó að varðandi þessi mál, að svo miklu leyti sem verslunin og fyrirkomulag hennar skiptir máli, sem ég vil ekki fullyrða að séu endilega lítil, þá sé það smásöluverslun sem gagnvart heilbrigðisþættinum skiptir höfuðmáli, ekki innflutningurinn. Ég geri á því reginmun. Og þegar ég var að svara hér í andsvari hættum á skattsvikum og öðrum slíkum hlutum var ég ekki að tala af léttúð um heilbrigðisþáttinn eða áfengisbölið eða slíka þætti, eingöngu að svara áhyggjum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar varðandi innheimtu og skattheimtu og slíkt sem því tengdist.

Ég vil þó aðeins segja vegna skattsvika sem iðulega eru nefnd, að þá er það nú þannig að þó að skattsvik séu mikil þá eru þau ekki meiri hér á landi en í sambærilegum löndum og sem betur fer hefur ástandið nokkuð lagast og núv. hæstv. fjmrh. hefur gert töluvert átak, reyndar eins og fyrirrennari hans, til þess að herða aðgerðir gagnvart skattsvikum. Þar hefur nokkur árangur náðst, en við skulum aldrei ætla að við, frekar en aðrar þjóðir, munum ná fullkomnum árangri hvað það varðar að afnema skattsvik með öllu og við skulum heldur ekki ætla að við séum lakari heldur en aðrar þjóðir hvað það varðar, ekki gefa okkur það, því að það erum við ekki. Við erum ekkert óheiðarlegri heldur en aðrar þjóðir.

En ég tek undir með hv. þm. að varðandi smásölurnar þá eigum við að leggja kapp á það að vera ekki að drita áfenginu um allar verslanir þegar í stað. Við eigum að halda í það smásölufyrirkomulag sem við höfum og ég lít á það sem innanríkismál, ekki alþjóðlegt viðskiptamál, okkar eigin ákvörðun, en þessi breyting lýtur að tekjum af innflutningi á þessari vörutegund.

[15:36]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki með samanburðartölur eða ágiskanir sem menn hafa haft uppi í öðrum löndum um hve umfangsmikil skattsvik eru þar. Hitt er ljóst að það er metið að um 11 milljarðar mundu skila sér inn í ríkissjóð ef allt væri með felldu. En skattsvikin ráðast af ýmsum þáttum. Þau ráðast af þeim viðhorfum sem eru ríkjandi í þjóðfélaginu, en þau ráðast einnig af lögum og eftirliti sem beitt er gagnvart skattsvikunum. Það sem við höfum verið að benda hér á í þessari umræðu er að möguleikar til slíks eftirlits verða miklu minni eftir þær breytingar sem hér eru boðaðar.

Hæstv. forsrh. segir að við eigum að einbeita okkur að smásölunni, ekki innflutningsversluninni. Við höfum hins vegar bent á það í okkar orðræðu að skilin á milli innflutningsverslunar og smásöluverslunar eru smám saman að verða minni. Og ég vil t.d. beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., sem talar hér í umboði fjmrh.: Hver á að fylgjast með því að umboðsmenn selji eingöngu til veitingahúsa en ekki til almennra neytenda? Þetta er ein þeirra spurninga sem menn hafa sett hér fram í þessari umræðu.

[15:38]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi skattsvikaumræðuna sem hér hefur verið þá verður að gæta þess að hér er eingöngu um að ræða afmarkaðan þátt þó að upphæðirnar séu töluvert stórar, 4 milljarðar kr. eða rúmlega það. Það kemur fram í 6. gr. eða athugasemd við 6. gr. frv. að ríkissjóður viðurkennir að áhættan sé auðvitað

nokkur og þess vegna er lýst í þessari athugasemd með hvaða hætti ríkissjóður vill hafa fyrirkomulag á þessum málum til þess að minnka þessa áhættu, m.a. vegna gjaldþrota og slíkra hluta. Það er sérstaklega tekið á þessu eða nefnt í þessari grein.

En almennt varðandi löggæslu og undanskot, þá eru það hin almennu löggæsluyfirvöld sem eiga að sinna eftirliti af þessu tagi eins og öðru eftirliti í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Áfengislög, 1. umr.*

Stjfrv., 6. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 6.

[15:40]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum. Stærsta breytingartillagan sem þetta frumvarp felur í sér er sú að einkaréttur ríkisins til innflutnings og heildsöludreifingar á áfengi verður felldur niður. Er frumvarpið flutt í tengslum við tvö frumvörp sem hæstv. fjmrh. flytur og eru nú til meðferðar hér á Alþingi. Það eru frumvörp um gjald af áfengi og um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frv. til laga um gjald af áfengi gerir ráð fyrir að tekna ríkisins af áfengi verði tryggilega aflað með nýju áfengisgjaldi sem innheimt verður í stað núverandi vínandagjalds við innflutning vörunnar, en einkaréttur ríkisins til innflutnings og heildsöludreifingar hefur einmitt helgast af því að það hefur verið talið nauðsynlegt að hafa þann hátt á til að tryggja öflun ríkissjóðstekna af innflutningi. Með þeim breytingum sem framangreind frumvörp fjmrh. gera ráð fyrir hafa forsendur breyst þannig að þau sjónarmið sem staðið hafa til að viðhalda einkarétti ríkisins til innflutnings og heildsöludreifingar á þessum vörum eiga ekki lengur við og í frv. til laga um gjald af áfengi. Í umsögn fjárlagaskrifstofu við þetta frumvarp kemur fram að þessi breyting mun ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs af áfengi.

Þessi breyting á áfengislögum hefur ekki áhrif á útsölu áfengis til almennings. Heildsalar og framleiðendur áfengis munu geta selt áfengi til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, til veitingastaða sem hafa almennt vínveitingaleyfi, til þeirra sem njóta úrlendisréttar, svo sem sendiráða og varnarliðsins, til tollfrjálsra verslana, svo sem á Keflavíkurflugvelli, og í tollfrjálsar forðageymslur og svo úr landi. Einstaklingar gætu hins vegar flutt inn áfengi til eigin nota og greiða þá áfengisgjald við tollafgreiðslu samkvæmt tillögum frv. til laga um áfengisgjald.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, heildsalar og framleiðendur munu samkvæmt tillögu frumvarpsins geta selt áfengi til vínveitingastaða með almennt vínveitingaleyfi á öðru verði en til almennings ef þeir kjósa að lækka verslunarálagningu sína til þessara aðila. Sú breyting var einmitt önnur tveggja breytinga sem fólust í frv. til laga um breyting á áfengislögum sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi og miðuðu að því að auðvelda opinbert eftirlit að því er þessa breytingu varðar með því að stuðla að því að veitingastaðir kysu fremur að hafa almennt eða fast vínveitingaleyfi fremur en að starfrækja reglulega starfsemi á grundvelli svonefndra tækifærisvínveitingaleyfa, en mjög erfitt hefur reynst að hafa eftirlit, þar með talið skatteftirlit, með ýmsum þáttum þeirrar starfsemi.

Hin breytingin sem tillaga var gerð um í frumvarpinu sem lagt var fram á 117. löggjafarþingi var að *stemma stigu við framleiðslu tækja til ólöglegrar* áfengisframleiðslu og þarf varla að fjölyrða um nauðsyn þess að gera allt sem mögulegt er til að þrengja að þeirri ólöglegu starfsemi sem byggir að verulegu leyti á sölu á landa til ungmenna og jafnvel barna. Þessa tillögu er af þessum ástæðum að finna í því áfengislagafrumvarpi sem hér er flutt þótt hún sé ekki beint tengd þeirri breytingu sem verið er að leggja til á aðferð við innheimtu ríkissjóðstekna af áfengi.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir aðalefnisbreytingum sem þetta frumvarp felur í sér og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. að þessari umræðu lokinni.

[15:44]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er á dagskrá er hluti af þeim málapakka sem hefur verið til umræðu að undirlagi hæstv. fjmrh. núna undanfarna daga. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að breyta áfengislögunum til samræmis við þau frumvörp sem flutt hafa verið og mjög hafa verið rædd síðustu daga. Í sjálfu sér er ástæðulaust að bæta mjög miklu við þessa umræðu en það eru þó örfá atriði sem nauðsynlegt er að ræða sérstaklega við hæstv. dómsmrh. í þessu sambandi, sem hann hefur forræði á en hæstv. fjmrh. ekki og það lýtur auðvitað að löggæslunni og eftirliti með þessum málum.

Það er gert ráð fyrr því eins og kunnugt er í þessum frumvörpum að það verði ekki einasta Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem geti haft með þessi mál að gera og fengið áfengi til sölu beint frá söluaðilum, heldur geti veitingahús gegnt þessu hlutverki líka og þar er um að ræða byltingarkennda breytingu frá því sem verið hefur. Það þýðir að sala á áfengi færist í hendur margfalt fleiri aðila en áður hafa getað stundað þessa starfsemi með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Það sem gerist er í raun og veru það að verkefninu sem áður var í höndum ÁTVR eingöngu er nú dreift á hundruð annarra aðila og þar á ég sérstaklega við veitingahúsin. Ég vil í tilefni af þessu spyrja hæstv. dómsmrh.: Hversu margir eru þeir vínveitinga- eða vínsöluaðilar, þau veitingahús sem hér er um að ræða, sem mundu fá leyfi samkvæmt frv. þessu til þess að selja áfengi eftir að hafa tekið við því frá söluaðilum? Hversu margir eru þessir aðilar? Ég held að það væri mjög fróðlegt fyrir menn að gera sér grein fyrir því hér hversu margir þeir eru. Ég kann út af fyrir sig ekki þær

tölur en mér er ljóst að t.d. í Reykjavík hefur fjölgun þessara aðila orðið gífurlega mikil á undanförnum árum. Gífurlega mikil og þar er um margföldun að ræða.

Í framhaldi af þessu er þá önnur spurning sem er þessi: Hvað má ætla að löggæslan í landinu þurfi að taka á sig mikla viðbótarvinnu við það sem nú er um að ræða ef þessi skipan verður tekin upp? Við þekkjum það sem höfum farið yfir fjárhagsmálefni lögreglunnar á undanförnum árum að þar hefur verið um talsverðan niðurskurð að ræða. Þó er það þannig að þegar skoðuð eru framlög til löggæslumála hér á undanförnum árum, t.d. á 10 ára bili eða svo, þá er ekki hægt að tala um að þar sé um að ræða gífurlegan niðurskurð en þó nokkurn í rauninni. Ég hygg að hann telji nokkur prósent í raunfjárhag. Núna fyrir fáeinum mánuðum fór ég fram á það við Ríkisendurskoðun að hún reiknaði það út fyrir mig hverju næmu framlög til löggæslu á Íslandi á föstu verðlagi á undanförnum árum og það kom í ljós að það var um nokkurn niðurskurð að ræða. Ég hygg að talan nemi í sparnaði um 100 millj. kr., úr u.þ.b. 1.700 millj. í u.þ.b. 1.600 millj., ef ég man rétt, heildarútgjöld til löggæslu í landinu og þá er ég að tala um löggæsluembættin öll eins og þau leggja sig.

Það er alveg greinilegt að á síðustu árum þrenginga hjá ríkissjóði þá hafa menn gripið til þess að skera mjög víða niður og hefur það verið þannig að þar hafa margir og í rauninni allir gengið nauðugir til verka og nauðugir til leiks. Engu að síður er það svo að ég tel að það sé einn málaflokkur sem hafi átt hér ótrúlega fáa talsmenn í þessari virðulegu stofnun. Það hefur verið þannig t.d. í sambandi við menntamál að þar hafa menn ekki dregið af sér að reyna að halda utan um það litla sem varið er til menntamála og hið sama má segja um heilbrigðismál, félagsmál, málefni fatlaðra, svo dæmi séu tekin. Hins vegar er það þannig að þegar hefur komið að löggæslumálum þá hafa verið ótrúlega fáir talsmenn þeirra hér í þessari stofnun og menn hafa í raun og veru litið á löggæsluna eins og framlengdan arm gamalla embætta en ekki gert sér grein fyrir því að löggæslan núorðið er hluti af því óhjákvæmilega þjóðfélagsumhverfi sem við hljótum að búa við og viljum búa við. Þess vegna hefur það verið þannig að til viðbótar við þær 100 millj. sem hafa verið skornar niður af löggæslunni, ef maður lítur yfir 10 ára tímabil eða svo í raunstærðum, þá hafa verkefni löggæslunnar aukist gífurlega og það er greinilegt að þeir menn sem með þessi mál hafa að gera telja að verkefnin séu yfirþyrmandi og löggæslan ráði í raun og veru mjög lítið við þau eins og sakir standa.

Það var athyglisvert að nokkrum vikum fyrir kosningar þá efndi Landssamband lögreglumanna til fundar með fulltrúum allra framboðsaðila, eins og það er kallað á þessari nútímaíslensku sem er tíðkuð. Þetta er yfirleitt kallað flokkar en framboðsaðilar finnst mönnum betra að hafa það í seinni tíð. Lögreglan spurði þessa „framboðsaðila": Hvaða stefnu hafið þið í málum löggæslunnar?

Það kom í ljós að menn höfðu enga stefnu. Menn reyndu að vísu, sá sem var talsmaður fyrir Sjálfstfl., að lesa upp úr afrekaskrám hæstv. dómsmrh., þ.e. um þau mál sem hann hefur lagt hér fyrir þingið, en að um væri að ræða flokkslega umfjöllun af hálfu stjórnmálaflokkanna í málefnum löggæslunnar, það var ekki til. Og það hefur ekki verið þannig og menn eiga ekkert að vera að reyna að sýnast í þeim efnum. Flokkarnir hafa í raun og veru ekki sinnt þessum hlutum sem skyldi. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að draga þetta mál hér fram, hæstv. forseti, vegna þess að hér er verið að gera ráð fyrir stórkostlega auknum nýjum verkefnum löggæslunnar á Íslandi. Stórkostlega auknum. Á sama tíma og fjármunir til hennar hafa verið skornir niður, á sama tíma og verkefni hennar hafa verið að aukast og á sama tíma og kröfur til löggæslunnar eru að aukast stórkostlega. Það þekkjum við t.d. sem búum í þessu kjördæmi, þessu byggðarlagi Reykjavík, þar sem öryggisleysi almennings andspænis alls konar vá af margvíslegum toga fer vaxandi og við þessar aðstæður kallar almenningur á stuðning löggæslunnar með einhverjum hætti. Þessi mál hafa t.d. verið rædd í þessari virðulegu stofnun þar sem við í fyrirspurnatíma á síðasta þingi skiptumst á skoðunum um það, ég og hæstv. dómsmrh., hvort eðlilegt væri að sveitarfélögin ættu með einhverjum hætti aðild að yfirstjórn lögreglunnar á takmörkuðum svæðum þegar um væri að ræða tiltekin verkefni og ákveðin vandamál sem tengdust svæðunum. Ég tel að það sé út af fyrir sig ekki við hæfi að lögreglan sé undir stjórn margra aðila og var sammála dómsmrn. um það, en ég skil samt þær óskir sem hafa komið fram, m.a. hér í Reykjavík, frá einstökum byggðarlögum, hverfum, þar sem fólk hefur verið að óska eftir því að fá nánari samvinnu og samband við lögregluna en verið hefur. Ég bendi á það t.d. að borgarfulltrúar Sjálfstfl. í Reykjavík hafa flutt um það tillögur að það verði komið á sérstöku samstarfi hverfanna og lögreglunnar.

En hér er sem sagt verið að stórauka verkefni þessara yfirhlöðnu starfsmanna ríkisins og það er algjörlega nauðsynlegt að spyrja hæstv. dómsmrh. hvernig hann sér fram úr því. Verður það á kostnað annarrar þjónustu? Því ef menn eiga að sinna þessu verki með eðlilegum hætti þá gera menn ekki hlutina tvisvar með sama vinnuaflinu og það þýðir það að menn mundu vanrækja eitthvað annað. Og hvað verður vanrækt? Satt að segja held ég að staðan sé þannig að þegar fólk heyrir núorðið fréttir um að það eigi að fara að skera niður hjá löggæslunni þá er almenningur, a.m.k. hér á þessu þéttbýlissvæði, skelfingu lostinn. Staðan er í raun og veru orðin þannig að því er varðar öryggistilfinningu almennings hér í þessum byggðarlögum. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. dómsmrh. um þetta sérstaklega: Í fyrsta lagi hvað staðirnir eru margir, vínveitingastaðirnir, sem hérna kæmu til með að stunda beina sölu á áfengi á ómerktum áfengisflöskum, jafnvel á afsláttarkjörum til þess að koma brennivíninu út með greiðari hætti en ella hefði verið? Í öðru lagi vil ég spyrja um löggæsluna, aukinn löggæslukostnað. Það er alveg óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar. Í þriðja lagi vil ég svo víkja að því ákvæði sem kemur

fram í 3. gr. frv. en það lýtur sérstaklega að heimild til þess að gera upptæk tæki, eimingartæki, og til þess að gera ódrykkjarhæft áfengi sem drykkjarhæft var, eins og það er orðað í hinum opinberu textum.

Hér er verið að taka lítillega á því vandamáli sem við höfum kynnst að undanförnu og sem samtökin Stöðvum unglingadrykkju hafa fjallað mikið um í sínum ályktunum og áskorunum. Það er þetta ógnarlega flóð af landabruggi sem hefur birst hér á undanförnum missirum. Ég hefði gjarnan viljað átta mig aðeins betur á því að hve miklu leyti sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir að verði, í raun og veru dregur úr þeirri hættu sem þarna er um að ræða.

Ég heyrði það sem hæstv. ráðherra sagði um þetta mál og ég hef lesið það sem stendur í grg. frv. en ég hefði gjarnan viljað biðja hann um að fara aðeins ítarlegri orðum um þetta vegna þess að ég tel að þetta sé sjálfstætt vandamál og úr því að verið er að opna áfengislögin þá eigi að taka á landaframleiðslumálum alveg sérstaklega. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að um það verði dálítil umræða því hún er auðvitað partur af þessum vanda sem lýtur bæði að hinum almennu verkefnum löggæslunnar og líka hinum almennu vandamálum sem fylgja því að búa í bæ, þéttbýli, og hinum almennu vandamálum sem blasa við fjölskyldunum og foreldrum unglinga hér í okkar landi.

Auðvitað er það svo, hæstv. forseti, að Alþingi Íslendinga hefur vanrækt margt. Eitt af því sem það hefur vanrækt er að móta það sem heitir opinber stefna í áfengismálum. Hafi menn einhvers staðar talið við hæfi að nota orðið hræsni um það sem lýtur að þessari virðulegu stofnun þá dettur manni það í hug í tengslum við þessi mál. Við höfðum hér gríðarlega miklar umræður um áfengismál og áfengisvanda í tengslum við bjórinn á sínum tíma, þegar hann var leyfður. Það er ekki nokkur vafi á því að sú umræða hafði jákvæð áhrif. Hún varð til þess að það var farið í að efla hér kynningar- og forvarnastarf. Það var varið sérstökum fjármunum til fræðslustarfs út af bjórnum, verulegum fjármunum, og það sem meira er og skiptir mestu máli í þessu sambandi, það var tekin um það ákvörðun að verðlagning á bjórnum yrði í raun og veru ákveðin með hliðsjón af heilbrigðisþættinum. Það var tekin um það ákvörðun hér í þessari stofnun að verðlagning á bjórnum yrði í raun og veru byggð á heilbrigðisþættinum, forvarnaþættinum, ekki síst til að byrja með, vegna þess að menn óttuðust að til að byrja með gæti hérna orðið flóð og vandi sem við réðum ekkert við. Ég held að það sé alveg hægt að slá því föstu, m.a. fyrir okkur sem greiddum atkvæði gegn bjórnum á sínum tíma eins og ég gerði og fleiri hér, nærri helmingur þingsins, að í rauninni hafa þessar áherslur okkar haft áhrif. Bæði vegna þess að menn fóru í stóreflda kynningarstarfsemi og líka vegna þess að verðlagningin á þessari vöru var tiltölulega há. Þannig að þegar maður lítur yfir tölur um alkóhólneyslu á íbúa á Íslandi í samanburði við t.d. önnur Norðurlönd þá kemur í ljós að um það leyti sem bjórinn var tekinn upp þá nær þetta ákveðnu hámarki en hefur heldur minnkað síðan og er núna svipað á mann og það var áður en bjórinn var leyfður. Það er mjög athyglisvert. Svipað á mann og áður en bjórinn var leyfður. En til viðbótar þessu kemur auðvitað sú hugsanlega skýring að kaupgeta almennings hefur minnkað mjög mikið á sama tíma sem aftur getur skýrt hluta af þeim mismun sem þarna er um að ræða vegna þess að minnkandi kaupgeta hefur alltaf á undanförnum árum komið fram í minnkandi kaupum á áfengi.

Engu að síður held ég að það sé athyglisvert að horfa á þessa sögu. Eitt af því sem var rætt þegar bjórinn var innleiddur á sínum tíma var það að það ætti að móta hér og af ríkisstjórninni opinbera stefnu í áfengismálum — opinbera stefnu. Það var starfandi nefnd í þeim málum að frumkvæði heilbrrn. Hún skilaði áliti til páv. forsrh., Steingríms Hermannssonar, ítarlegu áliti, tillögum um opinbera stefnumótun í áfengismálum. Satt best að segja er þessi skýrsla eins og fleiri á sínum stað uppi í Stjórnarráði. Til hennar hefur ekkert síðan spurst. Það er auðvitað dálítið harkalegt að það skuli vera gerðar hér tillögur um byltingarkenndar breytingar á áfengissölu, áfengismeðferð og áfengisstefnu í landinu án þess að hlutirnir séu settir í heildarsamhengi. Nú hef ég út af fyrir sig enga oftrú á því að einhverjar almennt orðaðar ákvarðanir á Alþingi ráði úrslitum um hlutina til eða frá, ég segi það alveg eins og er. Hins vegar finnst mér alla vega skynsamlegra að Alþingi leitist við af fremsta megni, eins og menn segja stundum, að vanda sig við löggjöfina og fara yfir hugsanlegar afleiðingar þeirra ákvarðana sem menn eru að taka. Það eru menn því miður ekki að gera sem skyldi. Þótt auðvitað hafi einstakir hv. þingmenn lagt margt gott til málanna þá finnst mér að þessir hlutir séu ekki settir í það beina almenna þjóðfélagslega samhengi sem þarf að gera og þess vegna kvaddi ég mér hér hljóðs, hæstv. forseti.

Aðeins að lokum. Í greinargerð fjárlagaskrifstofu fjmrn. með frv. þessu segir svo, með leyfi forseta:

„Ekki er gert ráð fyrir að frv. þetta hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Áætlað er að beinar tekjur ríkissjóðs lækki um ca. 50 millj. kr. Á móti þeirri lækkun ættu að koma nokkuð auknar tekjur á framleiðslu- og innflutningsstarfsemi einkaaðila. Í heild er því gert ráð fyrir að breyting sú sem lögð er fram í frv. þessu hafi ekki teljanleg áhrif á heildartekjur ríkissjóðs.“ Ég verð að játa það, og það er reyndar ekki alveg í fyrsta sinn, að ég skil ekki þessa fjárlagaskrifstofu fjmrn. Það er því spurning hvort hæstv. dómsmrh. vildi vera svo vinsamlegur að segja mér og öðrum þingmönnum frá því hvernig hann skildi fjárlagaskrifstofu fjmrn.

[16:02]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 8. þm. Reykv. að ég hygg að umræða um þessi efni sem hér eru til umfjöllunar sé jafnan til góðs og hafi almenn varnaðaráhrif í þjóðfélaginu því að hér erum við vissulega að fjalla um mjög viðkvæmt viðfangsefni. Að því er varðar spurningu hv. þm. um fjölda vínveitingahúsa þá hef ég þær tölur ekki tiltækar hér en það er alveg ljóst, eins og fram kom í máli hv. þm., að það hefur

orðið mjög mikil fjölgun vínveitingaleyfa á undanförnum árum. En það er bæði eðlilegt og sjálfsagt að afla nákvæmra upplýsinga um þetta efni þannig að þær staðreyndir liggi fyrir þegar hv. nefnd fær málið til meðferðar.

Að því er varðar þátt löggæslunnar, þá er það svo, eins og fram kom hjá hv. þm. að lítils háttar niðurskurður hefur orðið á framlögum til löggæslunnar sem fyrst og fremst kom fram á árunum 1989 og 1990 en að mestu haldist í horfinu síðan.

Það er alveg rétt að með vissum hætti hafa málefni löggæslunnar setið á hakanum þó að það þýði ekki að þau mál hafi verið í stöðnun. Þvert á móti hafi verið að gerast talsvert miklar breytingar í löggæslumálum, bæði að því er varðar málefni rannsóknarlögreglu og forvarnastarf og þróun grenndarlöggæslu. En í öllum þessum efnum er mikið verk að vinna og á síðasta kjörtímabili var lagður nokkur grunnur að nýskipan þessara mála með því að byrjað var að vinna frv. til nýrra lögreglulaga um nýskipan lögreglumála. Þá vannst ekki tóm, m.a. líka vegna skiptra skoðana, til þess að vinna þeim hugmyndum frekar brautargengi en á fundi með sýslumönnum og yfirmönnum lögregluliða í landinu á fimmtudag í síðustu viku, þá greindi ég frá því að það væri ákvörðun dómsmrn. að gefa endurskipulagningu lögreglumálanna forgang á því kjörtímabili sem nú er að hefjast. Það hefur verið skipaður sérstakur starfshópur til þess að vinna að endurskoðun þess lagafrv. sem unnið hafði verið á sínum tíma og kynnt var á Alþing. Ætlunin er að leggja það fram á komandi hausti og þar er gert ráð fyrir ýmsum viðamiklum breytingum á löggæslunni.

Hv. þm. innti svo eftir því hvort ætla mætti að þessi breyting sem hér er verið að mæla fyrir mundi auka löggæslukostnað. Ég er ekki þeirrar skoðunar að breyting á innflutningi á áfengi muni leiða til aukinnar drykkjuskaparóareglu eða valda auknum starfa hjá löggæslunni. Auðvitað þarf hún að fylgjast með breytingum sem eiga sér stað á þessum sviðum eins og öðrum, en það er ekkert sem gefur tilefni til að ætla að sú breyting sem hér er verið að kveða á um varðandi innflutning á áfengi leiði til aukins umfangs löggæslu í landinu vegna víndrykkju.

Hv. þm. spurðist fyrir um 3. gr. frv. en þar er verið að tryggja heimildir til þess að gera upptæk sérstök áhöld til þess að eima áfengi. Það hefur valdið nokkrum erfiðleikum í baráttunni gegn landaframleiðslu að sönnunarfærsla hefur oft verið erfið þar sem komið er að tækjum eða tækjum í smíðum og er fyrst og fremst verið að auðvelda löggæsluaðilum að takast á við þessi verkefni með því að gera þessi ákvæði svo skýr sem hér er verið að kveða á um, en mjög erfitt um vik að geta sér til um hversu víðtæk áhrif þetta kunni að hafa í framtíðinni.

Að því er varðar álit fjárlagaskrifstofu fjmrn. þá vil ég aðeins segja það af löngum kynnum við fjmrn. að ég þekki menn þar á bæ ekki af öðru en að halda vel utan um kassann og hafi þeir minnsta grun um að breytingar sem fram eru bornar hafi neikvæð áhrif á stöðu ríkissjóðs, þá hafa þeir jafnan verið fljótir að gera viðvart í þeim efnum. Ég hef því ekki haft ástæðu til að vefengja mat fjárlagaskrifstofunnar að þessu leyti eins og það kemur fram á því fskj. sem prentað er með frv.

[16:09]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann gaf við spurningum mínum. Ég tel að fram hafi komið að hann vilji í nefnd stuðla að því að fram komi upplýsingar um fjölda vínveitingastaða. Ég held að það skipti mjög miklu máli og að það verði nánar farið yfir það í hv. nefnd hvort þetta frv. getur, ef samþykkt verður, haft í för með sér aukinn löggæslukostnað.

Ég tel einnig nauðsynlegt að ræða það mjög rækilega í hv. allshn. hvort það er nauðsynlegt að herða enn frekar á ákvæðum 3. gr. frv. varðandi sölu á bruggi og landa og tel að hæstv. ráðherra hafi tekið nokkuð vel í það.

Ég vil einnig þakka honum fyrir þær upplýsingar sem fram komu um að starfshópur hefði verið skipaður til að fara yfir löggæslufrv. sem var sýnt á síðasta þingi, ef ég man rétt, en varð ekki að lögum. Þar var m.a. gert ráð fyrir því að stofnað yrði sérstakt embætti ríkislögreglustjóra, ef ég man rétt, og gerðar reyndar fleiri allviðamiklar breytingatillögur á skipan löggæslumála í landinu sem ég tel margt gott um að segja. En ég vil bara segja að ég tel að þetta mál sé þannig að í starfshóp sem undirbýr breytingar á svona frv. og svona reglum eigi að vera fulltrúar allra flokka. Ég tel að ekki eigi að loka svona mál inni hjá stjórnarflokkum. Ég tel að málið liggi þannig að löggæslan sé, eins og margvísleg önnur samfélagsleg þjónusta, eign allra Íslendinga hvar svo sem þeir standa í flokki og ég vil hvetja hæstv. dómsmrh. til að vinna þannig að kalla þar til stjórnarandstæðinga ekki síður en stjórnarliða, aðallega þó öruggt fagfólk, þegar verið er að fjalla um mál af þessum toga.

[16:11]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til að hafa mjög mörg orð um þetta mál. Þetta frv. er tengt tveimur öðrum málum sem við höfum fjallað um mjög ítarlega á undanförnum dögum sem tengjast breyttri skipan áfengismála. Þingmenn hafa margir borið fram ýmsar spurningar til ráðherra og vil ég meina að við þeim hafi alls ekki fengist fullnægjandi svör í mörgum tilvikum, m.a. varðandi það sem hv. 8. þm. Reykv. gerði að umtalsefni, þ.e. varðandi tekjur ríkissjóðs, hvort tekjur ríkissjóðs verði óbreyttar við þessa breytingu á skipan áfengismála.

Ég er fyllilega sammála hv. þm. Svavari Gestssyni og fleirum sem hér hafa talað að það er alls ekki í hendi að ríkissjóður hafi sömu tekjur eftir þessar breytingar og hafa fyrir því verið tínd ýmisleg rök.

Mér þykir líka óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. dómsmrh. um einn mikilvægan þátt þessa máls sem töluvert mikið hefur verið gerður að umræðuefni hér í tengslum við þessi þrjú frumvörp og það snýr að eftirlitsþættinum. Að hluta til kom hv. þm. Svavar Gests-

son inn á það mál þar sem hann ræddi mikið um löggæsluna og hvort ekki væri um að ræða aukið álag á löggæsluna við þessa breytingu. Ég vil fylgja þessu nokkuð eftir vegna þess að það er mjög mikilvægur þáttur í þessu máli að það er verið að gera breytingar á merkingum sem gilt hafa um áfengi. Í dag er allt áfengi sem selt er veitingahúsunum merkt sérstaklega og hægt að merkja áfengi hverju húsi fyrir sig og ÁTVR gerir þetta í samráði við lögreglu og skattyfirvöld. Það er því hægt að fylgjast náið með því hvort smygl eða brugg er á boðstólum eða ekki. Og það virðist svo vera, hæstv. dómsmrh., að öllu þessu eftirliti eigi að hætta þannig að eftir gildistöku þessara frumvarpa eigi ekki lengur að merkja áfengi sem selt er í veitingahúsum. Maður spyr því um eftirlitið, hvernig því verði háttað og hvort hæstv. dómsmrh. óttist það ekkert að við þessa breytingu muni hún geta opnað fyrir að það verði aukning á smygli eða bruggi sem verði á boðstólum. Það er því spurning um eftirlitsþáttinn, hvað tekur við eftir þessa breytingu að því er það varðar.

Það er alveg ljóst að við erum að fjalla hér um mjög umfangsmikil mál sem sést best á því að þessar breytingar sem hér er verið að gera heyra raunverulega undir fjóra ráðherra. Í fyrsta lagi undir hæstv. dómsmrh., í annan stað undir utanrrh., í þriðja lagi dómsmrh. og í fjórða lagi heilbrrh. en hæstv. heilbrrh. hefur í reynd lýst áhyggjum sínum úr þessum ræðustól um það hvort þessar breytingar geti haft í för með sér einhverjar breytingar á áfengisstefnunni. Þess vegna hefur hæstv. heilbrrh. óskað eftir því sjálfur að heilbr.- og trn. fjalli um þau frumvörp sem við ræddum fyrr. Og nú vil ég einnig, ásamt því að spyrja hæstv. dómsmrh. um eftirlitsþáttinn, spyrja hæstv. dómsmrh. um skoðun hans — hv. allshn. fær þetta tiltekna mál til meðferðar sem við erum að fjalla um og ég held að það sé mikilvægt að fyrir liggi skoðun hæstv. dómsmrh. á því hvort hann telji ekki brýnt og eðlilegt að hv. allshn. sendi frv. einnig til umsagnar í hv. heilbrn. áður en það kemur aftur inn í þingsali.

[16:16]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrirspurn hv. þm., 13. þm. Reykv., er það að segja að ég tel að þrátt fyrir þessar breytingar eigi að vera hægt að koma við öllu nauðsynlegu eftirliti í þessum efnum. Ég minni á að þær breytingar sem frv. felur í sér hafa sérstaklega komið til skoðunar hjá skattaðilum eða þeim aðilum sem fara með eftirlit í skattamálum og það er álit þeirra að þessi breyting muni auðvelda skatteftirlit. Það hefur verið talið að nokkuð skorti á að það væri hægt að hafa nægjanlega virkt eftirlit með þeim veitingahúsum sem ekki eru með fast vínveitingaleyfi heldur starfa á svokölluðum tækifærisvínveitingaleyfum og þetta mundi hvetja til þess að þeir sem reka reglulega starfsemi af þessu tagi byggðu á almennum leyfum og það mundi auðvelda skatteftirlitið.

Að því er varðar fyrirspurn hv. þm. um starf hv. allshn. að frv., þá tel ég ekkert því til fyrirstöðu af minni hálfu að hv. allshn. leiti umsagnar annarra aðila og annarra nefnda í þinginu.

[16:17]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott út af fyrir sig að það sé ekkert því til fyrirstöðu af hálfu hæstv. dómsmrh. að önnur nefnd fjalli um málið og komi umsögn um málið, en ég var að spyrja hæstv. ráðherra um það hvort honum þætti það ekki eðlilegt í ljósi þess að hér hefur því verið haldið fram að þessu gæti fylgt breytt áfengisstefna.

Í annan stað tel ég það mjög mikilvægt inn í þessa umræðu sem fram kom hjá hæstv. ráðherra og er raunverulega nýtt að ráðherrann heldur því fram að skattyfirvöld telji að þessi breyting muni auðvelda skatteftirlit. Ég held að mjög mikilvægt sé að þetta komi fram og spyr um það hvort fyrir liggi umsögn skattyfirvalda þar sem þessi rökstuðningur þeirra komi fram því að það er mjög nauðsynlegt að við fáum álit skatteftirlitsins eða skattyfirvalda í þessu máli til umfjöllunar á Alþingi og spyr um það hvort þetta liggi fyrir nú þegar.

Með sama hætti er nauðsynlegt að fá fram álit og umsögn löggæsluyfirvalda á þessari breytingu, ekki síst í ljósi þess sem hv. 8. þm. Reykv. hélt fram áðan og spyr um það hvort það liggi fyrir líka umsögn og álit lögregluyfirvalda á þessari breytingu.

[16:19]

**Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar þetta frv. var í smíðum á sínum tíma og fyrsta gerð þess, þá var haft samráð við skattrannsóknarstjóra einmitt vegna þeirra breytinga sem hér er verið að leggja til og þar kom fram það álit að þetta gæti auðveldað þeim aðilum sem fara með skatteftirlit. En það er sjálfsagt fyrir hv. nefnd. að leita eftir því og fá á því staðfestingu og sjálfsagt að leita eftir áliti löggæsluaðila á þessu frv. og mjög eðlilegt að hv. nefnd kalli eftir slíku áliti við meðferð og umfjöllun um frv.

[16:20]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skil ég orð hæstv. ráðherra svo að hann hafi ekki eða hans ráðuneyti leitað umsagnar lögregluyfirvalda áður en þetta frv. var lagt fram? Og ef svo er, að það hafi ekki verið gert, taldi ráðherrann virkilega enga ástæðu til þess að leita eftir umsögn og áliti löggæsluyfirvalda í þessu máli áður en frv. var lagt fyrir þingið?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, fyrri umr.*

Þáltill. KÁ o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

[16:21]

**Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir)**:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. á þskj. 5

um aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna.

Í kosningabaráttunni sem nýlokið er bar launamál eða launamisrétti kynjanna mjög á góma og þá lýstu allir stjórnmálaflokkar því yfir hve brýnt væri að afnema þetta launamisrétti og að grípa til aðgerða í því skyni. Nú hefur nýtt þing verið kjörið og ný ríkisstjórn er tekin til starfa þannig að nú er tækifæri til þess að taka á þessum málum.

Því hefur verið lýst yfir að verulegur efnahagsbati sé fram undan og þó að við vitum að þeir peningar sem væntanlega munu koma inn í ríkissjóð á næstu mánuðum umfram það sem reiknað hafði verið með, þeirra er þörf á ýmsum sviðum, þá er hér um svo brýnt mál að ræða, það er svo brýnt að taka á þessu mannréttinda- og jafnréttismáli sem snýr sérstaklega að konum og að leiðrétta það launamisrétti sem hér ríkir, að það má ekki bíða.

Í kosningabaráttunni kynntum við kvennalistakonur áætlun í 12 liðum um það hvernig draga mætti úr og afnema launamisrétti kynjanna. Það er ekkert einfalt mál og til þess þarf margvíslegar aðgerðir, aðgerðir sem snúa að ríkisvaldinu, aðgerðir sem beinast að vinnumarkaðnum, aðgerðir sem beinast að því að framfylgja gildandi lögum og loks félagslegar aðgerðir af ýmsu tagi til þess að auðvelda konum sérstaklega að sækja vinnu á almennum vinnumarkaði eða hjá hinu opinbera eftir því hvar þær eru við störf.

Það sem við teljum brýnast er í fyrsta lagi að það verði gengið í það verk að skilgreina framfærslukostnað einstaklings. Það er nú svo að þær stofnanir, sem fást við það að greiða fólki laun eða veita lán, atvinnuleysisbætur og annað slíkt sem þarf að skilgreina, styðjast við mjög mismunandi upphæðir eins og kemur fram í þeirri greinargerð sem fylgir þessari tillögu og hér er um ótrúlega mismunandi upphæðir að ræða.

Lánasjóður ísl. námsmanna hefur ákveðna skilgreiningu á því hvað það kostar fyrir námsmann í leiguhúsnæði að lifa á hverjum mánuði. Sú upphæð nemur nú 52.200 kr. á mánuði. Lánasjóður ísl. námsmanna er eina stofnunin eða eini aðilinn í samfélaginu sem raunverulega tekur tillit til þess að það fylgir því kostnaður að eiga á framfæri barn og samkvæmt reglum Lánasjóðsins hækkar framfærslukostnaður vegna barns upp í 75.690 kr., þ.e. úr 52.200 í 75.690 kr. Atvinnuleysisbætur einstaklings á fullum bótum eru nú 50.028 kr. og ellilífeyrir og tekjutrygging eru 36.694 kr. Síðan eru hér tiltekin dæmi um taxta Sóknarstúlkna sem eru á nokkuð svipuðum nótum og þetta, laun á bilinu 50–60 þús. kr. En þegar við kvennalistakonur bjuggum til dæmi um framfærslukostnað einstaklings, tilbúið dæmi, þá varð niðurstaðan sú að sá einstaklingur þyrfti að hafa til ráðstöfunar 94 þús. kr. á mánuði og var þó ekki um neitt lúxuslíf að ræða hjá þessum einstaklingi. Það má því ljóst vera að bæði námslán, atvinnuleysisbætur og lægstu umsömdu taxtar verkalýðsfélaganna eru langt undir framfærslumörkum.

Það er mjög brýnt að það liggi fyrir við hvað beri að miða, hvað eru eðlileg lægstu laun og að sjálfsögðu ber að fara eftir slíkum niðurstöðum en ég hygg að munurinn sé það mikill að því verði ekki náð nema í áföngum. Við viljum að þessi framfærslukostnaður verði skilgreindur þannig að menn viti í raun um hvað er verið að tala og hvað það er sem einstaklingurinn þarf sér til framfærslu. Niðurstaðan sýnir eins og ég hef hér rakið að lægstu laun kvenna og þeirra hópa þar sem konur eru í miklum meiri hluta eru langt undir hinum raunverulega framfærslukostnaði.

Síðan leggjum við til að lægstu laun verði hækkuð í áföngum. Þarna getur ríkið gengið á undan með góðu fordæmi og tekið á sínum málum. Það er að vísu nauðsynlegt að taka á launakerfi ríkisins í heild og stokka það gjörsamlega upp, enda er það löngu orðið handónýtt og byggist upp á ýmiss konar duldum greiðslum eða sporslum sem karlmenn njóta einkum hjá hinu opinbera. Það er erfitt að átta sig á launakerfi ríkisins og í því felst mikið misrétti.

Þá leggjum við til að í næstu kjarasamningum verði samið um það að leggja sérstaklega til hliðar ákveðna upphæð. Við stingum upp á því að það verði t.d. einn milljarður kr. sem verði varið til þess að bæta laun lægst launuðu hópanna og þá sérstaklega þeirra þar sem konur eru yfir 75% starfsmanna og starfsmat sýnir að um vanmat á störfum þeirra sé að ræða. Þarna er sem sagt um að ræða sérstakt átak til þess að taka á launamálum þeirra hópa sem verst standa að vígi. Síðan kemur það sem ég nefndi hér áðan með launakerfi ríkisins í heild vegna þess að það þarf virkilega að taka til hendi, einfalda kerfið og gera það gagnsætt þannig að það sé öllum ljóst um hvað hefur verið samið.

Þá vikjum við að jafnréttislögunum, 3. gr. jafnréttislaganna sem kveður á um tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna. Lögum samkvæmt er heimilt að grípa til slíkra aðgerða, en það hefur verið ákaflega lítið um það. Þessi grein getur snúið að stofnunum ríkisins. Hún getur beinst að því eins og tilgangur greinarinnar er að þegar umsækjendur um störf eru jafnhæfir, þá skuli að jafnaði ráða konu ef þær eru áberandi færri heldur en karlmenn. Einnig mætti hugsa sér aðrar tímabundnar aðgerðir.

Ég get nefnt í þessu samhengi að t.d. í Bandaríkjunum er í gangi sérstakt verkefni sem kallað er „the glass ceiling" glerþakið, þar sem það hefur verið skilgreint með rannsóknum og úttektum í stofnunum að það virðist svo sem konum gangi ákaflega illa að komast upp fyrir ákveðið þrep í metorðastiga fyrirtækjanna og það er sérstakt verkefni í gangi til þess að fá stofnanir og fyrirtæki til að taka á þessum málum. Það er verið að rannsaka hvernig á því stendur að þegar nálgast topp fyrirtækjanna þá er þar nánast engar konur að finna. Þetta er m.a. gert með því að senda eftirlitsmenn í stofnanir og fyrirtæki og kalla menn inn á teppið og spyrja: Hvernig stendur á því að ástandið er svona og svona hér og hvað ætlið þið að gera í þessu? Þið eigið að framfylgja lögum, þið eigið að standa við jafnréttislöggjöfina, hvað eruð þið að gera? Og ef fyrirtæki verða sönn að brotum þá eru þau lögsótt umsvifalaust. Það er skrifstofa innan vinnumálaráðuneytis Bandaríkjanna sem hefur þessi verkefni sérstaklega

með höndum. Ég átti þess sérstaklega kost sl. haust að heimsækja þá skrifstofu og þar var þeim hópi sem þar var m.a. kynnt þetta verkefni.

Við leggjum líka til að vinnulöggjöfin verði endurskoðuð, einkum með tilliti til réttinda og stöðu kvenna á vinnumarkaði. Okkur er það að sjálfsögðu ljóst að endurskoðun vinnulöggjafarinnar er nokkuð viðkvæmt mál, kannski einkum vegna þess að sú umræða sem hefur átt sér stað um endurskoðun hennar hefur að nokkru leyti beinst að því að svipta verkalýðsfélögin rétti. Það er að sjálfsögðu alls ekki tilgangurinn heldur að horfast í augu við það að þessi löggjöf er frá árinu 1938 og miðast við allt annað þjóðfélagsástand en það sem við lifum í. Inn í vinnulöggjöfina þarf að taka ýmiss konar félagsleg réttindi sem við teljum sjálfsögð og eðlileg og að horfa á vinnumarkaðinn út frá þeim sjónarhóli að á honum eru bæði karlar og konur.

Við leggjum einnig til að viðurlög við brotum á jafnréttislöggjöfinni verði stórlega hert svo og eftirlit með að henni sé framfylgt. Það er svo að samkvæmt jafnréttislögunum er hægt að grípa til aðgerða. Það er hægt að bregðast við brotum á jafnréttislöggjöfinni en mér vitanlega hefur ákaflega lítið verið gert af því öðruvísi en að einstaklingar hafa farið í mál. En auðvitað ber jafnréttisráðherranum og þeim sem eiga að annast framgang þessarar löggjafar að fylgjast með því að hún sé virt. Þarna þarf einfaldlega að gera mönnum ljóst að hér er um löggjöf að ræða, þetta eru gildandi lög í landinu og þeim ber að sjálfsögðu að framfylgja.

Þá er hér nefnt að það þurfi að endurskoða tryggingakerfið, lífeyris- og skattamál með tilliti til stöðu kynjanna og til þess að jafna stöðu kynjanna. Það gefur auga leið að hér er ekki um neitt smáverkefni að ræða en það þarf að skoða þessa lagabálka eins og aðra út frá sjónarhóli kynjanna. Ég hef ekki tíma til þess að fara nánar út í þennan lið eins og t.d. skattlagningu einstaklinga eða samsköttun og sérsköttun og fleira slíkt en það er stórt og mikið mál sem vert væri að taka til rækilegrar umræðu.

Þá að síðustu bendum við á nauðsynlegar félagslegar aðgerðir eins og þær að hér verði komið á einsetnum skóla, skóladagur lengdur og sveitarfélögum tryggðir tekjustofnar til þess að grunnskólinn geti starfað samkvæmt lögum.

Nú vitum við að það er verið að stefna að því og unnið að því að færa grunnskólann yfir til sveitarfélaganna en það er afar brýnt að ríkið marki stefnu og sjái til þess að lögunum sé framfylgt og sveitarfélögunum sé gert kleift að framfylgja lögum. Þetta snýr ekki síst að okkur í þéttbýlinu og á höfuðborgarsvæðinu þar sem skólar eru yfirfullir en við vitum líka að það kostar peninga að lengja skóladaginn. En það er afar brýnt að bæði til þess að bæta gæði menntunar og vegna framtíðarinnar að við nýtum tímann betur í skólum landsins en það er ekki síður brýnt að samræma vinnutíma barnanna í skólunum og vinnutíma foreldranna.

Síðast nefnum við 10 ára áætlun um að fullnægja eftirspurn eftir leikskólaplássum í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Þessum málum er ákaflega misjafnlega háttað eftir því hvar er á landinu. Sum sveitarfélög sinna leikskólabörnum með ágætum og þar er ekki um neina vöntun á plássi að ræða. Annars staðar er ástandið mjög slæmt eins og t.d. hér í Reykjavík. Þó að það sé sem betur fer verið að taka á þeim málum af núverandi borgarstjórn þá er samt sem áður um það að ræða að það mun taka verulegan tíma að sjá til þess að öll börn eigi kost á leikskólaplássi.

Hæstv. forseti. Það sem skiptir meginmáli þegar við horfum á launamisrétti kynjanna er að við Íslendingar höfum skrifað undir mannréttindasáttmála, við höfum samþykkt samþykkt Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gegn konum en við okkur blasir sú staðreynd að á undanförnum árum hefur dregið sundur með kynjunum. Launabilið hefur aukist hvernig sem horft er á málið og það blasir við okkur að þau störf sem einkum er sinnt af konum, stórir hópar í þjónustugeiranum, þeir hópar sem sinna uppeldi og umönnun, eru afar illa launaðir enda sjáum við það þegar við horfum á vinnumarkaðinn að þar hefur á undanförnum árum gætt mikils óróa. Kvennastéttirnar eru mjög óánægðar með sinn hlut og hafa hver á fætur annarri staðið í harðri launabaráttu með misjafnlega miklum árangri.

En staðreyndin er sú að laun kvenna hafa lækkað. Þegar horft er á launamun kynjanna þá hefur dregið í sundur. Þetta er mannréttindabrot að okkar dómi, þetta er óþolandi misrétti sem verður að leiðrétta og það er lágmarkskrafa að konur geti unnið fyrir sér og séð fyrir sér sem einstaklingar og sem framfærendur og því er afar brýnt að fylgja nú eftir þeim anda sem skapaðist hér í kosningabaráttunni þar sem allir lýstu yfir vilja sínum til að taka á þessu máli.

Ég beini þeirri spurningu að lokum til hæstv. félmrh.: Hvernig hyggst hann fylgja eftir þeirri samþykkt sem er að finna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og felur í sér fyrirheit um að taka á þessum málum?

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

[16:38]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í jafnréttislögunum er kveðið á um að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og þau skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þrátt fyrir skýr ákvæði laganna sýna fjölmargar vinnumarkaðskannanir að staða kvenna á vinnumarkaði er launalega almennt lakari en karla. Þannig hafa karlar að jafnaði hærri laun þó um sambærileg störf sé að ræða. Einnig eru starfsgreinar þar sem karlar eru í meiri hluta almennt betur launaðar en svonefndar kvennastéttir. Því miður hefur ekki tekist að útrýma launamisrétti kynjanna þrátt fyrir almenna vitneskju um þá staðreynd að konur hafi lakari laun en karlar.

Það er óásættanleg þróun að launamunur kynja hefur ekki minnkað á síðustu árum eins og kemur fram í nýlegri skýrslu íslenskra stjórnvalda vegna fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna sem

haldin verður nú í haust í Peking. Í skýrslunni kemur fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef litið er á launaþróun á almennum vinnumarkaði á árunum 1980–1993 kemur fram að hallað hefur undan fæti hjá konum. Greitt tímakaup kvenna sem hlutfall af greiddu tímakaupi karla hefur lækkað úr 88,1% 1980 í 87,2% 1985 og 83,1% 1993."

Konur eru sem sagt fjær því að standa jafnfætis körlum í tímakaupi nú heldur en árið 1980.

Því miður er það svo að þrátt fyrir að rannsóknir hafi veitt mikilvægar upplýsingar um í hverju tekjumunur kynjanna felist svo sem vinnutíma, starfsaldri, starfsgrein og menntun, er ljóst að ekki hefur tekist að skýra stóran hlut launamismunarins svo fullnægjandi sé. Launamunurinn er því kynbundinn að einhverju leyti. Kynbundinn launamunur er flókið samspil margra þátta sem erfitt er að greina með fullnægjandi hætti. Af þessum sökum gengur hægar en margur vildi að leiðrétta muninn.

Viðfangsefni till. til þál. sem hér er rædd um aðgerðir til að afnema launamisréttið er í tólf liðum. Mun ég ekki fjalla um þá alla heldur einungis um þriðja lið tillögunnar þar sem ég leiði starf þess hóps sem þar er getið.

Starfshópurinn sem skipaður er af hæstv. félmrh. hefur það hlutverk að safna upplýsingum um og vinna að tillögum um starfsmat sem tæki til að draga úr launamun karla og kvenna. En hvað er starfsmat? Samkvæmt algengri skilgreiningu er starfsmat kerfisbundin aðferð til að meta mismunandi þætti starfa til að fá fram heildarmat á verðmæti starfsins á grundvelli þeirra krafna sem starfið gerir til þess sem gegnir því. Algengir þættir sem eru metnir eru þekking, reynsla, frumkvæði, álag og vinnuskilyrði. Það er starfið sem er metið, ekki einstaklingurinn sem gegnir því.

Í þeim löndum þar sem starfsmatsleiðin hefur verið farin til að leiðrétta launamun kynjanna eru einstaka störf kvenna borin saman við einstaka karlastörf sem þykja sambærileg og jafnverðmæt og laun kvennastarfsins eru hækkuð til jafns við karlastarfið. Það skal sérstaklega tekið fram að þegar rætt er um að leiðrétta launamisrétti kynjanna er almennt ekki átt við að lækka beri laun karla.

Starfsmati, sem leið til að draga úr launamun kynjanna, hefur aðallega verið beitt í Kanada, Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu. Þar var tiltölulega auðvelt og eðlilegt að fara þá leið vegna þess að í fyrsta lagi hafði starfsmati verið beitt sem tæki til að raða fólki í launakerfi um áratuga skeið. Í öðru lagi var fyrir hendi sérfræðiþekking hjá óháðum ráðgjafarfyrirtækjum og aðilum vinnumarkaðarins við að framkvæma matið. Í þriðja lagi voru öflug jafnréttisyfirvöld til staðar sem höfðu gagnrýnt eldra starfsmatskerfi og gert kröfu um að þau yrðu eins laus við kynbundna skekkju og hægt var á hverjum tíma. Það var sem sagt fyrir hendi pólitískur vilji til að leiðrétta þau starfsmatskerfi sem fyrir voru þannig að launamisrétti kynjanna minnkaði.

Hér á landi er staðan ólík því sem gerist í ofangreindum löndum, þ.e. ekki er hefð fyrir starfsmati sem leið til að raða í launaflokka nema hjá sveitarfélögunum. Fáir hafa þekkingu á að hanna starfsmatskerfi og raða í þau. Síðan er það spurningin: Hve sterkur er hinn pólitíski vilji til að leiðrétta launamun kynjanna?

Vinna starfshópsins er ekki langt komin enda hefur hann einungis haldið tvo fundi. Hópurinn mun skoða kosti og galla starfsmats og möguleikana á að nota starfsmat hér á landi. Gert er ráð fyrir að safna upplýsingum erlendis frá um starfsmat sem unnið hefur verið til að draga úr launamun kynjanna og að hópurinn skili skýrslu um það efni í lok október í haust.

Starfshópurinn áætlar að fá faglega umsögn trúlega frá breskum sérfræðingi um starfsmatskerfið sem lagt var til grundvallar starfsmati sveitarfélaganna, sérstaklega með tilliti til þess hvort það felur í sér kynbundna skekkju. Starfsmat sveitarfélaganna er umfangsmesta starfsmatið sem er í notkun hér á landi enn sem komið er. Ég vil hins vegar taka fram að starfsmati hefur aldrei verið beitt hér á landi sem leið til að jafna launamun kynjanna.

Í síðustu kosningabaráttu var talsvert rætt um starfsmat sem leið til að útrýma launamisrétti kynja. Mátti allt eins skilja að starfsmat væri töfralausn sem draga mætti úr hatti og hrinda í framkvæmd í eitt skipti fyrir öll og þá væri launamisrétti kynjanna úr sögunni að eilífu. Málið er alls ekki svo einfalt heldur vandmeðfarið. Segja má að ef ekki er sterkur vilji allra aðila, þ.e. atvinnurekenda, launþega, verkalýðsfélaga og stjórnvalda, til að útrýma launamisrétti kynjanna geti starfsmat unnið gegn launajöfnun. Ef vilja ofangreindra aðila til jafnréttis vantar gæti starfsmat allt eins orðið tæki sem festir misrétti í sessi, þ.e. að það verði notað sem aðferð til að réttlæta almenn lág laun kvenna.

Starfsmat sem leið til að leiðrétta launamun kynjanna er því ekki fær nema sterkur pólitískur vilji aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda sé til staðar. Þó gæti ríkisvaldið gengið á undan með góðu fordæmi.

Að lokum vil ég fagna báðum þeim tillögum sem eru á dagskrá hér í dag, þ.e. ef tími gefst til að ræða þær, sem taka á launamisrétti kynjanna. Í þeim kemur fram að til að ná launajafnrétti kvenna og karla þarf að beita mörgum aðferðum samhliða ef árangur á að nást. Undir þau sjónarmið tek ég heils hugar og vona að nýhafið kjörtímabil færi okkur nær launajafnrétti en tvö síðustu kjörtímabil hafa gert.

[16:45]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Hv. þingmenn Kvennalistans hafa lagt fram till. til þál. um aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna. Þetta er tillaga í tólf liðum sem taka til margra þátta þjóðlífsins sem snerta jafnrétti karla og kvenna. Ég hlýt sem ráðherra jafnréttismála að fagna þessum áhuga þingmanna Kvennalistans og mér er það mikið kappsmál að á þessu kjörtímabili verði náð marktækum árangri í að koma á jafnrétti með konum og körlum á öllum sviðum þjóðlífsins.

Í umræðunni er að mínu mati nauðsynlegt að minna á það að á ýmsum sviðum hefur náðst nokkur árangur. Það nægir að benda á að hlutfall kvenna í þeim hópum sem útskrifast frá æðstu menntastofnunum landsins er síhækkandi. Hlutur kvenna hér á Alþingi,

í sveitarstjórnum og í stjórnsýslunni hefur aukist og á almennum vinnumarkaði er þrátt fyrir allt, guði sé lof, sífellt algengara að konur séu í forustu fyrir atvinnufyrirtækjum. Þetta eru sjálfsagt allt merki um það að okkur miðar áfram, þó það verði að viðurkenna að það miði of hægt á mörgum sviðum. Sérstaklega er það sláandi með launamun karla og kvenna. Það eru bráðum 40 ár frá því að hér á Alþingi var samþykkt till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Í 2. gr. samþykktarinnar er kveðið á um það að aðildarríki skuli stuðla að því að tryggja að reglan um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf taki til alls starfsfólks. Þetta orðalag er tekið upp í lög sem hafa gilt um jafnrétti kvenna og karla, t.d. lögin frá 1976, 1985 og 1991.

Það er að sjálfsögðu mjög erfitt að sætta sig við það að eftir bráðum 40 ár skuli árangurinn vera jafnrýr og skýrslan um rannsókn sem Félagsvísindastofnun vann fyrir félmrn. og skrifstofu jafnréttismála um launamyndun og kynbundinn launamun leiðir í ljós.

Þessi skýrsla kom til umfjöllunar á Alþingi í febrúar sl. Það verður að leggja áherslu á það að niðurstöður skýrslunnar byggja á spurningaskrá og viðtölum sem dreift var til takmarkaðs fjölda einstaklinga. Dreift var 1.250 spurningaskrám og svör bárust frá 685. Þessi hópur var ekki valinn með tilviljunaraðferð og þar af leiðandi er kannski ekki hægt að segja að þessi könnun sé hávísindaleg þannig að það getur verið varhugavert að alhæfa út frá niðurstöðum könnunarinnar. En niðurstöður skýrslunnar gefa sömu vísbendingu og aðrar hliðstæðar rannsóknir um launamun kynjanna og það liggur alveg ljóst fyrir að þarna er um umtalsverðan launamun að ræða. En spurningin er hvernig á að ná árangri í að laga þetta atriði.

Ég tel mjög mikilvægt að ná víðtækri samstöðu um það viðhorf í þjóðfélaginu að launamunur karla og kvenna sé óásættanlegur. Og af umræðum í þjóðfélaginu, sem stofnuðust um skýrslu Félagsvísindastofnunar, má ráða að meiri skilningur ríki í þjóðfélaginu í þessum málum en áður. Hins vegar er ég einnig þeirrar skoðunar að flutningur þessarar þáltill. sé ekki fallinn til að skapa slíka samstöðu og það vil ég skýra með nokkrum orðum.

Hv. þm. Kvennalistans sem og öðrum hv. þm. er ljóst að í gildi er þáltill. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þessi þál. var samþykkt árið 1993 og gildir til ársins 1997. Samkvæmt 17 gr. laga nr. 28 frá 1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, skal endurskoða þessa áætlun á tveggja ára fresti og í tengslum við það leggur félmrh. fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála. Hinn 7. maí sl. voru einmitt liðin tvö ár frá samþykkt þáltill.

Í samræmi við ákvæði jafnréttislaganna hef ég falið skrifstofu jafnréttismála að undirbúa endurskoðun gildandi framkvæmdaáætlunar á sviði jafnréttismála. Skrifstofan hefur nýlega sent öllum ráðherrum og ráðuneytisstjórum bréf þar sem óskað er eftir yfirliti um stöðu verkefna í framkvæmdaáætluninni sem lokið er eða verið er að hrinda í framkvæmd. Einnig er óskað eftir upplýsingum um áætlanir um verkefni sem ekki er byrjað á. Og enn fremur er lýst eftir tillögum að nýjum verkefnum. Loks er lýst eftir mati á árangri og upplýsingum um kostnað við einstök verkefni. Skýrsla um niðurstöður á mati á gildandi framkvæmdaáætlun verður lögð fyrir Alþingi næsta haust og samhliða geri ég ráð fyrir að endurskoðuð þáltill. um framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna verði lögð fram til umræðu og afgreiðslu á Alþingi.

Það er af þessari ástæðu sem mér finnst þessi tillöguflutningur ekki alsendis tímabær á vorþinginu. Þar gildir raunar það sama um aðra tillögu sem hér er í farvatninu. Ég held að flestir hljóti að viðurkenna að skynsamlegasta verklagið sé að gera úttekt á hvernig tekist hefur að hrinda í framkvæmd gildandi framkvæmdaáætlun og í framhaldi af því að setja fram tillögur um úrbætur á þeim þáttum áætlunarinnar sem ekki hafa tekist sem skyldi.

Ég vil nota tækifærið til að fara örfáum orðum um það sem stjórnvöld eru að vinna á sviði jafnréttismála um þessar mundir. Það er rétt að minna á að það eru einungis fjórar vikur síðan ríkisstjórnin tók við völdum. Ég vil fyrst geta þess að nýtt Jafnréttisráð verður vonandi skipað á morgun. Ég hef beðið óþreyjufullur eftir tilnefningu um fulltrúa frá BSRB í allmarga daga. En tilnefningin er nú komin í félmrn. að því er mér er tjáð. Umboð vinnuhóps sem falið var að afla upplýsinga um starfsmat og setja fram tillögur um það hvernig beita megi slíku mati til að leiðrétta kjör kvenna hefur verið endurnýjað. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi alls ekki ... (Forseti hringir.) Herra forseti, ég er að ljúka máli mínu. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi alls ekki verið rétt staðið að skipun þessa vinnuhóps og samtök atvinnurekenda áttu þar ekki fulltrúa. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur tekið að sér að veita þessum vinnuhópi forustu og ég vænti hins besta af starfi hans.

Ég tel sem sagt að þessi tillaga þarfnist ekki afgreiðslu á þessu þingi. Það er verið að vinna að flestum þáttum málsins í félmrn. en þetta þskj. getur hins vegar verið gott innlegg í þá umræðu.

[16:55]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegur forseti. Það liggja hér fyrir sem 8. og 9. dagskrárliður, þáltill. sem fjalla um launamisrétti og aðgerðir til að ná fram launajafnrétti kvenna og karla. Ég kýs að taka til máls við fyrri tillöguna þó það sem ég ætla að fjalla um sé fyrst og fremst afstaða til þeirra mála sem tengjast launamisrétti án þess að ég taki beinlínis afstöðu til tillagnanna.

Virðulegi forseti. Það er sannfæring mín að það þurfi að bregðast við á mörgum sviðum ef vinna á bug á því meini sem ójöfnuður í málum kynjanna er, ekki síst í launamálum kynjanna. Við höfum vitað það lengi að við búum við launamisrétti kynjanna. Við höfum vitað það lengi, lengi. Það er launamunur kynja í ráðuneytunum. Það er launamunur kynjanna í stofnunum ríkisins og það er launamunur kynjanna úti á vinnumarkaði þó hann reynist vissulega minnstur í hópi

ófaglærðra. Skýrslan sl. haust sem unnin var sem hluti af norræna jafnlaunaverkefninu staðfesti eingöngu það sem við vissum, að hér viðgengst launamisrétti. Það sem hún hins vegar berlega dró fram er hvar launamunur verður til og það er gagnagrunnur til að vinna út frá í leiðréttingarstarfinu fram undan.

Viðbrögð mín við skýrslunni voru þrenns konar og þá er ég að orða beinar aðgerðir þar sem ég hafði möguleika á að beita mér sem félmrh. í örfáa mánuði.

Í fyrsta lagi að leggja fram till. til þál. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Sú tillaga var unnin í samvinnu við landsnefnd um mál fjölskyldunnar og ég árétta að það hefur aldrei fyrr verið lögð fram á Alþingi tillaga um opinbera fjölskyldustefnu.

Í öðru lagi að gera tilraun til að fá fullgildingu Íslands á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um starfsmenn með fjölskylduábyrgð, en Finnland, Noregur og Svíþjóð fullgiltu fyrir áratug slíka samþykkt. Málið var lagt fram í ríkisstjórn í janúar en náði ekki inn á hið háa Alþingi.

Í þriðja lagi skipaði ég á kvennadaginn 8. mars, starfshóp til að fylgja skýrslunni eftir og skipaði í þann starfshóp án tilnefningar það sem ég kýs að kalla fagfólk, þ.e. aðila sem unnið hafði að skýrslunni og aðila sem sýnt höfðu brennandi áhuga á framhaldi vinnunnar, fólk af vinnumarkaðnum. Og ég vil taka fram að Vinnuveitendasambandið hafði ekki áhuga á þátttöku í starfi þessa starfshóps, eftir því var óskað og ég nefni það hér sérstaklega vegna ummæla félmrh.

Ég vil einnig taka það fram að viljandi kaus ég að fela aðilum frá stéttarfélögum og vinnumarkaði og Jafnréttisráði að framkvæma þessa ákveðnu vinnu og gagnaöflun erlendis frá með tilliti til starfsmats í stað þess að skipa pólitíska nefnd. Eftirmaður minn hefur hins vegar skipað nýjan formann í nefndina sem einmitt hér hefur talað og ég átti e.t.v. von á að setti fram nýja eða breytta starfsáætlun en mér heyrist að það eigi að vinna að málinu í svipuðum farvegi og ákveðið var í upphafi.

Ég vil taka fram vegna orða formanns nefndarinnar hv. 4. þm. Reykn., Sivjar Friðleifsdóttur, að starfsmat sveitarfélaganna lyfti mjúku störfum sveitarfélaganna, og þau hafa verið mjög skipuð konum, þannig að óbeint varð starfsmat sveitarfélaganna til þess að rétta hlut kvenna hjá sveitarfélögunum.

Virðulegi forseti. Ég hef hér getið fyrstu viðbragða minna í máli sem okkur konum er svo mikilvægt og hugstætt en á að vera sameiginlegt áhugamál og baráttumál bæði karla og kvenna. En lykilorðið er breytt viðhorf og til að ná því fram þarf að leita margra leiða. Það þarf að breyta heima og heiman. Þrátt fyrir miklar framfarir og þróun, aukna menntun kvenna og bætta heilsugæslu víða um heim, bera konurnar enn ábyrgðina á fjölskyldu samhliða því að sækja fram á vinnumarkaðinn. Konur eru láglaunahópur einnig meðal þjóða þar sem jafnrétti til náms ríkir. Kvennabaráttan verður ekki aðskilin frá stefnumörkun í málefnum fjölskyldunnar óháð því hver gerð fjölskyldunnar er. Konur hafa sótt fram til aukinna áhrifa á mörgum sviðum en heima fyrir eru þær enn í sömu sporum og formæður okkar. Það er því nauðsynlegt að gefa verkaskiptingunni innan fjölskyldunnar meiri gaum.

Enn fremur verður ekki hjá því komist að líta til þess sem yfirvöld gera í þágu fjölskyldunnar. Fjölskyldan hefur veikst á sama tíma og samþætting og samheldni hins ytra samfélags hefur aukist, til að mynda með atbeina sífellt voldugri fjölmiðla. Tengsl einstakra fjölskyldumeðlima út í samfélagið, einkanlega vegna atvinnu og skóla, verða sífellt mikilvægari en tengslin inn á við verða að sama skapi færri og veikari. Á fyrri tímum var enginn merkingarmunur á því að helga sig vinnunni og helga sig fjölskyldunni, á okkar dögum er þessu stillt upp sem andstæðum. Sá sem helgar sig vinnunni er sagður vanrækja fjölskylduna og sá sem helgar sig fjölskyldunni er talinn metnaðarlaus í starfi.

Það ríkir ekki jafnrétti kynja á vinnumarkaðnum og konur hafa verulega lægri laun en karlar. Þær eru í sífelldri baráttu við að samræma vinnudag utan heimilis að verkefnum fjölskyldunnar, ekki síst umönnun barna. Það hefur komið fram að konur eru álitnar ótryggari starfskraftur og því síður ráðnar til starfa en karlar og einkum skýrt með því að konur detti út af vinnumarkaði vegna barneigna og fjölskylduábyrgðar. Ég spyr: Hvernig geta konur náð áttum við þessar aðstæður? Þær geta það ekki án þátttöku karla við að sinna verkefnum heimilanna. Þær geta það ekki án viðurkenningar samfélagsins á mikilvægi fjölskyldunnar sem sjálfstæðrar einingar sem skuli njóta verndar. En hvernig getum við búið nýjar kynslóðir undir að móta samfélag þar sem ríkir jafnrétti kynjanna þar sem feður annast börn sín til jafns við mæðurnar þegar æskan í dag elst upp við ójafnræði milli kvenna og karla á heimilunum og horfir á ofbeldi og kúgun gagnvart konum? Getur lýðræði sem hefur útilokað konur eða setur þær út á jaðarinn verið lýðræði? Raunverulegt lýðræði hlýtur að hafa alla innan borðs, ekki eingöngu helming mannkyns.

Á leiðtogafundinum í Kaupmannahöfn í mars heyrðust tvö orð aftur og aftur í ræðum kvenna, kvenna sem komu ýmist úr suðri eða norðri, austri eða vestri. Þetta voru orðin „parity democracy", sem hérlendis hefur verið kallað tvenndarlýðræði. Í því felst einmitt að í lýðræðinu felist að að ákvarðanatöku komi bæði kynin og að áhrif kvenna flytjist frá jaðrinum inn að miðju ákvörðunartökunnar. Að þessu ber okkur að vinna, í þessu felst sú framför sem við óskum. Þess vegna höfum við það mikla verk að vinna að tryggja þátttöku kvenna á öllum sviðum, að flýta þeim degi að konur verði eðlilegur helmingur í ríkisstjórn, á Alþingi, í áhrifastöðum í þjóðfélaginu, að tvenndarlýðræðið komist á. Við þurfum að beita aðgerðum á öllum hugsanlegum sviðum, en staðan á heimilinu er að mínu mati undirstaðan.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að taka beina afstöðu til þeirra tillagna sem hér eru settar fram. Ég tek undir þau markmið sem flutningsmenn hafa að leiðarljósi. Mér finnst eðlilegt, nýkomin úr ríkisstjórn, að sjá á spil stjórnarflokka þegar þeir kynna frumvörp sín í

haust, en ég boða það hér og nú að verði ekki meðal frumvarpa stjórnarliðanna í haust frv. um opinbera fjölskyldustefnu þá mun ég beita mér fyrir framlagningu þeirrar tillögu sem ég bar inn á þing í upphafi þessa árs.

[17:03]

**Pétur H. Blöndal:**

Forseti. Fyrir 20 árum sléttum upplifðum við kvennafrídag og það var mikið upplifelsi fyrir mig alla vega og ég batt miklar vonir við það sem þar var að gerast. Í kjölfarið var svo stofnaður kvennalisti sem átti að berjast fyrir hagsmunum kvenna í jafnréttisátt. Þetta var sanngjörn krafa kvenna sem bjuggu þá við lægri laun. Nýkomin könnun Jafnréttisráðs sýnir okkur að lítið hefur unnist og ég held að það sé virkilega atriði fyrir þær konur og það fólk sem vill sjá jafnrétti kynjanna að athuga af hverju. Hvað hefur mistekist?

Að því er ég best sé, þá eru nánast öll lög og reglur í landinu jöfn gagnvart kynjum. Það er búið að laga það allt og ef eitthvað er að þá mun ég fúslega breyta því og standa að því. Það eina sem ég sé enn þá eftir er kannski lífeyrisréttur hjóna við skilnað.

Herra forseti. Hvar myndast misréttið? Hvar myndast það? Og hvar er misréttið? Misréttið felst sjaldnast í því að verið sé að greiða mismunandi há laun fyrir sömu störf heldur felst misréttið í því að konur fá ekki hærri störf. Það eru karlar sem fá hærri störfin. Og hvers vegna skyldi það vera?

Nú vil ég biðja ykkur um að fylgja mér í ákveðið hugsanadæmi. Hver ræður fólk yfirleitt til starfa? Það er starfsmannastjóri í fyrirtæki, það er forstjóri, það er stjórn fyrirtækisins sem ræður forstjóra fyrir fyrirtækið, það er stjórn opinbers fyrirtækis eða einkafyrirtækis og þessi stjórn ákveður sem sagt að ráða óhæfari einstakling heldur en hæfari til starfa, þ.e. hún ákveður að ráða óhæfari karlmann heldur en hæfari konu til starfa. Það er málið, þarna er mergurinn. Og hvers vegna skyldi þetta ágæta fólk gera þetta? Af hverju ræður það óhæfara fólk til starfa? Það er vegna þess að það horfir ekki á arðsemi þess fjár sem bundið er í viðkomandi rekstri. Það er ekki horft til þess að þetta fyrirtæki þurfi að skila arði. Annars mundu menn hikstalaust ráða hæfari einstaklinginn og þeir þyrftu ekki að hugsa um það. Þetta er kjarni málsins.

Ég fullyrði að ættlaus og flokkslaus karlmaður er verr settur í dag heldur en ættstór kona í réttum flokki. Þetta er ekki spurning um jafnrétti milli kynja. Þetta er nefnilega spurningin um jafnrétti milli manna. Og ég held að menn séu á villigötum með því að stilla dæminu upp sem jafnrétti milli karls og konu, þá er búið að pólarisera vandann og menn horfa bara á þetta dæmi, karl á móti konu. Það er verið að rembast við að ráða konur í stöður og meira að segja farið öfuga leið eins og borgarstjórinn lýsti yfir nýverið, að hún ætlaði að ráða frekar konur heldur en karla, jafnvel óhæfari konur, og það er nákvæmlega sama og fólk hefur verið að berjast gegn með öðrum formerkjum.

Herra forseti. Hvers vegna viljum við jafnrétti yfirleitt? Jú, það særir réttlætiskennd okkar þegar óhæft fólk er ráðið í stöður og það drepur auk þess niður frumkvæði. Þegar sá sem er í þeim hóp sem er beittur misrétti, hvort sem það er kona eða hvort sem það er ættlaus karlmaður, sér það að hann kemst ekki áfram þá fyllist hann vanmáttarkennd og það drepur niður frumkvæði hans til þess að komast áfram.

En það eru önnur áhrif misréttis sem eru miklu alvarlegri og það eru þjóðhagsleg áhrif misréttis. Ef þjóðin leyfir sér að ráða óhæfari einstaklinga, sérstaklega í stjórn fyrirtækja, jafnvel stærstu fyrirtækja landsins, þá eru þessi fyrirtæki verr rekin. Og það kemur niður á lífskjörum þjóðarinnar virkilega. Þess vegna er það mikið atriði fyrir þjóðina og fyrir hag okkar allra að þetta misrétti sé útilokað. Við höfum ekki efni á þessu misrétti sem viðgengst í dag.

Ég spurði áðan: Hvar myndast misréttið? Vegna þess að það er spurningin um arðsemi þá myndast það aðallega þar sem ekki er gerð krafa um arðsemi. Það myndast aðallega hjá opinbera geiranum, þeim fyrirtækjum sem eru rekin fyrir fé án hirðis, sem ég kalla svo, fé sem enginn á. Þetta ber að hafa í huga. En það er fleira sem veldur misréttinu eða misrétti karla og kvenna ef við horfum á það sérstaklega. Ég hef lent í því að þurfa að ráða fólk í vinnu. Og þegar fyrir framan mig stóð ung kona nýútskrifuð úr háskólanum, þá vissi ég með nokkuð mikilli vissu, eða um 80%, að hún færi í fæðingarorlof á næstu þrem árum sem mundi þýða fyrir þetta litla fyrirtæki sem ég veitti forstöðu að ég þyrfti að ráða nýja manneskju, ég þyrfti að ráða við þann vanda, skóla nýja manneskju, auglýsa og allt þetta vesen í sambandi við það að ráða fólk sem kostar óhemju fé. Það kostar sennilega 300 þús. og upp í hálfa millj. að skipta um einn ritara. Og þegar maður hefur þetta í huga þá að sjálfsögðu veikir þetta stöðu kvenna. Það ætti því virkilega að huga að því hvort ekki mætti dreifa fæðingarorlofi á karla og konur þannig að þetta misrétti hverfi.

En það er fleira sem veldur þessu misrétti. Það er viðhorf karla til kvenna og það er viðhorf kvenna til kvenna og kannski ekki hvað síst, þá var það viðhorf konunnar til sjálfrar sín. Sjálfsvirðing hennar og sjálfsmetnaður er oft og tíðum of veikur. Þessu þarf að breyta. Ég get ekki séð hvernig en það er nauðsynlegt að breyta þessu til þess að ná því jafnrétti sem við erum að tala um.

Herra forseti. Þær till. til þál. sem við hérna ræðum eru vel meint og vel hugsuð tilraun til að vinna bug á þessum vanda. Ég get tekið undir sumt af því sem þar er talað um en ég held að þetta muni ekki breyta miklu frekar en allt það sem búið er að gera hingað til. Það sem þarf nefnilega að taka á er að líta á, hvar myndast vandinn? Hvar er ekki gerð arðsemiskrafa og af hverju er ekki gerð arðsemiskrafa? Af hverju leyfist mönnum að ráða óhæfari karlmann eða óhæfari einstakling en hæfari? Og það er það sem þarf að laga. Lausnin á því er að mínu mati að vissu marki að einkavæða vegna þess að þegar búið er að einkavæða þá vex um leið arðsemiskrafa til fyrirtækjanna. Og svo merkilegt sem það er þá er það nefnilega jafnréttismál að einkavæða. Ég ætla að biðja menn að hafa það í huga.

Herra forseti. Ég held að þessar tillögur sem hér hafa komið fram séu að vissu leyti tilraun til þess að laga þennan vanda, en menn þurfa að horfa miklu dýpra. Það þarf að breyta viðhorfum fólks til kvenna og það þarf að breyta viðhorfum manna til arðsemi fjár.

[17:12]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til þess að þakka fyrir að efnt er til þessarar umræðu hér og finnst að þau sjónarmið sem hér hafa komið fram séu öll athyglisverð og ástæða til þess að ræða þau ítarlega. Því miður er ekki kostur á því að fara mjög rækilega yfir málin, sérstaklega eins og sumar ræður hafa gefið tilefni til, t.d. síðasta ræða sem hreyfði við grundvallaratriðum, þ.e. þeim hvort allsherjararðsemiskrafa, allsherjarmarkaðsbúskapur á öllum sviðum sé í raun og veru svarið. Og ef Kvennalistinn ætlaði sér að jafna laun karla og kvenna eða réttindi þeirra yfir höfuð, þá ætti að taka upp arðsemiskröfu á öllum sviðum, bæði í skólum, heilbrigðisstofnunum, kirkjunni, ríkisstjórninni og víðar og víðar, arðsemiskröfu til einstakra ráðherra t.d., það væri sniðugt og mæla þá eftir því. Ég veit ekki hvaða skoðun hæstv. félmrh. hefur á þessu máli en hér hafa tveir talsmenn stjórnarflokkanna talað í þessu máli, hv. síðasti ræðumaður, Pétur Blöndal, og hæstv. félmrh. og væri fróðlegt að vera þar fluga á vegg þar sem þeir bæru saman bækur sínar, þeir félagar.

En það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að menn velti fyrir sér hver ástæðan sé fyrir því að staðan er eins og hún er. Það er alveg rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan að í upphafi þessarar vegferðar höfðu menn mikla trú á því að lög og reglur leystu vandann. Það voru fluttar hér tillögur og frumvörp og langar og merkilegar og ágætar ræður um þau mál og lögin voru sett og reglurnar voru settar. Það gerðist t.d. með því að sett voru lög um jafnréttismál, almenn lög, lög um jafnlaunadómstól, lög um jöfn laun karla og kvenna o.fl. og hygg ég að löggjöfin sé orðin allafdráttarlaus hvað þessi mál varðar. Ég held að það sé mjög erfitt að finna bein misréttistilefni í lagasafninu sem slíku. Ég held að það sé út af fyrir sig erfitt eins og sakir standa og ég er a.m.k. sannfærður um að ef það er til þá eru menn tilbúnir að breyta því. Það er enginn ágreiningur um þau mál lengur og hefur ekki verið í marga áratugi.

Hvernig stendur þá á því að við búum samt sem áður við mismunandi laun karla og kvenna við mismunandi kjör? Ég held að það sé ekki af þeirri ástæðu sem hv. 16. þm. Reykv. nefndi áðan. Ég held að það sé ekki af þeirri ástæðu. Ég held að það sé þvert á móti af þeirri ástæðu að markaðurinn hafi ráðið meiru en góðu hófi gegnir á síðustu árum og menn hafi verið of tregir til þess að trufla gangvirki markaðarins. Ég held að það sé meginskýringin á því af hverju staðan er eins og hún er, af hverju hún hefur versnað og að því kem ég aðeins nánar.

Maður hefur heyrt alls konar kennisetningar um það hver sé ástæðan til þess að launamunur karla og kvenna hefur farið vaxandi. Vitlausasta kenningin er sú að það sé vegna tilkomu Kvennalistans en ég heyrði nokkrar mannvitsbrekkur, karlkyns og kvenkyns í síðustu kosningabaráttu halda því fram. Ekki hefur þetta nú lagast með tilkomu Kvennalistans, sögðu menn og breiddu gasalega úr sér í ræðustólunum. Sleggjudómar af þessu tagi dæma sig sjálfir en þeir sýna líka hvað umræðan er oft vanþroska að menn skuli leyfa sér að fara fram með málflutning af þessum toga.

Annað vitlausasta atriðið sem ég heyrði í síðustu kosningabaráttu og hef oft áður heyrt er þetta: Þetta er verkalýðshreyfingunni að kenna. Það er vegna þess að hún semur um svo lága og vitlausa taxta, þetta er allt henni að kenna. Þetta er Alþýðusambandinu að kenna, þetta er forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar að kenna, þetta er niðurstöðum í verkalýðsmálum að kenna á hverjum tíma. Það er líka afskaplega ósanngjarnt vegna þess að auðvitað eru kjarasamningar niðurstaða vinnumarkaðarins. Þeir eru niðurstaða af þeim valdahlutföllum sem eru á hverjum tíma í þjóðfélaginu milli stéttanna, milli þeirra sem eiga ekkert til að selja nema vinnuafl sitt og hinna sem lifa á því að kaupa þetta vinnuafl, hvort sem það eru opinberir aðilar eða einkaaðilar.

Til þess að taka á móti þeirri þróun sem hefur gengið yfir þurfa menn að horfa aðeins öðruvísi á hlutina og gera sér grein fyrir því að markaðurinn og aukin markaðsvæðing þjóðfélagsins hefur komið harkalega niður á konum frekar en körlum. Ég ætla að nefna eitt dæmi. Auðvitað er atvinnuleysið og veruleiki atvinnuleysisins eitt af birtingarformum þess að við búum hér við tiltölulega kalt markaðshagkerfi. Ég er ekki þar með að segja að hægt sé að breyta því á einni nóttu og ég er heldur ekki að segja að við eigum að afnema markaðshagkerfið. Ég er að tala um það að við eigum að gera nægilegar ráðstafanir til að trufla það þar sem það þarf að trufla það til þess að allir búi við réttlátar þjóðfélagsaðstæður.

Af hverju nefni ég atvinnuleysið? Það er af því að það hefur bitnað á miklu harðar konum en á körlum. Í hólfum þingmanna í dag liggur þessi pappír, yfirlit um atvinnuástandið í apríl 1995. Ég hygg að það sé komið frá félmrn. Þar kemur fram að á höfuðborgarsvæðinu er hlutfall atvinnulausra kvenna 5,8%, karla 5,1%. Á landinu öllu er hlutfallið konur 6,3%, karlar 4,9%. Á Suðurnesjum konur 10%, karlar 4,1%. Af hverju er þetta svona? Er það vegna þess að einhverjir tilteknir aðilar sem stjórna markaðsþjóðfélaginu hafi tekið ákvörðun um að vera vondir við konur? Nei, það er ekki þannig. Það er vegna þess að niðurstaðan er sú hjá þessum aðilum af einhverjum ástæðum að vinna karla sé betri markaðsvara. Það er þess vegna sem þessi niðurstaða blasir hér við. Það er vegna þess að það er of langt gengið í því að gera arðsemiskröfur að því er suma hluti varðar og málin eru ekki skoðuð í stærra samhengi heldur aðeins í spurningunni um efnahagslegan ávinning augnabliksins en ekki er horft til margra ára eða áratuga í senn eða þjóðfélagsins í heild. Þetta er veruleikinn. Þess vegna eru átökin um launamál kvenna átökin á milli hægri og vinstri í þjóðfélag-

inu. Auðvitað. Það er blekking að halda öðru fram. Auðvitað eru það átökin á milli einkahyggju og félagshyggju. En að sjálfsögðu eru líka átökin á milli kvennasjónarmiða og karlasjónarmiða. Ekki er nokkur leið að horfa fram hjá því. Það er heldur ekki hægt. Ég kalla það átökin á milli kvennastefnu og karlastefnu vegna þess að þrátt fyrir allt og góðan vilja karla okkar er það þannig að áherslur okkar og sýn er oft önnur og gerólík því sem konur hefðu á sömu mál. Ekki þýðir annað en horfast í augu við þann veruleika líka. Þess vegna er skoðun mín sú að fjármagnið hafi ráðið of miklu, það sé aðalvandinn. Hinn kaldi markaður hefur ráðið of miklu um kjör kvenna og kjör fólks í landinu á síðustu árum. En ég er þar með ekki að segja, svo að ég endurtaki það, að það eigi að leggja hann niður heldur tel ég að menn eigi að verða djarfari við að trufla hann þar sem þess er þörf.

Ég þakka hv. 16. þm. Reykv. fyrir ræðuna. Mér fannst það góð ræða og efnislega rökrétt svona frá hans bæjardyrum séð. — Er tíminn búinn eða hvað? Já. Þá ætla ég rétt að ljúka máli mínu.

Ég gagnrýni Kvennalistann fyrir að biðja ekki um tvöfaldan tíma á þetta mál. Að láta meðhöndla þetta stóra mál bara eins og hverja aðra léttari þáltill. er fullkomlega gagnrýnivert. En hv. þm. sagði áðan: Vandinn í þessum málum er aðallega hjá opinbera geiranum. Þetta held ég að sé ekki svona. En af hverju getur hann sagt þetta? Það er vegna þess að kastljós umræðunnar hefur verið á opinbera geiranum. Það hefur ekki verið talað um það misrétti sem þrífst gagnvart konum hjá einkafyrirtækjum í landinu.

[17:21]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Sem einn af flutningsmönnum þessarar tillögu vil ég fylgja henni úr hlaði með nokkrum orðum.

Hver skýrslan á fætur annarri hefur nú staðfest það sem flestir hafa vitað að hér á landi er gífurlegur munur á launum kynjanna og allt bendir til að hann sé meiri en þekkist í nágrannalöndunum. Skýrsla Jafnréttisráðs um launamyndun og kynbundinn launamun, sem unnin var að tilhlutan tölfræðihóps norrænu jafnlaunanefndarinnar, bendir til að konur hafi 78% af dagvinnulaunum karla og 70% af heildarlaunum. Menntun fólks eykur launin en laun karla aukast mun meira með menntun en laun kvenna þannig að háskólamenntaðar konur hafa aðeins um 64% af launum háskólamenntaðra karla en þessi prósentuhlutföll eru um 78% þegar um framhaldsskólamenntun er að ræða.

En skýrslan sýnir ýmislegt fleira, ekki síst að sporslur, hlunnindi og yfirvinna auka launamun kynjanna verulega. Einnig sýnir skýrslan að skýringar eins og skortur á menntun, sem hamli konum, eða að þær vinni frekar hjá hinu opinbera en karlar í einkageiranum skýra ekki launamuninn, heldur ekki það að konur sækist ekki eftir stjórnunarstöðum eða séu ekki í þeim. Ef konur eru í slíkum stöðum hafa þær mun minni launahækkanir í för með sér en hjá körlum og ef þær sækja um stöðuhækkun eða launahækkun sem þær gera í vaxandi mæli er bara ekkert á þær hlustað, alla vega ekki eins vel og á karlana. Þegar tekið hefur verið tillit til allra mældra þátta í áðurnefndri skýrslu, t.d. starfsstéttar, menntunar, starfsaldurs, aldurs, fjölda yfirvinnutíma, hvort starfað er hjá opinberu fyrirtæki eða í einkageiranum, standa eftir 16% sem ekki er hægt að skýra með neinu öðru en kynferði sem að mínu mati er mjög alvarleg staðreynd. Bara kynferði skýrir 16% af launum fólks. Í skýrslunni Konur og karlar frá árinu 1994, sem Hagstofa Íslands hefur gefið út, má sjá — og það hefur einnig komið fram í þessari umræðu hjá öðrum ræðumönnum — að á árabilinu 1982–1992 hefur tímakaup verkakvenna, afgreiðslukvenna og skrifstofukvenna lækkað hlutfallslega miðað við tímakaup karla í sömu starfsgreinum. Verkakonur fá nú að meðaltali 93,7% af dagvinnulaunum verkakarla, afgreiðslukonur 70,8% og skrifstofukonur 76,5%. Þessar staðreyndir eru sláandi og alger dómur yfir gagnsemi núgildandi jafnréttislaga sem tækis til launajöfnunar og þær sýna glöggt hið pólitíska viljaleysi sem hefur ríkt meðal þeirra sem hér hafa verið við völd, hvort sem er í ríkisstjórn og þá á ég ekki síst við stærsta vinnuveitanda landsins eða þá sem hafa verið og ráðið stefnu í verkalýðshreyfingunni. Ég er ekki alveg sammála hv. þm. Svavari Gestssyni að verkalýðshreyfingin eigi engan hlut að máli.

Sú niðurstaða að kynbundinn launamunur hefur aukist á síðustu 10 árum er með öllu óþolandi og því var mikið fagnaðarefni í nýliðinni kosningabaráttu að þessi mál komust á dagskrá svo að um munaði og flestir ef ekki allir stjórnmálaflokkar lýstu því yfir að þeir vildu taka á þessum óþolandi mun.

En hvers vegna er þá þessi launamunur kynjanna? Ef svarið lægi ljóst fyrir væri hægt að ganga markvisst til verks. Meginástæðurnar eru þó vafalítið tengdar valdaleysi kvenna eða möguleikum þeirra til að ráða einhverju um kaup sitt og kjör. Hins vegar tengjast ástæðurnar því að mínu mati að þjóðfélagið hefur ekki aukið samfélagslega þátttöku í uppeldi barna samfara þeirri eftirspurn sem skapast hefur við það að konur hafa farið út á vinnumarkaðinn. Ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með það að hæstv. félmrh. telur ekki brýnt að afgreiða þessa tillögu á þessu þingi því að málið er brýnt og krefst tafarlausrar úrlausnar. Ég fagna því jafnframt að hann telur að þær 12 aðgerðir sem við kvennalistakonur teljum upp í þáltill. geti komið að notum í vinnu hans að þessum málum.

Ég vil vekja athygli á því eins og aðrir hafa gert að hér liggja fyrir tvær tillögur um þetta sama efni og það sýnir mér að fleiri en við kvennalistakonur höfum áhuga á málinu og ég vona sannarlega að jafnvel megi samræma þessi mál í nefnd og að um þau náist góð samstaða allra kvenna í þinginu, bæði kvenna í stjórn og stjórnarandstöðu og vonandi karla líka því að þetta er mál sem allir virðast vilja leysa og nú er að sýna pólitíska viljann í verki. Konur þurfa jöfn laun og jöfn völd ef raunverulegt jafnrétti kynjanna á að komast á.

Vegna orða hv. þm. Péturs Blöndals tek ég fram eins og ég hef útskýrt í ræðu minni að það er rangt að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu störf eins og þær tölur sýndu sem ég nefndi áðan. Þá vil ég taka

fram að hv. þm. á mjög mikið ólært að mínu mati um jafnrétti kynjanna. Ég hef staðið í kvennabaráttu í mjög mörg ár og kynnt mér fjölmargar rannsóknir á þessu sviði sem sýna hver á fætur annarri að kynferði eitt og sér skýrir misréttið og í launamálum hefur komið fram í þessari nýjustu íslensku könnun að það eru 16% sem bara kynferðið skýrir. Við konur erum orðnar mjög þreyttar á því að hlusta á meðvitundarlausa karlmenn segja okkur að við þorum bara ekki og við þurfum að fá meiri sjálfsvirðingu og sjálfstraust. Konur eru búnar að mennta sig, þær hafa fullt sjálfstraust og við gerum kröfu um að fá jöfn völd og sömu laun og karlar.

Við kvennalistakonur höfum ávallt sagt að við værum tilbúnar að leggja okkar samtök niður þegar þau væru orðin óþörf og þegar stjórnmálaflokkarnir hefðu sýnt að þeir eru farvegur fyrir völd kvenna. Konum fjölgaði ekki hjá Alþingi í þessum kosningum og stjórnmálaflokkarnir hafa allir um það bil eða undir 20% þingmanna að Þjóðvaka undanskildum og Kvennalistanum. Þetta er ekki nóg að okkar mati og við viljum sjá fleiri konur sem þingmenn stjórnmálaflokka og það verða að vera konur sem láta jafnréttismálin til sín taka. Þá fyrst er markmiði Kvennalistans náð.

[17:30]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi leiðrétta smámisskilning sem fram kom í máli hv. 19. þm. Reykv. í ræðu hennar rétt í þessu. Það voru ekki mín orð að verkalýðshreyfingin væri alveg saklaus í þessum málum. Það sem ég var að tala um var að ég teldi vitlaust að kenna henni sem slíkri um það hvernig þessi mál standa. Það var það eina sem ég vildi koma á framfæri.

Ég vil einnig koma því á framfæri úr því að ég hef hér tækifæri til þess og misnota aðstöðu mína og bið forseta afsökunar á því að það hefði ekki verið hægt fyrir Kvennalistann jafnvel þó að honum hefði dottið það í hug að biðja um tvöföldun á tíma af því að hér er um að ræða þáltill. þannig að það er mál sem við þurfum að taka til meðferðar þegar við breytum þingsköpunum með haustinu, þeir sem í það fara.

En ég vildi sem sagt koma þessu á framfæri í sambandi við verkalýðshreyfinguna að ég tel að málið liggi þannig að hún hafi oft legið undir ámælum að ósekju.

[17:31]

**Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir)**:

Herra forseti. Ég vil þakka öllum þeim sem tekið hafa þátt í umræðunni fyrir framlag þeirra. Það hefur margt komið til umræðu, svo sem mismunandi sjónarmið sem eru auðvitað af hinu góða. Mig langar til að gera athugasemd við eða taka til umræðu örfá atriði og þá er fyrst að nefna það atriði sem fram kom hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur þar sem hún vék að þeirri hættu að starfsmat geti orðið til þess að staðfesta lág laun kvenna. Vissulega er ákveðin hætta í því að ef ekki er gengið að starfsmati með það fyrir augum að leiðrétta launamun kynjanna fylgi því engar breytingar. Það er nokkuð langt síðan það starfsmat sem lagt er til grundvallar hjá sveitarfélögunum var fyrst unnið. Það hafa verið gerðar á því breytingar en mér er ekki kunnugt um að það hafi skilað konum neinum sérstökum árangri enda ekki tilgangurinn að draga úr launamun kynjanna. Þess vegna þarf að nálgast starfsmatið með það fyrir augum að það sé megintilgangurinn og menn viðurkenni að í starfsmati felist óréttlæti og óeðlileg mismunun milli kynjanna.

Það er auðvitað rétt sem fram kom hjá hæstv. félmrh. að íslenskar konur hafa sótt fram á mörgum sviðum og ekki síst í því að mennta sig en því miður er staðreyndin sú að öll sú menntun og öll sú mikla fjárfesting sem liggur í menntun kvenna hefur ekki skilað sér. Það hefur ekki skilað sér í launajafnrétti eða hærri launum kvenna. Því var mjög haldið að konum fyrir svo sem 20 árum að leiðin til þess að ná fullum þegnrétti og leiðin til þess að konur fengju að njóta sín í samfélaginu væri sú að mennta sig og auðvitað njóta allir góðs af menntun. Það er mín skoðun að menntun sé til góðs en hún hefur ekki leitt af sér aukið jafnrétti í þjóðfélaginu, því miður, heldur blasir sú staðreynd við okkur, og það er ekki bara þessi könnun sem kom í vetur heldur margar aðrar sem hafa leitt það í ljós, m.a. könnun sem BHMR lét vinna fyrir nokkrum árum að því meiri sem menntunin er þeim mun meira er launabilið. Þetta er mjög merkileg og mjög sérkennileg staðreynd sem þarf að kanna.

Ég tek undir það sem fram hefur komið hér að það er vissulega ástæða til þess að rannsaka orsök launamisréttisins. Hvað er það sem liggur á bak við, hvaða skoðanir, hvaða mat? Ég vil beina því til hæstv. félmrh. að hann láti fara fram slíka rannsókn. Þetta er eins og annað sem er líka brýnt að rannsaka, t.d. orsakir atvinnuleysis því þetta eru ekkert einföld mál. Í því samhengi vil ég minna á það enn einu sinni að það launabil sem við stöndum frammi fyrir núna er ekkert nýtt. Þetta er nákvæmlega sama launabilið og var um síðustu aldamót og sama launabilið og hér var á 13. öld. Þannig að við spyrjum: Er þetta ekki eitt af lögmálum samfélagsins, eldgamlar hefðir sem við erum að glíma við, eldgamalt mat?

Þær tillögur sem við höfum lagt fram eru fram komnar sem innlegg í þá umræðu og þá vinnu sem vonandi er farin af stað og er fram undan á vegum hins opinbera en við erum ekki síst að leggja áherslu á ýmislegt það sem ekki hefur verið í umræðunni, tengsl við félagslegar aðgerðir og það að fylgja betur eftir þeim lögum sem eru í gildi og herða viðurlögin, að gera aðilum vinnumarkaðarins, vinnuveitendum og þeim sem ráða fólk til starfa, ljóst að það gilda lög í landinu og það er óheimilt að mismuna fólki eftir kynferði. Það er einfaldlega óheimilt og þeim ber að taka á þeim málum.

Það var spurt hér hvað hefði mistekist ef við horfum 20 ár aftur í tímann — 25 ár síðan rauðsokkahreyfingin kom fram, 20 ár síðan útifundurinn mikli var haldinn á Lækjartorgi eins og hefur verið rifjað upp í þessum ræðustóli. Að mínum dómi hefur kannski ekkert mistekist það gengur bara svo hægt að ná fram breytingum. Fulltrúar okkar kvennalistakvenna, sem höfum átt sæti á Alþingi um 12 ára skeið, hafa lagt

fram tillögur ár eftir ár í þá veru að taka á launamálum kvenna og launamisréttinu. Fæstar þeirra hafa náð fram að ganga. Það hefur einfaldlega hvorki verið áhugi né skilningur á þessu málefni en vonandi er það að breytast. Vonandi erum við að horfa upp á breytingar og það tengist áreiðanlega þeirri miklu mannréttindaumræðu sem hér hefur sprottið upp eins og víða annars staðar og því að Íslendingar eru að átta sig á því að við erum hluti af stærri einingu, við erum hluti af heiminum og við getum ekkert haldið uppi einhverju misréttisþjóðfélagi og brotið sáttmála sem við *höfum skrifað undir*. Við komumst bara ekkert upp með það að framfylgja ekki alþjóðasáttmálum og eigum ekki að gera það að sjálfsögðu. Við eigum að standa við það sem við höfum skrifað undir, við höfum ekki horfst í augu við það að hér er mannréttindum ekki framfylgt. Þetta er mannréttindabrot gagnvart konum að greiða þeim lægri laun og að mismuna þeim á vinnumarkaðinum vegna þess að þær eru konur.

Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Pétri Blöndal um að það þurfi að breyta mati kvenna á sjálfum sér og það þurfi að breyta skoðunum karla á konum og skoðunum kvenna á öðrum konum. (**Gripið fram í:** Karla á konum.) Ég nefndi það, karla á konum. (**Gripið fram í:** Karla á körlum.) Og karla á körlum, jú, mikil ósköp við þurfum að skoða okkar sjónarmið hvert til annars en við megum ekki gleyma því að við erum að fást við viðhorf og hefðir og vissulega er sjálfsmynd margra kvenna veik og það hefur sýnt sig að þegar þær eru að meta sjálfa sig til launa meta þær sig lægra en karlar og karlar leyfa sér að bjóða konum upp á lægri laun en körlum. Þetta kemur allt inn á viðhorf og gildismat sem þarf að breyta.

Þær tillögur sem við höfum mælt fyrir ganga allar í þá átt að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði og í þá veru að draga úr og loks að afnema launamisrétti kynjanna sem er við lýði. Auðvitað fögnum við öðrum tillögum sem fram koma og hugmyndum sem annaðhvort gætu flýtt þessari för eða orðið til þess að enn betur takist til en aðalatriðið er þetta, sem ég nefndi í minni fyrri ræðu, að það má ekki bíða að taka á þessu máli. Við erum að sjálfsögðu reiðubúnar til þess að leggja hæstv. félmrh. lið í þeirri vinnu sem fram undan er og munum að sjálfsögðu fylgjast mjög grannt með því hvernig hann stendur við þau orð sem hann hefur hér látið falla og hvernig hann sýnir vilja sinn í verki til þess að taka á launamisrétti kynjanna.

**Útbýting þingskjals:**
Matvæli, 15. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 15.

[17:40]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það vill svo til að við vorum að senda frv. til stjórnskipunarlaga á þskj. 1 til nefndar fyrr á þessum fundi. 3. gr. þess frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna."

Þetta tel ég að sé forskrift sem við komum ekki til með að horfa fram hjá. Þetta er ákvörðun okkar um að þetta skuli standa í okkar stjórnarskrá og stjórnarskrá er sá rammi sem við eigum að fara eftir í löggjöf okkar og breytni.

Mér hafa fundist þetta vera fróðlegar umræður og býsna frjóar og ég vil fyrir mitt leyti þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um málið. Mér hafa reyndar fundist eftir á að hyggja ofurlitlar þversagnir í sumu sem hér hefur verið sett fram og á sumu hef ég verið nokkuð undrandi. Hv. 5. þm. Reykn., Rannveig Guðmundsdóttir, fullyrti að það væri launamunur í ráðuneytunum. Nú veit ég ekki hvernig það er í því ráðuneyti sem ég stýri, félmrn., en mér finnst hart til þess að vita ef um kynbundið launamisrétti er að ræða í félmrn. eftir að tveir slíkir kvenskörungar hafa haft þar forræði í nær átta ár. Þetta finnst mér óviðunandi ástand og mun kíkja á þetta við tækifæri.

Svo getur maður spurt sig út af orðum sem hv. 8. þm. Reykv. lét hér falla og vitnaði til atvinnuleysistalna. Ef konur eru ódýrari vinnukraftur en karlar, þ.e. ef konum er borgað lægra kaup eða þær sætta sig við lægra kaup í rauninni en karlar, eru þær þá ekki æskilegri vinnukraftur frá sjónarmiði atvinnurekandans? Ég hefði haldið að svo væri fljótt á litið bara af mínu búviti því ég veit að konur eru jafnhæfur starfskraftur og karlar til allflestra starfa og sums staðar miklu betri. Svona eru álitamálin mörg.

Hv. 16. þm. Reykv. taldi að opinberi geirinn stuðlaði sérstaklega að launamun af því að arðsemiskröfur væru ekki gerðar þar. En hvað gerir einkageirinn? Ég er ekki alveg tilbúinn að fallast á þessa skoðun. Hvað gerir einkageirinn? Hv. þm. lýsti því sjálfur að hann hefði stýrt litlu einkafyrirtæki, litlu fyrirtæki, ég reikna með að það hafi verið í einkageiranum, og hann sá það á stúlkunum þegar þær komu og báðu um vinnu, nýkomnar út úr háskólanum, að þær mundu verða óléttar á næstu þremur árum, kannski bara strax eftir níu mánuði. Mér skildist að hann teldi þeim það ekki til tekna því það kostaði 300–500 þús. að þjálfa starfskraft í staðinn. Ef það kostar svona mikið að þjálfa starfskraft í staðinn þá eru þessir ritarar áreiðanlega vel borgaðir í einkageiranum.

Ég held að það sé ekki þægilegt að gefa nein algild svör í þessu vandamáli, ekki neina algilda lækningu og ég hef hana a.m.k. ekki á reiðum höndum. Ég held að við eigum að sameinast um það að leggja höfuðin í bleyti og ég fagna góðum orðum hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, nýkjörins formanns félmn., og ég vonast eftir að eiga gott samstarf við hana og vænti þess að hún leggi mér vasklega lið við lagasmíð í félmn. á næstunni.

Lág laun eru ekkert sérmál kvenna. Það er ekkert leyndarmál að launabil á Íslandi er of mikið. Það er ekki eingöngu bundið við kvennastéttir. Við höfum verið að horfa upp á dæmigerða karlastétt, Bifreiðastjórafélagið Sleipni, sem á í kjaradeilu. Það er upplýst að þar eru líka lág laun, lágu launin eru ekki ein-

göngu bundin við kvennastéttir, þ.e. strípaðir taxtar.

Ég vil svo að endingu, herra forseti, segja það að á meðan ég er í þessu ráðuneyti jafnréttismála mun ég setja metnað minn í það að reyna að standa mig betur í þessum launamunarmálum en þeir hv. þrír jafnréttisráðherrar sem verið hafa næst á undan mér.

Að lokum þetta: Ég tel að það sé siðleysi að borga öðru kyninu lægri laun en hinu fyrir hliðstæða vinnu.

[17:47]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að ég sæi á stúlku að hún yrði ólétt eftir þrjú árin heldur sagði ég að það væru 80% líkur á því að hún mundi fara í barneignarfrí á næstu þremur árum. Það er mikill munur þar á og þetta er bara eitthvað sem hægt er að reikna út.

Svo var einnig það að hæstv. ráðherra trúði því ekki að misrétti ætti sér aðallega stað í opinbera geiranum og benti á einkageirann. Það er rétt, einkageirinn hefur líka stundað misrétti en það er vegna þess að í einkageiranum hefur oft og tíðum ekki heldur verið krafa um aðsemi. Það er nýtilkomið eftir að verðbréfamarkaðurinn kom upp að aðalfundir eru farnir að gera kröfur til stjórna fyrirtækja að þau séu rekin með aðsemi í huga. Og það er von þeirra sem vonast til að það verði hérna jafnrétti á milli karla og kvenna og jafnrétti milli fólks yfirleitt.

Þau mál sem hafa komið upp í sambandi við misrétti, þau mál sem hneyksla almenning í landinu, eru oft og tíðum stöðuveitingar á vegum hins opinbera. Ég þarf ekki að minna á þessi nýju mál sem hafa komið upp. Þar voru eingöngu karlar um hituna. Þess vegna komu konur ekkert inn í þá umræðu. En þær áttu að sjálfsögðu að blanda sér í þá umræðu af hverju ráðinn var óhæfari einstaklingur, að margra mati, fyrir sömu laun því það er nefnilega sami anginn og Kvennalistinn hefur verið að berjast á móti, þ.e. misrétti einstaklinga, en sýnir akkúrat það hvað „pólaríseringin" að líta á karla og konur á móti hvoru öðru leiðir menn á þær villigötur að þeir sjá ekki vandann sem er misrétti milli fólks. Ég vil benda mönnum endilega á það.

Varðandi það sem hæstv. félmrh. sagði um vel borgaða ritara þá kostar mikið að skipta um fólk. Það þarf að auglýsa, það þarf að ráða nýjan starfsmann, það þarf að kenna honum, hann gerir villur. Mitt mat er það, og ég hef reiknað það út, að það kosti svona 300 þús. kr. að skipta um ritara. Það er ekki vegna þess að launin séu svo há heldur vegna þess kostnaðar sem ég gat um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:51]

***Umræður utan dagskrár.***

Ástand á geðdeildum og sumarlokun sjúkrahúsa.

[18:01]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Um helgina var vakin athygli á því í Morgunblaðinu að lokanir á geðdeildum Landspítalans í sumar sem hefjast 1. júní nk. vegna sparnaðar muni leiða til ófremdarástands. Þetta er álit yfirlæknis geðdeildarinnar. Loka þarf fjórum af átta almennum geðdeildum. Lokanirnar verða til þess að veikari sjúklingar koma inn og þeir eru útskrifaðir fyrr en æskilegt væri. Eftirmeðferðardeildum verður einnig lokað svo nauðsynleg framhaldsmeðferð fæst ekki sem getur haft alvarlegar afleiðingar. Í blaðinu er lýst vanda geðsjúkra og aðstandenda þeirra nú. Vegna eðlis sjúkdómsins og fordóma sem enn ríkja í garð hans er hætt við að hvorki sjúklingarnir né aðstendendur láti í sér heyra.

Vegna þeirra og annarra sem lokanirnar bitna á er nauðsynlegt að vekja athygli á þessu ástandi hér. Það er nú komið að þeim því miður árvissa tíma þegar sjúkir, aldraðir og fatlaðir og aðstendendur þeirra fá hnút í magann og velta fyrir sér hvernig þeim muni reiða af. Hvíldarinnlögnum mun fækka, þeir sem vinna umönnunarstörfin heima fá ekki sína hvíld, biðlistar sjúkrahúsanna lengjast og álag á starfsfólk eykst. Það er enginn öfundsverður við þessar aðstæður, hvorki þeir sem þurfa að taka ákvarðanir um lokanir né þeir sem þær bitna svo óþyrmilega á. Er ekki kominn tími til að endurskoða þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í rekstri heilbrigðisstofnana okkar? Það hlýtur að vera hagkvæmara að halda stóru sjúkrahúsunum gangandi hér í Reykjavík allt árið um kring með fullum afköstum. Við verðum að forgangsraða verkefnum, hætta að fjárfesta í steypu og setja fé frekar í að halda þessum sjúkrahúsum í fullum rekstri. Það eru rangar áherslur að dreifa fjármagni eins og nú er gert.

Í skýrslu starfshóps um málefni sjúkrahúsa frá 1993, sem fyrrv. heilbrrh. skipaði, kemur fram að næg hjúkrunarrúm séu til í landinu. Þau séu of mörg úti á landi en of fá á höfuðborgarsvæðinu þar sem 60% þjóðarinnar býr. Þar segir einnig að kostnaðurinn við litlu sjúkrahúsin úti á landi sé of mikill miðað við þjónustuna sem þau veita. Í skýrslunni er áætlað að 600–800 millj. séu vannýttar í þessu sambandi. Þarf ekki að skoða þessa skýrslu nánar? Stjórnendur sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu hafa haldið því fram að fé til sjúkrahússrekstrar sé ranglega skipt og það sé ekki í samræmi við þá þjónustu sem þau veita.

Landlæknisembættið er nú farið að fylgjast betur með biðlistum en áður til að meta áhrif sumarlokana. Samkvæmt upplýsingum frá embættinu kemur fram að biðtími eftir aðgerðum sé yfirleitt að lengjast. Frá miðju ári 1994 til 15. jan. sl. höfðu biðlistar lengst að meðaltali um 10%. Þá biðu um 2.000 manns eftir aðgerðum á Borgarspítalanum. Sparnaðurinn hjá Ríkisspítölunum nú er álíka og árið 1992 sem er allmiklu meiri en tvö síðustu ár. Á Borgarspítalanum er sparnaðurinn svipaður og áður. En þar hefur verið hagrætt og sparað mjög mikið undanfarið. Starfsfólki hefur fækkað um 40 stöðugildi svo nú er færra fólk að veita sömu þjónustu. Langvarandi álag á starfsfólk er mjög mikið og hafa menn áhyggjur af því hvort það takist að vera réttu megin við öryggismörk gagnvart sjúklingum. Það er óþolandi að slíkt ástand sé viðvarandi.

Ég veit að hæstv. heilbrrh. hefur haft lítið tóm til að fara í þessi mál á þeim stutta tíma sem hún hefur verið í embætti en leita þó svara við eftirfarandi spurningum:

*Verður gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir* það ófremdarástand sem virðist ætla að skapast á sjúkrahúsum vegna sumarlokunar deilda?

Verður komið til móts við þá sem annast sína nánustu heima vegna þessa ástands?

Er hæstv. ráðherra tilbúinn að endurskoða sumarlokanir á t.d. geðdeildum, endurhæfingar- og eftirmeðferðardeildum í samræmi við þær áherslur sem hæstv. ráðherra hefur lagt á forvarnir?

Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að endurskoða sérstaklega fjárveitingar til sjúkrahúsanna hér í Reykjavík í samanburði við sjúkrahúsin úti á landi miðað við þá þjónustu sem þau veita?

Hvert er mat hæstv. ráðherra á því hvaða áhrif sumarlokanir undanfarin ár og annar sparnaður á sjúkrahúsunum hafi haft á öryggi og velferð sjúklinga?

*Telur hæstv. ráðherra að um raunsparnað sé að ræða* við lokun á deildum yfir sumarmánuðina þegar horft er til afleiðingar þeirra bæði félagslegra og heilsufarslegra?

Herra forseti. Þingflokkur Þjóðvaka hefur í dag sent bréf til stjórnar stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík og óskað eftir faglegu mati þeirra á áhrifum sumarlokana, raunsparnaði og öryggi sjúklinga og beðið um að það *liggi fyrir áður en þing fer heim nú í vor.*

[18:06]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegi forseti. Hér kveður sér hljóðs hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vegna vanda sem skapast kann við lokanir deilda á sjúkrahúsum á Reykjavíkursvæðinu. Upplýsingar í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum þess efnis að sumarlokanir Ríkisspítala *kæmu sérstaklega og alvarlegast niður á geðdeild* hafa að vonum vakið athygli og ugg í brjóstum manna því sá erfiði sjúkdómur er ekki aðeins erfiður sjúklingnum heldur aðstandendum öllum og þolir því meðferð erfiðra tilfella oft á tíðum enga bið og mikilvægt er að grípa inn í strax við upphafseinkenni sjúkdómsins.

Spurt er hvort ráðherra muni grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir það ófremdarástand sem skapast kann.

Svar: Heilbr.- og trmrn. bárust fyrr á þessu ári tillögur stjórnarnefndar um hvernig ná skyldi sparnaði að upphæð 220 millj. kr. á árinu 1995. Í framhaldi af viðræðum heilbrrh. og fjmrh. í fyrrv. ríkisstjórn var samþykkt að heimila stjórnarnefnd að hverfa frá þeim áformum um sparnað sem erfiðastur yrði. Þannig var ákveðið að hætta við að loka öldrunarlækningadeild og gera ráðstafanir til að lokanir á öðrum deildum yrðu aðeins helmingur þess sem ella hefði orðið. Til þess að svo mætti verða var fallist á að gera tillögu um 80 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til spítalans. Þegar þetta lá fyrir var því orðið samkomulag um að sumarlokanir yrðu svipaðar og undanfarin ár.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem nú hafa komið fram hefur ráðherra farið yfir sumarlokanir með forráðamönnum Ríkisspítala. Niðurstaða þeirra er að ekki eigi að skapast það ófremdarástand vegna sumarlokana. Ég sem heilbrrh. er hins vegar tilbúin að taka upp viðræður við fjmrh. í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir.

Spurt er: Telur ráðherra að sumarlokanir á geðdeildum, þar sem sjúklingar fá ekki nauðsynlega þjónustu og eftirmeðferð vegna mikils samdráttar í endurhæfingu vera í samræmi við þær áherslur sem hæstv. ráðherra hefur lagt á forvarnir?

Svar: Ég mun sem ráðherra beita mér fyrir því að sumarlokanir á geðdeildum komi sem allra minnst *niður á nauðsynlegustu þjónustu og eftirmeðferð* sjúklinga enda tel ég mig nú þegar hafa fengið fullnægjandi tryggingu fyrir því frá forsvarsmönnum Ríkisspítalanna að svo muni ekki verða. Ég er hins vegar reiðubúin til að skoða málið. Því skal við bæta að það á ekki að draga úr starfsemi geðdeildar Borgarsjúkrahússins.

Svo spyr hv. þm.: Er ráðherra tilbúinn að endurskoða *sérstaklega fjárveitingar til* sjúkrahúsanna á hér í Reykjavík í samanburði við sjúkrahúsin úti á landi?

Svar: Mér er ljós vandi sjúkrahúsanna í Reykjavík vegna þeirrar bráðaþjónustu sem þau veita og þeirrar sérhæfðu þjónustu sem veitt er óvíða annars staðar eða hvergi. Það þarf því að sjá til þess að þessi mikilvæga starfsemi fái nauðsynlegt rekstrarfé. Hér er hins vegar um flókið mál að ræða því að samtímis sinna sjúkrahúsin *út á landi veigamikilli þjónustu* við heimabyggðir. Þessi sjúkrahús hafa ekki síður en sjúkrahúsin í Reykjavík þurft að taka á sig niðurskurð á undanförnum árum og fengum við umræðu um það í gær. Það er hins vegar nauðsynlegt að samræma betur hvernig dreginn er saman rekstur sjúkrahúsa.

Fjórða spurningin er: Verður komið til móts við aðstandendur sjúklinga sem þurfa að annast sína nánustu *heima meðan þetta ástand ríkir*?

Svarið er: Já, það verður gert. Heilbrrn. hefur á undanförnum árum aukið verulega framlög til heimahjúkrunar og hvíldarinnlagna á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Samtímis hefur heimahjúkrun verið aukin á heilsugæslustöðvum um allt land. Hvað varðar Reykjavíkursvæðið hefur verið veitt sérstök fjárveiting til aukningar heimahjúkrunar og hvíldarinnlagna, 25 millj. kr. árið 1994 og 31,5 millj. kr. árið 1995. Standa vonir til að takast muni að mæta öllum óskum um hvíldarinnlagnir á þessu sumri.

Síðan kemur síðasta spurning frá hv. þm.: Telur ráðherra að um raunsparnað sé að ræða við að loka deildum yfir sumarmánuði þegar horft er til afleiðinga þeirra, bæði félagslegra og heilsufarslegra? Svarið er þetta: Það er ljóst að aldrei verður hjá því komist að einhverjar lokanir eigi sér stað á sjúkrahúsum því útilokað er að fylla allar stöður af faglærðu fólki á meðan sumarleyfi ganga yfir. Almennt er það mín skoðun að lokanir megi ekki leiða til óvissuástands fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra. Og biðlistarnir hafa lengst, það er rétt sem hv. þm. sagði, eftir mjög mikilvægum aðgerðum og af því hef ég sérstakar áhyggjur.

[18:11]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Herra forseti. Það er eftirtektarvert hversu vandamálin verða nú allt í einu flókin og viðamikil og viðkvæm í augum hæstv. heilbrrh. sem hér fyrir örfáum mánuðum síðan, þá sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir, taldi þessi sömu vandamál auðleyst og lítinn vanda í sjálfu sér ef á þeim yrði tekið með festu og öryggi, eins og hún orðaði það gjarnan á þeim tíma. Nú er þetta orðið flókið, þetta þarf að skoða og velta yfir þessu vöngum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað hefur breyst á þessum örfáu mánuðum sem gera málin svona erfið viðureignar og þannig úr garði gerð nánast að hún er sjálf, hæstv. ráðherra, ráðalaus? Hennar ráð voru hér í þessum ræðustóli að tala við hæstv. fjmrh. Ekki var það nú mjög stórmannlegt hjá hæstv. ráðherranum að svara hv. þingheimi því einu að hún ætli að eiga tal við fjmrh.

Ég vil líka taka undir með hv. málshefjanda að það rifjast upp að 1993 á haustdögum, að hér var til umræðu skýrsla ein um stöðu sjúkrahúsanna í landinu og skilgreiningu þeirra og maður hlýtur að árétta þá spurningu sem fram kom: Hver er afstaða hæstv. ráðherra til þeirrar skýrslu þar sem m.a. er vakin athygli á því að mörg sjúkrahús úti um land væru vannýtt á sama tíma og hér væru langir biðlistar? Hún hefur sagt það opinberlega í fjölmiðlum að hún gæti hugsað sér það að endurskipuleggja og skilgreina upp á nýtt hlutverk þessara sjúkrastofnana. Á hvern veg er það hugsað og hvenær má vænta þess að tillögur, markvissar, í þá veru komi fram? Með öðrum orðum, hver eru úrræði hæstv. ráðherra önnur en þau að tala við hæstv. fjmrh.?

[18:13]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram var vakin athygli á því nú um helgina í fjölmiðlum að til stæði að loka fjórum af átta geðdeildum Landspítalans í sumar vegna sparnaðar á sjúkrahúsunum. Morgunblaðið tók málið fyrir í Reykjavíkurbréfi og fór mjög hörðum orðum um þessa fyrirhuguðu aðgerð með þeirri niðurstöðu að svona geri maður ekki. Það má öllum ljóst vera að hér er um sparnaðaraðgerð að ræða sem haft getur mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þá sjúklinga sem í hlut eiga og ekki síður fyrir aðstandendur þeirra. Hlé á meðferð geðsjúkra getur valdið óbætanlegu tjóni.

Það er staðreynd að stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík hefur verið gert að spara svo mikið að þjónustan er sums staðar komin að öryggismörkum. Fyrrv. ríkisstjórn beitti vægast sagt handahófskenndum niðurskurðaraðgerðum í heilbrigðiskerfinu en slíkum vinnubrögðum verður að linna. Það þarf að marka stefnu og breyta áherslum þannig að hægt sé að halda uppi nauðsynlegri þjónustu. Og ég spyr: Skilar lokun af því tagi sem þarna er fyrirhuguð einhverjum sparnaði í raun þegar til lengri tíma er litið? Ég vil skora á hæstv. heilbrrh. að sjá til þess að ekki komi til lokunar geðdeildar Landspítalans og mér heyrist að hún sé að kanna málið og ég vil vissulega gefa henni tíma til þess að vinna að þessu máli. Það verður einfaldlega að útvega það fjármagn sem til þarf. Ef efnahagsbatinn á einhvers staðar að skila sér er það meðal þeirra sem verst standa að vígi í samfélaginu og geðsjúkir eru vissulega í þeirra hópi.

Það verður að breyta um stefnu varðandi sjúkrahúsin hérna í Reykjavík. Þau sinna mjög mikilvægu hlutverki og við verðum að breyta áherslum til lengri tíma litið í heilbrigðiskerfinu og spara fjármagn á öðrum stöðum þannig að það sé hægt að veita þá þjónustu sem nauðsynleg er og við þurfum að vinna sameiginlega að því hér á hinu háa Alþingi að taka á okkar heilbrigðismálum og það er mjög brýnt að breyta þar um áherslur.

[18:16]

**Lára Margrét Ragnarsdóttir:**

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur verið reynt að sporna við útgjaldaaukningu í heilbrigðisþjónustunni jafnt sem í öðrum rekstri ríkisins. Ýtrasta aðhalds hefur verið krafist og þessum kröfum hefur verið mætt með hagræðingu og aðhaldi, sem m.a. tekur til lokana sjúkradeilda. Jákvæður árangur hefur náðst á mörgum sviðum í rekstrarformi, en það verður að hafa í huga að þjóðinni fjölgar og öldruðu fólki hefur fjölgað og enn fremur hefur ný og betri tækni gefið möguleika á lækningu sem er árangursríkari en áður. Þessar lækningar lengja ekki aðeins lífið heldur bæta gæði þess þannig að einstaklingar sem annars hefðu orðið öryrkjar eru í dag frískir og fullvinnandi. Það er því eðlilegt að álykta sem svo að meta eigi til fjár þá framleiðslu sem heilbrigðisþjónustan innir af hendi.

Ég vil ekki eingöngu skoða sumarlokanir geðdeilda í því samhengi að einblína á þær lokanir þó að það sé mjög viðkvæmt mál, heldur vil ég líta á sumarlokanir deilda í heildarsamhengi sínu vegna þess að ég tel að staða stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík sé þannig í dag að það sé ekki unnt að krefjast frekari sparnaðar af þeirra hálfu. Ástandið á þessum stofnunum er orðið nánast óbærilegt fyrir sjúklinga og starfsfólk. Biðlistar lengjast, fólk sem annars væri vinnufært bíður heima eftir plássi og meðan hlutar deilda eru lokaðir fyllast ekki aðeins þær stofur sem eru notaðar, heldur eru gangar á tíðum troðfullir af illa höldnum sjúklingum.

Við höfum á undanförnum árum unnið út frá rammafjárlögum og flötum niðurskurði á öllum sviðum ríkisrekstrar. En eðli hinna ýmsu verkefna sem eru á vegum ríkisins er ekki hið sama. Ég tel að velflestir alþingismenn álíti það sjálfsagðan rétt manna að njóta heilbrigðisþjónustu þegar brýn þörf er á. Hins vegar ákveðum við ekki fyrir fram hvenær við verðum veik og því er ekki unnt að skipuleggja með mikilli nákvæmni magn þjónustunnar á hverju ári öfugt við ýmsa aðra þætti sem eru á verkefnaskrá ríkisins né heldur ákveða magnið eftir því, eins og ég hef áður sagt úr þessum stól, hvernig fiskast í sjónum hverju sinni.

Það vandræðaástand sem ríkt hefur á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík gefur fullt tilefni til að endurskoða bæði skipulag og ekki síst fjármögnun heil-

brigðisþjónustunnar í heild. Ég vil því hvetja heilbrrh. og fjmrh. til þeirrar endurskoðunar.

[18:19]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því þakka hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, 18. þm. Reykv., fyrir það frumkvæði að taka þetta mál hér á dagskrá. Ég bind einnig vonir við þau fyrirheit sem mér fannst liggja í svari hæstv. heilbrrh. um að þessi ráðstöfun yrði endurskoðuð í samráði við fjmrn. Sjálfum finnst mér ekki annað koma til greina en þessar ákvarðanir um lokun á geðdeildum Landspítalans verði teknar til baka. Úr ræðustóli hér var vitnað í orð Lárusar Helgasonar, yfirlæknis á Landspítalanum, og ég vil vitna enn frekar í þetta viðtal sem birtist 20. maí við hann í Morgunblaðinu. Hann segir, með leyfi forseta:

„Við teljum þetta gersamlega óábyrgar aðgerðir og þetta leiðir aðeins til þess að við verðum að taka inn mun veikara fólk. Undir venjulegum kringumstæðum þýðir það lengri dvöl sjúklinga en nú neyðumst við hins vegar til þess að útskrifa þá fyrr. Annað sem undirstrikar ábyrgðarleysi þessarar gjörðar er að eftirmeðferðardeildir verða líka lokaðar."

Síðar í viðtalinu segir hann: „Við sjáum því ekki fram á annað en einhverja vitleysu sem svo auðvitað mæðir fyrst og fremst á sjúklingum og aðstandendum þeirra. Það er jafnframt líklegt, þótt ég vilji ekkert fullyrða um það, að þetta muni leiða til aukinna sjálfsvíga því að þegar sjúklingar koma til okkar í örvæntingu, þá verðum við oft að segja þeim að ekkert pláss sé fyrir þá. Það má alltaf deila um hvar eigi að loka í heilbrigðiskerfinu, en þessi gjörningur verður gersamlega á ábyrgð stjórnmálamanna því þetta er þeirra ákvörðun."

Þetta eru stór orð og þetta eru þung orð en ég hef ekki ástæðu til að efast um sannleiksgildi þeirra og að mínu mati er læknirinn að sýna ábyrgð í starfi með því að segja stjórnmálamönnum hverjar séu líklegar afleiðingar gerða þeirra. Og nú er komið að stjórnmálamönnunum að íhuga með hvaða hætti þeir ætla að axla sína ábyrgð. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að mér finnst ekki annað koma til greina í ljósi þessara ummæla og þeirra upplýsinga sem liggja fyrir en að falla frá þessum ákvörðunum og ég vil láta þess getið að sem fulltrúi Alþb. og óháðra í heilbrn. mun ég beita mér fyrir því að þessi mál verði tekin þar til umfjöllunar.

[18:21]

**Sturla Böðvarsson:**

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt þó að hv. 18. þm. Reykv. beri hér upp þessar spurningar fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. í ljósi þeirra upplýsinga sem hafa komið fram um fyrirhugaðar lokanir á spítölum. En ég verð, hæstv. forseti, hins vegar að segja það að mér fundust athugasemdir og fyrirspurnir hv. málshefjanda nokkuð undarlegar satt að segja. Það var nokkur véfréttarstíll á því annars vegar og hins vegar finnst mér að hv. fyrirspyrjandi tali hér töluvert mikið út frá blaðafregnum, hafi ekki sjálf kynnt sér staðreyndir mála. Ég held að það sé afar mikilvægt að kallað sé eftir upplýsingum til heilbr.- og trn., til fjárln., frá Ríkisspítölunum til þess að fá staðfestingar á því sem hér er sagt að sé ábyrgðarleysi.

Það liggja fyrir fjárlög og það liggja fyrir tillögur og ákvarðanir stjórnenda Ríkisspítalanna um hvernig skuli farið með þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru og það er vissulega ekki síst á ábyrgð stjórnenda Ríkisspítalanna að gera tillögur um og taka ákvarðanir um hvernig þessir fjármunir verða notaðir. Mér finnst því að þessi umræða sé út af fyrir sig ekki óeðlileg en ég tel að það vanti mjög mikið af upplýsingum og forsendum fyrir þessari umræðu og það hafi ekki komið fram hjá hæstv. heilbrrh. það sem ég tel að þurfi að liggja fyrir þannig að málefnaleg og ábyrg umræða um þessi viðkvæmu og erfiðu mál geti farið fram.

Ég tel hins vegar ekki rétt sem kom fram óbeint frá hv. málshefjanda, að það beri að veitast eitthvað sérstaklega að fjárveitingum spítala annars staðar en hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef ekki orðið var við að þar væru miklir fjármunir afgangs, en ég legg áherslu á það, hæstv. forseti, að það á fyrst og fremst að leggja áherslu á það að ná samstarfi sjúkrahúsanna í landinu en ekki etja þeim saman.

[18:24]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla orðum síðasta ræðumanns að umfjöllun um þetta mál sé ekki byggð á nægilega traustum grunni. Ein helsta heimildin sem hér er vitnað til er Morgunblaðið og hver er svo heimildarmaður Morgunblaðsins? Það er yfirlæknir á Landspítalanum sem ber faglega ábyrgð á meðferð þessara sjúklinga sem þarna eiga í hlut. Er hv. síðasti ræðumaður að segja að þetta séu ómarktækar heimildir, Morgunblaðið annars vegar og yfirlæknir á viðkomandi sviði á Landspítalanum hins vegar? (**Gripið fram í:** Mikil er trú þín.) Ég held að þessar heimildir nægi alveg fullkomlega til að ræða þetta mál og vara við þeirri óhæfu sem hér á að fara að gera.

Staðreyndin er sú að maður hefur bundið við það nokkrar vonir, hæstv. forseti, að menn færu nú að endurskoða í heild sinni þessar svokölluðu sparnaðaraðgerðir sem eiga að felast í tímabundinni lokun starfsemi heilbrigðisstofnana á sumrin vegna þess að reynslan af því er afar tvíbent og það kemur í ljós að oft er fyrst og fremst verið að geyma vandamálin og safna þeim upp og hlaða þeim upp, lengja biðlistana og fresta óumflýjanlegum aðgerðum þannig að þegar upp er staðið er enginn sparnaður á ferðinni. Þetta hefur sýnt sig í mörgum tilvikum En auðvitað tekur steininn úr þegar mönnum dettur í hug að beita þessum aðgerðum gagnvart sjúkdómum af því tagi sem hér eiga í hlut. Það er alger óhæfa.

Hæstv. síðasti heilbrrh. varð frægur að endemum þegar hann lokaði fæðingardeildum og sendi með þriggja mánaða fyrirvara út þær orðsendingar að konur ættu að bíða með að fæða sín börn, þá gengnar væntanlega 6 mánuði á leið. Þetta þótti auðvitað fyndið, en sýndi í hnotskurn hvers konar endileysa þessar sparnaðaraðgerðir eru ef dæmið stendur svona. En um geðsjúkdómana gegnir allt öðru máli. Það er alger

óhæfa ef t.d. á að fara að loka deildum sem sinna eftirmeðferð geðsjúkra. Það hljóta allir að sjá. Svo fátæk erum við ekki orðin á Íslandi að við þurfum að henda slíku fólki út af heilbrigðisstofnunum. Og ég skora á hæstv. núv. heilbrrh. að afstýra því að við tökum risaskref aftur á bak í meðferð þessara mála á Íslandi, aftur til þeirra tíma sem menn skammast sín auðvitað fyrir eins og búið var að geðsjúkum víða um land á fyrstu áratugum þessarar aldar. Hæstv. heilbrrh. á að taka um þetta faglega ákvörðun og tilkynna hana fjmrh. Þetta er ekki mál sem menn ákveða uppi í fjmrn. heldur í fagráðuneytinu á faglegum grundvelli. Svona er ekki farið með geðsjúka á Íslandi.

[18:26]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það er með hálfum huga sem ég blanda mér í þessar umræður vegna þess að ég vil ekki verða til þess tvo daga í röð að færa úr skorðum hið fíngerða taugakerfi hæstv. heilbrrh. En auðvitað gefa þær fréttir sem hér hefur verið vísað til tilefni til þess að ræða þetta nokkuð.

Í hinum virta fréttamiðli, Morgunblaðinu, kemur það fram að yfirlæknir Landspítalans telur þessa lokun gjörsamlega óábyrga og telur jafnframt að það hafi aldrei þurft að skerða starfsemi geðdeildanna í líkingu við þetta. Nú er það svo, virðulegi forseti, að við þessu hefur hæstv. heilbrrh. eftirfarandi svör sem eru eiginlega þríþætt:

Í fyrsta lagi hún hefur áhyggjur af málinu. Í öðru lagi er hún reiðubúin til að skoða það og í þriðja lagi er hún líka tilbúin til að taka málið upp við hæstv. fjmrh.

Það er svo, herra forseti, að Alþfl. stóð fyrir erfiðum aðgerðum vegna nauðsynjar á aðhaldi í ríkisfjármálum á síðasta kjörtímabili. Þá var það einn flokkur sem gekk fram fyrir skjöldu og fór logandi eldi gegn þáv. hæstv. heilbrrh., Sighvati Björgvinssyni, og taldi honum flest til foráttu í þessu málum. Menn verða að standa ábyrgir sinna eigin orða og menn verða að sýna samkvæmni í orðum og gerðum og sú skylda hvílir líka á hæstv. núv. heilbrrh. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós að undir þeirri ábyrgð virðist hæstv. heilbrrh. einfaldlega ekki standa. Eins og hefur komið fram áður af hennar hálfu í umræðu þá vísar hún til hnúta sem Alþfl. hnýtti á stjórnartíð sinni. Það er svo, herra forseti, og ég undirstrika það, að núverandi hæstv. heilbrrh. heitir Ingibjörg Pálmadóttir en ekki Sighvatur Björgvinsson. Ef hæstv. ráðherra ætlar að fylgja sínum eigin orðum eftir með ábyrgum athöfnum þá getur hún ekki bara haft áhyggjur og verið tilbúin til að ræða málið, hún þarf að taka málið upp innan ríkisstjórnarinnar til þess að sýna fram á það að hún hafi fullan vilja til að fylgja eftir sinni eigin stefnu vegna þess að hún var á móti hinni stefnunni.

Þess vegna vil ég spyrja, virðulegi forseti: Hefur hæstv. heilbrrh. tekið málið upp í ríkisstjórn og beðið um auknar fjárveitingar?

Aðeins að lokum, herra forseti, vegna þess að hér hefur verið vísað í ummæli yfirlæknis um það að ástandið kunni að leiða til aukinna sjálfsvíga þá vil ég segja að þau ummæli læknisins tel ég ósæmileg, svo ekki sé meira sagt. Ég hef alls enga trú á því að yfirmenn Landspítalans, hvað þá sjálfur ráðherra, muni með nokkru móti taka þátt í aðgerðum sem leiða til þess. Ég kannast við svona aðferðir frá því Alþfl. var í ríkisstjórn.

[18:29]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Hér hafa menn komið inn á að nú væri komið að því að stjórnmálamenn þyrftu að taka ábyrga afstöðu. Það var gert í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og af fyrrv. heilbrrh. sem þá hafði taumhaldið á rekstri Ríkisspítalanna nokkuð í hendi sér og sá hvernig landið lá. Það er því nokkuð djarft teflt hér og nokkuð að ósekju deilt á núv. hæstv. heilbrrh. hvar hann stendur í þeim sporum sem fyrrv. heilbrrh. stóð. (**ÖS:** Í sömu skóm.) Jæja, gekk fyrrv. heilbrrh. í háhæluðum skóm. Ég vissi það ekki.

Vandi sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu liggur alveg ljós fyrir. Hann er sá að stór hluti þess fólks sem býr úti á landi og þarf í aðgerð á spítala fer ekki til þess spítala sem næstur er heldur kemur til Reykjavíkur. Við þekkjum dæmi af því sem fyrrv. heilbrrh. hafði orð á. Það var dæmi um það að í fullbúnum spítala norðanlands með fullkominni skurðstofu, með einni og hálfri læknisstöðu hefðu verið framkvæmdar 40 aðgerðir á þessari merku skurðstofu sem kostaði jú mikið fé. En hverjar voru þær? Það voru 39 vörtur fjarlægðar og ein holskurðsaðgerð. Málið er einfaldlega það í hnotskurn að það þarf að endurbyggja og endurskoða allt spítalakerfið hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er slíkt ófremdarástand bæði á Landspítalanum og á Borgarspítalanum. Það er ekki orðið hægt að bjóða hjúkrunarfólki þá aðstöðu sem þar er lengur. Við erum komin langt aftur í gráa forneskju varðandi aðbúnað fyrir heilbrigðisstéttina á þessum tveimur spítölum. Það að hafa tekið það upp að sameina Borgarspítalann og Landakot er umhugsunarefni, hvort ekki hafi verið stigið þar rangt spor í stað þess að byggja nýjan spítala.

En ég vil að lokum, hæstv. forseti, koma aðeins að því sem menn hafa verið að tala um varðandi heimahjúkrunina að það er mál út af fyrir sig og væri gott að fá upplýsingar um það hvað hún kostar. Hvað kostar heimahjúkrun í samanburði við það að takast á við byggingu hjúkrunarheimila og að fjölga þeim?

[18:32]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans við þeim spurningum sem fram komu í máli mínu og hv. þm. sem þátt tóku í umræðunni. Það er gott að ráðherrann er tilbúin að endurskoða ákvarðanir um sparnað ef það kemur í ljós að um ófremdarástand verður að ræða. Það er einnig gott að það verður hægt að mæta öllum þörfum um hvíldarinnlagnir. Ég fagna því.

Varðandi ummæli hv. þm. Sturlu Böðvarssonar þá vil ég minna á það sem kom fram í máli mínu áðan að þingflokkur Þjóðvaka hefur í dag kallað eftir upplýsingum og áliti um það ástand sem skapast á stóru

sjúkrahúsunum frá stjórnum þeirra. Þegar þær hafa borist okkur, sem vonandi verður áður en þinginu lýkur í vor, þá mun málið verða tekið fyrir og ég mun óska eftir að það verði tekið til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trmn. Ég vil einnig benda á að hv. þm. Sjálfstfl. taka undir að hér sé um ófremdarástand að ræða, hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir og Guðmundur Hallvarðsson.

Ég tel að umræða um endurmat og stefnumótun í heilbrigðisþjónustunni sé mjög aðkallandi. Það samdráttarástand sem við búum nú við gengur ekki lengur. Við verðum að huga að forgangsröðun verkefna og endurskoða skiptingu og nýtingu þess fjár sem til heilbrigðisþjónustunnar er varið. Við verðum að horfast í augu við það að fámenn þjóð eins og við höfum ekki efni á því að halda úti fullkomnum sjúkrahúsum víða. Við verðum að hætta að dreifa fjármagninu eins og ég sagði áðan og beita því þannig að það komi sem flestum að bestum notum og þá mun sparnaðurinn síðar bitna á þeim sem minnst mega sín. Þannig ættum við, hæstv. ráðherra, að komast hjá lokunum.

[18:34]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir ágætar umræður um þetta mikilvæga og viðkvæma mál sem hér hefur verið fjallað um. Flestir sem hafa tekið til máls hafa talað af nokkru raunsæi, þó mismunandi miklu. Ég vil minna á það að margra ára samdráttur í heilbrigðiskerfinu hefur ekki einungis bitnað á sjúklingum heldur starfsfólki líka. Mér finnst vera kominn tími til að því starfsfólki sem hefur tekið á sig geysilega mikla vinnu vegna þessa sparnaðar sé þakkað sérstaklega vegna þess að þetta fólk hefur einmitt bjargað því sem bjargað hefur verið í þessum miklu þrengingum.

Ég er spurð hér nokkurra spurninga sem ég ætla að reyna að svara. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spyr að því hvernig ég ætli að leysa málin. Ég held að honum hafi verið ljóst í gær hvernig hjúkrunardeilan var leyst. Ég vona að það hafi ekki farið fram hjá honum. Þetta mál verður einnig tekið til skoðunar. Hann gerði mjög lítið úr því að fjmrh. kæmi þetta við. En það er nú svo sérkennilegt að það þarf fjármagn til. Þetta sem er að gerast í dag er innan fjárlagarammans og til að fá meira fjármagn verður að vera samvinna innan ríkisstjórnarinnar til þess. Það hélt ég að hv. þm. þekkti.

Þetta eru þeir sömu hnútar og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á áðan sem er verið að leysa. Ég veit að þeir verða ekki leystir í einum grænum en þeir verða leystir einn af öðrum og það verður gert með samvinnu. Ég tel það mjög mikilvægt sem kom hér fram að það vantar meiri hagkvæmni og meiri samvinnu milli sjúkrahúsanna í landinu. Það er hárrétt sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði áðan, það vantar meiri samvinnu. Það vantar að nýta fjármagnið betur. Það á ekki að dreifa hátækninni út um allt. Það á að sérhæfa sjúkrahúsin. Það er alveg rétt að það er hægt að nýta sjúkrahúsin úti um landsbyggðina betur og það á að gera það. Biðlistarnir, sem ég talaði um áðan, eru langmestir hér á Reykjavíkursvæðinu. En margar þessar aðgerðir sem sjúklingar bíða eftir er hægt að gera úti á landi. Og það er ekkert lengra frá Reykjavík til Akraness en frá Akranesi til Reykjavíkur t.d. eða Keflavíkur.

Ég tel því mjög mikilvægt að aukin samvinna milli sjúkrahúsanna verði raunveruleiki. Þetta er jú allt fjármagn ríkisins og við verðum að nýta það betur.

[18:37]

**Össur Skarphéðinsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseta. Umræður utan dagskrár eiga m.a. að þjóna þeim tilgangi að hæstv. ráðherrar eru spurðir af þingmönnum og það er óskað eftir svörum. Ég varpaði mjög einfaldri spurningu til hæstv. heilbrrh. Hún var svofelld: Hefur hæstv. heilbrrh. tekið það upp í ríkisstjórn Íslands að veitt verði aukin fjárveiting til þess að draga úr þessum lokunum? Það fékkst ekki svar við þessari spurningu, herra forseti, þannig að ég á einskis annars úrkostar en að leggja fram fyrirspurn um þetta í þinginu til að reyna að draga fram þessi svör frá hæstv. heilbrrh.

**Útbýting þingskjals:**

Erfðabreyttar lífverur, 16. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 16.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 18:39.

---

## 6. FUNDUR

miðvikudaginn 24. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Fyrirspunir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Gjald af áfengi, stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Áfengislög, stjfrv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kvenna og karla, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.
7. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 14. mál, þskj. 14. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Matvæli, stjfrv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

9. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 16. mál, þskj. 16. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

10. Atvinnuleysistryggingar, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.

11. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Finnur Ingólfsson iðnrh.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.

## *Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Tilkynningar hafa borist um að eftirtaldar nefndir hafi kosið sér formann og varaformann:

Efh.- og viðskn. Formaður Vilhjálmur Egilsson og varaformaður Ágúst Einarsson.

Allshn. Formaður Sólveig Pétursdóttir og varaformaður Valgerður Sverrisdóttir

Landbn. Formaður Guðni Ágústsson og varaformaður Egill Jónsson.

Félmn. Formaður Kristín Ástgeirsdóttir og varaformaður Siv Friðleifsdóttir.

Sjútvn. Formaður Steingrímur J. Sigfússon og varaformaður Árni R. Árnason.

Menntmn. Formaður Sigríður Anna Þórðardóttir, varaformaður Hjálmar Árnason.

## *Tilkynning um utandagskrárumræðu.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Um kl. 2, að loknu 1. dagskrármáli, fer fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 11. þm. Reykn., Ágústs Einarssonar, um boðað verkfall á fiskiskipum. Hæstv. sjútvrh. verður til andsvara. Atkvæðagreiðslur verða svo að lokinni þeirri umræðu.

## *Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en gengið er til dagskrár og fyrirspurnir til ráðherra hefjast vill forseti rifja upp umræðureglurnar.

Fyrirspyrjandi og ráðherra mega tala allt að þrisvar sinnum, tvær mínútur í fyrsta sinn og eina mínútu í annað og þriðja sinn. Fyrirspurn má einungis beina til eins ráðherra í senn. Það eru eindregin tilmæli forseta að þingmenn og ráðherrar stytti mál sitt eins og kostur er. Ef tími er fullnýttur komast eingöngu fjórir þingmenn að.

Í þetta sinn verður hafður sami háttur á og verið hefur að þingmenn kveðja sér hljóðs með því að rísa úr sætum. En þess má geta að framkvæmd þessa ákvæðis verður til umræðu í forsætisnefndinni á næstunni og hugsanlegt er að einhverjar breytingar verði gerðar á því.

*Úrskurður umboðsmanns Alþingis um skráningargjald við Háskóla Íslands.*

[13:34]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntmrh. en tilefnið er það að umboðsmaður Alþingis hefur fellt úrskurð um skráningargjald við Háskóla Íslands. Í úrskurði umboðsmanns kemur fram að hann telji að í þeim reglum sem gilda eða í lögum um Háskóla Íslands geti ekki falist skattlagningarheimild. Því væri óheimilt, segir hér í endursögn Morgunblaðsins, að byggja ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjaldsins á skattalegum sjónarmiðum um almenna tekjuöflun til ríkisins.

Það er ljóst að hér er um að ræða mjög veruleg tíðindi og ákvarðanir um skólagjöld hafa þýtt það að þessar stofnanir hafa getað tekið til sín marga tugi milljóna kr.

Á síðasta kjörtímabili var deilt um þetta mál og ég hélt því þá fram aftur og aftur að það væru ekki réttar, lagalegar heimildir til að innheimta skólagjöld með þeim hætti sem ákveðið var. Því var mótmælt af páv. hæstv. ríkisstjórn. Nú sýnist mér að umboðsmaður Alþingis hafi tekið undir okkar sjónarmið í þessu efni og því spyr ég hæstv. menntmrh.:

1. Hvernig hyggst hann bregðast við úrskurði umboðsmanns Alþingis?

2. Hvað um skólagjöld í framhaldsskólum? Ég hygg að það sé auðvelt að sýna fram á það að þar skorti einnig lagastoð og hérna hafi skapast sú staða að þúsundir nemenda háskóla og framhaldsskóla geti höfðað mál til innheimtu á þessum fjármunum vegna þess að lög hafi ekki staðið til þess að leggja á þá skatta sem skólarnir hafa gert samkvæmt ákvörðun Alþingis í raun og veru aðeins í fjárlögum frá síðasta kjörtímabili.

[13:37]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. þessar tvær fyrirspurnir. Varðandi fyrri liðinn um það hvernig á að bregðast við þessu áliti umboðsmanns Alþingis, þá þarf að lesa það náttúrlega og kynna sér það rækilega. Það kemur fram í álitinu við lauslegan lestur minn á því en það barst mér í gærkvöldi að í sjálfu sér er ekki dreginn í efa lagagrundvöllur undir álagningu skrásetningargjalds í Háskóla Íslands. Hins vegar ræðir umboðsmaður það í þessu tilviki eins og öðrum þar sem um slíka gjaldtöku hefur verið að ræða að stofnunin þurfi að sýna fram á að gjaldið byggist á kostnaði sem hún verður fyrir og um það snýst þetta

mál að því er Háskóla Íslands varðar og þarf að sjálfsögðu að taka á því í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis. Hann dregur ekki í efa réttmæti þess að leggja á skrásetningargjaldið. Hann veltir fyrir sér hvernig upphæðin er fundin og með hvaða aðferðum menn ætla að komast að þeirri niðurstöðu að hún sé sú tala sem umræddur álitsbeiðandi þurfti að greiða á árinu 1992.

Ef hv. 8. þm. Reykv. hefði lesið álit umboðsmanns Alþingis, þá hefði hann séð að þetta á ekki við um framhaldsskólana. Lagaákvæði um framhaldsskólana er annars eðlis heldur en um Háskóla Íslands þannig að sú fyrirspurn hv. þm. á ekki rétt á sér ef hann les álit umboðsmanns Alþingis.

[13:38]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Það er auðvitað alveg rétt hjá honum að þessi úrskurður snertir eingöngu háskólann. En það er hins vegar ljóst að framhaldsskóladæmið hlýtur að koma upp í þessu samhengi líka af því að það er umdeilanlegt, að ekki sé meira sagt, að það sé lagastoð undir innheimtu skólagjalda í framhaldsskólunum. Þess vegna á sú spurning að sjálfsögðu rétt á sér í tilefni af úrskurði umboðsmanns Alþingis um Háskóla Íslands og ég er þeirrar skoðunar að það sé óhjákvæmilegt að um þessi mál verði tekin umræða í þinginu á því vorþingi sem nú stendur vegna þess að þingið verður auðvitað að hafa það á hreinu hvaða lagagrunnur er undir ákvörðunum framkvæmdarvaldsins, hverjar svo sem þær eru, bæði að því er varðar háskólana í þessu tilviki og að því er varðar framhaldsskólana líka. Vilji hæstv. menntmrh. ekki taka það fyrir hér í þessari virðulegu stofnun, þá verða stjórnarandstæðingar eða einhverjir aðrir þingmenn að sjá til þess að það verði gert.

[13:39]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Það er sjálfsagt að ræða þetta mál hér með hvaða hætti sem menn kjósa að gera það. Varðandi álit umboðsmanns, þá vil ég hvetja hv. 8. þm. Reykv. að lesa álitið. Þar er fjallað um m.a. framhaldsskólana og skólagjöldin þar og ég efast ekki um að hv. þm. mun komast að svipaðri niðurstöðu og ég eftir fljótlegan lestur á þessu áliti að það gildi öðru máli um þá heldur en Háskóla Íslands.

Þetta mál þarf að skoða betur og hv. þm. þarf að gera það eins og við fleiri sem komum að þessu máli, við þurfum að lesa þetta álit og kynna okkur nákvæmlega hvað í því felst og að því loknu eiga menn að ræða það ítarlegar heldur en tækifæri gefst til hér á þessum skamma tíma.

[13:40]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Aðalatriðið er auðvitað að málið verði rætt í tilefni af þessum úrskurði. Pólitískt liggur málið þannig að umboðsmaður Alþingis hefur komist að þeirri niðurstöðu að það skattlagningarvald sem fyrrv. ríkisstjórn fól háskólanum stenst ekki lög.

[13:40]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég vil ítreka það að hv. þm. kynni sér það sem felst í áliti umboðsmanns og byggi ekki umræður hér eingöngu á blaðafréttum. Það sem umboðsmaður Alþingis segir í sínu áliti er það að lagaforsendur fyrir álagningu skrásetningargjaldsins eru fyrir hendi. Lagaforsendur fyrir álagningu skólagjalda í framhaldsskólunum eru fyrir hendi. Hvernig gjaldið er skilgreint, hve fjárhæðin er há í háskólanum er umdeilanlegt að mati umboðsmanns Alþingis og um það snýst þetta mál en ekki um það hvort háskólinn hafi haft heimildir til þess lagalega að leggja gjaldið á. (**SvG:** Að leggja á skatta?)

*Reglugerð fyrir ofanflóðasjóð um aðstoð vegna snjóflóða.*

[13:41]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. forsrh. Eins og menn muna gaf hæstv. forsrh. út yfirlýsingu fyrir hönd páv. ríkisstjórnar eftir hin hörmulegu slys í snjóflóðunum vestur á fjörðum í vetur um að stjórnvöld mundu gera allt sem í þeirra valdi stæði til þess að aðstoða þá sem urðu þar fyrir skaða, bæði þá sem urðu fyrir skaða og eins þá sem búa í næsta nágrenni á skilgreindum hættusvæðum og það er málefni þeirra sem ég vildi víkja að.

Það voru samþykkt hér lög frá Alþingi um í hvaða farveg skyldi fella þá aðstoð, þ.e. í farveg ofanflóðasjóðs sem mundi síðan veita fyrirgreiðslur til þess að fólk sem byggi á skilgreindum hættusvæðum gæti flutt þaðan. Nú stendur svo að margar fjölskyldur sem bjuggu í næsta nágrenni við snjóflóðin þurftu í vetur að flytja ítrekað burtu úr húsnæði sínu vegna hættuástands og sumt af þessu fólki á erfitt með að hugsa sér til annars vetrar við slíkar aðstæður.

Þrátt fyrir að lög um ofanflóðasjóð hafi verið sett þá liggja enn ekki fyrir þær reglur sem hann ætlar að beita, fólkið sem býður eftir afgreiðslu fær engin svör þar um og framkvæmdatímabilið að hefjast. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh.: Er hæstv. forsrh. ekki reiðubúinn til þess að veita atbeina sinn að því að þessari reglugerðarsetningu verði lokið sem allra fyrst þannig að hægt sé að eyða óvissu þessa fólks og það viti af því að það geti nýtt sér framkvæmdatímabilið í sumar til að gera þær breytingar sem gera þarf til að forða fjölskyldum þess og því sjálfu frá því hættuástandi sem það þurfti að búa við á sl. vetri?

[13:43]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Eins og hv. þm. þekkir vel var málum þessum skipt í tvennan farveg: Annars vegar eru framkvæmdaatriði sem ráðuneytisstjóranefnd sá um, ágætlega að mínu mati. Hins vegar er þessi þáttur sem hv. þm. nefndi sem er gríðarlega umfangsmikill. Hann tekur ekki aðeins til svæða á Vestfjörðum. Það eru önnur svæði til að mynda á Austfjörðum sem búa við sömu skilyrði og það er algjörlega ljóst að eftir að

þessir atburðir hafa gerst, þá verður óhjákvæmilegt fyrir þing og ríkisstjórn að taka og setja til hliðar mikla fjármuni til þess að standa straum af afleiðingum þessara slysa. Þá á ég við það að tryggja það að fólk sem býr á svæðum sem nú eftir nýtt mat teljast hættusvæði geti fengið kost á því að flytja sig til innan sinnar byggðar og reyndar eftir atvikum lengra eftir mismunandi reglum sem um það gilda sem hv. þm. þekkir.

Ég svara þessu þannig: Ég vil ýta á þá vinnu sem nú fer fram í ráðuneytunum af miklum vilja hjá viðkomandi ráðherrum um að þetta megi ganga hratt fyrir sig því að það er rétt sem hv. þm. sagði að það var mikil angist í hjörtum fólks sem bjó á þessum svæðum og það vill ekki ganga inn í svipaðan vetur aftur í óvissu þannig að við þurfum að taka höndum saman um þetta atriði.

[13:45]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Mér er það ljóst að hér er mikið verk fyrir höndum og kostnaðarsamt ef það á, eins og reiknað er með, að gera þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að gera gagnvart því fólki sem byggir öll þau svæði sem skilgreind hafa verið og skilgreind verða sem hættusvæði vegna snjóflóða. Þar verða menn að velja og hafna og raða í forgangsröð. En ég er að tala um það fólk sem bjó í húsum á snjóflóðasvæðunum frá því í vetur sem ítrekað var flutt burtu af heimilum sínum og getur ekki hugsað sér að eiga annan vetur við slíkar aðstæður. Það stendur í þeirri von að það geti notað framkvæmdatímabilið í sumar til þess að ráðast í þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir að slíkt ástand skapist aftur. Ég vona að ég megi treysta því að þessi orð hæstv. forsrh. megi túlka á þann veg að svo geti orðið að framkvæmdatíminn í sumar geti nýst þessu fólki sem hlýtur að vera í forgangshópi.

*Endurskoðun laga um náttúruvernd.*

[13:46]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. umhvrh. varðandi endurskoðun laga um náttúruvernd, nr. 47/1971.

Þessi lög hafa verið endingargóð en þó hafa verið gerðar atrennur að því að endurskoða þau að hluta til, m.a. á liðnu kjörtímabili, án þess að um það tækist samkomulag að afgreiða breytingar. Ég vil inna hæstv. umhvrh. eftir því hvort hann ætli að beita sér fyrir því að lög þessi verði endurskoðuð í heild og hvort hann muni leita eftir víðtækri samstöðu um undirbúning málsins t.d. í því formi að þingflokkar á Alþingi komi að endurskoðun málsins. Ég tel að í málaflokki sem þessum sé mjög skynsamlegt að leita sem breiðastar samstöðu og sem víðast fanga í sambandi við stefnumótun. Ég tel að hér sé um mjög brýnt mál að ræða í vissum atriðum þó að sum ákvæði laganna hafi vel staðið tímans tönn. Ég nefni í því sambandi lagaákvæði varðandi efnistöku, malartekju og annað efnisnám, sem eru gersamlega úrelt og stefnir í mikil vandræði vegna þeirra mála og hefur raunar gert á undanförnum mörgum árum. Að mínu mati þarf hugsanlega að líta á þessi lagaákvæði sérstaklega til þess að fá þar lagabætur en að öðru leyti tel ég sjálfsagt og eðlilegt að lögin séu endurskoðuð í heild sinni.

[13:48]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Út af þessari fyrirspurn hv. 4. þm. Austurl. vil ég segja að eins og þingheimi er kunnugt er gert ráð fyrir að ráðuneytin semji á þessu sumri verkefnaskrá fyrir ráðuneytin sem lögð verður hér fyrir þingið að hausti. Sú vinna er nú u.þ.b. að hefjast, sjálfsagt mislangt komin hjá einstökum ráðuneytum en er að hefjast í umhvrn. Ég hef þegar rætt þar við embættismenn um það hvernig staðið var að þessari vinnu sem í gangi var á síðasta og síðustu þingum og hv. þm. vitnaði hér til. Ég hef velt því fyrir mér hvort ekki sé skynsamlegra að taka lögin til endurskoðunar í heild sinni heldur en að taka út úr þeim einstaka þætti. Þeir sem ég hef þegar rætt við, bæði innan ráðuneytis og utan, því ég hef líka átt viðræður við fulltrúa ýmissa áhugasamtaka um náttúruvernd um það hvernig skynsamlegast væri að taka á þessu máli, telja það almennt betra að taka lögin í heild til endurskoðunar sem ég hygg að sé fyllilega tímabært. En ég hef þó ekki gert þetta endanlega upp. Ég á eftir að skoða hversu langt þetta var komið í meðferð Alþingis og þau viðhorf sem þar komu upp um það að taka fyrst og fremst á stjórnunarþættinum sem ég held að hafi verið það sem var komið lengst á síðasta þingi.

En varðandi síðan hverjir kæmu að þeirri endurskoðun þá vil ég segja það við hv. þm. og þingheim að ég tel að það sé fyrst og fremst á ábyrgð ráðherra og ríkisstjórnar að leggja þetta fyrir þingið. Þingið kemur síðan að þessu frv. eins og öðru til efnislegrar umfjöllunar. Ég er þó alls ekki neitt að útiloka það að að málinu komi bæði fulltrúar hagsmunasamtaka og fulltrúar þingflokka en ég vil ekki gefa yfirlýsingar um það á þessu stigi.

Svo að lokum, ég sé að tími minn er alveg að renna út, um efnistöku, malarnám og mikla umræðu á síðustu dögum um vikurnám t.d., þá vil ég segja það út af þessari fyrirspurn hv. þm. að það mál hefur nýlega verið til umræðu í ríkisstjórn, að vísu að frumkvæði hæstv. iðnrh. sem hefur með að gera útgáfu námaleyfanna en auðvitað þurfa þau mál öll að fara líka fyrir umhvrn. og í umhverfismat og ég mun vissulega fylgjast með því hvernig þeim málum vindur fram.

[13:51]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég skil það vel að hæstv. ráðherra þurfi tíma til að móta sína stefnu varðandi þennan mikilivæga þátt. Ég fagna yfirlýsingu hans um það að endurskoða þurfi lögin í heild sinni. Ég vænti þess að við nánari skoðun komist hann að því að æskilegt sé að kalla fram sem flest sjónarmið við undirbúning málsins. Ég minni á það að þegar núgildandi lög um náttúruvernd voru lögð fyrir eins og þau síðan voru

samþykkt þá var það unnið af páv. menntmn. þingsins undir forustu páv. formanns Framsfl., Eysteins Jónssonar.

Varðandi efnistökumálið þá er það ekki síst náttúruverndar- og skipulagsmál og alveg brýnt að ofan í þau efni verði farið og mótaðar allt aðrar reglur heldur en nú eru um þau efni. En eins og menn vita er verið að breyta hér landslagi í stórum stíl með slíkri efnistöku, húðfletta hraun landsins, fjarlægja heilu jarðmyndanirnar eða gosmyndanirnar án þess að vörnum verði við komið með stoð í náttúruverndarlöggjöf með viðhlítandi hætti.

[13:52]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Það var nú svo sem ekki viðbótar fyrirspurn til mín en ég vil aðeins árétta að það var auðvitað þarft og ánægjulegt að minna okkur á hlutverk Eysteins Jónssonar í náttúruverndarmálum fyrir þessa þjóð.

En varðandi efnistökuna þá er mér fyllilega ljóst að þar þarf að fara að með allri gát. Auðvitað eru þessi svæði þar sem verið er að taka t.d. vikur misviðkvæm. Sum eru þess eðlis að fyrst og fremst þarf að ganga vel um þau og skilja við þau í því ástandi að ásættanlegt sé. En önnur eru af náttúrufarslegum ástæðum miklu viðkvæmari og varða jafnvel dýrmæta og fagra staði frá náttúruverndarsjónarmiði og um þá þarf að ganga með sérstakri varúð, ekki síst með tilliti til þess að við erum líka að reyna að byggja hér upp atvinnuveg sem heitir ferðaþjónusta og við þurfum að ganga um landið okkar með tilliti til þess þáttar einnig.

[13:53]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegi forseti. Viðhorf hæstv. ráðherra sýnast mér vera mjög eðlileg til þessa máls. Ég held að við þurfum að móta hér skýrar, almennar reglur og gæta þess að hagnaðarsjónarmið einstakra rétthafa, landeigenda sem annarra, sé ekki það sem ráði ferðinni í þessu máli. Hér verður að horfa til framtíðar. Sjálfur var ég að líta á þessi efni með tilliti til lagabóta á síðasta þingi og má vera að því verði hreyft að hausti. En ég æski sem bestrar samvinnu við hæstv. ráðherra um þessi efni.

*Reglur um afmælishald opinberra stofnana.*

[13:54]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Ég beini hér fyrirspurn til hæstv. forsrh. Mig langar til að spyrja hvort til séu reglur um afmælishald opinberra stofnana. Ef ekki hvort hann telji ástæðu til að setja slíkar reglur. Nú veit ég að það eru til reglur varðandi tækifærisgjafir.

Ástæðan fyrir því að ég spyr er afmælishald Húsnæðisstofnunar. Húsnæðisstofnun hélt upp á 40 ára afmæli sitt og án þess að ég sé nokkuð að gagnrýna það þá velti ég því fyrir mér nú á niðurskurðar- og sparnaðartímum hvort ekki beri að setja reglur um það hvenær opinberar stofnanir skuli halda upp á e.t.v. kostnaðarsöm afmæli sín. Eiga stofnanir að halda upp á svona afmæli á tíu ára fresti eða á 25 ára, 50 ára og 75 ára eða 100 ára? Ég geri ekki athugasemdir við það að stofnanir geri vel við starfsmenn sína á tímamótum en það er spurningin hvort menn eigi ekki að setja einhverjar ákveðnar reglur um þessa hluti og hvort hæstv. forsrh. telji slíkt ekki eðlilegt.

[13:56]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að það séu fastmótaðar reglur til um afmælishald opinberra stofnana. Sjálfsagt má nú bæði gera of og van í slíkum efnum. Það er hægt að notfæra sér til að mynda tímamót í stofnunum, afmælishald, til þess að kynna slíkar stofnanir. Ég tel að lýðveldistilefnið, þá er ég nú ekki að reikna lýðveldið sem stofnun reyndar, hafi orðið okkur til góðs í kynningarefnum, Alþingi á 150 ára endurreisnarafmæli núna í sumar og svo mætti áfram nefna. Kannski mætti stundum finna að því að við gerum okkur ekki nægilegan dagamun hvað þetta varðar.

Ríkisstjórnin átti mánaðarafmæli í gær. (**Gripið fram í:** Var terta?) Það var nú reyndar ekki terta en það var ekki vegna þess að menn vildu ekki halda upp á afmælið heldur vegna þess að einn af hæstv. ráðherrum er enn þá í megrun og þess vegna fékk enginn neitt. En svo allt sé hér í fullri alvöru, því málið er auðvitað alvörumál, þá er sjálfsagt að stofnanir gæti hófs í slíkum efnum. En ég held ekki að einhverjar almennar reglur séu til þess fallnar að ná yfir alla slíka þætti. Við verðum að treysta því að forráðamenn stofnana, stjórnir og þess háttar aðilar, séu færir um það að halda upp á atburði með tilhlýðilegri virðingu og jafnframt að gæta hófs.

***Umræður utan dagskrár.***

Boðað verkfall á fiskiskipum.

[13:58]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Boðað hefur verið verkfall á fiskiskipaflotanum sem hefst á miðnætti í kvöld. Hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni ekki síst í ljósi þess að ekki virðist horfa vel í samningaviðræðum milli aðila. Áhrifa verkfallsins mun gæta nær samstundis. Fiskvinnsla leggst m.a. af og hafa fiskverkendur þegar boðað að starfsfólk verði tekið af launaskrá innan nokkurra daga. Íslenski flotinn stundar nú arðbærar veiðar á fjarlægum miðum. Það er talið að íslenski úthafsveiðiflotinn afli fyrir um 160 millj. kr. á degi hverjum og þau verðmæti tapast einfaldlega vegna verkfallsins.

Meginágreiningsefni samningsaðila er verðmyndun á hráefni. Nú er fiskverð með ýmsum hætti, fast fiskverð hjá einstöku útgerðum, afli seldur á fiskmörkuðum eða hluti fiskverðs tengdur verði á mörkuðum. Ljóst er að verulegur ágreiningur er um þetta form en víst er að fæstir vilja hverfa til hins miðstýrða og staðnaða verðlagsráðskerfis. Ég vil í þessu sambandi benda á stefnumál Þjóðvaka að allur afli fari um innlenda fiskmarkaði en þess má geta að nú þegar fer um

30% af botnfiskaflanum yfir fiskmarkaði. Verðmyndun á fiskmörkuðum er fyrir opnum tjöldum, stuðlar að bættum gæðum, eykur sérhæfingu, veitir aðgang að sameiginlegri auðlind og er viðurkennt form erlendis við fiskverðsákvörðun.

Það er margt sem bendir til þess að þetta form verðmyndunar geti bæði leyst yfirstandandi kjaradeilu og stuðlað að hagkvæmni í veiðum og vinnslu þótt vitaskuld yrði að taka slíkt kerfi upp í áföngum.

Annað atriði í sambandi við vinnustöðvunina er að ýmsir útgerðarmenn ætla að leigja skip til útlanda til að veiða utan landhelginnar. Jafnframt ætla enn aðrir útgerðarmenn að skrá skip sín á Vestfjörðum þar sem ekki var boðað verkfall. Þetta er alvarleg atlaga að verkfallsréttinum og lögbundnum starfsvettvangi verkalýðsfélaga. Þarna virðist vera um lögbrot að ræða og það er með ólíkindum að slík viðbrögð við löglega boðaðri vinnustöðvun skuli eiga sér stað.

Hér er verið að takast á um grundvallaratriði í kjarabaráttu hérlendis. Það er lögbundinn rammi um vinnudeilur og menn verða að halda sig innan hans, bæði launþegar og vinnuveitendur. Þess er að vænta að viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar við þessu verði mjög harkaleg og það að vonum. Þannig er þessi vinnudeila komin á mjög alvarlegt stig. Ríkisstjórn landsins verður að hafa afstöðu í þessu máli sem snertir grundvallarrétt í samfélaginu.

Fréttir berast af öðrum fyrirhuguðum verkföllum og óskað er svara frá ríkisstjórninni um stefnu í þessum málum, en ástæða er til að spyrja hvort kröfur sjómanna samrýmist launastefnu stjórnarinnar. Ef breyta á launastefnunni þegar mörg verkalýðsfélög hafa þegar gert samninga, þá er mikilvægt að sú afstaða liggi skýrt fyrir.

Ríkisstjórnin boðaði einnig fjálglega fyrir upphaf þessa þings að eitt aðalmál þingsins yrðu væntanlegar breytingar á fiskveiðistjórnuninni. Fiskveiðistjórnun er kjaraatriði að nokkrum hluta. Vegna innbyrðis ágreinings innan stjórnarflokkanna hafa frumvörpin ekki enn séð dagsins ljós. Það er mjög ámælisvert að þingheimur er dreginn á stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Það er því nauðsynlegt að fá upplýst um þau atriði væntanlegra frumvarpa sem gætu orðið efnisatriði í þessari kjaradeilu. Það gengur ekki að óvissa ríki um þetta og tefji samningaviðræður.

Herra forseti. Í ljósi þess sem áður hefur verið sagt vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. eftirfarandi fimm spurninga:

1. Hyggst ríkisstjórnin grípa inn í þessa kjaradeilu, og ef já, með hvaða hætti?

2. Hvaða skoðun hefur ráðherra á því að ýmsir útgerðarmenn skrái skip sín á Vestfjörðum eða leigi þau til útlanda til þess að komast hjá verkfalli?

3. Vill ráðherra stuðla að því með löggjöf að allur afli fari um fiskmarkaði til að greiða fyrir lausn deilunnar?

4. Telur ráðherra að kröfugerð sjómanna sé í samræmi við niðurstöður í kjarasamningum á almennum og opinberum vinnumarkaði?

5. Hvaða efnisatriði eru í boðuðum frumvörpum ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum sem gætu tengst þessari kjaradeilu?

[14:03]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir að vekja máls á þeirri alvarlegu kjaradeilu sem yfir stendur og yfirvofandi verkfalli ef ekki tekst að semja í tíma. Af því tilefni átti ég samtal í morgun við ríkissáttasemjara og innti hann eftir gangi viðræðnanna. Hann tjáði mér að fram til þessa hefðu þessar viðræður farið fram stöðugt og án þess að óeðlilegt hlé hefðu orðið þar á. Hann sagði enn fremur að staða viðræðnanna væri mjög viðkvæm á þessu stigi og í þriðja lagi að það yrði reynt til þrautar að leita sameiginlegrar niðurstöðu áður en verkfall skylli á. Ég bið menn að sjálfsögðu að hafa það í huga að samningsaðilar undir stjórn ríkissáttasemjara sitja á fundum á mjög viðkvæmu stigi deilunnar og samkvæmt þessum upplýsingum reyna til þrautar að ná niðurstöðu.

Varðandi þær spurningar sem hv. þm. beindi til mín vil ég segja þetta: Að því er varðar fyrstu spurninguna, þá eru ekki um það áform af hálfu ríkisstjórnarinnar að banna þessa kjaradeilu með lögum. Það er réttur samningsaðila að gera út um deilu sem þessa og þeim rétti fylgja líka miklar skyldur. Það eru réttindi og ábyrgð samningsaðila að ljúka deilunni í frjálsum viðræðum sín á milli.

Varðandi aðra spurninguna er það að segja að ég vil ekki blanda mér inn í þetta deiluefni sjómanna og útvegsmanna fremur en önnur, en ég hlýt þó að geta sagt það að ég og ég hygg flestir hljóti að hafa skilning á þeirri óánægju sem sjómenn hafa lýst þegar útgerðarmenn eru að leigja útgerð skipa sinna til svæða þar sem ekki er verkfall eða til erlendra útvegsmanna í þeim tilgangi að komast undan verkfallinu og draga úr áhrifum þess.

Varðandi þriðju spurninguna vil ég lýsa þeirri skoðun minn að ég tel að fiskverð eigi að mótast á markaði ýmist með samningum aðila eða með sölu um fiskmarkaði og ég teldi það óheppilegt að setja um það fortakslausa löggjöf að allur fiskur skyldi undantekningarlaust fara um fiskmarkaði.

Varðandi fjórðu spurninguna vil ég segja það að ég hef ekki lagt mat á kröfur sjómanna né heldur gagnkröfur útvegsmanna í þessari deilu.

Um fimmtu spurninguna er það að segja að efnisatriði þeirra frumvarpa sem unnið hefur verið að um breytingu á fiskveiðistjórnunarlögum lúta ekki að þeirri kjaradeilu sem nú stendur yfir.

[14:07]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því að það liggur fyrir yfirlýsing hæstv. ráðherra um það að ríkisstjórnin ætli ekki að grípa inn í þessa kjaradeilu með lagasetningu. Ég vil þó benda mönnum á að grundvöllurinn undir þessari kjaradeilu eru lög sem Alþingi hefur sett, lög um stjórn fiskveiða, því að þau lög hafa valdið því að ákveðinn hópur útgerðarmanna og sjómanna starfar nú sem leiguliðar hjá öðrum, þ.e. hjá þeim sem eiga aflaheimildir sem þeir af einhverjum

ástæðum ekki treysta sér til, kæra sig um eða vilja nýta sjálfir og útgerðarmenn sem skortir aflaheimildir hafa gerst leiguliðar hjá þessum aðilum og hafa verið að fiska fyrir þá kvótann sinn og fengið fyrir 36–40 kr. á kg. Þetta er afleiðing af lagasetningu frá Alþingi og þetta kemur fram í rýrnandi kjörum sjómanna sem verða að sætta sig við að fá fyrir afurðina 36–40 kr. á kg á sama tíma eins og aðrir starfsbræður þeirra eru að fá yfir eða á annað hundrað kr. fyrir sama fisk.

Virðulegi sjútvrh. Þetta er ekki frjáls fiskmarkaður. Þetta er ekki frjáls verðmyndun á fiskmarkaði. Ef hæstv. ráðherra vill stuðla að frjálsri verðmyndun á fiskmarkaði, þá á hann að vinna gegn slíku kerfi sem hefur verið sett samkvæmt tillögu frá honum og með samþykki Alþingis. Svo fremi sem allur afli fer ekki á markað getur frjáls fiskmarkaður ekki ákvarðað verðið. Það væri forvitnilegt að fá að vita það frá fyrirspyrjanda, sem er stjórnarmaður í Faxamarkaði: Hvernig stendur á því að stjórn Faxamarkaðar beitti sér gegn því á sínum tíma að afli sem veiddur var en ekki var fyrirhugað að kæmi e.t.v. að landi yrði boðinn á markaðnum án þess að búið væri að landa aflanum? Og hvernig fer það saman hjá hv. þm. að geta verið forsvarsmaður þess að allur íslenskur afli fari á íslenskan markað en beita sér ekki gegn þessari ákvörðun hjá stjórn Faxamarkaðar? (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Ég fordæmi þau viðbrögð útgerðar að útflagga skipum sínum hvort sem er um leigu til annarra innlendra útgerðaraðila eða til erlendra. Þetta eru verkfallsbrot sem ég hélt að þekktist ekki lengur á þeim tíma sem við lifum á Íslandi í dag. Þetta er eitthvað sem ég hélt að heyrði sögunni til.

[14:10]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram þá eru það þau lög um stjórn fiskveiða sem sett hafa verið hér á Alþingi sem eru tvímælalaust einn af orsakaþáttum þessarar deilu. Hæstv. núv. sjútvrh. hefur verið eindreginn baráttumaður á Alþingi fyrir því að löggjöf af því tagi sem við búum nú við í dag yrði sett. Þess vegna getur hæstv. sjútvrh. ekki haldið því fram hér að hann sé ekki með einhverjum hætti tengdur þessari deilu. Það er líka alveg ljóst að kröfur um breytingar á sölu á sjávarafla sem sjómenn hafa sett fram hafa m.a. strandað á afstöðu núv. hæstv. sjútvrh.

Hitt er svo enn alvarlegra eins og hér hefur komið fram í umræðunum að nokkur fyrirtæki hafa ákveðið að hafa eðli og anda vinnulöggjafarinnar að engu og hafa nú tekið sér fyrir hendur verkfallsbrot eins og síðasti hv. ræðumaður lýsti mjög skýrt. Þar með tel ég einnig að hæstv. félmrh., sem ber ábyrgð á framkvæmd vinnulöggjafarinnar í landinu, verði að láta þetta mál til sín taka. Þetta mál er þess vegna ekki eingöngu tengt hæstv. sjútvrh. heldur líka tengt hæstv. félmrh. — og er nú vont að hann skuli hafa horfið hér úr salnum vegna þess að það er óhjákvæmilegt að hæstv. félmrh. upplýsi það hér í umræðunum hvort hann ætlar virkilega ekkert að hafast að þegar þessi staðreynd liggur hér fyrir.

Ég tel einnig að Alþingi hljóti að skoða það hvort heimila á útgerðarfyrirtækjum sem brjóta vinnulöggjöfina með því að halda heimildum sínum til fiskveiða óbreyttum eins og þau hafa haft til þessa. Hér er greinilega verið að búa til þann ljóta leik að brjóta vinnulöggjöfina annars vegar og nýta sér hins vegar þau réttindi sem afhent hafa verið af Alþingi í skjóli laganna um stjórn fiskveiða og slíkt verður að fordæma mjög harkalega.

[14:13]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir hans fyrirspurn og eins hæstv. sjútvrh. Ég tek að öllu leyti undir hans málflutning, en vildi aðeins beina umræðunni inn á þá fyrirspurn hv. 11. þm. Reykn. um fiskmarkaði. Ég hef í gegnum árin sem útgerðarmaður og sveitarstjórnarmaður fylgst nokkuð náið með því hvernig fiskmarkaðir hafa þróast og breytt þeirri venju útgerðarmanna að semja sjálfir um verðlagningu sjávaraflans út í það að vera með frjálsa verðlagningu á fismörkuðum. Ég held að allir sem nálægt þeirri þróun hafa komið viðurkenni að fiskmarkaðir hafa með starfsemi sinni aukið verulega verðmætasköpun í sjávarútvegi og aukið og kannski bætt þá ímynd sem menn hafa af aukategundum sjávarafla sem áður voru nánast verðlausar en eru í dag nýttar að fullu til útflutnings og til neyslu innan lands.

Það hefur ekki heldur heyrst mjög hátt um það undanfarið hvernig fiskmarkaðir hafa tryggt margar útgerðir í rekstri með staðgreiðslu afla sem var áður fyrr meira undir hælinn lagt og eins með því öryggi sem markaðir hafa skapað að öðru leyti og jafnvel tryggt byggðir á viðkomandi stöðum. Ég vil benda á það að t.d. eru fiskmarkaðir í Grímsey sem hefði nú einhvern tíma verið talið dálítið út úr kortinu.

Mig langaði aðeins til þess að inn í þá umræðu sem hér hefur myndast verði dregin sú staða að fiskmarkaðir eru í rauninni að gefa eftir í baráttunni. T.d. hefur þorskur dregist stórlega saman í afla á fiskmörkuðum vegna þess að verðlagning hefur farið í tonn á móti tonni. Ég held að það verði að draga fram kosti markaðanna sem eru miklu fleiri heldur en þær hættur sem af þeim stafa.

[14:16]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það stefnir í sjómannaverkfall. Þær upplýsingar berast að mikil samstaða sé meðal sjómanna um þá fyrstu kröfu að öllum fiski verði landað á fiskmarkaði eða að fiskmarkaðstenging fáist á fiskverðið. Það væri óviðunandi að fá á ný einhvers konar verðlagsráð. Af því fyrirkomulagi var ekki góð reynsla og vítin eru til að varast.

Virðulegi forseti. Sjútvrh. lét þá skoðun í ljós í viðtali við Auðlindina 5. apríl sl. að verðmyndunarkerfið sem hann beitti sér fyrir fyrir þremur árum sé ófullkomið þar sem sami aðili er oft að selja og kaupa fiskinn, að launakjör sjómanna séu orðin mjög mismunandi og því eðlilegt að sjómenn sætti sig ekki við þennan mikla launamismun. Það verði að skoða verðmynduna. Í viðtalinu getur hann þess að uppboð á ein-

um markaði mundi leysa verðmyndunarvandamálið en slíkt hafi áhrif á skipulag fiskvinnslunnar. Athyglisvert er að ráðherra segir að horft sé í of ríkum mæli á hagsmuni útvegsmanna eingöngu. Það verði hins vegar að skoða heildarhagsmuni sjávarútvegs. Stóra verkefnið sé að leysa verðmyndunarvandann og mismun í launakjörum sem óásættanlegur sé fyrir sjómenn. Þessu er ég sammála og er þess vegna vonsvikin yfir viðbrögðum ráðherrans varðandi lög um fiskmarkaði í ræðustól hér áðan. Við verðum að leita launajafnaðar og réttlætis. Það er ekki hægt að bjóða sjómönnum upp á að bátar sæki sömu mið, veiði hlið við hlið og landi í sama sjávarplássi en sjómenn á einum báti fái 40 kr. fyrir kg af fiski meðan sjómenn á öðrum fá e.t.v. 130 kr. fyrir kg af fiski. Um þetta eru dæmi. Hér er vitlausu kvótakerfi um að kenna og við verðum að taka höndum saman og leysa þennan vanda. E.t.v. felst lausnin, virðulegi forseti, í því að tengja fiskverð við markaði í áföngum. Þá verður útgerð ekki fyrir of stóru höggi.

Virðulegi forseti. Í flestöllum nágrannalöndum okkar fer allur seldur afli á gólf eða fjarskiptamarkaði og við verðum að tengja okkur þeirri þróun.

[14:18]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka þátt í þessari umræðu og byrja þá á því vegna orða síðasta hv. ræðumanns, sem taldi að kvótakerfinu væri um að kenna að verðmyndun væri ekki frjáls í sjávarútvegi, að benda á að svo er auðvitað ekki. Það er alveg sjálfstæð ákvörðun hvort menn eru með frjálsa verðmyndun í sjávarútvegi eða hvernig menn versla með fisk sín í milli. Hins vegar er ljóst að frjáls verðmyndun og það að fiskur yrði seldur um fiskmarkaði mundi leysa ýmis mál sem erfiðleikum valda í sjávarútvegi í dag. Auk þess yrði þeirri kvöð létt af sveitarfélögunum að leggja svo og svo mikið fé í útgerð og kvótakaup. Sala um fiskmarkaði gerir það að verkum að ekki skiptir höfuðmáli hvort skip er skráð í Grindavík eða á Snæfellsnesi. En í þessari umræðu eru það verðmyndunarmálin og samskipti sjómanna og útgerðarmanna sem eru til umræðu.

Verslun með fisk um fiskmarkaði mundi tryggja eðlilega verðmyndun og sú tortryggni sem gætt hefur undanfarin ár í samskiptum sjómanna og útgerðarmanna mundi minnka. Auk þess tryggja fiskmarkaðir betri nýtingu hráefnis og eru mikilvægir fyrir nýsköpun í vinnslu sjávarafurða. Sérhæfing er nauðsynleg í fiskiðnaði til að auka arðsemi og bæta lífskjör starfsfólks rétt eins og í öðrum iðnaði. Fiskmarkaðir eru ein forsenda þess að sérhæfing aukist. Í dag reyna menn að treysta grundvöll sérhæfingar með því að versla með veiðiheimildir — kvótabrask er það stundum kallað — og með því að láta aðra veiða fyrir sig tonn á móti tonni. Það er eitt af mörgu sem hefur ögrað sjómönnum og það er merkilegt að þeir sem berjast hvað harðast gegn frjálsri verslun með fisk eftir að hann er veiddur og orðinn að hráefni til vinnslu eru gjarnan hörðustu talsmenn þess að fiskurinn sé á uppboði óveiddur. Kvótaviðskipti milli útgerða og kvótamarkaðir eru þeim fremur að skapi.

Eitt atriði enn sem hefur aukið á tortryggni sjómanna og gagnrýni á núverandi lög um stjórn fiskveiða er þegar útgerðir selja þær veiðiheimildir sem þeim hafa verið úthlutaðar og láta svo sjómenn taka þátt í að kaupa þær til baka. Auðvitað sér hver maður að svona framkoma gatar kerfið engu síður en ýmis þau ákvæði sem stjórnvöld hafa verið að setja inn undanfarin ár. Útgerðarmenn verða auðvitað að gæta þess að fara ekki fram með þeim hætti að ögri svo sjómönnum og ofbjóði svo réttlætiskennd þjóðarinnar, m.a. með brotum á vinnulöggjöf, að fiskveiðistjórnunarkerfið sem menn hafa að meiri hluta orðið sammála um að sé okkur hagkvæmast sé dæmt úr leik vegna framkomu þeirra sem vinna eftir lögunum.

[14:21]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli og tek undir með honum að ekki er hægt annað en lýsa þungum áhyggjum af því hvernig kjaradeila sjómanna á fiskiskipum er að þróast og að verkfall blasir nú við. Þetta er stórkostlegt áhyggjuefni fyrir atvinnugreinina og fyrir þjóðarbúið í heild, ekki síst núna um þessar mundir þegar þannig háttar til að verið er að draga mikla björg í bú með veiðum utan landhelgi.

Á hinn bóginn verður að horfast í augu við það að í reynd rekast á hlutaskiptakjör sjómanna annars vegar og aflamarkskerfi með framsali og vandamál sem upp koma í sambandi við verðlagningu í því hins vegar. Þessir árekstrar hafa haldið áfram og þau vandamál hefur ekki tekist að leysa með viðunandi hætti. Því er nú staðan sú að í annað skipti á skömmum tíma stöndum við frammi fyrir verkfalli sem kemur til vegna þessara árekstra. Um áramót 1993–1994 stóð verkfall og síðan komu til sögunnar bráðabirgðalög. Í framhaldinu var reynt að setja þessi mál í farveg en nú er staðan aftur þessi að verkfall blasir við.

Ég vil einnig taka undir það sem hér hefur verið sagt að það getur svo ekki annað en gert ástandið verra ef útgerðamenn fara út á þá braut að reyna að koma sér undan lögmætum og rétt boðuðum aðgerðum sjómanna. Það getur ekki orðið til annars en að gera deiluna illvígari. Það er líklegt til að kalla á samúðaraðgerðir annarra verkalýðsfélaga og setja málin í enn verri hnút heldur en orðið er. Ég vil leyfa mér að spyrja hvort stjórnvöld hafi kannað hvort það sé sjálfgefið að það beri að samþykkja slíkar umskráningar ef ljóst má vera að eini tilgangur þeirra er sá að komast undan lögmætum og rétt boðuðum aðgerðum í kjaradeilum. Er ekki hægt að stöðva það að slíkar umskráningar eigi sér stað með svipuðum hætti og ýmsar aðrar aðgerðir eru ekki látnar gilda ef boðað er til þeirra í vinnudeilum, svo sem uppsagnir starfsfólks? Ég teldi ástæðu til að hvetja hæstv. ríkisstjórn til þess að kanna hvort ekki er hægt að afstýra því að þarna fari málin í enn verri hnút en ella með því að þetta gerist á næstu klukkutímum eða sólarhringum. Að lokum hvet ég alla málsaðila og þar með talið hæstv. ríkisstjórn til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að

leysa þessa deilu áður en hún fer í verri hnút en orðið er.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Enn eru fimm hv. alþingismenn á mælendaskrá og einungis 5 mínútur eftir af tímanum. Auk þess eiga málshefjandi og hæstv. ráðherra væntanlega eftir að koma í ræðustól þannig að ég bið þá sem næstir eru í ræðustól að reyna að stytta mál sitt svo að allir megi komast að.

[14:24]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá málshefjanda, hv. 11. þm. Reykn., að sú leiga eða útflöggun sem nú gerist, er grundvallaratriði í samskiptum milli launþegahreyfingarinnar og vinnuveitenda sem útgerðarmenn eru nú að stofna í verulega hættu. Engin sátt verður meðal sjómanna gagnvart útgerðinni við ríkjandi aðstæður í verðlagsmálum. Það verður með einum eða öðrum hætti að markaðstengja sölu á afla fiskiskipa og sjómenn sætta sig við aðlögun í áföngum í þá átt að á árinu 1997 verði markaðslögmálið látið gilda að fullu varðandi verðákvörðun á fiski.

Hins vegar hefur komið fram í þessari kjaradeilu að Landssamband ísl. útvegsmanna hefur afneitað hingað til hagsmunatengslum við fiskvinnsluna og þeirri hulu hafa þeir nú svipt endanlega af sér með því að afneita hæsta gangverði fyrir fisk með markaðstengingu. Ég hef ekki verið talsmaður auðlindaskatts hingað til fremur en flestir sjómenn en með kaupum og sölum veiðiheimilda þar sem 30 kr. af hverju kg af þorski kemur til skipta sjómanna í stað 130 kr. við markaðsaðstæður stuðla útgerðarmenn að breyttu hugarfari sjómanna og fulltrúa þeirra í átt til auðlindaskatts. Við ríkjandi ástand verður ekki unað. Það er þá betra að fá 90–100 kr. til skipta af hverju kg af þorski og í ríkiskassann *renni* þá 30–40 kr. af hverju kg. Leikreglurnar verða þar með skýrari. Eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á áðan eru kröfur sjómanna innan þeirra marka sem samtök launþega í landinu hafa samið um nú að undanförnu.

Það eru nokkur grundvallaratriði sem menn verða að hugsa til í þeim kjarasamningum sem nú er unnið að, t.d. er uppsagnarfrestur sjómanna aðeins ein vika. Það þekkist hvergi meðal íslenskra launamanna og hvergi er til samningur sem segir til um jafnléleg uppsagnarákvæði og fiskimenn hafa að þeir skuli ekki hafa nema einnar viku uppsagnarfrest en þetta er meðal þeirra krafna sem útgerðin er ekki tilbúin til þess að ganga að.

[14:26]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu er eins og hér hefur komið fram boðað verkfall Sjómannasambandsins. Í fréttum undanfarna daga hefur komið fram að íslenskir útgerðarmenn hafa uppi fyrirætlanir um að gera ráðstafanir til að koma sér undan umræddu verkfalli. Verkfallið er að því er ég best fæ séð löglega boðað og í fullu samræmi við íslensk lög og venjur en íslensk lög gera eins og reyndar lög flestra siðmenntaðra þjóða ráð fyrir því að launafólk geti farið í verkföll til að knýja fram kjarakröfur sínar. Samt sem áður hefur það gerst núna opinberlega og á ótrúlega óforskammaðan hátt að íslenskir útgerðarmenn lýsa því yfir að þeir hyggjast koma sér undan áhrifum verkfallsins *með því að leigja skip milli staða innan* lands og utan. Ekki aðeins heyrir maður slíkar yfirlýsingar í fjölmiðlum heldur hafa mér borist til eyrna sögusagnir um mjög alvarlegar athafnir íslenskra útgerðarmanna sem benda til atvinnukúgunar af verstu gerð ef sannar eru. Felast þær í því að skipverjar eru sagðir þvingaðir til að skrifa undir nýja samninga um kjör sín að viðlögðum missi skipsplássins ella. Ég vona svo sannarlega að á slíkum sögum séu til eðlilegar skýringar því að ef sannar eru fela þær í sér atvinnukúgun sem er ekki sæmandi að viðgangist hjá siðmenntaðri þjóð.

Í raun má stórlega efast um siðferði þessara útgerðarmanna sem leyfa sér að lýsa því yfir að þeir ætli sér að koma sér undan löglega boðuðu verkfalli. Ég vona svo sannarlega að þetta sé ekki merki um það sem koma skal í íslensku atvinnulífi og ekki er síður undarlegt að forusta útgerðarmanna skuli ekki leggjast af hörku gegn slíkum yfirlýsingum. Ég tek undir það sem kom fram frá fyrri ræðumönnum að hér er um alvarlega atlögu gegn verkfallsréttinum að ræða sem hingað til a.m.k. hefur verið talinn til grundvallarmannréttinda, til allra helgustu mannréttinda. Íslenskir atvinnurekendur greiða ekki fyrir samningum með slíku athæfi að blása til orrustu um sjálfan verkfallsréttinn á viðkvæmu stigi samninga og ekki er annað hægt en að fordæma slíka framkomu í einu og öllu og þá að fordæma slíka framkomu íslenskra útgerðarmanna sem virðast samkvæmt þessu telja sig hafna yfir lög og reglur.

Í lokin þætti mér fróðlegt að heyra afstöðu hæstv. félmrh. til slíkra yfirlýsinga útgerðarmanna.

[14:29]

**Árni R. Árnason:**

Herra forseti. Það er vissulega áhyggjuefni þegar stefnir í verkfall sjómanna og fiskiskipaflotinn stöðvist vegna deilna um kjaramál. Þó hæstv. sjútvrh. hafi lítið viljað segja um viðbrögð útvegsmanna við verkfallsboðun sjómanna verð ég að segja þá skoðun mína að ég *tel þau viðbrögð að flytja skip út af verkfallssvæðinu* með skráningaraðgerðum gagnrýniverð. Hins vegar tel ég rétt að geta þess að fyrir réttu ári lukum við lagasetningu vegna inngrips stjórnvalda í verkfall sjómanna og verður að segjast að þá voru nær allir sammála um að það að grípa inn í það verkfall hefði ekki verið réttmætt þrátt fyrir að allir viðurkenndu að þá voru aðstæður í sjávarútvegi mun brýnni en nú til að stöðva verkfall. Það verður að segjast að aðgerðirnar hafa ekki reynst nægar því að enn er deiluefnið það atriði sem lög voru sett um, þ.e. lög um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna. En vel að merkja og það er mjög athyglisvert að sú nefnd hefur fengið mjög fá deiluefni til umfjöllunar og það finnst mér í sjálfu sér að deiluaðilar ættu að taka til umfjöllunar sín á milli.

Mér finnst hins vegar undarlegt að menn skuli ályktа í þessari umræðu að deilan stafi af lögum um stjórn fiskveiða þegar við vitum og ég tel að við vitum það öll að það sem þeim deiluatriðum veldur eru gerðir mjög fárra útgerðarmanna og deilur af hálfu fárra skipsáhafna og hvert er þá hið rétta gagnvart almennum niðurstöðum af lögum, að almennt ganga þau eðlilega fyrir sig en einhverjir fáir eru skemmd epli í tunnunni. Ég held að það sé rétt að a.m.k. við viðurkennum þetta. Menn hafa nefnt sem svo að það sé nánast sjálfsagt að flytja allan afla á fiskmarkaði og bjóða upp og þá spyr ég á móti: Hvar er þá frelsið um viðskiptin með afla, frelsi um verðákvörðun? Ég efa stórlega að það sé rétt niðurstaða af þessari deilu.

[14:31]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, spurði um afstöðu mína til brota á vinnulöggjöfinni. Ég get upplýst það að meðan núgildandi vinnulöggjöf er í gildi verður að sjálfsögðu að halda hana. Ef um brot á vinnulöggjöfinni er að ræða verður að taka á því og félmrn. mun fylgjast með því máli og þróun þess.

Úr því að ég er kominn hingað get ég sagt frá því að ég hef mjög miklar áhyggjur út af þessu verkfalli. Ég vek athygli á því að ekki er einungis um að ræða deilu milli sjómanna og útgerðarmanna. Hún kemur kannski fyrst og fremst niður á fiskverkafólki í landi og hún getur orðið til þess að fiskverkun leggist bókstaflega niður í ýmsum sjávarplássum og þar með er grundvelli kippt undan búsetu í viðkomandi plássum. Ég sé ekki hér eða nú hvernig hægt væri að verða við ýtrustu kröfum sjómanna. Það réttlætir hins vegar ekki mjög óeðlileg tiltæki sumra útgerðarmanna. Þessi deila leysist ekki með því að annar láti alfarið undan. Menn verða að koma sér að því að semja.

[14:33]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör við spurningum mínum og fagna því að ríkisstjórnin ætlar ekki að grípa inn í þessa kjaradeilu. Ég hefði kosið að sjútvrh. hefði gefið skýrari yfirlýsingar um það að leigja skip eða útflagga til að forðast þetta verkfall. Ég fagna yfirlýsingu félmrh. að hann ætli að kanna hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum vinnulöggjafarinnar. Ég tek undir eða fagna undirtektum þingmanna við það að mótmæla leigu eða útflöggun skipa til að forðast þetta verkfall.

Það er einfalt mál að leikreglur kjarasamninganna verða að gilda. Ég vil líka benda á það að varðandi fyrirspurn hv. 4. þm. Vestf., Sighvats Björgvinssonar, sem hann beindi til mín varðandi fisksöluform að hér er um vanþekkingu að ræða hjá hv. þm. Fiskmarkaðir starfa eftir heimild og lögum frá sjútvrn. og þau viðskipti sem hann gerði að umtalsefni voru samkvæmt úrskurði ráðuneytisins ekki heimilar. Hann hefði því getað aflað sér betri upplýsinga um það mál.

Ég vil líka nefna það varðandi fiskmarkaðsmálin að fiskmarkaðir leysa mjög mikið af þeim vandamálum sem við erum að tala um. Þeir leysa m.a. verðmyndunina. Viðskipti tonn á móti tonni til eigin fiskvinnslu leysast með fiskmörkuðum.

Ég vil að lokum óska eftir því að samningsaðilar nái sem fyrst samkomulagi í þessari deilu og ég skora á hæstv. sjútvrh. að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða.

[14:35]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Undir lok umræðunnar þakka ég fyrir málefnalega umfjöllun sem hefur farið fram um þetta viðkvæma efni og ítreka að það hlýtur að vera von okkar allra alþingismanna að deiluaðilar undir stjórn ríkissáttasemjara nýti tímann vel sem eftir er til þess að freista þess að finna lausn.

Það er mín skoðun að eðlilegast sé að gert sé út um deiluefni eins og verðmyndun á fiski í samningum aðila. Núverandi löggjöf um það efni var breytt fyrir þremur árum að ósk sjómanna og útfærsla laganna var alfarið að þeirra ósk. Á þeim tíma gerðu allir sér grein fyrir því að þessi lög eru ekki fullkomin. En ég ítreka að hér var farið að ósk sjómanna.

Hv. 8. þm. Reykn. sagði að einvörðungu hefði strandað á sjútvrh. að samþykkja að allur fiskur yrði seldur á fiskmörkuðum. Ég vil aðeins rifja upp af því tilefni að hann er formaður í stjórnmálaflokki sem hefur það á stefnuskrá sinni að selja allan fisk á fiskmörkuðum nema af eigin skipum þannig að mér sýnist að stefna hans eigin flokks fullnægi ekki þeim kröfum sem hann var setja á hendur ríkisstjórninni en það er í sjálfu sér aukaatriði.

Við verðum að mínu mati að hafa í huga við allar leikreglur í þessu efni heildarhagsmuni sjávarútvegsins, ekki bara að finna lausn á deilum sjómanna og útvegsmanna. Við erum að tala um atvinnugrein sem felst í veiðum, vinnslu og markaðssetningu afurða. Allar leikreglur þurfa að tryggja heildarhagsmuni allra þessara þátta í sjávarútveginum og það hefur mótað afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu efni.

Herra forseti. Ég ítreka þakklæti mitt fyrir þessar umræður og óskir til samningsaðila um að þeim takist að ná sáttum í tæka tíð áður en verkfallið skellur á.

## *Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 3. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Gjald af áfengi, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Áfengislög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 6. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

### *Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, frh. fyrri umr.*

Þáltill. KÁ o.fl., 5. mál. — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:41]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Til þess að 7., 8. og 9. mál megi koma til umræðu og atkvæðagreiðslu á fundinum þarf að leita afbrigða. Leitað er afbrigða fyrir öll mál samtímis ef enginn hreyfir andmælum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

### *Framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kvenna og karla, fyrri umr.*

Þáltill. SvanJ og BH, 7. mál. — Þskj. 7. [14:43]

**Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kvenna og karla. Meðflm. minn að þessari till. er hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir en tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera framkvæmdaáætlun í samráði við aðila vinnumarkaðarins sem hafi það að markmiði að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna á næstu fimm árum.

Markmiðið verði að koma með markvissar tillögur um hvernig ná megi fram fullu launajafnrétti kynjanna, m.a. hvernig hægt sé að gera launakerfið sýnilegt og fella heildarlaunagreiðslur inn í launataxtana á þann hátt að greidd verði sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Sérstaklega verði fjallað um þær leiðir sem farnar eru í nágrannalöndunum og m.a. höfð hliðsjón af tillögum stjórnskipaðrar nefndar sem nú fjallar um starfsmat. Einnig verði fjallað um hvernig draga megi úr launamisrétti við gerð kjarasamninga og í því sambandi kannað hvort einhvers konar forgjöf í launamálum sé fær leið og hvernig nota megi 3. gr. jafnréttislaga sem kveður á um tímabundnar séraðgerðir í þágu kvenna í þessu sambandi.

Framkvæmdaáætlunin, ásamt lagafrumvörpum ef þurfa þykir, verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 1996."

Virðulegi forseti. Þannig hljóðar þessi þingsályktun.

Allar kannanir sem fram hafa farið á launum kvenna og karla hér á landi sýna að tekjur karla eru mun hærri en tekjur kvenna. Sá munur sem er á launum kvenna og karla og ekki hefur tekist að skýra með einhverjum hætti, svo sem lengri vinnutíma, starfsaldri, meiri menntun eða auknu álagi, er töluvert mikill og breytilegur eftir stéttum. Ýmsar rannsóknir liggja nú fyrir og hægt er að fá mikilsverðar upplýsingar um laun kvenna og karla hjá aðilum eins og Þjóðhagsstofnun, Hagstofu, Félagsvísindastofnun háskólans og kjararannsóknanefndum. Nú síðast lét Jafnréttisráð í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um jafnrétti kynjanna gera könnun á launamyndun og kynbundnum launamun í nokkrum fyrirtækjum. Í febrúar sl. voru niðurstöður þeirrar könnunar birtar og er skemmst frá því að segja að þær hleyptu af stað meiri umræðu um launamál og launamisrétti en fyrri kannanir hafa gert þó niðurstaðan væri ekki alveg ný, mikill kynbundinn launamunur. E.t.v. voru það þær aðferðir sem beitt var sem gerðu það að verkum að ekki var annað mögulegt en taka mark á niðurstöðunum og bregðast við þeim. Til að auka á áreiðanleik niðurstaðna var margþættum aðferðum beitt. Auk ítarlegra spurningalista sem lagðir voru fyrir starfsmenn voru m.a. kannaðar grunnupplýsingar á launaskrám þeirra stofnana og fyrirtækja sem könnunin fór fram í auk ítarlegra viðtala við yfirmenn og almenna starfsmenn.

Eins og áður sagði sýna niðurstöðurnar töluverðan launamun karla og kvenna, hvort sem um er að ræða dagvinnulaun, dagvinnulaun með álagsgreiðslum eða jafnaðarkaup. Menntun leiðir til hærri launa hjá báðum kynjum en athyglisvert er að með aukinni menntun eykst launamunur milli karla og kvenna konum í óhag. Í könnuninni kemur fram að konur með háskólamenntun sækjast ekki síður eftir stöðuhækkunum en karlar, en aukin menntun kvenna hefur ekki enn skilað þeim jafnri stöðu á vinnumarkaðnum eins og vonast var til. Einnig virðist sem konur þurfi frekar að sanna sig í starfi til að ná frama innan fyrirtækja. Prófgráða þeirra og reynsla dugar ekki sem staðfesting á hæfni meðan starfsaldur á vinnustað virðist hins vegar ekki hafa mikil áhrif á gengi karla. Mun algengara

er að laun kvenna en karla séu eingöngu samkvæmt taxta stéttarfélags.

Samningar um lága taxta virðist því hér vera stór áhrifavaldur, þar sem karlar virðast hafa mun meiri möguleika á að semja um laun umfram taxta. Í ljósi þessa eykst enn mikilvægi þess að launakerfin verði stokkuð upp með það fyrir augum að afnema það misrétti sem augljóslega felst m.a. í aukagreiðslum ýmiss konar sem samið er um á vinnustað en ekki í kjarasamningum stéttarfélags og atvinnurekenda.

Viðhorf stjórnenda og starfsfólks til kvenna og karla eru misjöfn. Enn er litið á karla sem fyrirvinnur og það virðist ýta frekar undir starfsframa þeirra og launahækkanir. Þannig fá karlar í hjúskap hærri laun en einhleypir. Stjórnendur virðast líka vel kunna að meta að starfsfólk sé reiðubúið að vinna fram eftir og þar sem konur eru frekar taldar bera ábyrgð á börnum og uppeldi auk þess sem meiri hætta er talið á að þær hverfi úr vinnu vegna barneigna og umönnunar fjölskyldu virðast þeir þættir sem ýta undir frama karla vinna gegn konum. Þannig virðist ýmislegt af því sem taka þarf á í fjölskyldustefnu eða öllu heldur það að ekki hefur verið til nein fjölskyldustefna beinlínis vinna gegn konum á vinnumarkaði. Viðbrögð fyrrv. félmrh. að undirbúa og leggja fram tillögu að opinberri fjölskyldustefnu voru í þessu sambandi auðvitað hárrétt.

Ekki er ástæða til að ráðast í frekari kannanir eða rannsóknir á stöðunni. Hún er öllum ljós, ekki síst konum. Því er lagt til að ríkisstjórnin láti gera fimm ára áætlun um það hvernig ná megi fram launajafnrétti kynjanna. Í því sambandi verður m.a. höfð hliðsjón af niðurstöðu stjórnskipaðrar nefndar um starfsmat sem félmrh. skipaði í kjölfar framangreindrar rannsóknar á launamun kynjanna ásamt því að kannað verði hvernig beita megi 3. gr. jafnréttislaga, sem fjallar um tímabundnar séraðgerðir í þágu kvenna, og hvernig nýta megi kjarasamninga á tíma framkvæmdaáætlunarinnar til að draga úr launamisrétti kynjanna.

Samkvæmt 17. gr. jafnréttislaga skal félmrh. á fjögurra ára fresti leggja fram framkvæmdaáætlun um ráðstafanir til að ná fram jöfnuði milli karla og kvenna. Fyrsta áætlunin var lögð fram árið 1986. Hún tók m.a. til fjölgunar kvenna í opinberum ábyrgðarstöðum ásamt launamisrétti kynjanna.

Það er erfitt að meta gildi slíkra áætlana, en þó var fæðingarorlof lengt og störf heimavinnandi húsmæðra og umönnunarstarf meira metin en áður sem starfsreynsla. Konum fjölgaði einnig í stjórnunarstöðum hjá hinu opinbera en betur má ef duga skal og e.t.v. er gildi slíkra áætlana ekki síst það að koma málinu reglulega á dagskrá og stuðla þannig að því að menn verði meðvitaðri um ríkjandi ástand.

Árið 1988 var fyrsta konan skipuð ráðuneytisstjóri og árið 1933 var önnur kona ráðuneytisstjóri. Þær eru því orðnar tvær af þrettán. Einungis ein kona er ráðherra í tíu manna ríkisstjórn og hér á hinu háa Alþingi eru konur 25% alþingismanna og er það svipað hlutfall og í sveitarstjórnum landsins. Hlutfall kvenna í nefndum og ráðum á vegum ríkisins er aðeins lægra eða um 21%.

Sú áætlun sem nú er í gildi var samþykkt á Alþingi í maí 1993 og gildir til ársloka 1996. Þar er lögð áhersla á skyldur ráðherra og ráðuneyta að vinna markvisst að bættri stöðu kvenna á sínum vettvangi. Samkvæmt þeirri áætlun á hlutur kvenna í ráðum og nefndum á vegum ríkisins vera orðin 30% í lok gildistíma, þ.e. í lok næsta árs. Könnun sú sem Jafnréttisráð lét vinna og ég hef hér aðallega vitnað til var, eins og áður sagði, unnin í samræmi við þá sömu framkvæmdaáætlun.

Í þeirri þáltill. sem hér er mælt fyrir er gert ráð fyrir að sérstök áætlun, ásamt lagafrumvörpum ef þurfa þykir, til að ná fram launajafnrétti kvenna og karla verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í byrjun næsta árs.

Í nýliðinni kosningabaráttu mátti sjá að það var orðið baráttumál allra stjórnmálaflokka að draga úr launamun kynja. Launajafnrétti var orðið keppikefli allra. Til að fylgja þessum áhuga eftir er nauðsynlegt að unnið verði að undirbúningi aðgerða sem taki á launamisréttinu. Í yfirlætislausum bæklingi sem ber yfirskriftina Mannréttindi kvenna skrifar Sigríður Lillý Baldursdóttir, sem er formaður undirbúningsnefndar þátttöku okkar í fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Peking 1995, með leyfi forseta:

„Til þess að réttindi kvenna verði betur tryggð þarf að verða viðhorfsbreyting hjá þjóðinni allri. Mikilvægt er að konur þekki rétt sinn. Öðruvísi geta þær ekki sótt hann. Eins skiptir miklu máli að menn geri sér almennt grein fyrir ástandinu og átti sig á því að mannlegt samfélag lýtur ekki fyrir fram ákveðnum lögmálum. Samfélag manna er sköpun þeirra sjálfra. Og því er okkur í lófa lagið að breyta því ef viljinn er fyrir hendi."

Virðulegi forseti. Launamyndun og kynbundinn launamunur á vinnumarkaðinum er flókið samspil margra þátta sem erfitt hefur reynst að festa hönd á. Orsakirnar eru margþættar og aðgerðirnar verða sömuleiðis að taka mið af þeirri staðreynd. Ef við höfum þann vilja og þeir koma að málinu sem það eiga og þurfa að gera er hægt að gera hér breytingar á og þvo af þennan smánarblett.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. félmn.

[14:54]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það virðist ríkja nokkur samkeppni um tillöguflutning um jafnréttismál á milli þingflokka stjórnarandstöðunnar. Ég legg þann skilning í það að þeim þyki árangur þriggja fyrrv. félmrh. í jafnréttismálum, ráðherra sem hafa verið í félmrn. samtals upp á átta ár, ekki upp á marga fiska. Þessi tillaga sem hér er á ferðinni er svipaðs eðlis og tillaga hv. þm. frá Kvennalistanum sem hér var til fróðlegrar umræðu í gær. Það vekur sérstaka athygli mína með þessa tillögu að annar hv. flm. hefur verið í lykilstarfi hjá Alþýðusambandi Íslands og hinn var forðum aðstoðarmaður fyrrv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar og nú flokkssystir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem, eins og allir muna, var lengi hæstv. félmrh.

Ég tel að forsenda þess að unnt sé að leiðrétta þennan kynbundna óverjandi launamun sé samstarf heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins. Það er mikið áhyggjuefni hve lítið hefur áunnist í þessu efni, reyndar ekki áunnist vegna þess að í mörgum tilfellum hefur okkur miðað aftur á bak.

Fyrrv. verkefnisstjóri norræna jafnlaunaverkefnisins sem einnig hefur gegnt um langa hríð ritstjórastarfi Vikublaðins, málgagni Alþb., Hildur Jónsdóttir, tjáði sig mjög afdráttarlaust um þetta mál í Tímanum 10. *júní 1992, þ.e. fyrir þrem árum síðan.* Ritstjórinn sagði þar að verkalýðshreyfingin hefði aldrei sett spurningarmerki við rétt atvinnurekenda til að yfirborga eins og þeir teldu sér henta. Hún tekur líka fram í þessu viðtali að verkalýðshreyfingin hafi aldrei látið sig þessi mál, þ.e. yfirborganir og aukagreiðslur, neinu skipta. En ætli það geti ekki skeð að einmitt yfirborganirnar séu í mörgum tilfellum rótin að þessum launamun karla og kvenna. Mig langar að fá upplýsingar um það frá hv. flm. hvort þær eru sammála þessu áliti fyrrv. verkefnisstjóra norræna jafnlaunaverkefnisins.

Ég tel að það gildi í stórum dráttum það sem ég sagði í gær um hina tillöguna. Ég tel að þessi tillaga þurfi ekki endilega, ekki fremur en hin, að fá formlega afgreiðslu á þessu þingi, en er sjálfsagt innlegg í hugmyndabanka þann sem unnið verður úr. Það fer fram úttekt á gildandi jafnréttisáætlun samkvæmt lögum og það verður farið yfir framkvæmdaáætlunina og henni breytt eftir því sem ástæða þykir til. Og eins og ég hef áður sagt, þá reikna ég með að því verki verði lokið í haust og málið komi þá til umfjöllunar.

[14:58]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég verð að byrja á því að lýsa yfir furðu minni á því að hæstv. félmrh. sé nánast að gera lítið úr tillöguflutningi mínum og Svanfríðar Jónasdóttur með vísan til starfs míns hjá verkalýðshreyfingunni annars vegar og hins vegar til fyrri starfa Svanfríðar Jónasdóttur og með vísan til skoðana flokkssystur minnar, Hildar Jónsdóttur, á þætti verkalýðshreyfingarinnar í launamálum kvenna. Ég verð að segja það eins og er að mér finnst þetta ekki koma málinu við og vil nú mæla fyrir tillögunni.

Till. sú til þál. sem hér er til umræðu er í rauninni eðlilegt framhald þeirrar umræðu sem átti sér stað fyrir kosningar um hið hróplega launamisrétti sem ríkir á *milli kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði.* Fyrir kosningarnar virtist það keppikefli allra stjórnmálaflokkanna að takast á við misréttið sem hin síðari ár hefur verið að aukast hér á landi eins og kom fram í umræðunum líka í gær. Þessi þróun er algerlega óviðunandi og ekki í samræmi við nágrannalönd okkar og þróunina þar. Alþb. og óháðir vöktu athygli á þessu í kosningabaráttunni ásamt öllum hinum framboðunum og virtist ekki mikið skilja flokkana að í því meginmarkmiði að á launamisréttinu yrði að taka af festu.

Alþb. taldi í tillögum sínum nauðsynlegt að skoða allar leiðir sem leitt gætu til úrbóta og starfsmat er þar nefnt til sögunnar sem skoðunarverður kostur. Það er mjög mikilvægt að sú vinna sem ráðist yrði í sé unnin í samráði við aðila vinnumarkaðarins, og ég vil sérstaklega vekja athygli á þessu með tilliti til orða hæstv. félmrh. áðan, en aðilar vinnumarkaðarins eru samkvæmt lögum og alþjóðasamþykktum lögformlega til þess skipaðir að fjalla um kaup og kjör launafólks.

Tillaga sú sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir því að slíkt samráð sé haft og ég tel það vera mjög mikilvægt. Þær leiðir sem nefndar eru til sögunnar að skoða felast í því að gera launakerfið sýnilegt í þeirri viðleitni að greidd verði sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf eins og jafnréttislöggjöfin gerir ráð fyrir. Ég lít svo á að hér sé að sjálfsögðu haft að meginmarkmiði að tryggja það að aðgerðir þær sem framkvæmdar yrðu mundu ekki festa á nokkurn hátt í sessi það misrétti sem nú er við lýði. Sérstaklega vil ég árétta þetta varðandi þann þátt tillögunnar að fella heildargreiðslur inn í launataxtana, en sú leið gæti leitt til þess ef ekki er tryggt að hún yrði farin á þann hátt að greidd verði sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Rétt er að benda á í þessu samhengi að samkvæmt könnun Jafnréttisráðs um launamyndun og kynbundinn launamun og reyndar samkvæmt niðurstöðum fleiri kannana bendir allt til þess að launabilið verði fyrst veruleiki eftir að *hinum félagslegu samningum lýkur.* Í töxtum stéttarfélaganna er mismunurinn ekki sýnilegur heldur á hann sér stað í hinum frjálsa hluta launamyndunarinnar, þ.e. eftir að hinum félagslegu samningum lýkur og við tekur samningur einstaks atvinnurekanda og launamannsins. — Ég vildi gjarnan að hæstv. félmrh. væri hér að hlusta á mál mitt sérstaklega með tilliti til þess að hann beindi nánast til mín fyrirspurn um afstöðu mína til þessara mála sem hér er verið að ræða.

(**Forseti** (GÁ): Forseti mun gera hæstv. félmrh. viðvart um að koma og vera við umræðuna.)

Í tillögunni er lagt til að skoðað verði hvort við kjarasamninga mætti draga úr launamisrétti og þá sérstaklega hvort nota megi einhvers konar forgjöf til hagsbóta fyrir konur. Ég hef séð slíkar tillögur á borði stéttarfélaga í Svíþjóð sem felast í því að konur fái sérstaka hækkun umfram karla en slíkar tillögur byggja að sjálfsögðu á því grundvallaratriði að launamisréttið sé viðurkennd staðreynd. Ég geri ráð fyrir að svo sé hér á landi í dag þótt okkur geti greint á um leiðir til að leiðrétta það. Tillagan sem nú er til umræðu er þess *eðlis að ríkisstjórninni ætti* að vera vel mögulegt að vinna að þessu þjóðþrifamáli á grundvelli hennar. Hún felur í sér að gerð verði framtíðaráætlun og markmiðið er einfalt: Að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna á næstu fimm árum.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég skora á ríkisstjórnina að nota þetta tækifæri til að fylgja eftir því loforði sem okkur er gefið í starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um að unnið verði gegn kynbundnu launamisrétti. Sú þróun sem hér hefur orðið á umliðnum áratug er íslensku þjóðinni til skammar og stjórnvöld hljóta að líta á það sem forgangsverkefni að vinna bug á slíku misrétti.

Ég vil einnig greina frá því, herra forseti, að á fundi Kvenréttindafélags Íslands, sem haldinn var þann 15. maí sl., var samþykkt ályktun sem fól í sér áskorun til stjórnvalda um úrbætur í þessum málum. Félmrh. var sem ráðherra jafnréttismála send ályktun fundarins og óskað eftir því að hann kynnti hana ríkisstjórninni. Á fundi Kvenréttindafélagsins voru saman komnar um 70 konur úr öllum stjórnmálaflokkum og öllum stéttum og reyndar nokkrir karlar líka, þar á meðal hæstv. félmrh. Skilaboð okkar eru einföld. Það þarf að hefja aðgerðir og það strax. Það verður ekki liðið lengur að láta misrétti byggt á kynferði viðgangast á svo augljósan og óumdeilanlegan hátt og launamunur kynjanna gerir.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. félmrh. frá því í gær að hann hygðist kanna það hvort sá orðrómur sé réttur að í ráðuneytunum ríki kynbundið launamisrétti. Ég vil auk þess hvetja hæstv. ráðherra félagsmála til að kanna stöðuveitingar á vegum ráðuneytanna með tilliti til kynferðis því mig rennir grun í að þar sé víða pottur brotinn. Hæstv. félmrh. telur það til bóta að konum fjölgi í útskriftarárgöngum í Háskóla Íslands og fleiri skólum og get ég fyllilega tekið undir það með honum. En þegar maður sér mynd eins og ég held á úr Morgunblaðinu í gær, þessi mynd er af fundi sýslumanna og æðstu manna lögreglu á Íslandi, þá getur maður spurt sig að því hvort menntun færi konum betri stöðu. Á myndinni er ein kona og þetta er árið 1995.

[15:05]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Það verður að teljast mikið ánægjuefni að hér á löggjafarsamkundunni gefist tilefni til þess dag eftir dag að ræða jafnrétti kynjanna og er sjálfsagt að nýta það, en reyndar synd hversu fáir eru viðstaddir. Í gær var það tillaga okkar kvennalistakvenna um aðgerðir gegn launamisrétti kynjanna og aftur er sama efni á dagskrá, nú að frumkvæði hv. þingkvenna Svanfríðar Jónasdóttur og Bryndísar Hlöðversdóttur. Svo ágætt sem það þingmál er í sjálfu sér sem rætt er í dag þá þarf það ekki að koma á óvart að ég styð fremur hið fyrra. Það gengur lengra, er beinskeyttara og markvissara á málinu tekið. Þar eru gerðar beinar tillögur um aðgerðir meðan það mál sem hér um ræðir er fremur um átak til þess að móta aðgerðir. Báðar eru þessar tillögur þó vissulega verðugt innlegg í umræðuna.

Það verður að segjast eins og er að það sótti að mér svolítil depurð við umræðuna í gær. Mér fannst ég hafa upplifað þetta svo oft áður, heyrt öll þessi rök áður með og móti, þessar yfirlýsingar um að launamisréttið væri náttúrlega hið versta mál og eitthvað þyrfti að reyna að vinna gegn því, en hvað svo? Eru menn í raun og veru tilbúnir til að gera eitthvað í málinu? Ég, því miður, efast um það. En það þýðir náttúrlega ekki að missa vonina.

Hugurinn leitaði við þessar umræður jafnvel 12 ár aftur í tímann þegar Kvennalistinn kom fram og setti nýjan lit á kvennabaráttuna. Þá var geysimikill kraftur og hugur í konum og margt sem efldi til átaka. Konur voru dálítið upptendraðar, kvennafrídagurinn enn í fersku minni, kona orðin forseti og svo auðvitað sú staðreynd að fjöldi kvenna á Alþingi Íslendinga þrefaldaðist í kosningunum þetta ár og kvenfrelsisafl komið með fulltrúa á Alþingi.

Launamálin, kjör kvenna, voru vissulega höfuðbaráttumálið þá eins og núna og ég minnist þess t.d. að alþýðuflokkskonur tóku ákveðið frumkvæði þá með hv. þingkonu Jóhönnu Sigurðardóttur í fararbroddi. Þær efndu m.a. til ráðstefnu um launamál kvenna og í framhaldi af þeirri ráðstefnu var stofnuð framkvæmdanefnd um launamál kvenna sem miklar vonir voru bundnar við. Þá voru líka stofnuð Samtök kvenna á vinnumarkaði til þess að rétta hlut kvenna á vinnumarkaðnum og m.a. til þess að gera það sem menn töldu ógert hjá verkalýðshreyfingunni. Á þeirri ráðstefnu flutti Vilhjálmur Egilsson m.a. ræðu. Hann var ekki þingmaður þá en starfandi held ég hjá Verslunarráðinu og ég man að mér þótti hann nokkuð storkandi í tali og minnti raunar á samflokksmann sinn sem talaði hér í gær. Allt var þetta meira og minna markaðslögmálunum að kenna og við því væri svo sem ekkert að gera nema að konur yrðu að gera svo vel að standa sig betur í samkeppni við karlana.

Svo var þetta með móðurhlutverkið. Það yrði aldrei frá konum tekið en álitamál hvort fæðingarorlofið væri ekki konum fjötur um fót. Þetta var inntakið í ræðu Vilhjálms Egilssonar fyrir 12 árum en það gladdi mig að heyra að hv. þm. Pétur Blöndal er þá kominn að því leytinu lengra að sjá að fæðingarorlof karla gæti verið liður í að rétta kúrsinn.

Það var ýmislegt í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals í gær sem gefur tilefni til umræðu og reyndar var ánægjulegt að a.m.k. tveir nýir þingmenn sáu ástæðu til þess að flytja jómfrúrræður sínar við þessa umræðu í gær og var tilefnið vel við hæfi. Hv. þm. spurði hvað hefði mistekist, hvar misréttið myndast og lagði áherslu á að við yrðum að ráðast að rótum vandans. Við getum sannarlega verið sammála um það, en hvar eru þessar rætur? Mér finnst menn hafa horft dálítið fram hjá því og eftir því tekur maður í hinum ýmsu greinum sem birtar eru um þessi mál í blöðum, og sem betur fer er talsvert skrifað um þetta efni þessa dagana, umræðan verður að halda áfram. Viðhorfsbreyting er nauðsynleg. Sjálfstfl. er búinn að uppgötva það og við kvennalistakonur höfum raunar talað um hugarfarsbyltingu sem er náttúrlega róttækara orð og kannski of æsilegt fyrir suma. En það verður að komast að einhverri niðurstöðu um það hvernig við náum fram slíkri viðhorfsbreytingu. Ein leiðin er að breyta fyrirmyndum. Og þá komum við einmitt að því sem margir hafa gagnrýnt og misskilið eða kosið að misskilja eða bara alls ekki skilið og það er áhersla kvenna á stöður af ýmsu tagi. Þá er náttúrlega nærtækast að svipast um hér innan dyra.

Auðvitað skiptir það máli að konur fái aðstöðu og vald til þess að breyta hlutunum, til þess að brjóta upp hefðina sem er einmitt það sterkasta sem karlar hafa fram yfir konur og það margra alda gamlar hefðir. Þess vegna verður að gera eitthvað í slíkum málum, rjúfa

hefðina, skapa nýjar hefðir og venjur. En þá upphefst náttúrlega talið um hæfni og vanhæfni og eitt skýrasta dæmið um slíkan málflutning og misskilning má lesa í Alþýðublaðinu í dag, en eins og allir vita er Alþýðublaðið sérstaklega áhugasamt um málefni kvenna og ekki síst kvennalistakvenna. (**SvG:** Hverjir vita það?) Þeir sem lesa Alþýðublaðið náttúrlega. (**HG:** Það eru þingmenn ...) En í dag er þar grein undir heitinu „Bjargvættir vanhæfra kvenna" sem er furðulesning mikil. Greinarhöfundur endar með spurningu þess efnis hvort Kvennalistinn hafi náð markmiði sínu að hluta til eins og það er orðað, með leyfi hæstv. forseta, „með því að neyða karlana til að hefja til virðingar mislítið hæfar konur". Hann, þ.e. þetta er að sjálfsögðu hann, endar svo með orðunum: „Ja, svei attan." Og vil ég gjarnan senda þau orð heim til föðurhúsanna.

Það er nefnilega þetta með hæfnina og vanhæfnina að það er matsatriði. Og þar eru rætur misréttisins á öllum sviðum því að eins og fegurðin býr í auga sjáandans þá býr hæfnin í huga þess sem metur og svo skulum við minnast þess hverjir það eru fyrst og fremst sem ráða því mati hvort sem um er að ræða að meta hæfni til starfa og embætta eða að meta störf til launa.

Ég sé að hæstv. félmrh. er svolítið upptekinn en það er allt í lagi. Hann fær bara skilaboðin. Það var ágætt að skynja hans áhuga á þessum málum en ég var ekki eins ánægð með það að heyra hann lýsa því yfir að þetta væru nánast óþarfar tillögur, það væri verið að vinna að þessum málum í ráðuneytinu og hjá stjórnvöldum. Það eru skilaboð sem gjarnan koma frá ráðherrum og ríkisstjórn til þingmanna þegar þeir eru að gera tillögur um málefni að það sé verið að vinna að þeim. Vissulega og vonandi en þetta heyrum við með svo mörg mál og ég minnist þess að þingmenn hafa gjarnan lagt fram hin margvíslegustu mál um úrbætur á tryggingalöggjöfinni og það er ævinlega svarið sem við fáum frá stjórnvöldum að það sé verið að vinna að málinu, það sé verið að endurskoða tryggingalöggjöfina. Þetta hefur verið sagt í mörg ár. En þingmenn gera vitaskuld sínar tillögur og það er Alþingis að fjalla um þær og meta það hvort þær eru þarfar eða óþarfar.

[15:14]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Mig langar til að vekja máls á einu því sem tefur fyrir starfsframa kvenna. Það er það að þær fara í fæðingarorlof. Þess vegna langar mig til að vísa því til hæstv. jafnréttisráðherra, hvort það sé ekki leið, hæstv. jafnréttisráðherra sem reyndar er í símanum. Ég tel ástæðu til þess að hann verði viðstaddur þessa umræðu. (**Gripið fram í:** Jafnréttisráðherra?)

(**Forseti** (GÁ)**:** Þess er óskað að hæstv. félmrh. verði við umræðuna.)

(**Félmrh.:** Ég nem mál ræðumanns.) Ég var að benda á það að eitt af því sem tefur fyrir starfsframa kvenna er að þær fara í fæðingarorlof og þess vegna vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. jafnréttisráðherra hvort það er ekki leið í jafnlaunaumræðunni, hvort ekki verður að skylda karla í fæðingarorlof. Þá standa kynin jafnt að vígi gagnvart aðgengi til starfa.

Hv. þm. Pétur Blöndal benti á það í umræðunni um þessi mál í gær að atvinnurekendur veigruðu sér við að ráða konur á barneignaraldri til starfa vegna kostnaðar sem það hefði í för með sér þegar þær færu í barneignarfrí og nefndi einnig kostnað við að setja nýjan starfsmann í starfið þeirra á meðan þær væru frá. Atvinnurekendur mundu losna úr þeim vanda að þurfa að velja óhæfari karl í stað hæfari konu eins og hv. þm. Pétur Blöndal nefndi í umræðunni í gær ef atvinnurekandinn á það jafnt á hættu að karlinn færi í fæðingarorlof og það án þess að hann væri á ákveðnum aldri.

Annar möguleiki er að karlar fari sjálfkrafa í fæðingarorlof en þurfi að sækja um eða skrá sig úr því ef þeir hyggjast ekki nýta það í stað þess að í dag þurfa menn að sækja um að fá að fara í barneignarfrí. Foreldrar eiga að geta tekið barneignarfrí saman. Í dag er eini réttur íslenskra feðra til greiðslna í fæðingarorlofi að mega nýta hluta af fæðingarorlofi móður ef hún gefur honum leyfi til þess og við það skerðast greiðslur til hennar þannig að réttur feðra er afleiddur réttur móðurinnar auk þess sem faðir getur ekki tekið fyrsta mánuðinn, þann mánuð sem móðirin og barnið þarfnast föðurins væntanlega jafnan mest.

Á Norðurlöndum eiga feður sjálfkrafa rétt a.m.k. á tveggja vikna launuðu fæðingarorlofi strax við fæðingu barns síns og einnig eiga feður í Svíþjóð og Noregi rétt á fjórum vikum í viðbót þegar barnið er orðið nokkurra mánaða. Nýti faðirinn ekki þennan sérstaka rétt sinn til orlofsins er ekki hægt að færa hann yfir til móðurinnar og hann fellur niður.

Á Norðurlöndum eru greiðslur í fæðingarorlofi hlutfall af launum. Eins og hv. þm. án efa vita eru greiðslur í fæðingarorlofi hér á landi, a.m.k. úr almannatryggingunum, fastar upphæðir sem allir fá, annars vegar dagpeningar og hins vegar fæðingarstyrkur og eru þær undir 60 þús. kr. á mánuði. Ég efast ekki um það að ef karlar eru skyldaðir til að taka fæðingarorlof mundu þessar greiðslur hækka. Ef við skoðum hvernig ástandið er í dag og hversu mjög íslenskir karlmenn nýta þennan rétt sem þeir eiga til greiðslna úr fæðingarorlofi fengu aðeins 16 feður greiðslur úr Tryggingastofnun í fæðingarorlofi sínu á síðasta ári meðan 5.286 mæður fengu greiðslur. Árið á undan voru þeir 17 á móti 5.500 mæðrum. Varðandi þennan jafna rétt foreldra til töku fæðingarorlofs ber að benda á að það þarf að taka upp lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem eru frá 1954 þannig að þar verði viðurkenndur réttur þeirra feðra sem eru ríkisstarfsmenn til fæðingarorlofs en einnig þarf að breyta greinum um greiðslur í fæðingarorlofi í lögum um almannatryggingar í sama skyni.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum, sem sett var í tíð síðustu ríkisstjórnar og á að gilda til 1997, er ætlunin að fram fari heildarendurskoðun á löggjöf um fæðingarorlof. Sú endurskoðun er ekki hafin svo að ég viti til þó svo að tímabil framkvæmdaáætlunar sé nú hálfnað. Það væri því gott ef hæstv. jafnréttisráðherra getur upplýst okkur um hvort endurskoðun á þessum löggjöfum sé hafin og ef svo, hversu langt hún er komin.

[15:20]

**Pétur H. Blöndal:**

Forseti. Í gær áttum við mjög góða umræðu um jafnréttismál. Hún var mjög upplýsandi. Ég taldi mig hafa lært mikið á henni og núna heldur hún áfram og ég fagna því. Ég held að það sé eins og ég gat um í gær mikil nauðsyn fyrir þjóðina að jafnrétti komist á, ekki bara milli karla og kvenna, ég undirstrika það, ekki bara milli karla og kvenna heldur milli einstaklinga almennt. Þetta er ekkert sem ég þykist hafa lært núna í síðustu kosningabaráttu. Þetta er mjög gömul hugsun hjá mér og mér finnst því miður að ég hafi orðið var við ákveðna fordóma hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur í minn garð, sennilega vegna þess að ég er karlmaður og má því ekki hafa skoðun í þessum málum. Mér er mikið hjartans mál að jafnrétti náist fram og ég ætla að biðja menn um að trúa því.

Ég gat um það í gær hvernig ég teldi að misrétti ætti sér stað. Það er við borðið þegar ráðningin á sér stað og ég tel að aðalmisréttið eigi sér ekki stað í því að ráðið sé í sömu störf hlið við hlið, karl og kona og karlinn með hærri laun. Það er aðallega eins og myndin benti til sem hér var sýnd áðan, það er aðallega í stöðuveitingunum. Þar sem er verið að ráða fólk í hærri stöður eru karlmennirnir ráðnir og það er mjög erfitt að finna út úr því hvort það sé um launamisrétti að ræða eða ekki. Hvernig finnið þið út úr því hvort það er um launamisrétti að ræða eða ekki hjá bankastjórum landsins? Bíðið nú við. Það er engin kona þar. Hvernig á að finna út launamisrétti í þeirri stétt? Þeir eru allir með sömu laun og ekkert misrétti. En misréttið felst í því að engin kona hefur verið ráðin bankastjóri. Í því felst misréttið. Kannski felst það líka í því að einhverjir karlmenn sem hefðu verið hæfari til að vera þar eru heldur ekki í þeim hópi.

Ég er sammála því sem kemur fram í tillögunni að það þarf að finna út úr því hver eru raunveruleg laun. Það er nánast útilokað á Íslandi að finna út úr því hvað einn ákveðinn maður er með í laun. Meira að segja hér á Alþingi veit ég ekki hvað ég er með í laun því ég fæ einhvern bílastyrk og hann er einhvern veginn ómældur. Og svona er þetta víða. Margar stéttir þurfa að fara til útlanda til þess að ná í launin sín. Ferðin til útlanda er kjarabundin þannig að ég vil endilega að það sé sem mest sýnd launin sem greidd eru hér á landi.

Varðandi fæðingarorlofið, sem ég gat um í gær að væri hugsanlega mótvægi við því að jafna kjör karla og kvenna, gleðst ég yfir því sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, sagði. Ég er sömu skoðunar og hún. Það þarf að laga þessa stöðu. Við þurfum að gera karlmönnum, feðrum, skylt og það á að vera ljúf skylda að vera með börnum sínum og vera heima helminginn af fæðingarorlofinu. Það er nefnilega alls ekki svo slæmt að vera faðir. En það sem við þurfum kannski fyrst og fremst að ná fram er afstöðubreyting. Það er afstöðubreyting karla til kvenna sem er mjög ríkjandi, því miður, að menn sjá ekki að konur eru jafnhæfar og karlmenn. Þetta er mjög ríkt og svo þarf að breyta afstöðu kvenna til kvenna. Menn nefna hérna félmrn. að þar hafi ekki verið launajafnrétti og þar sem voru þó ráðherrarnir konur. Svo þarf að taka sérstaklega til skoðunar afstöðu kvennanna til sjálfs sín, þ.e. sjálfsmynd og sjálfsálit kvenna þarf að auka. Hvernig gerum við það? Ég sé það ekki alveg en ég vildi gjarnan að við ræddum það dálítið hvernig við aukum álit kvenna á sjálfum sér. Ég held að það yrði kannski best gert í menntakerfinu með því að leggja meiri áherslu á það að fólk stundi sjálfstæð verkefni. En fyrst og fremst bendi ég mönnum á það að fara í gegnum þá hugsun sem ég sýndi í gær að misrétti myndast við ráðningu í stöður og hvernig menn koma í veg fyrir það. Mér sýnist að það sé mest hjá þeim fyrirtækjum sem þurfa ekki að horfa í arð.

Það segir sig sjálft og er rökrétt að ef ég þarf að reka fyrirtæki með hagnaði ræð ég að sjálfsögðu hæfasta starfsmanninn. Ef ég er í stjórn slíks fyrirtækis sem á að skila hagnaði ræð ég að sjálfsögðu sem framkvæmdastjóra þann einstakling sem er hæfastur til að skila því fyrirtæki áfram með miklum hagnaði. Ég horfi ekkert í það hvort sá maður er karl eða kona. Ég horfi ekkert í það hvort hann er í þessum eða hinum flokknum og ég horfi heldur ekki í það hvort hann er skyldur mér eða ekki. Ég ræð bara þann sem er hæfastur ef það eru markmið hjá mér nr. eitt, tvö og þrjú að fyrirtækið skili arði. Mín skoðun er sú að sá mikli vöxtur á fé sem enginn á, þ.e. fé frá ríkissjóði, fé sem er langt frá eigandanum eins og í lífeyrissjóðum, mín skoðun er sú að sá mikli vöxtur á fé án hirðis sem ég kalla svo valdi misréttinu, valdi því að menn hafi efni á því að ráða óhæfari einstakling til að stýra fyrirtækjum til að fara í valdastöður. Þessi aukning á fé án hirðis veldur misréttinu. Hvernig minnkum við þetta fé án hirðis? Það er með því að auka vald eigendanna á fjármagninu, t.d. í lífeyrissjóðnum, með auknu lýðræði og aðhaldi sjóðfélaganna á rekstri sjóðanna og svo hins vegar með því að einkavæða sem allra mest. Þannig er hægt að rökstyðja að jafnrétti er sama sem einkavæðing.

[15:27]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem við ræðum hér sem og það mál sem var til umræðu í gær, 5. mál þingsins, eru báðar góðra gjalda verðar og taka á máli sem hefur verið til umræðu í vaxandi mæli sem betur fer, m.a. í ljósi upplýsinga sem hafa verið að koma fram um stöðu þessara mála og hversu hægt gengur að ná þeim markmiðum sem lög kveða á um í sambandi við jafnrétti milli kynja. Ég ætla ekki að ræða þessar tillögur í einstökum atriðum, enda aðeins önnur þeirra hér til umræðu, en aðeins segja nokkur orð um málið út frá almennum sjónarmiðum.

Ég tel að mjög hafi skort á það á undanförnum mörgum árum að af hálfu fjárveitingavalds og framkvæmdarvalds væri lagt það fram sem þarf til þess að styðja með beinum og óbeinum hætti að því að ná fram þeim markmiðum sem hér er um að ræða. Sumpart hefur ríkt ágreiningur um það hvort þær leiðir sem vísað hefur verið til í þeim efnum væru líklegar til að skila árangri en jafnframt hefur verið um að ræða pólitíska tregðu til þess að taka á málunum. Þetta er að

sjálfsögðu mitt mat sem ég er að leiða fram en gæti rökstutt með vísun í dæmi. Þetta á m.a. við að sjálfsögðu um fjármagn sem tengist markmiðum sem fram komu í 3. gr. laga um jafnrétti karla og kvenna, en þetta á einnig við um ýmsa stuðningsþætti til þess að taka á vandamálum og hjálpa þeim sem eiga í vök að verjast sem eru konurnar, hjálpa þeim til þess að ná tökum á málum og ná betri viðspyrnu til þess að gera sig gildandi á vinnumarkaði. Í þessu sambandi nefni ég tillögur sem fram komu og ég var flm. að á sínum tíma með fleirum um jafnréttisráðgjafa sem kæmu til starfa í landshlutunum, nokkra jafnréttisráðgjafa tengda félmrn. til þess að taka á fjölmörgum þáttum sem varða veikari stöðu kvenna. Veikur vísir að þessu máli komst inn í jafnréttislöggjöfina, þó miklu veikari en tillögur stóðu til um í þeirri nefnd sem ég átti sæti í við endurskoðun á þeirri löggjöf.

Ég ætla ekki að fara að segja það sjálfum mér til hróss, en í sambandi við þá vinnu var það nú svo að það komu fram tillögur, sem ég átti m.a. hlut að, inn í þá nefnd varðandi endurskoðun á jafnréttislöggjöfinni sem ekki fengu þar undirtektir, sem ekki höfðu verið þar til umræðu í nefndinni áður en ég kom inn í störf hennar og sem enn eru ekki komnar inn í löggjöf. Yfir þetta væri hægt að fara í einstökum atriðum. Ég nefni hér dæmið um jafnréttisráðgjafa. Ég nefni líka dæmið um sérstakan umboðsmann jafnréttismála, fyrirkomulag sem hefur verið tekið upp í nágrannalöndum okkar í Skandinavíu þar sem konur geta leitað réttar síns. Tillögur um þetta náðu ekki fram að ganga í nefndinni og nutu ekki stuðnings páv. hæstv. félmrh. sem skipaði formann nefndarinnar og var hennar fulltrúi í þessari nefnd. Ég veit ekki hvaða sjónarmið réðu, hvort það voru sparnaðarsjónarmið eða vantrú á að þetta væri einn þátturinn sem réttmætt væri að koma á hér á landi til þess að styrkja stöðu kvenna alveg sérstaklega á vinnumarkaði en einnig varðandi aðra þætti sem þær eiga undir högg að sækja, að sjálfsögðu að formi til einnig réttur karla til þess að leita réttar ef þeir telja að á hann sé gengið, en það er ekki okkar áhyggjuefni sérstaklega sem tengist þessari umræðu.

Ég vildi svo aðeins, virðulegur forseti, víkja að öðrum þáttum sem varða stöðuna á hinum almenna vinnumarkaði. Menn eru mikið að tala um hinn opinbera vinnumarkað, stöðu kvenna þar og hvernig hann er fyrir borð borinn. Nú gleymdi ég í því sambandi að nefna frv. sem ítrekað var til umræðu á Alþingi og ég var 1. flm. að ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, um að beita kvóta í sambandi við opinberar tilnefningar í stöður, að beita þar 40–60% kvótareglu. Þetta hlaut ekki stuðning. Ég ætla ekki að fara yfir það hverjir studdu það sjónarmið og hverjir ekki en ég er alveg sannfærður um að einnig slík aðgerð væri skynsamleg, væri nauðsynleg varnaraðgerð í þeirri stöðu sem við erum, en hún hefur ekki fengið meirihlutastuðning í þinginu.

Síðan það sem snýr að hinum almenna vinnumarkaði og þá kem ég m.a. að því sem kom fram í máli hv. 16. þm. Reykv., Péturs Blöndals, spurningin um að ráða hinn hæfasta. Ég tók eftir því þegar ég á skrifstofu minni í gær hlýddi á ræðu hv. þm. við annað skylt mál að þá lagði þingmaðurinn einnig áherslu á þetta atriði og hafði trú á því að mér fannst að hinn almenni markaður mundi leysa málið. Ég átta mig satt að segja ekki á grunninum undir þessum málflutningi. Það er matið á hver sé hinn hæfasti stjórnandi fyrirtækja og þeir sem ráða fólk. Það er að sjálfsögðu ákvörðunaratriði viðkomandi. Hvernig ætlar hv. þm. að ná árangri í þeim efnum þannig að sú mismunun sem blasir við á hinum almenna vinnumarkaði verði leiðrétt án þess að það komi til inngrip og leiðbeinandi reglur? Hann er bara að vísa á guð og lukkuna í þessum efnum og ekkert annað og þar náttúrlega eru það hefðirnar sem leggjast gegn konum, þar eru það hin almennu markaðslögmál sem leggjast gegn konum og fjölmargir aðrir þættir. Ég held því að hv. þm. hafi verið að vísa á uppfinningu hjólsins í þessum efnum nema fram komi nánari skýringar um þetta.

Þá kem ég að því sem er hin almenna þjóðfélagsþróun mjög víða og sem við erum þátttakendur í. Það er hin sívarðnandi samkeppni á vinnumarkaði sem torveldar konum möguleika af ýmsum ástæðum, ekki vegna þess að þær skorti hæfni, heldur vegna þess að uppbygging samfélagsins að öðru leyti er ekki sniðin að þeirra aðstæðum og þeirra þörfum og þörfum fjölskyldunnar. Og þar nægir að líta á það stóra fyrirbæri sem við erum tengd í gegnum EES-samninginn, Evrópusambandið, sem er í auknum mæli og verður að bregðast við síharðnandi samkeppni og gerir það eftir markaðslögmálum einum. (Forseti hringir.) Það væri hægt að leita víðar til þess að sýna hver þróunin er og hvernig hún stefnir beint gegn jafnréttissjónarmiðum vegna hins almenna gangverðs markaðslögmálanna. Það er ekki tími til að ræða frekar.

[15:35]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég fagna þessari tillögu og þessari umræðu sem hér fer fram um stöðu jafnréttismála nú dag eftir dag á hinu háa þingi. Það er sannarlega ástæða til. Þessi mál komust nokkuð á dagskrá á sl. vetri í kjölfar skýrslu sem Jafnréttisráð lét Félagsvísindastofnun vinna um launamyndun og kynbundinn launamun og það er eðlilegt framhald af þeirri umræðu sem þá fór fram og þeirri skýrslu að þessi mál séu tekin hér upp á nýju þingi.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að viðurkenna að launamisréttið er mjög margslungið mál og ég held að alhæfingar dugi ekki ef á að reyna að brjóta það til mergjar. Hér var m.a. sagt af einum hv. ræðumanni að þetta launamisrétti stafaði ekki síst af því að viðhorf í sambandi við mannaráðningar veldu því að karlar veldust til æðstu og þá væntanlega best launuðu starfanna og konur síður og var tekið dæmi af bankastjórum sem væru víst allir karlar. Ég ætla ekkert að gera lítið úr því að þetta eigi þarna hlut að máli en ég bendi á að í skýrslu Félagsvísindastofnunar um launamyndun og kynbundinn launamun var einmitt reynt að einangra þætti af þessu tagi og það sem gerði kannski niðurstöðu þeirrar skýrslu að mörgu leyti meira hrollvekjandi en ella var að þar var markvisst reynt að taka til

hliðar allar gjaldgengar skýringar á mismunandi launum eins og þetta með því að bera eingöngu saman fólk í sambærilegum stöðum. Eftir stóð samt sem áður launamunur, óútskýranlegur og óverjanlegur launamunur sem engin önnur haldbær skýring er til á en að hann sé kynjabundinn, þ.e. þegar búið var að taka tillit til þess að fleiri karlar en konur voru í hærri stöðum innan viðkomandi fyrirtækja og stofnana o.s.frv. Að þessu leyti dugar því dæmið um bankastjórana ekki nema að hluta til til að skýra málið og það er kannski það alvarlega sem menn standa hér frammi fyrir.

Ég held að niðurstaðan, og það sýnir nú og sannar að sínum augum lítur hver á silfrið eða eftir því frá hvaða sjónarhóli er talað, en mín niðurstaða af lestri þessarar skýrslu og umhugsunar um þessi mál á sl. vetri var sú að eina vörnin í þessum efnum væri fólgin í gagnsæjum, umsömdum launum sem öllum væru greidd vegna þess að svo lágt leggjast menn almennt ekki að reyna að innleiða eða viðhafa launamisrétti í hinum föstu umsömdu töxtum. Nei, það er þegar til sögunnar koma óumsamdar persónubundnar greiðslur til einstaklinga sem launamunurinn heldur innreið sína. Og þá getur niðurstaðan að mínu mati ekki orðið sú að fara að hverfa að aukinni frjálshyggju í þessum efnum. Og það fannst mér einhver furðulegustu viðbrögðin af öllum við skýrslunni á sl. vetri þegar hæstv. fjmrh. kom hér í ræðustól og taldi að eðlileg viðbrögð við henni væru þau að innleiða í auknum mæli einstaklingsbundna samninga og persónubundin launakjör gagnvart hverjum og einum starfsmanni ríkisins til að mynda. Að mínu mati er slíkt að fara í algjörlega öfuga átt við það sem er meginniðurstaðan, meginlærdómurinn af athugun á þessum málum á undanförnum mánuðum og er að því leyti til skýrsla Félagsvísindastofnunar ekki ein á ferðinni og ekki í sjálfu sér fyrst til að birta þessa mynd þó að hún geri það með skýrari hætti en áður hefur verið.

Þess vegna tek ég undir það sem segir í 2. mgr. tillögunnar að markmiðið hlýtur að vera það að fella heildarlaunagreiðslur inn í launataxtana þannig, með leyfi forseta, „að greidd verði sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf“ og allar þessar greiðslur verði uppi á yfirborðinu og sýnilegar. Ég held að að sama skapi sé líka hæpið að draga þá ályktun að stóraukin einkavæðing sé endilega lausnarorð í þessum efnum.

Það er að vísu svo að ríkið kom í sjálfu sér ekkert betur út sem vinnuveitandi í þessum samanburði einkafyrirtækja og stofnana í skýrslu Félagsvísindastofnunar en það kom heldur ekki verr út. Og það var ekki hægt að sjá að staða kvenna væri að ráði mismunandi eftir því hvort vinnuveitandinn væri einkaaðili eða opinber stofnun þannig að þá fæ ég ekki séð að það sé í sjálfu sér lausnarorð að einkavæða stofnanir. Það mundi væntanlega ekki sjálfkrafa leiða til betri stöðu þessara mála nema fyrir væri sýnilegur munur í því að minni launamunur væri á ferðinni úti á einkamarkaðnum, en það er ekki. Auðvitað er sá samanburður allur vandasamur og það er sjálfsagt að hafa fyrirvara á honum, eins og reyndar er gert í skýrslunni, en meginniðurstaðan var sú að það væri ekki að þessu leyti til um mikinn mun að ræða. Þó að launin sjálf væru kannski skárri hjá konum á almenna vinnumarkaðnum þá voru þær hlutfallslega ekkert betur settar borið saman við karlana. Þessi mál eru býsna margslungin eins og ég sagði og það þýðir lítið að ræða um þetta nema horfast í augu við það.

Ég held að það sé ekkert verri nálgun í þessum málum en hver önnur að reyna að gera framkvæmdaáætlun af því tagi sem þessi tillaga fjallar um og eitthvað verða menn að reyna því að það gengur ekki annars vegar að hafa í gildi jafnréttislög með afdráttarlausu banni við því að mismuna fólki í launum eftir kynferði eins og lög gera í dag, 4. gr. og hvað það nú er, horfast í augu við grimmilegt launamisrétti hins vegar og yppa öxlum. Það er ekki hægt. Menn verða að ráðast á þetta vandamál og reyna að uppfylla lögin um jafnrétti í launum, nú eða þá að fella þá grein bara úr gildi og gefast upp.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst innlegg hæstv. jafnréttismálaráðherra í byrjun þessarar umræðu ekki rismikið. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að reyna að nálgast þetta frá öðrum sjónarhóli en þeim að fara að hálfpartinn að sprogsetja það fólk sem hér er að leggja fram tillögur og sinna þessum málum og að gera það tortryggilegt með tilliti til fyrri starfa eða bakgrunns í þessum efnum eins og því farist nú ekki mikið upp á dekk af því að það hafi ekki kippt þessum málum í liðinn þegar það var að starfa úti á almenna vinnumarkaðnum eða sem aðstoðarmenn ráðherra fyrr á öldinni. Þetta er auðvitað enginn málflutningur, hæstv. jafnréttismálaráðherra. Það er miklu nær er fyrir hæstv. ráðherra að líta á þetta sem jákvætt innlegg, sem stuðning við það verkefni sem hæstv. ráðherra fer með. Mér þykir þetta benda til þess að hæstv. ráðherra sé ekki í alveg nógu góðu skapi að hann skuli bregðast svona við eðlilegum málflutningi og umræðum af þessu tagi. Hæstv. ráðherra ætti að líta á þetta sem jákvætt innlegg sér til stuðnings í erfiðum og vandasömum verkefnum og mun ekki af veita, (**Félmrh.:** Ég geri það.) en kannski er hæstv. ráðherra eitthvað beglaður eftir póstinn frá Brussel og það veldur því að hann er ekki í nógu góðu jafnvægi og tekur þess vegna eðlilegum og sjálfsögðum tillöguflutningi og umræðum af því tagi sem hér fara fram með þessum óskynsamlega hætti sem hann gerði. Það er málinu ekki til framdráttar.

[15:44]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þessum síðustu orðum hv. 4. þm. Norðurl. e. þá get ég upplýst hann um að ég er í prýðilegu skapi. Ég tók þessum tillögum mjög vel. Ég lagði til að þær yrðu notaðar í hugmyndabanka eða hafðar til hliðsjónar við þá vinnu sem verið er að vinna í félmrn. að endurskoðun jafnréttisáætlunar og athugunar sem fer fram á launamun karla og kvenna og þar sem verið er að leita ráða til úrbóta. Ég tók þessum tillögum alls ekki illa. Ég vakti hins vegar athygli á því að þetta voru ekkert venjulegir þingmenn sem voru að flytja þetta heldur fólk sem hafði verið í áhrifastöðum

og þar af leiðandi náttúrlega þeirra orð miklu þyngri á metunum heldur en ella hefði verið.

[15:45]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir gott að heyra það og okkur öllum væntanlega að hæstv. félmrh. er í góðu skapi og miklu andlegu jafnvægi og að hann tekur þessum tillöguflutningi vel og með jákvæðum formerkjum. Það er mjög gott. Ég skal að vísu viðurkenna að það voru aðallega þau ummæli sem lutu að fyrri störfum tillögumanna sem mér fundust ekki alveg viðurkvæmileg vegna þess að mér fannst með því látið að því liggja að viðkomandi hv. þm. hefðu á fyrri starfsvettvangi átt að vera í aðstöðu til þess að kippa þessum málum í liðinn en ekki tekist sem skyldi. Ætli það sé nú ekki svo að einmitt sú reynsla hv. tillögumanna geri það að verkum að þeir átta sig á því að hér er um margslungin og erfið mál að ræða sem ekki er hrist fram úr erminni að kippa í liðinn. Það mun væntanlega hæstv. jafnréttismálaráðherra því miður upplifa á sínum ferli, langur eða skammur sem hann verður, að það að koma hér á og tryggja fullkomið jafnrétti í launum er ekkert áhlaupsverk. Þess vegna finnst mér að við ættum að ræða það af sanngirni hvert í annars garð og taka viljann fyrir verkið og taka það sem er lagt fram með jákvæðum huga inn í þessa umræðu eða tillögusafn þannig eins og það er gert. Það hefur hæstv. ráðherra upplýst að hann ætli að gera og að tillögur af þessu tagi verði ekki settar ofan í skúffu, heldur hafðar með í farteskinu og í nestinu þegar farið verður að vinna að þessum málum, vonandi af skörungsskap, á næstu mánuðum.

[15:46]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mikill misskilningur hjá hv. þm. ef hann hefur haldið að það sem ég sagði hafi verið það að ég ætlaðist til þess að hv. flutningsmenn *færu eitthvað að skammast sín fyrir fyrri störf*. Það er síður en svo. Ég tel víst að þær hafi gegnt þeim prýðilega vel og veit reyndar í mörgum tilfellum að þær gerðu það. Ég er reyndar ekki sammála alveg öllu sem þær hafa gert og ætla ekkert að taka alveg ábyrgð á fortíð þeirra en það er kannski ekki hægt að ætlast til þess.

En ég ætla hins vegar úr því að ég er kominn hér í örstuttu máli að láta það koma fram vegna fyrirspurnar sem kom, og hefði reyndar átt að koma í andsvari *frá mér fyrr, að ég lít ekki svo á að það sé skynsamlegt* að skylda feður til þess að taka fæðingarorlof. Mér er það heldur andstæð hugmynd. Það getur vel verið að það sé rétt að auka rétt þeirra til að taka fæðingarorlof, en mér er það andstætt að skylda fólk til þess að taka orlof. Mér er líka andstætt að skylda mæður til að taka fæðingarorlof svo og svo lengi.

**Útbýting þingskjala:**

Eftirlit með innflutningi matvæla, 18. mál, fsp. HG og MF, þskj. 18.

Starfsemi stjórnmálaflokka, 17. mál, fsp. KÁ, þskj. 17.

[15:48]

**Bryndís Hlöðversdóttir:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur komið með margar forvitnilegar tillögur sem hann telur til úrbóta í jafnréttismálum og ég ætla ekki á nokkurn hátt að gera litið úr þátttöku hans í umræðunum. Þvert á móti fagna ég áhuga þeirra karla sem hér hafa tekið til máls, Péturs Blöndals sem og annarra, ekki síður en kvennanna. Ég vil þó endilega taka það fram að ég er ósammála þeirri staðhæfingu hv. þm. Péturs Blöndals að einkavæðing sé lausnarorðið og þá vísa ég til ræðu minnar áðan þar sem ég benti á það að launamisrétti fer fyrst að myndast í hinum frjálsu samningum atvinnurekenda og einstakra launamanna. Þess vegna er ég ekki heldur sammála því sem hæstv. félmrh. vitnaði til áðan sem skoðunar einhverra að verkalýðshreyfingin væri helsti orsakavaldur launamisréttis kvenna og karla. Ég er með þessu ekki að segja að verkalýðshreyfingin hafi ekki mátt gera betur í jafnréttisbaráttunni eða að hún mætti ekki reyna að hafa meiri áhrif á þessi mál eftir að félagslegu samningunum sleppir. Ég er einfaldlega að segja að ég tel verkalýðshreyfinguna mikilvægan þátt í þjóðfélaginu og þess vegna þurfi að vinna að þessum málum í samvinnu og samráði við hana.

Hér hefur bæði í gær og í dag í máli hv. þm. oft verið talað um viðhorf karla til kvenna og ekki síður viðhorf kvenna til þeirra sjálfra. Þetta er satt og rétt en hv. þm. Pétri H. Blöndal, sem hefur verið hvað tíðræðast um þetta, láðist að nefna einn orsakavaldinn í viðbót sem er viðhorf karla til karla. Það er ekki síðri þáttur í þessu öllu saman, ofmat karla á körlum og það *er einmitt þar sem stöðuveitingarnar, hvort sem eru* sýslumenn eða ráðherrar, segja sína sögu.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja frekar um athugasemd hæstv. félmrh. um fyrri störf flm. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur þegar svarað að miklu leyti fyrir það og hæstv. félmrh. skýrt að nokkru leyti mál sitt.

[15:50]

**Flm. (Svanfríður Jónasdóttir)**:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem *hefur skapast um þessa þáltill., bæði í dag og einnig í* gær og get ekki látið hjá líða að þakka hlý orð sem hafa fallið í minn garð sérstaklega en fagna því jafnframt að hæstv. jafnréttisráðherra tekur tillögum vel vegna þess að ég hygg að honum muni vera jafnljóst og mér og öðrum sem hafa lengi reynt að vinna að þessum málum að við náum ekki árangri öðruvísi en að margir komi að og þess vegna er samvinna um þessi mál nauðsynleg.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir nefndi það áðan að henni fyndist hún hafa upplifað þessa umræðu áður. Líklega erum við býsna mörg hér inni sem höfum þá sömu tilfinningu og það verður ekki sagt af þessu tilefni að sjaldan sé góð vísa of oft kveðin, því miður. Það er miklu fremur dapurleg staðreynd að svo skuli vera. En tillöguflutningur nú er auðvitað í beinu framhaldi af þeim yfirlýsingum sem fram komu í nýliðinni kosningabaráttu eins og margoft hefur komið fram. Það er nauðsynlegt að nýta þann skilning sem þá kom fram á þessum málefnum og þann byr sem þau virtust eiga meðal allra stjórnmálaflokka sem nú eiga fulltrúa á Alþingi. Og ef sá byr er ekki nýttur nú, þá hlýt ég að spyrja: Hvenær? Þess vegna er þessi tillöguflutningur nú ekki bara eðlilegur heldur miklu meira en fyllilega á sínum stað.

Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Péturs H. Blöndals að það er fleira misrétti en kynjamisrétti. Það er hins vegar ekki umræðu um jafnrétti kynjanna til framdráttar að drepa málinu á dreif með þeim hætti að ræða það ávallt í samhengi við annað misrétti. Ég held að við verðum að reyna að afmarka okkur bæði í umræðunni og í umræðu um þær aðgerðir sem við teljum eðlilegt að fara í og beinast í þessu tilfelli sérstaklega að þessu tiltekna misrétti.

Hv. þm. talar nokkuð um það að hinn hæfasti eigi að vera ráðinn og ef markaðurinn réði væri það svo. Þessi könnun sem nú er svo mjög vitnað til í þessari umræðu leiðir það í ljós að svo er ekki, svo virðist hvorki vera á hinum opinbera né hinum almenna markaði og þar er auðvitað því um að kenna að sú viðhorfsbreyting sem menn væntu að hefði átt sér stað hefur ekki látið á sér kræla.

Ég vænti þess að viðbrögð við þessari umræðu og því sem hér hefur komið fram verði ekki hvað síst þau að sett verði fram á hinu háa Alþingi stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar. Mér sýnist að það sé nokkuð augljóst að það megi draga þá niðurstöðu af þeim umræðum sem hér hafa verið og þeim ábendingum sem hér hafa verið fram settar að það er ekki hvað síst að okkur vantar fjölskyldustefnu sem málum er svo komið sem raun ber vitni eða kannski öllu heldur hitt að við þokumst svo treglega fram á við. Samkvæmt þeirri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem nú er unnið eftir á að leggja slíka fjölskyldustefnu fram. Það kom fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur í gær að hún hafði sem félmrh. lagt fram það frv. sem undirbúið hafði verið og væntanlega fáum við aftur að sjá slíkan tillöguflutning þannig að við þokumst þó nær því að eignast hér fjölskyldustefnu.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að sú umræða sem hér hefur verið hleypt af stað sé fyrirboði frjórrar umræðu í þinginu í vetur um jafnréttismál og að sú umræða ásamt þeim aðgerðum sem gripið verður til leiði okkur nær því markmiði að karlar og konur verði jafnsett í launum sem og öðru. Það er afskaplega gott til þess að vita að í þessari umræðu eru að koma fram nýjar og frjóar hugmyndir eins og sú sem Ásta Ragnheiður nefndi hér áðan, að karlar skrái sig úr fæðingarorlofi. Það yrði ugglaust frekar til þess að þeir tækju fæðingarorlof ef þeir þyrftu að hafa fyrir því að skrá sig úr því. Þessi hugmynd og margar fleiri eiga fullan rétt á sér inn í þessa umræðu og inn í þá umfjöllun sem fram mun fara um jafnréttismál. Ég þakka fyrir umræðuna.

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Þegar hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, 1. flm., kvaddi sér hljóðs öðru sinni taldi forseti að umræðunni væri að ljúka en því miður hafði forseta yfirsést þar sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hafði áður kvatt sér hljóðs.

[15:57]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlun mín að bæta miklu við þessa umræðu en ég get þó ekki orða bundist og vil segja örfá orð í framhaldi af ræðu minni í gær, en það er einkum vegna orða hv. þm. Péturs Blöndals sem ég kveð mér hljóðs.

Hv. þm. talaði um þörfina á því að auka sjálfsálit kvenna eða að eitthvað sé gert í þeim málum og ég get að hluta til tekið undir það álit hans og það kom m.a. fram í þeirri skýrslu sem hér var til umræðu í gær um kynbundinn launamun að konur virðast hafa tilhneigingu til að vanmeta sjálfa sig og hæfni sína til starfa, en karlar hafa tilhneigingu til þess að ofmeta hana þannig að ég tel að þetta sé réttmætt að hluta til hjá honum. En það ber líka að ítreka sem ég sagði í gær að þetta er oft notað sem rök, einnig á þær konur sem eru fullar sjálfstrausts og gera kröfur í samræmi við það. Þá er sagt að konur séu of ákveðnar eða frekar og þær geri óraunhæfar kröfur. Það er sem sagt alveg sama hvernig konur eru, hvað þær gera. Þeim sjálfum er alltaf kennt um vandann í þessum efnum sem á sér í raun rætur í viðhorfum karlasamfélagsins og valdakerfi þess og þeim viðhorfum er hægt að breyta og ber að breyta.

Sem uppeldissálfræðingur er ég sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að ein leið til þess að styrkja sjálfsmynd og sjálfsvirðingu kvenna er að nota skólakerfið, en þar er vandinn ansi mikill, því miður, og það hef ég kynnt mér sérstaklega í rannsóknum mínum undanfarin ár. Til dæmis er einn vandinn sá að þó að konur séu mikill meiri hluti kennara, þá eru þær mun færri sem skólastjórar og það skiptir miklu máli m.a. vegna fyrirmyndanna. Í öðru lagi eru konur mun ósýnilegri í kennslubókunum en karlar og þær eru oft sýndar í hlutverkum samfélags gærdagsins. Í þriðja lagi hefur verið hér lögbundin fræðsla um jafnréttismál í 20 ár en það er mjög óvíða sem sú fræðsla á sér stað og það fullyrði ég eftir kannanir sem ég hef sjálf gert úti í skólunum og ýmsar fyrirspurnir sem ég hef lagt hér fyrir á hinu háa Alþingi. Það má nefna eitt enn. Það hefur verið markvisst átak gert til þess að koma þessum málum inn í kennaramenntunina og því miður verður að segja að það gengur mjög erfiðlega.

Enn einn þáttur í sjálfsmatinu er sú virðing sem konum er sýnd m.a. í launum og fyrirmyndirnar sem

konur sjá fyrir sér í valdastöðum. Og ég vil aðeins að lokum ítreka það sem kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, þá mynd sem hún sýndi okkur hér áðan af karlastjórninni, ég held að við gætum farið í næstum því hvaða fyrirtæki landsins sem er, hvort sem er í einkageiranum eða ríkisfyrirtæki, æðstu stjórnir mundu vera að stórum meiri hluta karlar. Þessu verður að breyta og því eru þessar tvær tillögur fluttar hér og það er svo sannarlega von mín að þessi umræða haldi áfram hér í vetur og aðgerðir komi í kjölfarið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu frestað.

[Fundarhlé. — 16:01]

Út af dagskrá voru tekin 7.–11. mál.

Fundi slitið kl. 18:16.

# 7. FUNDUR

mánudaginn 29. maí,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kvenna og karla, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Matvæli, stjfrv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.

3. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 16. mál, þskj. 16. — 1. umr.

4. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 14. mál, þskj. 14. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

**Útbýting þingskjala:**

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 13. mál, nál. allshn., þskj. 23; brtt. allshn., þskj. 24

Höfundalög, 21. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 21.

Notkun myndlykla, 22. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 22.

Skipulag ferðamála, 20. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 20.

Stöðugildi lögreglumanna, 23. mál, fsp. SvG, þskj. 25.

Úrelding smábáta, 25. mál, fsp. RG, þskj. 27.

Vínveitingastaðir, 24. mál, fsp. SvG, þskj. 26.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

## *Tilkynning um dagskrá.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að fyrirhugað er að halda þrjá fundi í dag. Dagskrá fyrsta fundarins liggur fyrir en á öðrum og þriðja fundi er ráðgert að fram fari 2. og 3. umr. um frumvörp um breytingu á aðskilnaðarlögunum, hið svokallaða dómarafulltrúamál. Það má því búast við atkvæðagreiðslum um það mál síðar í dag og biður forseti hv. alþm. að hafa það í huga.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Afgreiðsla frumvarpa um breytingar á einkaleyfi ÁTVR.

[15:06]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. forseta þingsins í framhaldi af yfirlýsingu formanns efh.- og viðskn. á fundi í sameiginlegri þingnefnd EFTA-ríkja og Evrópuþingsins í morgun. Skilaboðin frá hv. þm. komu reyndar í gegnum Ríkisútvarpið og á ensku, en í þýðingu Ríkisútvarpsins voru skilaboðin á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þinghald stendur yfir þessa dagana á Íslandi og við förum ekki heim fyrr en frumvörpin um breytingar á einkaleyfi ÁTVR hafa verið samþykkt, sagði Vilhjálmur Egilsson."

Mín fyrirspurn gengur út á það hvort hér sé á einhvern hátt talað í umboði þingsins. Ef svo er ekki, hvort ekki sé að mati hæstv. forseta ástæða til að leiðrétta þessi ummæli, en ég vil vekja athygli á því að téður hv. þm. hefur ekki komið í salinn. Hann hefur ekki komið í þingsalinn að því er ég best fæ vitað meðan umræða um þessi mál hefur staðið. Frumvörp um breytingar á ÁTVR hafa verið til umræðu á Alþingi í nokkra daga án þess að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn. Alþingis, hafi komið að þeirri umræðu, en gefur síðan yfirlýsingu af þessu tagi á ensku frá Brussel.

Sér hæstv. forseti þingsins ekki eitthvað athugavert við þetta? Ef svo er, þá er hann beðinn að gera grein fyrir því.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Vegna þessara orða hv. 17. þm. Reykv. vill forseti upplýsa það, sem raunar allir ættu að vita, að ákvörðun um þingfrestun og hvaða mál verða afgreidd á þessu þingi verður tekin hér, vonandi í góðu samstarfi forseta, ríkisstjórnar og formanna þingflokka. Tilkynning frá Brussel um þessi atriði hefur því ekki þýðingu fyrir þingstörfin hér og nú. Um þetta hefur forseti ekki meira að segja.

[15:09]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessi svör og ég fæ ekki betur séð en Ríkisútvarpið sé komið með tilefni til annarrar fréttar í kvöldfréttum til að bera þessar yfirlýsingar hv. formanns efh.- og viðskn. til baka.

***Framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kvenna og karla, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SvanJ og BH, 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

***Matvæli, 1. umr.***

Stjfrv., 15. mál (heildarlög). — Þskj. 15.

[15:10]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um matvæli á þskj. 15, 15. mál þingsins. Mig langar að segja það í upphafi að mér finnst það nokkurt ánægjuefni að þetta skuli vera fyrsta þingmálið sem ég fæ að mæla hér fyrir vegna þess að það var á árinu 1989 sem sett var af stað eða á laggirnar nefnd til þess að vinna að endurskoðun þessara laga að mínu frumkvæði sem heilbrrh. þá og fá síðan að fylgja málinu eftir hér enn sem ráðherra málaflokksins. Að vísu er það komið undir umhvrn. Hitt er kannski ekki alveg eins ánægjulegt að það skuli hafa dregist nokkuð að koma málinu í gegnum þingið og fá það lögfest því það er búið að leggja það fram á nokkrum þingum.

Frv. þetta sem hér er mælt fyrir er nú lagt fram á Alþingi í fjórða sinn. Það var upphaflega lagt fram á 116. löggjafarþingi 1992–1993 og þá til kynningar og síðan á 117. löggjafarþingi 1993, í bæði skiptin af hálfu heilbr.- og trmrh. sem þá fór með yfirstjórn matvælamálefna.

Þann 1. júní sl. færðust málefni er varða hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og þar með talin matvæli yfir til umhvrn. frá heilbrrn. Umhvrh. lagði því frv. fram að nýju á 118. löggjafarþingi með nokkrum breytingum sem gerðar höfðu verið á því með hliðsjón af umsögnum sem bárust til heilbr.- og trn. þegar málið var til meðferðar hjá nefndinni á 117. löggjafarþingi auk þess sem gerðar höfðu verið nauðsynlegar breytingar á frv. með tilliti til þess að umhvrh. fer nú með yfirstjórn málaflokksins.

Tilgangur frv. er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi fyrir neytendur eftir því sem tök eru á. Frv. tekur til framleiðslu og dreifingar matvæla. Kveðið er á um að matvæli skuli vera þannig gerð og fram boðin að þau valdi ekki heilsutjóni og viðskipti með þau blekki ekki á neinn hátt. Brýnt er að frv. nái fram að ganga nú á vorþingi, enda um að ræða frv. er tengist samningi um Evrópskt efnahagssvæði að hluta til er tók gildi 1. jan. 1994.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um aðdraganda frv. eða um þróun matvælalöggjafar og matvælaeftirlits en vísa í staðinn í framsöguræðu fyrrv. hæstv. heilbr.- og trmrh., Guðmundar Árna Stefánssonar, er hann mælti fyrir frv., eins og áður hefur komið fram, á 117. löggjafarþingi þann 21. okt. 1993, stjfrv., 85. mál á þskj. 88, svo og framsöguræðu þá starfandi hæstv. umhvrh. Sighvats Björgvinssonar er hann mælti á ný fyrir frv. á 118. löggjafarþingi þann 7. febr. sl. sem var stjfrv., 331. mál þess þings á þskj. 505. Mig langar til þess að benda hv. þm. sem sæti eiga í hv. umhvn., sem fær þetta mál til meðferðar, á þær ítarlegu framsöguræður sem voru um þetta frv. efnislega óbreytt.

Ég vil á hinn bóginn gera í stuttu máli grein fyrir helstu breytingum sem frv. felur í sér frá gildandi lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

1. Yfirstjórn matvælalöggjafar er samræmd og eftirlitið verður á vegum þriggja ráðuneyta og stofnana þeirra. Á sama hátt er lagður grunnur að samræmingu á starfsemi eftirlitsaðila sem miðar að því að koma í veg fyrir skörun verkefna. Sérstakt samstarfsráð skipað fulltrúum Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu og yfirdýralækni mun annast samræmingu fyrirmæla og eftirlits.

2. Samkvæmt frv. verða gjaldskrárheimildir þær sömu fyrir allar ríkisstofnanir sem tilgreindar eru sem eftirlitsaðilar í lögunum og munu þær byggjast á ákvörðun laga nr. 81/1988, um Hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

Samræming eftirlits á að tryggja m.a. að sérhver eftirlitsskyldur aðili greiði ekki eftirlitsgjöld nema til eins opinbers eftirlitsaðila.

3. Heimildir til lögboðins eftirlitsaðila til afskipta eru samræmdar, enda nauðsynlegt að þessir aðilar starfi á grundvelli sömu heimilda og hafi samráð um aðgerðir. Valdsvið og þvingunarúrræði eru þannig samræmd. Sama gildir um málsmeðferð, úrskurð og viðurlög og skiptir ekki máli hvort eftirlitsstofnun starfar á vegum umhvrn., landbrn. eða sjútvrn.

4. Meðferð matvæla á einkaheimilum fellur utan laganna nema um sé að ræða framleiðslu matvæla til dreifingar utan heimilis.

5. Sett eru ákvæði um þekkingu og fræðslu starfsmanna í matvælaiðnaði og matvæladreifingu með tilliti til þess að framleiðendur og dreifendur beri ábyrgð á eigin vörum og að vandað sé til framleiðslu og meðferðar. Jafnframt er það nýmæli að heimildir eftirlitsaðila til að gera kröfur um heilsufarsskoðun starfsfólks sem starfar við framleiðslu og dreifingu matvæla eru samræmdar.

6. Sett eru ákvæði um sérfæðu sem ætluð er tilteknum hópum, svo sem vegna aldurs, sjúkdóma eða af öðrum ástæðum og er það í samræmi við ítarlega löggjöf Evrópusambandsríkjanna þar að lútandi.

7. Sett eru skýr ákvæði um ábyrgð eigenda eða umráðenda flutningstækja sem flytja matvælin en slík ákvæði eru mjög mikilvæg þegar matvælin eru flutt langar leiðir, svo sem með véruflutningabifreiðum.

8. Ákvæði um umbúðamerkingar eru ítarlegri og taka mið af þeirri áherslu sem lögð er á góðar umbúðamerkingar í löggjöf annarra ríkja og má nefna ríki Evrópusambandsins og Bandaríkjanna í því sambandi.

9. Ítarlegri ákvæði eru um fræðsu til almennings en mikilvægt er talið að auka þekkingu og skilning neytenda og hollustu og næringargildi matvæla.

10. Ákvæði eru um tilkynningarskyldu þegar ný framleiðslutækni er tekin í notkun þar sem um er að ræða umfangsmikla breytingu á framleiðsluháttum sem geta haft áhrif á öryggi eða hollustu matvæla, t.d. geislun matvæla.

11. Í frv. er lögð áhersla á að komið verði á innra eftirliti framleiðenda og dreifenda auk faggildingu eftirlitsaðila.

Þetta eru þau áhersluatriði sem ástæða er talin til að benda sérstaklega á í umræðunni um breytingar frá gildandi lögum.

Í tengslum við endurskoðun búvörulaga, sem nú fer fram vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og breytingar á lögum um innflutning á búvöru, sem kemur væntanlega ekki til umræðu fyrr en á morgun í tengslum við frv. um GATT-samkomulagið svokallaða, hefur orðið að samkomulagi milli forsrn., landbrn. og umhvrn. að leggja til breytingu á frv. til laga um matvæli til þess að skapa möguleika á að stemma stigu við dreifingu matvæla sem innihalda óæskileg aðskotaefni, þ.e. hormóna eða lyfjaleifar. Mögulegt var að taka þetta inn í því frv. en talið var eðlilegra þar sem frv. til laga um matvæli er til meðferðar á sama tíma í þinginu að þetta heyrði undir þau lagaákvæði. Þar er því lagt til að í 17. gr. frv. eins og það liggur nú fyrir og er mælt fyrir verði bætt nýrri málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:

„Óheimilt verði að framleiða og dreifa matvælum sem innihalda hormóna eða lyfjaleifar."

Þess hefur verið farið á leit með bréfi við hv. umhvn. sem fær frv. vonandi til meðferðar að áðurnefnd brtt. verði tekin til umfjöllunar í nefndinni og afgreiðslu en ég taldi rétt að gera hér sérstaklega grein fyrir henni þar sem hér er um stefnumótandi atriði að ræða og kemur til eftir að frv. er samið eins og það liggur hér fyrir.

Hæstv. forseti. Ég hef farið nokkrum orðum um frv. til laga um matvæli og leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og meðferðar í hv. umhvn. Jafnframt beini ég því til nefndarinnar hvort ekki megi spara tíma og hvort ekki sé óþarft að leitað verði umsagna um frv. þar sem þeirra var í raun leitað á vegum heilbr.- og trn. þegar frv. var til umræðu á 117. löggjafarþingi og þær umsagnir eru fyrirliggjandi. Ég tel að ástæðan fyrir því að frv. náði ekki fram að ganga þá hafi fyrst og fremst verið sú að til stóð að flytja málaflokkinn milli ráðuneyta fremur en að það hafi verið einhver ágreiningur um efnisatriði frv. Á síðasta þingi kom málið það seint fram að ekki reyndist mögulegt að taka málið fyrir í hv. umhvn., m.a. vegna annarra þingmála.

Ég endurtek að ég tel mjög brýnt að frv. nái fram að ganga á yfirstandandi Alþingi enda um að ræða að frv. tengist samningnum um Evrópskt efnahagssvæði er tók gildi um áramótin 1993–1994 eins og áður hefur komið fram. Þetta tengist líka eins og ég hef gert stuttlega grein fyrir væntanlegum lagabreytingum sem tengjast GATT-samningnum. Enda þótt nú sé vissulega nýtt þing og nýir þingmenn eru upplýsingar frá fyrri meðferð málsins í þinginu fyrirliggjandi svo vonandi þarf ekki að taka mjög langan tíma að afgreiða málið.

[15:20]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég tel rétt að lýsa ánægju minni yfir að komið sé fram frv. að heildarlöggjöf, rammalöggjöf um málefni sem hæstv. landbrh. og umhvrh. gerði hér grein fyrir. Þó vildi ég gera nokkur atriði að umtalsefni.

Það er í fyrsta lagi varðandi 7. gr. frv. Þar er rætt um að sjútvrh. fari með yfirstjórn mála er varða meðferð, flutning, geymslu og vinnslu sjávarafurða vegna útflutnings þeirra. Fiskistofa er sjútvrh. til ráðgjafar um þessi mál. Vikið er að því í skýringu að þarna er um þrengingu frá núgildandi lögum að ræða og ég velti því upp hvort ekki væri rétt að þessi sami ráðherra færi með yfirumsjón hvað viðvíkur innanlandsneyslu, svo og innflutning þannig að samræmi væri þá við 6. gr. frv. þar sem landbrh. er falið forræði á tilteknum málum sem tengjast landbúnaðarafurðum.

Í skýringum við 23. gr. er líka getið um að Fiskistofa hafi eftirlit með innanlandsneyslu. Ástæða þess að ég geri þetta að umtalsefni er að fjölmargar fiskvinnslustöðvar eru bæði í útflutningi eða vinna til útflutnings og fyrir innanlandsmarkað og það er vaxandi. Það væri þá til athugunar að hafa samræmt eftirlit á þessum þætti og þá undir forræði Fiskistofu sem hefur það í reynd.

Annað atriði sem ég vil vekja athygli á er í 23. gr. þar sem talað er um löggildingu annarra eftirlitsaðila. Þar er heimilt að ákveða með reglugerð að opinberir eftirlitsaðilar hljóti faggildingu og sama á við aðra aðila sem kunna að taka að sér eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði. Við þurfum að hafa í huga að opinber eftirlitsiðnaður er orðinn nokkuð umfangsmikill og í fjölmörgum tilvikum er um að ræða þætti sem tengjast mjög markaðsmálum almennt nú orðið í heiminum. Ég nefni þætti eins og áhættugreiningu og það að vinna eftir ISO-stöðlum sem er orðinn gæðastimpill í framleiðslu á vörum sem eru ætlaðar til sölu á heimsmarkaði. Það er því vitaskuld mjög mikilvægt að eftirlit með þessum þáttum sé gott og þessi iðnaður mun örugglega vaxa á næstu árum. Þá er mjög mikilvægt að fyllsta aðhalds verði gætt og samkeppni verði milli þeirra eftirlitsaðila sem veita þessa þjónustu. Meginhlutverk hins opinbera yrði þá að hafa eftirlit með eftirlitsaðilunum á grundvelli þessara laga og annarra sem löggjafinn setur.

Síðasta atriðið sem ég vildi gera að umtalsefni er í X. kafla um rekstrarkostnað og gjaldtöku. Hér er talað um eðlilega að hægt sé að leggja á gjald fyrir þann kostnað sem hið opinbera verður fyrir vegna matvælaeftirlits. Mér finnst ákvæðið nokkuð óljóst hvernig slíkt gjald verði innheimt, út frá hvaða forsendum er gengið og hvernig þetta verði framkvæmt. Í skýringum með frv. er getið sérstaklega um að menn hafi reynt fyrir

sér með útfærslu en ekki náð samkomulagi um það. Ég held að það sé hins vegar mjög nauðsynlegt áður en málið verður afgreitt að það liggi skýrt fyrir með hvaða hætti gjaldtöku í þessum mikilvæga málaflokki verður háttað.

[15:24]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir þær athugasemdir sem hann setur hér fram og fyrir það að hafa farið vel yfir málið og undirstrika mikilvægi þess að löggjafinn samþykki samræmda löggjöf um matvæli sem er eins og fram hefur komið búin að vera æðilengi í smíðum og síðan í umfjöllun í þingi aftur og aftur. Vonandi er komið að því að menn treysti sér til þess að afgreiða málið.

Varðandi athugasemdir við 7. gr. og yfirstjórn sjútvrh. á þeim málum sem varða meðferð, flutning, geymslu og vinnslu sjávarafurða ítreka ég það sem kom fram í máli mínu áðan að ljóst er að lögin og yfirstjórnin heyrir undir stofnanir þriggja ráðuneyta og gert er ráð fyrir sérstöku samstarfsráði sem skipað er fulltrúum Hollustuverndar ríkisins sem heyrir nú alveg undir umhvrn., Fiskistofu sem heyrir undir sjútvrn. og yfirdýralæknis sem heyrir undir landbrn. og eru þau ráðuneyti sem koma að málinu. Vonandi er hægt í slíku samstarfsráði að taka a.m.k. á eða fjalla um álitamál eða ágreiningsefni sem kunna að koma upp. En ég hef ekki á móti því og finnst sjálfsagt og eðlilegt að hv. umhvn., sem fær málið til meðhöndlunar, skoði þessa þætti, skoði þær athugasemdir sem koma fram hjá hv. þm. og einnig athugasemdir hans við 23. gr. Ég gerði reyndar grein fyrir því líka að reynt væri að taka á eftirlitsþættinum þannig að það væru sem fæstir aðilar sem kæmu að því og að fyrirtæki og þeir sem þurfa að sæta þessu eftirliti gætu sem mest snúið sér til eins aðila en reynt að koma í veg fyrir það að eftirlitsiðnaður sé á ferðinni aftur og aftur út af sömu atriðunum. Nauðsynlegt er að huga til málanna með þeim hætti og hafa þau sjónarmið eða viðhorf í huga.

Varðandi lokaathugasemd hv. þm. verð ég að viðurkenna að ég hef ekki fyrir framan mig upplýsingar um það sérstaklega en vísa því til nefndarinnar einnig og að hún leiti sér upplýsinga um málið í heild sinni og gefi sér tíma til þess að fara ítarlega yfir það en þó vonandi ekki það langan tíma að ekki takist að afgreiða það nú. Ég heiti því að embættismenn umhvrn. muni verða nefndinni tiltækir og til upplýsinga og til aðstoðar eftir því sem þörf er á og nefndin telur ástæðu til þannig að hraða megi afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Erfðabreyttar lífverur, 1. umr.*

Stjfrv., 16. mál. — Þskj. 16.

[15:28]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um erfðabreyttar lífverur sem er flutt á þskj. 16 og er 16. mál þingsins. Ég vil geta þess strax í upphafi að hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, hefur reyndar beðið um að fá að taka þátt í umræðunni. Hann hefur hins vegar fjarvistarleyfi í dag. Ég hef rætt það við formann þingflokks Alþb. að mér sé heimilt að flytja framsöguræðuna og vegna þess tíma sem þingið hefur til starfa fái nefndin að hefja umfjöllun um málið til þess að spara tíma þó að 1. umr. verði ekki lokið núna.

Ég mæli fyrir þessu frv. til laga um erfðabreyttar lífverur. Frv. er samið m.a. til þess að uppfylla skyldur þær sem íslenska ríkið tekur á sig með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Í XX. viðauka EES-samningsins eru tvær tilskipanir sem fjalla um erfðabreyttar lífverur, þ.e. tilskipun ráðsins frá 23. apríl 1990, um einangraða notkun erfðabreyttra örvera, og tilskipun ráðsins frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið. Samkvæmt sérstakri bókun í XX. viðauka skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fara að þessum tilskipunum koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995. Á því má sjá að við erum reyndar þegar nokkuð á seinni skipunum að koma fram þessari löggjöf. Á Norðurlöndum hafa Danmörk, Noregur og Svíþjóð þegar sett löggjöf um erfðabreyttar lífverur og í Finnlandi liggur lagafrv. fyrir þinginu. Í öllum tilvikum er tekið mið af tilgreindum tilskipunum.

Vandfundin eru ákvæði í íslenskum lögum sem sérstaklega taka til erfðabreyttra lífvera. Hins vegar eru fjölmörg lagaákvæði sem taka til lífvera og örvera án tillits til þess hvort þær eru erfðabreyttar eða ekki. Þar má m.a. nefna lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frv. það sem hér liggur fyrir hefur ekki áhrif á gildissvið fyrrgreindra laga en ekki er óhugsandi að reynt geti á reglur frv. samhliða ákvæðum þessara laga.

Starfsemi með erfðabreyttar lífverur á Íslandi er ekki mjög umfangsmikil í dag. Aðeins er vitað um starfsemi með erfðabreyttar örverur hjá Líffræðistofnun háskólans, Iðntæknistofnun og Tilraunastöð háskólans á Keldum. Víða erlendis er nú þegar hafin mjög umfangsmikil notkun og framleiðsla á erfðabreyttum lífverum og því er spáð að hún muni aukast mjög á komandi árum. Íslensk löggjöf sem tryggir framkvæmd fyrrgreindra tilskipana er því nauðsynleg, ekki eingöngu til að uppfylla skyldur er varða samninginn um Evrópska efnahagssvæðið heldur einnig til að tryggja eftirlit með öruggri starfsemi og markaðssetningu á erfðabreyttum lífverum eða vörum sem innihalda erfðabreyttar lífverur á Íslandi.

Markmið frv. er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, heilsu manna, dýra og plantna gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Samkvæmt frv. er lögunum ætlað að gilda um alla notkun erfðabreyttra lífvera, svo og framleiðslu þeirra og geymslu. Enn fremur tekur frv. til starfsaðstöðu og rannsókna, þar með talið meðhöndlunar úrgangs. Jafn-

framt nær frv. til innflutnings, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar á erfðabreyttum lífverum, hvort sem afhendingin fer fram í vísindalegum tilgangi eða viðskiptalegum. Frv. gildir einnig um flutning á erfðabreyttum lífverum þótt það sé undanskilið gildissviði framangreindra tilskipana og er það í samræmi við danska og norska lagaframkvæmd.

Í frv. er gert ráð fyrir að umhvrh. fari með yfirstjórn málaflokksins og að Hollustuvernd ríkisins hafi yfirumsjón með framkvæmd laganna og leyfisveitingum auk þess að stofnunin hafi umsjón með eftirliti er varðar notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Gert er ráð fyrir því að umhvrh. sé heimilt að ákveða með reglugerð, að fenginni umsögn félmrh., heilbrrh., menntmrh. og landbrh., að öðrum stjórnvöldum en Hollustuvernd ríkisins verði falið að sinna eftirliti með tilteknum þáttum í starfsemi með erfðabreyttar lífverur undir yfirumsjón Hollustuverndarinnar. Að baki þessari reglugerðarheimmild liggja hagkvæmnissjónarmið um skipulag og framkvæmd á eftirliti þar sem nú er til staðar þekking hjá öðrum stjórnvöldum á þessu sviði sem hægt væri að nýta við framkvæmd þess.

Ákvæði í frv. er um að umhvrh. skipi fimm manna ráðgjafanefnd. Henni er ætlað að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um framkvæmd laganna. Um verður að ræða sérfræðinefnd sem starfa mun samkvæmt ákveðnum starfsreglum sem umhvrh. setur. Nefndin mun m.a. vera umsagnaraðili er varðar leyfisveitingar um notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

Sú leið hefur verið valin í lagafrv. að veita stjórnvöldum rúmar heimildir til að setja lagaframkvæmdarreglugerðir um frekari útfærslu laganna. Er þetta hliðstætt því sem gert hefur verið við lagasetningu vegna erfðabreyttra lífvera í helstu nágrannalöndum okkar. Þróun í starfsemi með erfðabreyttar lífverur er hröð og starfsemin flókin. Því er nauðsynlegt að stjórnin hafi svigrúm til að aðlaga framkvæmd laganna þeirri þróun eins og kostur er innan þeirra marka sem lögin setja.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði frv. er umhvrh. heimilt að auglýsa gildistöku tilskipanaráðs EBE um erfðabreyttar lífverur í heild sinni eða að hluta til þar til nánari ákvæði um framkvæmd laganna hafa verið sett í reglugerð.

Frv. skiptist í átta kafla. Í kafla I er fjallað um markmið og gildissvið laganna. Í II. kafla er að finna orðaskýringar við lögin og í III. kafla er fjallað um stjórnsýsluframkvæmd laganna. Í köflum IV–VI í frv. er fjallað um mismunandi notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Kafli IV tekur á svokallaðri afmarkaðri notkun erfðabreyttra lífvera. Hér er átt við alla starfsemi með erfðabreyttar lífverur þar sem gera þarf sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þær komist í snertingu við fólk, umhverfi eða aðrar lífverur. Þetta á við starfsemi með erfðabreyttar örverur á rannsóknarstofum og öðrum sérstaklega afmörkuðum athafnasvæðum.

Kafli V fjallar um sleppingu eða dreifingu erfðabreyttra lífvera. Hér er átt við þegar þeim er sleppt út í umhverfið án þess að beitt sé sérstökum ráðstöfunum til að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur eða umhverfi. Hér er fyrst og fremst um að ræða tilvik þegar slepping eða dreifing á sér stað í rannsóknar- og þróunarskyni eða í hverju öðru skyni en til markaðssetningar, t.d. til rannsóknar á erfðabreyttum plöntum á afmörkuðum en ekki einangruðum rannsóknasvæðum.

Í VI. kaflanum er fjallað um markaðssetningu erfðabreyttra lífvera. Með markaðssetningu er átt við hvers kyns afhendingu þeirra eða vöru sem hefur þær að geyma, hvort sem afhendingin er gegn gjaldi eða ekki. Í kaflanum er kveðið á um að óheimilt sé að markaðssetja erfðabreyttar lífverur eða vörur sem innihalda þær án leyfis Hollustuverndar ríkisins. Ef hins vegar liggur fyrir leyfi útgefið af lögbæru yfirvaldi í öðru landi á EES-svæðinu til markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær jafngildir sú leyfisveiting leyfi til markaðssetningar hér á landi. Þrátt fyrir þessi ákvæði er umhvrh. heimilt að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndarinnar að banna eða takmarka hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi eða ef leyfisveitingin samræmist ekki markmiðum laga þessara eða annarra laga.

Í kafla VII er að finna almenn ákvæði frv. en þar er m.a. að finna heimild til setningar gjaldskrár vegna meðferðar umsókna hjá Hollustuvernd ríkisins. Jafnframt er heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til ef nauðsyn krefur að fram fari sérstakar rannsóknir eða úttektir áður en afstaða er tekin til umsóknarinnar.

Í VIII. kafla er að finna þvingunarúrræði stjórnvalda, málsmeðferð og viðurlög.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lokið framsögu minni um þetta frv. til laga um erfðabreyttar lífverur. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og umfjöllunar í umhvn. Ég legg áherslu á það að afgreiðslu þessa máls verði hraðað eftir föngum í ljósi þess sem ég hef áður nefnt og að lögtaka ákvæða þessa frv. er hluti okkar skuldbindinga gagnvart samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Því ítreka ég það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, hæstv. forseti, að umhvn. fái nú þegar að líta á málið og hefja umfjöllun um það, safna upplýsingum eftir því sem þörf krefur, þó svo að ég geti fallist á að 1. umr. ljúki ekki nú vegna þeirrar beiðni sem fram kom hjá hv. 4. þm. Austurl. um það að fá að taka þátt í umræðunni strax við 1. umr. málsins.

Umræðu frestað.

**Útbýting þingskjala:**

Alþjóðaviðskiptastofnunin, 27. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 29.

Sóttvarnalög, 26. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 28.

### *Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 1. umr.*

Stjfrv., 14. mál (ráðstöfun lausra starfa). — Þskj. 14.

[15:38]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég kem hér með dálítinn póst frá Brussel, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Hér er um að ræða eftirlegukind úr þeim viðbótarsamningi um Evrópska efnahagssvæðið sem tók gildi 1. júlí 1994. Þetta frv. hefur komið á borð hv. þm. áður. Frv. er nú flutt í þriðja sinn en dagaði uppi í bæði hin fyrri skipti í félmn.

9. nóv. sl. voru umræður um þetta mál og þá sagði ég eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég verð að segja að mér finnst þetta heldur fátæklegt þingskjal og nokkuð óvenjulegt að formi til, en ég vil vekja athygli á því að þetta mál er eitt af þeim sem yfir okkur dynur eða við verðum að undirgangast út af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það er sjálfsagt ekki ástæða til þess að fara að fjölyrða mikið um þetta, þetta er eitt af því sem við verðum að kyngja, en ekki er ég sannfærður um að þetta mál sé verulegur fengur fyrir okkur Íslendinga."

Svo mörg voru þau orð í ræðu minni þá.

Þessi afstaða mín er enn í fullu gildi og gersamlega óbreytt.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um efnislegt innihald frv. enda hefur það verið rækilega kynnt í framsöguræðum tveggja fyrrv. félmrh., fyrrv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur á 117. löggjafarþingi og fyrrv. félmrh. Guðmundar Árna Stefánssonar á 118. löggjafarþingi. Síðan er efninu gerð ítarleg skil í þskj. Ég ætla ekki að endurflytja þær ræður sem þau fluttu.

Þær efnislegu breytingar sem frv. felur í sér hafa það að markmiði að efla og auðvelda atvinnuráðningar og vinnumiðlun á milli aðildarríkjanna. Aðalatriðin í frv. eru að vinnumiðlnanir eiga að bjóða öll störf á Evrópska efnahagssvæðinu sem atvinnurekendur óska eftir í stað þess að leita fyrst að innlendu vinnuafli.

Í öðru lagi eru felld niður ákvæði um mögulegar aðgerðir eða stöðvun vinnumiðlunar til einstakra atvinnusvæða eða í einstakar atvinnugreinar ef sérstök röskun verður á vinnumarkaði. Öryggisákvæði EES-samningsins gegna þó svipuðu hlutverki og eru þau í fullu gildi.

Í þriðja lagi er um að ræða aukin upplýsingasamskipti, m.a. að svara fyrirspurnum um atvinnutækifæri innan mánaðar auk þess sem breytingarnar fela í sér grundvöll fyrir Evrópska vinnumiðlunarkerfið, EURESS. Samkvæmt upplýsingum vinnumálaskrifstofu félmrn. hefur ekkert reynt á þessi atriði nema um fyrirspurnir og önnur upplýsingasamskipti og hefur vinnumálaskrifstofan staðið að framkvæmdinni í samræmi við þessar breytingar. Þess má geta að 11. maí sl. tengdist vinnumálaskrifstofan EURESS-kerfinu, en stefnt er að því að meginþungi þjónustunnar fari í gegnum vinnumiðlanir og þá fyrst og fremst vinnumiðlun Reykjavíkur sem er að byggja upp öfluga og sérhæfða vinnumiðlun. Fjöldi starfa í þessu kerfi er enn sem komið er mjög takmarkaður og fyrst og fremst um að ræða sérhæfð störf. Hins vegar hefur kerfið eitthvert uppýsingagildi um atvinnu- og lífsskilyrði í ESB-ríkjunum, en ekki er lokið við að setja upp upplýsingar um gömlu EFTA-ríkin inn í kerfið.

Þó að lítið hafi reynt á einstök ákvæði gildandi laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt hér á landi eru enn sem komið er engin sérstök vandamál við framkvæmdina. Aðalatriði er fyrst og fremst fólgið í því að upplýsa fólk nægjanlega um atvinnumöguleika í einstökum löndum og gildandi reglur á þessu sviði áður en það fer í atvinnuleit til annarra landa.

Ég vil svo að lokum leggja áherslu á að þetta er þriðja tilraunin til þess að koma þessu máli í gegnum þingið og þar sem um er að ræða breytingu á ESB-reglugerð þá er hvorki um það að ræða að gera orðalagsbreytingar né efnisbreytingar á fyrirliggjandi reglugerð. Breytingin er einungis til samþykktar eða synjunar og synjun mundi, eins og öllum er ljóst, hafa ófyrirsjáanleg áhrif og kemur hér enn að því sem ég hef margoft tekið fram í umræðum um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið að hann bindur hendur löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að þessu leyti.

Herra forseti. Ég legg til að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og félmn.

[15:44]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með mikilli athygli á hæstv. félmrh. flytja þetta mál, reka þessa eftirlegukind eins og hann orðaði það, til réttar. Og ég skildi hann afskaplega vel þegar hann sagði að hann ætlaði ekki að flytja óbreyttar ræður forvera sinna, hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur og Rannveigar Guðmundsdóttur eða var það hæstv. forseti sem gegndi því hlutverki seinast?

Ég hlustaði líka með athygli á málflutning hæstv. ráðherra sem hafði nægileg hyggindi til þess að vitna í ræður sínar í stjórnarandstöðunni gegn þessu máli þar sem hann lýsti málið fátæklegt, óvenjulegt, eitt af þessu sem dynur yfir oss, eitt af þessu sem verður að kyngja og væri að því lítill fengur. Þetta er ræða hæstv. ráðherra um leið og hann biður hv. þm. að styðja nú málið og tryggja því framgang.

Það er mikið rétt, þetta er hið merkasta mál. Hæstv. ráðherra er að flytja mál sem fjallar efnislega um að í stað reglugerðar nr. 312/76/EBE bætist við reglugerð nr. 2434/92/EBE. Málið fjallar um vinnumarkaðinn, sem nú heyrir undir hæstv. ráðherra, um það að tryggja grundvallarregluna um að beita ekki mismunun á vinnumarkaði, um jafnan aðgang manna á vinnumarkaði án tillits til þjóðernis, um jafnræði að því er varðar atvinnu og alla málsmeðferð á vinnumarkaði, um rétt fjölskyldumeðlima vinnandi fólks til búsetu, dvalar og réttinda á vinnumarkaðssvæði og í þjóðfélaginu, um samstarf á milli EFTA-ríkja og um fastanefnd EFTA, um ráðstöfun lausra starfa, um þjónustuskrifstofur hvers EFTA-ríkis og þannig mætti lengi telja.

Hæstv. félmrh. er ekki fæddur í gær og hann var ekki kosinn til þings í fyrsta sinn í þessum kosningum. Hann á sér þó nokkra þingsögu og afstaða hans til þessa máls er rækilega skráð í annála þingsögunnar, í þingtíðindum, frá orði til orðs. Fyrir utan það að hv. þm., sem var í hópi þeirra sjö þingmanna sem mest fór offari gegn EES-samningnum á sínum tíma, var líka afkastamikill rithöfundur um málið, sérstaklega í greinaskrifum í blöðum.

Af því að þetta er söguleg stund í þingsögunni og af því að framsóknarmenn öllum öðrum fremur lögðu svo ríka áherslu á það í kosningabaráttunni að þeir væru flokkur nýrra vinnubragða, þeir væru flokkur sem byggðu starf sitt á trúnaðartrausti milli kjósenda og frambjóðenda flokksins og þeir vildu tryggja það að saman færu orð og efndir. Enginn tók það að vísu jafnoft fram og auglýsingastjóri flokksins í auglýsingunum um formann Framsfl., hæstv. utanrrh., sem skyldi verða ekki bara holdgervingur kvótakerfisins heldur holdgervingur traustsins. Og af því að þetta er eins og ég sagði, virðulegi forseti, söguleg stund, þá er ástæða til þess að stikla nú á örfáum atriðum úr því sem hæstv. félmrh. sagði um þetta hið mikla mál, EES-samninginn, meðan hann fór hamförum gegn málinu sem einn af sjö helstu liðsoddum stjórnarandstöðunnar í því máli.

Hann sagði, með leyfi forseta, í einni af hinum merku greinum sínum í DV 7. sept.:

„Ríkisstjórnin er komin í óbotnandi vandræði [að sjálfsögðu fyrrv. ríkisstjórn] með alla landsstjórnina. Atvinnlífið er að fara í rúst. Stórfellt atvinnuleysi hefur haldið innreið sína. Verði Ísland aðili að þessum samningi, þá fyrst byrja erfiðleikarnir."

Þá fyrst byrja nú erfiðleikarnir. Nú kemur hæstv. ráðherra til þess að fara með póstinn, til þess að flytja orð forvera sinna, til þess að snúa öllu öfugt, til þess að snúast gegn því sem maður taldi vera sannfæringu hans ef hann var heiðarlegur maður, en það vakir væntanlega ekki fyrir honum að auka á erfiðleikana.

Hvað sagði hæstv. félmrh. næst? Hann sagði í grein 7. sept. 1992 orðrétt, með leyfi forseta:

„Þá hafa Íslendingar, ef samningurinn verður að lögum, ekki lengur neinn frumburðarrétt að landi sínu né auðlindum þess. Við verðum að veita flota Evrópubandalagsins aðgang að fiskimiðunum okkar. Útlendingum verður heimilt að kaupa hér lendur og jarðir, laxveiðiár og orkulindir til jafns við Íslendinga. Atvinnuleysi hlýtur hér að aukast með aðild að efnahagssamfélagi þar sem atvinnuleysi er stöðugt um og yfir 10%."

Ef hæstv. ráðherra meinaði það sem hann sagði þá er hann nú orðinn boðberi þess að viðhalda þessu og auka hér á atvinnuleysið, gera það að lögmáli.

Hvað sagði hæstv. ráðherra næst, virðulegi forseti? Hann sagði í umræðum á Alþingi þann 25. ágúst 1992, því það þurfti auðvitað að flýta þingi til að fara hamförum gegn þessu hræðilega máli, orðrétt:

„Vinnuveitendur fagna margir hverjir aðild að Evrópsku efnahagssvæði og vænta sér þá væntanlega ódýrara vinnuafls að utan."

Ódýrara vinnuafls að utan. Þetta mál sem hæstv. ráðherra er hér að flytja fjallar um vinnumarkaðinn og réttindi allra á svæðinu til vinnu án mismununar og þá er hann væntanlega samkvæmt sínum eigin orðum að greiða götu vinnuveitenda til þess að fá hingað til landsins undirboðsvinnuafl til þess að grafa undan verkalýðshreyfingunni, kauptöxtunum o.s.frv. Því væntanlega hvarflar það ekki að samflokksmönnum hans að hæstv. ráðherra hafi verið að fara með fleipur þegar hann var í stjórnarandstöðu? Það fara saman orð og efndir hjá framsóknarmönnum, er það ekki? (**GÁ:** Hefur þingmaðurinn skipt um ...?) Á Alþingi þennan sama dag segir hæstv. ráðherra orðrétt, með leyfi forseta:

„Kaupmáttur launa hér er með því hæsta sem þekkist á EES-svæðinu. Það kynni að breytast með aðild að þessum samningi og kaupmáttur kynni að verða svipaður og annars staðar."

Með öðrum orðum var hv. þm. í stjórnarandstöðu, var þeirrar skoðunar að kaupmáttur launa á Íslandi væri með því hæsta sem þekktist, en afleiðingin af þessum samningi hlyti að verða sú að það yrði eins og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. hann mundi lækka mjög verulega. Ef hv. þm. tekur eitthvert mark á orðum sínum, ef hæstv. ráðherra tekur mark á orðum stjórnarandstöðuþingmannsins þá er hann núna að vinna að því að lækka kaupmátt, m.a. með því að flytja þetta mál.

Í einni af þessum frægu greinum í DV 7. sept. 1992 sagði hæstv. ráðherra orðrétt, með leyfi forseta:

„Félagsleg þjónusta verður lakari vegna þess að menn láta sér bráðlega nægja staðla þá sem gilda í Evrópubandalaginu og sömu sögu má segja um umhverfismál."

Félagsleg þjónusta verður lakari. Nú heyrir félagsleg þjónusta undir hæstv. ráðherra. Og hann er að flytja hér mál um vinnumarkaðinn. En hann á eftir að flytja mörg mál sem varða Evrópska efnahagssvæðið og ef hæstv. ráðherra tekur mark á því sem hv. stjórnarandstöðuþingmaðurinn sagði, sami maðurinn, þá mun hann vera að vinna að því að gera félagslega þjónustu lakari, ef trúa má hans eigin orðum.

Stundum fór hv. þm. verulega á flug. Hann sagði í umræðum á Alþingi 25. ágúst 1992, með leyfi forseta, orðrétt:

„Með svipuðu lögmáli og vatnið rennur undan brekkunni hlýtur atvinnuleysi hér að aukast til stórra muna og innstreymi erlends vinnuafls hlýtur að taka atvinnu frá Íslendingum og atvinnuleysisstig hér verður svipað og annars staðar á svæðinu."

Þetta var það sem hv. stjórnarandstöðuþingmaður, nú hæstv. félmrh., hafði að segja um áhrif EES-samningsins á atvinnustigið, að hér væri verið að opna allar flóðgáttir fyrir innstreymi erlends vinnuafls, undirboðsvinnuafli, og hér yrði magnað upp atvinnuleysi.

Virðulegi forseti. Af því að mér þykir nú vænt um flesta menn, kannski alla menn og þar með talinn hæstv. félmrh., þá ætla ég að hlífa honum við fleiri tilvitnunum í öfugmælasafn stjórnarandstöðuþingmannsins Páls Péturssonar af eðlilegum ástæðum. Vegna þess

að það þarf ekkert að segja meira.

Ef hæstv. félmrh. væri ærlegur stjórnmálamaður sem tæki sjálfur mark á eigin orðum og ætlaðist til þess að aðrir tækju mark á honum, þá hefði hann átt að berjast fyrir því í stjórnarmyndunarviðræðunum að þessum samningi yrði rift, að EES-samningnum yrði sagt upp vegna þess að þá hefði mátt taka mark á orðum hans í stjórnarandstöðu. Þá hefði hann verið að segja: Ég stend í reynd við það sem ég sagði að þessi samningur væri óalandi og óferjandi, að hann væri afsal landsréttinda, að hann væri afsal á löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi, að hann mundi leiða þvílík harmkvæli yfir íslensku þjóðina að ég mun aldrei standa að slíku. Þetta er ekki það sem hæstv. ráðherra hefur sagt. Nei. Það sem hann hefur sagt er að hann hefur uppáskrifað hvert einasta orð sem baráttumenn fyrir þessum samningi sögðu á sínum tíma. Og hann hefur, eins og Danirnir orða það, „ganske pænt" á þessari stuttu leið úr ráðherrastólnum og hingað upp í þennan ræðustól og með flutningi þessa máls sagt, og taki menn nú eftir: Hvert einasta orð sem hv. stjórnarandstöðuþingmaður Páll Pétursson, núv. hæstv. félmrh., sagði um þetta mál við íslensku þjóðina og við kjósendur í landinu er hér með dæmt dautt og ómerkt.

[15:56]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það var við því að búast að hér gætu orðið nokkur ræðuhöld þegar hlutverkum hefur skipast með þeim hætti sem raun ber vitni að hæstv. fyrrv utanrrh. er nú kominn með frjálsar hendur í stjórnarandstöðu en andstæðingur hans frá fyrri þingum, hv. fyrrv. þm. Páll Pétursson, núv. hv. þm. og hæstv. félmrh., er kominn í það hlutverk sem hann fer hér með. (Gripið fram í.) Hæstv. félmrh. er að sönnu áfram þingmaður eins og ég tók hér fram en hann var áður fyrrv. hv. óbreyttur þingmaður. Getum við ekki verið sammála um það? Og sjálfsagt er ekki séð fyrir endann á slíkum upptektum, þ.e. að hæstv. fyrrv. utanrrh., hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hafi gaman af því að taka menn hér upp og fara yfir ummæli þeirra o.s.frv. og við getum sjálfsagt skemmt okkur við það hérna nokkur þing.

Ég efast að vísu um að það færi okkur mikið nær kjarna málsins og staðreyndin er sú, eins og ég veit að hv. þm. áttar sig á, að það þýðir ósköp lítið að ræða stjórnmálin í páskildagatíð, ef, ef, ef. Með hverjum degi og hverjum mánuði sem líður fjær þeim tíma sem menn voru að deila um tiltekinn milliríkjasamning, og sýndist sitt hverjum, þjónar það minni tilgangi.

Það er auðvitað skondið að heyra hæstv. ráðherra mæla hér fyrir frv. m.a. með því að lesa upp gagnrýni sem hann hafði uppi á frv. sem stjórnarandstæðingur fyrir ekki löngu síðan, en að sama skapi ætti hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. fyrrv. utanrrh., að átta sig á því að það væri líka hægt að fara í hans ræður. Og ætli það sé ekki þannig að menn hafi sagt ýmislegt í hita leiksins á báða bóga sem geti átt eftir að verka næsta fáránlegt? Ég leyfi mér t.d. að ætla að það mætti draga fram ýmis ummæli hæstv. þáv. utanrrh. þegar hann var að gylla þennan EES-samning og lofa hér milljörðum og lofa hér þúsundum nýrra starfa sem ekki stæðust dóm reynslunnar a.m.k. enn sem komið er. Ætli það hafi gerst þau undur í íslenskum sjávarútvegi á grundvelli þessa samnings? Ætli störfum hafi fjölgað með þeim ógnarhraða sem hér átti að gerast og ætli allir milljarðarnir 7, eins og einu sinni var sagt, hafi skilað sér í kassann? Ég efast nú um það. Þannig að kannski munu báðir aðilar átta sig á því þegar frá líður að rökræður af því tagi skila mönnum ekki miklu, ekki efnislega en þær geta haft talsvert skemmtanagildi, eins og hér bar óneitanlega á áðan, með því að taka menn upp í gömlum ræðum o.s.frv.

Það má segja að þetta mál sé tvíþætt. Það eru annars vegar þessi tilteknu réttindi sem og hluti af samningagerðinni um EES sem hér er á ferðinni og hins vegar er það auðvitað allt móverkið utan um þetta mál. Maður staldrar kannski meira við það þegar maður fer að lesa frv. hversu hægt er að gera tiltölulega einfalda hluti flókna því að efnislega á þetta að snúast um að tryggja fólki jafnan rétt til starfa, atvinnu á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Maður skyldi ætla að hægt væri að gera það án þess að það þyrfti að smíða heilt stofnanamóverk utan um málið.

Ef menn líta inn í frv. er mikið um alls konar apparöt sem eiga að tryggja framkvæmd málsins og þarna er á ferðinni mikið af nefndum og ráðum. Til að mynda er sett upp heilmikið kerfi til að tryggja að allar stöður sem eru lausar séu auglýstar og stjórnartíðindin á þessum bæ verða ábyggilega myndarleg útgáfa þegar fram líða stundir. Það á að setja upp þjónustuskrifstofur í hverju einasta ríki til að auglýsa lausar stöður þar sem hugsanlegur möguleiki er á að ríkisborgarar allra EES-ríkjanna geti tekið að sér einhver störf einhvers staðar á svæðinu.

Í III. bálki í 19. grein er lýst þeirri hugsun sem liggur á bak við og hún er sú, sem ég hygg að hæstv. félmrh. sem þáv. stjórnarandstöðuþingmaður hafi verið að koma inn á þegar hann ræddi um atvinnustigið, að hugsun málsins er sú að koma á jafnvægi á vinnumarkaðnum yfir allt Evrópska efnahagssvæðið. Það er beinlínis tekið fram í 2. tölul. 19. gr. að EES-ríkin skuli ásamt fastanefnd EFTA kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að leitast við að koma á jafnvægi milli framboðs og umsókna um störf innan EES og þau skuli beita öllum tiltækum ráðum í því skyni. Það er því ekki eins fjarlægt og það hljómar kannski að markvisst sé verið að stefna að því að jafna út atvinnu innan alls svæðisins. Það er beinlínis yfirlýstur tilgangur að þessu leyti.

Ein af nefndunum sem á að starfa þarna fyrir utan þjónustuskrifstofurnar í EFTA-ríkjunum er Evrópska samráðsskrifstofan og hún á að samræma ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og þar á að starfa ráðgjafarnefndin, sbr. 24. gr., og síðan á að starfa umsjónarnefndin, sbr. 32. gr. þannig að nóg verður af nefndunum sem verða að fást við þetta. Í heildina tekið er þetta skilgetið afkvæmi þeirrar hugsunar sem á bak við þetta miðstýringarapparat allt saman og pappírsflóð er. Ég verð að segja alveg eins og er

að ég skil hæstv. félmrh. vel þó að hann hefði fá orð um það þegar hann var að tíunda nauðsyn þess að afgreiða þetta frv. og valdi því í leiðinni heldur háðulegar nafngiftir eins og eftirlegukind, póst frá Brussel, eitthvað sem við yrðum að kyngja og ekki væri mikill fengur að.

Það er upplýst að verið sé að rembast við það í þriðja sinn að koma málinu í gegn og ég leyfi mér nú að spyrja: Mundi það þá breyta öllu þó að það þyrfti eina tilraun enn? Er þetta eitthvað sem mikið liggur á að drífa í gegnum þingið á fáeinum vordögum? Það er greinilega farið að bera talsvert á því nú þegar að áhugi manna á því að fullgilda hina einstöku hluta Evrópuréttarins er talsvert mismunandi eftir því hvað á í hlut. Hér eru mál að koma sem engin sérstök áhersla hefur verið lögð á undanfarið, þau eru lögð fram af gömlum vana og ekki ber á því að það sé neitt stórkostlegt sem muni gerast þó að það taki tímann sinn að koma þessu fram. Að minnsta kosti hefur ekki verið kært enn þá svo að mér sé kunnugt um vegna þessa máls en það á ekki við um önnur tilvik eins og frægt varð hér m.a. áðan þegar upplýst var um heitstrengingar hv. þm. Vilhjálms Egilssonar gagnvart því að ekki skyldi ljúka þingstörfum fyrr en brennivínsmál ríkisstjórnarinnar hefðu náð fram að ganga. (Gripið fram í.) Það er að vísu alveg hárrétt að hv. þm. hefur fengið eitthvað gott að borða úti í Brussel en það breytti ekki því að greinilega er mismunandi mikil áhersla lögð á hin einstöku mál.

Ætli það sé ekki líka þannig að það sé líka misjafnt hversu alvarlega menn taka þessa pappíra í Evrópusambandinu sjálfu og úti á meginlandi Evrópu og upplýst hefur verið um að Ítalir eigi talsvert óunnið enn þá við það að koma öllum Evrópuréttinum í lög hjá sér. Þar hafa jafnvel heyrst tölur eins og þær að ekki sé nema um þriðjungur allra tilskipana Evrópusambandsins sem þar sé orðinn að veruleika. Ég veit ekki hvort það væri nokkur stórkostlegur héraðsbrestur þó að málið biði og kannski yrðu þá reglugerðirnar orðnar þrjár sem þarf að taka hér inn í löggjöfina, óbreyttar, eða synja þeim eins og hæstv. félmrh. upplýsti.

Ég hugsa að alveg sé óhætt að viðurkenna að áhrifin af afgreiðslu EES-samningsins enn sem komið er eru á margan hátt minni en menn reiknuðu með, ég tala nú ekki um sem þeir tíunduðu í hita leiksins að gætu orðið en þau eru það held ég í báðar áttir. Ég sé ekki annað en þegar upp er staðið sé meginniðurstaðan af gildi samningsins á fyrstu árunum eða fyrstu missirunum að hann hafi haft minni breytingar í för með sér, sú þróun hafi öll orðið mun hægari en menn gátu ætlað, bæði hvað það varðar að við Íslendingar höfum orðið fyrir meiri áhrifum utan að frá, en líka hvað hitt snertir að þetta virðist ekki hafa breytt neinu sem miklu máli skiptir varðandi okkar viðskipti og samskipti út á við. Ég hygg því að kannski sé eðlilegra að við ræðum þetta undir þeim formerkjum en vera að taka hvert annað upp í því hvort þessi eða hinn hafi haft meira eða minna rangt fyrir sér og sé í breyttu hlutverki eins og hæstv. núv. félmrh. kominn í algerlega mótsögn við sjálfan sig án þess að það sé hlutskipti mitt að verja hann. Hæstv. félmrh. er örugglega fullkomlega fær um það sjálfur að standa fyrir máli sínu ef hann er að fara í skylmingar við hæstv. fyrrv. utanrrh. en það læt ég þeim þá eftir.

[16:07]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. tók áðan að sér að bera í bætifláka fyrir hæstv. félmrh. og væntanlega sem fornan fóstbróður í stríðinu gegn EES-samningnum úr stjórnarandstöðunni. Það var út af fyrir sig fallega gert af honum, ræktarsemi, og augljóslega veitti nú ekki af.

> Vinn það ei fyrir vinskap manns
> að víkja af götu sannleikans

sagði sálmaskáldið forðum og þessi artarsemi er að sumu leyti misskilningur því að málið snýst ekkert um það. Málið snýst um það hvort stjórnmálamenn bera virðingu fyrir staðreyndum, hvort stjórnmálamenn ætlast til þess af almenningi að mark sé tekið á orðum þeirra þegar þeir sjálfir bera augljóslega enga virðingu fyrir staðreyndum og taka ekkert mark á eigin málflutningi. Af því að hv. þm. er ekki eins og hann orðaði það sjálfur bara óbreyttur þingmaður heldur formannsefni a.m.k. eða formannsframbjóðandi í stjórnmálahreyfingu þá stendur uppi þessi spurning: Er hann ekki a.m.k. sammála mér um að það verði að ætlast til þess af frambjóðendum, hvort heldur er fyrir kosningar eða til formennsku, að menn geti treyst því að þeir fari með mál eftir bestu samvisku og kjósendur megi treysta því að það sem þeir eru að boða og segja meini þeir og ætli að beita sér fyrir? Um þetta snýst málið því að ef menn hegða sér öðruvísi eru þeir sjálfir búnir að draga stjórnmálabaráttu niður í svaðið og gera stjórnmálaumræðuna ómerka vegna þess að það er ekki mark takandi á því sem þeir segja. Það er bara fleipur og ómagaorð, skens. Og menn segja eitt í stjórnarandstöðu og annað í stjórn og meina þar af leiðandi ekkert sem þeir eru að segja. Um þetta snýst umræðan.

[16:10]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var mikill misskilningur að ég hafi komið hingað upp sérstaklega til þess að verja hæstv. félmrh. enda hefur hann hingað til verið fullfær um það sjálfur. Ég vék máli að báðum ræðumönnum, hæstv. félmrh. og hæstv. fyrrv. utanrrh., hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, og ég hvatti báða til þess að gæta hófs í umræðum sínum um deilur frá liðinni tíð. Það er auðvitað þannig að menn deila um tiltekna hluti á þeim tíma sem sú umræða fer fram og við þær aðstæður sem þá eru uppi og það að koma mörgum árum seinna og ætla að taka menn upp í slíkum liðnum atburðum er að ræða stjórnmál í páskildagatíð: Ef þetta, ef hitt. Það þjónar ekki miklum praktískum tilgangi held ég nema a.m.k. sú umræða sé sett í svona sanngjarnt hlutskipti.

Ég verð hins vegar að segja alveg eins og er og það skal viðurkennast að sú réttrúnaðarhugsun, sem að hefur nokkru leyti komið fram í máli hv. þm. og reyndar fleiri æstustu aðdáenda Evrópusambandsins

eins og samningagerðarinnar um EES, fer í taugarnar á mér. Þessi tilraun til þess að koma og sanna mörgum árum seinna: „Við höfðum rétt fyrir okkur, hinir rangt" í einhvers konar kaþólskum rétttrúnaðarhugsunarstíl. Þetta fer í taugarnar á mér vegna þess að þetta er ekki svona. Staðreyndin er sú að það féllu stór orð í hita leiksins á bága bóga og menn sögðu kannski meira en síðar hefur komið á daginn. Það á ekkert síður við um hæstv. fyrrv. utanrrh. Talandi um að þetta mál snúist um að bera virðingu fyrir staðreyndum og hverjir hafi haft rétt fyrir sér og hverjir rangt, ætli það sé ekki þannig að það liggi ýmis miður góð mál í farteski hæstv. fyrrv. utanrrh. svo sem eins og með langhala sem breyttist í karfa og milljarða og bækling sem utanrrn. gaf út og fullyrti að við Íslendingar þyrftum ekki þrátt fyrir samningagerðina við EES að breyta í nokkru okkar tilhögun varðandi sölu á áfengi. Hvað er nú að koma á daginn? Ætli það sé ekki þannig að virðing fyrir staðreyndum þurfi þá líka að meðhöndlast á báða bóga og jafnvel svo að menn þurfi að átta sig vandlega á því hvaða hús þeir byggja, hvort sem það er með þykkjum veggjum úr steini eða gleri.

[16:12]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

*Virðulegi forseti. Það er fjarri mér að vilja eyða löngum tíma þingsins um einskis vert karp en ég verð að segja að þegar hv. þm. segir: „við skulum ekki ræða um fortíðina, við skulum ekki ræða um það sem stjórnmálamenn sögðu, það hefur sitthvað verið missagt o.s.frv.", þá efast ég um að hann sé á réttum brautum. Tökum dæmi.*

*Forustumenn í flokki hans hafa sagt í tilefni af því hvernig til núv. hæstv. ríkisstjórnar var stofnað um formann Framsfl. að hann hafi brugðist trúnaði að því er varðar samskiptin við stjórnarandstöðuflokkana. Þeir hafa með öðrum orðum vitnað í yfirlýsingar formanns Framsfl. þar sem hann sagði að hann mundi að loknum kosningum fyrst ræða við fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna sem hann gerði að vísu og leitaði umboðs þeirra. Og ræddi síðan við formann Alþfl. Hann hefur staðfest að rétt hafi verið með farið þegar ég skýrði frá niðurstöðum þeirra viðræðna. En forustumenn Alþb. og forustumenn Kvennalistans hafa sagt: Þeim boðum var aldrei komið til okkar. Ég tek þetta dæmi vegna þess að þetta varðar spurninguna um trúnað við kjósendur. Hvað sögðu menn fyrir kosningar um hvað fyrir þeim vakti og hvernig breyttu menn síðan eftir kosningar? Nú gæti hv. þm. sagt: Það er ekkert mark takandi á þessu, við skulum ekki ræða um þetta vegna þess að þetta tilheyrir fortíðinni. Ég er einfaldlega að segja almennt um stjórnmálaumræðuna að ef það er svo að menn skipta um skoðun á stærstu málum þjóðfélagsins frá því að þeir eru í stjórnarandstöðu og þangað til þeir fara í stjórn, bara hlutverkaskipti, þá er verið að grafa undan því sem t.d. Framsfl. gerði að meginmáli í kosningabaráttu sinni, spurninguna um vinnubrögð, spurninguna um trúnað og spurninguna um traust. Einstök dæmi um það sem hv. þm. segir: Það var sitthvað ofsagt á báða bóga. Mál fyrir mál er ég reiðubúinn til að standa í umræðum við hann út af því hvort heldur þegar hann nefnir langhala eða þegar hann nefnir mat Þjóðhagsstofnunar eða annarra á efnahagslegum áhrifum samningsins. Sem og fullyrðingar sem ég nefndi nokkrar og vitnaði í ræðu hæstv. félmrh. sem augljóslega voru einfaldlega efnislega rangar, voru bara hræðsluáróður, sem ekkert á mark var á takandi.*

[16:15]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alls ekki svo að ég ætli að koma hér upp og verja almennt einhver sinnaskipti manna í stjórnmálum bara vegna þess að þeir færist úr stjórn yfir í stjórnarandstöðu og þaðan af síður svik við kjósendur, það er fjarri öllu lagi og ég vona að hv. þm. sé ekki að ætla mér neitt slíkt. Sömuleiðis er ekki rétt að ég sé að víkjast undan því að telja almennt óskynsamlegt að ræða liðna tíð í stjórnmálum og liðna atburði. Þetta er frekar spurningin um hvernig slíkir hlutir eru ræddir, í hvaða tilgangi þeir eru ræddir. Væntanlega þarf það að þjóna einhverjum uppbyggilegum tilgangi til þess að það sé þess virði að eyða tíma sínum í það. Ég hvet svona frekar að breyttu breytanda til þess að umræðan um það sem við stöndum frammi fyrir í dag og er fram undan okkur í þessum samskiptum t.d. við Evrópu og umheiminn almennt verði á slíkum nótum en ekki á þeim sem mér finnst brydda á í fari hv. þm., þ.e. að taka menn upp og reyna að negla menn fyrir það að þeir hafi haft rangt fyrir sér en ég rétt. Mér finnst þessi sjálfbirgingsháttur í tali hv. þm. enn koma fram, sem sagt ekki vottur af efasemdum að hann hafi í öllum tilvikum haft rétt fyrir sér, ævinlega farið með rétt mál og ef misskilningur hafi komið upp í sambandi við fullyrðingar hans þá er það ævinlega einhverjum öðrum að kenna, Þjóðhagsstofnun eða einhverjum slíkum sem fór með eitthvert fleipur, Hagfræðistofnun háskólans eða einhverjum slíkum. Sökinni er ævinlega komið á einhverja slíka.

Varðandi trúnað við kjósendur er ég líka hvenær sem er tilbúinn til að fara í smáumræður um það og þá m.a. um hlutverk Alþfl. og hlutskipti í því. Eigum við þá t.d. að byrja á stjórnarskiptunum 1991? (**Gripið fram í:** Til 1930.) Eigum við að byrja 1991 þegar Alþfl. lét svo í allri kosningabaráttunni að hann vildi halda áfram því vinstra samstarfi sem hann var þá í en strax á kosninganóttina var þáverandi og reyndar enn þá núverandi formaður flokksins kominn í bullandi stjórnarmyndunarviðræður með íhaldinu. Er það dæmi um trúnað við kjósendur, framkomu í kosningabaráttu og efndir eftir kosningar sem við eigum að hafa þá með í umræðunum, hv. þm.?

[16:17]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég byrja á því að bjóða velkominn á þingfundinn hv. 9. þm. Reykv. Ég hlustaði á fjálglegt viðtal við hv. þm. í útvarpinu eftir hádegið í gær þar sem hann kynnti skoðun sína á þessari stofnun fyrir þjóðinni. Honum fannst þetta heldur leiðinleg og ómerkileg stofnun og hann ætlaði að vera úti meðal fólksins og láta ljós sitt skína þar, ekki vera að pré-

dika yfir þessum vesæla lýð sem hér situr og átti þá við hv. þm. Þess vegna þykir mér vænt um að hann sýni lítillæti og sitji með okkur eina stund. Ég vonast eftir því að þær geti orðið fleiri en þessi því að ég verð að játa að ég er höfðingjasleikja og hef gaman af því þegar hv. þm. er hér í salnum.

Hv. þm. rifjaði upp nokkrar snjallar tilvitnanir í ræður mínar og greinar frá fyrri árum og ég þakka honum kærlega fyrir það. Það var virkilega „oplevelse", ef ég má nota það orð, að heyra þessar snjöllu setningar, með leyfi að segja, koma út úr munninum á hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Hann hefur greinilega lagt á sig töluverða vinnu enda er maðurinn vinnusamur og við þekkjum það frá fyrri árum sem höfum séð til hans. Hann hefur lagt á sig töluverða vinnu í athuganir og heimildasöfnun og ég er mjög upp með mér að hv. þm. skuli hafa getað séð af hinum dýrmæta tíma sínum og yfirfljótanlegu gáfum í að leggja sig niður við það.

Hv. þm. tilkynni í ræðustólnum að hann væri mannvinur og þætti vænt um alla og er ég sannfærður um að oft hefur hann sagt hluti sem eru ótrúverðugri í þessum ræðustól en hann væri mannvinur og þyki vænt um alla. En svo sló út í fyrir hv. þm., pínulítið, þótt snjall sé. Hann vildi meina að ég hefði skipt um skoðun á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það hef ég ekki gert. Ég er nákvæmlega sömu skoðunar og ég var þegar ég var að eiga orðastað við hann og aðra þáverandi stjórnarliða um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Ég talaði á móti samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og taldi að við Íslendingar ættum ekki að gerast aðilar að þeim samningi og ég dró ekkert af mér í þeirri baráttu. Ég sé ekki eftir neinu sem ég sagði þá og þarf ekki að taka neitt til baka. Staðreyndin er hins vegar sú að hv. 9. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson, sem þá var hæstv. utanrrh., vann þá lotu. Alþingi ákvað, þ.e. meiri hluti Alþingis ákvað illu heilli að Ísland skyldi verða aðili að Evrópsku efnahagssvæði. Þáv. hæstv. utanrrh. barðist af ofurkappi fyrir því og maðurinn er kappsmaður og hann vílaði ekki fyrir sér að beita þráfaldlega blekkingum eins og hér hefur verið rifjað upp af hv. 4. þm. Norðurl. e. Síðan verð ég að játa, herra forseti, að ég trúi ekki alveg öllu sem hv. 9. þm. Reykv. segir. Ég gerði það lengi vel en svo gafst ég upp. Og það eru fleiri en ég. Hv. 9. þm. Reykv. hefur satt að segja sáð ofurlitlum efa um eigin trúverðugleik í huga þjóðarinnar.

Ég þarf ekki að rifja upp fyrir hv. 9. þm. Reykv. að við erum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og það er ekki mér að kenna. Ég ber virðingu fyrir staðreyndum og ég beygi mig meira að segja fyrir staðreyndum. Við erum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Ég hef ekki hugsað mér að skrúfa klukkuna til baka, ég get það ekki og Íslendingar eiga ekki neina greiða leið út af Evrópsku efnahagssvæði úr því sem komið er.

Við framsóknarmenn vildum tvíhliða samning á lokastigi þeirrar umræðu. Þá vildum við reyna tvíhliða samning og að breyta samningnum um Evrópskt efnahagssvæði í tvíhliða samning. Hins vegar er það eins og hv. þm. er mætavel kunnugt mjög flókin aðgerð. Jafnvel þó svo samningar tækjust þyrfti það samningsuppkast að ganga til allra þinga aðildarríkja Evrópusambandsins og það yrði dálítið torsóttur málarekstur. Þess vegna þykir mér skynsamlegast að reyna að gera sem best úr þeirri stöðu sem hér er. Ég dró aldrei neina dul á það fyrir sumar útflutningsgreinar okkar gæti verið fjármunalegur hagur af því að vera aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Ég setti hins vegar fyrir mig galla samningsins, m.a. þann að með samningnum afsöluðum við hluta af ekki einasta löggjafarvaldi heldur einnig framkvæmdarvaldi og dómsvaldi. Allt er þetta deginum ljósara, allt er þetta að koma fram vegna þess að hendur framkvæmdarvaldsins og hendur löggjafarvaldsins eru bundnar að því leyti til að við verðum að taka við tilskipunum frá Brussel og gera þær að lögum okkar og haga okkur eftir því. Við getum ekki ákveðið það upp á okkar eindæmi að hindra frjálsa för launafólks. Það getum við ekki því að það er bakhliðin á samningnum. Aðrir íbúar á Evrópsku efnahagssvæði eiga jafnan rétt við okkur hér á Íslandi. Við eigum reyndar jafnan rétt og þeir í þeirra löndum annars staðar á svæðinu.

Ég verð að fagna því, svo að ég víki nú aftur að hinu háleita og lítilláta viðtali hv. 9. þm. Reykv. við útvarpsmanninn í gær, og það gladdi mig ósegjanlega þegar hv. þm. sagðist ekki vera að hætta í pólitík. Hann átti tvö smáatriði eftir. Ég gladdist því að Alþingi væri náttúrlega ekki svipur hjá sjón ef hann hætti að líta hér inn öðru hverju. Hann átti eftir tvö smáverkefni, annað var að sameina jafnaðarmenn sem hann upplýsti hverjir væru, fyrir utan skárri partinn af Alþfl. sem reyndar var nú dálítið mislukkaður að vissu leyti, þá var það svona mikill hluti úr Sjálfstfl. Það er lítið af sjálfstæðismönnum hér inni, því miður — jú, séra Hjálmar, hv. 2. þm. Norðurl. v. Ætli hv. þm. sé eitt af — ég vil ekki segja fórnarlömbum sameiningar jafnaðarmanna? Já, það var þorrinn af stuðningsmönnum Sjálfstfl., það var Kvennalistinn sem mér skildist að hv. þm. teldi að hefði nú lokið hlutverki sínu, enda mundi Alþfl. nú taka upp mjög markvissa kvennabaráttu og gæta réttar þeirra í hvívetna og síðan það sem hann kallaði þetta Jóhönnuslys sem mér skildist að væri flokkurinn Þjóðvaki, hreyfing fólksins. Þetta voru jafnaðarmennirnir. Ég sperrti nokkuð eyrun hvort hann mundi nefna Alþb. en þar er mikið kapphlaup meðal forustumanna að sameina fólk en það var ekki nefnt á nafn í þessum sameiningartilraunum. Ég óska þeim til hamingju með það.

Í öðru lagi átti hann annað smáviðvik eftir og það var að koma Íslandi í Evrópubandalagið. Þá sé ég fram á að hv. þm. verður enn um stund okkur til ánægju og upplyftingar og er ekki að taka við sendiherrastarfi í Ulan Bator en þar eigum við víst ekkert sendiráð enn þá. Ég tel að þetta frv. hafi víðtækan stuðning og ráðherrar Alþfl. og formaður Þjóðvaka eru búnir að flytja þetta mál í tvígang í þinginu. Ég vonast eftir að það verði afgreitt því að hver veit nema hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson ellegar þá hv. 9. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson kæri okkur til stóru mömmu úti í Brussel ef við leiðum þetta ekki í lög.

[16:30]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hæstv. ráðherra vitnaði í spjall við þann sem hér stendur í útvarpi í gær má ég til með að leiðrétta það sem hann lagði mér í munn. Ég sagði aldrei að Alþingi Íslendinga væri að mínu mati ómerkileg stofnun, það sagði ég að sjálfsögðu ekki. Ég sagði hins vegar að oft hefði mér leiðst á þingbekkjum. Það er ekki nýtt úr mínum munni vegna þess að ég hef stundum orðið til þess að gagnrýna nokkuð hér vinnubrögð. T.d. er hér hæstv. ráðherra að flytja mál *sem hann lýsir sig andvígan. Umræða hans um málið* er svo sem engin efnisleg utan það. Og síðan kemur hann upp í ræðustól öðru sinni og talar þá út og suður um daginn og veginn, allt og ekkert, sem málinu kemur ekkert við. Þetta er dálítið fátítt í þjóðþingum og ber vott um agaleysi og mun ekki stuðla að virðingu þingsins.

Efnislega sagði hæstv. ráðherra.: Ég er enn þá á móti EES-samningnum. Ég sé ekkert eftir ummælum mínum og fullyrðingum sem flestar voru staðleysustafir. Ég er bara ánægður með þetta, þetta var nokkuð vel orðað hjá mér. Hann virðist ekki draga neina ályktun af þessu.

Er svo að skilja að baráttumaður gegn dvöl ameríska hersins á Íslandi sem sest síðan í ríkisstjórn og gerist varnarmálaráðherra og fer að flytja tillögur um að festa varnarliðið í sessi geti síðan komið gasprandi upp í ræðustól og sagt: Ég er enn þá á móti hernum. Já, já, mikil ósköp. Geta menn sagt við kjósendur: Ég er algerlega á móti þessu máli, varað kjósendur við með hinum stærstu orðum: Floti Efnahagsbandalagsins uppi í fjöru, brot á *stjórnarskránni, framsal á löggjafarvaldi*, framsal á framkvæmdarvaldi, atvinnuleysi, ég veit ekki hvað og hvað, sest síðan í þennan stól sem einn af forustumönnum síns flokks og flutt þessi mál og sagt: Ég ætla nú að flytja þessi mál engu að síður. Ég hef að vísu sagt þetta og ég dreg það ekki til baka.

Ef einhver hv. þm. getur farið þessa hringi og varið það fyrir sjálfum sér að hér sé maður að tala af einhverri pólitískri sannfæringu eða pólitískri þekkingu og ætlast til að menn taki mark á honum, hvers konar galskapur er þetta þá orðið?

[16:32]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti hv. 9. þm. Reykv. tala heldur betur út og suður. Við erum að súpa seyðið af því sem hv. 9. þm. Reykv. gerði sem utanrrh., þeim ákvörðunum sem hann fékk meiri hluta Alþingis til þess að samþykkja. Þess vegna erum við tilneydd að afgreiða þetta mál.

[16:33]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. *Nú vil ég ekki tefja þingið lengur í* þessum umræðum, en bara nefna eitt. Það er uppsagnarákvæði í EES-samningnum. Sá maður sem barðist jafnhatrammlega gegn EES-samningnum, varaði þjóðina með jafnsterkum orðum við örlagaríkum afleiðingum samningsins, ef hann vil vera sjálfur sér samkvæmur og láta taka mark á orðum sínum, á hann aðeins einn kost: Að beita sér fyrir því að uppsagnarákvæðum sé beitt. Ef hann gerir það ekki þá er hann í þeirri stöðu sem hæstv. ráðherra er.

[16:34]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég beið eftir því að hv. 9. þm. Reykv. legði það til að við færum að segja upp samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ég legg það ekki til af því að mér finnst það óskynsamlegt úr því sem komið er. Efnahagslífið er búið að laga sig að Evrópsku efnahagssvæði. (**ÖS:** Hvað með stjórnarskrárbrot?) *Stjórnarskráin er jafnbrotin* og hún var fyrir tveim árum síðan og við verðum að búa við það. Alþingi ákvað það að við skyldum gerast aðilar og við það verðum við að búa þangað til mál skipast öðruvísi.

Nú veit ég að hv. 9. þm. Reykv. er dálítill hentistefnumaður einstöku sinnum í pólitík en ég á ekki von á því að hann komi með þáltill. í vetur um að við göngum úr Evrópsku efnahagssvæði og ef hann kæmi með hana þá mundi ég ekki styðja hana, ekki vegna þess að ég sé sérstakur stuðningsmaður Evrópsks efnahagssvæðis, en við erum komnir þangað og þar verðum við að dúsa.

[16:35]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Ég ætlaði satt að segja ekki að blanda mér í þá umræðu sem hér hefur farið fram að undanförnu, enda hefur hún verið ágætlega flutt og athyglisverð í alla staði. Það er þó kannski rétt að rifja það upp að ég hygg að það sé erfitt að finna því stað að menn hafi haldið því fram að aðildin að Evrópsku efnahagssvæði væri stjórnarskrárbrot, það er a.m.k. *erfitt að finna það í mínum málflutningi. Ég hélt því* alltaf fram að aðildin að Evrópsku efnahagssvæði reyndi verulega á þolrif stjórnarskrárinnar fyrst og fremst vegna þess að samningurinn kveður á um það að verulegur hluti af lagasetningarfrumkvæðinu á Alþingi flytjist úr landi og það er það sem ég taldi alltaf mjög hæpið í málinu og taldi reyna á þolrif stjórnarskrárinnar. Ég hef tekið eftir því að hæstv. fyrrv. utanrrh. hefur aldrei mótmælt þessu atriði, enda held ég að það standist fullkomlega að þarna hafi menn gengið eins nærri stjórnarskránni og frekast var unnt og ég held að þarna hafi menn gengið of langt.

Hins vegar ætlaði ég ekki að blanda mér í þessa umræðu en hvetja hins vegar hæstv. núv. félmrh. til þess að lesa vandlega þetta frv., m.a. málfarið á því, og ég skora á hv. félmn. að endurskrifa þennan texta. Þetta gengur ekki, hæstv. forseti.

Ég ætla að nefna aðeins örfá dæmi, t.d. 1. gr. I. bálks I. hluta þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Sérhver ríkisborgari EES-ríkis skal, óháð búsetu, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er taka til atvinnumála ríkisborgara aðildarríkisins.“

Ég hygg að það sé næsta auðvelt fyrir sæmilega þjálfaðan blaðamann að endurskrifa þessa setningu þannig að hún mundi jafnvel skiljast óbreyttum alþingismanni við fyrsta yfirlestur en það gerir hún ekki

eins og hún er.

Í annan stað ætla ég að nefna dæmi úr 2. gr. þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérhver ríkisborgari EES-ríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði EES-ríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga“ — ekki gert ráðningarsamninga — „í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnsýslufyrirmæla án þess að leiði til nokkurrar mismununar.“

Það er alger óþarfi satt að segja, hæstv. forseti, að orða þetta svona. Ég held að það sé nauðsynlegt vegna þess að menn eru að taka inn í stórum stíl löggjöf, lagafrumvörp sem eru þýdd og eru komin annars staðar að, að Alþingi slái því föstu að vanda þessa lagasmíð alveg sérstaklega og þessa textagerð alveg sérstaklega. Það er spurning hvort Alþingi þarf ekki í tilefni af því að svona stór hluti frumvarpanna er kominn erlendis frá að koma sér upp sérstakri málfarsmiðstöð í þessari stofnun sem fer yfir frumvörpin og endurskrifar þau því að þessi texti gengur ekki eins og hann birtist hér.

Ég gæti nefnt mörg önnur dæmi úr frv. en dettur ekki í hug að tefja umræðuna með því að nefna þau frekar og mun koma þessum athugasemdum mínum á framfæri við formann nefndarinnar, en vil aðeins til gamans nefna dæmi úr 10. gr. á bls. 3 þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi skulu, óháð þjóðerni þeirra, hafa rétt til að koma sér fyrir hjá launþega sem er ríkisborgari eins EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis.“ Og þar segir undir b-lið:

„ættmenn launþega og maka hans að feðgatali sem eru á þeirra framfæri.“

Spurningin er sú hvort þetta stenst jafnréttislög, hæstv. jafnréttisráðherra, hvort ekki er nauðsynlegt að koma því á framfæri að þetta gæti jafnvel einnig verið að mæðgatali eða mæðga- og feðgatali. Mér sýnist að þetta bendi til þess að hæstv. félmrh., þó að málið hafi komið hér áður fyrr meðan hann var í stjórnarandstöðu, hafi aldrei lesið þennan texta vegna þess að ég trúi því ekki að hæstv. jafnréttisráðherra hefði látið svona texta fram hjá sér fara.

[16:41]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki ofmælt að sjálfsagt væri hægt að orða hlutina á betri íslensku en er á þessu frv. Hitt er svo annað mál að þetta frv. var ekki þýtt af mér eða þýtt á mínum vegum. Það var þýtt á vegum fyrrv. ríkisstjórnar. Það hefur verið flutt hér á undanförnum tveimur þingum. Ég sá ekki ástæðu til þess að fara að leggja vinnu í það að breyta á því málfarinu þótt auðvelt sé að laga málfarið. Ég hef ekkert við það að athuga þó hv. félmn. lagfæri málfar en meiningin verður að blíva og hún er frá Brussel.

[16:42]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vissi ekki að það væri svona ofboðslegt að verða ráðherra. Ég hef nokkrum sinnum orðið ráðherra en ég vissi ekki að þetta væri svona, að ekki einasta tækju menn í arf alþjóðasamninga sem hefðu verið gerðir og þeir eru á móti og ekki einasta tækju menn í arf alls konar frumvörp sem þeir yrðu að flytja jafnvel þó að þeir hefðu verið á móti þeim, heldur tækju menn líka í arf vondar þýðingar. Það held ég að sé misskilningur hjá hæstv. ráðherra og ég vil segja af reynslu minni í ráðuneytum að hann hefur fulla heimild til þess að tryggja það að þýðingar á hans frumvörpum séu almennilegar og ég skora á hann að þó að hann taki eitt og annað vitlaust upp eftir krötum þá haldi hann sig við það að reyna að flytja mál sitt á almennilegri íslensku.

[16:43]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum hér að ræða um vinnubrögð Alþingis, um löggjafarvaldið og spurninguna um það hvort því hafi verið haldið fram að um hafi verið að ræða framsal á löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi og dómsvaldi að því er varðar EES-samninginn. Það skortir ekki menn sem héldu því fram, bæði innan þings og utan. Ég læt það liggja á milli hluta.

En nú er komið nýtt upp í málinu og það er þetta: Það er ekki bara að hæstv. félmrh. sé að flytja okkur boðskapinn frá Brussel þvert gegn vilja sínum, flytja mál sem hann er á móti, heldur er svo komið að hann er að flytja mál fyrrv. ríkisstjórnar. Og þá fer ég að skilja athugasemdir hv. 8. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, þegar hann sagði á miklu flugi í þingræðu 6. jan. 1993, og verði það nú að áhrínsorðum:

„Alþingismenn Íslendinga eiga að hafa manndóm í sér til að verja heiður Íslands mót trylltri öld.“

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Matvæli, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 15. mál (heildarlög). — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

## *Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 14. mál (ráðstöfun lausra starfa). — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:48.

# 8. FUNDUR

mánudaginn 29. maí,
að loknum 7. fundi.

**Dagskrá:**

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, stjfrv., 13. mál, þskj. 13, nál. 23, brtt. 24. — 2. umr.
*Ef leyft verður.*

## *Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 2. umr.*

Stjfrv., 13. mál (dómarafulltrúar). — Þskj. 13, nál. 23, brtt. 24.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

[16:50]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til breytinga á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds.

Margir gestir komu á fund nefndarinnar vegna málsins og lögðu þeir mikla áherslu á að hraða yrði afgreiðslu þess því ófremdarástand væri að skapast í dómskerfinu.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er tilkomið í framhaldi af dómi sem Hæstiréttur felldi 18. maí sl. þar sem meiri hluti Hæstaréttar komst að þeirri niðurstöðu að staða dómarafulltrúa, sem starfa samkvæmt lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, svo sem þær verða skýrðar með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um sjálfstæða og óvilhalla dómara.

Í 2. mgr. 6. gr. umræddra laga segir að þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn ákveði dómstjóri hvert sé starfssvið fulltrúa og undir umsjón hvaða héraðsdómara hann starfi hverju sinni. Í skýringum í greinargerð með frumvarpi að lögunum segir m.a. um þessa málsgrein: „Er með þessu orðalagi haft í huga að meiri áhersla verði lögð á starfsþjálfun dómarafulltrúa en nú er víðast reyndin. Þar á meðal fái fulltrúar þjálfun jafnt við úrlausn einkamála sem opinberra mála sem höfðuð eru fyrir héraðsdómstólunum.“ Reyndin hefur hins vegar orðið sú að dómarafulltrúar fara nánast með samsvarandi störf og embættisdómarar.

Meiri hluti Hæstaréttar rekur í niðurstöðu sinni mismuninn á starfi héraðsdómara annars vegar og dómarafulltrúa hins vegar. Þar kemur fram að héraðsdómarar hafi yfirleitt meiri reynslu að baki. Þeir þurfi að gangast við ábyrgð af dómstörfum sínum í upphafi starfs með heiti um að virða stjórnarskrá lýðveldisins en dómarafulltrúar ekki og að héraðsdómurum verði ekki vikið úr embætti nema með dómi, sbr. 2. málsl. 61. gr. stjórnarskrárinnar, en dómsmálaráðherra hafi formlega heimild til að afturkalla löggildingu dómarafulltrúa og víkja þeim úr starfi án þess að bera það undir dómstóla. Framkvæmdarvaldið geti og með ráðstöfunum sínum bundið enda á ráðningu þeirra á skömmum tíma. Þá tekur Hæstiréttur fram að í málinu sé ekki tekin afstaða til stöðu þeirra sem fara tímabundið með dómsvald, sbr. 7. gr. laga nr. 92/1989, en þeir eru skv. 4. mgr. 8. gr. sömu laga í sams konar aðstöðu og dómarafulltrúar hvað frávikningu úr starfi varðar.

Í frv., sem lá fyrir nefndinni, er gert ráð fyrir að staðið verði öðru vísi að ráðningu dómarafulltrúa til starfa en áður. Í stað þess að gera við þá almennan ráðningarsamning með þriggja mánaða uppsagnarfresti og láta dómsmálaráðherra síðan löggilda þá til að framkvæma dómsathafnir, verði þeir framvegis skipaðir til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra eða héraðsdómara (þar sem ekki er skipaður dómstjóri). Í skipuninni felst m.a. það að þeir verða að vinna heiti um að virða ákvæði stjórnarskrárinnar í störfum sínum. Jafnframt er þar lagt til að um frávikningu dómarafulltrúa og settra dómara skv. 7. gr. aðskilnaðarlaganna gildi sömu reglur og um frávikningu héraðsdómara. Þeim verði þannig aðeins vikið frá störfum með því að höfða mál.

Í bréfi því, sem dómarafulltrúar afhentu nefndinni, kemur fram að þeir telja sjálfstæði þeirra í starfi nægilega tryggt með því frumvarpi sem dómsmálaráðherra lagði fram en gagnrýna jafnframt núverandi kerfi að því leyti að í landinu séu í raun starfandi tvær „gerðir“ dómara þar sem önnur er lægra sett en hin. Í niðurlagi bréfsins segir síðan: „Einnig viljum við vekja athygli á að eftir aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði réðust til dómstólanna margir fulltrúar sem höfðu langa þjálfun og reynslu af dómstörfum og höfðu sumir haft setningu sem dómarar í lengri eða skemmri tíma. Hafa dómarafulltrúar starfað algerlega sjálfstætt að dómstörfum og farið með alla málaflokka og í sumum tilvikum til jafns við héraðsdómara. Í þeim tilvikum hefur einungis verið munur á ráðningar- og launakjörum.“

Allsherjarnefnd tekur undir það að dómarafulltrúar hafi oftar en ekki mikla starfsreynslu að baki og flestir þeirra fari með alla málaflokka, jafnvel til jafns við skipaða héraðsdómara. Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar var ekki tilgangur löggjafans með setningu aðskilnaðarlaganna að búa til tvær tegundir dómara með mismunandi starfsheiti og laun en sömu viðfangsefni. Ætlunin var að mismunandi heiti mundu spegla mismunandi verksvið. Þróunin hefur þó orðið önnur eins og fram hefur komið og hefur hún sætt gagnrýni bæði lögmanna og dómara, nú síðast með umræddum hæstaréttardómi. Frumvarp það, sem vísað var til nefndarinnar, gerir ráð fyrir auknu starfsöryggi hjá dómarafulltrúum en þar er ekki lögð til nein takmörkun á verksviði þeirra. Nefndin telur ekki vafalaust að þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir gangi nógu langt til að ráða bót á því réttarástandi

sem skapast hefur með niðurstöðu meiri hluta Hæstaréttar. Nefndin telur því rétt að gera breytingu á frumvarpinu á þann veg að verksvið dómarafulltrúa verði takmarkað frekar en verið hefur. Hinn eiginlegi kjarni í starfi dómara er að dæma í munnlega fluttum einkamálum og alvarlegum sakamálum. Í samræmi við þessi sjónarmið eru gerðar tillögur um að heimildir fulltrúa til að framkvæma dómsathafnir verði takmarkaðar. Slík takmörkun á að tryggja að reyndir héraðsdómarar fari með erfiðustu málin.

Formaður réttarfarsnefndar lagði mikla áherslu á það við nefndina að þessi breyting yrði gerð á frv. Er það í samræmi við þá vinnu sem þegar er hafin í þeirri nefnd að frv. til nýrra dómstólalaga.

Í réttarfarsnefnd eiga sæti Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, sem er formaður nefndarinnar, Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari, Eiríkur Tómasson og Stefán Már Stefánsson, prófessorar í réttarfari við lagadeild Háskóla Íslands, Þórunn Guðmundsdóttir, formaður Lögmannafélags Íslands, og Viðar Már Matthíasson hæstaréttarlögmaður.

Efnislegt innihald þeirra breytinga sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali er:

Forstöðumaður héraðsdómstóls geti falið fulltrúum að sinna hvers konar dómstörfum öðrum en að fara með og leysa að efni til úr einkamálum þar sem haldið er uppi vörnum eða opinberum málum frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Samkvæmt þessu ákvæði munu fulltrúar áfram geta sinnt útivistarmálum, stýrt reglulegum dómþingum í einkamálum og kveðið upp réttarfarsúrskurði, afgreitt aðfararbeiðnir, kveðið upp úrskurði um gjaldþrotaskipti og opinber skipti á dánarbúum sem og í skriflega fluttum einkamálum, enda sé ekki haldið upp vörnum, og rannsóknarúrskurði í opinberum málum. Þá munu þeir geta sinnt meðferð ákærumála nema lögbundið sé að þau sæti aðalmeðferð eða til þess tíma að þau koma til aðalmeðferðar. — En til aðalmeðferðar fara þau mál þar sem játning liggur ekki fyrir eða ef viðurlög við broti geta farið yfir átta ára fangelsi. — Takmörkun á dómsvaldi fulltrúa felur í sér að þeim verður óheimilt að dæma í almennum einkamálum að efni til þar sem vörnum er haldið uppi og að fara með og leysa úr ágreiningsmálum um aðför, nauðungarsölu, dánarbússkipti, gjaldþrotaskipti og þinglýsingar en slík mál koma almennt ekki til dómstóla eðli máls samkvæmt nema vegna ágreinings þar sem haldið er uppi vörnum. Samkvæmt þessu ákvæði verður ekki útilokað að fulltrúar kveði upp úrskurði um gæsluvarðhald, en það hefur verið gagnrýnt að fulltrúar sinni slíkum dómsathöfnum. Þótt fallast megi á að slíkt sé óæskilegt er ekki talið unnt vegna aðstæðna utan Reykjavíkur að takmarka með lögum heimildir fulltrúa til að kveða upp slíka úrskurði. — Hér er þó aðeins um heimild að ræða fyrir dómstjóra eða héraðsdómara sem vonir standa til að verði ekki almennt nýtt.

Fram kemur í frumvarpinu að réttarfarsnefnd vinni nú að frumvarpi til dómstólalaga sem vænst er að liggi fyrir á næsta ári. Þar verði lagður grunnur að framtíðarskipulagi dómstólaskipunar í landinu og þar með hvort og með hvaða hætti viðhalda eigi fulltrúakerfinu. Allsherjarnefnd leggur áherslu á að því starfi verði hraðað svo sem kostur er. Til að tryggja það enn frekar leggur nefndin jafnframt til þá breytingu á frumvarpinu að sett verði inn sérstakt endurskoðunarákvæði þannig að þær breytingar, sem frumvarpið ásamt breytingum nefndarinnar hefur í för með sér, þurfi að endurskoða eigi síðar en 1. október 1996.

Ég legg sérstaka áherslu á að hér er fyrst og fremst um ákveðið millibilsástand að ræða fram til þess tíma að ný dómstólalög hafa verið samþykkt.

Á fundum nefndarinnar komu fram sjónarmið um hvort ástæða væri til að skýra orðið „ábyrgð“ í 1. málsl. 1. efnismgr. frumvarpsins eitthvað frekar út. Á það var bent, m.a. af hálfu formanns réttarfarsnefndar, að þetta orð hafi verið skýrt með hliðsjón af 8. gr. a laga nr. 92/1989 sem fjallar um ábyrgð dómara.

Þann 24. maí sl. kvað Hæstiréttur upp annan dóm sinn á skömmum tíma þar sem héraðsdómur, sem kveðinn hafði verið upp af dómarafulltrúa, var úr gildi felldur. Meiri hlutinn vísaði niðurstöðu sinni til dóms meiri hluta Hæstaréttar frá 18. sama mánaðar. Þann 26. maí sl. kvað Hæstiréttur svo upp annan dóm í kærumáli þar sem hann ómerkti sjálfkrafa héraðsdóm á sömu forsendum. Það er því alveg ljóst að skjótra aðgerða er þörf. Ekki er hægt að una mikið lengur við það ófremdarástand sem nú hefur skapast.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hér hafa verið raktar og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

[17:00]

**Ögmundur Jónasson:**

Þingforseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við það frv. sem hér er til umræðu. En ég kveð mér hljóðs til að skýra hvers vegna ég hef skrifað undir nál. allshn. með fyrirvara. Skýringin er sú að við umfjöllun þessa máls í þingflokki Alþb. og óháðra komu fram sjónarmið sem þótti nauðsynlegt og æskilegt að kæmu fram í umræðu í þingsal.

[17:00]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Mál þetta sem er til umræðu er eins og áður hefur komið fram til komið vegna hæstaréttardóms sem féll 18. maí sl. og varðar stöðu dómarafulltrúa í dómskerfinu en sannað þótti að staða dómarafulltrúa eins og henni er nú fyrir komið uppfyllti ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Aldrei fyrr hafa dómar uppkveðnir af dómarafulltrúum verið dregnir í efa af Hæstarétti, hvorki fyrir né eftir gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Þó hafa dómarafulltrúar sjálfir vakið athygli á þörfinni á því að þeir fái sömu stöðu gagnvart ríkisvaldinu og dómarar. Það gerðu þeir með bréfi, dags. 11. apríl 1994, sem þeir sendu til dómarafélags, héraðsdómi Reykjavíkur, Dómshúsinu við Lækjartorg, en þar segir, með leyfi forseta:

„Vegna umræðna að undanförnu um stöðu dómara-

fulltrúa héldu dómarafulltrúar fund 7. apríl sl. Til fundarins voru boðaðir allir héraðsdómsfulltrúar á landinu. Fundarmenn urðu sammála um að stefna beri að því að einungis dómarar sinni dómstörfum. Eftirfarandi tillögur voru gerðar:

Að dómarastöðum verði fjölgað sem nemi fjölda fulltrúastaða við héraðsdómstóla.

Í öðru lagi að staða þeirra fulltrúa sem núna starfa við dómstóla og fá ekki dómarastöðu í kjölfar ráðstafana samkvæmt lið 1 verði styrkt þannig að þeir fái sömu stöðu gagnvart ríkisvaldinu og dómarar.

Í þriðja lagi að í framtíðinni verði stefnt að því að ráðnir verði aðstoðarmenn dómara úr röðum nýútskrifaðra lögfræðinga."

Þetta bréf var sent 11. maí 1994 sem segir okkur það að dómarafulltrúar hafa þá þegar vakið athygli á því hversu staða þeirra er ótrygg.

Þegar dómurinn féll 18. maí sl. var heilmikil fjölmiðlaumfjöllun um málið og rætt við hæstv. dómsmrh. sem sagði að dómur breytti mjög miklu og kippti grundvellinum undan störfum dómarafulltrúa og væntanlega þyrfti að afturkalla löggildingu þeirra og breyta eðli starfanna. En jafnframt kom fram í fréttaviðtalinu að hugsanlega væri ein lausnin sú að fjölga dómurum og ráða aðstoðarmenn. Síðan er talað við Friðgeir Björnsson dómstjóra þar sem hann segir að dómurinn kalli á viðbrögð löggjafans og væntanlega kalli niðurstaðan á lagabreytingu. Tvennt kemur til greina, segir Friðgeir Björnsson dómstjóri, að fella starf dómarafulltrúa niður og um leið að fjölga héraðsdómurum eða að styrkja stöðu fulltrúa í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar.

Í því frv. sem hér var lagt fram var farin seinni leiðin, þ.e. að styrkja stöðu dómarafulltrúa frá því sem nú er. Eftir að dómurinn var kveðinn upp 18. maí hafa fallið aðrir dómar eins og hér kom fram hjá hv. frsm. Annar þeirra féll 24. maí en þar voru tvö sératkvæði þar sem tveir hæstaréttardómarar lýstu því að þeir væru ekki sammála öðrum dómurum um áhrif dómsins á meðferð málsins sem þar var til úrlausnar og þeir segja, með leyfi forseta:

„Brestur á almennum dómaraskilyrðum þarf ekki almennt að valda ógildi dómsathafna. Til þess þarf meira til að koma."

En í dómnum var málsmeðferðin ógild og málinu vísað aftur heim í hérað.

Það er ljóst af þeim skjölum sem ég hef lesið, bæði niðurstöðum Hæstaréttar í þessum málum öllum ásamt bréfum skrifuðum af þessu tilefni, að um þetta mál er verulegur ágreiningur. Hins vegar var í því máli sem kveðinn var upp dómur 18. maí aðeins eitt sératkvæði og þar var málinu vísað heim í hérað aftur og niðurstaðan sú að ákærði þyrfti ekki að hlíta því að dómarafulltrúi dæmdi í máli hans. Því var dómurinn felldur alfarið úr gildi og þar með öll meðferð málsins, því vísað heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Í niðurstöðu dómsins 18. maí sl. segir m.a., með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra hefur formlega heimild til að afturkalla löggildingu þeirra [þ.e. fulltrúa dómara] og víkja þeim úr starfi án þess að bera það undir dómstóla. Framkvæmdarvaldið getur með áhrifum sínum og ráðstöfunum bundið enda á ráðningu þeirra á skömmum tíma. Verður því ekki fallist á það að staða dómarafulltrúa eins og henni er nú fyrir komið uppfylli grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins svo sem þær verða skýrðar með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um sjálfstæða og óvilhalla dómara til þess að þeir geti í eigin nafni og á eigin ábyrgð kveðið upp dóma."

Dómarafulltrúar hafa farið með umfangsmikinn hluta dómstarfa hjá héraðsdómstólum og flestir farið með alla málaflokka eins og kom fram hjá hv. frsm. Jafnvel til jafns á við héraðsdómara. Því var skjótt brugðist við með því frv. sem hér var lagt fram til að koma í veg fyrir að ófremdarástand skapaðist hjá héraðsdómstólum.

Í því frv. sem við fengum til umfjöllunar um breytingar á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds er gert ráð fyrir því að dómsmrh. geti skipað fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð forstöðumanns viðkomandi héraðsdómstóls og að um brottvikningu dómarafulltrúa og setudómara gildi sömu ákvæði og um skipaða dómara.

Frv. gerir með öðrum orðum ráð fyrir auknu starfsöryggi dómarafulltrúa. Með frv. var tryggt að staða dómarafulltrúa uppfyllti grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins svo sem þær verða skýrðar með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Frv. tryggir að dómarafulltrúar geti sinnt dómstörfum eins og áður. Hafa dómarafulltrúar allir starfað algjörlega sjálfstætt að dómstörfum og farið með alla málaflokka og í sumum tilvikum, eins og áður sagði, til jafns á við héraðsdómara. Þess vegna var grundvallaratriði að auka sjálfstæði þeirra eins og gert var með því frv. sem hér var lagt fram. Lögfesting þessa frv. hefði tryggt að engin röskun yrði á starfsemi dómstóla en frá gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, síðan 1. júlí 1992 hefur málatími styst verulega frá því sem áður var og hingað til verið talinn einn helsti ávinningur þessara laga. Allshn. hefur hins vegar lagt fram brtt. við frv. þar sem lögð er til veruleg takmörkun á verksviði dómarafulltrúa.

Í nál. allshn. kemur fram að nefndin telji ekki vafalaust að þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir gangi nógu langt til að ráða bót á því réttarástandi sem skapast hefur með niðurstöðu meiri hluta Hæstaréttar. *Leggur nefndin til að breytingar verði gerðar á frv. á* þann veg að verksvið dómarafulltrúa verði takmarkað frekar en verið hefur. En í nál. er engin tilraun gerð til að skýra í hverju vafinn er fólginn eða rökstyðja þörfina á takmörkuninni á verksviðinu. Ekki verður séð að takmörkunin eigi nokkra stoð í dómi Hæstaréttar eða af dómnum megi ráða að hennar sé þörf. Þar var aðeins talað um aukið sjálfstæði þessara dómarafulltrúa en ekki takmörkun á starfssviði. Annaðhvort fara dómarafulltrúar með dómsvald eða ekki en á því er ekki

tekið með þessum brtt.

Ég heyrði á máli hv. frummælanda og formanns allshn. að það hefði komið fram í máli þeirra sem komu til nefndarinnar í yfirheyrslu að í frv. eins og það lá fyrir væri um vafaatriði að ræða og svo gæti jafnvel farið að þeim málum sem framvegis væru dæmd af dómarafulltrúum, yrði vísað beint til Hæstaréttar ef ekki væri tekið á þessu með þessum hætti. Ef slíkt álit hefur komið fram hjá þeim sérfræðingum sem komu til allshn. hefði mér fundist eðlilegt að þau fylgdu með skrifleg þannig að við gætum þá a.m.k. séð þau rök sem liggja að baki þeim brtt. sem hér eru lagðar til.

Í nál. er jafnframt gerð grein fyrir með hvaða hætti dómsvald fulltrúa verður takmarkað og upp talið hvaða dómstörfum þeir megi gegna. En það er alveg óskiljanlegt að samkvæmt ákvæðinu verður ekki útilokað að fulltrúar kveði upp úrskurð um gæsluvarðhald. Hafi menn áður verið á einu máli um það að eitthvað af störfum fulltrúa bryti í bága við mannréttindaákvæði var það meðferð og uppkvaðning gæsluvarðhaldsúrskurða þar sem kveðið er á um frelsisskerðingu eða einangrun.

Athyglisverður er rökstuðningur nefndarinnar þar sem segir að þó að fallast megi á að það sé óæskilegt að fulltrúar sinni slíkum dómsathöfnum þá sé ekki talið unnt vegna aðstæðna utan Reykjavíkur að takmarka heimildir fulltrúa til að kveða upp slíka úrskurði. Mér því spurn: Verða mannréttindi að víkja utan Reykjavíkur vegna aðstæðna? Og þar sem þau verða að gera það þar mega þau þá eins gera það í Reykjavík? Með öðrum orðum, dómarafulltrúar mega ekki dæma í ágreiningi manna á milli út af nokkrum þúsundum króna en þeir mega úrskurða menn í gæsluvarðhald til frelsissviptingar og einangrunar vegna aðstæðna á landsbyggðinni.

Þá er athyglisvert að í nál. segir að takmörkun á verksviði fulltrúa eigi að tryggja að reyndir héraðsdómarar fari með erfiðustu málin, sem aftur átti að minnka líkurnar á því að úrlausnum sé skotið til Hæstaréttar.

Þessi setning er mér með öllu óskiljanleg í ljósi þess sem áður segir í nál. um það að allshn. taki undir það að dómarafulltrúar hafi oftar en ekki mikla starfsreynslu að baki og flestir þeirra fari með alla málaflokka, jafnvel til jafns á við skipaða héraðsdómara. Eru með öðrum orðum reyndir dómarar. Hvað með nýskipaða héraðsdómara? Eru þeir reyndir héraðsdómarar í upphafi starfsferils síns? Varla, nema þeir hafi reynslu af dómstörfum sem dómarafulltrúar.

Þá er rétt að benda á að ekki þarf að takmarka starfssvið fulltrúa til að tryggja að reyndir héraðsdómarar fari með erfiðustu málin. Það er í raun engin þörf á því þar sem það er verksvið dómstjóra m.a. að úthluta héraðsdómurum málum til meðferðar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 92/1989. Hafa þeir óbundnar hendur, þ.e. dómstjórarnir, við úthlutun og hafa því í hendi sér að úthluta reyndum dómurum svokölluðum erfiðustu málunum.

Þá má einnig vekja athygli á því, þar sem það er samkvæmt framansögðu verksvið dómstjóra að úthluta málum, að þá mætti ætla að túlka mætti niðurstöðu dóms Hæstaréttar frá 18. maí sl. á þann veg að takmarka bæri verksvið dómarafulltrúa eða ef einhver vafi væri á dómsvaldi fulltrúa mundi dómstjóri gæta þess að úthluta fulltrúum ekki málum þannig að í bága færi við dóm Hæstaréttar. Það þarf því jafnvel ekki lagasetningu til að takmarka verksvið dómarafulltrúanna.

Sú staðhæfing að það fyrirkomulag sem brtt. leggja til ætti aftur að minnka líkurnar á því að úrlausnum sé skotið til Hæstaréttar er einnig óskiljanlegt.

Ég hef leitað eftir því hvort til sé einhver úttekt á málskotum vegna héraðsdómara eða dómarafulltrúa hjá Hæstarétti og slík úttekt er ekki til. Ekki liggur fyrir neinn samanburður á tíðni málskota vegna úrlausna dómarafulltrúa eða héraðsdómara til Hæstaréttar.

Dómarafulltrúar hafa farið með umfangsmikinn hluta dómaraverka í landinu. Þeir hafa starfað algjörlega sjálfstætt eins og áður hefur komið fram að dómarastörfum og farið með alla málaflokka. Í þeim tilvikum sem þeir hafa farið með sömu mál og starfað við hlið héraðsdómara og jafnvel dæmt í málum sem eru alveg hliðstæð hefur aðeins verið munur á ráðningar- og launakjörum.

Ef brtt. verða samþykktar verður grundvallarbreyting á starfssviði dómarafulltrúa. Í raun er verið að leggja niður störf þeirra. Starfssviðið yrði þess eðlis að óreyndir og óþjálfaðir lögfræðingar gætu fullkomlega gegnt störfunum. Dómarafulltrúar eiga eftir að leita í störf annars staðar. Mikil þekking og reynsla mun því fara forgörðum. Þá er auðvelt að gera sér í hugarlund þá stórfelldu röskun sem óhjákvæmilega verður á störfum héraðsdómara þegar mjög stór hluti starfa dómarafulltrúa flyst yfir til þeirra. Héraðsdómarar eru störfum hlaðnir og mundi þessi breyting óhjákvæmilega hafa í för með sér að meðferð dómsmála á eftir að dragast á langinn og með því erum við að stíga mörg skref aftur á bak síðan 1992.

Eina niðurstaðan sem unnt er að mæla með er sú að dómurum við dómstóla landsins verði fjölgað og ég átti satt að segja von á því að sú yrði niðurstaða nefndarinnar. Þá er ég ekki að tala um nauðsyn þess að fjölga héraðsdómurum í sama fjölda og dómarafulltrúar eru í dag, þ.e. um 12 eða 13, heldur eins og þörf krefði. Það gæti verið talan 8 eða 9. Kostnaðurinn af slíku yrði á bilinu 12–15 millj. á ári. Launamunurinn er einhvers staðar í kringum 80–100 þús. kr. á mánuði og lauslega reiknað mætti áætla að kostnaðurinn á ársgrundvelli yrði 12–15 millj. Til þess að tryggja að rétt og eðlilega sé staðið að þessum málum. Aðrir eins fjármunir hafa farið út þegar minna liggur við en að tryggja að mannréttindi séu haldin.

En athugasemdir mínar eru fyrst og síðast að ef sú tillaga sem hér liggur fyrir verður samþykkt, ég mun að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn henni að óbreyttu, er mér það með öllu óskiljanlegt að dómarafulltrúar skuli áfram eiga að gegna gæsluvöktum og hafa heimildir til frelsissviptingar. Ef eitthvað er mannréttindamál er það frelsissvipting. Ég geri mikinn greinarmun á því þegar fjallað er annars vegar um mál sem eru

sektarmál upp á einhver þúsund kr. eða frelsissvipting. Þó að rökin séu þau að þetta sé vegna aðstæðna úti á landi þar sem oft er starfandi einn héraðsdómari og dómarafulltrúi. Staðfestir það aðeins vissu mína um það að nauðsyn er á að fjölga héraðsdómurum og hefði verið eðlilegri úrlausn en sú að heimila dómarafulltrúum gæsluvaktir og þar af leiðir að svipta menn frelsi ef svo ber undir. Ég hefði talið að sú leið að fjölga héraðsdómurum til þess að sinna þeirri þörf sem er fyrir hendi úti á landsbyggðinni hefði verið eðlilegri. Það er ekki rétt að rökstyðja þetta með þörfinni úti á landsbyggðinni, það er alls ekki rétt. Ef þetta brýtur í bága við mannréttindasáttmála Evrópu á að sjálfsögðu að leiðrétta lögin að fullu. Ég er sannfærð um það miðað við þá dóma sem hafa fallið undanfarið að fyrsta gæsluvarðhaldsúrskurði eða úrskurði í einangrun sem kveðinn verður upp af dómarafulltrúa, ef þessi breyting verður samþykkt, verður skotið til Hæstaréttar.

[17:18]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt ábending vegna þess að hv. þm. var að vísa í orð í nál. sem munu vera við neðstu greinaskil á bls. 2. Þar las hún upp framhald á setningu sem er ekki í nál. Setningin hljóðar þannig, í nál. eins og það liggur fyrir: „Slík takmörkun á að tryggja að reyndir héraðsdómarar fari með erfiðustu málin."

Ekkert er vikið að því hvort það sé verið að halda því fram að það séu fleiri áfrýjanir þar sem dómarafulltrúar hafa kveðið upp dóma vegna þess m.a. að ekki er til nein formleg úttekt á slíku.

Ég vildi bara láta þetta koma fram.

[17:19]

**Lúðvík Bergvinsson:**

Herra forseti. Ekki er ástæða til að rekja frekar þær forsendur sem liggja að baki því að þetta frv. er komið hér fram. En þær athugasemdir sem ég hef við frv. lúta ekki að þeim atriðum sem í frv. er að finna heldur að hinu sem þar er ekki að finna og breytir brtt. allshn. engu þar um.

Í fyrsta lagi er dómarafulltrúum eftir sem áður ætlað að kveða upp gæsluvarðhaldsúrskurði. Slíkir úrskurðir lúta að grundvallarmannréttindum, þ.e. frelsi manna. Því segi ég að ef fulltrúum er ekki treystandi til þess að dæma um ágreining í einkamálum er varla eðlilegt að lögfræðingur sem verið er að þjálfa upp í dómaraverkum kveði upp úr um hvort einstaklingar skuli sviptir frelsi eða ekki. Þetta er vægast sagt undarleg forgangsröðun.

Einnig er merkileg staða fyrir sakborning að hann þurfi að sæta því að lögfræðingur í starfsþjálfun eins og fram kemur í greinargerð með aðskilnaðarlögunum sem tóku gildi 1992 úrskurði hvort hann skuli sviptur frelsi eður ei. Það er varla í anda mannréttindasáttmálans.

Í öðru lagi er ekkert að finna í frv. um kjör dómarafulltrúa sem ráðherra skipar til starfa. Fulltrúar þurfa því áfram að sækja laun sín á hendur ríkisvaldinu í kjarasamningum með tilheyrandi verkfallsbrölti. Spurningin er því áfram: Eru þeir nægilega óháðir framkvæmdarvaldinu?

Á það má benda í þessu sambandi að ríkið er oft aðili að dómsmálum. Er til að mynda réttur skiptaþola í þeim tilvikum sem ríkissjóður er skiptabeiðandi nægilega tryggður til réttlátrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli þegar svo stendur á að sá sem fer með dómsvald í málinu á það undir fjmrh. hvort hann fær útborgað um næstu mánaðamót eða ekki vegna yfirvofandi verkfalls?

Svarið liggur ekki á lausu en ég tel óeðlilegt að löggjafinn skilji þannig við þetta mál að hann þurfi að taka áhættuna af því að svars við þessari spurningu verði leitað fyrir dómstólum. Því spyr ég hvort ekki væri eðlilegra að bæta því inn í frv. að laun skipaðra fulltrúa skuli ákveðin af Kjaradómi. Í þessu sambandi er einnig vert að benda á að í frv. er ekki kveðið á um hvernig fara skuli með stöðu þeirra fulltrúa sem nú sitja, þ.e. hvort þeir skuli skipaðir til starfans eða hvort stöður þeirra skuli auglýstar upp á nýtt.

Í grg. með frv. kemur fram að nauðsynlegt sé að vinna tíma til að leggja fram frv. um framtíðarskipan dómstóla. Það er nú allt gott og blessað. En ég tel þó eðlilegra til þess að vinna tíma meðan unnið er að frv. um framtíðarskipan dómstóla að í stað þess að reyna að stoppa upp í götótt fulltrúakerfi sem dómurinn staðfesti að sé gengið sér til húðar og því þurfi að þjálfa lögfræðinga til dómaraverka með öðrum hætti, að ákveða með lögum nægilega margar tímabundnar dómarastöður eða heimila dómsmrh. að skipa nægilega marga dómara tímabundið svo koma megi í veg fyrir ófremdarástand. Slíkt fyrirkomulag mundi án efa girða fyrir hættu á að leikurinn frá 18. maí sl. endurtaki sig með tilheyrandi ómerkingum fjölda héraðsdóma vegna þess að ekki hafi verið bætt nægilega úr ástandi sem samræmist ekki stjórnarskrá og mannréttindasáttmála. Það yrði löggjafanum ekki til framdráttar ef úrbætur hans yrðu léttvægar fundnar þegar á þær reyndi.

Þó að hugmyndir mínar sem reifaðar hafa verið hér að framan leiði ekki til jafnánægjulegrar niðurstöðu fyrir fjmrn. og sú kostnaðarumsögn sem fylgir því frv. sem hér er til umræðu og ber með sér að verði þetta frv. að lögum muni það ekki hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, þá á það ekki að vera markmið í sjálfu sér að reglur sem settar eru um dómsvaldið sem er einn þáttur ríkisvaldsins kosti samfélagið ekki neitt. Það er ekki við hæfi að tala um lýðræði og þrískiptingu valds á hátíðarstundum ef vilji fjárveitingavaldsins stendur ekki til þess að greiða þau útgjöld sem óhjákvæmilega hljótast af stjórnskipun Íslands.

[17:23]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Til umræðu er frv. til laga um breytingu á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 frá 1. júlí 1992.

Hér er um mjög athyglisvert mál að ræða. Annars vegar vegna þess að Hæstiréttur hefur úrskurðað að staða dómarafulltrúa uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins og því er lögð til

breyting á stöðu dómarafulltrúa til að setja undir þann leka. Hins vegar er lagt til í leiðinni af allshn. að breyta starfssviði dómarafulltrúa sem vissulega sætir gagnrýni viðkomandi starfsmanna og það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að í raun kemur sú breyting ekkert hæstaréttardómnum við. Ég er sammála henni í því.

Málin hafa þróast þannig á undanförnum árum að dómarafulltrúar dæma í öllum málum þó að þeir þurfi ekki að fullnægja öllum kröfum um dómarahæfi. Í máli dómarafulltrúa, sem komu á fund allshn., kom í ljós að mikill meiri hluti þeirra 13 dómarafulltrúa sem starfa nú í landinu hafa full dómararéttindi og vilji þeirra er sá eðlilega að dómaraembættum fjölgi þar sem þeir vinna sömu störf og dómarar en á mun verri kjörum. Það skal tekið fram að margir dómarafulltrúar hafa 8–9 ára starfsreynslu.

Það getur varla talist eðlilegt að í landinu starfi tvær gerðir dómara þar sem önnur er lægra sett en hin. Til að leysa það mál eru tvær leiðir mögulegar að mínu mati. Í fyrsta lagi að breyta störfum þeirra dómarafulltrúa sem hafa dómarahæfi í starf dómara og í öðru lagi að takmarka þau störf sem dómarafulltrúar sinna sem fullnægja ekki dómarahæfi.

Hér er eingöngu lagt til að takmarka störf dómarafulltrúa en ekki að breyta starfsheiti þeirra dómarafulltrúa sem hafa dómarahæfi sem ég hefði talið æskilegra. Undirrituð, sem á sæti í allshn., ákvað þó samt sem áður að vera með á áliti nefndarinnar í ljósi þess að um er að ræða brýnt mál fyrir dómskerfið og ákvæðið á eingöngu að vera í gildi til 1. október 1996 en þá er gert ráð fyrir að fyrir liggi frv. til dómstólalaga og þá verða þessi mál endurskoðuð í heild sinni.

[17:27]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir umræður þær sem hér hafa átt sér stað og tek undir það að hér er um mjög brýnt mál að ræða. Ég tek það fram að nú þegar hafa líklega sex dómarar af dómurum Hæstaréttar tjáð sig um þetta mál í þremur dómum sem hafa fallið, þ.e. 18. maí, 24. maí og 26. maí, og mér skilst að stefnan sé sú að öllum dómum dómarafulltrúa verði vísað frá þannig að það er ljóst að þetta er brýnt mál.

Varðandi brtt. þá ítreka ég þá skoðun nefndarinnar að við teljum það ekki vafalaust að breytingarnar sem frv. óbreytt fól í sér mundi duga til. Ég ítreka að þeir sem komu á fund nefndarinnar og formaður réttarfarsnefndar lögðu mjög mikla áherslu á þetta atriði. Þar að auki formaður Dómarafélagsins og fleiri aðilar.

Varðandi þetta atriði um gæsluvarðhaldsúrskurðina hef ég áður bent á að hér er aðeins um heimild að ræða sem vonandi verður ekki almennt nýtt. En ég vil láta það koma skýrt fram líka að þetta er millibilsástand þar sem við bíðum eftir frv. frá réttarfarsnefnd um nýja skipun dómstóla.

Í lokin vitna ég til dóms Hæstaréttar frá 18. maí sl. vegna þessarar brtt., sem hefur komið fram frá nefndinni, og með leyfi virðulegs forseta vil ég fá að lesa hér upp kafla sem er á undan þeim kafla sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir las upp og þar segir:

„Í greinargerð með frv. að lögum nr. 92/1989 kemur fram að nauðsynlegt var talið að viðhalda stöðu dómarafulltrúa í því skyni að þjálfa lögfræðinga í dómaraverkum. Ráðningarkjör dómarafulltrúans eins og sér geta ekki skorið úr um það að hann verði talinn svo háður framkvæmdarvaldinu að hann geti ekki farið með dómsathafnir í umsjón á ábyrgð og í nafni embættisdómara. Að framan er því hins vegar lýst hvernig þetta hefur orðið í framkvæmd og að ekki verði á það fallist að umfangsmikil dómstörf dómarafulltrúa geti verið á ábyrgð héraðsdómara. Í raun starfa þeir á sama hátt og embættisdómarar og oft að eins þýðingarmiklum dómstörfum. Þeir hafa þó sjaldnar sambærilega reynslu og hafa ekki þurft að gangast við ábyrgð á dómstörfum sínum í upphafi starfs með heiti um að virða stjórnarskrá lýðveldisins."

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu frekar en legg áherslu á að þetta mál fái góðar móttökur og að allir fulltrúar allshn. skrifuðu undir nál. þótt einn sé með fyrirvara.

[17:30]

**Margrét Frímannsdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna orða hv. þm. Það er rétt að það kemur fram í grg. með brtt. nefndarinnar að nefndin hefur verið sammála um að frv. eins og það var lagt fram taki ekki af allan vafa og gæsluvarðhaldsúrskurður sé aðeins heimild sem vonandi verði ekki nýtt. En ef ástæða var til — ég ítreka það — ef ástæða var til að taka af vafa varðandi annars konar dómarastörf var þá ekki full ástæða til þess að taka af allan vafa varðandi gæsluvaktirnar og gæsluvarðhaldsúrskurði? Frelsissvipting er einhver alvarlegasti dómur sem upp er kveðinn að mínu mati. Var þá ekki ástæða til að taka þann vafa af með því að fjölga héraðsdómurum vegna þess ástands á landsbyggðinni? Þar er oft aðeins starfandi einn héraðsdómari og einn dómarafulltrúi og það var það ástand sem kallaði á þessa undantekningu. Fannst þá nefndinni ekki ástæða til þess að taka þann vafa af með því að fjölga fullgildum héraðsdómurum?

[17:31]

**Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka að hér er um heimild að ræða eins og ég hef áður sagt og vonandi verður hún ekki almennt nýtt. Ég get vissulega tekið undir ýmis orð og ábendingar hv. þm. hér áðan. En þetta mál lá hins vegar ekki þannig fyrir nefndinni að við værum að taka ákvörðun um það eða koma með ábendingar í þá veru að það þyrfti að fjölga dómurum. Hins vegar var þetta mál brýnt sem við álitum að þyrfti að taka strax á.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:35]

Brtt. 24,1 samþ. með 30:2 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.

**nei:** LB, MF.

2 þm. (ÓRG, RG) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓÖH, RA, SighB, StG, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:35]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegur forseti. Ég tel að það skref sem hér er stigið sé í áttina, það sé rökrétt miðað við allar aðstæður. Þó verð ég að viðurkenna að ég tel að þær ábendingar sem fram hafa komið, m.a. hjá hv. 5. þm. Suðurl., séu allrar athygli verðar í þessu sambandi. Ég tel einboðið að áður en mjög langur tími líður muni þetta mál koma hingað inn aftur vegna þess að menn muni telja að hér sé ekki um fullnægjandi lausn á málinu að ræða. En þar sem hér er stigið skref í rétta átt að mínu mati þá greiði ég atkvæði með þessari tillögu.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30:2 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.
**nei:** LB, MF.
2 þm. (ÓRG, RG) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓÖH, RA, SighB, StG, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (RG) greiddi ekki atkv.
30 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, LMR, LB, ÓÖH, RA, SighB, StG, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 24,2 (ný 3. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.
4 þm. (LB, MF, ÓRG, RG) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓÖH, RA, SighB, StG, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (RG*) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓÖH, RA, SighB, StG, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Fundi slitið kl. 17:39.

---

# 9. FUNDUR

mánudaginn 29. maí,
að loknum 8. fundi.

**Dagskrá:**

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, stjfrv., 13. mál, þskj. 30. — 3. umr. *Ef leyfð verður.*

***Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 3. umr.***

Stjfrv., 13. mál (dómarafulltrúar). — Þskj. 30.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:41]

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ.
4 þm. (LB, MF, ÓRG, RG) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓÖH, RA, SighB, StG, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 31).

Fundi slitið kl. 17:41.

---

# 10. FUNDUR

þriðjudaginn 30. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Alþjóðaviðskiptastofnunin, stjfrv., 27. mál, þskj. 29. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

2. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 16. mál, þskj. 16. — Frh. 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

**Útbýting þingskjals:**

Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 13. mál, þskj. 30.

***Athugasemdir um störf þingsins.***

Ummæli félagsmálaráðherra um EES-samninginn.

[13:33]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Herra forseti. Sá fáheyrði atburður átti sér stað í umræðum á hinu háa Alþingi í gær að einn hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar lét svo ummælt að hann teldi alþjóðlegan samning, EES-samninginn, sem Alþingi hefur staðfest, skýlaust brot á stjórnarskránni. Hann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórnarskráin er jafnbrotin og hún var fyrir tveimur árum síðan og við verðum að búa við það."

Þetta lét hæstv. félmrh. ummælt á sama tíma og hann mælti fyrir frv. sem til er orðið vegna skuldbindinga Íslendinga af þessum samningi. Með öðrum orðum mælir hæstv. ráðherra fyrir því að Alþingi í heild brjóti enn frekar á stjórnarskránni.

Nú er þetta viðhorf hæstv. ráðherra um EES-samninginn og stjórnarskrána að sönnu mjög umdeilanlegt svo ekki sé fastar að orði kveðið. Það breytir þó ekki hinu að þessi hæstv. ráðherra, sem jafnframt er kjörinn til setu á hinu háa Alþingi, hefur undirritað eið eða drengskaparheit að þeirri sömu stjórnarskrá sem hann nú samkvæmt eigin sannfæringu og samvisku er að brjóta gegn. Þessu til viðbótar er ljóst að hæstv. ráðherra brýtur skýlaust gegn lögum um ráðherraábyrgð með þessari afstöðu sinni en þar er kveðið á um að ráðherra megi krefja ábyrgðar fari hann af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi í bága við stjórnarskrána. Ásetningur hæstv. ráðherra í þessum efnum samkvæmt hans eigin orðum er dagljós. Í þessum lögum um stjórnskipun Íslands segir enn fremur í 8. gr. laga um ráðherraábyrgð að það varði ábyrgð ráðherra eftir lögum þessum og vitna ég nú beint til c-liðar 8. gr., með leyfi forseta „ef hann annars framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það er fer í bága við stjórnarskrá lýðveldisins eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það sem þar er fyrirskipað eða veldur því að framkvæmd þess farist fyrir."

Því liggur í hlutarins eðli að hæstv. forsrh. hljóti að láta þetta mál til sín taka. Þetta varðar meint vanhæfi eins ráðherra í ríkisstjórn hans og ég vænti þess að hér á þessum fundi svari hæstv. forsrh. fyrir um það hvað hann hyggist gera í málinu.

Á sama hátt beini ég því til herra forseta hvort í huga hans leiki á því vafi hvort hv. þm. Páll Pétursson hafi með þessu viðhorfi sínu brotið og gert ómerkt drengskaparheit sitt er hann undirritaði er hann tók sæti á hinu háa Alþingi.

[13:36]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Mér var ekki gert viðvart um þennan málatilbúnað fyrir fundinn en geri út af fyrir sig ekki athugasemd við það. Hins vegar vil ég nefna það vegna athugasemdar hv. þm. að í þjóðfélaginu voru deilur um það hvort samningur þessi sem hann nefndi, samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, bryti í bága við stjórnarskrá eða ekki. Um það véluðu lærðustu fræðimenn og urðu ekki á eitt sáttir. Meiri hluti Alþingis taldi svo ekki vera og tók ábyrgð á því með atkvæði sínu. Hv. þm., núv. hæstv. félmrh., var ekki í þeim hópi. Við hinir, þar á meðal hv. þm. öxluðu þá ábyrgð að þetta mál bryti ekki í bága við stjórnarskrána og greiddum atkvæði samkvæmt því. Hv. þm. hefur því ekki brotið að neinu leyti gegn heiti sínu eða stjórnarskrá vegna þess að enginn hefur haldið því fram að mál það sem flutt var í gær og hv. þm. nefndi sérstaklega, brjóti eitt og sér í bága við stjórnarskrána. Ég tel að þessi málatilbúnaður sem er hafður uppi með töluvert stórum orðum sé á misskilningi byggður og eigi ekki við.

[13:37]

**Guðmundur Árni Stefánsson:**

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni áðan lúta þessi álitamál ekki að því hvort umræddur samningur brjóti í bága við stjórnarskrá eður ei, heldur hitt að það er sannfæring þessa umrædda hæstv. ráðherra að svo sé og um það snýst málið. Í huga hans og í sannfæringu hans gerir samningurinn það og í því ljósi hlýtur hann sem slíkur með stjórnvaldsaðgerðum sínum og stjórnarathöfnum að brjóta klárlega gegn þeirri grein stjórnarskipunarlaga sem ég vitnaði til þar sem hann framkvæmir sjálfur eða fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það er fer í bága við stjórnarskrá. Við erum auð-

vitað að ræða um grundvallaratriði í störfum þingmanna og þar með ráðherra, nefnilega að það er sannfæringin ein og drengskaparheitið við stjórnarskrána sem ræður því hvernig menn fara fram í störfum sínum. Þegar hæstv. ráðherra lætur það sjálfur í ljósi að hann sé með eigin gjörðum að brjóta gegn þessari sannfæringu sinni og þar með stjórnarskránni hljóta menn auðvitað að staldra við og það er í því ljósi sem ég leita eftir afstöðu forsrh.

Hinu er ég kristalklár á að menn verða seint á eitt sáttir um það hvort þessi samningur brjóti í bága við stjórnarskrá. Ég er hæstv. forsrh. sammála um það efnislega að svo sé ekki, en það er afstaða hæstv. félmrh. sem gerbreytir auðvitað eðli málsins og þar með hæfi hans til þess að gegna þessum sömu ráðherrastörfum. Um það snýst málið.

[13:39]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég ítreka að hv. þm. og núv. hæstv. félmrh. gerði það af einni af ástæðum sínum til að rökstyðja þá afstöðu sína að hann greiddi atkvæði gegn þessum samningi að hann teldi að eins og málið var fram borið bryti það í bága við stjórnarskrá. Ef ég man rétt vísaði hann til heitis síns í því sambandi og þess vegna er ekki hægt að saka hann um það að hafa brotið gegn sannfæringu sinni ellegar gegn stjórnarskránni. Hann greiddi atkvæði gegn samningnum sem hann taldi brjóta í bága við stjórnarskrá.

Í þinginu hefur oft komið fyrir áður að menn hafa lýst því yfir að einstök atriði brytu í bága við stjórnarskrá að þeirra mati, það hef ég heyrt oft í umræðum. Það felur ekki í sér né fellir þá skyldu á þá þingmenn að þeir leitist síðan æ og síð við að koma þeirri gjörð af þinginu. Ríkur meiri hluti þingsins axlaði þá ábyrgð að málið bryti ekki í bága við stjórnarskrá. Það er ekki við hæstv. félmrh. að sakast í þeim efnum þannig að ég sé ekki að málið beri að með réttum hætti hér.

[13:41]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Nú er ótvírætt samkvæmt stjórnskipun íslenska lýðveldisins að það er hvorki Alþingi né forsrh. sem kveður upp úr með það hvort tiltekin lög brjóti í bága við stjórnarskrá eða ekki. Við erum með sjálfstætt dómsvald sem úrskurðar í því máli. Málið snýst þess vegna ekki um það, hæstv. forsrh.

Eins og ég skil þetta mál samkvæmt yfirlýsingum hæstv. félmrh. er hann sannfærður um það að með því að framkvæma EES-samninginn sé hann og ráðuneyti hans að brjóta gegn stjórnarskránni. Sé félmrh. ótvírætt með þær yfirlýsingar í þingsölum að stjórnvaldsathöfn hans og ráðuneytis hans brjóti gegn stjórnarskránni hlýtur það að vera viðfangsefni hæstv. forsrh. og vekja upp þá spurningu hvort ráðherra geti starfað ef hann lýsir því yfir í þingsalnum að stjórnvaldsathöfn hans brjóti í bága við stjórnarskrána. Það kemur ekkert málinu við hvort svo sé samkvæmt úrskurði Hæstaréttar eður ei heldur snertir það þá grundvallarreglu hvort framkvæmdarvaldshafi geti starfað eðlilega eftir að hafa lýst því yfir við þjóðþingið að stjórnvaldsathafnir hans brjóti í bág við stjórnarskrána. Þess vegna held ég að þetta mál sé ótvírætt þess eðlis að það þurfi að skoðast nánar og er nú gott að hæstv. félmrh. er kominn í þingsalinn og óhjákvæmilegt að hann geri þinginu nánari grein fyrir yfirlýsingum sínum vegna þess að skoðun mín er sú að ráðherra sem hefur lýst því yfir á þingi að stjórnvaldsathöfn hans brjóti í bág við stjórnarskrána á ekki nema tvo kosti: Annaðhvort að breyta stjórnvaldsathöfninni eða segja af sér. Það er ekki hægt fyrir ráðherra í ríkisstjórn Íslands að vera að framkvæma athafnir sem hann hefur lýst yfir á Alþingi að brjóti gegn stjórnarskránni.

[13:43]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Ég kannast ekki við það að hæstv. ráðherra félagsmála hafi lýst því yfir að hans eigin athafnir brjóti í bága við stjórnarskrána. Eins og ég sagði greiddi hann atkvæði gegn samningnum um Evrópskt efnahagssvæði á sínum tíma vegna þess að hann taldi samninginn brjóta í bága við stjórnarskrána. Ég var annarrar skoðunar. Ég er ekkert að úrskurða um það efni. Hann var sjálfum sér samkvæmur hvað það mál varðar. Telji hins vegar hv. þingmenn að ráðherrann sé í daglegum störfum sínum í þinginu eða annars staðar í þjóðfélaginu að brjóta stjórnarskrá hins íslenska lýðveldis eiga þeir aðgang að ráðherranum með því að kalla eftir því að lög um ráðherraábyrgð séu gerð virk í tilfelli hans. Telji menn virkilega efni til þess gera þeir það, annars falla þeir frá ásökunum sínum.

[13:44]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Virðulegi forseti. Á einföldu mannamáli sýnist mér að þetta mál snúist fyrst og fremst um hæstv. félmrh. sjálfan sem stjórnmálamann. Stjórnmálamaðurinn Páll Pétursson, þá í stjórnarandstöðu og alþm., lýsti yfir þeirri skoðun sinni að EES-samningurinn bryti í bága við stjórnarskrá. Meiri hluti Alþingis komst að annarri niðurstöðu. En í gær gerðist það að stjórnmálamaðurinn Páll Pétursson, nú hæstv. félmrh., lýsti því yfir að skoðun hans væri óbreytt. Hann teldi þennan samning vera stjórnarskrárbrot. Sú spurning sem snýr þess vegna að honum er þessi: Hverra kosta á hann völ gagnvart eiðstaf sínum að stjórnarskránni? Að berjast gegn þessum samningi, að beita sér fyrir því að þessu stjórnarskrárbroti verði aflétt og samningnum sagt upp samkvæmt nánari ákvæðum hans; ella að segja af sér í ríkisstjórn sem m.a. hefur falið þessum hinum sama manni að flytja mál, stjórnvaldsathafnir, á grundvelli samningsins sem er stjórnarskrárbrot. Þetta snýr auðvitað fyrst og fremst að hæstv. félmrh. sjálfum.

Álitamál kann það að vera hver ætti að vera hlutur hæstv. forsrh. þegar ráðherra í ríkisstjórn hans lýsir því yfir að hann telji þennan mikilvæga milliríkjasamning vera stjórnarskrárbrot. Hann er reyndar þess eðlis að hann kveður á um ekki bara breytingar á löggjöf í eitt skipti fyrir öll, heldur er sífellt verið að flytja mál sem byggja á honum og breyta íslenskri löggjöf. Hvert er viðhorf hæstv. forsrh. til þess að einn af ráðherrum í

ríkisstjórn hans telur svo vera? Það kann að vera álitamál. En að minnsta kosti snýr þetta mál að þinginu í þeim skilningi að allir erum við eiðsvarnir að því að hlíta stjórnarskránni. Ég fyrir mitt leyti fæ ekki séð hvernig það kemur heim og saman, ef ég væri sömu skoðunar og hæstv. ráðherra, hvernig ég gæti haldið áfram setu í ríkisstjórninni.

[13:47]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. forsrh. að það sé verkefni okkar í þinginu að flytja tillögu um landsdóm eða önnur slík efnisatriði vegna þess að við teljum að hæstv. félmrh. sé að brjóta stjórnarskrána. Málið snýst ekki um það. Málið snýst um það hvort ráðherra í ríkisstjórn Íslands, samkvæmt embættisbréfi sínu, getur framkvæmt eðlilegar stjórnvaldsathafnir á tilteknu málasviði eftir að hafa lýst því yfir á Alþingi Íslendinga að grundvöllur þess málasviðs sé stjórnarskrárbrot. Grundvöllur þeirra frumvarpa sem hæstv. félmrh. kemur með til þingsins er EES-samningurinn og hann er þeirrar gerðar eins og lýst var í síðustu ræðu að hann tekur sífelldum breytingum hvað útfærslu og innihald snertir. Ef hæstv. félmrh. er þeirrar skoðunar að sjálfur grundvöllurinn með allri þessari vinnu sé stjórnarskrárbrot sé ég ekki hvernig það kemur heim og saman við embættisbréf ráðherrans hvað þá heldur eiðstaf hans á Alþingi.

Þetta er ekki léttvægt mál sem hægt er að afgreiða hér í hefðbundnum Höllustaðastíl. Þetta snýst auðvitað um þá grundvallarspurningu hvort ráðherrar geti starfað í ríkisstjórn Íslands eftir að hafa lýst slíku yfir á Alþingi eins og gerðist í gær. Ef hæstv. félmrh. hefði lýst því yfir að hann hefði haft efasemdir á sínum tíma og verið með þá persónulegu skoðun að EES-samningurinn væri stjórnarskrárbrot en það ætti eftir að fjalla um það og Hæstiréttur að fjalla um málið vegna þess að ekkert slíkt mál hefði verið höfðað o.s.frv. þá liti málið allt öðruvísi út. En það gerði bara hæstv. ráðherra ekki. Hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) lýsti því ótvírætt yfir að samningurinn væri stjórnarskrárbrot og þess vegna hljóta allar þær stjórnvaldsathafnir samkvæmt hans eigin dómi (Forseti hringir.) sem hann framkvæmir í nafni samningsins að vera einnig brot á stjórnarskránni.

[13:50]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Mér finnst að þetta mál snúist kannski ekki eingöngu um framkvæmdarvaldshafann, hæstv. félmrh., ég tel að málið snúist ekki síður um þingmanninn, hv. 1. þm. Norðurl. v. Alþingismaður er bundinn af samvisku sinni einni og samkvæmt þeirri niðurstöðu sem samviska þessa þingmanns komst að er hann þeirrar skoðunar að samningurinn um EES sé enn þá stjórnarskrárbrot. Hann hafi verið það og hann hafi ekki skipt um skoðun. Samviskan segir honum það. Þess vegna tel ég að hv. þm. og hæstv. ráðherra þurfi að taka ákvörðun á þessum grundvelli. Sitji hann hins vegar áfram sem félmrh. hlýtur það að vera til marks um tvennt: Annaðhvort að hann hafi skipt um skoðun í raun og sé þar með ekki lengur þeirrar skoðunar að samningurinn sé stjórnarskrárbrot. Eða hitt, sem er líka möguleiki og hv. þm. geta giskað á hver fyrir sig hvor skýringin er rétt, að hv. þm. og hæstv. ráðherra sé samviskulaus. Báðir möguleikarnir eru til í stöðunni.

## *Alþjóðaviðskiptastofnunin, 1. umr.*

Stjfrv., 27. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 29.

Of skammt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Borist hefur svohljóðandi bréf til forseta Alþingis frá þingflokki Alþfl.:

„Beiðni um tvöföldun ræðutíma.

Vegna mikilvægis mála á dagskrá Alþingis, þ.e. stjórnarfrumvarpa um breytingar á lögum um stjórnun fiskveiða og „bandorms“ um breytingar á ýmsum lögum í framhaldi af aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, beinir þingflokkur Alþfl. þeim tilmælum til forseta að ræðutími við 1. umr. verði 40 mínútur í stað venjulegs ræðutíma.

Fyrir hönd þingflokks Alþfl.,
Rannveig Guðmundsdóttir.“

Hér er um rétt þingflokks að ræða samkvæmt þingsköpum þannig að umræðutími verður tvöfaldur.

[13:53]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Frv. það sem hér er mælt fyrir er lagt fram í framhaldi af samþykkt Alþingis 28. des. 1994 á þáltill. um að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina sem undirritaður var af Íslands hálfu í Marakess í Marokkó 15. apríl 1994. Fullgildingarskjöl voru afhent í árslok 1994 en samningurinn tók gildi 1. jan. 1995.

Þann 3. mars 1994 skipaði ríkisstjórnin samstarfsnefnd sex ráðuneyta til að undirbúa nauðsynlegar breytingar á löggjöf um innflutning og vöruviðskipti sem leiða að fullgildingu samningsins. Þau ráðuneyti sem áttu fulltrúa í nefndinni voru forsrn., fjmrn., iðn.- og viðskrn., landbrn. og utanrrn. Nefndin starfaði undir forustu Ólafs Davíðssonar ráðuneytisstjóra í forsrn.

Frv. það sem hér er lagt fram er unnið af nefndinni og starfsmönnum hennar. Ýmis önnur frv. um breytingar á lögum vegna aðildarinnar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni verða lögð fram sérstaklega.

Upphaf Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar má rekja til stofnráðstefnu Alþjóðabankans og Alþjóðgjaldeyrissjóðsins í Bretton Woods í Bandaríkjunum árið 1944. Þar var gert ráð fyrir því að sett yrði á laggirnar alþjóðleg viðskiptastofnun og var gerður þar um sérstakur samningur. Ekkert varð hins vegar af gildistöku þess samnings en á hinn bóginn var gerður almennur samningur um tolla og viðskipti, „General Agreement on Tariffs and Trade“ eða GATT eins og það er

skammstafað. Innan þessa samnings hafa nokkrum sinnum farið fram viðræður, svonefndar viðskiptalotur, í þeim tilgangi að stuðla að auknu frelsi í alþjóðaviðskiptum. Áttunda viðskiptalota GATT og jafnframt sú umfangsmesta hófst árið 1986 í Úrúgvæ. Einn þáttur þessara viðræðna var stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, „World Trade Organisation", WTO eins og hún er skammstöfuð. Einnig var gerður viðamikill samningur um landbúnað en reglur GATT höfðu verið nánast óvirkar að því er laut að viðskiptum með landbúnaðarvörur fram að því.

Í ályktun Alþingis 28. des. sl. um heimildir ríkisstjórnarinnar til að fullgilda samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina segir svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ítrekar að þrátt fyrir fullgildingu samningsins gildi óbreytt skipulag á innflutningi landbúnaðarvara þar til lögum hefur verið breytt með hliðsjón af samningnum. Þær lagabreytingar, þar með taldar tollabreytingar, skulu gerðar með hliðsjón af GATT-tilboði Íslands til að veita innlendri framleiðslu nauðsynlega vernd. Landbúnaðarráðherra verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara og komið verður á fót á grundvelli þessarar ályktunar." — Tilvitnun lýkur í ályktun Alþingis frá 28. des. um heimild til þáverandi ríkisstjórnar til að fullgilda samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Fullgilding samningsins kallar á ýmsar lagabreytingar, einkum á tolla- og búvörulögum. Íslensk stjórnvöld hafa tilkynnt skrifstofu Alþjóðviðskiptastofnunarinnar hvenær fullar efndir landbúnaðarþáttarins geti hafist. Samkvæmt því eiga tollskuldbindingar og skuldbindingar um tollkvóta að koma til framkvæmda 1. júlí 1995 að því tilskildu að nauðsynlegar lagabreytingar hafi þá verið gerðar. Mikilvægt er að svo verði. Þau efnisatriði samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina sem kalla á breytingar á lögum og fjallað er um í þessu frv. eru í fyrsta lagi þau að breyta þarf öllum innflutningstakmörkunum og innflutningsgjöldum í tolla sem uppfylli ákvæði samningsins. Einnig þarf að tryggja heimildir, þ.e. tollkvóta til innflutnings með ívilnandi tollum í samræmi við samninginn. Þetta er gert með breytingum á tollalögum.

Í öðru lagi þarf að lögfesta ákvæði um úthlutun tollkvóta og ákvörðun sérstakra innflutningsheimilda og um beitingu sérstakra öryggisráðstafana samkvæmt samningnum. Ákvæði þess efnis eru sett í búvörulög.

Í þriðja lagi þarf að breyta ákvæðum laga um varnir gegn dýrasjúkdómum og laga um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum og fella úr gildi lög um tilbúning og verslun með smjörlíki og lög um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

Efnissvið frv. er í samræmi við framangreint skipt í nokkra kafla. Í I. kafla þess eru breytingar á tollalögum. Í II. kaflanum eru breytingar á búvörulögum. Í III. og IV. kafla breytingar á lögum um varnir gegn sjúkdómum í plöntum og dýrum. Í V. kafla eru ákvæði um niðurfellingu laga og lagaákvæða og að lokum er kafli með gildistökuákvæði og ákvæði til bráðabirgða.

Frv. er að öllu leyti í samræmi við áðurnefnda þál. um fullgildingu samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Samkvæmt þeim samningi er ekki heimilt að beita innflutningsbanni ef frá eru taldar innflutningshömlur sem byggjast á sjúkdóma- og smitvörnum. Enn fremur heimilar samningurinn einungis álagningu venjulegra tolla á innflutning en útilokar beitingu verðjöfnunargjalda eða annarra breytilegra gjalda svo og álagningu hvers kyns sérgjalda. Þetta leiðir til þess að nú þarf að setja toll á þær vörur sem áður lutu innflutningsbönnum eða magntakmörkunum og breyta þarf ýmsum sérgjöldum í fasta tolla. Þá þarf og að breyta nokkrum almennum áhrifum tollalaganna um tollmeðferð og álagningu tolla, svo og lögfesta ákvæði samningsins um hámarkstolla eða svokallaðar tollabindingar.

Samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og almenna samningnum um tolla og viðskipti fylgja ýmsir sérsamningar og gera sumir þeirra breytingar á tollalögum nauðsynlegar. Er þar um að ræða endurskoðun ákvæða um tollverð, ákvæði um heimildir tollyfirvalda til ráðstafana gegn brotum á hugverkaréttindum og heimild til að setja almennar upprunareglur. Sérsamningur um hugverkaréttindi í viðskiptum felur í sér að rétthafi hugverka muni eiga þess kost að kæra meint brot fyrir dómstólum og samningurinn kveður á um hvernig leysa eigi mál af þessu tagi milli ríkja. Sú breyting á tollalögum sem þessu tengist veitir tollyfirvöldum heimild til þess að stöðva tollafgreiðslu á vörum ef rétthafi vörumerkis eða annarra hugverkaréttinda telur gildar ástæður til að ætla að þær hafi verið framleiddar í trássi við réttindi hans og hann óskar eftir að innflutningur verði stöðvaður.

Veigamikill hluti samningsins um tolla og viðskipti eru skuldbindingar samningsaðilanna um hámark þeirra tolla sem þeir leggja á innflutning og eru þær yfirleitt kallaðar tollabindingar. Slíkar tollabindingar að því er varðar iðnaðarvörur hafa jafnan verið í GATT-samningum. Í samningaviðræðunum lögðu aðilar hver um sig fram tilboð um þessi hámörk og breytingar á þeim á aðlögunartíma samningsins, þ.e. til ársins 2000. Skuldbindingar þessar eru misjafnar eftir löndum og eins er misjafnt að hve miklu leyti einstök lönd nýta þessar bindingar, þ.e. leggja á tolla að fullu í samræmi við þær.

Hvað Ísland varðar hefur það verið svo að rauntollar á iðnaðarvörur, þ.e. tollar sem lagðir eru á samkvæmt tollskrá, eru í nær öllum tilvikum lægri en tollabindingarnar og munar þar oft miklu. Meðaltal tollabindinga á iðnaðarvörur var um 18,2% fyrir samningsgerðina en rauntollar á þessar vörur eru 3,7% að meðaltali. Þetta hafði í för með sér að þrátt fyrir lækkun tollabindinga á iðnaðarvörur í tilboði Íslands í um 11,5% eru áhrifin á rauntolla óveruleg. Tollabindingin er þannig sú samningsstaða sem við höfum hverju sinni í tollasamningum og gerir okkur kleift að gera tilslakanir í þeim tilgangi að ná hagstæðari kjörum hjá öðrum samningsaðilum.

Tollabindingar á landbúnaðarvörum í 1.–24. kafla tollskrárinnar hafa sérstöðu í samningi þessum að því leyti að fallist var á þá meginreglu að einstökum lönd-

um skyldi heimilt að ákveða tollabindingarnar sem ígildi innflutningstakmarkana í hverju landi um sig eftir ákveðnum reglum. Skuldbinda ríki sig síðan til þess að lækka þessar bindingar í áföngum til ársins 2000 um 15% að lágmarki og að jafnaði um 36%.

Í frv. er þessum skuldbindingum Íslands gerð skil með þeim hætti að þær eru lögfestar sem sérstakur viðauki, viðauki II, með tollalögunum. Er viðauki þessi tvískiptur að formi og efni. Tollabindingar á vörur í 1.–24. kafla tollskrárinnar er í fyrri hluta hans. Eru þær í formi magntolls í mynteiningunni SDR á kg og verðtolls í prósentu fyrir hvert áranna 1995 til ársins 2000. Má nota þá bindingu sem hærri toll gefur.

Í síðari hluta viðaukans eru bindingar á aðrar vörur. Eru þær í formi verðtolls og breytast ekki á tímabilinu. Við tollafgreiðslu verður kannað í þeim tilfellum sem ástæða er til hvort álagður tollur fer yfir tollabindingu og hann lækkaður ef svo er.

Eitt vandasamasta verkið við undirbúning þessarar lagasetningar var að ákveða hvaða tolla skyldi leggja á þær vörur sem sætt hafa innflutningstakmörkunum í formi leyfa eða banna. Eins og fram hefur komið var ákveðið að breyta þessum takmörkunum í tolla og samið um hámark þeirra eftir tilteknum meginreglum. Í því efni var miðað við að hámarkstollurinn yrði sá munur sem var á innanlandsverði og heimsmarkaðsverði á árunum 1986–1988, sem eru viðmiðunarár samningsins í þessum efnum eins og ýmsum öðrum efnum.

Við ákvörðun rauntolla á þessar vörur komu ýmsar leiðir til álita. Í fyrsta lagi þurfti að ákveða hvort leggja skyldi á fullan toll samkvæmt hámarksheimildum, þ.e. tollabindingunum, eða hvort farin skyldi sú leið, sem annars er almennt notuð, að ákveða rauntollana út frá öðrum sjónarmiðum og þá eftir atvikum lægri en tollabindingarnar. Væri það gert þurfti í öðru lagi að ákveða hvaða verndarstig ætti að veita innlendri framleiðslu gagnvart innflutningi sem ekki hafi verið frjáls og í þriðja lagi hvaða tolla skyldi leggja á vörur sem borið hafa verðjöfnunargjöld eða önnur sambærileg gjöld.

Við athugun sýndi sig að miklar breytingar hafa orðið á verðlagi, bæði á heimsmarkaði og ekki síður á innanlandsmarkaði frá því sem var á viðmiðunarárunum. Tollabindingarnar eru því ekki raunhæfur mælikvarði á þann verðmun sem er á milli þessara markaða og gefa í mörgum tilvikum ýkta mynd af honum. Notkun tollabindinganna hefði í þeim tilvikum leitt til mjög hárra tolla sem gefið hefði óraunhæfa mynd á verðlag og verið óþarfir með tilliti til þess verndarmarkmiðs sem tollarnir eiga að þjóna. Við þetta bætist að verðlagsþróunin frá því á árunum 1986–1988 hefur verið misjöfn eftir því hvaða vörutegundir eiga í hlut. Tollar í samræmi við tollabindingar hefðu því gefið ranga mynd af þeim verðmun sem nú er til staðar og veitt einstökum vörutegundum mismikla vernd. Þannig hefði einstökum greinum landbúnaðar í raun verið mismunað.

Nálgun aðildarríkjanna í þessu efni er að sjálfsögðu misjöfn eftir aðstæðum. Fyrst er þess að geta að þau lönd sem okkur standa næst, Noregur og 15 aðildarríki Evrópusambandsins, ætla að láta hina nýju tolla á landbúnaðarvörur taka gildi 1. júlí nk. Þetta er sama dagsetning og gert er ráð fyrir í frv. þessu. Norðmenn völdu þá leið að ákvarða tollana nú þegar í samræmi við tollabindingarnar eins og þær verða árið 2000. Áfangalækkunin, sem er að meðaltali 36% á sex árum, er þannig öll tekin út í upphafi. Stjórnvöld hafa síðan heimild til þess að lækka tollana enn frekar eftir þörfum til þess að stýra innflutningnum, t.d. ef skortur er á einhverri vörutegund eða af öðrum ástæðum. Stjórnvöld geta einnig hækkað tollana aftur ef þörf er á upp að hámarkstollum.

Þegar Norðmenn kynntu þessi áform í upphafi árs lýstu ýmis aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar strax áhyggjum sínum yfir því að þessi aðferð kynni að vera á skjön við samninginn um stofnunina. Gallinn við hana væri sá að tollarnir væru ekki nægilega skýrir og fyrirsjáanlegir sem er ein meginregla samningsins. Slíkt kerfi byði einnig upp á breytilega tolla í reynd sem er andstætt samningnum. Ljóst er að náið verður fylgst með framkvæmd samningsins í einstökum aðildarríkjum.

Ef við lítum nú til þess hvernig Evrópusambandið ætlar að framkvæma skuldbindingar landbúnaðarsamningsins, þá er sú leið meira og mjög í ætt við þá sem hér er lögð til. Evrópusambandið hefur sameiginlegt tollkerfi og því sameiginlega framkvæmd í þessu efni. Tilboð Evrópusambandsins í GATT-viðræðunum var að því leyti frábrugðið tilboði Íslands og Noregs að í því var ekki miðað við verðmismun á árunum 1986–1988. Evrópusambandið og áður Evrópubandalagið hafði um langt skeið haft kerfi breytilegra innflutningsgjalda sem tók mið af þeim mun sem var á hverjum tíma á innflutningsverði og verði innan bandalagsins. Í tilboði Evrópusambandsins var þessum gjöldum breytt í fasta magntolla miðað við það verð er gilti þegar tilboðið var lagt fram og við þá tolla bætist í mörgum tilvikum allt að 20% verðtollur eins og reyndar hafði áður verið. Rauntollar Evrópuríkjanna innan Evrópusambandsins verða frá 1. júlí nk. í samræmi við tilboð þeirra og munu því endurspegla mismun á heimsmarkaðsverði og verði innan bandalagsins að viðbættri ákveðinni vernd. Rauntollarnir verða því almennt þeir sömu og hámarkstollar en lækka síðan í áföngum um 36% að jafnaði til ársins 2000.

Við ákvörðun tolla í frv. er leitast við að meta aðstæður eins og þær eru nú og ákveða tollana í samræmi við þær og þá vernd sem nauðsynlegt er talið að innlend búvöruframleiðsla njóti. Heimsmarkaðsverð á landbúnaðarafurðum hefur farið hækkandi frá viðmiðunarárunum 1986–1988 en verð innan lands hefur farið lækkandi. Tollar samkvæmt viðauka I með frv. eru ákveðnir samkvæmt þeirri meginreglu að tollur á innfluttar vörur verði þannig að eftir að honum hefur verið bætt við innkaupsverð vörunnar verði hún um 30% dýrari en sambærileg innlend vara. Þessi 30% munur miðast við að innkaupsverð sé í samræmi við heimsmarkaðsverð. Sé innkaupsverðið hærra eða lægra getur munurinn eftir atvikum orðið meiri eða minni. Tolli

þessum er hins vegar skipt í tiltölulega háan magntoll og 30% verðtoll sem leiðir til þess að veruleg vernd helst jafnvel þótt innkaupsverðið lækki umtalsvert frá því heimsmarkaðsverði sem miðað er við. Reglu þessari var beitt á þær vörur sem verið hafa í innflutningsbanni, svo sem kjötvörur og mjólkurvörur.

Að því er varðar blóm og grænmeti sýndi sig að reglu þessari varð í mörgum tilvikum ekki við komið vegna þess að með henni fór tollurinn upp fyrir bindinguna. Fyrir þessar vörur er lagt til að tollurinn svari til magntollabindingar fyrir viðkomandi vöru en verði skipt upp í magntoll og 30% verðtoll.

Með þeirri aðferð við útfærslu tolla sem hér hefur verið lýst er í aðalatriðum farin sú leið sem almennt hefur verið notuð í Evrópu og ætla má að viðurkennd verði innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Verndin verður nokkru meiri en hjá Evrópusambandinu, enda kerfisbreytingin hér mun meiri vegna þess að algert innflutningsbann hefur verið á mörgum vörum en hjá Evrópusambandinu hafa þessar vörur verið fluttar inn en lögð á þær verðjöfnunargjöld.

Framangreindar reglur tóku til ákvörðunar á tollum á þær vörur sem innflutningstakmarkanir hafa gilt um. Hvað þær vörur varðar sem verið hafa í frjálsum eða lítt heftum innflutningi var við það miðað að hækka ekki álögur frá því sem verið hefur. Eru tollar á þær vörur því hinar sömu og þeir voru áður. Í þeim tilvikum að heimild er til að leggja á þær verðjöfnunargjöld samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamninga voru verðjöfnunargjöldin endurreiknuð miðað við núverandi markaðsverð og magntollar miðaðir við það.

Að því leyti sem þessar vörur báru verðtoll hefur honum verið haldið og bætist þá við magntollinn.

Samkvæmt ákvæðum búvörulaga hafa sérgjöld verið lögð annars vegar á fóður og hins vegar á kartöflur og vörur unnar úr þeim. Báðum þessum gjöldum er breytt í venjulega tolla sem leggjast á sömu vörutegundir og áður. Annars staðar í frv. er ákvæði þess efnis að andvirði tolls af fóðurvörum renni í sjóð sem ráðstafað verður með sama hætti og fóðurgjaldi til þessa.

Samkvæmt GATT-samningunum höfum við skuldbundið okkur til að heimila tiltekið magn innflutnings búvöru á lægri tollum en almennt gerist. Innflutningsheimildir á ívilnandi tolltöxtum eru nefndir tollkvótar. Samningsbundnir tollkvótar eru annars vegar svokallaður lágmarksaðgangur fyrir vörur sem ekki hefur verið heimilt að flytja inn eða þá aðeins í mjög takmörkuðum mæli, svo sem kjöt og mjólkurvörur. Tollkvótarnir eru við það miðaðir að innflutningur gæti í upphafi aðlögunartímans orðið um 3% af innanlandsneyslunni og farið vaxandi í um það bil 5% í lok tímabilsins. Tollur á þær vörur sem fluttar eru inn samkvæmt þessum kvótum skal því með samningnum eigi vera hærri en 32% af tollígildi viðkomandi vöru, þ.e. bindingunni, áður en hún tekur samningsbundinni lækkun og er miðað við það í frv.

Hins vegar eru í samningnum ákvæði um tollkvóta á aðrar vörur sem flestar hafa verið fluttar inn en háðar magntakmörkunum, svonefndur ríkjandi markaðsaðgangur. Er þar fyrst og fremst um að ræða blóm og grænmeti. Viðmiðun fyrir þessa tollkvóta er innflutningur á árunum 1986–1988 og tollar á vörum samkvæmt þessum kvótum mega ekki vera hærri en þeir voru á þessum árum. Í frv. er miðað við að þessir tollar verði eins og þeir hafa verið í reynd á síðustu árum. Í flestum tilvikum er tollur þessi 30% en á viðmiðunarárunum var algengt að tollur á þessum vörum væri 40%.

Lista yfir þær vörur sem tollkvótarnir taka til, svo og vörumagnið og tolltaxtana er að finna í Viðauka III með frv. Í síðari hluta frv., breytingu á búvörulögum, er að finna ákvæði um hvernig staðið verður að úthlutunum tollkvótanna. Tollkvótar vegna lágmarksaðgangs og ríkjandi aðgangs eru miðaðir við innflutning áranna 1986–1988 eins og áður sagði, en síðan hafa aðstæður breyst á ýmsum sviðum og ástæður kunna að vera til meiri innflutnings en þá var. Getur margt komið til að svo sé, breyttar neysluvenjur, sveiflur í framboði af innlendri framleiðslu eða að æskilegt sé að veita verðaðhald. Var af þessum ástæðum talið æskilegt að gera ráð fyrir þeim möguleika að heimila viðbótarinnflutning á ívilnandi tollum. Er í frv. gert ráð fyrir því með þeim hætti að úthluta megi tollkvótum allt að tilteknu magni fyrir nánar tilgreinda vöruflokka.

Sé um að ræða vörur sem verið hafa í banni, þ.e. kjöt og mjólkurvörur, er í frv. gert ráð fyrir að tollurinn verði 75% af fullum tolli samkvæmt frv. en það svarar nokkurn veginn til verðjöfnunar án verðverndar eða að tollurinn verði hinn sami og fyrir lágmarksaðganginn. Hvað varðar aðrar vörur er miðað við að tollurinn verði 0,25%, 50% eða 75% af fullum tolli. Listi yfir þær vörur sem frjálsi tollkvótinn tekur til svo og vörumagið er að finna í viðauka IV með frv.

Í breytingum að búvörulögunum er að finna ákvæði um það hvernig staðið verður að úthlutun tollkvótanna. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að um úthlutun tollkvóta fari eftir ákvörðun búvörulaganna og að landbrh. ákveði að hve miklu leyti kvótarnir verða notaðir til og á hvaða tolltöxtum.

Af breytingum á tollalögunum er að lokum að geta heimildar til að leggja á viðbótartoll af ástæða er talin til að grípa til öryggisráðstafana. Samkvæmt GATT-samningunum má grípa til öryggisráðstafana við tiltekin skilyrði. Þau eru annars vegar að innflutningsverð vöru lækki niður fyrir viðmiðunarverðið sem notað var við gerð tilboðsins um tollabindingar eða hins vegar að innflutningur vöru vaxi verulega milli ára. Sé annaðhvort þessara skilyrða fyrir hendi má til viðbótar við tollabindingar leggja á toll sem reiknast eftir ákvæðum samningsins.

Við þær breytingar sem lagðar eru til á búvörulögum og dýrasjúkdómalögum er farið eftir þeim ákvæðum þáltill. um fullgildingu ríkisstjórnarinnar á samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina að landbrh. verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara og komið verður á fót á grundvelli ályktunarinnar.

Svo ég víki nánar að búvörulögum er aðalbreyting

þeirra í fyrirliggjandi frv. fólgin í að afnumdar eru heimildir landbrh. til að takmarka innflutning landbúnaðarvara af viðskiptaástæðum. Þessi takmörkun nær þó einungis til ríkja sem eru aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Ekki þykir rétt, eins og mál standa, að afnema möguleika á að takmarka innflutning frá ríkjum sem standa utan við stofnunina. Þau ríki hafa ekki undirgengist skuldbindingar samningsins um takmörkun styrkja til landbúnaðarins. Þau hafa því eftir sem áður óbundnar hendur við greiðslu útflutningsbóta og hvers konar styrkveitinga.

Samkvæmt breytingu sem gerð var á búvörulögunum í apríl 1994 er óheimilt að flytja inn vörur sem tilgreindar eru í viðauka með lögunum nema til komi leyfi landbrh. og er honum gert að leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins áður en ákvörðun er tekin. Í viðaukanum er aðallega að finna ferskar, frystar eða soðnar kjötvörur með að lágmarki 20% innihald af kjöti og auk þeirra mjólkurafurðir og egg. Á sama hátt er innflutningur á kartöflum, nýju grænmeti, sveppum og blómum háður leyfi landbrh. samkvæmt gildandi lögum.

Til að leyfa innflutninginn þarf landbrh. að fá meðmæli nefndar sem starfar á vegum landbrn. og í eiga sæti fulltrúar framleiðenda og innflytjenda garð- og gróðurhúsaafurða. Nefndin skal gefa ráðherra rökstutt álit um hvort innflutningsins sé þörf eða ekki. Bæði þessi ákvæði verða felld úr lögum með þeim breytingum sem frv. felur í sér. Landbrh. verður aðeins heimilt, eins og áður er nefnt, að takmarka innflutning frá löndum sem standa utan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Takmörkun innflutnings frá löndum sem eiga aðild að stofnuninni kemur aðeins til greina vegna heilbrigðis manna, dýra eða plantna.

Í frv. er lagt til að landbrh. skipi nefnd þriggja manna sem skal vera til ráðuneytis um ákvæði laganna um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Formaður verði skipaður af landbrh. án tilnefningar en viðskrh. og fjmrh. tilnefni hver fyrir sig fulltrúa í nefndina og er það óbreytt fyrirkomulag frá gildandi lögum. Hlutverk nefndarinnar verður að gera tillögur um úthlutun tollkvóta, breytingu verðjöfnunargjalda við inn- og útflutning samkvæmt ákvæðum fríverslunar og öðrum milliríkjasamningum, svo og beitingu viðbótartollkvóta og tolltaxta í þeim tilvikum.

Nefndinni ber að afla nauðsynlegra upplýsinga um þau atriði er framkvæmd þessara verkefna varðar.

Í reynd sinnir nefndin þeim verkefnum sem Framleiðsluráð landbrn. og nefnd um innflutning garð- og gróðurhúsaafurða gegndi áður. Til viðbótar er henni ætlað að gera tillögur um beitingu tolltaxta fyrir viðbótartollkvóta.

Hvað varðar tillögur um beitingu verðjöfnunargjalda við inn- og útflutning landbúnaðarvara er verksvið nefndarinnar óbreytt frá gildandi lögum. Skylda landbrh. til að bera mál upp í ríkisstjórn verði ágreiningur í nefndinni fellur niður enda er það atriði óeðlilegt og ekki í anda þáltill. um staðfestingu samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um forræði landbrh. í þessum málum.

Í frv. er lagt til að framkvæmd á úthlutun tollkvóta fyrir svonefndan lágmarksmarkaðsaðgang og ríkjandi markaðsaðgang verði í höndum landbrh. og fari eftir ákvæðum búvörulaga. Landbrh. birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta þar sem fram komi hvaða vara er til úthlutunar, í hvaða magni, innflutningstímabil, tolltaxtar og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera. Stefnt er að því að hafa úthlutun tollkvóta sem einfaldasta. Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal aðalreglan vera sú að hlutkesti ráði úthlutun. Við úthlutun tollkvóta samkvæmt viðauka III verður landbrh. heimilt að skipta tollkvótum upp í vörutegundir nánar en nú er gert þar sem tollskrá verður nákvæmar sundurliðuð en var í samningstilboði Íslands. Við þessa sundurliðun er höfð hliðsjón af upplýsingum um innflutning á viðmiðunarárunum eftir því sem unnt er. Þá verður landbrh. enn fremur heimilt í stað úthlutunar tollkvóta að veita almenna tímabundna heimild til innflutnings á hliðstæðan hátt og gert var á viðmiðunartíma samningsins.

Í frv. er gert ráð fyrir að landbrh. geti úthlutað viðbótartollkvótum þeim sem eru í viðauka IV. Þessir tollkvótar ná til innflutnings á takmörkuðu magni af fersku, frystu eða soðnu kjöti, mjólk og mjólkurvörum, smjöri og ostum og garð- og gróðurhúsaafurðum. Tollkvótum þessum verður úthlutað ef skortur er á umræddri vöru á markaði og við þá úthlutun verður farið eftir þeim reglum sem áður hafa verið nefndar um úthlutun þeirra tollkvóta sem skylt er að úthluta samkvæmt samningnum. Landbrh. tekur ákvörðun hverju sinni um hvaða tolltaxta verður beitt við innflutning á vörum samkvæmt viðauka IV.

Þá felur frv. í sér að bætt er ákvæði við búvörulögin um að landbrh. geti ákveðið með reglugerð að lagður verði á tollur við innflutning með tilvísun til verndarákvæða í 5. gr. samningsins um landbúnað í viðauka með samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, það ákvæðanna til vara sem merkt er með skammstöfuninni SSG í viðauka IIA. Til að unnt verði að beita verndarákvæðum þarf magn eða verð vörunnar að víkja á tiltekinn hátt frá ákveðnu viðmiðunarstigi. Við þessi skilyrði skal hækka toll vörunnar í hámarkstoll samkvæmt tollabindingu í viðauka IIA að viðbættum viðbótartolli samkvæmt þeim reglum sem er að finna í 5. gr. landbúnaðarsamningsins. Í samningnum er tekið fram að viðbótartollur sem lagður er eftir þessum reglum skuli einnig vera í gildi út það ár sem hann er lagður á.

Þá vil ég, herra forseti, víkja að lögum um dýrasjúkdóma. Þessum lögum er breytt á þann hátt að bann gegn innflutningi tiltekinna vara og búnaðar er í gildi til að hindra að smitsjúkdómar berist til landsins. Hins vegar er landbrh. veitt heimild til að víkja frá banni telji yfirdýralæknir það sannað að smitefni sem veldur dýrasjúkdómum berist ekki til landsins.

Í Úrúgvæ-samningnum þótti nauðsynlegt að setja reglur til að koma í veg fyrir að undanþáguákvæðið sem þar er veitt heimild fyrir til að vernda heilbrigði dýra og plantna verði ekki notað sem hindranir í al-

þjóðaviðskiptum. Í þessum nýju reglum, sem voru samþykktar eftir þriggja ára samningaþóf og eru mjög ítarlegar, er meginákersla lögð á samræmingu og að allar ráðstafanir um heilbrigðisvernd dýra og plantna byggist á vísindalegum rökum og sé ekki við haldið án fullnægjandi vísindalegra sönnunargagna. Þegar ákvæði samningsins koma til framkvæmda verður nauðsynlegt að koma á auknu eftirliti með innflutningi því hingað til hefur sáralítill innflutningur sláturafurða átt sér stað vegna viðskiptalegra takmarkana samkvæmt búvörulögum.

Eftirlitið mun m.a. fela í sér að nauðsynlegt verður að afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra í viðkomandi útflutningslandi með tilliti til smithættu. Þá þarf að kanna aðferðir við uppeldi sláturdýra, meðferð og aðbúnað við slátrun.

Herra forseti. Í frv. eru nokkur ákvæði er taka til annarra vara en landbúnaðarafurða. Þannig er fallið frá innflutningstakmörkunum vegna innflutnings á burstum. Innflutningstakmarkanir þessar voru upphaflega settar til að vernda starfsemi blindra á þessu sviði. Í reynd hefur verndun þessi einungis verið í orði en ekki á borði þar sem ógerningur hefur verið fyrir tollyfirvöld að fylgjast með því hvaða bursta er verið að framleiða af blindum hér á landi á hverjum tíma. Þannig hefur a.m.k. frá 1979 aldrei verið hafnað innflutningsleyfi á burstum. Mun vænlegri leið til að veita framleiðslu blindra vernd gegn innflutningi er að beita tollum. Því hefur með frv. verið gerð tillaga um að tollar á innfluttum burstum verði hækkaðir úr 10% í 15% vegna bursta frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ýmsar lagabreytingar tengjast fullgildingu samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina aðrar en þær sem fjallað er um í þessu frv. Frv. þar að lútandi verða lögð fram sérstaklega.

Þá er einnig rétt að geta þess að í ráðuneytunum er verið að kanna til hlítar hvort hugsanlegt sé að fleiri lögum en nú er séð fyrir þurfi að breyta í framhaldi af aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Komi slíkt í ljós verða frv. þar um lögð fram á haustþingi. Einnig þarf að taka fram að erfitt er að sjá fyrir ýmis vandkvæði sem kunna að koma upp við framkvæmd frv. þegar það verður orðið að lögum. Það þarf því að fylgjast mjög vel með framkvæmdinni og bregðast við ef vandræði verða.

Herra forseti. Með Úrúgvæ-samningnum eru gerðar veigamiklar breytingar á hinu alþjóðlega viðskiptakerfi fyrir landbúnaðarafurðir. Þessar breytingar munu vafalítið hafa margvísleg áhrif á alþjóðaviðskipti með þessar vörur og á landbúnað einstakra landa. Þessi áhrif munu koma smám saman í ljós á næstu árum eða jafnvel áratugum en ekki er búist við neinum stökkbreytingum í þeim efnum. Þannig ríkir til að mynda talsverð óvissa um verðþróun á landbúnaðarafurðum í heiminum í kjölfar þessara samninga. Nú er ekki lengur heimilt að banna innflutning á búvörum á viðskiptalegum forsendum en það er áfram heimilað að vernda landbúnað með tollum.

Með þessu frv. er íslenskum landbúnaði tryggð nauðsynleg vernd á skýran hátt þannig að engin óvissa ríkir nú um starfsskilyrði landbúnaðarins að þessu leyti á næstu árum. Jafnframt er landbúnaðinum veitt aðhald með nokkrum innflutningi á lægri tollum sem mun koma neytendum til góða bæði í auknu vöruvali og lægra verði. Ég tel að með þeirri framkvæmd sem kveðið er á um í þessu frv. sé tekið tillit til hagsmuna bænda og neytenda á sanngjarnan hátt miðað við aðstæður í okkar þjóðfélagi.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. og geri jafnframt ráð fyrir því að sú nefnd óski eftir umfjöllun og umsögn hv. landbn. og eftir atvikum hv. utanrmn.

[14:24]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Herra forseti. Að lokinni stjórnarmyndun lýsti hæstv. forsrh. því yfir að hann ætlaði vorþinginu tíu daga til að afgreiða tvö stórmál. Nú eru liðnir 14 dagar af starfsemi þingsins og það er í dag sem svarið fæst við því hvað dvalið hefur orminn langa í líkingu þessa bandorms sem hæstv. forsrh. var að leggja hér fram. Bandormurinn er um það hvernig við hyggjumst standa við skuldbindingar okkar í framhaldi af aðildinni að viðskiptastofnuninni. Síðan mun væntanlega verða lagt fram í dag málamiðlun stjórnarflokkanna að því er varðar breytingar á fiskveiðistjórnuninni sem lofað var.

Aðildin að Alþjóðaviðskiptastofnuninni var að sjálfsögðu tímamótamál. Hvað fólst í því? Í því fólst að við skuldbindum okkur með alþjóðasamningi til þess að hverfa af braut ríkjandi landbúnaðarstefnu. Við skuldbindum okkur til þess að aflétta banni af innflutningi á landbúnaðarafurðum, til þess að tryggja á aðlögunartímabili tiltekinn ofurlítinn lágmarksaðgang. Við skuldbindum okkur til þess að halda áfram tollfrjálsum innflutningi á þeim vörum sem ekki höfðu áður verið undir bönnum, þ.e. að halda óbreyttum markaðsaðgangi. Af þessum meginatriðum var síðan ljóst að við þyrftum að breyta í grundvallaratriðum búvörulöggjöfinni til að standast þessar skuldbindingar. Þær lagabreytingar sem hér eru kynntar varða fyrst og fremst tollalög og búvörulög en fleiri lög einnig, innflutningslög þar á meðal, lög um sjúkdómavarnir, heilbrigðismál og að lokum mun málið varða fleiri lög.

Ég hyggst nú hafa þann háttinn á, af því að mér þótti við það að hlusta á hæstv. forsrh. að það hefði ekki vakað fyrir honum beinlínis að skýra aðalatriði málsins, að halda mig við aðalatriðin sem eru þessi:

Úr því að við ætlum að aflétta banni á innflutningi og það er heimilt að umreikna þetta bann í tollígildi hvernig er það gert? Skuldbindingin er sú að við lögðum fram tilboð og það var miðað við viðmiðunarverð á árunum 1986–1988. Síðan er liðinn langur tími. Heimsmarkaðsverðið eins og það var árin 1986–1988 var afar lágt einfaldlega vegna þess að niðurgreiðslur og útflutningsbætur voru þá í hámarki erlendis. Þar að auki er ekkert til sem heitir heimsmarkaðsverð, það er algerlega tilbúið verð. Síðan hefur það gerst hér heima að sem betur fer hefur aðeins þokast í þá átt að heildsöluverð innan lands hefur heldur lækkað. Þannig að

fyrsta hugmyndin sem var sú að lögbinda tollaheimildir, þessi svokölluðu tollígildi, var náttúrlega öllum sanngjörnum mönnum augljóslega algjörlega fráleit í upphafi. Ég sagði sanngjörnum mönnum því hvað hefði falist í því? Í því hefði það falist að setja inn í tolla prósentur frá 300% upp í 800%, sem gat ekki haft annan tilgang en þann að koma í veg fyrir allan innflutning. Í samanburði við það að rauntollar í íslensku tollskránni eru núna 3,7% að meðaltali og hæsti tollur sem fyrir finnst er 30%.

Engu að síður er það svo að þetta mál dróst mjög í meðförum síðustu hæstv. ríkisstjórnar m.a. vegna þess að það var uppi ágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna um þetta mál. Eftir nokkrar deilur um breytingar á búvörulögum 1993 var ákveðið að setja upp nefnd fimm ráðuneyta til að móta stefnuna í þessu máli. Sjónarmiðin voru þrjú. Sjónarmið Alþfl. í þessu starfi var að við ættum að tryggja í samræmi við skuldbindingar samningsins innlendum framleiðendum fullkomna verðjöfnun milli innflutningsverðs og innanlandsverðs. Síðan töldum við eðlilegt að við það bættist síðan fjarlægðarverndin, þ.e. flutningskostnaður, frakt og tryggingar, sem má meta jafnaðarlega á upp undir 30%. Hefði þá verið fulltryggt að bændur nytu fullkominnar innflutningsverndar og gott betur en hún síðan trappaðist niður á sex ára aðlögunartíma.

Sjónarmið hæstv. landbrh. og fulltrúa hans, embættismanna hans í þessari nefnd, var þvert á móti að við ættum að lögbinda hámarkstollana, ofurtollana, þ.e. 100%. Sjónarmið fulltrúa fjmrn. var millispil, þ.e. að við færum þá leið sem Alþfl. lagði til, verðjöfnun plús fjarlægðarverndin með 20% álagi. Um þetta var tekist á og sú vinna stóð allan tímann 1993, 1994, til dagsins í dag og í raun og veru var málið lagt í salt fram yfir núverandi stjórnarmyndun. Ein af skuldbindingunum var síðan sú að frá því hvernig við ákvæðum tolla í upphafi skyldu þeir trappast niður að meðaltali um 36% á sex árum.

Það er athyglisvert að í því frv. sem hér liggur fyrir er þó viðurkennt á bls. 22 að þau áform hæstv. fyrrv. landbrh. Halldórs Blöndals að lögfesta ofurtollana séu fjarstæðukennd vegna þess að þar er útskýrt að þær breytingar sem síðan hafa orðið eru miklar og því var talið eðlilegt eins og þar segir, með leyfi forseta: „...að við breytingu innflutningshaftanna í tolla yrði ekki miðað við að fullnýta tollabindingar heldur verði tollar í aðalatriðum miðaðir við endurskoðuð tollígildi er taki mið af verðlagi ársins 1995." Gott og vel. Þessi athugasemd gaf nokkrar væntingar hjá almenningi í landinu um að hér ætti að reyna, hér vildu ríkisstjórnarflokkarnir raunverulega sýna sanngirni gagnvart sjónarmiðum hagsmunaaðila beggja, þ.e. annars vegar framleiðenda og vinnslustöðva og hins vegar neytenda. Þarna er sagt að grundvallarreglan skuli vera sú að verðlag á innfluttum afurðum skuli ekki vera nema 30% hærra en innanlandsverð. Þetta hafa margir misskilið og skilið á þann veg að tollarnir eigi ekki að vera nema 30% sem er svona nokkurn veginn hæstu tollar í tollskránni og langur vegur frá áformum fyrrv. hæstv. landbrh. um mörghundruð prósent tolla. Ég hafði jafnvel heyrt menn velta því fyrir sér hvort áhrif Framsfl. á framsóknararm Sjálfstfl. væru svona jákvæð að þeir féllu frá því að fara með þvílíkum hætti offari gegn eðlilegum hagsmunum neytenda. En auðvitað reyndist það ekki vera rétt skýring því það er fátt sem skilur að framsóknararma beggja flokka eins og bert er af frv. þegar það er skoðað og eins og við skulum taka skýr dæmi um.

Til þess að skýra hvað í þessu felst því að málið virðist vera flókið af öllum þessum töflum og öllum þessum viðaukum ætla ég að taka einfalt dæmi. Ég ætla að taka eitt frægt kjúklingadæmi og bið hv. þm. að fletta upp á viðauka I, bls. 4, á tollnúmerið 0207 Alifuglar. Það liggur vel við vegna þess að vitað er að verðmunur á kjúklingum í nágrannalöndum okkar og á Íslandi er gríðarlega mikill, hann er allt að þrefaldur, fjórfaldur, kannski sexfaldur og þá er ég að tala um smásöluverð. Verðlag á þessari vöru á Íslandi er viðurkennt okurverð. Við skulum taka einfalt dæmi um hvernig þessi löggjöf og hvernig þessir tollar koma út. Innflutningsverð er 150 kr. sem láta mun nærri 1 kg af kjúklingi í heildsölu. Þá ber fyrst að leggja á 30% verðtoll samkvæmt þessu frv. sem fer með verðið upp í 135 kr. Því næst ber að leggja á magntoll, fasta krónutölu sem samkvæmt skránni í þessu tollnúmeri er 603 kr. Þá er verðið komið upp í tæpar 800 kr. Með öðrum orðum að álögðum tollinum er innflutninsverðið 150 kr. komið upp í 800 kr., þ.e. tæplega fimmfalt. Því næst er eftir að bæta við heildsöluálagningu og smásöluálagningu og virðisaukaskatti og þá er verðið á þessu eina kílói af kjúklingi komið upp í 1.365 kr.

Spurst var fyrir um hvað samsvarandi vara kostaði í Hagkaupum. Hún kostar 667 kr. Þegar menn spyrja hvað er hæsta leyfilegt tollígildi samkvæmt GATT-tilboði Íslands þá mun það vera um 460 kr. Með öðrum orðum. Þetta er einfalt dæmi sem skýrir að flutningsmenn, stjórnarflokkarnir, þorðu ekki að sýna hvað fyrir þeim vekti með ofurtollunum og ákváðu því að fara leið til þess að fela þetta. Þeir eru annars vegar með 30% verðtoll og hins vegar með þennan magntoll, þ.e. samsetta tolla, sem dulbúa ofurtollana. Í þessu dæmi er gengið svo rösklega til verks að það er farið umfram tollabindingar og það er auðvitað farið langt umfram það smásöluverð sem í gildi er nú þegar. Með öðrum orðum mundi framkvæmdin á þessu frv. hækka verðið á umræddri vöru til neytenda verulega. Spurningin er hvort það mundi nokkuð reyna á innflutning. Kannski er það það sem fyrir hv. flm. vakir.

En þá spyrja menn: Er þetta ekki eitthvað einstakt dæmi? Þá ætla ég að biðja hv. þm. einfaldlega að fletta í gegnum skjalið í góðu tómi og kynna sér þá helstu tollflokka, þ.e. kafla II, kafla IV, kafla VII og kafla XVI um annars vegar unnar kjötvörur, grænmeti og annað þess háttar. Taka nokkrar stikkprufur eins og ég hef reyndar gert og það vill svo til að að því er varðar t.d. innflutning á kjötvörum þá reyndust þær stikkprufur sem ég gerði í öllum tilvikum vera ofurtollar umfram tollabindingar.

Það sem menn höfðu fyrst og fremst vænst að kæmi út úr þessu var það að neytendur mættu eiga von á

innflutningi á grænmeti, kannski unnum mjólkurafurðum og unnum samsettum kjötvörum, þ.e. iðnaðarvörum, matvælum með landbúnaðarinnihaldi, á viðráðanlegu verði það sýnist mér hreinlega vera tekið fyrir.

Ályktanir mínar af þessu dæmi eru einfaldlega þessar: Það eru maðkar í þessari mysu. Þetta eru dulbúnir yfirtollar og það eru farnar nokkuð langsóttar leiðir til þess að dylja þetta sem mest má verða. Öllum mátti ljóst vera sem til málsins þekkja að hið svokallaða heimsmarkaðsverð er algjörlega tilbúið. Fjarlægðarverndin er falin í tilbúnum magntollum sem eru langt umfram raunverulegan kostnað við innflutning, tryggingar og þess háttar. Það vekur athygli að í frv. eru engin ákvæði um skuldbindinguna um að lækka þessa tolla í áföngum á sex árum. Hins vegar eru að sjálfsögðu ákvæði um það að lækka tollabindingarnar í tilboðinu en ef rauntollarnir eru undir því þá er engin skuldbinding um að lækka þetta. Með öðrum orðum verið er að segja að ofurtollarnir eiga að gilda tímabilið út.

Hætt er við því að margur maðurinn verði fyrir vonbrigðum. Ég tók eftir því að meira segja formaður Neytendasamtakanna virtist hafa hlaupið á sig, væntanlega að óséðu frv., vegna þess að hann taldi þetta vera áfangasigur. Hann á væntanlega eftir að skoða þetta frv. betur.

Hvað þá með lágmarksaðganginn? Þessi 3% af markaðshlutdeildinni? Er ekki einhver sanngirni í því? Það á að vera þannig að heimilt er að flytja þetta inn. Hver er tilgangurinn? Tilgangurinn á að vera sá að tryggja neytendum einhvern smjörþef af viðráðanlegri verðmyndun en ekki síst að í upphafi tímabilsins þótt þetta hafi lítil áhrif að örva aðeins til samkeppni. Með öðrum orðum að aðlögunarferlið geti farið af stað. Bandaríkin og Kanada virða þetta og hafa lága tolla, svona innan við 10%. Við förum í hámarkið 32% af hámarkstollabindingum. Það getur þýtt það, og nú tala ég einfaldlega út frá þeim dæmum sem ég hef sjálfur tekið, að jafnvel verðið á þessum lágmarksinnflutningi fari umfram verðið í Hagkaupum núna. Í einu tilviki 13%, í öðru tilviki 35% Hvert meðaltalið er þori ég ekki að fullyrða, málið verður væntanlega skoðað betur í nefnd.

Þegar lágmarksinnflutningur er leyfður á eitthvað lægri tollum felst í því að verið er að úthluta kvótum. Það er auðvitað hið versta mál að taka upp skömmtunarkerfi í þessu efni — en hvernig á að gera það? Jú, landbrh. á að úthluta þessum kvótum. Hann getur út af fyrir sig gert það að geðþótta. Það er auðvitað pólitískt spillingarkerfi í sjálfu sér. Að sjálfsögðu hefði hið skynsamlega verið að leita tilboða og taka lægsta tilboðinu til þess þó að reyna að skila verðávinningi ef einhver væri til neytenda. En það er ekki meiningin.

Þá kemur að ríkjandi markaðsaðgangi. Á mannamáli þýðir það einfaldlega að það sem var frjálst að flytja inn áður eða ekki bannað á að vera á óbreyttum kjörum í innflutningi. Nei, nei. Hér er gripið til þess ráðs að reikna tollígildi fyrir þennan innflutning eins og hann hefði verið bannaður með þeim falsrökum að hann hefði að minnsta kosti verið leyfisbundinn. Hann var heimill og var þess vegna frjáls. Þetta er hvort tveggja á skjön við hæstaréttardóm sem kveðinn var upp fyrir ekki löngu þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að allar heimildir skorti fyrir innflutningsbanni í búvörulögunum og þótti hæstv. þáv. landbrh. illt við að búa. Síðan skuldbindur GATT-samningurinn sjálfur okkur til þess að breyta ekki markaðskjörum varðandi óbreyttan markaðsinnflutning. Þetta er brot á GATT-samningnum.

Hvað gera aðrar þjóðir? Hæstv. forsrh. vék að því hvað Norðmenn gerðu. Norðmenn eru einhver versta verndarstefnuþjóð í heimi í landbúnaði samanber það að stuðningur þeirra við landbúnað í heild, hann er númer tvö í heiminum, við erum sennilega númer þrjú eða fjögur núna, Sviss, Noregur, Japan, Ísland á svipuðu róli með 70% af heildarframleiðsluverðmæti í landbúnaði sem kemur frá ríkinu. Norðmenn ganga þó ekki svona langt. Bæði eru tollígildi þeirra talsvert lægri en okkar. Í annan stað þá ákveða þeir að niðurtröppunin sem átti að taka sex ár skyldi taka gildi strax. Sýna þó aðeins viðleitni. Lítum á þjóðir sem fara að siðaðra manna hætti í þessu, t.d. Evrópusambandið sem kallar þó ekki allt ömmu sína í þeim efnum. Þá tekur það einfaldlega innflutningsverðið plús 20% álag. Í samanburði við það sem við gerum, við tökum fulla verðjöfnun, við setjum 30% verðtoll, við setjum á mjög háan rauntoll í fastri krónutölu og förum upp fyrir tollabindingu.

Ástæða er til að spyrja að einu. Er þetta gert til þess að vernda raunverulega hagsmuni bænda? Er þetta togstreita sem snýst um það að hérna séu þeir menn, vinir bænda, sem vilja tryggja sanngjarna og eðlilega hagsmuni þeirra og þetta sé nauðsynlegt að gera til þess að tryggja hag bænda? Því getur hver svarað fyrir sig. Halda menn virkilega eins og ástatt er í íslenskum landbúnaði að það sé framtíðartrygging eða í þágu íslensks landbúnaðar að reyra hann inn í svona kerfi og framlengja tollverndina algjörlega og gera það með þessum hætti? Var það einhver frágangssök að tryggja bændum fulla tollvernd, sem þeir áttu samningsbundinn rétt á, og svona 30% betur á aðlögunartíma en taka þó örlítið tillit til neytenda? Svarið við þessu er einfaldlega að sá sem hefur einhvern skilning á því að það sem þarf að gerast í íslenskum landbúnaði og íslenskum matvælaiðnaði er að byrja að stíga fyrstu skrefin í átt til afnáms einokunar og opna fyrir örlitla samkeppni til þess að stuðla að lækkun vöruverðs og lækkun kostnaðar. Auðvitað hefðu þeir sem hafa slíkan skilning og hugsa þannig um efnahags- og atvinnumál farið þessa leið. Leið A, þá leið sem Alþfl. lagði til. Jafnvel hugsanlega fallist á einhverja málamiðlun í átt við það sem hæstv. fyrrv. fjmrh. Friðrik Sophusson lagði til þótt hún hafi verið óþörf. En þessi leið staðfestir bara eitt. Hún staðfestir enn einu sinni að hér er engin sanngirni í boði. Hér er farið offari í að fylgja fram ímynduðum hagsmunum landbúnaðarkerfisins sem hv. þm., fyrrum formaður landbn., er holdi gerður fulltrúi fyrir. Og það eru algjörlega sniðgengnir eðlilegir og réttmætir hagsmunir neytenda. Það er meira að segja í smáatriðunum sem tilgangurinn og andinn er

ljós. GATT-skuldbinding kveður á um að við höfðum undanþágu frá frjálsum innflutningi sem varðar dýrasjúkdóma eða smithættu. Það er hins vegar sú breyting á að það ber að gera það þannig að á grundvelli rannsókna og vísindalegra sannana verðum við að sanna málið. Nei, hérna er sagt að það sé bannað og undanþágan er bundin því að það sé síðan afsannað.

Í fyrri deilum um þessi mál var það gert í nafni sanngirninnar að sett var upp ráðgjafarnefnd. Þá varðaði það verðjöfnunargjöld samkvæmt EES-samningnum og slíkra samninga. Sett var upp ráðgjafarnefnd þriggja ráðuneyta þannig að ef upp kæmu álitamál eða ágreiningsmál mætti vísa til ríkisstjórnarinnar. Það er fellt niður þannig að þessi veika trygging sem neytendur hefðu þó kannski haft ef einhverjir fulltrúar þeirra hefðu verið í ríkisstjórninni er farin. Að sjálfsögðu er síðan hamrað á því hér og það innsiglað að fúskað er með verkaskiptingu í Stjórnarráðinu. Undir hvern heyra tollalög? Hæstv. fjmrh. Tollalög eiga að heyra undir hann. (Gripið fram í.) Nei, nei. En tollar í þessu tilviki varðandi þennan viðamikla lagabálk fara til Framsfl., hins eiginlega landbrh. Úthlutun á kvótum sem á auðvitað að heyra undir viðskrn. samkvæmt reglugerð um Stjórnarráðið fer til landbrn. þannig að flest er á sömu bókina lært.

Eitt er athyglisvert, sérstaklega fyrir fyrrum formann landbrn. og honum til lærdóms. Tekið er skilmerkilega fram á bls. 18 í greinargerð með frv. að bannað sé samkvæmt GATT að leggja á breytileg verðjöfnunargjöld en eins og kunnugt er stóð deila í heilan vetur vegna þess að hv. þm. vildi troða því ranga kerfi inn í löggjöf þannig að það yrði bindandi fyrir framkvæmd GATT-samningsins. Það er þó alla vega undirstrikað hér að slíkt hefði verið algert brot á GATT-skuldbindingum, svona fótnóta við þær deilur.

Hvaða pólitískar ályktanir er hægt að draga af þessu? Fyrir kosningar voru þessi mál til umræðu og sett á oddinn af okkur alþýðuflokksmönnum. Við vöruðum við afleiðingum þess ef niðurstaðan yrði sú að farin yrði ofurtollaleiðin. Við birtum almenningi margar upplýsingar um það hver verðmunur væri á lífsnauðsynjum, landbúnaðarafurðum milli Íslands og annarra landa, studdumst þar bæði við heimildir frá hagfræðideild Háskólans, frá Samkeppnisstofnun og utanrrn. Neytendasamtökin birtu slíkar upplýsingar og þeim bar í stórum dráttum saman. Við vöruðum við því að tekið væri einhliða tillit til sjónarmiða framleiðenda og milliliða og töldum einsýnt að kjósendur ættu að hafa í huga að þeir yrðu að sjá til þess að sjónarmið neytenda hefðu þarna sanngjörn áhrif.

Nú spyr ég þegar staðreyndirnar liggja á borðinu: Hver er afstaða Alþýðusambands Íslands í þessu máli? Hver er afstaða Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í þessu máli? Hver verður afstaða Neytendasamtakanna í þessu máli? Hver verður afstaða Þjóðvaka, Alþb., Kvennalista? Hver verður afstaða fulltrúa þingmanna Sjálfstfl. sem kosnir voru af frjálslyndum og umbótasinnuðum kjósendum þeirra, sem reyndar tryggðu Sjálfstfl. tvo þriðju hluta eða rúmlega það af atkvæðamagninu í Reykjavík og Reykjanesi? Ætla þeir rétt einu sinni enn að láta framsóknararmana í flokkum sínum svínbeygja sig til þess að gleypa þessa köku? Það verður merkilegt próf og mjög upplýsandi fyrir alla kjósendur í landinu.

Pólitískt séð er þetta mál í því samhengi að víðtæk samstaða er um það á Íslandi, ekki síst eftir þann árangur sem fyrrv. hæstv. ríkisstjórn náði almennt í efnahagsmálum að mikilvægt sé að varðveita verðstöðugleikann á Íslandi. Jafnframt erum við sammála um að við höfum orðið fyrir miklum þrengingum. Kaupmáttur hefur versnað og nauðsynlegt er að tryggja kjarabætur án þess að fara út í kollsteypupeiðir. Ég spyr: Hvaða leið er betur fær til þess að taka sanngjarnt tillit til neytenda og almennings, launþega í landinu, en að tryggja þeim lækkandi verð á lífsnauðsynjum, á matvælum, ef unnt er? GATT-samningurinn var kjörið tækifæri til þess að byrja að feta sig inn á þá leið. Ég hef aldrei fullyrt að það væri hægt að tryggja það í upphafi. Ég segi: Okkar eigin tilögur hefðu falið í sér a.m.k. 30% tollvernd umfram innanlandsverð. En við hefðum getað valið leið sem tryggði a.m.k. að við færum fyrstu skrefin í þessa réttu átt. En því miður. Það er ekki svo.

Nú er þetta mál í höndum þeirra fulltrúa meiri hluta Íslendinga sem eru kosnir á Alþingi til að gæta almannahagsmuna en ganga ekki erinda sérhagsmuna. Það verður fylgst vandlega með því hverjir standa uppi í því prófi og hvernig menn standa sig á því prófi.

Setjum þetta síðan aðeins í samhengi við landbúnaðarstefnuna. Þingmenn af landsbyggðinni, þingmenn bænda vita vel að hagur bænda hefur farið versnandi. Hlutur landbúnaðar í þjóðarframleiðslunni hefur farið minnkandi, hann er kominn niður í 2,8% af vergri landsframleiðslu. Vinnuaflsnotkun í landinu hefur farið minnkandi. Það hefur fækkað um 4.000 störf í óbreyttu kerfi frá árinu 1980. Tekjur bænda hafa lækkað meira en nemur tekjusamdrættinum í landinu, sauðfjárbænda sérstaklega. Ríkisútgjöld til landbúnaðarins hafa sem betur fer aðeins lækkað, en ég verð að segja af því að það er staðreynd að það er aðallega fyrir tilverknað ekki síðustu ríkisstjórnar heldur þeirrar þar á undan fyrir þann búvörusamning sem ég og minn flokkur beittum okkur gegn. Gallinn á búvörusamningnum var að hann festi í sessi þetta einokunarkerfi sem hefur haldið áfram að skerða framleiðslumöguleika og lífsbjargarmöguleika bændastéttarinnar í heild.

Þversögnin í núverandi landbúnaðarkerfi er þessi: Ríkið greiðir milli 5–6 milljarða kr. í beingreiðslur, framleiðslutengdar til bænda. Þessar beingreiðslur eru auðvitað framleiðsluhvetjandi. Það er verið að segja við bændur: Hérna fáið þið frá skattgreiðendum 5–6 milljarða til þess að þið framleiðið svolítið meira, því að verðið yrði hærra, framleiðslan yrði ella minni. Síðan kemur þetta sama ríkisvald bænda og segir: Nei, framleiðið þið minna og sett er upp greiðslumark, framleiðslustýring og kvóti, með þeim afleiðingum að það sem er að gerast í íslenskum landbúnaði er þetta: Bændur, sem sitja gróin bú með afskrifaðar fjárfestingar og gætu aukið framleiðslu sína og náð niður kostnaði, mega það ekki. Aðferðin sem beitt er er flat-

ur niðurskurður sem þýðir það að framleiðnin fer minnkandi, tilkostnaðurinn vaxandi. Þetta er með öðrum orðum efnahagsstjórn sem er sovésk og búið að fullreyna þar á bæ í 70 ár og endaði þar með ósköpum og er að enda hér með ósköpum. Ekki þarf að taka fram að þeir sem bera ábyrgð á þessu ástandi, þessu kerfi, þessu dapurlega ástandi og þessu árangursleysi eru ekki stimplaðir óvinir bænda, alþýðuflokksmenn, þeir hafa aldrei stýrt þessum málaflokki. Nei, það eru einkavinir þeirra, fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl.

Í kosningabaráttunni lögðum við alþýðuflokksmenn það til að í framhaldi af GATT yrði tækifærið notað og kvótakerfið afnumið. Beingreiðslur til bænda yrðu ekki lengur framleiðslutengdar heldur yrðu það grænar greiðslur í anda GATT. Hugsunin var að tryggja þeim afkomutryggingu. Bæði er það hugsunin um aðlögunartíma fyrir þá bændur sem þrátt fyrir allt kysu að bregða búi en vildu gera það a.m.k. með reisn og ganga ekki slyppir og snauðir frá eignum sínum. En hinir frjálsu framleiðendur gætu þá nýtt tækifærið til þess að stækka bú sín, ná niður framleiðslukostnaðinum. Jafnframt þyrfti að gera samvarandi breytingar á vinnslukerfinu því þetta hefur allt saman verið einokunarkerfi án kostnaðaraðhalds, án samkeppni. Niðurstaðan er sú að neytendur búa við eitthvert hæsta neysluvöruverð í heimi þrátt fyrir að bændur sjálfir eru með rýrnandi tekjur og versnandi afkomu og versti þriðjungurinn hörmungarafkomu undir fátæktarmörkum, hv. þm. Egill Jónsson, talsmaður þessa kerfis. GATT-samningurinn var þess vegna tækifæri til þess að byrja að feta okkur út úr vítahringnum.

Ég beitti mér fyrir því við skoðun á þessum málum meðan ég var utanrrh. að gerð var hagfræðileg úttekt á því hvað það mundi þýða, hvaða áhrif mundi það hafa ef við færum þessa leið: Ef við afnæmum kvótakerfið, aftengdum beingreiðslurnar og litum síðan á hvaða áhrif þetta hefði á framleiðni í landbúnaði, samkeppnisstöðu landbúnaðarins að nokkrum árum liðnum, eftirspurnaráhrif þar af leiðandi eftir íslenskum afurðum þar sem eftirspurnin eftir sauðfjárafurðum er t.d. síhrapandi, hún hrapar vegna þess að verðið stenst ekki samanburð.

Því næst var athugað hvaða áhrif þetta hefði á verð til neytenda, hvaða áhrif þetta hefði á ríkisútgjöld og hvaða áhrif þetta hefði á tekjur bænda. Það sem er athyglisverðast í þessu samhengi er að þessar lausnir, sem eru frambúðarlausnir byggðar á einhverri hugsun, einhverri framtíðarsýn í þessari mikilvægu atvinnugrein, leiddu til þess að rökstudd ástæða er til þess að ætla að afkoma bænda, bæði í sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu, mundi batna við þessar breytingar og batna umtalsvert. Það styðst við þau rök að menn mættu þá framleiða meira, þeir væru ekki undir kvótastýringu, þeir gætu lækkað tilkostnað og þeir gætu í gegnum milliliðakerfi sitt stuðlað að sams konar breytingum þar. Örvun til þessarar samkeppni með örlitlum innflutningi í anda GATT hefði sett þennan feril af stað. Að sex árum liðnum hefði íslenskur landbúnaður verið í miklu betri sporum. Á því er ekki nokkur vafi.

Virðulegi forseti. Þegar menn ræða með þessum hætti um vanda landbúnaðarins og tillögur til breytinga rennur hjörð framsóknarmanna beggja stjórnarflokkanna ævinlega í eina rétt. Og það eru ævinlega sömu rökin og sömu staðhæfingarnar sem eru endurteknar jafnt og þétt og þær eru þessar: Veit maðurinn ekki að landbúnaðurinn skapar störf í iðnaði? Veit maðurinn ekki að við búum við atvinnuleysi? Hefur maðurinn kannski engar áhyggjur af því að ef bændum fækkar yki það atvinnuleysið? Svar mitt er þetta: Sáuð þið sjónvarpsþátt í gær þar sem fulltrúi frá Nýfundnalandi var að ræða við fulltrúa í íslenskum sjávarútvegi, þar á meðal hv. þm. Einar K. Guðfinnsson frá Bolungarvík, og spurði: Hvað getum við lært af Íslendingum og íslenskum sjávarútvegi þar sem á Nýfundnalandi sitja tugir þúsunda manna við atvinnuleysi í óbreyttu kerfi, vonlausu kerfi, glötuðu kerfi og bíða? Það er landbúnaðarkerfið. Á því var gerður samanburður. Vita menn það að 4.000 störf hafa glatast í þessu óbreytta kerfi frá árinu 1980 og munu halda áfram að glatast í þessu óbreytta kerfi vegna þess að engin von er til þess að sá þriðjungur sauðfjárbænda svo að ég nefni dæmi — það er varleg áætlun sem er undir hungurmörkum — geti haldið þessu áfram jafnvel þótt hann hafi 30% tekjuauka af öðrum störfum? Það verður að breyta hér til. Lítið á skýrsluna sem kom út frá OECD í dag sem kemst að þessari niðurstöðu. Núverandi kerfi er vonlaust, það er komið á endapunkt, það gengur ekki. Það verður að afnema kvótakerfið, segja þeir eins og við og það er skynsamlegt að breyta framleiðslustýrðum beingreiðslum í grænar greiðslur, a.m.k. á sex ára aðlögunartímabili. Sama niðurstaðan.

Virðulegi forseti. Ég hef haldið mig við aðalatriðin, reynt að skýra hvað felst í þessu, hvað það er sem stjórnarflokkarnir eru að gera, hvernig þeir eru að telja almenningi í landinu trú um að þeir séu að gera eitthvað allt annað. Ég hef fært rök fyrir því að engin hugsun er í þessu til frambúðar. Þetta mun ekki verða bændum að neinu haldi vegna þess að þetta mun innsigla óbreytt ástand og óbreytt ástand fyrir íslenska bændastétt er vonlaust ástand. Það er forakt í þessu máli gagnvart sjálfsögðum, eðlilegum og réttmætum hagsmunum launþega í landinu.

GATT-samningurinn er tímamótasamningur og okkur Íslendingum væri nær að setja það í samhengi. Hver er ávinningur sem við höfum af honum þegar við horfum til útflutningsmarkaðar okkar? Hvað höfum við fengið á Bandaríkjamarkaði, Asíumörkuðum í gegnum GATT-samninginn? GATT-samningurinn er nauðvörn smáríkja sem byggja afkomu sína á milliríkjaverslun. En hvernig haldið þið að við munum bregðast við ef viðskiptalönd okkar settu á okkur reglur eins og þær sem við erum að bjóða þeim? Hvar er komin von landbúnaðarins um útflutning á vistvænum afurðum íslensks landbúnaðar ef viðskiptaþjóðir okkar beittu okkur sömu þröngsýninni, sömu afturhaldsseminni, sömu verndarstefnunni og við bjóðum þeim?

Virðulegi forseti. Ég vona satt að segja að þegar málið kemur til hv. efh.- og viðskn. verði lögð mikil

vinna í að upplýsa um það sem á vantar því vinnubrögðin við þetta frv. eru heldur ekki góð. Auðvitað áttu að fylgja því klár og kvitt dæmi um það hvernig þessum magntollum er beitt og dæmi um helstu afurðir, hvort það er rétt eða ekki rétt að þær fari upp fyrir tollabindindingar og hver verðlagsáhrifin eru í samanburði við smásöluverð í gildandi innflutningi. Það hefðu auðvitað verið sjálfsögð vinnubrögð í máli sem búið er að vera mörg ár í vinnslu. Það er ekki góð umsögn um þá sem að þessu hafa unnið að þeir skyldu ekki hafa gert það. En ég ætlast til þess að nefndin láti vinna starf sitt, hún fari rækilega ofan í saumana á málinu, almenningur verði rækilega upplýstur um hvað er rétt og hvað er rangt í málinu, hverjar eru staðreyndirnar vegna þess að þetta varðar ekki bara hagsmuni bænda sem er þó mikilvægt mál eins og fyrir þeim er komið, heldur hagsmuni allra neytenda og þar með allrar þjóðarinnar.

[15:00]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að ég hefði ekki gert nægilega góða grein fyrir málinu og hann ætlaði að bæta úr því. Það gekk ekki vel. Fyrir utan þessa ræðu um landbúnaðarmálin sem hann hefur oft flutt og er ágæt og ég kann orðið nokkurn veginn utan að, þá var allt í skötulíki varðandi málið sjálft og hann virtist ekki hafa lesið málið og gerði sig sekan um þekkingarleysi í grundvallaratriðum frv. Hann sagðist hafa fundið einhver tollnúmer sem færu upp fyrir tollabindingarnar. Ef það mundi nú gerast, hv. þm., þá dettur þetta dautt niður sjálfkrafa þannig að það skiptir ekki nokkru máli. Síðan segir þingmaðurinn að hæstv. landbrh. hafi geðþóttavald til að úthluta þessum lágmarksaðgangi. Landbrh. er skyldugur til að veita öllum sem sækja um innflutningsleyfi undir þessu skilyrði. Ef það koma fleiri að sækja um þá ræður hlutkesti. Hvar er geðþóttaákvörðunin? Hvar er spillingin sem fyrrv. ráðherrann talaði um og ætti nú að þekkja? Hann virðist ekki þekkja þetta.

Hann nefndi síðan Evrópubandalagið, að þar væri málum allt öðruvísi farið en í hinni hneykslanlegu meðferð okkar. En Evrópusambandið miðar við áþekka forskrift og við gerum, mismun á heimsmarkaðsverði og innanlandsverði, innansvæðisverðið, plús 20% en við erum með plús 30% vegna þess að við erum að hverfa frá banni yfir í heimildir sem þeir eru ekki að gera. Hv. þm. virtist ekki einu sinni vita þetta.

Hann sagði síðan að eitt hneykslið væri í því að ákvarða landbrh. forræði málsins. Hann er nýbúinn að vera að hneykslast á hæstv. félmrh. fyrir að skipta um skoðun milli þess að vera í stjórn og stjórnarandstöðu. Hann samþykkti sjálfur þá þáltill. sem ég las upp um að forræðið skyldi vera hjá landbrh. Svo er hann að veitast að hæstv. félmrh. fyrir það að skipta um skoðun í máli þessu.

Það virtist vera að hv. þm. hefði alls ekki kynnt sér málið nægjanlega og auðvitað fagna ég því ef hann fær tækifæri til þess í hv. efh.- og viðskn. En þetta eru bara nokkur atriði sem ég tel upp í stuttu andsvari þar sem ekki stendur steinn yfir steini í skýringum hv. þm.

[15:02]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hæstv. forsrh. var þrátt fyrir allt mun skýrari en framsöguræðan. Hann vék að fjórum atriðum: Í fyrsta lagi því að ef tollar, t.d. magntollar, fara umfram bindingar þá eigi bindingar að víkja. Það er rétt. Og spurningin er þess vegna einfaldlega sú: (**Forsrh.:** Nei, það er öfugt.) Nei, hvor sem hærri er ef tollskráin þýðir það að farið er umfram bindingarnar, það má ekki fara umfram bindingarnar. (**Forsrh.:** Þú sagðir það ekki.) Jú, jú, það er það sem ég er að segja. (**Forsrh.:** Þú segir það núna.) Þetta liggur fyrir og hefur löngum legið fyrir og er alveg ljóst. En það er ósvarað einni spurningu: Hvers vegna er verið að stilla upp í frv. tollskrá með samsettum tollum, verðtolli og magntolli, þar sem það gerist? Til hvers?

Í annan stað að því er varðar úthlutun á kvótum og hlutkesti ef fleiri sækja um en fá að því er varðar lágmarksmarkaðsaðgang. Við erum hér að tala um tvennt, lágmarksmarkaðsaðgang og óbreyttan markaðsaðgang. Úthlutunarvaldið er hjá landbrh. Það er rétt að það á að beita hlutkesti en það er ekki skynsamleg aðferð og ég gagnrýni hana vegna þess að skynsamlegri aðferð hefði verið sú að leita eftir því, ef það er verið að úthluta kvótum til innflytjenda hverjir koma með hagstæðast innkaupsverð og úthluta á þeim grundvelli samkvæmt útboðsreglum. Ef allt væri með felldu ættu neytendur að njóta ávinnings af hagstæðum innkaupum.

Að því er varðar Evrópusambandið þá duga ekki skýringar hæstv. forsrh. vegna þess að samanburðurinn á því sem þeir gera og því sem við gerum er allur annar en hann sagði vegna þess að það er reginmunur á því hvernig þeir meta raunverulegt innflutningsverð og bæta við 20% álagi og aðferð okkar sem er ímyndað heimsmarkaðsverð, 30% verðtollur og hinn umræddi magntollur sem er felutollurinn í okkar máli. Ef menn bæru saman niðurstöðurnar þá sæju þeir það svart á hvítu hvílíkur reginmunur er á þessu.

Að því er varðar forræði mála þá er einfalt mál að svara því. Það er alveg laukrétt að það var tilvinnandi af okkar hálfu í stjórnarsamstarfinu til að fá fram stofnaðild okkar að GATT að samþykkja það með fyrirvara um að við hefðum ráðgjafarnefnd í málinu. Hún hefur hins vegar verið svipt áhrifum. Hún átti þó að vera eins konar nauðvörn neytenda.

[15:05]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði í ræðu sinni áðan að varðandi lágmarksaðganginn hefði hæstv. landbrh. geðþóttavald, með öðrum orðum spilling eins og hv. þm. sagði. Ég held að hann hafi viðurkennt með þögn sinni að þetta var rangt hjá honum, hann hafi lesið skakkt. Því að varðandi lágmarksaðganginn þá fá allir sem sækja um. Ef menn sækja um of mikið magn eða fleiri en prósentin segja fyrir um þá gildir hlutkesti þannig að hæstv. landbrh. hefur ekkert með það mál að gera. Það er ekkert val sem hann hefur í þeim efnum. Þarna var hv. þm. að gefa í skyn hluti sem alls ekki fá staðist.

Hann hrósaði líka Noregi þrátt fyrir að hann segði að Noregur væri eitthvert versta verðjöfnunarland sem til þekktist en þeir sæju þó sóma í því að fara í tollabindingarnar og lækka þær, þ.e. gefa lækkunina strax. Sú lækkun nær nánast hvergi niður í það þar sem við byrjum. Það virðist líka hafa farið fram hjá hv. þm.

Við hljótum því að ætlast til þess að þegar hv. þm. finnur að því að ekki sé gerð nægjanlega og skýr grein fyrir málinu og hann ætli að skýra málið þá hafi hann kynnt sér það að lágmarki til og komi ekki með sleggjudóma af því tagi sem hann leyfði sér að gera hér.

Við gáfum sjálfir, ríkisstjórnin sem þá var, þetta tilboð um þessa ofurtolla, þessa tollabindingu. Það var okkar eigin tilboð sem var samþykkt. Til hvers var það gert? Til að tryggja okkar samningsstöðu út á við eins og aðrar þjóðir hafa gert. Ætlast menn til þess að Ísland eitt landa komi þannig fram við sinn landbúnað að hann ráði ekki við þessa breytingu? Það ætlar ekkert annað land að gera. Og þegar hv. þm. sagði: Hvað gera aðrar þjóðir ef við ætlum að bjóða þeim þess háttar reglur? Þetta eru sambærilegar reglur og Evrópusambandið ætlar að bjóða, Evrópusambandið sem hv. þm. hefur gríðarlegt álit á. Ég ætla að gleðja hv. þm. með því að það kom fram í skýrslum frá sendiráði okkar í Svíþjóð um áhrif aðildarinnar að Evrópusambandinu að fyrstu áhrifin voru þau að það er búið að fjölga starfsmönnum landbrn. í Stokkhólmi um 100. Það eru nú aldeilis fréttir fyrir hv. þm. að heyra það.

[15:07]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var samstaða í ríkisstjórninni um GATT-tilboðið á sínum tíma. Tollígildin eru ekki spurning um pólitíska samstöðu. Þau eru einfaldlega spurning um reikning. Við setjum upp þessi tollígildi og þau endurspegla það að verðmunurinn er gríðarlega mikill á milli verðlags innan lands og innflutningsverðs erlendis frá. Tollígildin eru því heimildarákvæði. Það er allt annað mál að leggja fram slíka útreikninga en að taka pólitíska ákvörðun um það hvaða tolla menn ætla að leggja á og um það hefur ekki verið samkomulag.

Að því er varðar úthlutun á kvótum þá er rétt að hér komi fram eitt atriði enn að því er snýr að völdum landbrh. í því efni. Það er ekki bara að landbrh. úthluti kvótum, þótt hlutkesti ráði ef þeir eru fleiri en einn. Málið ræðst nokkuð af framkvæmdinni og ræðst af því hvort um er að ræða örlítið magn eða hvort það er ríkjandi markaðsaðgangur sem verið hefur og getur verið umtalsverður. Það er einnig á hans valdi að haga þessu að því er varðar tímabilaskipti. Það var alltaf meginhugsun í gamla framsóknarkerfinu að hugsa sem svo: Það má kannski leyfa einhvern innflutning ef sannað er af hálfu Framleiðsluráðs landbúnaðarins að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn. Hugsunin var ekki um samkeppni heldur að útiloka samkeppni.

Það er ástæða til að ætla í ljósi reynslu að þeir séu enn við sama heygarðshornið.

[15:09]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það voru nokkuð athyglisverð orðaskipti sem hér fóru fram milli fyrrum samstarfsmanna í ríkisstjórn og maður komst ekki hjá því að hugsa að nú væri nokkurt vatn til sjávar runnið frá því að þeir sátu saman á rauðum plusssófa úti í Viðey, svo ekki sé minnst á atlotin þegar þeir voru að heilsast og kveðjast í þeirri lotu. Þau voru slík að það þótti jafnvel jaðra við brot á almennum, viðurkenndum velsæmisreglum á almannafæri.

Nú hafa vindar nokkuð breyst og maður skildi betur en áður hvers vegna Alþfl. var hent út úr Stjórnarráðinu fyrir nokkrum vikum síðan. Félagaástin var greinilega nokkuð farin að kólna í hjónabandi þeirra hæstv. forsrh. og hæstv. fyrrv. utanrrh.

Enn þá skemmtilegra væri að velta því aðeins fyrir sér hvernig ræða hæstv. utanrrh. hefði orðið á þinginu hefði hann eftir sem áður haldið áfram í ríkisstjórn og það komið í hans verkahring að bera ábyrgð á afgreiðslu málsins. Ef hin efnislega niðurstaða hefði orðið eitthvað á svipuðum nótum og er borin fram í frv. hefði þá hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson talað eins og hann gerði? (**JBH:** Var ekki hv. þm. í gær að tala um að tala ekki um pólitík í páskildagatíð?) Þetta er nærri okkur í tímanum, hv. þm., en ég skil að þetta sé viðkvæmt og ég skal falla frá því að ræða það frekar.

Einhvern veginn verkaði þetta á mann þannig að hv. þm. væri frelsinu afar feginn og léti það eftir sér að fara með himinskautum í sínum málflutningi. Ég verð að vísu að taka undir það með hæstv. forsrh. að í einu fannst mér hv. þm. skjöplast nokkuð og það dæmi sem hv. þm. tók var ekki gott vegna þess að ef menn fletta lengra en aftur á bls. 4 í viðaukanum, en þaðan tók hv. þm. dæmi sitt um alifuglana og las upp að þar væru 30% tollur og 603 kr. magntollur og út úr því kæmi verð af því tagi sem hann nefndi, 800 kr. eða guð má vita hvað það var, þá hefði hv. þm. átt að hafa á þann fyrirvara að ef farið er í viðauka um hámarkstollabindingar þá kemur þar önnur tafla sem rétt er að skoða og hún segir að sama vara getur að hámarki borið toll sem nemur 4,62 SDR á árinu 1995 eða 455% og skal ráða sú talan sem hærri er og mynda tollabindinguna eða hámarkstollinn. Það er augljóst mál að tölur af því tagi sem hv. þm. nefndi geta lent upp úr þessu þaki. Þá ræður hámarkstollabindingin. Ef um lágt innkaupsverð á vörunni er að ræða, þá augljóslega ræður þessi binding í SDR og setur þar með þak fyrir því hversu há jöfnunargjöldin eða tollarnir geta orðið. Það var í þessu sem ég held að hæstv. forsrh. hafi haft rétt þegar hann benti hv. þm. á að gæta sín vegna þess að hámarkstollabindingarnar eru lögfestar sem þak.

Það er líka rétt að minna á að þær eru samkvæmt tilboði Íslands sem hæstv. fyrrv. utanrrh. átti þátt í að senda út ásamt með öðrum sem á því báru ábyrgð.

Ég vil segja það, hæstv. forseti, í fyrsta lagi að það er nokkuð athyglisvert að á því herrans ári 1995 þegar komið er fram undir mitt ár skulum við enn vera að ræða lögfestingu á atriðum sem eiga sér upphaf í viðræðunum sem hófust í Punta del Este á árunum 1986

og það segir mönnum nú að þessir hlutir taka sinn tíma í alþjóðasamningum og það nálgast nú tíu ár frá því að þetta ferli hófst.

Ég held að það sé líka rétt að þetta komi fram vegna þess að það gerði það ekki, a.m.k. ekki ítarlega, í framsöguræðu hæstv. forsrh. að megintilgangur og meginefnisinnihald Úrúgvæ-niðurstöðu GATT-samninganna varðandi landbúnað er þríþætt. Það varðar það sem hér er til umræðu í fyrsta lagi og er markaðsaðgangur. Það varðar í öðru lagi innanlandsstuðning við landbúnað í aðildarlöndunum og það varðar í þriðja lagi útflutningsstuðning eða útflutningsuppbætur. Samningsniðurstaðan er þríþætt að þessu leyti til og samningsríkin skuldbinda sig til að skila tilteknum árangri á öllum þessum þremur sviðum, að opna fyrir markaðsaðgang vöru almennt og hverfa frá innflutningsbönnum, að draga úr innanlandsstuðningi og draga úr útflutningsuppbótum.

Það er athyglisvert að hér er eingöngu eitt af þessu þrennu til umræðu og af hverju er það? Það er vegna þess að Íslendingar hafa nú þegar gert þær breytingar í sínum landbúnaði varðandi hina þættina tvo sem fullnægja þeim skilmálum samninganna og reyndar miklu meira en það vegna þess að Íslendingar hafa þegar gengið miklu lengra í því að draga úr stuðningi við landbúnað sinn innan lands og þeir hafa fellt niður með öllu útflutningsuppbætur, nánast einir þjóða. Ég held að nauðsynlegt sé að hafa þetta í huga þegar þessi mál eru rædd í hinu almenna samhengi og það er ástæðan fyrir því að hér eru ekki til meðferðar lagabreytingar eða frumvörp eða breytingar sem varða t.d. stuðning við landbúnaðinn innan lands, útgjöld til landbúnaðarmála hér heima fyrir og þaðan af síður varðandi útflutningsuppbætur. Mér finnst þetta mjög vel mega vera með í farteskinu og ekki síst þegar málflutningur er með þeim hætti sem hv. síðasti ræðumaður hafði hér uppi en skilja mátti á honum að Íslendingar væru allra þjóða verstir á allan hátt í þessum efnum. En að þessu leytinu til höfum við þegar á okkar eigin forsendum og með sjálfstæðum ákvörðunum innan lands gert þær breytingar sem duga og miklu meira en það til að fullnægja samningsskuldbindingum okkar varðandi þessa tvo þætti.

Það liggur fyrir að útgjöld til landbúnaðarmála eru nú sem nemur 3–4 milljörðum kr. á ári minni en þau voru á þeim viðmiðunartíma sem GATT-ferlið tekur mið af, þ.e. árunum fyrir eða í kringum 1990. Það hefur líka komið fram að þetta hefur leitt til þess að Ísland er að þokast niður listann hvað varðar stuðning við landbúnaðarframleiðsluna og núna á skömmum tíma færst úr öðru sæti í það fjórða. Vel getur verið að menn geri lítið með það en það er þá a.m.k. þróun í þá átt sem ég held að menn geti fagnað.

Það sem ég tel ástæðu til að gagnrýna hér í byrjun er hversu seint málið er fram komið. Það er auðvitað fyrir neðan við allar hellur að við skulum ræða þetta í lok maímánaðar réttum einum mánuði áður en þessar breytingar eiga að ganga í gildi og innflutningur á að geta hafist samkvæmt þessum reglum. Vissulega var gefin ákveðin skýring áðan og lýsing hæstv. fyrrv. utanrrh., hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, á ástandi þessara mála í tíð fyrri ríkisstjórnar var afar athyglisverð og sagði allt sem segja þarf um það sem við höfum reyndar lengi haldið fram, að sú ríkisstjórn var með öllu óstarfhæf í þessum efnum. Á því bera náttúrlega fyrrv. stjórnarflokkar og flokkur hæstv. forsrh. mikla ábyrgð að málin eru í þeim farvegi sem þau eru.

Þetta gerir það að verkum að afar lítill tími er til að skoða þetta flókna mál. Afgreiðslu þess þarf að ljúka nú á vordögum og menn verða að reyna að nota þann knappa tíma sem eftir er til að undirbúa breytingarnar eins vel og kostur er. Og það er mjög miður að reglurnar skuli ekki hafa legið fyrir að mínu mati með hálfs árs fyrirvara að lágmarki þannig að aðilar í viðskiptalífinu og þeir sem eiga að standa að framkvæmdinni, viðkomandi ráðuneyti o.s.frv., hefðu haft eðlilegan tíma til undirbúnings.

Ég vil einnig segja að ég hef af því áhyggjur að viðbúnaður okkar gagnvart heilbrigðisþætti málsins sé ekki sem skyldi, þ.e. að ekki liggi þegar fyrir reglugerð og reglur um það hvernig t.d. eigi að fara með umsóknir sem okkur kunna að berast á næstu mánuðum um innflutning á hráu kjöti eða slíkum vörum sem við höfum talið okkur hafa vissa möguleika til að stöðva af heilbrigðisástæðum. Auðvitað veit ég að fyrir liggur almennt séð rökstuðningur okkar í þeim efnum en hvernig með málin skuli fara í einstökum atriðum virðist ekki vera ljóst og reglugerðir ekki komnar út um það efni. Það er miður að mínu mati.

Ég held að líka sé ástæða að staldra við nokkra þætti málsins og ég vil sérstaklega í því sambandi spyrja hæstv. forsrh. um tvennt eða fá útlistun hæstv. ráðherra ef sjútvrh. lætur af því að trufla hæstv. forsrh. um eina tvo þætti. Það varðar annars vegar þá aðferð sem er valin og má kannski segja að sé eðlileg eða sú eina sem fær er að setja fram í viðauka með frv. magntolla í krónum á einingu, krónum á kg eða krónum á stykki eftir því hvað við á án þess að nokkrar reglur séu um framreikning á þeim verðstuðlum. Nú er ekki hægt að gefa sér það að verðþróun geti ekki orðið ólík hér innan lands og í viðskiptalöndum okkar. Segjum að það verði meiri verðbólga og krónurnar rýrni. Þá virðist ekki vera um annað að ræða samkvæmt framlagningu málsins en það að flytja lagafrumvörp og breyta þessum föstu viðmiðunum hverju sinni og það er spurning hvort það er endanleg niðurstaða að ekki sé um aðra aðferð að ræða.

Það vekur athygli á hinn bóginn að hámarkstollarnir eða tollabindingin er sett fram í erlendri mynt, þ.e. SDR, og hún gildir væntanlega sem slík á öllum aðlögunartímanum en á móti varðandi magntollana gilda hinar íslensku krónur.

Ég vil einnig spyrja í sambandi við tollun á lágmarksmarkaðsaðganginum eða þeim vörum sem koma inn samkvæmt lágmarksmarkaðsaðgangi, þar er gert ráð fyrir 32% af hámarkstollabindingum sem skuli leggjast ofan á þá vöru. En sú hámarkstollabinding lækkar eins og kunnugt er og þar með væntanlega líka verðið á lágmarksmarkaðsaðganginum og það þýðir væntanlega að sá innflutningur fer lækkandi í verði á

viðmiðunartímanum. Það fannst mér alls ekki koma fram í máli hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar og þegar hann fullyrti að menn mundu engin áhrif sjá af gildistöku samningsins þá held ég að hv. þm. horfi a.m.k. algerlega fram hjá því að þetta magn kemur a.m.k. inn á mun lægra verði og það verð fer lækkandi samkvæmt þessu því að það verður þannig tollað að það verða 32% af hámarkstollabindingunni sem lækkar í áföngum á tímanum. Ég held í öllu falli að það hljóti að mega viðurkenna að neytendur muni verða þess varir. Það er að vísu ekki mikið magn, 3–5% hækkandi á tímanum af neyslu á viðkomandi vörusviði, en einhver áhrif mun það að sjálfsögðu hafa.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Er þetta óumflýjanleg útfærsla á þessu máli? Er þetta samningsbundið að tollun þessa lágmarksmarkaðsaðgangs skuli verða með þessum hætti og lækka á tímabilinu? Ef hæstv. landbrh. vill svara þá læt ég mig það einu gilda.

Aðeins nánar um þennan lágmarksmarkaðsaðgang sem mér segir svo hugur um að eigi eftir að verða aðalskemmtiefnið í umræðum um þessi mál á næstu árum. Þó að það ætti að vera tiltölulega lítill hluti þessa máls og óverulegur, samanber það magn sem þarna er á ferðinni, þá segir mér svo hugur um að það muni verða mesta þrótt á næstu missirum og árum að skakast eitthvað um þann þátt málsins. Mér fannst strax bera á því í umræðum áðan. Því það má auðvitað finna endalaust fleti á því að ræða um svona tiltölulega afbrigðilega viðskiptahætti eins og þarna eru að eiga sér stað. Og ég vil alveg hiklaust segja það sem mína skoðun að ég tel að þessi hluti eigi að hverfa um leið og eðlilegir viðskiptahættir komast á með þessar vörur ef svo má að orði komast, þ.e. innflutningur verður hér í boði á móti innlendri framleiðslu á einhverju því verði sem þar verður niðurstaðan að keppt skuli á, þá væri langeðlilegast að það yrði almenna reglan í framtíðinni en hinn svonefndi lágmarksmarkaðsaðgangur yrði tímabundið fyrirbæri og hyrfi síðan út úr myndinni vegna þess að það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að það er heldur óheppilegt og óeðlilegt á einum markaði að einhver lítill hluti viðskiptanna eigi sér stað á allt öðru verði og samkvæmt allt öðrum leikreglum heldur en viðskiptin að öðru leyti almennt. Það hlýtur að verka mjög truflandi og það hljóta að skapast alls konar vandamál í tengslum við það skömmtunarkerfi sem verður þá sett upp til að fá að velja úr þá sem fá að versla með þetta tiltekna magn o.s.frv. Ég er því alveg sannfærður um að þetta mun verða til eilífra vandræða og það mun verða af þessu eilífur ófriður þangað til menn koma þessu út úr heiminum. Ef þróunin verður sú sem almennt er reiknað með á grundvelli GATT-samninga og Úrúgvæ-ferlis þá held ég að þetta sé hlutur sem ætti að koma út úr heimnum á einhverjum tilteknum aðlögunartíma.

Ég segi svo um þá aðferð sem valin hefur verið í þessu frv. og nokkuð hefur verið til umræðu og hafa menn þá gjarnan talað annars vegar um ofurtollaaðferð og hins vegar um heildsöluverðsaðferð. Ég held að þetta lýsi vissum misskilningi og menn hafi kannski ekki áttað sig nógu vel á efnislegum forsendum málsins áður en þeir fóru að smíða sér þessar nafngiftir því að ég er ekki viss um að þegar upp er staðið þá skipti það neinu máli hvor aðferðin er þarna notuð, þ.e. um hina efnislegu niðurstöðu, endanlegt verð vörunnar. Ég er ekki viss um það. Það sem er fyrst og fremst á ferðinni er mismunandi aðferðafræði. Spurningin er um það annars vegar hvort tekið er mjög lágt heimsmarkaðsverð, bjagað heimsmarkaðsverð sem myndast vegna offramleiðslu í viðkomandi landi, í mörgum tilvikum vegna ríkisstyrkja og niðurgreiðslna, t.d. gagnvart þeirri framleiðslu sem byggir á kornrækt en það er gríðarlega niðurgreidd vara í heiminum eins og allir þekkja og Bandaríkjamenn setja þar nokkuð taktinn með sínum niðurgreiðslum og styrkjum til kornframleiðslu. Ofan á þetta mjög svo lága og í raun og veru óraunhæfa heimsmarkaðsverð eru síðan lagðir mörg hundruð prósent tollar og segjum bara að útkoman sé 500 kr. á kg viðkomandi einingar eða hvort tekið er innlent heildsöluverð sem er miklum mun hærra, ofan á það lagður magntollur og 30% af innkaupsverði. Ef útkoman er líka 500 kr. á kg, er þetta þá ekki bara „tátólógía", er þetta ekki spurning um nafngiftir og aðferðafræði? Ég held það. Þess vegna eiga menn fyrst og fremst að ræða það hvort er heppilegri útfærsla á málinu. Ég er kominn að þeirri niðurstöðu eftir að hafa skoðað þetta nokkuð og hef í raun og veru skipt um skoðun á svona um það bil einum sólarhring — og viðurkennist þar með að ég get gert það ef mikið liggur við — að ég held að þetta sé sennilega betri aðferð sem hér er valin í frv. vegna þess að það hefðu skapast margs konar vandamál af hinni. Ég held líka að það sé eðileg útfærsla að hafa þetta sambland af magntolli og verðtolli vegna þess að heimsmarkaðsverðið er mjög sveiflukennt og ofurtollur sem hefði lagst ofan á svo breytilegt verð hefði skapað ýmis vandamál. Magntollurinn, sem er fasti, tryggir ákveðinn stöðugleika í verðlagningunni hér þrátt fyrir tilteknar sveiflur í innkaupsverðinu þannig að ég get ekki annað, hæstv. forseti, en lýst mig í grófum dráttum heldur ánægðan með það eða tiltölulega samþykkan þeirri nálgun sem hér er valin með þeim fyrirvörum þó að auðvitað er þetta flókið útreikningslega og maður áskilur sér allan rétt til að hafa endanlega skoðun á því hvar hin raunverulegu mörk eiga að liggja. Það er mál sem ég treysti mér einfaldlega ekki til þess að segja mikið um án þess að hafa lagst í allmikla útreikninga og skoðun á því.

Varðandi aðferðafræðina þá held ég að þetta sé ekki óskynsamlegt og komi þokkalega út gagnvart öllum greinum nema kannski einni og það er grænmetið og garðyrkjan. Ég verð að segja það alveg eins og er að það er sú grein sem ég hef langmestar áhyggjur af í þessu sambandi vegna þess að mér sýnist augljóst að þar sé verndin tiltölulega minnst og þar eru líka breytingarnar innan lands mestar frá þeim viðmiðunartíma sem við erum hér að tala um, næstum 10 ár aftur í tímann. Það hafa gerst stórfelldir hlutir í innlendri grænmetisframleiðslu og garðyrkju á þessum tíma. Framleiðslan hefur aukist og orðið fjölbreyttari, framleiðslutíminn hefur lengst. Menn hafa tekið tækni

meira í sína þjónustu, lýsingu í gróðurhúsum, súrefnisgjöf og annað þar fram eftir götunum sem veldur því að burðir greinarinnar til að fullnægja þörfum innlends markaðar í dag eru miklu meiri og allt aðrir heldur en þeir voru á viðmiðunartímanum. Menn hafa líka að sama skapi fjárfest og lagt í mikinn kostnað til að vera í þessum færum og það er viss ástæða til að óttast að menn fái þetta ekki metið sem skyldi vegna þeirrar aðferðar sem hér er notuð. Ég er ekki að segja að það hefði verið auðvelt að komast fram hjá þeim breytingum sem þarna hafa orðið. En ég tel, og vil láta það koma fram sem mína skoðun, að það sé alveg sérstök ástæða til að fylgjast með því frá byrjun hvernig þessi grein kemur út úr málinu. Þó að enn þá meiri ástæða sé til að hafa áhyggjur af stöðu sauðfjárræktinnar, eins og hv. síðasti ræðumaður kom reyndar inn á, og mér fyndist ástæða til, þó að það megi kannski segja að það sé á mörkum þess að falla undir þetta dagskrármál beint, þá tel ég æskilegt að hæstv. landbrh. veitti okkur hér í umræðunni einhverjar upplýsingar um það hvað er á döfinni þar gagnvart þeirri grein. Ég veit ekki hvort okkur gefast önnur tækifæri til að ræða almennt stöðuna í landbúnaðinum og allt þetta á sitt undir þeim breytingum sem hér eru að verða og sauðfjárræktin ekkert síður en aðrar greinar sem eru nú að fá á sig þessa samkeppni, og er þó víst ekki á bætandi það markaðshrun sem er þar orðið, ef hæstv. ráðherra gæti þá eitthvað farið yfir það í leiðinni.

Síðan að lokum, hæstv. forseti, því að ég ætla þrátt fyrir þann mikla áhuga sem Alþfl. hefur sýnt á landbúnaðarmálum með því að óska eftir því í nafni þingflokksins að fá tvöfaldan ræðutíma ekki endilega að þrautnýta hann og ber þá nýrra við ef þeir alþýðuflokksmenn eru kappsamastir um að halda hér uppi miklum og löngum umræðum um landbúnaðarmál undir að vísu tilteknum formerkjum, það skal viðurkennt, vil ég segja það að í heildina tekið held ég að þetta frv. feli í sér tiltölulega eðlilega framkvæmd á þeim samningsskuldbindingum sem við höfum tekið á okkur. Það er mér vitanlega ekki nein deila um það á Íslandi að við eigum að vera aðilar að þessum samningum og ég tek það a.m.k fram fyrir mitt leyti og míns flokks að við höfum frá byrjun stutt það og reiknað með því og ekki séð að nein efni væru til annars en við værum þátttakendur í þessu ferli eins og velflestar aðrar þjóðir enda er hér um að ræða tilraun til þess að komast á nánast alheimsskipan í viðskiptum sem afar hæpið er að nokkur þjóð sem ekki ætlar meira eða minna að einangra sig frá veröldinni sé ekki með í. Þess vegna er ekkert um það að ræða hér að hverfa frá því heldur eingöngu hitt hvernig við útfærum og stöndum að því að uppfæra okkar samningsskuldbindingar. Við ætlum að sjálfsögðu að gera það þannig að við efnum það sem við höfum undirgengist og ég ætla ekki að í neinum tilvikum sé verið að gera annað þó að hv. síðasti ræðumaður léti reyndar í einu tilviki að því liggja að um brot á GATT-samningnum sjálfum gæti verið að ræða sem ég held að sé mál sem þurfi að skoða nánar.

Hér er sem sagt verið að færa yfir í tolla þá vernd sem áður var fólgin í beinum innflutningsbönnum og ég held að þeim sé beitt með þeim hætti að það sé alveg ásættanlegt, hvorki með offorsi á einn veg né annan. Ég vil benda á það að hér er að sjálfsögðu verið að nýta heimildir sem við höfum til þess að breyta þeirri vernd sem áður fólst í innflutningsbönnum í tollvernd. Það er á okkar valdi að ákveða hvort eða í hvaða mæli við beitum þeim heimildum, nýtum okkur þær. Með öðrum orðum er líka á okkar valdi á hvaða stigi málsins sem er að lækka þá tolla. Mér fannst hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson algerlega horfa fram hjá þeim möguleika þegar hann talaði um það eins og hér hefði gerst einhver óhæfa sem kæmi til með að standa sjálfkrafa í sex ár eða lengur, allan aðlögunartímann. Það er að sjálfsögðu ekkert sjálfgefið. Ef mönnum sýnist að í einhverjum tilvikum hafi menn farið offari eða menn hafi ekki gert nóg til þess að skapa innlendri framleiðslu möguleika til þess að lifa af í samkeppninni þá geta menn breytt því innan þess ramma sem hámarkstollabindingarnar leyfa. Ég tel hiklaust að menn eigi að hafa það opið að skoða að hálfu til einu ári liðnu hvernig einstökum greinum hefur reitt af eða lítur út fyrir að þeim sé að reiða af. Ég minni þar aftur sérstaklega á græna geirann.

Ég held að það sé líka ljóst mál að það er erfitt að gagnrýna það að fara varlega í upphafinu þar sem um heimildir er að ræða og ég minni á að þegar við gengum í EFTA þegar íslenskur iðnaður fékk á sig samkeppni þá fékk hann langan aðlögunartíma. Ætli það hafi ekki verið svo að við höfum verið saman í ríkisstjórn, ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, þegar verið var að fella niður síðustu leifarnar og eftirhreyturnar af tilteknum jöfnunargjöldum og dóti sem var meira og minna beinn og óbeinn arfur af vernd sem innlendum iðnaði var í upphafi tryggð þegar hann fékk á sig samkeppni næstum 20 árum áður. Ætli það sé þá ekki þannig að það sé ekki ósanngjarnt að horfa til þess að íslenskur landbúnaður, sem er að þessu leyti og mörgu öðru leyti að ganga í gegnum umbyltingu á sínu starfsumhverfi á þessum árum, fái eðlilega aðlögun og eðlilega vernd. Ég held að það sé heldur enginn ágreiningur um það í þjóðfélaginu nema ef vera skyldi að einhver hluti þingflokks Alþfl. sé á móti því en aðrir eru það ekki, held ég. Við getum ekki reiknað með því að atvinnugrein af því tagi sé hent út í gjörbreytt starfsumhverfi án þess að hafa aðlögunartíma og möguleika á því að fóta sig.

Hitt er alveg jafneðlilegt að hér sé minnt á réttmæt sjónarmið neytenda í þessu efni og þeir fá líka sitt með þessum breytingum. Það finnst mér ekki rétt að vanmeta. Hér mun verða meira vöruúrval. Þessi lágmarksmarkaðsaðgangur kemur til á mun lægra verði og verð fer lækkandi. Það er t.d. augljóst mál að tollarnir á hluta bannvörunnar, sem svo hefur verið fram að þessu, munu fara lækkandi á aðlögunartímanum vegna þess að hámarkstollabindingarnar koma til með að setja þá niður. Ég hygg t.d. að í dæminu sem hv. þm. tók af kjúklingum sé alveg augljóst mál að þegar líður á aðlögunartímann, þegar kemur fram undir árin 1998–2000 og verður hámarkstollur, t.d. á alifuglum af

því að hv. þm. eru þeir ákaflega kærir eins og kunnugt er, hvort sem það er nú kalkúnar eða fætur af einhverjum slíkum kvikindum eða eitthvað annað, kominn niður í 4 SDR. Þá held ég að það sé alveg augljóst mál að þakið verður á síðustu árunum farið að færa tollverndina niður úr þeim tölum sem hv. þm. var að tala um áðan og nefna hagkaupsverðið í því sambandi. Þá verður hámarkstollurinn samkvæmt SDR-þakinu kominn í um 400 kr. eða niður fyrir 400 kr. og þá verður þakið farið að verka. Þróunin verður líka í þá átt í mörgum fleiri vöruflokkum en þeim sem koma til sögunnar vegna lágmarksmarkaðsaðgangsins.

Auðvitað er, hæstv. forseti, endalaust hægt að deila um hvað sé eðlilegur upphafspunktur í þessu. Ég veit ekki hvort eru til svo sem nokkur vísindi til að finna það absalút út þó menn lægju yfir því alveg dögum oftar. Ég held að það hljóti bara fyrst og fremst að verða reynslan sem sýnir það hvernig til tekst og þar skiptir náttúrlega fleira máli en bara tollarnir og verð á innfluttri vöru. Það skiptir ekki síður máli hvernig við stöndum að vígi hér, hvaða árangri við náum í að lækka verð innan lands og hafa rekstrarskilyrði og starfsskilyrði innlendrar framleiðslu og innlendrar úrvinnslu og innlends iðnaðar á þessu sviði þannig að hann geti keppt. Mér finnst það gleymast líka svolítið í þessari umræðu að þetta snýst ekkert síður um samkeppnisskilyrði tiltekins hluta iðnaðarins í landinu en bændanna sjálfra. Ætli það sé ekki þannig að sá atvinnurekstur sem menn mundu kannski hrökkva mest við ef færi illa út úr þessari samkeppni verði á höfuðborgarsvæðinu og í þéttbýlinu þar sem er úrvinnslan og iðnaðurinn, t.d. allur kjötiðnaðurinn og allur mjólkuriðnaðurinn því þar liggja ekki síst störfin og verðmætisaukinn í þessum greinum? Það getur vel verið að með því að breyta styrkjum og beingreiðslum yfir í óframleiðslutengda styrki, grænar greiðslur eða hvað sem menn nú vilja kalla það, væri hægt að slá í sjálfu sér einhverja skjaldborg um a.m.k. verulegan hluta af bændastéttinni og framleiðslu þeirra, en það mundi ekki sjálfkrafa leysa þann vanda sem úrvinnslan og iðnaðurinn stendur frammi fyrir í því sambandi ef menn ekki tryggja þeim hluta líka eðlileg starfsskilyrði.

Hæstv. forseti. Þetta mál er talsvert flókið og ég held að það sé hættulegt að ætla sér að reyna að einfalda það eitthvað. Það er einfaldlega þannig að hér er um margslungið mál að ræða og það eru ýmis hugtök í gangi sem eru kannski lítt rökstudd eða útskýrð eins og umræðan um ofurtolla annars vegar og heildsöluálagningaraðferðir hins vegar. Ég hef líka rekið mig á það að ýmsir halda að til sé eitthvað absalút fyrirbæri sem heitir heimsmarkaðsverð á búvörum sem er mikill misskilningur. Það er afar vandasamt að taka slíkar viðmiðanir og enn óútreiknanlegra að átta sig á því hvað á bak við liggur, hvernig það verður til í einstökum tilvikum. Eitt er næsta víst og það er að það er sjaldnast nokkuð til sem er heimsmarkaðsverð og er í einhverju rökrænu samhengi framleiðslukostnaðar viðkomandi vöru. Það er þá kannski helst hægt að segja að það sé kjötframleiðsla nokkurra þjóða sem byggja sinn landbúnað upp algerlega eða næstum því algerlega án styrkja og stuðnings svo sem eins og Nýsjálendinga og kannski að einhverju leyti vissra Suður-Ameríkuþjóða. En þegar kemur nær okkur og verð t.d. á offramleiðslu í Evrópubandalagslöndum og öðrum slíkum svæðum koma við sögu, þá er það úr öllu samhengi við raunverulegan framleiðslukostnað og það verða menn að hafa í huga þegar þessir hlutir eru bornir saman, líka þegar þessi ofurtollaumræða er uppi.

Ég ítreka svo að lokum, hæstv. forseti, að það er vont að þetta mál skuli vera svona seint fram komið og að þingið skuli hafa jafnstuttan tíma til að fjalla um það og raun ber vitni. Mér er alveg ljóst að það er ekki um annað að ræða en ljúka afgreiðslu þess. Menn verða að taka sér þann lágmarkstíma til þess sem óhjákvæmilegur er en það hefði verið ástæða til að þingnefndir, bæði efh.- og viðskn., sem væntanlega fær þetta mál til umfjöllunar, og síðan einnig nefndir eins og hv. landbn. og utanrmn. fengju nokkra sólarhringa a.m.k. til að fara sæmilegan ofan í saumana á þessu. Ég get tekið undir það með hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að framsetning málsins er ekki að öllu leyti góð. Ég hugsa að það hafi vafist fyrir fleirum en mér að skilja það við fyrsta yfirlestur og það er hárrétt að það hefði verið til bóta að hafa t.d. töflur þar sem raunveruleg dæmi væru tekin og útskýrð. Það hefði kannski auðveldað mönnum eitthvað að nálgast málið, en e.t.v. verður það unnið þannig í þingnefndum að þegar málið kemur þaðan þá verði það auðlæsara venjulegum mönnum.

[15:42]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vegna þess sem hv. þm. spurði um og eðlilegt að um sé spurt varðandi lágmarksmarkaðsaðganginn vegna þess að mér skilst að það hafi stangast á upplýsingar sem ég gaf í minni tölu í upphafi og það sem sérfræðingar á fundi þingflokks Alþb. í morgun sögðu. Það sem kom fram í minni ræðu er hið rétta í málinu að það er ekki gert ráð fyrir því að 32% tollarnir lækki.

Varðandi tollabindingarnar og verðbólguvernd í þeim þá er því til að svara að tollabindingarnar eru alþjóðleg skuldbinding í SDR eins og nefnt var en tollurinn er hinn innflutti tollur. Við þurfum hins vegar ekki endilega að gera því skóna, eins og er jafnan gert, að hin erlenda tala taki ekki verðbreytingum með sama hætti og okkar og ég býst við því að reynslan undanfarin ár sýni að verðbreytingar séu svipaðar, jafnvel minni hér á landi, en svo er svigrúm að mæta því með lagasetningu innan lands.

[15:44]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessi svör. Ég tók einmitt eftir því að það var misræmi milli þess sem upplýst var af sérfræðingum í okkar þingflokki í morgun og því sem hæstv. forsrh. tekur hér fram og hæstv. forsrh. og hans skilningur ráða sem eðlilegt er. Það er upplýst að þessir 32% tollar muni ekki lækka. Ég skil það þá svo að sú tala standi óbreytt frá upphafsverðinu og upphafspunktinum. Þá verð ég að sjálfsögðu líka að draga

til baka það sem ég sagði að verð þessa lágmarksmarkaðsaðgangs mundi sjálfkrafa af þessum sökum fara lækkandi. Það gæti þess vegna orðið óbreytt út samningstímann og þá er það upplýst og skýrt.

Varðandi hitt atriðið þá er það hárrétt að ef til að mynda verðþróun yrði sú að verðbólga yrði meiri í okkar viðskiptalöndum að þessu leyti til en hér á Íslandi þá mundi tollverndin sem fólgin væri í magntollinum fara vaxandi. Ef hún verður sú sama þá verður þetta óbreytt og ef verðbólgan í viðskiptalöndunum verður minni þá fer aftur tollverndin lækkandi. Það er niðurstaðan að þessu sé ekki hægt að breyta nema með sjálfstæðri lagabreytingu hverju sinni. Ef þarna skapast misræmi verður að leiðrétta það með lögum og þá er það niðurstaða sem menn standa frammi fyrir.

[15:45]

**Ágúst Einarsson** *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vildi biðja hæstv. forseta um að upplýsa um venjur við svona umræðu. Hér er verið að fjalla um mál sem kynnt var af hálfu ríkisstjórnarinnar sem eitt aðalmál þingsins. Ég sé í fundarsal afskaplega fáa þingmenn og vek athygli á því að hér er verið að fjalla um verulegar breytingar á tollalöggjöf og fjmrh. er ekki hér til að hlusta á það. Má vera að hann hafi fjarvistarleyfi, ég greip það ekki í byrjun fundar. Ég sé ekki formann landbn., ég sé engan flokksmann hæstv. landbrh. Ég veit vel að það er engin mætingarskylda hér á fundum en ég bendi á að hér eru mættir tveir þingflokkar bæði Kvennalista og Þjóðvaka. Ég minni líka á það að þingflokkur Alþfl. óskaði eftir sérstökum ítarlegum tíma í þetta mál og lagði áherslu á mikilvægi þessarar umfjöllunar. Ég vildi gjarnan að hæstv. forseti upplýsti okkur, a.m.k. þá sem um langt skeið hafa ekki setið hér á fundum, hvort þetta sé sú umgjörð bæði af hálfu ríkisstjórnar og annarra sem við megum búast við þegar við erum að fjalla um mjög svo mikilvæg mál eins og þau voru kynnt.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Vegna fyrirspurnar hv. þm. verður að svara því svo að það er ekki óvenjuleg umgjörð að ekki séu mjög margir þingmenn í þingsalnum, en það eru 38 þingmenn í þinghúsinu og þeir hafa sjálfsagt margir hverjir möguleika á að fylgjast með umræðum þó að þeir séu ekki í þingsalnum, án þess að mér sé kunnugt um það. Hæstv. fjmrh. var í salnum fyrir skömmu og er í húsinu.

[15:48]

**Jóhanna Sigurðardóttir**:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umræðu um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, sem felur í sér breytingar á löggjöf um innflutning og vöruviðskipti í framhaldi af aðild okkar að GATT, mun hafa veruleg áhrif á íslenskan landbúnað og kjör og hagi bænda og neytenda. Þess vegna er mjög mikilvægt að vel sé til þess vandað og að Alþingi Íslendinga taki sér þann tíma sem þarf til að fara yfir frv. og áhrif þess á ýmsa þætti, ekki bara hag bænda og neytenda heldur einnig á afkomu ríkissjóðs og efnahagsmálin í heild.

Það er mjög mikilvægt, eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að landbúnaðinum verði gefið svigrúm til þess að aðlaga sig þessum breytingum og hér þarf auðvitað að fara hinn gullna meðalveg þannig að ávinningurinn af GATT-samningnum skili sér bæði til neytenda og bænda og þjóðarinnar sem heildar. En ég verð að segja að ég hef ákveðnar efasemdir í þessu máli um það að þær aðferðir sem hér eru lagðar til varðandi beitingu tollígildanna skili sér til neytenda.

Það er vissulega ekki einfalt að sjá af lestri frv. hvaða áhrif það hefur á þessa þætti og það er nauðsynlegt að fá fram nánari útreikning og mat ýmissa aðila á mikilvæga þætti þessa máls. Tek ég undir það sem fram hefur komið að þetta hefði mátt vera skýrara í því frv. sem hér er til umræðu vegna þess að það er vissulega rétt að hér er um flókið og margslungið mál að ræða. Ég nefndi að það væri nauðsynlegt að fá fram ýmsa útreikninga á áhrifum þessara breytinga og þá miða ég við það hvaða áhrif það hefur ef um raunverulega samkeppni verður að ræða og ef um raunverulegan innflutning verður að ræða að því marki sem heimilað er en þar hef ég ákveðnar efasemdir uppi.

Ég hef undir höndum skýrslu sem unnin var fyrir utanrrn. um íslenskan landbúnað og GATT frá mars 1995. Þar er reynt að meta nokkra þætti þessa máls og hvaða áhrif þessar breytingar muni hafa á íslenskan landbúnað til lengri og skemmri tíma litið. Í skýrslunni kemur m.a. fram að á sl. 14 árum hefur vinnuaflsnotkun í landbúnaði minnkað um sem svarar 4 þús. ársverkum og tekjur bænda hafa dregist umtalsvert saman ekki síst sauðfjárbænda, en nýjustu útreikningar sýna að margir bændur búa við mjög kröpp kjör og hafa sér til framfærslu varla meira en sem nemur hálfum atvinnuleysisbótum. Við hljótum því að spyrja líka í framhaldi af þeim breytingum sem verða með samþykkt frv. hver áhrifin verða á vinnuaflsnotkun í landbúnaði með þeirri breytingu sem við erum að innleiða hér og hvort landbúnaðurinn sé í stakk búinn til þess að mæta þeirri samkeppni sem innflutningur á landbúnaðarvörum kallar á. Síðan hljótum við einnig að spyrja hver verði aðstaða þeirra bænda og fjölskyldna þeirra sem neyðast til að hætta búskap í kjölfar aukins innflutnings.

Síðan er það ávinningurinn fyrir neytendur. Hver verður hann? Það er mikilvæg spurning einnig sem við þurfum að kryfja til mergjar áður en frv. verður afgreitt frá þinginu. Það er áætlað að landbúnaðarvörur séu hér á 20–35% hærra verði en að meðaltali í OECD-löndunum og 15–25% dýrari en að meðaltali í ESB-löndunum. Í þeirri skýrslu sem utanrrn. hefur látið gera er mjög dreginn í efa ávinningur fyrir neytendur, en þar segir m.a. að vörur sem fluttar eru inn í landið á 32% af hámarkstollum GATT-samningsins séu dýrari en landbúnaðarvörur hér heima. Það þýðir að verðlag á þessum vörum mun ekkert lækka fyrir tilstuðlan samningsins. Mér finnst athyglisvert sem fram kemur í þessari skýrslu að því er haldið fram að vörur sem fluttar séu inn í landið á 32% hámarkstollum GATT-samningsins séu dýrari en landbúnaðarvörur hér

heima, þýðir að verðlag á þessum vörum muni ekkert lækka fyrir tilstuðlan samningsins.

Ég tel mjög brýnt að það sé skoðað hvort allt sé sem sýnist í þessu máli þegar því er haldið fram að ekki sé verið að leggja á neina ofurtolla, eins og sumir hafa kallað það, heldur eigi einungis að miða við að innflutningsvaran verði 30% dýrari en sú íslenska. Og maður spyr: Er ekki það rétta í málinu að við séum í raun og sanni að verðleggja vöruna út af markaðnum þegar málið er krufið til mergjar?

Samkvæmt útreikningum sem fyrir liggja frá Neytendasamtökunum má nefna dæmi sem sýna fram á að innflutningur verður varla fýsilegur á ýmsum landbúnaðarvörum. Það kemur fram í útreikningum sem Neytendasamtökin hafa sett fram að t.d. er verð á innlendu smjöri 265 kr. en lágmarkstollur á heildsöluverði 673 kr. Ef um innflutning á þessu smjöri væri að ræða þá værum við að tala um 240% álagningu en ekki 30% álagningu ofan á innlent verð eins og haldið er að neytendum. Fleiri dæmi mætti nefna í þessum útreikningum Neytendasamtakanna og maður spyr hversu raunhæft það er sem hér er verið að setja fram.

Það sem máli skiptir hér er það sem fram kom í máli síðasta ræðumanns, við hvað er verið að miða? Er verið að miða við þetta svokallaða heimsmarkaðsverð sem hv. síðasti ræðumaður kallaði bjagað heimsmarkaðsverð, eða er hér verið að miða við heildsöluverð? Ef verið er að miða við heimsmarkaðsverð þá spyr maður hversu raunhæft það sé. Er það ekki raunhæft að innflutningur á flestum af þessum vörum verði ekki til staðar á heimsmarkaðsverði? Það finnst mér vera nokkur lykilspurning í þessu máli þegar við erum að meta hvað þetta skilar neytendum. Ef við tökum t.d. eina tegund matvöru eins og jógúrt þá var þegar við gerðum okkar tilboð á heimsmarkaðsverði miðað við 7 kr. Telur nokkur að við fáum innflutt jógúrt á því verði? Ég hygg að það sé miklu raunhæfara að miða við heildsöluverð eins og hér hefur verið gert af hálfu Neytendasamtakanna til þess að sýna okkur ávinninginn fyrir neytendur. Það væri fróðlegt að fá það t.d. fram hjá hæstv. fjmrh. og ég spyr hæstv. forseta hvort hann sé ekki til staðar til að hlýða á þessa umræðu.

(**Forseti** (ÓE): Hæstv. fjmrh. þurfti að víkja frá en kemur aftur.)

Þá væri ágætt að hæstv. forsrh., sem mælir fyrir þessu máli, sé til staðar til þess að svara spurningum sem fram eru bornar í þessu mikilvæga máli.

(**Forseti** (ÓE): Hæstv. forsrh. er í húsinu. Forseti gerir ráðstafanir til að hann komi í salinn.)

*Því sem ég hef hug á að spyrja getur hæstv. landbrh. kannski svarað.* Ég hef dregið í efa að um nokkurn ávinning sé að ræða fyrir neytendur miðað við þá viðmiðun sem hér er notuð en hvað áætlar landbrh. eða fjmrh. að þessir tollar á innflutningi skili í ríkissjóð í tekjum? Um hvaða upphæð er þar að ræða? Ef þeir búast við einhverjum innflutningi hvað er það mikill innflutningur sem þeir búast við miðað við þau tollígildi sem hér er beitt?

Mér býður í grun að það verði ekki um neinn innflutning að ræða miðað við tollígildin eins og þeim á að beita og þær viðmiðanir sem hér eru notaðar vegna þess að það segir sig sjálft samkvæmt útreikningum Neytendasamtakanna að ef við erum að tala um smjör á 673 kr. og osta á 1.030 kr. kg þegar hið innlenda er 545 kr. þá getur varla orðið um mikinn innflutning eða samkeppni að ræða. Ég held að það sé mjög mikilvægt þó að við viljum sjá til þess að landbúnaðurinn geti aðlagað sig að þessum breytingum að þessi samningur skili sér líka til neytenda og það tel ég alls ekki að sé gert með þessum hætti. Það er reyndar athyglisverður þessi útreikningur Neytendasamtakanna vegna þess að hann sýnir líka m.a. að verð á brauðosti miðað við annars vegar lágmarkstoll og hins vegar innflutning með rauntollum, þ.e. það sem flutt er inn fyrir utan lágmarksinnflutning, þá virðist sá síðarnefndi vera lægri, þ.e. innflutningur með rauntollunum, að því er varðar sérstakar tegundir. Mér virðist að þær upplýsingar sem fram koma hjá Neytendasamtökunum sem sýna raunverulegan toll allt frá um 30% upp í 240% kalli á það, sem hefur reyndar verið nefnt í þessum ræðustól við umræðuna, að það þurfi að liggja nákvæmir útreikningar og dæmi um það hvaða áhrif þetta hefur á einstakar matvörur.

Ég held að allir séu sammála því að til þess sé ætlast að innflutningurinn sem á að leyfa skili sér að einhverju leyti til neytenda um leið og við hljótum líka að veita landbúnaðinum viðunandi svigrúm til þess að aðlagast þessum breytingum. Því held ég að það sé mikilvægt að það sé skoðað sérstaklega í nefnd hvaða áhrif þessi innflutningur mun hafa fyrir neytendur og tel, virðulegi forseti, að ekki sé allt sem sýnist í þessu máli.

Annað sem ég tel ástæðu til að nefna og tengist meðferð tollígildanna eru þær viðmiðanir sem eru notaðar við útreikning og skýrðar eru á bls. 22 í frv. en þar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Síðan á viðmiðunartímabilinu (1986–1988) hafa orðið gengisbreytingar auk verðbreytinga innan lands og utan þannig að væru tollígildin reiknuð á núgildandi verðlagi yrðu þau til muna lægri. Því var talið eðlilegt að við breytingu innflutningshafta í tolla yrði ekki miðað við að fullnýta tollabindingarnar heldur verði tollar í aðalatriðum miðaðir við endurskoðuð tollígildi er taki mið af verðlagi ársins 1995."

Í þessu sambandi vil ég aftur vitna til skýrslu Þjóðhagsstofnunar um GATT, landbúnaðinn og þjóðarbúið. Þar segir að því er þetta varðar, virðulegi forseti:

„Við útreikninga á innanlandsstuðningi hefur verið ákveðið að miða við árið 1988 vegna þess að það ár *var söluskattur á matvæli tekinn upp en niðurgreiðslur* auknar á móti á ákveðnum afurðum. Þessi aðferð felur raunar í sér hættu á tvítalningu tollígilda og enn frekari yfirtollun ef tollígildin eru reiknuð á öðru tímabili en 1988."

Þetta vekur því spurningu um hvernig gengisbreytingar og verðbreytingar innan lands eftir 1988 koma inn í þessa útreikninga því að tollar eru í aðalatriðum miðaðir við endurskoðuð tollígildi er taki mið af verðlagi 1995. Þetta finnst mér nokkuð stangast á við það sem kemur fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar frá 1992.

Tollígildin taka samkvæmt upplýsingum í greinargerðinni mið af af verðlagi ársins 1995 og ég spyr: Er hugsanlegt að það feli í sér tvítalningu tollígilda eins og Þjóðhagsstofnun bendir á eða hvaða samhengi er þarna á milli?

Í því sambandi, af því að Þjóðhagsstofnun gerði mjög ítarlega úttekt á áhrifum af GATT-samningnum, bæði á landbúnaðinn og þjóðarbúið á sínum tíma, á árinu 1992, vil ég spyrja hvort Þjóðhagsstofnun hafi verið látin endurmeta það sem hún setti fram á árinu 1992 miðað við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um beitingu tollígildanna og fram kom í þessu frv.? Ég tel mjög mikilvægt að Þjóðhagsstofnun verði fengin til að endurmeta þá þætti sem hún lagði mat á árið 1992 vegna þess að þar kemur mjög margt fram og þar gaf Þjóðhagsstofnun sér ákveðnar forsendur þar sem ekki lá fyrir hvernig beitt yrði þessum tollígildum og því kalla ég eftir því hvort mat Þjóðhagsstofnunar liggur fyrir í þessum efnum. Ef ekki þá tel ég nauðsynlegt að nefndin, sem fær þetta mál til umfjöllunar, kalli eftir þessu mati frá Þjóðhagsstofnun.

Í skýrslunni frá 1992 er verið að reyna að meta markaðshlutdeildina og í fjárhæðum svarar markaðshlutdeildin til 700–1.000 millj. kr. á ári framan af aðlögunartímanum og 1.200–1.400 millj. kr. undir lok hans. Hér er verið að gefa sér ákveðnar forsendur um markaðshlutdeildina og ég var, hæstv. forsrh., þegar ég var að ræða hér áðan um hvers vænta mætti varðandi innflutning og tekjur ríkissjóðs, einmitt að spyrjast fyrir um það hvaða mat fjmrn. hefur lagt á það hverju þetta muni skila í ríkissjóð og hvaða mat fjmrn. hefur lagt á það að þetta þýði í auknum innflutningi. Mér skilst að hæstv. fjmrh. sé ekki hér til svara, hafi fjarvistarleyfi, þannig að ég spyr hæstv. forsrh. um það mál, og þá ekki síst í ljósi þess sem Þjóðhagsstofnun setti fram á sínum tíma í þessu efni.

Þjóðhagsstofnun segir líka að raunverð á búvöru til neytenda sé talið lækka að jafnaði um 1% á ári á aðlögunartímanum. Má ætla að þetta standist, að raunverð á búvöru til neytenda lækki að jafnaði um 1% á ári á aðlögunartímanum? Ég hef haldið því fram, skal reyndar ekki fullyrða um það fyrr en málið hefur verið krufið til mergjar, að það sé raunverulega verið að koma í veg fyrir að það verði nokkur innflutningur, að það sé verið að verðleggja vöruna út af markaðnum með tollunum eins og þeim er beitt. Komi eitthvað annað í ljós þá mun ég að sjálfsögðu draga það til baka. En á meðan ég hef ekki aðrar upplýsingar þá tel ég ástæðu til að halda þessu fram, að það sé verið að verðleggja innflutninginn alveg út af markaðnum.

Þjóðhagsstofnun sagði á sínum tíma, með leyfi forseta: „Að öllu samanlögðu má búast við að verð til framleiðenda lækki um 7% á öllum aðlögunartímanum. Þá er gert ráð fyrir því að vinnslustöðvar í landbúnaði auki framleiðni sína ekki minna en bændur. Ef ekki kemur til útflutnings landbúnaðarvara, eins og miðað er við í þessum útreikningum, er óhjákvæmilegt að störfum fækki í landbúnaði á aðlögunartímanum; e.t.v. um 2% á ári.“ Ef til vill 2% á ári er hér haldið fram.

Ef maður lítur til þess hvaða mat utanrrn. leggur á þetta eða sú skýrsla sem unnin var fyrir utanrrn. þá kemur allt annað mat í ljós. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ætla má að þessar breytingar verði til þess að um 950 bú hætti framleiðslu eða um 30% af heildarfjölda búa. Þetta gæti þýtt um 1.400 störf í landbúnaði.“

Mér finnst því nauðsynlegt og ítreka það að Þjóðhagsstofnun endurmeti þetta í ljósi þessara ákvarðana sem nú liggja fyrir, það mat sem hún lagði á mikilvæga þætti þessa máls. En það sem Þjóðhagsstofnun lagði mat á var:

Hvernig má ætla að markaðshlutdeild erlendra búvara í neyslu landbúnaðarvara þróist hér á landi á aðlögunartímanum?

Hver verða áhrifin á verð búvara til neytenda?

Hver verða áhrifin á innlenda framleiðslu og verð til bænda?

Hvernig samræmist búvörusamningurinn drögum að GATT-samkomulagi?

Og núna þegar svona mikilvægar ákvarðanir af hálfu ríkisstjórnarinnar liggja fyrir þá finnst mér eðlilegt að fá endurmat á þessu.

Síðan eru það nokkrir aðrir þættir sem ég vil nefna og kemur fram í þessari skýrslu sem ég vitna aftur til frá 1992 og er túlkun GATT-samningsdraganna. Hér koma fram heildaráhrif GATT-samningsdraganna og að í GATT-drögunum felist í megindráttum eftirfarandi skilmálar: að breytingar verði í þrepum á aðlögunartíma frá 1993–1999. — Og síðan kemur eitt mikilvægt ákvæði sem segir „að innflutningur komi inn á innanlandsmarkað í upphafi samningstímabilsins á svipuðu verði eða ívið hærra en innlendar vörur“. Þetta er túlkun þessarar nefndar sem var falið að skoða þetta mál af hálfu fyrrv. landbrh. og formaður í þeirri nefnd var Þórður Friðjónsson. Að túlkunin væri sú að innflutningur komi á innanlandsmarkað í upphafi samningstímabilsins „á svipuðu verði eða ívið hærri en innlendar vörur“.

Ef þetta er rétt, sem Neytendasamtökin eru að setja fram, að það sé verulegur munur sem verði á innfluttum vörum þó miðað sé við lágmarkstolla og á innlendu verði, svo dæmi sé tekið varðandi smjörið, 265 kr. og það verði á þessum lágmarksinnflutningi 673 kr., þá er það auðvitað miklu hærra heldur en hér hefur verið lagt mat á varðandi innflutninginn. Þar er talað um að verð innfluttrar vöru verði ívið hærra heldur en verð innlendrar vöru.

Síðan var það mjög mikilvægt sem mér fannst koma fram í andsvari forsrh. hér áðan að maður velti fyrir sér þegar maður var að lesa þetta frv. hvernig beita eigi tollígildum, hvort við séum þá af því að ekki er farið í hámarkstolla búin að ná þessari niðurþrepun sem á að fullu að vera komin til framkvæmda á samningstímanum, þ.e. að tollígildi lækki í þrepum um að meðatali 36% á samningstímanum en að lágmarki um 15% í hverjum flokki.

Ef ég skil málið rétt þá erum við með beitingunni eins og hún er hér lögð fram búin að ná þessari niðurþrepun og er það mjög athyglisvert að það sem hér

er sett fram varðandi beitingu á tollígildunum og hvernig þau skila sér til neytenda virðist þá að fullu vera komið fram með þessum ákvæðum eins og þau eru lögð til og eins og lagt er til að þessum tollígildum verði beitt.

Það er ýmislegt sem fram kemur í skýrslunni sem ég vitnaði til frá 1992 sem ég held að sé mikilvægt að komi inn í þessa umræðu, t.d. það mat sem þessi nefnd lagði á svigrúmið fyrir yfirtollun. En í skýrslunni segir, virðulegi forseti:

„Það er þó ekki allt sem sýnist í þessum efnum. Í fyrsta lagi er ljóst að verulegt svigrúm er fyrir „yfirtollun" á innfluttu vörunum sem gerir þær að mestu ósamkeppnishæfar við þær innlendu, fyrir utan lágmarksinnflutning, verði tækifæri til þess nýtt til hins ýtrasta af stjórnvöldum. Ástæður fyrir þessu eru t.d. þær að stjórnvöld í hverju landi ákveða sjálf það viðmiðunarverð sem notað er við tollígildingu sem veitir svigrúm til að velja nánast hvaða verð sem einhver viðskipti hafa farið fram á á tímabilinu 1986–1988. Heimsmarkaðurinn fyrir flestar landbúnaðarvörur er ófullkominn og endurspeglar ekki eðlilegar markaðsaðstæður" — þetta er lykilatriði — „þar sem samspil framboðs og eftirspurnar á breiðum markaði ákvarðar verð heldur einkennist hann af höftum, háum tollum og útflutningsbótum. Í flestum tilvikum verka þessar markaðstruflanir til lækkunar verðs og gerir það sveiflukenndara. Stjórnvöldum er því í lófa lagið að finna mjög lág viðmiðunarverð" — og það er einmitt það sem ég tel að ríkisstjórnin hafi gert — „fyrir þær vörur sem þau vilja skýla fyrir innflutningi."

Virðulegi forseti. Ég tel að margt sé enn mjög óljóst í þessu máli sem þurfi að fást upplýst í þessari umræðu og ég treysti því að nefndin skoði þetta mál mjög nákvæmlega vegna þess að við erum, eins og allir þingmenn vita, að fjalla um mjög mikilvægt mál. Ekki einungis fyrir landbúnaðinn, heldur einnig hvernig þessi GATT-samningur skilar sér raunverulega til þess að bæta kjör neytenda. Ég held að það sé engum greiði gerður með því að setja á einhverja ímyndaða tolla sem munu ekki leiða til þess að við nýtum okkur lágmarksinnflutning að því er varðar landbúnaðarvörur.

Í lokin, virðulegi forseti, ætla ég að fara nokkrum orðum um þá spurningu sem var sett fram af þessari nefnd sem Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, veitti forstöðu frá 1992, en þar er spurt: Hvernig samræmist búvörusamningurinn drögum að GATT-samkomulagi? Ég held að það sé mjög mikilvægt einmitt að við fjöllum töluvert um búvörusamninginn í ljósi þeirra breytinga sem við erum að innleiða sem eru mjög mikilvægar. Það er því mikilvægt að í tengslum við þessa umræðu verði rædd nauðsynleg endurskoðun á búvörusamningnum. Þar þarf sérstaklega að skoða í samráði við bændur og neytendur hvaða breytingar eru nauðsynlegar til að atvinnugreinin nái þeirri hagkvæmni að geta keppt við innfluttar búvörur með lágmarksstuðningi frá ríkissjóði. Ég tel að við þurfum að ná víðtæku samkomulagi milli bænda og neytenda um einfaldari, skilvirkari og hagkvæmari skipan í vinnslu og öðrum milliliðum.

Það hlýtur líka að verða óhjákvæmilegt í tengslum við skuldbindingar okkar vegna GATT-samkomulagsins að skoða greiðslur til framleiðenda sem eru markaðstruflandi. Þannig þarf að endurskoða núverandi beingreiðslur til bænda með það að markmiði að ná sáttum um að afnema þær í áföngum og í staðinn komi greiðslur sem ekki tengjast framleiðslumagni. Ég tel að við þurfum að skoða það með mjög opnum huga. Samhliða því þarf að gera viðunandi verklokasamninga við bændur sem vilja hætta í landbúnaði. Á það er einmitt bent í skýrslu þessarar nefndar frá 1992 að gera þurfi ráð fyrir aðlögunarkostnaði við röskun á mannafla í landbúnaði. Og það má spyrja: Hvað hefur verið hugað að því máli, hæstv. landbrh.?

Við þurfum líka að skoða með opnum huga og án fyrir fram fordóma hvort það sé ekki rétt og hagkvæmt fyrir bændurna sjálfa að kanna hvort ekki sé rétt að núverandi kvótakerfi verið afnumið í áföngum þannig að markaðurinn taki við því hlutverki að ákveða verð og magn framleiðslu. Auðvitað þarf ef í það verður ráðist að athuga sérstaklega meðferð núverandi birgða og sjálfsagt er að skoða ýmsar áfangalausnir sem mættu verða til samkomulags í þessu máli. Ég tel líka mikilvægt að tryggja að bændur og sölusamtök þeirra búi ekki við fákeppni eða einokun örfárra verslunarkeðja á búvörumarkaði og þannig verður að tryggja frjálsan og heilbrigðan markað með búvöru innan lands sem þjónar bæði — og ég legg áherslu á það — bæði hagsmunum bænda og neytenda. Vegna þess að auðvitað er það rétt, sem oft er haldið fram, að hagsmunir bænda og neytenda fara saman.

Það þarf líka að gera allt til þess að aðstoða landbúnaðinn við að aðlagast þessum breytingum án þess þó að það komi niður á hagkvæmni fyrir þjóðarheildina og neytendur. Í því sambandi þarf að yfirfara álögur, skatta og tolla í landbúnaði með það að markmiði að jafna aðstöðu innan atvinnugreinarinnar og gera henni kleift að standa að þessu leyti jafnfætis landbúnaðinum í grannlöndum, svo og að fara yfir opinbera hlutdeild að stoðkerfi greinarinnar og samvinnu um markaðssókn fyrir útflutningsvörur. Þetta tel ég mikilvægt að verði skoðað samhliða og spyr: Hvað er farið að huga að þessu máli?

Það hefur nokkuð verið rætt um innflutning á kjöti af heilbrigðisástæðum og þær skorður sem settar eru við honum. Ég held að það sé alveg ljóst að það er verið að opna þetta miklu meira heldur en gert hefur verið hér áður og vitna til þess, virðulegi forseti, sem stendur á bls. 24 í greinargerðinni. Þar stendur:

„Jafnframt er í grundvallarréttindum og skyldum tekið fram að ráðstafanir um hollustuhætti verði að byggjast á vísindalegum meginreglum og megi ekki viðhalda án fullnægjandi sönnunargagna. Enn fremur verður ráðstöfunum um hollustuhætti eða heilbrigði ekki beitt á þann hátt að slíkt hafi í för með sér duldar hindranir á alþjóðaviðskiptum."

Og maður spyr: Hjá hverjum liggur sönnunarbyrðin í þessu máli? Er ekki hér um töluverðar breytingar að ræða, hæstv. landbrh., frá þeim reglum og hefðum og venjum sem við höfum búið við í þessu máli?

Tvennt í lokin. Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. 9. þm. Reykv. Ég held að varðandi tollakvótann sé skynsamlegri leið að fara eins og hann lagði til að leita tilboða og taka lægsta tilboði. Ég held að það sé skynsamlegri leið heldur en þetta hlutkesti sem hér er boðið upp á í þessu frv. En sjálfsagt reynir ekkert á þetta vegna þess að ég hef enga trú á því að miðað við þá aðferð sem hér á að beita verði nokkur ásókn í það að flytja inn landbúnaðarvörur.

Í lokin þetta, virðulegi forseti. Á síðasta þingi varð mikil umræða um forræði þessa máls, hvort það lægi varðandi tollabeitinguna hjá hæstv. fjmrh. eða hæstv. landbrh. og niðurstaða þingsins var eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Landbrh. verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara og komið verður á fót á grundvelli þessarar ályktunar."

Nú erum við að fjalla hér, virðulegi forseti, um bandorm, þ.e. annars vegar um breytingu á tollalögum sem eru einar 13 greinar og hins vegar um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Og þegar maður fer yfir þessar 13 greinar sem lúta að breytingu á tollalögum og það sem kveðið er á um ráðherravald eða ráðherrabeitingu í því máli, þá er alls staðar talað um ráðherra þannig að ég geri ráð fyrir að í þessu sambandi sé verið að vitna til fjmrh. en ekki landbrh. þar sem ekki er annað tekið fram. Mér finnst að fjmrh. hafi með þessu nokkurt vald og þá er spurning hvort það samræmist því sem Alþingi ætlaðist til á sínum tíma og þá er ég að taka hér fyrir skýringar við 4. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 8. og 9. gr. tollalaga skal tollverð vara vera viðskiptaverðið. Í samningnum um tollverð er viðskiptaverðið aðalareglan en jafnframt er kveðið á um að nota megi tilteknar aðferðir til að nálgast viðskiptaverðið þegar það liggur ekki fyrir. Í 10. gr. tollalaga er ráðherra veitt heimild til slíks. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda um tollverð í e-lið III. kafla."

Ég nefni hér aðeins eitt ákvæði en spyr hvort það sé þá alveg í samræmi við ályktun Alþingis á sínum tíma að hér virðist í öllum tilvikum þar sem ráðherra er nefndur að því er varðar breytingu á tollalögum um að ræða fjmrh.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál. En eins og fram hefur komið í mínu máli hef ég verulegar efasemdir um þá aðferð sem hér er notuð og hvernig henni er beitt í þessu frv. og tel að þegar grannt er skoðað og málið krufið til mergjar muni sú leið sem hér er lögð til hvorki þjóna hagsmunum bænda né neytenda eins og þó er til ætlast.

[16:22]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þessu síðasta sem hv. þm. nefndi tel ég, eins og ég sagði í ræðu minni, að ákvörðun Alþingis og ályktun Alþingis sé fullkomlega til skila haldið varðandi efnislegt forræði málsins, algjörlega.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um tolltekjur af innflutningi, þá liggur engin áætlun fyrir um slíkt. Það er ekki nokkur leið að segja fyrir um það, en þó er rétt að hafa það í huga að hér er ekki verið að hugsa um tekjuþáttinn eða tolltekjurnar. Hér er verið að breyta umframbannreglum til heimildar, að menn geti fengið vörur sem þeir hafa ekki getað fengið áður, verða að vísu að borga fyrir það örlítið meira heldur en fyrir innlendar vörur í vissum tilvikum vegna þess að við rétt eins og aðrir erum að tryggja okkar landbúnaði tiltekna vernd eins og allir aðrir gera því að stundum tala menn eins og við séum hér að leika einhvern leik sem aðrir eru ekki að gera. Við erum að gera það með nákvæmlega sama hætti eða svipuðum hætti og aðrir, göngum kannski ekki eins langt í því og Noregur, örlítið lengra heldur en Evrópusambandið vegna þess að Evrópusambandið er ekki að hverfa frá bannreglum eins og við erum að gera. Breytingin er meiri hjá okkur. Þetta held ég að menn verði að hafa í huga.

Mér er ekki kunnugt um að það liggi fyrir endurmetin spá Þjóðhagsstofnunar. Ég vek þó athygli á því vegna þess sem sagt var um lækkun á landbúnaðarverði hér innan lands á aðlögunartíma, þá hefur það reyndar gerst einmitt á þessum tíma frá því að þessi athugun var gerð að verð á landbúnaðarvörum innan lands hefur farið lækkandi. Og við skulum líka átta okkur á því þó að ekki hafi komið til erlend samkeppni, þá hefur störfum í landbúnaði á undanförnum aldarfjórðungi farið jafnt og þétt fækkandi hér á landi sem annars staðar.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli á grein í Financial Times í gær þar sem verið er að fjalla um nákvæmlega þessi mál og þar er sagt að bæði Bandaríkin og Evrópusambandið séu núna í vaxandi mæli að fara í kringum reglur um það að draga úr styrkjum sínum til landbúnaðar, reyni að halda þeim áfram, og jafnframt að þessir aðilar séu með mjög, eins og hér er sagt: „increasingly sophisticated forms of protectionism were coming into fashion, including misuse of safeguards on sanitation". Þannig að þessar ásakanir eru víðar uppi heldur en hér, m.a. í himnaríki á jörð í hugum sumra, Evrópusambandinu sjálfu.

[16:24]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér vissulega grein fyrir því að það er erfitt að leggja mat á það hvað þetta þýðir varðandi innflutninginn. En mér finnst þó sérkennilegt að það hafi ekki verið gerð tilraun til þess af hálfu fjmrn. eða landbrn. að meta hvaða áhrif aukinn innflutningur hafi annars vegar á landbúnaðinn og hins vegar á tekjur ríkissjóðs. Er bara ekki skýringin sú að það sé ekki gert ráð fyrir því að þetta skili neinu í ríkissjóð eða hafi kannski nein áhrif vegna þess að það verði ekkert flutt inn af landbúnaðarafurðum? Það er nefnilega lykilatriði, eins og kom fram í mínu máli og reyndar hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., við hvað er miðað í þessu efni. Er miðað við bjagað heimsmarkaðsverð sem ekki skiptir neinu máli hér og er ekki raunhæft eða á að miða við heildsöluverð? Ef það er miðað við heimsmarkaðsverðið, þá erum við sennilega ekki að tala um neinn innflutning á landbúnaðarvörum og það

er kannski skýringin á því að það er ekki gerð nein tilraun til þess af hálfu fjmrn. að leggja mat á þetta.

[16:25]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að umræðan hefur dálítið ruglast í þjóðfélaginu vegna þess hvernig menn töluðu fyrir kosningar, svolítið fjarri sannleikanum, sumir hverjir, eða staðreyndunum. Það kom alls staðar fram í veröldinni að þessi breyting með Úrúgvæ-umræðunni var ekki til þess fallin að koma neinni stökkbreytingu á varðandi viðskipti með landbúnaðarmál í veröldinni og reyndar er talað um það einmitt í þessari sömu grein í Financial Times að það þurfi nýjan „round" eins og það er kallað, nýja lotu í landbúnaðarumræðum um GATT til þess að þar verði einhver breyting á. Hins vegar eru menn að falla frá ákveðnum þætti, þ.e. bannregluþættinum. En það stóð hvergi til, hvergi í veröldinni til, en því miður var það rangfært, til að henda ryki í augu kjósendum með frekar ómerkilegum hætti satt best að segja, að einhvers staðar í veröldinni væri þetta að gerast og þess vegna ætti það að gerast hér. Það er hvergi að gerast. Til að mynda ætlar Evrópusambandið, eins og ég sagði, að hafa þessa tilteknu vernd upp á 20% til þess að vernda sinn landbúnað og er hún eins og kemur fram í fréttum að fara í kringum reglur um að draga úr styrkjum og útflutningsuppbótum og öðrum slíkum þáttum. Þannig eru menn, eins og ég sagði í ræðu minni hér áðan, ekki að fara neitt í felur með það af því að það hefur alltaf staðið til, það er engin kollsteypa sem er að verða í þessum efnum. Það er hins vegar að verða ákveðin breyting. Menn eru að hverfa frá bannreglum. Menn geta hér flutt inn vöru sem þeir gátu ekki flutt inn áður, en menn borga meira fyrir það heldur en innlendu vöruna. Það er enginn feluleikur með það. Menn geta fengið osta, sem þeir hafa verið að kvarta yfir að hafa ekki getað fengið, en þeir borga aðeins meira fyrir það. Þannig er þetta og þannig átti þetta alltaf að vera og þannig stóð það alltaf til og þannig voru bindingarnar, þannig voru leikreglurnar og þetta vissu allir, líka þeir sem sögðu svolítið annað í kosningunum.

[16:27]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir ábendingar mínar hér áðan, þá er fjarri mér að vera að tala um neinar stökkbreytingar eða kollsteypur í landbúnaði við þennan innflutning. Við erum að tala um lágmarksaðgang upp á 3% og það sem ég er að velta fyrir mér, sem við hljótum öll að gera, er hvort við nýtum þennan lágmarksaðgang upp á 3% og það er það sem ég er að leyfa mér að draga í efa. Ég legg alla áherslu á það að við hljótum að nálgast þetta mál með þeim hætti að landbúnaðurinn hafi eðlilega aðlögun. En ég er að spyrja að því, hæstv. forsrh., hvort það sé tilefni til þess að ætla miðað við þá beitingu sem hér er lögð til á tollígildunum að það verði um nokkurn innflutning að ræða og það er akkúrat það sem ég hef verið að draga í efa. En ég er ekki að tala um neinar kollsteypur eða stökkbreytingu í þessum efnum.

[16:28]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða stórt og viðamikið mál og ég get ekki látið hjá líða að gagnrýna það í upphafi að við skulum einungis hafa fengið innan við sólarhring til þess að undirbúa okkur undir þær umræður sem hér standa yfir og munu væntanlega standa nokkuð fram eftir degi því að hér er um gríðarlega flókið mál að ræða. Eftir að hafa farið í gegnum frv. finnst mér harla margt óljóst, en kannski getur enginn svarað því hver áhrifin verða.

En vegna fyrirspurnar hv. 13. þm. Reykv., sem var að ganga út úr salnum, þá spurði ég hæstv. fjmrh. að því fyrr í dag hvort reiknað væri með einhverjum tekjum í ríkissjóð af þessum breytingum og hann svaraði því til að það væri reiknað með því að þær yrðu harla litlar vegna þess að það yrði um svo lítinn innflutning að ræða en ég ætla að koma að því síðar í máli mínu.

Ég nefndi fyrst það hvað við hefðum haft stuttan tíma til þess að vinna þetta og eftir því sem ég hef fylgst hér með umræðunni, þá verður mér æ ljósara hvað við erum með stórt mál í höndunum og ég hlýt að velta því fyrir mér hvað við verðum eiginlega lengi hér í þingsölum á þessu vori. Við erum að fjalla um áfengisfrumvörpin svokölluðu í mörgum nefndum þingsins og þar er allnokkur vinna eftir nema það sé meiningin að taka þau mál út úr nefndum með hraði sem auðvitað kallar þá á lengri umræður hér í þingsölum. Hér erum við með þetta stóra og viðamikla mál sem ég þykist vita að kalli á allmikla vinnu í hv. efh.- og viðskn. Og síðan eigum við eftir sjávarútvegsfrumvörpin sem mér skilst að séu tvö eða þrjú þannig að það er allljóst að við eigum töluvert mikla vinnu eftir. En það kemur í ljós.

Umræðan um GATT-samninginn og stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur staðið á hinu háa Alþingi síðan í upphafi síðasta kjörtímabils eða jafnvel lengur, en í upphafi síðasta kjörtímabils fór að skýrast hvað þar væri á ferð. Hér í þingsölum hafa orðið umræður hvað eftir annað þó að mönnum hafi ekki verið ljóst hver niðurstaðan yrði í Úrúgvæ-lotunni.

En í upphafi þessa árs gekk samningurinn í gildi og samkomulagið um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar — og ég verð að benda á það í því samhengi að það eru töluverðar villur í upphafi athugasemdanna, vitlaus ártöl. Þar stendur: „Í framhaldi af samþykkt Alþingis þann 28. des. 1995 ... í Marokkó 15. apríl 1995 ... Samningurinn tók gildi 1. jan. 1995." Það er svolítið leiðinlegt að sjá þetta, en það skilja allir við hvað er átt.

Hér í þingsölum urðu gríðarlegar deilur þegar tók að draga nærri niðurstöðunni og þar áttu í hlut ríkisstjórnarflokkarnir. Við sem þá vorum í stjórnarandstöðu stóðum agndofa og fylgdumst með þeirri umræðu og áttum jafnvel von á stjórnarslitum í beinni útsendingu hér í þingsölum. En þar fékkst ákveðin niðurstaða og ég vil minna á það að Alþfl. skrifaði undir þá niðurstöðu og féllst á það að forræði þessara mála yrði í landbrn. en sú sem hér stendur var í hópi þeirra sem gagnrýndu þá niðurstöðu og ég geri það enn. Mér

finnst það mjög sérkennilegt hvernig verið er að blanda saman ólíkum málaflokkum og að koma þeim öllum yfir í landbrn., þ.e. ákvæðum um tolla, úthlutun á tollkvótum o.s.frv. Mér finnst þetta óeðlileg verkaskipting, en mér er það ljóst að þarna var um ákaflega viðkvæmt mál að ræða og mikinn ótta í landbúnaðargeiranum við niðurstöðuna og óttinn við Alþfl. auðvitað yfirþyrmandi á þeim bæ.

Það varð niðurstaðan, eins og ég nefndi áðan, að forræði þessara mála yrði hjá landbrn. og hér liggur fyrir niðurstaðan varðandi tolla og breytingar á öðrum lögum. Mér hefur að sjálfsögðu ekki gefist kostur á frekar en öðrum að kanna hvað þetta þýðir í raun og veru, hvert verðlag á innfluttum landbúnaðarvörum mun verða. Eins og hér hefur komið fram fer það eftir því við hvað verður miðað, við hvað er miðað í verðlagningunni og við álagningu tolla. En það sem mun gerast, ef þetta gengur eftir, er að hér hefst innflutningur á landbúnaðarvörum og verður fyrst leyft að flytja inn magn sem nemur 3% af innanlandsneyslu og síðan fer það magn upp í 5% á næstu sex árum. En allt sem flutt er inn umfram það það fer í hærri toll.

Það er tilgangur GATT-samningsins að draga úr viðskiptahindrunum. Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. rétt áðan er það bannreglan sem verið er að afnema með þessum samningi en það er líka verið að ýta undir viðskipti og að auðvelda viðskipti með ýmsar vörur og vöruflokka. Ég vil í því samhengi minna á það að sú niðurstaða sem náðist í Úrúgvæ snerist ekki eingöngu um landbúnaðarvörur heldur vefnaðarvörur t.d. en ég var upplýst um það í hliðarsölum, sem ég hafði reyndar ekki áttað mig á áður, að við Íslendingar erum algjörlega fyrir utan þessa samninga um vefnaðarvörur. Það á sér einhverjar sögulegar rætur sem ég þekki ekki og er ástæða til þess að kanna nánar því ef við hugum að stöðu landbúnaðarins og þeim möguleikum sem hann hefur þá megum við ekki gleyma því að við eigum mjög sérstaka ull og gætum eflaust og eigum að byggja aftur upp ullariðnaðinn og nýta okkur þá ull sem hér fellur til. Og þá kemur spurningin hvort þessi hluti samningsins gæti orðið okkur að einhverju gagni.

Í þessum samningum var sérstaklega verið að huga að verslun þriðjaheimsríkja, m.a. með vefnaðarvörur, en þau áttu þar við miklar hindranir að stríða, t.d. hjá Evrópusambandinu.

Þegar tillagan um samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar kom til atkvæðagreiðslu á hinu háa Alþingi í lok síðasta árs þá sátum við kvennalistakonur hjá og það var af þeirri meginástæðu að í þessum samningi og í þeirri hugsun sem felst í þessari stofnun hefur ekki verið tekið nægjanlegt tillit til umhverfismála. Við vildum koma þeim sjónarmiðum mjög skýrt til skila að það getur ekki verið tilgangur mannkynsins að stórauka verslun og viðskipti og umferð með allri þeirri mengun sem því fylgir. Ef við ætlum að vera ábyrgir þegnar og tryggja það að komandi kynslóðir eigi framtíð fyrir sér hér á jörðinni þá þarf að draga úr viðskiptum og það þarf að stuðla að sjálfbærri þróun samfélaga.

Ég sé það mér til mikillar ánægju að í greinargerðinni er vikið sérstaklega að þessum þáttum því það gerðist undir lok Úrúgvæ-lotunnar að það tókst að vekja athygli samningamanna á umhverfisþættinum og umhverfismálum og inn í samninginn voru teknar setningar um umhverfismál og um það hvað þyrfti að gera í þeim efnum. Ég vil benda þingmönnum sérstaklega á þá umfjöllun á bls. 13 í frv. Þetta skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli. Sú gagnrýni á GATT-samninginn sem ég hef lesið í erlendum blöðum hefur annars vegar beinst að þessum þætti umhverfismálanna og þeim áhrifum sem vaxandi viðskipti hefðu ef menn ekki tækju þann pól í hæðina að reyna að draga úr öllum mengandi þáttum og hins vegar er það sá þáttur sem snýr að landbúnaðinum sem hefur verið gagnrýndur og ekki bara hér á Íslandi heldur t.d. í Bandaríkjunum og hjá Evrópusambandinu þar sem þeir sem notið hafa mikillar verndar hafa óttast um sinn hag.

Ég vil halda því til haga líka í þessu samhengi að við kvennalistakonur höfum margoft bent á það í þeirri miklu umræðu sem hér hefur orðið um viðskiptamál á undanförnum árum og um þá alþjóðlegu viðskiptasamninga sem við höfum verið að gerast aðilar að að þessi leið, að gera alþjóðlega viðskiptasamninga sem allir eiga aðild að, er miklu betri heldur en þær blokkamyndanir sem nú eru því miður að verða hið algenga, þ.e. Evrópusambandið annars vegar, NAFTA í Vesturheimi og síðan eru ríkin í Suðaustur-Asíu að þjappa sér saman í blokkir. Við þekkjum það úr sögunni að slíkt getur reynst afdrifaríkt ef samkeppnin keyrir úr hófi fram.

Áður en ég kem að einstökum efnisatriðum þá finnst mér skipta mjög miklu máli þegar við horfum á áhrif þessa samnings að horfa ekki bara inn á við og á áhrifin sem innflutningur mun hafa á íslenskt samfélag, á landbúnaðinn, á framleiðslu hér í landi, á störf o.s.frv., heldur líka að horfa út og reyna að átta sig á því hvaða möguleikar felast í GATT-samningnum varðandi útflutning á íslenskum landbúnaðarvörum. Ég vildi gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh., ef hann má heyra mál mitt, hann hefur vikið sér frá, hvað menn eru að hugsa í því efni. (Gripið fram í.) Ég beini þeirri spurningu til hans hvað menn eru að hugleiða varðandi átak í útflutningi á landbúnaðarvörum og þá erum við ekki bara að tala um lambakjöt heldur líka aðra íslenska framleiðslu sem við hljótum að hafa möguleika á að flytja út, ekki síst á grundvelli þeirra gæða sem við búum að hér á landi. En ef við beitum ofurtollum, ef við beitum innflutning annarra þjóða hæstu tollum þá er auðvitað ekki við öðru að búast en að þær beiti okkur hinu sama. Þannig að eins og sú leið sem verið er að fara hér lítur út, án nánari skoðunar, ég vil taka það skýrt fram, ef það er ekki rétt sem fram kom hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að hér séu duldir ofurtollar á ferð, þá finnst mér þetta skynsamlegri leið, að fara svona í málið eins og hér er gert heldur en að beita hæstu mögulegum tollum. En ég segi þetta með öllum fyrirvörum um það hvað þetta þýðir í raun og veru.

Við hljótum að velta því fyrir okkur hvaða áhrif

þessi samningur muni hafa á íslenskan landbúnað. Því er ekki að leyna að þessi opnun kemur á tímum þar sem íslenskur landbúnaður á við mikla erfiðleika að stríða, þ.e. hluti íslensks landbúnaðar, sérstaklega sauðfjárræktin. Ég hygg að í rauninni verði áhrifin ekki mjög mikil, sérstaklega ef menn beina sjónum að þeim möguleikum sem gefast. Ég tel að það verði ekki um mikinn innflutning að ræða, alla vega til að byrja með, það getur verið að menn geri tilraunir og reyni að koma inn alls konar varningi en ég held að það verði fyrst og fremst þær vörur sem eru sérstakar í framleiðslu ýmissa þjóða, t.d. ostar, ýmsir sérostar eða fínir ostar sem munu komast hér inn á markað og verða aukning við það framboð sem hér er. En mér finnst mjög ótrúlegt að fólk fari að kaupa innflutt soðið kjöt í einhverjum stórum stíl eða kalkúnalærin margnefndu sem voru svo yfirfull af rotvarnarefnum að þau hefði sennilega átt að banna af heilsufarsástæðum. (Gripið fram í.) Það hefur komið fram í umræðunni. Ég held að það sé mjög takmarkaður markaður fyrir vörur af þessu tagi, það verði fyrst og fremst ýmiss konar sérframleiðsla sem muni festa hér rætur. Þó er auðvitað erfitt um það að spá.

En aðalatriðið í þessu máli er það að við höfum gerst aðilar að þessum samningi og við eigum að standa við þann samning og við eigum að framkvæma hann í þeim anda sem ætlast er til. Í því samhengi má benda á grein í Morgunblaðinu í dag þar sem vikið er að því að nánast hvert einasta ráðuneyti hér á landi hefur fengið athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA vegna framkvæmdar á EES-samningnum. Það er ekki gott til eftirspurnar að við séum að gerast aðilar að ýmsum alþjóðasamningum og stöndum ekki betur við þá en þetta. En við hljótum að spyrja okkur hvort íslenskt stjórnkerfi hafi yfirleitt þann kraft og þann mannafla sem þarf til að fylgja þessum samningum eftir.

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að með þessum samningi og þeirri opnun sem í honum felst þarf mjög að herða eftirlit með innflutningi matvæla til landsins. Í því samhengi vil ég benda á þær breytingar sem verið er að gera á lögunum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum og breytingar á lögum um dýrasjúkdóma. Það er kveðið á um það í samningnum að sönnunarbyrðin er þeirra sem reyna að stöðva eða koma í veg fyrir hugsanlega óæskilegan innflutning eða innflutning á vörum sem óttast er að beri með sér einhverjar sóttkveikjur. Ég hlýt að beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh.: Hvaða hald er í þessum lögum varðandi innflutning sérstaklega á kjöti? Ég hlýt að minna á að það hafa borist hingað margir sjúkdómar með plöntum og jafnframt að við þekkjum það úr íslenskri sögu að innflutningur á lifandi dýrum, sem áttu að verða til að kynbæta íslenska dýrastofna, sérstaklega sauðfé, ollu hér alveg gífurlegu tjóni. Við skulum átta okkur á því að hér er ekki um neitt grín að ræða.

Ég hitti þýskan dýralækni sem var hér í heimsókn á síðasta ári, hann var reyndar búsettur á landamærum Danmerkur og Þýskalands, talandi bæði á dönsku og þýsku, og var hér í hópi Dana. Hann sagði mér frá því að það væri mjög mikið vandamál í Slésvík-Holstein að eiga þar við reglur Evrópusambandsins vegna þess að samkvæmt þeim er heimilt að flytja hrátt kjöt á milli og í breskum nautgripum er sjúkdómur sem aldrei hefur komið upp í Þýskalandi og þeir óttast mjög að berist yfir til þeirra. En reglurnar eru þær að þetta er orðinn einn markaður og það er mjög erfitt að verjast þó að hægt sé að sanna það að innflutningur á hráu kjöti hefði mjög alvarlegar afleiðingar. Ég vil því ítreka þá spurningu: Hvaða hald er í þessum þætti laganna? Vegna þess að þetta skiptir mjög miklu máli og verður ekki aftur tekið eða getur kostað margra áratuga baráttu að kveða slíka sjúkdóma niður.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom aðeins að því, sem ég vil taka undir, að í frv. er svolítið óljóst við hvaða ráðherra er átt en ég hygg að það sé rétt hjá henni að í tollalögunum sé átt við fjmrh. því að í öðrum þáttum frv. er alls staðar nefndur sérstaklega landbrh. En hvernig þessi samskipti verða og hvernig framkvæmdin á þessu verður þegar forræðið er allt hjá landbrh. en tollalögin heyra undir fjmrh. er ekki gott að sjá.

Svo ég komi aftur að þessum vörnum gegn sjúkdómum bæði í plöntum og dýrum þá langar mig líka að forvitnast um það hvort hér sé um einhverjar nýjungar að ræða í þeirri upptalningu sem er á bls. 7 og 8 í frv. Þar eru taldar upp allmargrar vörur sem óheimilt er að flytja inn og talið er að geti flutt með sér einhverjar sóttkveikjur. Hér eru t.d. talin upp stráteppi og strákörfur, sem ég veit ekki betur en séu flutt inn núna, kannski með einhverju eftirliti eða prófunum. Ég spyr hæstv. landbrh.: Eru einhverjar nýjungar þarna á ferð? Er verið að bæta einhverju þarna inn sem ekki var áður háð einhverjum slíkum takmörkunum.

Það mætti fara mörgum orðum um stöðu landbúnaðarins og búvörusamninginn sem þarf að taka hér upp á næstu mánuðum, ekki síst í kjölfar þessara breytinga. Ég minni á það að í stefnuskrá Kvennalistans segir að við viljum að landbúnaðurinn sé rekinn eins og hver önnur atvinnugrein og að menn þurfi að endurskoða stöðu hans, halda áfram því verki sem hafið var fyrir allmörgum árum þegar farið var í það að skoða annars vegar sauðfjárræktina og hins vegar mjólkuriðnaðinn en því verki er alls ekki lokið. Það þarf að taka á verðmyndunarkerfinu og vinnslu og dreifingu landbúnaðarvara og gera landbúnaðinn hagkvæmari í rekstri, ekki síst til þess að hann geti mætt þessum breytingum. Ég vil taka undir það sjónarmið sem komið hefur fram í umræðunni að kvótakerfi af því tagi sem hér hefur viðgengist í landbúnaði, og ég held reyndar í sjávarútvegi líka, eru afar erfið viðureignar og óheppileg þegar þróunin er í þá átt að skera sífellt niður, skera af öllum, sem leiðir til þess að fleiri og fleiri komast undir þau mörk sem skilja á milli lífs og dauða. Staðreyndin hefur verið sú að þó að bændur hefðu viljað hætta búskap þá hafa þeir einfaldlega ekki getað það vegna þess að það hefur ekki verið að neinu að snúa, en vonandi er betri tíð fram undan. Það verður að fara í það verk að skoða landbúnaðinn, stöðu

hans og skipulag í heild í ljósi þeirra breytinga sem fylgja bæði EES-samningnum og þessum nýja GATT-samningi vegna þess að ég held að við séum flest þeirrar skoðunar að við viljum að sjálfsögðu hafa hér góðan og vel rekinn landbúnað þar sem fólk getur búið við góða afkomu en það kallar á mikla endurskipulagningu og þar verða bændur sjálfir að ráða för. Það er þeirra að stjórna sinni atvinnugrein, ekki ríkisvaldsins.

En ég vil líka taka undir það sem hér hefur komið fram að landbúnaðurinn þarf að fá aðlögun að þessum breytingum. Ég hygg að hann hafi ekki búið sig nægilega vel undir það sem koma skyldi þó mönnum hafi verið ljóst að þessar breytingar væru fram undan og ég get enn einu sinni nefnt það dæmi sem mér fannst ansi sláandi þegar við vorum að fjalla um EES-samninginn og það var ljóst að hann tók til innflutnings á ákveðnum blóma- og grænmetistegundum. Við kölluðum til fulltrúa bænda til þess að spyrja hvað þeir héldu að þetta þýddi og þá höfðu þeir litlar áhyggjur af þessum innflutningi. En samningurinn var varla genginn í gildi fyrr en þeir voru mættir með langan lista yfir allar þær breytingar sem gera þyrfti til þess að þeir ættu sér lífsvon. Mér fannst þetta heldur sérkennileg vinnubrögð hjá þeim grænmetis- og blómaframleiðendum. (Gripið fram í.) Þetta gerðist bæði í hv. landbn. og efh.- og viðskn. og ætti núv. formaður landbn. að minnast þess því að hann sat þar sjálfur. Ég veit ekki hvort þeir höfðu ekki áttað sig á þessum breytingum eða hvort þeir höfðu ekki sett sig nógu vel inn í málið en þetta var alla vega staðreyndin.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef komið að í máli mínu er það enn þá mjög óljóst hvað þetta allt saman þýðir og hvernig þessum tollabreytingum verður framfylgt í raun og væri ástæða til þess að þeir ráðherrar sem hér eru til svara skýri það fyrir okkur sem hér erum hvernig þessum lögum verður framfylgt, hvað þetta þýðir í raun fyrir verðlag á innfluttum landbúnaðarvörum. Er það rétt sem hér hefur verið vitnað til, þau dæmi sem hér hafa verið tekin um býsna hátt verð á landbúnaðarvörum eða er það rétt sem fram hefur komið í fjölmiðlum og reyndar ber að skilja á máli ráðherra að þar verði um u.þ.b. 30% mun að ræða, 30% umfram verð? Þetta er algjörlega óljóst fyrir mér af því sem hér hefur komið fram og af því sem stendur í frv. En mergurinn málsins er og það sem auðvitað skiptir mestu að fyrst við erum orðnir aðilar að þessum samningi, sem ég reyndar tel að hafi verið rétt að gera, þá snýst málið annars vegar um það að standa við samninginn og í þeim anda sem til er ætlast af þeim sem unnu að samningnum og hins vegar að við einbeitum okkur að því að nýta þá möguleika sem þessi samningur gefur. Ég held því miður að menn hafi ekki nægilega velt þeirri hlið málsins fyrir sér.

**Útbýting þingskjals:**

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, 19. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 19.

[16:56]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem við ræðum nú er, eins og fram hefur komið hjá bæði hæstv. forsrh. og hv. þm. sem talað hafa, mikilvægt. Þetta eru mjög mikilvægar lagabreytingar sem við erum að gera á okkar íslensku löggjöf vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Ég tel að þetta séu mikilvægar breytingar vegna þess að þær geta haft og kunna að hafa til lengri tíma litið afgerandi áhrif á atvinnulíf og þær eiga líka og munu hafa áhrif á neytendamálefni, á hugsanlega afkomu neytenda, vöruverð og vöruúrval og allt það sem hér er lagt undir þannig að málið er í eðli sínu flókið. Það er, eins og fram hefur komið hjá hv. þm., erfitt að átta sig á því til hlítar hvað hér er á ferðinni. Ég get vel tekið undir það sjónarmið þeirra hv. þm. sem hér hafa talað að auðvitað er það stuttur tími sem menn hafa haft til að skoða þetta mál. Þeir sem ekki hafa verið að fylgjast með því á undanförnum vikum, mánuðum eða jafnvel árum eins og sumir hv. þm. sem hér hafa talað hafa verið að gera, hafa fylgst með sögunni og þróuninni. Mér finnst það hafa komið fram hér í máli manna, jafnframt því að reyna að átta sig á um hvað málið snýst, það viðhorf að vilja fá ákaflega mikið út úr þessari löggjöf. Hún á að veita meira vöruval, fleiri vörutegundir á markað, lægra vöruverð en á móti hafa margir hv. þm. líka sagt: „Það þarf auðvitað að verja landbúnaðaratvinnuveginn okkar. Við viljum ekki að þessi löggjöf leiði til þess að landbúnaður verði fyrir alvarlegum áföllum eða hugsanlega að einstakar greinar landbúnaðar leggist af.“ Ég lýsi ánægju minni með það viðhorf einstakra þingmanna sem hafa borið mikla umhyggju fyrir landbúnaðinum í ræðum sínum en hafa hins vegar uppi allslags efasemdir um það að þetta frv. eða framkvæmd þessara mála eins og þau liggja hér fyrir muni hafa nokkur áhrif á innflutning eða vöruverð.

Auðvitað er erfitt að samræma þessi sjónarmið og ég býst við því að mörgum þeim spurningum sem hér hafa verið settar fram verði alls ekki svarað nema í ljósi reynslunnar, þ.e. með reynslunni af því hvernig framkvæmdin tekst til. Þeim verði alls ekki svarað hér úr þessum ræðustóli í dag eða á næstu dögum þó við ræddum þetta í marga daga því það hlýtur að verða reynslan í svo mörgum tilfellum sem kveður upp dóminn.

Ég vil hins vegar segja það sem almenna skoðun mína á málinu þó að ég hafi ekki legið lengi yfir því en auðvitað þó núna í nokkra daga eða við skulum segja í örfáar vikur reynt að átta mig á þessu flókna máli, að ég tel að með frv. eins og það liggur hér fyrir hafi náðst bærileg lending. Bærileg sátt um það hvernig að málinu verður staðið og framkvæmd þess. Ég þykist vita að menn geti bent á einstök dæmi sem séu eftir sem áður sláandi, eða virðist óeðlileg, hvort heldur það er fyrir allt of hátt vöruverð eða allt of lágt vöruverð ef við ætlum að standa við það líka sem við höfum talað um að frv. og löggjöfin þyrfti og ætti að veita ákveðna vernd.

En þegar ég tala um að mín skoðun og tilfinning sé sú að hér hafi náðst bærileg lending, þá held ég að það hafi í fyrsta lagi gerst í sambandi við tollmeðferðina eins og hún er hér lögð upp og ég ætla að fara aðeins yfir nánar á eftir. Í öðru lagi varðandi forræðismálin sem kveðið er afar skýrt á um í þeirri þingsályktun sem samþykkt var um áramótin um fullgildingu samningsins, þegar Alþingi fullgilti samninginn. Það hefur verið spurt um forræðismálin af hv. þm. hér og hvort það væri farið eftir því sem þingsályktunin kveður mjög skýrt á um. Ég tel að það sé bærilega séð fyrir því einnig. Og í þriðja lagi held ég líka að við verðum að segja að það sé eftir því sem samningurinn gefur kost á nokkuð vel séð fyrir ákvæðunum um dýrasjúkdómana. Auðvitað eru breytingar á því frá því sem verið hefur í samningnum sjálfum en ég kem aðeins nánar að því.

Ég ætla fyrst að ræða ofurlítið um tollmeðferðina og það sem hér hefur komið fram í umræðum, efasemdir manna um það hvort hér væri valin rétt leið og til hvers þessi leið mundi yfir höfuð leiða. Mig undrar svolítið sá misskilningur sem mér finnst hafa komið fram, sérstaklega í ræðu hv. 9. þm. Reykv., Jóns Baldvins Hannibalssonar, — forsrh. svaraði því að vísu í andsvari sem ég tel að þar hafi verið annaðhvort rangt túlkað eða byggt á misskilningi — að með því að velja þessa svokölluðu 30% tollaleið en ekki hámarksbindingarnar eða hámarkstollaleiðina sem sumir hafa kallað ofurtolla, þá erum við alla jafnan auðvitað undir hámarkstollabindingunum, undir hámarkstollaaðferðinni þó hægt sé að finna einstök dæmi þar sem 30% tollarnir fara upp fyrir en þá gilda þeir ekki, þá gildir það þak sem hámarkstollarnir eða tollabindingarnar gera ráð fyrir. Það er alveg skýrt að menn fara ekki upp fyrir það. Ef á aðlögunartímabilinu, þessum fimm árum, færi 30% tollaleiðin upp fyrir eða ræki upp í það þak sem á að lækka, eins og hv. þm. vita allir, á aðlögunartímanum, þá líka gildir lækkunin eins og hún yrði orðin á þeim tíma. Við skulum segja að eftir þrjú ár hefðu tollarnir samkvæmt tilboðinu, lækkað eins og gert er ráð fyrir þannig að 30% tollarnir væru komnir upp í þau mörk. Þá lækkar auðvitað verðið eða tollálagningin eins og hámarkstollaleiðin gerir ráð fyrir. Það hlýtur að hafa verið á einhverjum misskilningi byggt að segja að ríkisstjórnin væri að búa til einhverja dulbúna ofurtollaleið, eins og vinsælt er að tala um, ofurtolla, en ég vona að þetta sé skýrt. Auðvitað fær nefndin eða þær nefndir sem kom að málinu tíma til að fara yfir þessa þætti og skoða þau mál betur.

Varðandi síðan 32% tollamarkið sem er á lágmarksinnflutninginn, þ.e. 32% af hámarkstollabindingunni, þá er það, eins og reyndar kom fram hjá hæstv. forsrh. í andsvari, ljóst að það gildir 32% af hámarkstollabindingunni eins og hún er í upphafi. Þau prósent lækka ekki á tímanum.

Ég held að með þessu megi segja að það hafi náðst nokkuð ásættanleg leið sem geti orðið málamiðlun milli landbúnaðarins annars vegar og neytendanna hins vegar vegna þess að ég vil taka undir það með hv. þm., ég held að það hafi verið sérstaklega hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, sem áréttaði það að auðvitað þarf að vera þarna sátt á milli. Það á ekki alltaf að líta á þessa aðila, annars vegar bændur eða landbúnaðinn og hins vegar neytendur, sem andstæðinga. Það er algjörlega fráleitt og ég hef reynt að undirstrika það í mínu máli þegar ég hef komið fram fyrir hönd landbúnaðarins að ég tel að það sé afar mikilvægt að leggja áherslu á að milli þessara sjónarmiða ríki sátt. Það er auðvitað hagur beggja aðila sem ætti öllum að vera ljóst. Það er svolítið hvimleitt að hlusta á það alltaf og nú seinast í umræðum í síðustu viku þegar fulltrúar þessara beggja aðila, bæði neytendanna og landbúnaðarins, komu fram og lýstu í fjölmiðlum afstöðu sinni til niðurstöðu ríkisstjórnarinnar og þess frv. sem hér er til meðhöndlunar. Annar aðilinn taldi að þarna hefði unnist einhver áfangasigur, þarna hefði verið hægt að berja á einhverjum, eða það mátti skilja það svo. Nú hefði tekist að knýja stjórnvöld til þess að setja eitthvað annað fram heldur en standa alltaf í einhverri vörn bítandi í skjaldarrendurnar fyrir ákveðna hagsmuni. Hinn aðilinn lýsir aftur á móti óánægju sinni með það að stjórnvöld hafi hætt að bíta í skjaldarrendurnar og misst niður alla vörn og þetta geti haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir landbúnaðinn. Af svona málflutningi verða menn að láta. Það er mín skoðun að það sé mikilvægt fyrir báða aðila ef það á að nást einhver sátt um þessa atvinnugrein, landbúnaðinn, í samfélaginu. Ég veit að þjóðin vill standa vörð um landbúnað og tryggja að það sé hér áfram landbúnaður í landinu, öflugur landbúnaður, en hann þarf auðvitað að vera samkeppnisfær og geta staðið sig í því breytta umhverfi sem við stöndum nú frammi fyrir og þýðir ekkert að loka augunum fyrir því. Við höfum gert þessa samninga. Við erum að opna landið fyrir innflutningi og í augu við það verða menn að horfast.

Þetta var kannski aðeins útúrdúr frá því að vera að svara þeim fyrirspurnum sem hefur verið beint til mín, en ég árétta að það er mín niðurstaða að hér hafi verið farin leið sem sé ásættanleg.

Aftur aðeins að 32% tollinum og lágmarksaðganginum af því að hér hafa nokkrir þingmenn spurt: Þýðir þetta ekki það að allt sé lokað, það verði enginn innflutningur? Þá er það auðvitað svo að það er gert ráð fyrir þessum lágmarksinnflutningi sem eru 3–5% miðað við neysluna á tímabilinu. 3% aðgangur fyrir t.d. mjólk eða mjólkurvörum þýðir það að við flytjum inn í landið um það bil 3 millj. lítra af mjólk eða sem því svarar, ekki nýmjólkina sjálfa heldur neysluvörur úr mjólk sem svarar um það bil 3 millj. lítra og vissulega hlýtur það að hafa áhrif á landbúnaðinn þó að það sé ekki há prósenta ef við erum að framleiða 100 millj. lítra. En 3 millj. lítra skipta þó landbúnaðinn líka máli, ekki síst í þeirri erfiðu stöðu sem hann er í. Það sama má segja með kjöt eða kjötvörur. Það er gert ráð fyrir því að þar kunni innflutningur að verða 600–700 tonn eða sem því svarar. Það munar líka um það þegar við erum að tala um framleiðslu u.þ.b. 8–9 þús. tonna af lambakjöti svo að dæmi sé tekið. Við vitum að við erum með birgðavanda sem skiptir hundruðum tonna eða kannski þús-

undum. Það er ljóst að þetta hefur áhrif og við verðum að horfast í augu við það. Þess vegna þarf að reyna að gera þetta á þann hátt að það veiti aðlögun, landbúnaðurinn hafi tíma til þess á þeim árum sem eru fram undan að bregðast við þessu nýja viðhorfi, þessum nýju aðstæðum sem eru uppi.

Og af því að spurt var líka, ég held að það hafi verið hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sem spurðu um áhrifin t.d. á ríkissjóð. Hvaða tekjur eru í þessu og hver verður ávinningurinn þar, hvað verða tollarnir háar fjárhæðir? Það er óhægt um vik að reikna það út jafnvel þó að við gæfum okkur magntölur af þessu tagi vegna þess að það fer svo mikið eftir því í hverju þessi innflutningur verður. Ég tek dæmi t.d. bara af kjötinnflutningi. Ef við erum að flytja inn mikið unna kjötvöru, beinlausa, þá er tollverndin mjög há og er í krónutölum mikil af einu kílói en miklu minni ef við erum að flytja inn minna unna vöru með beini. Þá yrðu tekjur ríkissjóðs af tolltekjum minni. Ég held því að á þessu stigi sé það að æra óstöðugan að reyna að vera með einhverja slíka útreikninga og þetta sé eitt af því sem ég nefndi áðan að hlyti að verða að koma í ljós eða upplýsast í ljósi reynslunnar. Menn geta ekki svarað svona spurningum fyrir fram.

Vafalaust hafa komið margar fleiri spurningar um tollamálin sem ég kem þá að aðeins aftur eftir því sem það kemur upp á mínum minnisblöðum. Ég ætla næst að ræða aðeins um forræðið af því að það kom einnig fram í máli hv. 9. þm. Reykv., um forræðismálin. Mér fannst það liggja í hans orðum að það væri undarlegt hvað ákveðnu valdi væri hlaðið á landbrh. eða landbrn., það ætti að úthluta kvótunum og þessi úthlutunaraðferð gæti verið spillingarkerfi í sjálfu sér í eðli sínu. Auðvitað getur allt úthlutunarkerfi verið það, það má sjálfsagt taka undir það með hv. þm. En í lögunum eru alveg upp gefnar þær leikreglur sem viðhafa skal við úthlutun þessara kvóta. Menn getur auðvitað greint á um það hvort á að gera það svona, með útdrætti eða hvort á að gera það með uppboðsaðferð.

Einhver hv. þm., ég hygg að það hafi verið hv. 13. þm. Reykv., nefndi það að uppboðsaðferðin hefði e.t.v. verið eðlilegri eða betri, en þá erum við líka að búa til nýjan millilið, við erum að búa til nýjan kostnaðarlið. Eitthvað verður að borga fyrir þá úthlutun sem fæst með uppboði. Uppboðið hlýtur að þýða það að viðkomandi hafi ætlað að greiða eitthvað fyrir að fá að flytja inn og einhvers staðar hlýtur hann að hafa ætlað að taka þá fjármuni aftur til baka og leggja það þá væntanlega á vöruna og hækka vöruverðið og gera mismuninn enn meiri heldur en þó væri ella. Ég held því að þetta sé ekki óskynsamleg aðferð sem þarna er valin, að það er bara útdráttur sem ræður.

Varðandi það að landbrh. hafi forræðið eða ekki forræðið, þá er hér búið að lesa eða vitna til þáltill. og ég hygg að hv. 9. þm. Reykv., þáv. hæstv. utanrrh., hafi samþykkt þessa tillögu eins og hún hljóðar hér, að landbrh. verði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning landbúnaðarvara o.s.frv. Þetta þekkja menn.

Síðan kemur hv. 13. þm. Reykv. og spyr: Er þetta nú samt tryggt? Er ekki verið að færa forræðið annað? Mig langar að biðja hv. þm. að líta á 20. gr., reyndar bæði 19. og 20. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðherra birtir í reglugerð þær reglur sem gilda um úthlutun tollkvóta skv. þessari grein þar sem m.a. komi fram úthlutunarkvóti, innflutningstímabil, tollataxtar, viðurlög við misnotkun og aðrir skilmálar, sem um innflutninginn skulu gilda."

Ég held að þetta sé æðiskýrt, en auðvitað er eðlilegt þegar verið er að gera breytingar á tollalögum, að í þeim texta sem fjallar um breytingar á tollalögunum sjálfum þá komi nafn fjmrh. fyrir. Hann hefur forræði yfir þeirri lagagerð, en um framkvæmd þessa máls tel ég að sé skýrt með forræði og það sé í samræmi við þingsályktunina eins og Alþingi gekk frá henni.

Þá er það kannski aðeins um dýrasjúkdómana af því að það spurðu nokkrir hv. þm. um það mál. Í 26. gr. er fjallað um dýrasjúkdómana. Þar er gerð nokkur breyting frá gildandi lögum enda var það eðlilegt þó að eftir sem áður sé viðkvæðið það að óheimilt sé að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir sem þar eru síðan taldar upp, en það er undir þeim formerkjum að það sé gert til að hindra dýrasjúkdóma. Það er ekki gert undir því formerki að almennt sé bannað og það sé það sem gildir, að það sé bann sem gildir. Við viljum áfram verja okkar búfé fyrir dýrasjúkdómum sem hv. 14. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, lýsti í máli sínu að eru grasserandi hér í kringum okkur, og við þurfum vissulega að hafa í huga þegar við beitum eða breytum þessum lögum okkar, breytum þeim hér og síðan hvernig við beitum þeim.

Varðandi spurningu hv. 14. þm. Reykv. um það hvort ný efnisatriði væru tekin upp í 26. gr. þá er það ekki. Þetta eru í öllum aðalatriðum þau sömu eða óbreytt efnisatriði og eru í núgildandi lögum.

En síðan kemur sú grein sem skiptir máli og er í samræmi við það tilboð sem gert var um samningana á sínum tíma, að þrátt fyrir ákvæðið um það að við getum bannað innflutninginn vegna dýrasjúkdómanna þá sé landbrh. heimilt að leyfa innflutning á vörum sem taldar eru í þessari upptalningu í a–c lið að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum.

Auðvitað kunna að koma upp álitamál í því efni þegar við stöndum frammi fyrir því hvar og hvernig sönnunarbyrðin á að vera. Hér segir í framhaldinu í þessari grein að um framkvæmdina fari eftir ákvæðum samningsins, þannig að við erum í fyrsta lagi bundin af því að framfylgja ákvæðum samningsins í okkar leikreglum. Það er á verkefnasviði yfirdýralæknis að setja fram þær varnaraðgerðir sem hann vill viðhafa eða hvaða aðferðum hann vill beita til þess að verjast þeim sjúkdómum sem við teljum að hætta sé á að kunni að koma hér inn. Það er þá innflutningsaðilans eða innflutningslandsins að sanna það fyrir okkur með, við skulum segja upprunavottorðum að farið sé eftir þeim fyrirmælum sem við setjum eða höfum sett með

þessum tilmælum yfirdýralæknis. Ég tel að frá þessu sé gengið í samræmi við samninginn fullkomlega. Mig langar að nefna það máli mínu til áréttingar að á fundi ríkisstjórnarinnar 19. sept. 1993 lagði þáv. hæstv. utanrrh. fram minnisblað til ríkisstjórnarinnar þar sem m.a. er verið að tala um þetta mál, það eru auðvitað fjölmörg mál sem þar er verið að fara yfir, þ.e. hvaða atriði það séu sem þarf að taka á í tengslum við GATT-samninginn, og þar segir m.a. um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Fyrst er vitnað til laganna eins og þau eru í dag óbreytt: „Óheimilt er að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir" o.s.frv. Síðan segir í athugasemd frá utanrrn., með leyfi forseta:

„Í GATT/Úrúgvæ-samningnum er gert ráð fyrir heimildum til að viðhalda innflutningsbanni af heilbrigðisástæðum en sú heimild verður bundin mun strangari skilyrðum um vísindalegar sannanir fyrir þeim ástæðum sem bannið byggist á. Ætla verður að greinin geti staðið óbreytt" — eins og hún er í gildandi lögum — „en til þess gæti komið að bæta þurfi inn ákvæði í hana um undanþágu frá innflutningsbanninu þegar framkvæmd ákvæða í samningnum skýrast um það atriði." — Það tel ég að við séum nákvæmlega að gera hér í greininni eins og hún lítur út í frv. núna þannig að það sé farið hér eftir því sem þarna var lagt af stað með.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, spurði nokkurra spurninga en er því miður ekki í salnum, ég veit ekki hvort hann er í þinghúsinu, virðulegur forseti. (**Gripið fram í:** Hann er hér.) Ef ég viki aðeins að máli hans þá var að vísu eitt af því sem hann nefndi komið fram um upphaflega tilboðið og hvað gerðist á aðlögunartímanum, þ.e. með 32 prósentin. Ég fagna því viðhorfi hans að hann eftir að hafa velt málunum fyrir sér telur að sú aðferðafræði sem er viðhöfð í þessu frv. um 30% tollinn sé skynsamlegri heldur en það að fara í hámarkstollaleiðina, hámarkstollabindingarnar, og ég get þá sagt svipað og hv. þm. að ég hafði þegar ég kom að málinu fyrst lýst því yfir einhvers staðar í opinberri umræðu eða fjölmiðlum að ég teldi að það væri eðlilegast að fara hámarkstollaleiðina eða tollabindingaleiðina, hún væri einfaldari. Ég held að hún sé það út af fyrir sig. Sú leið sem við förum er flóknari. Ef það verða einhver slys eða eitthvað sem við erum ekki ánægð með í framkvæmdinni þá er erfiðara að breyta þeim því þá verður það ekki gert nema með nýrri lagabreytingu. En eftir skoðun á málinu tel ég, eins og ég hef reynt að skýra hér áður, að þessi aðferð sé ásættanleg og skynsamlegri til þess að sætta eða sameina þessi sjónarmið sem mér var tíðrætt um í upphafi um annars vegar landbúnað og hins vegar sjónarmið neytenda. Við erum því alla vega sammála um það atriði þó það geti verið eitt og annað í framkvæmd málsins sem verður erfiðara að fjalla um.

Hv. þm. spurði sérstaklega um grænmetið og garðyrkjuna, eða „græna geirann" sem stundum er kallaður svo. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að þar eru viðkvæm mál á ferðinni, viðkvæmari heldur en jafnvel í sambandi við kjötið og mjólkina. Hann rakti fyrir því ýmsar ástæður, m.a. þær breytingar sem hafa orðið í framleiðslu á þessum vörum frá viðmiðunarárunum eða frá 1988. Framleiðsluaðferðir hafa mjög mikið breyst og okkar framleiðsla á þessu sviði tekið stórstígum framförum og breytingum. Það er þó svo um þetta mál að hámarkstollígildin eða tollabindingarnar munu alltaf gilda um þennan svokallaða græna geira. Þær verða fullnýttar hverju sinni. Það er ekki farin þessi 30% regluleið hvað þennan þáttinn varðar af því að það er m.a. talið að það hefði verið mjög erfitt að finna heimsmarkaðsverð fyrir þessar vörur sem er svo breytilegt frá einum degi til annars, jafnvel innan dags, þ.e. það eru svo miklar og örar breytingar á þessum vörum að þetta svokallaða heimsmarkaðsverð er hreinlega ekki talið viðmiðunarhæft og þess vegna farin tollígildaleiðin fyrir þennan græna geira.

Í öðru lagi má segja það um grænmetið að gert er ráð fyrir því að reynt verði að skipta upp svokölluðum ríkjandi markaðsaðgangi, þ.e. innflutningnum sem var árið 1988, það verði reynt að skipta honum upp eins og unnt er eftir vörutegundum með skiptingum í tollnúmer. Hér er m.a. átt við það að á þessu viðmiðunarári var flutt inn mikið af plöntum af sérstökum ástæðum og þær hafa haft áhrif á það magn sem ríkjandi markaðsaðgangur gerir ráð fyrir. Ef hins vegar er hægt að skipta þessu upp eftir tollnúmerum í tegundir þá mundi það vera til aðstoðar eða hjálpar mjög fyrir þennan geira. Þá er gert ráð fyrir því að hægt sé að láta innflutning á svokölluðum cohesion-vörum, sem eru m.a. blóm, tómatar, gúrkur og paprika, fylla upp í ríkjandi markaðsaðganginn þannig að það gangi saman, það þurfi ekki að uppfylla þessa tvo lista eða þennan markaðsaðgang sitt í hvoru lagi. Þetta kemur m.a. fram í 20. gr. frv.

Síðan spurði hv. þm. og reyndar fleiri þingmenn um ástand og stöðu í landbúnaði almennt, hvernig þessi frumvarpsflutningur hér eða lagasetning þegar hún verður komin til framkvæmda kæmi til með að virka á sauðfjárrækt m.a. og sérstaklega var spurt um erfiðleika sauðfjárræktarinnar. Nú held ég að þetta frv. og afleiðingar þess hafi ekki afgerandi áhrif þó að ég hafi vissulega nefnt að þetta gæti þýtt einhvern hundruð tonna innflutning á kjöti eða kjötafurðum, og þá er það ekki eingöngu lambakjöt en það er það kjöt sem getur haft áhrif á markaðinn og neysluvenjurnar. Það er auðvitað ekki mjög þægilegt að fá þann innflutning einmitt í þeirri stöðu sem sauðfjárræktin er í nú en það vissu menn fyrir. Það er ekkert sem verið er að ákveða núna og ekkert sem er að koma upp í dag. Við höfum unnið að gerð þessa GATT-samnings og hlutum að koma að því fyrr en síðar að þurfa að takast á við framkvæmd þeirra mála þó að staða sauðfjárræktarinnar sé erfið eins og öllum hv. þm. er ljóst einmitt nú um þessar mundir.

Varðandi það að taka um það ítarlega umræðu nú þá held ég kannski að það sé ekki á bætandi við mikilvæga umræðu um það frv. sem hér liggur fyrir og efnisatriði þess en vil hins vegar greina hv. þm. frá því að það er væntanlegt frv. um breytingar á búvörulögunum sem varða það fyrst og fremst að fá frestun á ákvörðun um heildargreiðslumark sem á að taka 15.

sept. ár hvert, að það verði hægt að fresta þeirri ákvörðun eitthvað fram á veturinn, eitthvað fram á þingtímann. Ef það kæmi í ljós, sem ég á vissulega von á í sambandi við þá samninga sem nú eru þegar í gangi um nýjan búvörusamning, að við þyrftum að geta náð fram lagabreytingum í tengslum við hugsanlegar breytingar á búvörusamningnum eða samkomulagi sem kann að verða gert við stjórnvöld í framhaldi af þeim umræðum, þá er mjög óheppilegt að hafa þá þegar ákveðið heildargreiðslumark sauðfjárafurða 15. sept., áður en þing kemur saman. Ég vonast til þess að við fáum það frv. hér inn í þing á næstu dögum og Alþingi sjái sér fært að afgreiða það og þá getum við tekið nokkra umræðu um stöðu sauðfjárræktarinnar.

Vissulega hafa neyslubreytingarnar orðið mjög miklar á undanförnum árum en þó virðist sérstaklega mikil breyting hafa orðið á seinustu mánuðum sem maður veit ekki hvort nær yfir allt árið en alla vega er ljóst að það var eitthvað meira að gerast undanfarnar vikur og mánuði heldur en menn höfðu gert sér grein fyrir. Þetta hefur reyndar komið fram í fjölmiðlum. Fyrstu þrjá mánuði ársins varð verulegur samdráttur miðað við þrjá fyrstu mánuði síðasta árs. Vandinn er þess vegna kannski meiri sem við blasir og það er ekki tímabært að velta fyrir sér einhverjum sérstökum úrlausnum eða aðgerðum af hálfu stjórnvalda hér og nú en ég vil taka undir það með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að auðvitað þurfa bændasamtökin sjálf að koma að því, koma með tillögur og hugmyndir um það hvernig hægt sé að bregðast við. Það kemur síðan í því formi til stjórnvalda hvernig stjórnvöld geta komið að slíkum aðgerðum, m.a. eins og einhver hv. þm. nefndi í umræðunum, ég held ég að það hafi verið rætt um verklokasamninga við einstaka bændur. Það er að segja hvernig hægt er að fá einhverja bændur til þess að hætta framleiðslu þannig að þeir sem eftir eru hafi þó úr meiru að spila, hafi meiri framleiðslurétt meðan þetta kvótakerfi sem við búum nú við er ríkjandi. Ég held að við þurfum að fara að finna nýjar leiðir til að komast frá því. Í þessum mikla samdrætti sem hefur verið hefur þetta kvótakerfi leitt til þess ástands sem nú ríkir á fjölmörgum sauðfjárbúum. Birgðavandi er mikill og við þurfum auðvitað að takast á við hann og gera átak í vöruþróun.

Af því að það var aðeins spurt um átak í útflutningi þá er ýmislegt í gangi í því sambandi. Því miður er ekki líklegt að slíkt skili háum sölutölum eða magntölum í sölu á næstu vikum eða mánuðum, það tekur tíma eins og það er reyndar búið að gera, en það eru ný viðhorf uppi og það er verið að vinna að því á ýmsum sviðum, bæði í lambakjöti, nautakjöti, jafnvel í grænmeti, tómatar hafa verið fluttir út, við höfum reynt að flytja út kartöflur og það er fleira sem er í gangi. Ég held að það séu möguleikar fyrir hendi ef okkur vinnst tími til þess að halda áfram slíkri vinnu.

Hæstv. forseti. Ég sé að tíminn er að renna frá mér, ég hélt að það væri ekki ástæða fyrir mig að tala svo lengi. Ég vona að ég hafi svarað a.m.k. einhverju af þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. Vafalaust er ýmislegt þó eftir enn eða ýmsu ósvarað en ég ítreka það þá sem ég sagði í upphafi að ég held að mörgum spurningum sem vaka í hugum okkar allra verði ekki svarað í þessu flókna máli nema með ljósi reynslunnar. En það sem við getum gert nú er að reyna að komast að niðurstöðu um frágang þessa máls á þann hátt að það sé sem ásættanlegast fyrir markaðinn. Við fáum inn eitthvert ákveðið magn af vörum sem ekki hafa verið til áður, á lægra verði samkvæmt lágmarksaðganginum. Að honum slepptum höfum við meira vöruúrval heldur en áður þó að það kunni að vera á háu verði. Og eins og hér kom fram ítarlega í máli hæstv. forsrh. þá ætlaði enginn að þetta skref sem nú er stigið í frjálsræði í verslun og viðskiptum milli þjóða ylli einhverjum byltingum heldur væri fyrsta skrefið á lengri leið.

[17:30]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna tilvitnunar hæstv. ráðherra í minnisblað frá fyrrv. utanrrh. þarf að undirstrika að ákvæði eldri laga um skilyrðislaust bann vegna dýrasjúkdómaákvæða eða smithættu gat að sjálfsögðu ekki staðist og var ekki haldið fram. Það yrði að breyta því í skilyrt bann vegna þess að breytingin er í því fólgin að það þarf að færa sönnur á að þessu sé ekki verið að beita sem viðskiptahindrun á fölskum forsendum.

Það þarf að koma fram í þessum umræðum, virðulegi forseti, að það hefur enginn haldið því fram eða byggt upp þær væntingar að stofnaðildin að GATT eða þetta frv. mundi tryggja innflutning á lægra verði. Því hefur enginn haldið fram og enginn byggt upp þær væntingar vegna þess að það er skuldbinding við bændur um að tryggja þeim vernd í upphafi. Deilan snýst ekkert um það. Hin stóra spurning er sú hvort það verður yfirleitt nokkuð af innflutningi. Eins og fram kom í máli ráðherra er tollabindingin hámarkið, hún er himinhá. Ef farið er undir tollabindingu í tollum, þá er spurningin sú: Verður nokkuð af innflutningi? Viðskipti ráðast af verði og síðan af kaupgetu eða eftirspurn og ef verðið verður svo hátt, eru litlar líkur á því að það reyni nokkuð á þetta. Það er hins vegar öfugt við það sem menn bjuggust við. Þess vegna er ástæða til að spyrja fyrir utan þennan lágmarksinnflutning sem kann að verða einhver og þá væntanlega helst á lúxusvörum: Hefur hæstv. landbrh. einhverja skoðun á því í ljósi þessa frv. sem hér er lagt fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hvort þetta verða virk lagaákvæði eða hvort tollarnir muni virka í reynd sem viðskiptahindrun? Svör hafa engin fengist við því. Það þarf að vera alveg skýrt. Hvert er mat hæstv. landbrh. á því? Hitt er nokkuð merkileg yfirlýsing sem fram kom í framhjáhlaupi hjá hæstv. ráðherra að menn þyrftu að fara að þoka sér úr núverandi kvótakerfi. Úr munni framsóknarmanns er þetta nærri því byltingarkennt. Eiga menn nú að fara að þoka sér úr núverandi kvótakerfi? Og er þá ekki rétt að ræða það svolítið? Og er þá ekki rétt, ef menn ætlast til þess að bændur eigi að fara að búa sig undir einhverja samkeppni innan hálfs áratugar, er ekki rétt að fara að leggja einhverja vinnu í það? Eigum við ekki að fara að þoka okkur inn í framtíðina, hæstv. landbrh.?

[17:33]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má byrja á því í beinu framhaldi af því sem voru lokaorð hv. 9. þm. Reykv. að segja að það yrði að gerast hægt. Ég er enginn byltingarmaður, ég viðurkenni það. En ég hef hins vegar sett nú þegar af stað endurskoðun á búvörusamningnum ef mönnum er það ekki ljóst. Ég hélt að það hefði komið fram víða í fjölmiðlum að sú vinna er í gangi. Það er reyndar kveðið á um það í stjórnarsáttmálanum og það er líka talað um það þar að taka sérstaklega á vanda sauðfjárbænda. Sú vinna er hafin.

Hvað út úr henni kemur, ég sagði það áðan að ég teldi að það væri ekki eðlilegt að við veltum því fyrir okkur nú strax í upphafi þeirrar vinnu, en þó kann að vera ástæða til þess að fjalla eitthvað um þau mál þegar og ef þetta frv. sem ég greindi frá áðan sem verður lagt hér fram, vonandi á morgun, og ég legg áherslu á að fá afgreitt, kemur til umræðu, þá ræðum við nánar um málefni landbúnaðar og þar með talið sauðfjárræktarinnar.

En ég held að ég þurfi ekki að bæta við neinu sem ég sagði um innflutningsbannið vegna dýrasjúkdómanna. Ég vitnaði aðeins til þessa skjals og ég las orðrétt upp úr því og ég tel að einmitt það sem verið er að gera í frv. eins og það liggur fyrir, þeim texta sem er hér í 26. gr., þá sé það nokkurn veginn það sem hv. 9. þm. Reykv. lýsti eftir eða lýsti yfir, að það þyrfti að breyta formerkjum. Það þarf að breyta formerkjum frá því skilyrðislausa eða algjöra banni sem var áður.

Varðandi það hvort hér sé um að ræða virk lagaákvæði sem þýði einhvern innflutning, þá árétta ég það aftur sem ég sagði bæði í upphafi og lok ræðu minnar áðan að ég hygg að þar verði reynslan að skera úr. Ég geri mér ekki fyllilega grein fyrir því. Ég lýsti þeirri skoðun minni að ég teldi að hér væri reynt að ná ásættanlegri málamiðlum milli sjónarmiða. Það er ekki farið í hámarkstollana. Það mun verða meira vöruúrval og þá hafa neytendur val en ég get vel ímyndað mér að það verði í flestum tilfellum eins og hér er gert ráð fyrir umtalsvert dýrara heldur en innlenda varan.

[17:35]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hæstv. landbrh. treystir sér ekki til þess að leggja mat á það hvort þetta verða virk ákvæði eða hvort þau virka í reynd sem viðskiptahindrun þannig að ekkert verði af viðskiptum. Sannarlega erum við ekki byltingarmenn, en hversu hægfara getum við verið?

Ástæðan er auðvitað sú að það eru af ásettu ráði byggðir upp þessir svokölluðu magntollar í fastri krónutölu og það er þar sem feluleikurinn er fólginn í málinu. Þeir byggðu grunninn fyrir tæpum áratug á heimsmarkaðsverði sem er ekki til. Hið raunverulega innflutningsverð til Íslands er miklu hærra. Hvers vegna? Það er vegna þess að hingað eru fluttar inn vörur sem yfirleitt eru í hærri gæðaflokki. Í annan stað er það vegna þess að hingað eru fluttar vörur í mjög litlu magni og í þriðja lagi vegna þess að þær eru keyptar frá heildsölum sem leggja á heildsöluálagninguna strax í innflutningslandinu þannig að þetta verð er miklu hærra. Í mörgum tilvikum 100% hærra. Síðan bætist ofan á það sem menn þekkja, flutningskostnaður, tryggingar og heildsöluálagning innan lands. Í skjóli þessa eru búnir til magntollar sem eru allt of háir. Deilan snýst alls ekkert um það hvort menn eiga að beita samsettum tollum, bæði prósentu og fastri krónutölu. Það má vel gera. Þetta er pólitísk ákvörðun um að stilla magntollana upp undir bindingar í mjög mörgum tilvikum af ásettu ráði til þess að hindra viðskipti. Og það er langur vegur frá því til þess sem við höfum sagt. Við bjuggumst ekki við verðlækkun, nei. Við bjuggumst við að þeir yrðu stilltir af af sanngirni þannig að fyrstu skrefin yrðu stigin á tímabilinu, á þetta gæti reynt og neytendur gætu vænst einhvers bata án þess að gengið yrði á hlut bænda. Það er þetta sem er sniðgengið.

[17:37]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra lagði á það mikla áherslu áðan að landbrh. hefði forræði um allar efnislegar ákvarðanir í þessu máli og vitnaði til 20. gr. frv. í þessu sambandi. Reyndar voru á síðasta þingi margir hv. þm. Framsfl. sem lögðu á þetta mikla áherslu og reyndar þáv. formaður landbn., hv. þm. Egill Jónsson. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvað 4. gr. frv. þýðir sem kveður á um breytingar á tollalögum, en þar er gert ráð fyrir að ráðherra — og þá er verið að tala um hæstv. fjmrh. — geti með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um ákvörðun tollverðs er taki mið af samningum um framkvæmd 7. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti. Reglurnar skulu m.a. tilgreina hvernig tollverð skal ákvarðað í þeim tilvikum sem ekki er hægt að ákvarða tollverð innflutningsvöru skv. 8. gr. og þar sem bæta skal við tollverð samkvæmt ákvæðum 9. gr. Hér er ákvörðunarvaldið í þessu tiltekna máli eftir því sem ég skil málið best og hæstv. landbrh. leiðréttir mig þá, ákvörðunarvaldið er í höndum hæstv. fjmrh. og ég spyr: Ef það kemur upp ágreiningur varðandi þetta tiltekna atriði, hver hefur þá forræði raunverulega í þessu máli? Hver er það sem hefur ákvörðunarvaldið?

[17:39]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst lýsa ánægju minni með það, ef ég má skilja orð hv. þm. svo, að henni sé mjög umhugað um það að landbrh. hafi forræðið í málinu. Ég held að það sé mikilvægt og ég leita þá eftir stuðningi hv. þm. ef það hefur eitthvað misfarist í því, þ.e. forræðismálinu, þannig að við getum þá lagað það í nefnd og séð til þess að það verði fært til rétts vegar og þess vegar sem þingið hafði ályktað um.

Ég sagði það áðan að ég teldi að það væri ekki óeðlilegt að í tollalögum eða breytingum á tollalögunum væri kveðið á um forræði fjmrh., í þeim lagabálki. Nú er mér ekki alveg ljóst, ég hef ekki haft möguleika á því að lesa mig svo nákvæmlega til í því hverju er

verið að breyta í 10. gr. tollalaganna með 4. gr. frv. og er sjálfsagt að skoða það nánar, líta eftir því hvað hér er átt við, en ég geri mér alveg ljósa grein fyrir því að það verður ekki tekið af fjmrh. allt forræði í tollalögunum. Hins vegar er skýrt kveðið á um það í þessu lagafrv. að það sem skiptir máli fyrir landbúnaðinn og það sem skiptir máli eins og þáltill. kvað á um er að það sem heyrði undir og varðaði innflutning á landbúnaðarafurðum væri á forræði landbrh. og ákvarðanirnar sem taka þarf í því sambandi eru greindar í 19. og 20. gr. og ég tel að þær séu mjög afdráttarlausar.

Það má aðeins nefna það sem hefur kannski ekki komið mikið fram í umræðunni að það er gert ráð fyrir samstarfsnefnd þriggja ráðuneyta til þess að vera landbrh. til aðstoðar við að undirbúa þessi mál öll sömul um þessar reglur, um úthlutunarkvótana og annað sem þarf að ákveða, innflutningstímabil o.s.frv., en forræðið er eftir sem áður algjört hjá landbrh. í því máli einnig. En þarna er um að ræða samstarfsnefnd ráðuneyta sem að málinu koma þannig að ég hygg að það sé nokkuð vel séð fyrir þessu forræði eins og þingið hafði áður ályktað.

[17:42]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af upphafsorðum hæstv. ráðherra vil ég segja það að þó að ég sé að spyrja þessarar spurningar þá er það ekki endilega mín skoðun að það sé rétt og eðlilegt að allar efnislegar ákvarðanir í þessum málum séu í höndum landbrh. sem í raun og sanni heyra undir tvö ráðuneyti í það minnsta, landbrn. og ekki síður fjmrn. að því er varðar tollamálin. En ég vildi hafa þetta á hreinu, ekki síst nú þegar ljóst er að landbrh. er ekki öruggur á því hvað 4. gr. felur í sér, þá er full ástæða til þess að hann kynni sér það. Þá vitna ég í því sambandi til þess að í þeirri brtt. sem kom frá utanrmn. á síðasta þingi var verið að tala um, og ég hef ekki annan skilning á því heldur en var þá, að landbrh. hefði forræði um allar efnislegar ákvarðanir í þessu máli. Hvað er verið að undanskilja hérna? Mér skilst á svörum hæstv. ráðherra að hann sé ekki alveg öruggur á því þannig að það er ástæða til að kynna sér það. En ég undirstrika að ég er ekki endilega sammála því að þetta mál eigi alfarið að heyra undir landbrh. Þvert á móti. Við erum að fjalla hér líka um tollamál þannig að mér finnst það eðlilegur hlutur að fjmrh. hafi eitthvað um það að segja.

[17:43]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti nú miður að heyra þetta. Ég tapaði þarna aftur stuðningsmanni ef um glímu er að ræða en ég á svo sem ekki von á því að það verði mikil glíma um málið. Ég tek undir með hv. þm. að það er eðlilegt að skoða það betur og nánar hvað er verið að fjalla um í 10. gr. laganna, en ítreka það aftur, og við erum þá sammála, við hv. þm., um það að auðvitað er forræði tollalöggjafarinnar í höndum fjmrh., hlýtur að vera það. Það getur varla neinum blandast hugur um það. En hins vegar er jafnskýrt að það sem talað hefur verið um og samþykkt var hér á þinginu, þó að ég muni svo sem ekki hvernig hv. þm. greiddi atkvæði um þessa margumræddu þáltill. um áramótin, hver var afstaða hv. þm., enda skiptir það ekki höfuðmáli heldur það að þar er fyrst og fremst skýrt kveðið á um það að forræði er varðar innflutningsmál á landbúnaðarafurðum sé í höndum landbrh. en ekki að það sé verið að flytja tollalög frá fjmrh. yfir til landbrh. Það held ég að engum hafi dottið í hug.

Ef þar að auki athugasemd við 4. gr. er lesin í viðbót við að hafa lesið 4. gr., þá segir hún lítið meira þannig að það þarf greinilega að fá tíma til þess að skoða þetta, enda nógur tími til þess að skoða það nánar í nefnd.

[17:45]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þetta frv. sem við erum hér að ræða byggir á GATT-samningnum eða síðustu lotu GATT-viðræðna sem er ein merkasta tilraun í samfélagi þjóða að koma á bættum lífskjörum. Samningurinn miðar að því að örva frjáls viðskipti og ég held að það þurfi ekki að hafa mörg orð um það gagnvart Íslendingum sem eru það háðir utanríkisviðskiptum að við eigum að styðja og nýta þá möguleika sem þessi samningur gefur okkur. Það er tvennt sem við þurfum að hafa í huga þegar við erum að útfæra þennan samning, þ.e. annars vegar að hagur neytenda batni við hann og í öðru lagi að það gætu skapast sóknarfæri og þar með bættur hagur bænda. Þetta er það tvennt sem við þurfum að hafa í huga þegar við erum að útfæra þennan samning. Það ber að leggja á þessa tolla sem við erum að ræða hér þannig að þeir séu lagðir á af sanngirni vegna þess að hagsmunir bænda og neytenda fara saman til langs tíma. Ég held að þetta sé skynsamlegt viðhorf en það kemur ekki fram í þessu frv.

Við verðum að átta okkur á því að grundvöllur GATT-viðræðnanna og frelsi í milliríkjaviðskiptum byggir á þeirri hugsun að samkeppni milli fyrirtækja og landa og frjálst val neytenda er það form í viðskiptum sem almennt leiðir til mestrar hagsældar. Það er ekki spurning að þingflokkur Þjóðvaka styðji þessa hugsun en ekki þetta frv. vegna þess að þetta frv. þarf að taka verulegum breytingum svo það sé í anda þessarar stefnumótunar.

Ég ætla aðeins að víkja fyrst að lágmarksinnflutningi. Þetta frv. er mjög tæknilegt og satt best að segja er greinargerðin með því ekki þannig að það sé hægt að átta sig vel á því. Ég held að flestir hv. þm. þurfi annaðhvort að vera vel heima í málinu eða lesa nokkuð margar skýrslur til að átta sig á þessu máli því það er ekki hægt að lesa það vel út úr frv.

Þegar tollabindingarnar eða hámarkstollarnir voru ákveðnir þá var farin sú leið að finna sem lægst heimsmarkaðsverð og sem hæst innanlandsverð sem gerði það að verkum að menn gátu ákveðið tollabindingarnar eða hámarkstollana sem hæsta. Ég vil taka sem dæmi, sem kemur fram í frv. um slíka tollabindingu, upp á 538%. Síðan eru tekin 32% af því sem er tollur. Það getur verið nokkuð há tala. Þetta er það sem gildir fyrir þennan lágmarksaðgang eða lágmarksinnflutning á búvörum. Þar er miðað við að það geti

verið hlutdeild í innanlandsneyslu 3% sem færist síðan upp í 5%. Þetta er þessi lágmarksaðgangur sem samningurinn á að tryggja.

Þá er mjög mikilvægt að þessi 3% opnun sé þannig úr garði gerð — því við megum ekki gleyma því þegar við erum að tala um 3% þá eru 97% eftir fyrir innlenda framleiðslu — þá er náttúrlega mjög mikilvægt að þessi lágmarksopnun sé gerð á þann hátt að hún leiði til vissra kjarabóta fyrir neytendur, skapi svigrúm fyrir framleiðendur, fyrir bændur, til að laga sig að breyttum aðstæðum. Vegna þess að við getum ekki þegar fram líður lokað okkur inni í okkar eigin veröld með okkar atvinnuvegi, hvorki þennan atvinnuveg né annan.

Þetta er það sem við höfum ekki gert. Hér hefur verið talað nokkuð um ofurtolla. Ég vil upplýsa að ég hef hér upplýsingar frá Neytendasamtökunum þar sem þeir hafa fengið upplýsingar um verð í Danmörku, þar sem hægt er að kaupa flestar af þessum landbúnaðarvörur sem við erum að tala um, umreiknað hvað það mundi kosta hér komið til landsins og borið það saman við innlent verð. Þá eru tollar, svo ég taki dæmi, sem verða lagðir á innflutning á svínaafurðir um 170%. Á nautaafurðum, hakki, gúllasi og nautalundum eru tollar um 115%. Á lambaafurðum eru tollarnir um 130%. Á ostum eru þeir um 190%. Þetta eru tollarnir sem lagðir eru á innflutning samkvæmt þessu frv. Ef maður ber síðan saman og skoðar hvað erlend matvara verður dýrari heldur en innlend matvara, en við höfum öll talað um það að hér þurfi að hugsa út frá því að íslenskur landbúnaður þarf sinn aðlögunartíma. Hann þarf að hafa tækifæri til að keppa við þessar breyttu aðstæður. Það hefur verið villandi sem hefur komið fram í umræðu, ég held aðallega í fjölmiðlum, þar sem er talað um að þessi munur geti verið um 30%, og það er nú reyndar getið um ákveðna fyrirvara í frv. Það verður líka að hafa í huga þegar talað er um heimsmarkaðsverð að þegar heimsmarkaðsverðið var athugað á sínum tíma þá var í mörgum tilfellum ekki hægt að finna marktækt heimsmarkaðsverð. Enda var það ákveðinn liður í því að finna út tollabindinguna.

En þessar tölur varðandi lágmarksinnflutninginn, svo ég nefni nokkur dæmi, þá munu t.d. svínaafurðir vera hér á bilinu 47–87% dýrari en erlenda varan verður. Þetta er náttúrlega miklu meira en 30%. Svínalæri með beini, svo ég hafi það líka alveg rétt, mun verða ívið ódýrara á þessum lágmarksinnflutningi, aðeins þessi 3%. Þarna er ég ekki að tala um það sem væri á rauntollum, heldur miða hér við lágmarkstollana. Þannig að ef maður fer yfir þetta þá eru þetta svona 14% upp í 100%, eða 14, 15, 20, 30, 40, 50% algengt sem erlenda varan verður dýrari miðað við þennan lágmarksinnflutning. Þá spyrjum við okkur: Er þetta skynsamlegt? Því við ætlum að þessi litla opnun sem gert er ráð fyrir í GATT-samningnum komi neytendum vel og hún á að opna möguleika á vissri samkeppni að fengnum aðlögunartíma. Ég fullyrði að ef það á að flytja inn vöru hingað, sem á að vera sambærileg, sem er kannski 30–40% og upp í 100% dýrari, þá efast ég um að nokkur muni flytja inn þá vöru. Ég efast um að nokkur muni kaupa þá vöru. Þá erum við ekki að nýta þennan GATT-samning í anda hans heldur að útfæra hann þannig að hann valdi engum breytingum á okkar efnahagsumhverfi hér á landi. Það er hlutur sem við megum ekki gera.

Ef við hins vegar förum yfir í rauntollana en upplýst hefur verið hér hvernig þeir eru lagðir á. Það er lagt 30% ofan á cif-verð og bætt síðan við krónutölu og með þeirri útreikningsaðferð verður þessi erlenda matvara í langflestum tilfellum, misjafnt eftir matvörum, um 50–60 og upp í 70–80% dýrari heldur en innlend matvara.

Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að umfram þennan lágmarksinnflutning sé visst verðbil. Ég tel það vera skynsamlegt að þar sé visst verðbil sem síðan trappist niður á nokkrum tíma, eins og reyndar er gert ráð fyrir í GATT-samningnum, þannig að íslenskur landbúnaður fái tækifæri til að laga sig að breyttum aðstæðum.

Ég held að það hefði þurft að setja inn sem markmið í þetta frv. að innflutningur sé á sambærilegu verði og innlend framleiðsla á þessu takmarkaða magni, þessum lágmarkstollum sem ég gat um hér áðan. Þeir verði það lágir að innlend framleiðsla sé að keppa á þeim grundvelli, keppa á grundvelli gæða og fjarlægðarverndar. Þetta þýddi það að neytendur hefðu raunverulegt val. Hér er hvort sem er um það lítið magn að ræða að ekki hefur áhrif á grundvallarafkomu stéttarinnar.

Við skulum líka hafa það í huga sem hér hefur aðeins verið komið inn á í umræðunni varðandi tæknilegar hindranir eða réttara sagt sjúkdómsvarnir. Ég vil vara við því að okkur komi til hugar að nota heilbrigðisreglugerðir sem tæknilegar hindranir. Það er nefnilega mjög algengt að það sé gert. Við Íslendingar ættum að þekkja mjög gott dæmi um það sem var hegðun franskra tollvarða í fyrra ef ég man rétt, þar var beitt heilbrigðisreglum til að stöðva innflutning. Japanir nota þessa aðferð nokkuð mikið hjá sér. Þetta er „viðurkennd" regla í samskiptum milli þjóða en við eigum ekki að hugsa á þeim nótunum. Vitaskuld eigum við að beita öllum ráðum til að koma í veg fyrir sjúkdóma hér en ég hef grun um það að oft á tíðum höfum við beitt þessum reglum kannski meira en góðu hófi gegnir sem lið í okkar viðskiptastefnu. Við skulum líka minnast þess að flest höfum við farið til útlanda og við höfum komist lifandi heim eftir að hafa borðað þá fæðu sem er á boðstólum þar.

Við þurfum líka að hafa í huga — og við því vildi ég fá svar hér — hvort tollalækkanirnar komi ekki til framkvæmda. Þeir eiga að lækka um 36%, þó ekki niður fyrir 15% á einstakar vörutegundir, hvort útfærsla á þessu geti verið með þeim hætti þar sem við miðum ekki við hæstu mörk. Getur þetta þá þýtt að við höfðum þá þegar gengið þessa lækkunarleið þannig að tollarnir mundu þá ekki lækka á því tímabili? Þetta er nokkuð óljóst. Ég gat ekki lesið alveg út úr því hvernig það væri hugsað.

Ég held að aðalatriðið sem blasir við með þessu frv. sé það að matarverð mun ekki lækka til neytenda. Það

er hlutur sem ekki var stefnt að með þessum samningum, að það mundi ekki endurspeglast í meira úrvali og í raunverulegu vali því það er auðvitað verðið sem ræður hvað mestu um það. Ég get lýst því hér yfir að ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af því að íslenskur landbúnaður geti ekki lagað sig að breyttum aðstæðum. Hann getur fyllilega keppt við vöru í samkeppni um gæði ef svo ber undir. Það er augljóst að hér þarf að fá betra mat á áhrifum þessa frv. Við heyrðum áðan að hæstv. landbrh. var ekki meira en svo viss um tiltekna grein í frv. sem ég get upplýst hann um það er tæknileg grein sem er fyrst og fremst gerð ef upplýsingar liggja ekki fyrir. Það kemur fram í greininni og er víðar til. Ég held að það vanti upplýsingar um áhrif þessa samnings á hag neytenda og hvort þetta staðfesti ekki það sjónarmið sem ég hef verið að tala fyrir, að þarna sé raunverulega ekki um bata fyrir neytendur að ræða.

Það eru líka tvö eða þrjú atriði sem ég vildi spyrja varðandi þetta mál. Í 15. gr. frv. er talað um fóðursjóð og þar segir, með leyfi forseta: „Þá er enn fremur heimilt að greiða framleiðendum búvara fé úr fóðursjóði eftir afurðamagni.“ Ég vil spyrja hæstv. landbrh. að því hvort þarna sé hætta á því að það verði um að ræða mismunun milli búgreina varðandi þennan fóðursjóð, hvort það sé möguleiki eða ætlunin við beitingu þessara heimildarákvæða.

Ég vil sömuleiðis spyrja út í 21. gr. þar sem landbrh. er veitt heimild til að leggja á verðjöfnunargjald. Ég vil fá að vita með hvaða hætti hann hyggst nota þessa heimild en í greinargerð með frv. er vikið að því að þetta byggi á vörutegundum sem ekki hafa náðst enn þá samningar um. Samningaumleitanir um það standa yfir og ég vildi fá upplýst hvernig þær samningaviðræður standa, þ.e. bæði þær sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu og líka samningar sem EFTA-löndin hafa við aðrar þjóðir.

Ég held að við verðum líka aðeins að rifja upp að það er ekki hægt að ræða þessi tollamál eingöngu út frá hag neytenda og ég hef ekki gert það hér. Það verður að tvinna þessa umræðu saman við hag bænda og það eru nokkrar stærðir sem eru athyglisverðar sem sýna okkur ákveðna þjóðfélagsbreytingu sem hefur átt sér stað.

Árið 1974 eða fyrir 20 árum voru tæp 11% af vinnuafli bundin í landbúnaði. Þetta var komið í 6,1% 1985 og núna er það talið vera u.þ.b. 5%. Þessum störfum hefur sem sagt fækkað um helming eins og þetta er mælt á hefðbundinn mælikvarða í landbúnaði. Þetta er í sjálfu sér nákvæmlega sama þróun og hefur orðið alls staðar í kringum okkur. Við erum ekki að ganga í gegnum neitt einstakt tímabil. Tæknivæðingin í landbúnaði hefur alls staðar í nágrannlöndunum komið fram í því að það hefur orðið fækkun á fólki sem vinnur við þessa frumgrein.

Við getum líka litið á það að þáttur búfjárframleiðslunnar 1980 í vergum þjóðartekjum var 5% en var kominn niður í 2,5% fyrir örfáum árum. Þannig að við sjáum að þetta ber að sama brunni, hér hefur orðið umtalsverð minnkun hlutdeildar landbúnaðar í hagkerfinu, bæði hvað varðar vinnuafl og hvað varðar þátt í verðmætasköpun. Þetta er vandamál sem allar þjóðir standa frammi fyrir. Það er þess vegna sem við verðum að líta á þessa umræðu í samhengi við aðra þætti. Við vitum það vel að landbúnaðarvörur, matvörur, eru hér mun dýrari heldur en bæði í OECD-ríkjunum og Evrópusambandsríkjunum. Ríkisstuðningur hér hefur verið verulegur þó svo að hann hafi minnkað á undanförnum árum í kjölfar búvörusamningsins. En þrátt fyrir það erum við með verulegan stuðning hérlendis miðað við aðrar þjóðir.

Við þurfum líka að hafa í huga að samkvæmt GATT-samkomulaginu verðum við að minnka innanlandsstuðning verulega á þessum árum. Hér ber allt að sama brunni, við verðum að taka upp hinar framleiðslutengdu greiðslur í landbúnaði og breyta þessum greiðslum, ekki lækka þær, en breyta þeim í greiðslur óháðar framleiðslu. Þetta er venjulega kallað grænar greiðslur. Þetta yrði að gerast samhliða því að framleiðslukvótar yrðu afnumdir því það er ekki hægt að láta bændur fara að keppa við innflutning eða keppa á samkeppnismarkaði og síðan að setja þeim takmarkanir í magni.

Þetta mun leiða til þess að störfum fækkar í landbúnaði. Það gerir það alveg eins og gerst hefur undanfarna áratugi. En þetta þýðir líka bætta afkomu þeirra sem eftir eru í þessari grein.

Landbúnaðurinn er að ganga í gegnum svipaðan feril og atvinnugreinar hafa oft áður gengið í gegnum. Það er mjög mikilvægt atriði þegar menn taka upp greiðslur sem eru ekki framleiðslutengdar að það séu gerðir myndarlegir verklokasamningar eða styrkir vegna búháttabreytinga við bændur. Því það má ekki vera að sú landbúnaðarstefna sem við þurfum að finna út úr frv. til að hækka tekjur bænda, sé á nokkurn hátt þannig að níðst sé á rétti bænda.

Annað atriði sem við ættum að huga að, og nefnt hefur verið í umræðunni, er hvar forræðið liggur í þessum málum. Mér finnst um marga þá málaflokka sem hér eru taldir upp að þeir ættu ekki að vera á forræði landbrh. Þeir ættu að vera á forræði fjmrh. Ég fæ alltaf sömu svörin í umræðunni: Þetta er eitthvað sem fyrri ríkisstjórn hefur samið um. Og maður spyr: Er núv. ríkisstjórn bundin af því sem fyrri ríkisstjórn náði samkomulagi um? Ef menn kjósa að taka upp forræðismál varðandi þennan mikilvæga málaflokk þá sé ég í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að þetta þing gæti tekið það til skoðunar.

Það hefur líka komið fram í skýrslu nefndar sem hefur verið vitnað til í umræðunni, sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar sat í, að hans mat eða mat þeirrar nefndar sé að GATT valdi ekki breytingum umfram núgildandi búvörusamning. Núgildandi búvörusamningur hefur valdið verulegum breytingum í íslenskum landbúnaði. Við verðum hins vegar að hafa í huga að við eigum að nýta okkur þá möguleika sem GATT-samningurinn gerir til að stokka aðeins upp þessi mál í íslenskum landbúnaði. Ég held að menn gætu náð um það samstöðu. Ég vil líka benda á það að samkeppni innlendrar landbúnaðarframleiðslu við takmarkaðan

innflutning eykur möguleika á útflutningi íslenskra landbúnaðarafurða ef slíkt verður hagkvæmt.

Ef það verða ekki breytingar sem leiða til aukinnar framleiðni, m.a. með hagræðingu, þá mun þessi þróun halda áfram, þ.e. lækkun meðaltekjubúa á Íslandi. Sú þróun mun einfaldlega halda áfram ef menn taka ekki upp breytta hætti í þessu sem stuðla að aukinni framleiðni m.a. með hagræðingu. Ef menn fara ekki af þessari leið sem verið hefur núna undanfarið, og nú er tækifæri til að fara af þessari leið, þá munu tekjur eða meðaltekjur búa hér á landi halda áfram að dragast saman

Meginatriðið sem ég sé í þessu frv. er þannig að við eigum að hafa innflutninginn á sama verði og innlenda framleiðslu hvað varðar þetta takmarkaða magn sem gert er ráð fyrir í lágmarksinnflutningi og á þeim þætti er keppt í gæðum og fjarlægðarvernd. Tollútfærslan má vera í þessu formi. Þó að tölurnar í frv. séu of háar þá er það vernd fyrir íslenskan landbúnað sem mun þrepast niður rólega á næstu árum en við megum ekki hafa þessa tolla með þeim stærðarmörkum sem ég gat hér um áðan vegna þess að þá þýðir þetta að við erum ekki með neinar breytingar í okkar landbúnaðarstefnu. Það væri beinlínis það vitlausasta sem við gerðum þegar við afgreiðum þetta mál að það leiðir ekki til neinna breytinga á landbúnaðarsviðinu.

Í öðru lagi eigum við að hrinda í framkvæmd breytingum á greiðslum til bænda sem eru ekki tengdar framleiðslu og þá sérstaklega til stuðnings búháttarbreytingum og jafnframt þessu að afnema framleiðslukvóta.

Það er þannig sem ég tel að við eigum að reyna að afgreiða þetta mál á þessu þingi að það þýði einhverjar breytingar í umgjörð landbúnaðarmála hér á landi. Ég tel að það sé mjög gott tækifæri til þess út frá þessu frv. og það er í anda þess sem menn lögðu upp með, allar þær þjóðir sem skrifuðu undir þennan samning.

[18:08]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég taka það fram að ég fæ ekki betur séð og heyrt en að þær tillögur og þær hugmyndir sem hv. þm. hér lýsti séu í einu og öllu hinar sömu og áður komu fram í mínu máli og einnig að því er varðar þær hugmyndir sem hann lýsti að brtt. á frv. og er það vel.

Hv. þm. vék að samkomulagi sem gert hefði verið í tíð fyrrv. stjórnarflokka varðandi forræði mála. Tók það sjálfur fram að hann væri ekki sammála því og spurði fulltrúa hæstv. ríkisstjórnar hvort hún teldi sig bundna af samkomulagi milli fyrrv. stjórnarflokka.

Það er nauðsynlegt að taka það fram að þetta samkomulag á sér eftirfarandi forsendur: Á sínum tíma var í fullkominni óvissu og fullkominni hættu hvort það tækist að tryggja stofnaðild Íslands að GATT. Áhrifamiklir menn í samstarfsflokknum fyrrverandi höfðu lýst því yfir að það skipti ekki máli og mætti vel bíða. Niðurstaðan varð sú að það tókst en það kostaði þetta: Það kostaði það að fallast á til þess að tryggja hið meira mál að gera þessa forræðisbreytingu. Hún er auðvitað fúsk. Hún er brot á reglugerð um Stjórnarráðið og brot á auglýsingu um verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Tollamál heyra undir fjmrh., eiga heima þar. Úthlutun á kvótum að því er varðar innanlandsviðskipti eiga heima í viðskrn. og þetta er auðvitað fúsk. Að sjálfsögðu á að breyta þessu.

Nú spyr ég: Er nokkur ástæða til þess fyrir núv. stjórnarflokka að halda þessu samkomulagi til streitu? Þetta samkomulag var gert vegna þess að fyrrv. hæstv. landbrh. bar ekki traust til þáv. og núv. hæstv. fjmrh. Og af því að hæstv. fjmrh. er ljúfmenni og berst ekki fyrir meira að segja sínum eigin málstað þegar hann er réttur, þá var á þetta fallist. (**Gripið fram í:** Hvað segirðu?) Nú er spurningin með núv. hæstv. landbrh. sem er líka ljúfmenni: Ber hann ekki fullt traust til ljúfmennisins sem er núv. hæstv. fjmrh.? (**Landbrh.:** Þetta er ákvörðun Alþingis, hv. þm., ekki ríkisstjórnarinnar.)

**Útbýting þingskjala:**

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 30. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 34.

Stjórn fiskveiða, 28. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 32.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 29. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 33.

[18:11]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Mig langar að fara nokkrum orðum um þetta frv. til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni í ljósi þeirra umræðna sem ég tók þátt í þegar rætt var um búvörulagabreytingu fyrir nokkru síðan þegar í raun inni var verið að takast á um þennan GATT-samning sem við erum með hér til umfjöllunar.

Mig langar að koma að þessu máli á örlítið annan hátt heldur en menn hafa verið að gera, ekki kannski beint út frá lögunum nákvæmlega heldur út frá viðhorfunum og þá til að velta upp viðhorfum fólksins, neytendanna í landinu. Það er kannski rétt að velta upp líka viðhorfum stjórnmálaflokkanna t.d. fyrir kosningar að einhverju leyti.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna hér í skoðanakönnun sem Dagblaðið gerði föstudaginn 18. mars 1994 þar sem kemur í ljós að 75% allra spurðra alþýðubandalagsmanna vilja aukið frelsi í innflutningi á landbúnaðarvörum. 71,8% alþýðuflokksmanna vildu aukið frelsi í innflutningi á landbúnaðarvörum. 51,8% framsóknarmanna vildu aukið frelsi í innflutningi á landbúnaðarvörum. 71% aðspurðra sjálfstæðismanna vildu aukið frelsi í innflutningi á landbúnaðarvörum. 59% fylgjenda Kvennalistans sem spurðir voru vildu aukið frelsi í innflutningi á landbúnaðarvörum. Síðan er hægt að vitna til þess hvað Þjóðvakamenn sögðu nú fyrir kosningar í þessum málum. En þegar var spurt um algjört frelsi kom í ljós að það voru 55% á höfuðborgarsvæðinu á móti og 75% á landsbyggðinni. Þetta gefur nokkra mynd af þeirri umræðu sem er í gangi í landinu og hefur verið. Og þá kemur þessi spurning náttúrlega upp: Hvers væntir fólk af þessum alþjóðsamningi eða þessari alþjóðaskrifstofu sem var verið að

semja um? Hvaða væntingar ber fólk í brjósti við þetta samkomulag? Það væri kannski rétt að beina spurningu til hæstv. forsrh. ef hann er einhvers staðar nálægur í sambandi við þetta mál.

(**Forseti** (StB): Forseti getur upplýst að hæstv. forsrh. verður hér innan stundar.)

Herra forseti, er það innan klukkustundar eða eftir augnablik, eftir tíu mínútur eða hvað?

(**Forseti** (StB): Forseti getur ekki upplýst það nákvæmlega en mun leita upplýsinga um þetta. Hæstv. forsrh. er ekki í húsinu en er skammt undan.)

Herra forseti. Ég vil biðja forseta að gera ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. komi hér á meðan ég hef ræðutíma þannig að hann eigi kost á að svara spurningum mínum. Ég er alveg tilbúinn að halda örlítið áfram og gefa honum færi til að koma.

En á meðan væri kannski rétt að fá, með leyfi forseta, að vitna í stefnumál Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með aðild Íslands að nýjum GATT-samningi er innflutningsbann á landbúnaðarvörum fellt úr gildi nema heilbrigðisreglur leiði til annars. Ísland mun, eins og aðrar þjóðir, tryggja að neytendur njóti góðs af þessum breytingum og að íslenskur landbúnaður njóti sambærilegs aðlögunartíma og erlendur landbúnaður í samræmi við GATT-samninginn."

Þá velti ég fyrir mér í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram, þar sem menn hafa rætt um verð á sambærilegum vörum framleiddum á Íslandi fari aldrei nokkurn tíma niður, verð á framleiddri íslenskri vöru, hvort þetta sé orðið aflagt plagg eða hvort þetta hafi aðeins verið fyrir kosningar. Ég get spurt hæstv. forsrh. á eftir þegar hann má vera að því að koma hvort þetta hafi verið eitthvert mál fyrir kosningarnar eða hvort þetta verður áfram.

Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna aftur í stefnumál Sjálfstfl. fyrir kosningar þar sem segir:

„Samkeppni í viðskiptum, neytendavernd. Mikil og heiðarleg samkeppni í viðskiptum tryggir best vernd neytenda og fjölbreytni í atvinnulífi. Með innlendri löggjöf skal stuðla að gegnsæi í viðskiptalífinu og eðlilegri samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þátttaka Íslands í alþjóðasamstarfi styrkir enn frekar samkeppni og þar með neytendavernd og að henni ber að vinna á öllum sviðum verslunar og viðskipta."

Ég velti fyrir mér, skyldi það vera það sem menn eru að vinna að í ljósi þess sem hæstv. forsrh. hefur hér sagt og aðrir þeir sem hafa lýst dæmum í krónum og tölum hvernig þetta getur litið út.

Það er hægt að halda áfram að velta fyrir sér málunum. 29. mars 1995 var haldinn almennur fundur Neytendasamtakanna þar sem frambjóðendur ræddu áhrif GATT-samnings á verð matvæla. Með leyfi forseta vitna ég í það sem þar stendur. Það er frá formanni Neytendasamtakanna þar sem hann í sinni aðalræðu gerir ráð fyrir því að GATT-samningurinn færi Íslendingum raunverulegan ávinning í útflutningi í formi tollalækkana. „Sá hluti samningsins sem snýr að landbúnaðarvörum hefur valdið mestum taugatitringi," stendur hér. „Þingmenn virðast vilja að við eigum að fá allt án þess að gefa nokkuð til baka. Ef tollígildi verða nýtt að fullu verða tollar svo háir á innfluttum landbúnaðarvörum að því má líkja við múra, tollmúra sem reistir væru í kringum landið. Það er á skjön við grundvallarmarkmið GATT-samningsins sem miðar að því að örva viðskipti með landbúnaðarvörur. Þetta var efnislegt", segir Morgunblaðið, „efnislegt inntak í framsöguræðu Jóhannesar Gunnarssonar, formanns Neytendasamtakanna, á fundi sem haldinn var um GATT-samninginn."

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt finnst mér eðlilegt að fá svör frá hæstv. forsrh. og ég vona að það hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. komi hér í salinn og geti svarað þeim spurningum sem hljóta að leiða af þessum upprifjunum sem ég hef farið í í ljósi framsettra mála fyrir kosningar. — Nú væri gott að heyra frá virðulegum forseta hvernig staða mála er í að nálgast hæstv. forsrh.

(**Forseti** (StB): Það hefur verið komið boðum til hæstv. forsrh. en forseti hefur ekki upplýsingar um það hvenær hann getur komið í salinn.)

Vil ég þá spyrja herra forseta hvort það sé rétt að gera hlé á fundi þar til hæstv. forsrh. getur komið í salinn til þess að svara þeim spurningum sem ég þarf að fá svör við. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (StB): Forseti hefur fengið upplýsingar um að hæstv. forsrh. verður hér eftir um það bil sjö mínútur. Ef hv. þm. getur ekki haldið áfram ræðu sinni er spurning um það að gera hlé á fundinum ef ekki er um það að ræða að aðrir hæstv. ráðherrar geti svarað spurningum þingmannsins.)

Ég vil vekja athygli virðulegs forseta á því að það var hæstv. forsrh. sem flutti frv. fyrir hönd ríkisstjórnar og mér þykir eðlilegast að hann svari þeim spurningum sem ég þarf að beina til hans um þau mál. Mér þykir óeðlilegt að beina spurningum til einhvers annars. Ég hef reyndar, herra forseti, ákveðnar spurningar sem ég óska eftir að hæstv. landbrh. svaraði og ég gæti kannski aðeins teygt mitt mál á einhvern hátt til þess að gefa hæstv. forsrh. örlítinn tíma. (Gripið fram í.)

Með leyfi forseta væri rétt að vitna í 23. flokksþing framsóknarmanna þar sem Framsfl. lýsir því yfir að hann sé hlynntur markmiðum GATT-samningsins og aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Flokksþing þeirra framsóknarmanna leggur mikla áherslu á að tryggja starfsskilyrði þeirra atvinnugreina sem lenda í aukinni samkeppni í kjölfar meira frelsis í alþjóðaviðskiptum. Eðlilegt er auðvitað að setja þetta fram og þá er spurning hvort Framsfl. stendur við þessi málefni þegar hann er kominn í ríkisstjórn.

Það er líka athyglisvert sem kemur fram í yfirlýsingu sem Framsfl. setti fram á flokksþingi sínu, með leyfi forseta vitna ég í hana. Þar telur Framsfl. að stórauka eigi þátttöku utanríkisþjónustunnar í viðskiptamálum og að sendiráðum verði beitt af fullum krafti í þágu íslenskrar útflutningsframleiðslu. Þetta líkaði mér ágætlega að sjá, en það vakti athygli mína að nýir starfshættir ættu að verða teknir upp í utanrrn. þar sem menn ætla sér að leggja sérstök próf fyrir starfsmenn

utanríkisþjónustunnar til að kanna hvort þeir geti leyst af hendi þau mál sem þeim eru falin.

Það er kannski rétt að vitna í auglýsingar sem birtust fyrir kosningarnar og skömmu áður en núv. ríkisstjórnarflokkar náðu saman. Auglýsing Sjálfstfl. var svona, með leyfi forseta:

„Það vill enginn annan framsóknaráratug." Þetta var frá Sjálfstfl. Ég velti því fyrir mér hvort lagt er af stað og auðvitað er lagt af stað um leið og fyrstu mánuðirnar eru liðnir, þá er lagt af stað eitthvað áleiðis þó að kannski sé bara rétt verið að þokast áfram.

Það er rétt að vitna í þessa auglýsingu sem átti að höfða til kjósenda. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Á framsóknaráratugnum urðu gullin tækifæri að fortíðarvanda. Samt var þorskaflinn helmingi meiri en í dag og fiskverð hátt."

Þetta eru samstarfsaðilar Sjálfstfl. sem auglýstu svona fyrir kosningar og höfðuðu til kjósenda á þennan máta.

Ég ætla, herra forseti, að beina spurningum til hæstv. landbrh. úr því að enn bólar ekki á hæstv. forsrh. Ég vil þá segja við hæstv. landbrh. að það er engin spurning í mínum huga að ég er fullur vilja til að verja íslenskan landbúnað af öllum mætti. Í mínu kjördæmi eru áhyggjur mestar af sauðfjárræktarbúum. Bændur eru með tekjur neðan við sultarmörk og í Dalabyggð eiga bændur ekki möguleika á annarri vinnu til að afla sér tekna til framfæris. Það er rétt að geta þeirrar staðreyndar að um það bil 12 bú hafa verið lögð niður á mánuði undanfarin ár það eru um það bil 140–150 bú sem hafa verið aflögð á ári undanfarin ár. Þetta eru hörmulegar staðreyndir sem ég vil vekja athygli á.

Ég hef trú á því að það sé möguleiki með tíð og tíma og mikilli vinnu að vinna íslenskum búvörum sess á erlendum mörkuðum. En ég vil segja það hér að ef varan heitir umframframleiðsla þá mun alltaf ganga illa hjá okkur að selja vöru á erlendum mörkuðum. Það eru ýmis hugtök sem menn þurfa að tileinka sér og þeir þurfa að taka á. En mér finnst rétt að nota þetta tækifæri til þess að spyrja hæstv. landbrh. hvað hann hyggst gera varðandi sauðfjárræktina, varðandi það að í haust verður lambakjötsfjall upp á 1.700 tonn. Um það bil 600–800 tonnum er slátrað fram hjá kerfinu af lambakjöti og alls í öllum kjöttegundum fara um það bil 1.500 tonn fram hjá sláturhúsum og inn á íslenskan markað. Hafa menn gert sér grein fyrir því hvað þeir ætla að gera í þessum málum? Er hægt að svör við því hvernig menn ætla að nálgast þetta?

Ég fagna því að hæstv. forsrh. er kominn í salinn. Mig langar þá að rifja upp á nýtt og spyrja út í það að Sjálfstfl. auglýsti sína stefnu fyrir kosningar, með leyfi forseta:

„Með aðild að nýjum GATT-samningi er innflutningsbann á landbúnaðarvörum fellt úr gildi nema heilbrigðisreglur leiði til annars. Ísland mun, eins og aðrar þjóðir, tryggja að neytendur njóti góðs af þessum breytingum og íslenskur landbúnaður njóti sambærilegs aðlögunartíma og erlendur landbúnaður í samræmi við GATT-samninginn."

Ég vil sýna hæstv. forsrh. þessa auglýsingu sem ég gerði að umtali áðan þar sem Sjálfstfl. auglýsir að enginn vilji enginn annan framsóknaráratug. Og ég vil þá spyrja: Er það þá leiðin að velja sér framsóknarmenn sem samstarfsaðila? Eða felast í þessu fyrirheit að það verði aðeins fjögurra ára tímabil sem hæstv. forsrh. hugsar sér að starfa með Framsfl.?

Mig langar að beina spurningu til hæstv. forsrh.: Hefur verið skoðað að einhverjar vörur í 3–5% heimiluðum innflutningi, mjólkur- eða kjötvörur, verði á sama eða lægra verði en vörur framleiddar á Íslandi þegar samningurinn gengur í gildi? Og þá vil ég spyrja í framhaldi af því: Ef ekki, verða einhverjar slíkar vörur á lægra eða sambærilegu verði og landbúnaðarvörur framleiddar á Íslandi að sex árum liðnum miðað við núverandi verðlag?

Þetta vil ég spyrja hæstv. forsrh. í framhaldi af því að ég sýndi fram á vilja íslensku þjóðarinnar í skoðanakönnun frá DV til þess að auka frelsi í innflutningi landbúnaðarvara. Ég reikna með því að íslenskir neytendur vænti þess að þær vörur séu á sambærilegu verði og þær vörur sem boðið er upp á á íslenskum markaði, af íslenskum framleiðendum. Í því ljósi hygg ég að fólk hafi svarað á þennan veg.

Mig langar að koma örlítið meira inn á landbúnaðarmálin og GATT-samninginn.

Landbúnaðurinn stendur á þeim tímamótum að við sjáum fram á aukna samkeppni erlendis frá. Það er alveg ljóst. Og okkur er gert skylt samkvæmt þessum alþjóðasamningi að minnka umtalsvert stuðning við landbúnað, hvort sem það er beinn stuðningur eða markaðsstuðningur. Í því alþjóðlega umhverfi sem við nú lifum í verður ekki komist hjá því að krafa neytenda er að landbúnaðarafurðir hér á landi verði á sambærilegu verði og annars staðar í heiminum. Það er þetta sem ég var að reyna að koma að og þess vegna beindi ég mínum spurningum til hæstv. forsrh.

Það er líka, herra forseti, rétt að fara nokkrum orðum um hvað GATT-samningurinn raunverulega er. Með samþykkt um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar höfum við Íslendingar gengist við því að það er bannað að banna. Það er ekki lengur hægt að banna innflutning á landbúnaðarafurðum nema vísindalega sé sannað að innflutningur geti valdið smit- eða sjúkdómahættu. Í stað innflutningsbanns á landbúnaðarafurðir verða settir á tollar sem samsvara mismun á heimsmarkaðsverði og innanlandsverði á viðmiðunartímabilinu sem voru árin 1986 og 1988. Megininntak GATT-samningsins hvað varðar landbúnaðarmál er að öll afskipti hins opinbera af landbúnaði skuli ekki tengjast framleiðslumagni. Afskipti sem tengjast framleiðslumagni eru markaðstruflandi og hamla þannig gegn eðlilegum viðskiptaháttum.

Það eru þrjú atriði í samningunum sem hafa mest áhrif á íslenskan landbúnað. Það er í fyrsta lagi markaðsstuðningur, í öðru lagi innanlandsstuðningur og í þriðja lagi útflutningsstyrkir. Samkvæmt GATT-samningnum skal sá markaðsaðgangur tryggður sem var fyrir hendi á viðmiðunartímabilinu 1986–1988 og tollar

settir á innflutta vöru sem nemur mismun á heimsmarkaðsverði og innanlandsverði á viðmiðunartímabilinu. Þessir tollar skulu lækka á sex árum að meðaltali um 36%, en þó aldrei minna en 15% í hverjum vöruflokki. Ísland hefur þegar náð þessu marki og þarf því ekki að lækka tolla á landbúnaðarafurðum meira en orðið er frá viðmiðunartímabilinu. Lágmarksaðgangur á lægri tollum sem verður 32% að hámarki verður á 3% af magni af innanlandsneyslu á viðmiðunartímabilinu sem mun aukast um 5% á næstu sex árum. Það er þetta sem við höfum verið að ræða hér í dag.

Þetta eru einmitt þau vandamál sem við erum að takast á við og það er þess vegna sem ég er að spyrja þeirrar spurningar sem ég setti fram fyrir hæstv. forsrh. og fyrir hæstv. landbrh. því að þessi mál eru svo nátengd.

Ég vil gera að umræðuefni grundvallarbreytingar á starfsumhverfi íslensks landbúnaðar sem hljóta að fylgja í kjölfar GATT-samningsins. Nýi GATT-samningurinn mun hvetja íslensk stjórnvöld sem og önnur til að draga úr aðstoð og öllum markaðstruflandi aðgerðum sem hindrað hafa eðlilega viðskiptahætti með landbúnaðarvörur. Ástæðan fyrir því að stjórnvöld margra landa styrkja landbúnað er af sömu hvötum og annan iðnað, þ.e. til að hindra verulega fækkun í greininni sem þýða mundi aukið atvinnuleysi.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á þeirri staðreynd sem ég setti fram áðan að það hefur fækkað um það bil 140–150 búum á landinu á undanförnum árum. Við því þurfum við að bregðast á einhvern hátt og það er þess vegna sem ég er að ræða um þetta starfsumhverfi. Það getur verið réttlætanlegt að styrkja ungar greinar tímabundið til að þær geti fest sig í sessi og náð fótfestu á viðkomandi markaði en sé greinin styrkt til lengri tíma með markaðstruflandi aðgerðum þá verður styrkjakerfið smátt og smátt hluti af kerfinu eins og því miður hefur gerst með íslenskan landbúnað. Það er best að landbúnaðarvörur sem og aðrar vörur lúti sem mest markaðslögmálum og að markaðurinn sé notaður á réttan hátt til þess að miðla upplýsingum milli neytenda og framleiðenda í formi verðs. Uppbygging landbúnaðarkerfisins er með þeim hætti að stuðningurinn verkar í rauninni sem fleygur á milli neytendaverðs og framleiðsluverðs.

Það er hægt að fara mörgum orðum um hvaða áhrif GATT-samningurinn hefur frekar á íslenskan landbúnað og á íslenska neytendur. En ef það er staðreyndin, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson lagði hér fram, að engar innfluttar landbúnaðarvörur verði á sambærilegu verði og íslenskar vörur þá verður enginn innflutningur. Það er alger og hrein staðreynd og ég tek undir það og ég hygg að neytendur hafi reiknað með þegar þeir voru spurðir að varan yrði a.m.k. sambærileg.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í það beint að ræða þetta mjög mikið en það væri kannski rétt að velta fyrir sér hver áhrif yrðu af því að afnema framleiðslutengdar beingreiðslur og framleiðslutakmarkanir í nokkrum orðum. Þetta mundi þýða grundvallarbreytingar í íslenskum landbúnaði og á rekstrarumhverfi hans. Með þessu færðumst við nær því að láta markaðsöflin ráða með því að taka burtu þann fleyg, sem stafar af beingreiðslum, sem áður var rekinn milli verðs til framleiðenda og verðs neytenda. Það þarf að leiðrétta ójafnvægi sem stafar af framleiðslutengdum beingreiðslum til bænda og sem skekkt hafa verð á markaði. Ef ekki nyti við styrkja væri verðlag eitthvað hærra að sjálfsögðu og framleiðslan minni ef gefin væri sú forsenda að markaður fyrir innflutning á flestum landbúnaðarvörum væri lokaður eins og í dag.

Stefnumál Alþfl. fyrir kosningarnar. Ég tel rétt að vekja athygli á því að Alþfl. vill, og hefur sett fram í ítarlegu máli, taka upp nýja stefnu í málefnum landbúnaðarins. Kjarni þeirrar stefnu er að auka frjálsræðið við framleiðslu landbúnaðarvara, auka samkeppni vinnslustöðva og lækka verðlag til neytenda. Stuðningur stjórnvalda við landbúnaðinn má ekki leiða til miðstýringar og markaðsstýringar. Hin mikla miðstýring í landbúnaðarmálum er bændum fjötur um fót í samkeppni um hylli neytenda. Hún kemur í veg fyrir hagræðingu og hún skerðir kjör bænda til lengdar og leiðir til of hás verðlags.

Það er rétt að minna á mjög athyglisverða grein sem birtist laugardaginn 11. febrúar sl. þar sem Gunnar Einarsson og Guðrún Kristjánsdóttir, bændur á Daðastöðum, skrifuðu um skipulagða fátækt. Gagnrýni þeirra beindist einkum harðlega gegn því stjórnkerfi sem stuðst er við í hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu, svo sem framleiðslu og sölu á mjólk og kindakjöti. Þau sögðu, með leyfi forseta, í þessari grein:

„Ef við horfum til baka er enginn vafi á að við sauðfjárbændur stæðum betur í dag ef meginreglur verslunar og viðskipta hefðu ráðið skipulagi og sölu. Ef við horfum til framtíðar með innflutning og harðnandi samkeppni í huga getur það fyrirkomulag sem nú viðgengst alls ekki gengið."

Sjónarmið sem þessi eiga vaxandi fylgi að fagna meðal bænda og við alþýðuflokksmenn fögnum því og við viljum samvinnu við bændur til þess að stuðla að nauðsynlegum úrbótum í þessum efnum.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara sérstaklega í gegnum einstaka liði eða einstakar greinar frv. sem hér um ræðir, en mér þætti vænt um að fá svör við þeim spurningum sem ég beindi til hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. vegna þess að svör þeirra gilda miklu, svar hæstv. forsrh. við því hvort það hafi raunverulega verið athugað hvort einhver vara verður í upphafi tímabilsins á sama verði eða lægra en íslensk framleiðsla og ef ekki, hvort nokkur vara að liðnum sex árum, íslenskt framleidd, verði á sama verði eða lægri miðað við núverandi verðlag á íslenskum vörum. Enn fremur vil ég ítreka spurningu til hæstv. landbrh. varðandi þau vandamál sem eru um 600–800 tonna framhjáslátrun í lambakjöti og alls 1.500 tonn í öllu kjöti í landinu. Þetta eru staðreyndir sem blasa við á sama tíma og við verðum væntanlega með 1.700 tonna birgðasöfnun á lambakjöti í haust.

[18:41]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sú spurning sem hv. þm. vakti aft-

ur í lok máls síns er allt of viðamikil til þess að ætla að svara henni í andsvari, en ég vil minna á það sem ég sagði áðan að ég óska eftir því að Alþingi afgreiði frv. til breytinga á búvörulögunum á þessu þingi. Þá verður aðstaða og réttur vettvangur til að ræða betur þau vandamál sem hv. þm. minnir á. Ég gat um það áðan í ræðu minni að sauðfjárræktin ætti við mikinn vanda að glíma sem öllum er ljós. Menn hafa fylgst með því og sjá hvað er að gerast, samdráttur í neyslu, minnkandi bú, versnandi afkoma. Viðbrögðin við því kjötmagni sem kann að vera á svokölluðum svörtum markaði er náttúrlega enn annað mál og kannski ekki hægt að ímynda sér að á því séu einhverjar patentlausnir en breyting á viðhorfi manna til þess gæti hugsanlega fylgt breytingum á búvörusamningum sem kunna að vera í farvatninu og hvernig tekið verður á málefnum sauðfjárræktarinnar almennt og þá auðvitað með þetta mál til hliðsjónar.

Hv. þm. vitnaði ofurlítið í flokksþingsályktanir okkar framsóknarmanna frá 23. flokksþingi og ég held að þar sé ekkert að finna annað en það sem má sjá stað í því sem er að gerast hér og nú. Hann vitnaði til þess að flokkurinn væri hlynntur markmiðum GATT-samninganna og aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og það þyrfti að stórauka þátt utanríkisþjónustunnar, sendiráða og annarra í markaðsmálum. Ég tel að það þurfi mjög að leggja áherslu á markaðsmálin einmitt erlendis og við eigum auðvitað að nýta okkur utanríkisþjónustuna eins og hægt er í því efni og ég treysti núv. utanrrh. til þess að fylgja þessari ályktun Framsfl. eftir.

[18:44]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin. Þau gáfu reyndar ekki mikið í skyn hvað menn ætla sér að gera varðandi þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir í landbúnaðinum. Við stöndum frammi fyrir 1.600–1.700 tonna kjötfjalli í haust ásamt og með enn meiri birgðum næsta haust ef ekki verður að gert. Ég skil ég það mjög vel að hæstv. landbrh. hefur ekki haft tækifæri eða tíma til þess að setja almennilega af stað þá vinnu sem þarf að fara í. En það hlýtur að vera ljóst og væri kannski rétt að spyrja um það hvort hæstv. landbrh. tekur undir orð Ara Teitssonar þar sem hann leiðir líkur að því að það þurfi að takmarka framleiðslu um allt að 30% á lambakjöti. Hvað hugsa menn sér í því? — Ég fagna því, herra forseti, að hæstv. forsrh. er kominn og þá veit ég að ég fær svör við spurningum mínum.

[18:45]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að það er ekki tími í andsvari til þess að svara ítarlegum spurningum hv. þm. eða gera ítarlega grein fyrir því hvað sé fram undan í sambandi við aðgerðir varðandi vanda sauðfjárbænda. En ég nefni aftur að sú umræða er þegar í gangi. Það eru þegar viðræður í gangi við fulltrúa Bændasamtaka Íslands og aðild að því af hálfu stjórnvalda eiga auk landbrn., Byggðastofnun og viðskrn. Það er því þegar verið að skoða þessi mál og hvernig aðkoma stjórnvalda getur verið að því í nýju formi eða öðru eða breyttu formi frá því sem verið hefur því eins og hv. þm. sagði í lokin þegar hann vitnaði til Ara Teitssonar, formanns Bændasamtakanna, þá blasir að öllu óbreyttu við veruleg skerðing á framleiðslurétti. Ég hef ekki séð þessa tölu um 30%, ég held að það sé kannski nokkuð mikið og ég held að það sé kannski ekki haft eftir formanninum heldur það að samdráttur í neyslu fyrstu þrjá mánuði þessa árs var 30%. Það segir ekki að það sé það sem blasir við í haust en skerðingin verður vafalaust mikil. Ef hún verður óbreytt, ef ekki verður nein breyting á lögum, það þarf að ákveða heildargreiðslumark að óbreyttum lögum og óbreyttum búvörusamningi 15. sept., þá blasir ekkert annað við en alvarlegur samdráttur, alvarleg skerðing. Ef hún á að koma eins og áður flöt á alla þá er það ekki góð lausn á málinu.

[18:47]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. minnti mig á auglýsingar Sjálfstfl. varðandi GATT-málið. Ég sé ekki annað en að það sé nákvæmlega að ganga eftir sem menn sögðu þar. Það er verið að breyta reglum GATT og það er verið að tryggja hagsmuni landbúnaðarins og um leið er verið að tryggja, samkvæmt því sem var ætlað með GATT, hagsmuni neytenda eins og GATT gerði ráð fyrir. Það er allt saman að gerast.

Hann spurði líka um Framsfl. og samstarfið við þann flokk. Ég vil segja eingöngu að ég er mjög ánægður með þá stefnuyfirlýsingu sem flokkarnir komu sér saman um og gangi okkar vinna eftir á þeim grundvelli þá lýst mér svo á að það samstarf geti orðið langt og farsælt og hef ekki áhyggjur af því.

Síðan spurði hann að því sérstaklega hvort það væri hægt að nefna einhver dæmi um það að lágmarksaðgangurinn í einhverjum tilfellum gæfi möguleika á því að það yrði einhver samkeppni eða eitthvað þess háttar. Það vita menn að hann gerir, það hefur verið rætt. Við þurfum ekki annað en að taka dæmi af ostunum. Lauslegar tölur benda til þess að innfluttur ostur samkvæmt lágmarksaðgangi gæti verið á mjög sambærilegu verði og innlendi osturinn og jafnvel aðeins ódýrari. Sama mætti segja um kindakjöt en það kann hins vegar að vera að þar verði önnur vandamál á ferðinni vegna heilbrigðisástæðna. En ef þeim er ekki til að dreifa varðandi markaðsaðganginn þá gæti heildsöluverð á innfluttu kindakjöti verið lægra heldur en hér heima fyrir. Að vísu munar kannski ekki mjög miklu. Þarna er landbúnaðurinn að taka á sig ákveðna samkeppni. Það er ekki vafi, en það er háð þessu magni, 3% til að byrja með og fer upp í 5%. Þarna eru vörur, af því að það er spurt um það sérstaklega, sem verða á sambærilegu, t.d. eins og ostarnir, eða jafnvel á lægra verði.

[18:49]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin við þessum spurningum. Það kemur þá al-

veg skýrt fram að það má reikna með því að ostur, sem mjólkurvara sem ég spurði um, verði á sambærilegu eða jafnvel lægra verði í upphafi vega og þá væntanlega lækkar hann enn meira á aðlögunartímanum. Hæstv. forsrh. benti einnig á að innflutt lambakjöt yrði á sambærilegu verði og íslenskt lambakjöt ef af verður en það eru ýmis ráð til að koma í veg fyrir innflutninginn því það þarf að fylgja nákvæmt upprunavottorð og ýmis heilbrigðisvottorð ef flytja á inn ferskt kjöt. (**EgJ:** Styður þingmaðurinn það?)

Ég þakka fyrir svörin.

[18:50]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo það verði ekki misskilningur en ég hef svarað því áður úr þessari pontu í dag þá er rétt að taka það fram að lágmarksaðgangsupphæðin lækkar ekki. Hún tekur ekki lækkunum á tímabilinu þannig að það sé á hreinu.

[18:50]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Hv. 11. þm. Reykn., Ágúst Einarsson, beindi til mín tveimur eða þremur fyrirspurnum sem mér tókst ekki að svara í andsvari áðan en vil reyna að gera á bragarbót áður en þessum umræðum lýkur.

Fyrst var það varðandi ákvæði í 15. gr. frv. þar sem fjallað er um að heimilt sé að greiða framleiðendum búvara fé úr fóðursjóði eftir afurðamagni. Um þessi mál gilda í dag þær reglur að landbrh. getur ákveðið að innheimta af innfluttu kjarnfóðri grunngjald sem má vera allt að 50% af cif-verði og sérstakt fóðurgjald sem má vera allt að 15% af cif-verði. Sérstakt fóðurgjald má endurgreiða búvöruframleiðendum eftir afurðamagni eða eftir svæðum. Gjöld sem innheimt eru í dag nema 55% af innflutningsverði. Þau endurgreiðast að fullu til framleiðanda. Gæludýrahald, fiskeldi og loðdýrarækt eru undanþegin gjaldtöku. Þetta eru í raun þær reglur sem eru í gildi nú. En með þessum breytingum er gert ráð fyrir því að ráðherra fái til umráða toll sem innheimtur er af fóðri og ræður undanþágum og endurgreiðslum sem mega fara eftir afurðamagni svo sem verið hefur.

Nú hefur það verið framkvæmdin að undanförnu, ég skal ekki segja lengra aftur í tíðina, að þetta hefur farið til endurgreiðslu til viðkomandi greina, verið skipt nokkurn veginn eftir þeim greinum sem hafa greitt. Það eru ekki uppi neinar hugmyndir um að út af því verði breytt að það verði gert með öðrum hætti en þeim að þeir sem greiða gjaldið fái endurgreiðsluna.

Varðandi síðan spurningu um 21. gr. þar sem verið var að tala um verðjöfnunargjöldin þá er það svo að það eru í gangi viðræður um þessar bókanir. Nú hafa embættismenn viðkomandi ráðuneyta verið á fundum úti í Brussel um svokallaða bókun 3 sem fjallar um verðjöfnunargjöld og varða fríverslunarsamninga. Það er hins vegar greint frá því í grg. á bls. 18, ef ég bendi hv. þm. á það. Þar segir, með leyfi forseta: „Samningaviðræður standa nú yfir milli samningsaðila EES um að breyta verðjöfnunargjöldum yfir í tolla."

Það eru þær hugmyndir sem eru nú uppi að þessi breytilegu verðjöfnunargjöld verði gerð að tollum, föstum greiðslum, sem breytast kannski ekki nema árlega, þ.e. það er ekki lengur það svigrúm sem verðjöfnunargjöldin gefa heldur verði þetta fastákveðin gjöld í formi tolla og geti hugsanlega breyst með ákveðnu millibili en þá er það lagabreyting og trúlega yrði það ekki gert nema að það yrði ákveðið til ársins í senn. Þarna er því fyrirhuguð breyting á framkvæmd þessa ákvæðis.

Ég veit ekki hvort ég á að lengja tímann, hæstv. forseti, ef það var spurning til mín en það var reyndar hv. 9. þm. Reykv. sem svaraði spurningunni um ákvarðanir um forræðismál, hver ætti að ráða yfir framkvæmd þessara mála. Það getur vel verið að við séum ekkert mjög ósammála um það í grundvallaratriðum eða almennt talað. Hins vegar náðist ákveðið samkomulag í þinginu í vetur, fyrst og fremst milli þáverandi stjórnarflokka má segja en ég held að það megi segja í þinginu almennt og þingið samþykkti þingsályktun með ákveðnu orðalagi. Þar með er sú ákvörðun komin undir ákvörðun þings hvernig að málinu skuli staðið. Sá andi eða tónn sem gefinn er í þessu frv. eins og það liggur fyrir hér er raunverulega ekki á þessu stigi endilega mál núverandi stjórnarflokka heldur þingsins sem slíks og það yrði þá að breyta ákvörðun Alþingis. Það er reyndar hægt að gera það með því að breyta þessu frv. í meðförum þings eins og öllum öðrum frv. En frv. tekur sem sagt mið af ályktun Alþingis og mín skoðun er sú að að öðru óbreyttu þá standi það og sé eðlilegt að standa við það þar sem sá vilji liggur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 18:56.

---

## 11. FUNDUR

miðvikudaginn 31. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Alþjóðaviðskiptastofnunin, stjfrv., 27. mál, þskj. 29. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 16. mál, þskj. 16. — Frh. 1. umr.
3. Skipulag ferðamála, stjfrv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
4. Höfundalög, stjfrv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
5. Notkun myndlykla, stjfrv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.

6. Sóttvarnalög, stjfrv., 26. mál, þskj. 28. — 1. umr.
7. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.

**Útbýting þingskjals:**
Lyfjalög, 31. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 35.

## *Alþjóðaviðskiptastofnunin, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 27. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

## *Erfðabreyttar lífverur, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 16. mál. — Þskj. 16.

[13:36]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir að það var tekið tillit til óska minna um það að 1. umr. um þetta mál lyki ekki á mánudaginn var en ég var þá staddur erlendis við skyldustörf. Ég vildi koma á framfæri við 1. umr. þessa máls nokkrum sjónarmiðum sem snerta þetta frv. sem hér er flutt, einstök ákvæði þess og atriði sem ekki er fjallað um í frv. Það var kannski ekki síst síðari þátturinn sem ég hef nokkrar áhyggjur af í sambandi við það hvernig á þessu máli er tekið hér og ekki eingöndu hér á landi heldur víðar.

Við erum að ræða hér frv. til laga um erfðabreyttar lífverur og það tekur á máli sem vissulega er tímabært að fjalla um í löggjöf og þó fyrr hefði verið. Undanfarin nokkur ár hefur það verið boðað af stjórnvöldum að frv. um þetta efni væri væntanlegt í tíð fyrri ríkisstjórnar en það er fyrst nú sem það er lagt hér fyrir Alþingi Íslendinga. Þetta er því frumraun þingsins í að taka á einu af stærstu málum samtímans sem varðar íhlutun mannsins inn í erfðastofna annarra lífvera með það að markmiði að þjóna sínum hagsmunum, þ.e. hagsmunum mannsins, og í sambandi við atvinnustarfsemi að því er varðar framleiðslu og notkun á afurðum slíkra erfðabreyttra lífvera.

Ég fullyrði, virðulegur forseti, að þetta er eitthvert allra stærsta mál sem hefur komið fyrir Alþingi Íslendinga um langt skeið. Ekki vegna þess að það skipti sköpum í dag eða á morgun hvaða texta við samþykkjum hér sem lög í þessu efni heldur hvert menn eru að stefna með slíkri löggjöf og hvaða hugmyndir liggja þar að baki um rétt mannsins til að grípa inn í þróun og ferli annars lífs, lífs sem er forskrifað af náttúrunni og sem hefur þróast í náttúrunni, oftast á mjög löngum tíma en með líftækninni og þeirri nýtískulegu beitingu sem hefur verið að þróast í líftækni að því er varðar möguleika á erfðabreytingum sl. 10–20 ár, aðallega síðustu 15 árin þá eru menn komnir inn á alveg nýtt svið hvað snertir möguleikana til þess að skapa nýja erfðaeiginleika, breyta eðli lífvera og grundvelli lífvera og búa til nýja erfðastofna, ný afbrigði og nýjar tegundir. Því hvar liggja mörkin?

Án þess að vera að draga upp einhverjar hræðslumyndir, virðulegur forseti, í sambandi við þetta vil ég rifja upp bók sem ég las fyrir löngu síðan og hef nú ekki haft tíma til að útvega mér af safni nýlega þannig að það litla sem ég segi þar að lútandi er eftir minni. Það eru sjálfsagt ein 20–30 ár síðan ég las verkið. Ef ég man rétt þá er höfundurinn franskur og ber skáldaheitið Vercors. Hann skrifaði bók á stríðsárunum sem hét Þögn hafsins, „Le silence de la mer" á frönskunni sem vakti mikla athygli en hann hélt áfram, og hann tók m.a. á efni sem varðar það sem við erum að ræða hér og ég held að titillinn á ensku því ég las þetta verk á ensku hafi verið Landamærin eða Borderline, landamörkin. Efnið sem hann tekur á er það að framið er morð í London og það er tilkynnt löggæslunni, það er tilkynnt lögregluyfirvöldum sem koma á vettvang og finna látna lífveru sem þeir telja vera mann en síðan liggur það fyrir með vottun þegar málið fer fyrir rétt að hér er um að ræða kynblending úr manni og apa. Og breska réttarkerfið stendur frammi fyrir þeirri spurningu: Hvernig á að dæma í málinu? Er þetta mannvera? Ber að fara með þetta morð í samræmi við þá löggjöf eða ekki? Þetta var framsýnn texti og framsýnar spurningar sem þarna voru á ferðinni. Það er í rauninni þetta efni sem við erum að fjalla um hér í sambandi við erfðabreyttar lífverur. Ekki að vísu þannig að við séum að tala um það, virðulegur forseti, að það verði uppi þau tilvik á allra næstu árum að það verði framleiðandi sem óski eftir því að sleppa lausum kynblendingi manns og apa hér á Íslandi og hvort Alþingi Íslendinga eigi að leyfa það. Ég á ekki von á að það verði alveg á allra næstu árum. En þetta mál blasir við í ekki fjarlægri framtíð. Slík er tæknin orðin, slík er íhlutunin orðin gagnvart lífi að menn verða að spyrja sig siðferðilegra spurninga og draga það ekki að svara þeim. Slík er þróunin sem hér er verið að hleypa af stokkunum og í rauninni að lögleiða hér á landi, með ýmsum varúðarráðstöfunum sem einkenna vissulega þetta frv. — og það er út af fyrir sig góðra gjalda vert, það er auðvitað sótt í Evrópubankann, þ.e. inn í „dírektív" eða reglugerðir Evrópusambandsins, sem er tilefni þess að nú á að fara að drífa þetta mál hér í gegn, hæstv. ráðherra. Ef ég skil rétt þá er hugmyndin að nota þetta örstutta sumarþing til þess að skjóta þessu máli hér í gegn og lögleiða.

Ég sagði það í upphafi að það hefði þurft að fjalla um þessi efni þó fyrr hefði verið og ég hef á liðnum

árum verið að safna að mér ýmsu um þessi efni og hafði það í huga að hreyfa þessu máli hér á Alþingi. En það er búið að boða það í nokkur ár að frá stjórnvöldum væru að koma tillögur og því hefur maður dregið það við sig að fara í þá vinnu að taka þetta mál upp í formi frv.

Ég vil vekja athygli þingheims á eðli og stærð þessa máls við 1. umr. Og ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að ætla þinginu eðlilegan tíma til að fjalla um málið. Sá tími er ekki gefinn á einum eða tveimur vikum sem við höfum hugsanlega til ráðstöfunar því auðvitað verður þingið að vanda sig mjög þegar í fyrsta sinn er verið að taka á frv. sem tengist þessari nýju tækni, þessari nýju íhlutun. Þó menn telji sig bundna af einhverjum alþjóðasamningum þá skulu menn gæta sín í þeim efnum og fara a.m.k. ekki lengra en skynsemin býður og ýtrasta nauðsyn krefst með tilliti til annarra skuldbindinga. Og ætla sér þá tíma og setja upp einhverja verkáætlun um það að vinna sig áfram í málinu. Ekki bara í lokaðri fámennri sérfræðinganefnd, eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur með almennri umræðu í samfélaginu, kynningu og almennri umræðu í samfélaginu á þeim stóru vandamálum sem þessu tengjast og þeim stóru siðferðilegu spurningum sem varða þetta efni.

Hvað gerði Evrópusambandið? Leit það á þessar stóru siðferðilegu spurningar þegar það var að unga út reglugerðum 219 og 220? Ó, nei, það var ekki gert. Og af því að Evrópusambandið gerði það ekki þegar það setti sínar reglugerðir þá erum við ekkert að gera það. Það er það sem við lesum út úr þessu frv. hér. Því í greinargerð stendur á bls. 9, virðulegur forseti:

„Rétt er að geta þess að í þeim starfshópi sem lagði lokahönd á frumvarpið var ekki, frekar en í fyrri nefndinni," — það eru tvær nefndir sem hafa fjallað um undirbúning þessa máls — „tekið sérstaklega á siðferðilegum álitaefnum sem geta komið fram vegna starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Slík tilvik verður að vega og meta hverju sinni, þegar þau koma upp, með þær reglur að bakhjarli sem þetta frumvarp hefur að geyma."

Þetta er nú sérkennilegur texti, hæstv. forseti. Þetta er nú sérkennilegur texti og segir okkur það að fyrst eigum við að hlaupa út á brautina og byrja að nýta okkur þessa nýju tækni með þeim reglum sem hér eru bornar og svo eftir því sem okkur miðar áfram á brautinni þá eigum við aðeins að huga að hinu. Þá eigum við að huga að hinu, vega og meta hverju sinni þegar þessi tilvik og þessar spurningar koma upp.

Hér er allt svo alveg klassískt dæmi um það hvernig skepnan maður hegðar sér nú á síðustu tímum. Hvernig skepnan maður leyfir sér að hegða sér. Hún umgengst umhverfi sitt með þeim fádæmum að það er áhyggjuefni flestra þeirra sem rýna eitthvað fram í tímann hvort afkomendur okkar fái lifað af næstu öldina án stórkostlegra áfalla vegna þeirra breytinga og lifnaðarhátta og framleiðsluhátta sem við erum að temja okkur. Þetta sem við erum með hér er ekki það minnsta sem upp hefur verið að koma því hér eru menn að fikta við grundvöllinn undir því sem er líf. Grundvöllinn undir því sem er líf, erfðaefnið, forskriftina fyrir slíku. Það er nú ekki svo að menn hafi ekki verið að skoða þessi efni í nágrannalöndum okkar, virðulegur forseti, en það er afskaplega lítið sagt frá því á þessum síðum og ég hefði ekki séð, hæstv. ráðherra, eftir meiri pappír í greinargerð með þessu máli þar sem dregin væru fram álitaefnin þó ekki væru veitt svör varðandi það sem ég er að vekja athygli á en að álitaefnin væru dregin upp og það væri í rauninni lýsing á því um hvað þetta mál fjallar.

Ég held að menn haldi að hérna sé bara eitthvert hliðarmál á ferðinni sem hægt sé að renna í gegnum þingið án teljandi umræðu og gegnum þingnefndir. Það mætti ætla það. Af hverju hafa stjórnvöld ekki fyrir því að nota þetta tækifæri til að draga upp myndina, vandamálin, spurningarnar, sem þessu tengjast þó þeim væri ekki öllum svarað því það kann að vefjast fyrir ýmsum.

Hérna er ég með lítið rit frá umhverfisráðuneytinu norska. Það heitir Líftækni. Leikur með líf, eða dauðans alvara? – undirtitill, spurningarmerki. Það hefur verið fjallað um þessi efni meira að segja í árdaga þessarar nýju tækni. Þá var gefin út skýrsla af Líffræðistofnun háskólans sem heitir Líftækni á Íslandi, kynning á líftæknilegri örverufræði og erfðatækni. Gefin út í Reykjavík 1984. Það var snemma á því skeiði sem hér um ræðir. En síðan hafa nefndir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar verið að skyggnast um í þessum efnum. Og ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að nota þennan ræðustól til að vekja athygli á því efni sem þar liggur fyrir um þessa hluti. Og svo ég taki þau rit í tímaröð sem ég er með fyrir framan mig þá er hér rit frá Norrænu ráðherranefndinni, frá seminar- og vinnuhópi 1992, nr. 503, Áhætta, líftækni og siðfræði, skýrsla frá norrænni nefnd fyrir siðfræði innan líftækninnar. Síðan er 1993, það er sú stóra spurning sem liggur í annarri löggjöf en er auðvitað nátengd þessu hérna, það er spurningin um einkaleyfi á lífi. Um einaleyfi á lífi, „patent på liv" eins og þetta rit heitir, nr. 2 1993 og varðar einkaleyfalöggjöfina. Og varðar einhverjar stærstu spurningar í sambandi við framleiðslustarfsemi okkar tíma þar sem fjölþjóðafyrirtækin, sem eru þau sem ráða gangi mála í heiminum hvað sem líður þjóðþingum og nöldri, eru í síauknum mæli að tryggja sér að þau megi fá einkaleyfi á núlifandi lífverum til þess að nota þær í líftækninni. Það fer fram kerfisbundin leit um heiminn, ekki síst í löndum þriðja heimsins, að nýjum lífverum sem gætu orðið ábatasamar í framleiðslustarfsemi og framleiðslufyrirtækin eru að reyna að fá einkaleyfi á, einnig á lifandi tegundum svo ekki sé nú talað um afurðir lifandi tegunda í líftæknilegar afurðir.

Síðan, virðulegur forseti, er hér 1993, nr. 604, Erfðabreyttar lífverur, siðferðilegar og lögfræðilegar umræður á Norðurlöndum. Svo er hér frá síðasta ári norrænt rit frá ráðherranefndinni, nr. 642, sem heitir Siðfræði og erfðaprófanir, „Etik og gentester". Þetta varðar manninn meira en annað því þetta álitaefni er um það hvað menn eigi að ganga langt í því að svara þar spurningum, m.a. varðandi komandi líf fyrir fram

og snertir þetta efni.

Síðan er ég með sýnishorn, virðulegur forseti, og það er það síðasta af þessari bókmenntakynningu af minni hálfu. Það er rit frá norska umhverfisráðuneytinu, nr. 8 1992–1993, sem fylgdi lögunum um framleiðslu og notkun erfðabreyttra lífvera. Þetta upplýsandi rit fylgdi lögunum. Af hverju er þessi pappír ekki tekinn og notaður og reynt að koma þessu til skila til okkar ásamt viðbótarboðskap? Þetta liggur hér á lausu og og er rit upp á rösklega 100 bls.

Virðulegur forseti. Ég ætlaði engan veginn með þessu innleggi mínu við 1. umr. málsins að fara að leggjast í einhvern víking á móti þessu frv. 1. umr. er til að ræða mál almennt. Ég er í þingnefndinni sem fær málið væntanlega til umfjöllunar. En ég vildi nota tækifærið til að koma minni hugsun á framfæri við þingið og hún er sem sagt sú að við erum að fjalla hér um eitthvert allra stærsta mál sem fyrir Alþingi Íslendinga hefur borið. Ekki vegna innihalds frv. eins út af fyrir sig heldur málsins í heild. Og við megum ekki leyfa okkur það á Alþingi Íslendinga vegna þess að það sé verið að reka eitthvað á eftir okkur af einhverjum nefndum, embættismannanefndum sem hotta á pólitíkusa í EES-nefndinni eða hvað þetta heitir og eru að setja okkur á Alþingi á sakaskrá af því að við erum ekki búin að koma því í verk að húrra þessu hér í gegn. Við megum ekki láta það ráða ferðinni, ráða því hvaða tíma við tökum í skoðun máls enda sé hann innan eðlilegra marka.

Ég treysti því, virðulegur forseti, að þingið taki sér tíma til að skoða þetta mál frá mörgum hliðum.

[13:57]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil einungis nota þetta tækifæri til að upplýsa það að á vegum Evrópuráðsins hefur um nokkurt skeið verið unnið að sáttmála um það sem ég held að sé kallað á íslensku lífsiðfræði og eftir því sem ég best veit er sá sáttmáli tilbúinn. Ísland hefur átt fulltrúa í nefndinni. Hann kemur frá heilbrrn. og heitir Örn Bjarnason læknir. Eftir því sem ég best veit þá er búið að leggja blessun yfir þennan sáttmála af Evrópuráðsþinginu en mér er ekki kunnugt um hvort ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur gengið frá málinu endanlega eða hvort búið er að undirrita sáttmálann. Kannski getur hæstv. umhvrh. upplýst okkur um það.

Það er því verið að vinna að þessu mjög svo mikilvæga máli og auðvitað brýnt að það sé tekið á því. Ég hef ekki kynnt mér þennan sáttmála nægilega vel. Ég hef aðeins fylgst með umræðum um sáttmálann og hann snýr að rannsóknum og meðferð hvers kyns bæði erfðaefna og fósturvísa og slíkra hluta. Þannig að það er verið að vinna að þessu og ég vil beina því til nefndarinnar að hún kynni sér hvernig þau mál standa og hvernig hægt er að nýta þennan sáttmála í tengslum við þetta mál.

[13:59]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt að auðvitað er verið að spyrja ýmissa spurninga víða og umræða er í gangi. Það er einmitt dæmigert að innan Evrópuráðsins fer fram öðru fremur á þeim vettvangi umræðan um hin siðferðilegu vandamál. En það er hins vegar stofnun sem ekki setur lög né reglugerðir eins og Evrópusambandið gerir heldur eru menn þar að spjalla. Menn eru að spjalla þar á sama tíma og þingin um gjörvalla Vestur-Evrópu eru að ganga frá löggjöf sem er mjög brýnt að sé gert, ég er ekki að sakast um það að menn séu að taka á málinu. Það er afar brýnt. En menn þurfa að vanda sig og taka þá auðvitað tillit til þess sem fram hefur komið og er verið að vinna að annars staðar eins og innan Evrópuráðsins. Ég var reyndar með í fórum mínum rit sem er frá Evrópuráðinu komið og er meira að segja til í íslenskri þýðingu, þ.e. samþykktir ráðherranefndar og ráðgjafarþings Evrópuráðsins um lífsiðfræði og hefur verið þýtt og gefið út af heilbr.- og trmrn. í september 1990. Það varðar fyrst og fremst íhlutunina í manninn og fóstur og annað sem lýtur að þeim þáttum og sjálfsagt að líta á það því að við greinum manninn ekkert frá hinu í rauninni. Menn eru að fikta við þetta allt saman.

[14:00]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. 4. þm. Austurl. um spjallið í Evrópuráðinu minni ég á að þeir sáttmálar sem menn koma sér saman um og eru formlega undirritaðir binda auðvitað viðkomandi ríki að fylgja þeim. Við vorum m.a. viðstödd undirritun á nýjum sáttmála um réttindi minnihlutahópa í apríl sl. þar sem Ísland var í hópi þeirra þjóða sem undirrituðu hann. Mér kemur ekki annað til hugar en að meiningin sé að fylgja þeim sáttmála eftir eins og reyndar öðrum þó að það sé hlutverk okkar þingmanna að fylgjast með því að framkvæmdarvaldið geri það. Mér finnst því að við eigum að taka alla slíka sáttmála mjög alvarlega. Mikil vinna er lögð í þá og þarna koma að nánast allar þjóðir Evrópu þó að reyndar séu nokkrar þeirra enn þá utan Evrópuráðsins enn þá. Ég tel að sáttmáli af þessu tagi hafi mikla þýðingu og það eigi einmitt að hugleiða hvort ekki beri að lögbinda hann.

[14:02]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það skal enginn skilja orð mín þannig að ég vilji gera lítið úr þeim sáttmálum sem Evrópuráðið samþykkir, síður en svo. Það er allt saman góðra gjalda vert. En hitt er rétt að hafa í huga, þ.e. hinn stóra mun á því sem þar er verið að samþykkja með almennum ákvæðum og hitt sem er spurningin um að lögtaka. Ef við lítum til Evrópusambandsins, sem er sá réttur sem við höfum innleitt hér í mjög ríkum mæli, þá er ansi veikur grunnurinn undir mörgu af því sem varðar þessi ekki alveg beinhörðu hagsmunalegu atriði, þ.e. framleiðslu, vöruframleiðslu og vörudreifingu. Menn þekkja hversu höllum fæti umhverfisvernd stendur í Evrópuréttinum, hvernig varan hefur forgang á flestum sviðum og hvernig dómar hafa fallið innan Evrópudómstólsins. Hið stóra áhyggjuefni í réttarþróun Vestur-Evrópu um þessar mundir er hvernig fjórfrelsið í Evrópurétti keyrir yfir önnur gildi.

[14:03]

**Gunnlaugur M. Sigmundsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir þá ræðu sem hann flutti í upphafi fundar í dag. Mig minnir nú að við höfum skipst á skoðunum um erfðabreytingu lífvera einhvern tíma áður og hv. 4. þm. Austurl. hafi skrifað greinar í Þjóðviljann sem ég var þá ekki sammála. Núna verð ég að segja að eftir reynslu mína af því að reyna að fara út á þessi svið er ég honum fyllilega sammála. Við verðum að vara okkur mjög vel. Ég stóð að því á sínum tíma að fjármagna ásamt fleirum stöð til þess að framkvæma tilraun með erfðabreyttar lífverur, lax og þorsk. Þegar við sem stóðum þá í viðskiptum, höfðum sett í þetta peninga, fórum að sjá aðeins undir yfirborðið á því sem við vorum að gera urðum við hræddir. Vísindamennirnir vildu halda áfram. Við sem höfðum fjármagnað ákváðum að pakka saman. Við vorum hræddir við afleiðingarnar af því sem við vorum að gera lífríkinu og ég held að vísindamönnum sé ekki treystandi í þessu efni til þess að horfa á siðferðilega þáttinn. Þeir keyra áfram út á það að þeir vilji sjá árangur af því starfi sem þeir eru að vinna. Það eru svo margar siðferðilegar spurningar sem við eigum eftir að svara í kringum þetta að ég hvet til mikillar varfærni og ítreka að við eigum eftir að taka þetta mál til gagngerðrar skoðunar í nefnd.

[14:05]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka hæstv. umhvrh. fyrir að skapa aðstæður til þess að umræða héldi áfram um þessi mál eftir að hv. 4. þm. Austurl. væri kominn til þings á ný. Ég tel að það sem hann hafði um þetta að segja skipti mjög miklu máli í þessu samhengi og ég tel ástæðu til að þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hann skyldi greiða þannig fyrir umræðunni. Í öðru lagi tel ég ástæðu til að þakka fyrir þá ræðu sem hv. 4. þm. Austurl. flutti áðan og skýrði þessi mál allvel en það er ekki svo að Alþingi komi núna að þessum málum eða málum af þessum toga í fyrsta sinn. Það hefur áður gerst.

Ég kem hér upp, hæstv. forseti, til þess að vekja athygli á því að annað ráðuneyti og önnur þingnefnd hafa fjallað um nákvæmlega þessi mál. Mér virðist að það sé ótrúlega lítið samstarf á milli ráðuneyta að því er varðar mál af þeim toga sem við erum hér að tala um, þ.e. möguleika á erfðabreytingum lífvera yfirleitt.

Tilefni þessara orða minna er það að 22. febr. sl. kallaði ég sem formaður iðnn. á fund hv. iðnn. sérfræðing frá iðnrn., Ástu Valdimarsdóttur lögfræðing, sem er formaður nefndar sem fjallaði sérstaklega um einkaleyfi á sviði líftækni og einkaleyfaveitingar á sviði líftækni og m.a. sérstaklega að því er varðar örverur. Ásta Valdimarsdóttir greindi okkur frá því að hún hefði þá um nokkurt skeið haft starfandi hóp í þessu máli og hún gerði ráð fyrir því að hópurinn skilaði áliti eftir skamman tíma. Mig minnir að það hafi átt að gerast í aprílmánuði. Rétt er að geta þess að það var hv. þáv. þm. Kristín Einarsdóttir sem hafði forustu um að iðnn. tók málið fyrir.

Ásta Valdimarsdóttir greindi jafnframt frá því að hún mundi senda iðnn. skýrsluna strax og hún væri tilbúin. Nú hefur iðnn. ekki fengið þessa skýrslu en ég aflaði mér upplýsinga um það áðan að nefndin hefur lokið störfum. Sú nefnd, sem fjallar um einkaleyfi á sviði líftækni, hefur lokið störfum og Ásta Valdimarsdóttir sagði mér að skýrslan yrði send hv. iðnn. eða iðnaðarnefndarmönnum núna á næstunni að minni beiðni. Það er út af fyrir sig allt á sínum stað. Hitt er kannski þó aðalatriðið að menn viti hver af öðrum og að hv. umhvn. fari yfir þetta mál líka. Ég held að það sé alveg rétt sem hv. 4. þm. Austurl. sagði áðan að þetta er eitt allra stærsta mál sem þingið er að fjalla um og það væri hrapallegt ef þetta mál yrði afgreitt á þessu stutta vorþingi án þess að hver einasti þm. vissi hvað hann væri að gera, hver einasti, ekki bara þeir sem eru í einhverjum nefndum, heldur allir viti nákvæmlega hvað þeir eru að gera. Hérna er verið að blanda sér í úrslitarök lífríkisins á þann hátt sem við höfum til þessa ekki talið að við í þessum sal hefðum húsbóndavald yfir. Ég tel þess vegna að inn í umræðuna eigi að kalla alla aðila, ekki aðeins sérfræðinga og vísindamenn, sem er út af fyrir sig treystandi fyrir sínu sviði, en það þarf að kalla til fleiri aðila, svo sem menn sem hafa vélað um siðfræðileg grundvallarrök en það eru þau sem verið er að takast á um í þessu samhengi. Þetta er ekki skopmál, ekki gamanmál af neinu tagi, heldur er um að ræða eitt allra stærsta málið sem við höfum fjallað um. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að fara fram á það sem fyrrv. formaður iðnn. að hv. umhvn. kynni sér það sem gert var í iðnn. í málinu og að hvetja hæstv. umhvrh. til þess að hafa veður af því líka og jafnframt að kanna hvort ekki er verið að vinna að þessu á vegum margra annarra ráðuneyta. Ég sá t.d. fyrir nokkrum mánuðum þegar ég blaðaði í þeim gögnum, sem hv. 4. þm. Austurl. var að sýna hér áðan, að þar komu mjög margir aðilar að málum. Mér sýndist t.d. í þessari norrænu skýrslu, ef ég man rétt, að milli 10 og 20 aðilar kæmu að henni og að þeim niðurstöðum sem þar er um að ræða og hið sama er að segja um þá umræðu sem fram hefur farið um þessi mál í Noregi. Því hvet ég til að menn vandi sig í þessu máli og þess vegna kvaddi ég mér hér hljóðs, hæstv. forseti.

[14:10]

**Hjörleifur Guttormsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir réttmætar ábendingar um störfin að einkaleyfaþættinum sem ég fylgdist nokkuð með og m.a. þau mörgu álitaefni sem þar voru uppi og eru auðvitað uppi. En þar var ef ég man rétt um að ræða ákveðna viðmiðun sem menn töldu sig þurfa að taka við aðra því að ef það er nokkurs staðar á einhverju sviði þar sem má segja að sé eðlilegt að menn þurfi að stilla saman er það á sviði einkaleyfalöggjafarinnar að því er varðar framleiðslu. Í aðdraganda þess máls lá fyrir, ég hygg að það sé það frv. og síðar löggjöf sem hv. þm. vék að, þar var um að ræða veruleg álitaefni varðandi spurninguna hversu langt skyldi gengið í sambandi við einkaleyfi og harður ágreiningur á milli Norðurlanda,

hvort ætti að hlýða Evrópuréttindum á þessi sviði eða draga það við sig. Þar voru Norðmenn mjög andsnúnir og reyndu að hafa uppi í starfshóp á vegum EFTA varnir gagnvart því sjónarhorni að taka upp einkaleyfi á lifandi verum. En þar er knúið mjög á að það verði gert og hefur verið innleitt af aðilum að nokkru marki nú þegar.

Ég vildi svo bæta úr því, virðulegur forseti, að ég gleymdi að nefna nafn Íslendings sem hefur verið þátttakandi í norrænu nefndinni um siðfræði en það Jórunn Erla Eyfjörð erfðafræðingur og býr áreiðanlega yfir verulegri vitneskju um þessi efni og er auðvitað sjálfsagt að nýta slíka krafta og alla sem hægt er að draga inn í athugun máls til að við áttum okkur sem best á þessu og fleiri aðila sem hafa unnið að málinu. Núverandi framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs átti m.a. sæti í nefnd sem vann fyrstu drögin að þessu máli hér.

[14:13]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna það að þetta frv., frv. til laga um erfðabreyttar lífverur, er eitt af þeim frumvörpum sem hér hafa komið inn sem ég átta mig ekki alveg á og hef ekki þekkingu til þess að skilja hverja grein. En e.t.v. hefði það hjálpað mér eitthvað ef allar þær reglugerðir sem boðaðar eru við nánast hverja einustu grein frv. sem hér um ræðir, ef þær lægju frammi eða væru kynntar um leið. Það hefði e.t.v. hjálpað mér til þess að skilja hvað það er nákvæmlega sem ég á að fara að taka þátt í að afgreiða. En það er eins með þetta frumvarp og svo mörg önnur EES-frumvörp sem hér koma inn að í nánast hverri einustu grein frv. er kveðið á um nánari útfærslu með reglugerð.

Ég hef áður hreyft því á hv. Alþingi að það er nauðsynlegt með svona víðtækar reglugerðir, sem við höfum kynnst eftir að aðild okkar að EES-samningi var samþykkt, að kynna a.m.k. viðkomandi fagnefnd þær reglugerðir sem fylgja þessum frumvörpum eða frumvörpin munu hafa í för með sér. Meira að segja hefur gerst að reglugerð hefur verið birt undirrituð af starfsmanni ráðuneytis áður en viðkomandi lög höfðu verið afgreidd í nefnd eða frá Alþingi. Ég las þetta frv. yfir og merki við hversu oft og hversu margar reglugerðir á að setja og þær eru æðimargar og sjálfsagt mjög flóknar en það eru spurningar sem ég vildi beina til hæstv. ráðherra og biðja um svör við.

Það er í fyrsta lagi 19. gr. þar sem segir: „Ef fyrir liggur leyfi útgefið af lögbæru yfirvaldi í öðru landi á EES-svæðinu til markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær jafngildir sú leyfisveiting leyfi til markaðssetningar hér á landi." Það sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um er þetta: Ef um erfðabreytta lífveru er að ræða sem er staðsett hér á landi við það loftslag, jarðveg og umhverfi sem við búum við, ef síðan er sams konar erfðabreytt lífvera staðsett einhvers staðar annars staðar við allt annað loftslag, allt annan jarðveg og umhverfi, er þetta þá alveg það sama? Er hægt að alhæfa svona um EES-svæðið að það séu nákvæmlega sömu aðstæður sem gilda, ef við höfum erfðabreytta lífveru þá getum við komið henni inn til allra þeirra þjóða sem eiga aðild að EES-samningnum og það muni ekki breyta neinu þær aðstæður sem gilda í hverju landi?

Síðan er það 20. gr. sem segir: „Hollustuvernd ríkisins eða öðrum eftirlitsaðilum er heimill óhindraður aðgangur að rannsóknarstofum eða svæðum þar sem fram fer notkun eða starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Jafnframt geta eftirlitsaðilar krafist þess að fá aðgang að öllum skjölum og efni sem máli kann að skipta vegna eftirlitsins." Þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað um aðra eftirlitsaðila EES? Geta þessir tilkvöddu eftirlitsaðilar annarra þjóða innan EES komið og krafist þessara sömu gagna hvar sem er?

Síðan segir í 21. gr.: „Starfsmönnum Hollustuverndar ríkisins, ráðgjafanefnd eða öðrum sem fjalla um umsóknir og tilkynningar samkvæmt lögum þessum er óheimilt að greina frá trúnaðarupplýsingum sem þeir kunna að komast að í starfi sínu. Óheimilt er að greina frá umsóknum sem dregnar hafa verið til baka. Trúnaðarskyldan helst þó að látið sé af starfi."

Hvað ef trúnaður er brotinn? Eru einhver sérstök refsiákvæði ef þessi trúnaður er brotinn?

Síðan segir í 26. gr. að þrátt fyrir öll þessi varúðarákvæði sem eru í IV., V. og VI. kafla sem heita slepping eða dreifing erfðabreyttra lífvera, markaðssetning erfðabreyttra lífvera eða vörur sem innihalda þær og afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera að skv. 26. gr. er hægt að ákveða með reglugerð að starfsemi með tilteknar erfðabreyttar lífverur hér á landi sé undanþegin ákvæðum IV., V. og VI. kafla laga þessara. Síðan segir: „Það skal þó ekki ákveðið fyrr en reynsla hefur fengist af starfsemi með erfðabreyttu lífverunnar og tryggt sé að af þeim stafi ekki hætta fyrir heilsu manna, vistkerfið eða umhverfið. Þessa ákvörðun skal tilkynna lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu."

Hversu langan tíma þarf til að þessi reynsla liggi fyrir? Ef þessi undanþága frá þeim reglum, sem eru í IV., V. og VI. kafla, hefur verið ákveðin í einu EES-landanna — því að mér sýnist að þessi lög séu til samræmis við það sem gerist annars staðar og í sumum tilvikum sýnist mér aðeins vera um beina þýðingu að ræða. En ef þessar undanþágur hafa verið veittar innan EES-svæðisins er þá skylda að veita þær hér? Ef reynslan fæst annars staðar verður hún þá eins og allt annað — því að þetta er allt svo óskaplega samrýmt og gott innan EES-svæðisins og við verðum að hafa þetta eins og allir hinir og um að gera að vera alveg eins á öllum sviðum. Er það þá þannig að ef ein þjóð innan EES hefur ákveðið undanþágu þá gildi sú undanþága hér og nægir að tilkynna það lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu þá undanþágu og mun hún þá taka sjálfkrafa gildi alls staðar á EES-svæðinu?

Í 28. gr. segir: „Hollustuvernd ríkisins er heimilt að ákveða dagsektir, allt að 50.000 kr. á dag, til þess að knýja á um framkvæmdir." Verið er að fjalla um þvingunarúrræði stjórnvalda, málsmeðferð og viðurlög. Mér hefði fundist eðlilegra að dagsektirnar væru ákveðnar af því ráðuneyti sem fer með málaflokkinn frekar en Hollustuvernd ríkisins sem á jafnframt að

fara með allt þetta eftirlit og veita umsagnir til undanþágu og á að hafa eftirlitið með hendi. Því hefði mér fundist eðlilegra að dagsektirnar væru ekki ákveðnar af sama aðila.

Í 29. gr. segir: „Með rannsókn á brotum samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála."

Verði frv. samþykkt og verði það að lögum hvort er verið að tala um brot á þeim lögum sem hugsanlega taka gildi þegar Alþingi er búið að fjalla um og fara nákvæmlega yfir þetta allt saman eða brot samkvæmt lögum þessum, sem sagt þar sem farið er eftir einhverju allt öðru? Ég átta mig ekki alveg nákvæmlega á því hvað átt er við „með rannsókn á brotum samkvæmt lögum þessum". Er ekki réttara að segja að brotið sé í bága við lög heldur en að brot sé í samræmi við lög?

[14:22]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu umræður sem hafa spunnist um frv. það sem mælt var fyrir fyrir tveimur dögum en frestað umræðu vegna þess að nokkrir hv. þm. hafa greinilega haft vilja til að tjá sig um málið og þó sérstaklega að ósk eins þingmanns sem þá var ekki við og sjálfsagt að verða við því að hér færu fram ítarlegar umræður um þetta mikilvæga mál strax í upphafi. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því eins og hv. 4. þm. Austurl. að hér er um að ræða stórt mál sem þarf ítarlega umfjöllun. Þá erum við báðir að tala um efni málsins sem slíkt. Efni málsins í heild er afar stórt og víðfeðmt og tekur yfir margvíslega þætti í samfélagi okkar og lífríki. En spurningin er líka sú: Þurfum við ekki á því að halda með málefni af þessu tagi að um þau sé til einhver lagarammi? Jafnvel þó sá lagarammi sé ekki í upphafi alfullkominn vitum við að hann er náttúrlega ekki þar með óumbreytanlegur og að ekki sé hægt, meira að segja áður en langt um líður, að taka á nýjum þáttum þess lagaramma þegar reynsla hefur sagt okkur að nauðsyn sé á því. Nú er ég ekki að gera lítið úr því að farið sé ítarlega yfir þetta og lagasetningin strax í upphafi sé eins góð, eins nákvæm og samviskusamlega unnin og kostur er. Ég vil líka undirstrika þá skoðun mína að þingið eigi alla jafnan að taka sér þann tíma sem það telur sig þurfa til að afgreiða mál. Ég tel mig vera það mikinn, ja það er nú kannski sagt stundum á vondu máli „parlamentarista" eða þingræðissinna að telja að löggjafarsamkoman eigi auðvitað að fjalla ítarlega um þau mál sem hér eru lögð fyrir. En segi þó aftur þetta sem ég sagði hér áðan að það getur verið nauðsyn á því að skapa lagaramma, það geta líka verið aðrar aðstæður sem knýja á okkur að gera það vegna þess að við höfum undirgengist einhverjar skuldbindingar að okkur sé nauðsynlegt að gera það og það er m.a. hluti af lagasetningunni hér sem var reyndar gerð grein fyrir bæði í framsöguræðunni og eins kemur ítrekað fram í greinargerðinni sjálfri að hluti af nauðsyn lagasetningarinnar auðvitað er vegna skuldbindinga sem við höfum undirgengist.

Ég ætla ekki að gera það að neinu aðalmáli í þessu því ég held að málefnið sem slíkt sé það veigamikið að það eitt krefjist lagasetningarinnar. Eins og hv. 4. þm. Austurl. benti réttilega á þá er búið að fjalla allnokkuð um málið. Það hefur auðvitað verið í skoðun í stjórnarráðinu eða í ráðuneytum og eins og fram hefur komið í ræðum fleiri hv. þm. hjá fleiri ráðuneytum enda eðlilegt að efni af þessu tagi hljóti að vera til umræðu í iðnn. og ekki síður heilbr.- og trmrn. af því að hér er málefni sem varðar mjög starfsemi á heilbrigðisstofnunum og eðlilegt að það ráðuneyti fjalli einnig um málaflokk af þessu tagi.

Ég tek undir það að nefndin gefi sér tíma til að skoða frv. vel og ítarlega og kalli til þá aðila sem nauðsynlegt er og afli sér þeirra gagna sem nauðsynleg eru. Þrátt fyrir það sem ég hef áður sagt um að þingið taki sér þann tíma sem það þarf bið ég um að það geri það líka með því hugarfari að það sé e.t.v. brýnt og málinu sjálfu efnislega til framdráttar að lagarammi sé til og að hann megi setja í því formi sem hér er lagt fram. Auðvitað getur þurft að gera á því breytingar og bæta inn í það þáttum sem nefndin kanna að verða sammála um.

Við eigum auðvitað ekki almennt að taka upp erlendar forskriftir og gera þær að lögum okkar en þó hygg ég að mjög margt sé í löggjöf okkar sem sé alveg óháð nýgerðum, alþjóðlegum samningum, eða hvað við köllum þetta nú, samningum Íslands við aðrar þjóðir, sem hafa gerst á seinustu missirum að við höfum í gegnum tíðina tekið ákaflega margt upp úr löggjöf annars staðar frá þannig að það sé ekki upphafið á því verki hér eða nú. Í viðbót kemur svo þetta að hafa gerst aðilar að samningum, sem knýja á okkur að setja löggjöf, og við hljótum þá að taka mið af því sem gert er annars staðar í þeim löndum sem við höfum samið við. Ég bendi á það sem kom fram í framsöguræðu minni í fyrradag að sums staðar á Norðurlöndum hefur þegar verið sett löggjöf um þetta efni, bæði í Danmörku, Noregi og í Svíþjóð. Í Finnlandi liggur frv. fyrir þinginu þar sem verið er að fjalla um mál af þessu sama tagi. Í öllum þeim tilvikum er tekið mið af þeim tilskipunum sem fylgja og eru viðaukar við EES-samninginn svokallaða og þarf ekki að fara fleiri orðum um það. Þetta er sem sagt það sem bindur okkur nokkuð.

Talandi um að nauðsyn sé að setja lagaramma vil ég benda á það sem sagt er hér í greinargerðinni að markmið frv. sé fyrst og fremst að vernda náttúru, vistkerfi, heilsu manna, dýra og plantna gegn óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Þetta er grunnurinn og rökin fyrir lagasetningunni. Það er það sem ég held að við þurfum að undirstrika og einnig hitt að starfsemi með erfðabreyttar lífverur á Íslandi er ekki mjög umfangsmikil enn sem komið er. En hún getur auðvitað orðið það og þá getum við gefið okkur tíma eins og hv. 4. þm. Austurl. benti einhvers staðar á að stæði að við ættum að bregðast við eftir því sem við gengjum götuna fram, að þegar við aukum starfsemi okkar á þessu sviði þá getur auðvitað þurft að bregðast við því með lagasetningu eða breytingum á gildandi lögum ef frv. verður að lögum sem við sjáum ekki fyrir í dag.

Ég held að það sé út af fyrir sig eðlilegt að menn hafi það í huga líka strax í upphafi.

Hv. 14. þm. Reykv. minnti okkur á umfjöllun Evrópuráðsins um málefni af þessu tagi. Ég hef sjálfur verið einn af sendinefndarmönnum Alþingis á þingi Evrópuráðsins í Strassborg og hef fylgst með því sem þar fer fram og hvernig þau samtök vinna. Þar er fyrst og fremst um að ræða umræðuvettvang eins og hér hefur komið fram. Það er ráðgefandi þing, umræðuvettvangur, en síðan fylgir ráðherraráðið þeim málum eftir sem þingið samþykkir og ráðherraráðið vill gera að sínum. En ég verð því miður að segja það út af spurningu hv. 14. þm. Reykv. að mér er ekki kunnugt um að þessi sáttmáli hafi verið samþykktur, a.m.k. ekki komið upp á borð mitt þann tíma sem ég hef setið í ráðuneytinu enda það ekki langur tími og get ég því ekki svarað spurningunni án þess að kanna það nánar. Auðvitað má segja um málið allt að ég kem að því sem hér liggur fyrir nánast tilbúnu eða undirbúnu af forvera mínum í embætti og það er álit ráðuneytisins að það sé brýnt að koma málinu fyrst og fremst til umfjöllunar en vonandi einnig til afgreiðslu svo skjótt sem þingið treystir sér til.

Ég held að það sé líka rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., Gunnlaugi Sigmundssyni, að auðvitað er vísindamönnum e.t.v. ekki treystandi einum til að horfa á allar hliðar málanna, þ.e. þá kannski til siðferðisþáttarins sérstaklega vegna þess að þeir hafi oft meiri áhuga á því að fylgja sínum vísindum fram, sjá og sýna og sanna hvað þeir geta gert og er auðvitað mikilvægt en þá undirstrika ég aftur: Er ekki nauðsynlegt að við höfum lagaramma til að halda utan um þá starfsemi og geta brugðist við ef vísindamennirnir okkar eða annarra ætla sér ekki af?

Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem komu fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni um umfjöllun um málið annars staðar. Sjálfsagt er að reyna að tína til þær upplýsingar sem kunna að liggja fyrir hjá þinginu nú þegar til þess að fjalla um í umhvn. sem fær frv. til meðhöndlunar.

En það voru svo nokkrar spurningar frá hv. 5. þm. Suðurl. sem ég skal reyna að leitast við að svara eftir bestu getu þar sem tíminn hleypur hratt frá. En ég verð að öðru leyti að vísa sumum þeirra til nefndarinnar og að nefndin afli frekari upplýsinga um málin og málsmeðferðina. Eins og ég sagði áðan kem ég að málinu með tiltölulega stuttum fyrirvara og tek við því af hálfu forvera míns og þeirri vinnu sem unnin hefur verið í ráðuneytinu á undanförnum vikum, mánuðum og árum og ég hef ekki haft tíma til að fara ítarlega yfir eða setja mig nákvæmlega inn í. Þar var t.d. fyrst spurt um reglugerðarsetningu almennt. Vissulega er það svo að það er ekki góð latína að lög kveði á um það að þeim skuli síðan framfylgt með reglugerðum í nánast öllum atriðum, stórum og smáum. Ég hygg þó að oft og tíðum sé nauðsynlegt, ekki síst í flóknum málum eins og þessum, sem þurfa að taka mið af mörgum tæknilegum atriðum og lagasetningum sem þar að auki er byggt á. Við erum að yfirtaka að hluta til löggjöf annars staðar frá og starfsreglur frá öðrum þjóðum í gegnum þá samninga sem við höfum gerst aðilar að. Rétt til gamans vil ég nefna að ég átti nýlega fund með forsvarsmönnum Hollustuverndar ríkisins, sem sögðu mér að fyrir 4–5 árum, hefðu þeir haft ein lög til að fara eftir og úr þessum lögum hefðu verið samdar tvær eða þrjár reglugerðir, það var starfsvettvangur þeirra. Núna hygg ég að þeir þurfi að fara eftir að mig minnir 15 lögum og reglugerðum sem skipta tugum ef ekki hundruðum. Ég held jafnvel að þeir hafi nefnt að það væri á annað hundrað reglugerða sem þeir þyrftu að sýsla með. Það sýnir bara breytinguna sem hefur orðið í stjórnkerfi okkar á tiltölulega fáum árum.

Hv. þm. spurði um leyfisveitingar í 19. gr. Ef þær hefðu verið gefnar út í einhverju EES-landi segir hér að þær jafngildi leyfi til markaðssetningar hér á landi og hvort ekki kunni að vera við allt aðrar aðstæður að búa hér. Þetta er út af fyrir sig tæknileg spurning sem ég tel að sé rétt að skoða því við getum þurft að taka tillit til þess að hér er við annað umhverfi að eiga en kann að vera í öðrum EES-löndum. Á móti kemur þá aftur hin lögfræðilega spurning: Hvað þýðir samningurinn sá hinn ágæti, EES-samningurinn, og hvað leggur hann okkur á herðar að þurfa að undirgangast án þess að geta brugðist við innlendum eða íslenskum aðstæðum? Þó er það svo að varðandi sum ákvæði samningsins hafa verið gerðir fyrirvarar. Það á t.d. við um GATT-samninginn sem við ræddum um í gær. Þar hafa verið gerðir fyrirvarar um t.d. heilbrigði dýra og plantna að um það mál gilda þó þrátt fyrir allt íslensk lög og íslenskar reglur.

Þetta átti við um fleiri spurningar hjá hv. þm. um skyldu okkar og nauðsyn til þess að yfirtaka eða undirgangast eftirlit frá öðrum aðilum sem starfa á hinu Evrópska efnahagssvæði eða í öðrum löndum. Það held ég að hljóti að verða að skoða í ljósi þess sem ég reyndi að svara hér við spurningunni um 19. gr. Þetta var um 20. gr. og 26. gr. Um 21. gr. spurði hv. þm. um trúnaðarskyldu. Þar held ég að ég hljóti að vitna til þess sem er almennt um trúnaðarskyldu, um refsiákvæði og vísa til almennra viðurlagaákvæða, og þá til þess sem hv. þm. spurði hér um 29. gr., þ.e. um brot á þessum lögum og reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála. Nú verð ég að viðurkenna að ég skildi ekki alveg vangavelturnar hjá hv. þm. um hvort verið væri að brjóta eitthvað í lögunum eða hvort verið væri að brjóta lögin sjálf og ég held að þetta hljóti að vera eitthvert almennt lagalegt orðalag sem ég vísa til lögfræðinga sem umhverfisnefnd verður þá að leita til ef hér er ekki rétt sett niður og í samræmi við það sem almennt gildir um þetta ákvæði.

Að lokum aðeins um að Hollustuvernd ríkisins ákveði dagsektir. Það kann að vera óeðlilegt að undirstofnun ráðuneytis sé falið þetta ákvörðunarvald. Ég er fús til að skoða að það eigi frekar að vera að Hollustuvernd ríkisins, geri kannski tillögur um slíkt eða hafi heimild til að fara fram á slíkt eða gera tillögur um dagsektirnar þannig að þær ákveðist þá af ráðuneyti. En þetta er líka spurning um réttar boðleiðir í stjórnkerfinu og stjórnvaldsákvarðanir hvernig þær ber að og ég vísa því auðvitað líka til nefndarinnar að

skoða þennan þátt. Ég held að það hljóti að vera meira framkvæmdalegs eðlis. En tími minn er útrunninn og ég vil að lokum, hæstv. forseti, þakka fyrir þessar ágætu umræður og vona að nefndin gefi sér tíma og ég veit að hún fer að sjálfsögðu yfir málið en reyni ef mögulegt er að knýja á um skjóta afgreiðslu málsins samt af þeim efnisástæðum sem hér eru raktar, bæði í framsöguræðu og greinargerð frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Skipulag ferðamála, 1. umr.*

Stjfrv., 20. mál (umboðssala farmiða). — Þskj. 20.

[14:39]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um skipan ferðamála. Aðdragandi málsins er sá að unnið hefur verið að loftferðasamningi milli Íslands og Bandaríkjanna og er hann raunar á lokastigi. Sams konar samningur hefur verið gerður við átta önnur ríki Evrópu, Sviss, Lúxemborg, Noreg, Svíþjóð, Austurríki, Belgíu, Finnland og Danmörku.

Samningurinn felur í sér margar mikilvægar breytingar frá núverandi loftferðasamningi ríkjanna, t.d. aukin flugréttindi, frelsi til leiguflugs og frelsi í ákvörðun far- og farmgjalda. Samningurinn hefur auk þess að geyma ákvæði sem lúta að viðskiptum um viðskiptafrelsi. M.a. hafa flugfélög beggja samningsaðila rétt til að opna skrifstofur sem selja farmiða með viðkomandi flugfélögum. Til að svo megi verða hér á landi er nauðsynlegt að breyta lögum um skipulag ferðamála á þann hátt sem hér er lagt til.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, þarf að fá leyfi samgönguráðherra til hvers konar umboðssölu farmiða, þar á meðal með flugvélum. Samkvæmt sömu lögum, 12. gr., þarf leyfishafi að eiga lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. eitt ár. Ríkisborgarar annarra ríkja EES eru undanþegnir þessu skilyrði. Hér er lagt til að bandarísk flugfélög fái sömu undanþágu og geti stofnað hér ferðaskrifstofu án þess að hafa átt lögheimili hér á landi áður. Íslensk fyrirtæki munu hafa sama rétt í Bandaríkjunum. Í stuttu máli felur þessi samningur það í sér fyrir okkur, sem er mikilvægt, að um leið og hann tekur gildi yrði Flugleiðum heimilt að fljúga til hvaða borgar sem er í Bandaríkjunum svo oft sem þeir kysu við hvaða verði sem þeir kysu og gætu jafnframt millilent í Bandaríkjunum á leið til Mexíkó eða flutt farþega t.d. frá Halifax til Bandaríkjanna ef það þætti fremur henta.

Þetta mál er einfalt í sniðum en nauðsynlegt til þess að loftferðasamningurinn geti tekið gildi eigi að síður.

Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn. og vil vænta þess að Alþingi treysti sér til að afgreiða þetta mál en samningurinn liggur nú fyrir þýddur á íslenska tungu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Höfundalög, 1. umr.*

Stjfrv., 21. mál (EES-reglur). — Þskj. 21.

[14:42]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan þáv. menntamálaráðherra af sérstakri nefnd, sem fylgst hefur með þróun höfundaréttarmála á vegum ráðuneytisins á síðustu árum og unnið að endurskoðun höfundaréttarlöggjafarinnar. Samdi nefndin m.a. tillögur til breytinga á höfundalögum sem samþykktar voru sem lög nr. 57, 2. júní 1992. Tillögur að frv. þessu voru lagðar fyrir höfundaréttarnefnd sem er ráðuneytinu til ráðgjafar í höfundaréttarmálum og hefur nefndin lýst ánægju sinni með frv. þetta.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES samningnum) skuldbatt Ísland sig til þess að aðlaga löggjöf landsins að hinu almenna verndarstigi hugverka í Evrópusambandslöndunum.

Allt frá árinu 1984 hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sýnt mikinn áhuga á samræmingu hugverkalöggjafar innan markaðssvæðisins og lagt fram ýmsar tillögur að tilskipunum á þessu sviði, sem auk samræmingarmarkmiða miða að háu verndarstigi hugverka innan sambandsins. Þegar hafa verið samþykktar fjórar tilskipanir ráðsins á sviði höfundaréttar, þ.e. um vernd tölvuforrita, um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti, um samræmingu á tilteknum reglum varðandi útsendingar um kapal og gervihnetti og um lengd verndartíma.

Frv. þetta er samið með hliðsjón af ofangreindum tilskipunum Evrópusambandsins á sviði höfundaréttar og hliðstæðra réttinda tengdum höfundarétti og er tilgangur þess sá að samræma íslenska höfundalöggjöf ákvæðum þeirra. Meginefni frv. er að verndartími höfunda er lengdur úr 50 árum miðað við næstu áramót eftir andlát í 70 ár. Listflytjendur og framleiðendur njóta nú þegar 50 ára verndartíma, samanber ákvæði laga nr. 57/1992, og er það í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins. Þá eru það og nýmæli í frv. þessu að sé um verk að ræða sem hafa ekki verið birt áður og höfundur er ókunnur er höfundarétturinn látinn haldast í 70 ár frá tilurð verksins en birting slíkra verka er talin með öllu óheimil samkvæmt gildandi lögum.

Frv. gerir einnig ráð fyrir að inntak listflytjendaverndar verði nánast hin sama og höfunda og réttarstaða samtaka listflytjanda og framleiðenda er bætt með tilliti til opinbers flutnings markaðshljóðrita. Lagt er til að höfundar og listflytjendur hafi rétt til að heimila eða banna leigu eða útlán verka er njóta höfunda-

réttar eða hliðstæðra réttinda, svokallaðs grannréttar. Lagt er til að listflytjendum verði veittur einkaréttur til flutnings í útvarpi og annarrar dreifingar á listflutningi til almennings. Listflytjendum og framleiðendum er með tilskipuninni veittur réttur til dreifingar á upptökum, þ.e. einkaréttur til þess að gera upptökur aðgengilegar fyrir almenning með sölu eða á annan hátt. Er ofangreint atriði í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti frá 1992.

Tilskipunin heimilar að vikið sé frá ákvæðum um einkarétt til almennings að því tilskyldu að a.m.k. höfundur fái þóknun vegna slíkra útlána. Miðast frv. þetta við að framangreind undanþága gildi eingöngu um bókmenntaverk en höfundar annarra verka svo og flytjendur geta bannað útlán og leigu verka sinna. Þannig er ekki gert ráð fyrir að vikið verði frá núverandi skipan á greiðslum fyrir útlán bóka í bókasöfnum samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976.

Á vegum menntmrn. er nú til athugunar endurskoðun þeim lagaákvæðum sem gilda um greiðslu þóknunar vegna afnota bóka í bókasöfnum. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að í ofangreindri tilskipun er kveðið á um að höfundar skuli eiga rétt til sanngjarnrar þóknunar vegna útlána hljóðrita eða kvikmyndaverka og höfundur geti ekki afsalað sér rétti þessum með samningum. Í tilskipuninni er heimilt að fresta framkvæmd þessa ákvæðis til 1. júlí 1997 og er í frv. þessu miðað við að sú frestunarheimild sé nýtt. Sú niðurstaða er í samræmi við fyrirhugaða lagasetningu á Norðurlöndum um þetta efni.

Með frv. þessu er enn fremur lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar í samræmi við tilskipun ráðsins um vernd tölvuforrita en ákvæði íslenskra höfunda um tölvuforrit, sbr. lög nr. 57/1992, falla í höfuðatriðum að fyrirmælum tilskipunarinnar.

Hvað varðar samræmingu íslenskrar höfundalöggjafar að tilskipun Evrópusambandsins varðandi útsendingar um gervihnött og kapal frá 1993 er í frv. þessu lagt til að gerð verði breyting á gildandi ákvæðum um afnotakvöð og að tekin verði þess í stað svokölluð samningskvöð og að dreifingaraðilar semji við lögformlega viðurkennd samtök rétthafa hvert á sínu sviði í stað allsherjarinnheimtustofnunar áður eins og gert var ráð fyrir með þeirri breytingu sem gerð var á höfundalögum árið 1992. Slíkri stofnun hefur ekki verið komið á laggirnar.

Ætla ég nú að víkja að einstökum ákvæðum frv.

Með ákvæðum 1. gr. eru tekin af öll tvímæli um það að sá er öðlast hefur rétt til notkunar tölvuforrits hafi heimild til að brjóta til mergjar þau grundvallarsjónarmið er forritið hvílir á en eingöngu í þeim tilgangi að það nýtist honum í vinnslu.

Í 2. gr. er fjallað um réttarstöðu höfunda og listflytjenda vegna útsendingar um gervihnött og kapal og breytingar á 23. gr. höfundalaganna, þ.e. aðallega að taka upp svokallaða samningskvöð í stað afnotakvaðar.

Með 3. gr. er fullnægt ákvæðum tilskipunar ráðsins um vernd tölvuforrita þar sem meginreglan er sú að afritun, þýðing, aðlögun og breyting á framsetningu forritsins í því formi sem aðrir hafa aðgang að telst brot á einkarétti höfundarins. Þó er lagt til að heimila þeim sem hefur rétt til að nota afrit af tölvuforriti að afrita eða þýða forritið þannig að unnt verði að nota það með öðrum forritum án heimildar rétthafa.

Svo sem áður hefur verið vikið að er í frv. þessu gert ráð fyrir umtalsverðri lengingu verndartíma hugverka frá því sem nú tíðkast almennt eða úr 50 árum í 70 ár frá næstu áramótum eftir lát höfundar, eða lát þess höfundar sem lengst lifir séu tveir menn eða fleiri höfundar að sama verki. Um það er fjallað í 4. til 6. gr. þessa frv. Efni þessara greina skýrir sig að mestu sjálft en rétt er að vekja athygli á þeim nýmælum að útgefendum verka sem eru fyrst birt að liðnum verndartíma er veitt sérstök vernd í 25 ár til fjárhagsnytja af verkum. Mun þetta ákvæði sett af tvennum ástæðum: Í fyrsta lagi til að hvetja menn til útgáfu slíkra verka og í öðru lagi til að verja þá aðila sem leggja í slíka útgáfu fjárhagslegum áföllum vegna hugsanlegrar birtingar annarra útgefenda á sama verki.

Ákvæði 7. gr. frv. er í flestum greinum hliðstætt 45. gr. gildandi höfundalaga um vernd listflytjenda. Þó er í samræmi við 9. gr. tilskipunar Evrópusambandsins um leigu- og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti frá 1992 að lagt er til að tekin verði af öll tvímæli um að auk einkaréttar til eintakagerðar skuli listflytjandi hafa einkarétt til dreifingar listflutnings almennings þó þannig að listflytjendur hafi einvörðungu þóknunarrétt þegar um er að ræða flutning á hljóðritun skv. 47. gr. höfundalaga. Þá er lagt til að lögfest verði löglíkindaregla um afsal útleiguréttar þegar listflytjandi hefur veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks, þó þannig að sérstakt endurgjald komi fyrir leiguna.

Loks er bætt við ákvæði þess efnis að tæmiregla 24. gr. gildi aðeins um upptöku listflutnings sem fyrst er markaðssett innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 8. gr. er fjallað um réttindi listflytjenda vegna viðstöðulauss endurvarps um kapal á listflutningi og er efni þessarar greinar sambærilegt við ákvæði 2. gr. frv., um höfunda, sem áður er gerð grein fyrir, þó þannig að áfram gildi afnotakvöð á dreifingu markaðshljóðrita á grundvelli 47. gr.

Í 9. gr. frv. er lagt til að hvers konar dreifing til almennings á eintökum hljóðrita og myndrita án samþykkis framleiðanda sé óheimil. Er hér um að ræða verndarauka til handa framleiðendum. Ákvæði þetta ber að skilja með þeim fyrirvara að réttur framleiðenda til dreifingar skerði á engan hátt rétt höfunda eða listflytjenda yfir efni sem upp hefur verið tekið.

10. gr. er efnislega í samræmi við 46. gr. gildandi laga og 2. mgr. 8. gr. tilskipunar frá 19. nóv. 1992 um þóknunarrétt listflytjenda og framleiðenda fyrir flutning í útvarpi eða aðra opinbera dreifingu. Þóknunarréttur er hér víkkaður þannig að hann tekur til allra útgefinna hljóðrita en ekki einvörðungu til markaðshljóðrita sem gildandi ákvæði kveða á um. Þykja ekki fullnægjandi forsendur fyrir slíkri aðgreiningu. Greinin kveður á um að krafa til endurgjalds verði aðeins

gerð af einum innheimtusamtökum framleiðenda og listflytjenda fyrir öll vernduð hljóðrit að íslenskum lögum. Enn fremur að slíkum samtökum sé heimilt að setja gjaldskrá um þóknun vegna flutnings efnis af hljóðritum utan útvarps að fengnu samþykki menntmrn.

Í 11. gr. er skýrt kveðið á um að hin nýja regla um 25 ára verndartíma til handa útgefendum gildi aðeins um birtingu verka sem framkvæmd er af ríkisborgurum eða mönnum búsettum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 12. gr. er fjallað um réttaráhrif lengingartíma hugverka, sérstaklega varðandi verk sem njóta verndar við gildistöku laganna. Þegar við setningu íslensku höfundalaganna 1972 var tekið inn í íslensku lögin skýlaus ákvæði þess efnis að ákvæði laganna gildi einnig um eldri verk sem orðið hafi til fyrir gildistöku laganna. Var gengið lengra til verndar eldri verkum en víðast annars staðar, t.d. á Norðurlöndum. Nú eru bein fyrirmæli um þessi afturverkandi áhrif tekin inn í tilskipun Evrópusambandsins um verndartíma. Slík ákvæði valda því að verk sem kunna að hafa verið fallin úr vernd geti endurlífgast til verndar og er í frv. þessu gerðar tillögur um hvernig fari um ráðstafanir sem gerðar hafi verið eða áunnin réttindi þriðja aðila á grundvelli eldri laga þegar afnot verksins voru frjáls.

Í íslensku lögunum frá 1972 er ekki tekið nánar á þessu ákvæði og eftirlátið dómstólunum að túlka í hverju einstöku tilviki hvernig með skuli fara og þá gengið út frá því að við slíkum ráðstöfunum og réttindum verði ekki hróflað.

Í 12. gr. frv. þessa er hins vegar horfið að því ráði í samræmi við aðrar Norðurlandaþjóðir að skilgreina hver réttarstaðan sé í einstökum tilvikum.

Herra forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir efni þessa frv. sem er flókið eins og flest frv. sem snerta höfundarétt því hér er oft um vandskilgreindan rétt að ræða og þess vegna einnig vandmeðfarið að semja um það almennar reglur þannig að réttindin séu sem best vernduð. En eins og sést er í þessu frv. tekið á nýmælum varðandi flutning og leiðir til að flytja listverk auk þess sem tölvuforrit koma við sögu.

Að því verki að undirbúa þetta frv. hefur unnið endurskoðunarnefnd höfundalaga og í fylgiskjali I sem frv. fylgir er að finna bréf nefndarinnar til mín þar sem greint er frá því hvernig nefndin hefur unnið að málinu og kemur fram að nefndin stendur einróma að tillögugerðinni. Ég vona að á Alþingi skapist góð samstaða um að málið hljóti bæði málefnalega meðferð í hv. menntmn. og einnig verði stuðlað að afgreiðslu þess eins skjótt og kostur er þannig að við getum tengst inn í þennan Evrópurétt með þessum hætti.

Ég tel að lokum að rétt sé að gera Alþingi grein fyrir því að vegna skuldbindinga Íslands á grundvelli EES-samningsins hefðu tilskipanir Evrópusambandsins um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengdum höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal annars vegar og um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti átt að ganga í gildi 1. jan. sl. En tilskipun Evrópusambandsins um samræmingu verndartíma höfundaréttar og hliðstæðra réttinda tengdum höfundarétti á að ganga í gildi 1. júlí nk. Rétt er þó að taka fram að endurskoðun höfundalaga hér á landi hefur farið fram í samvinnu við aðrar Norðurlandaþjóðir og frumvörp sambærileg við það sem hér er kynnt hafa verið til umræðu og eru nú til umræðu á þjóðþingum Norðurlanda.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. að lokinni umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Notkun myndlykla, 1. umr.*

Stjfrv., 22. mál. — Þskj. 22.

[14:56]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):**

Herra forseti. Þetta mál, frv. til laga um bann við gerð og notkun myndlykla til að fá aðgang að læstum útvarpssendingum án greiðslu áskriftargjalds, er eins og það frv. sem ég mælti fyrir hér næst á undan nátengt breytingum á tækni og þeirri aðstöðu sem skapast hefur til að koma efni á framfæri með nýrri tækni og nýjungum í fjölmiðlum.

Í athugasemdum við frv. kemur fram að með breytingum á útvarpslögum, sem gerð var árið 1985, hafi einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarpssendinga verið afnuminn og öðrum aðilum heimilað að reka sjónvarps- og hljóðvarpsstöðvar. Á grundvelli þessarar lagabreytingar eru nú reknar í landinu allmargar sjónvarps- og hljóðvarpsstöðvar í eigu annarra en ríkisins eins og kunnugt er. Í lögunum er stöðvunum m.a. heimilað að afla tekna með afnotagjaldi.

Útvarpslaganefnd sem skipuð var af menntmrh. 29. apríl 1992 til að endurskoða útvarpslög, nr. 68/1985, lagði m.a. til að tekin yrðu upp í útvarpslög ítarleg ákvæði um að læstar útsendingar sem boðnar séu gegn greiðslu njóti refsiverndar. Tillögur útvarpslaganefndar voru að nokkru leyti sniðnar eftir sænskri löggjöf um sama efni sem tók gildi 1. jan. 1994. Efni þess frv. sem hér liggur fyrir er efnislega sambærilegt við framangreindar tillögur útvarpslaganefndar. En dagskrárefni, sem einungis er ætlað áskrifendum og sent út brenglað þannig að einungis þeir sem hafa sérstakan búnað, myndlykla, geti náð útsendingunum, er eins og við vitum þannig að það eru aðeins þeir sem greiða fyrir áskrift og fá sérstakt lykilnúmer sem geta nýtt sér þær útsendingar og þá gegn greiðslu áskriftargjalds.

Í erindi sem mér hefur borist frá Íslenska útvarpsfélaginu hf., sem annast rekstur Stöðvar 2, kemur fram að félagið hafi orðið fyrir tilfinnanlegu tekjutapi á undanförnum árum vegna þess að einstaklingar hafa komið sér upp búnaði til að ná læstum útsendingum stöðvarinnar án greiðslu áskriftargjalds. Í erindi frá félaginu kemur fram að vissa sé fyrir því að í sumum tilvikum sé um skipulagða starfsemi að ræða þar sem

myndlyklum hefur verið breytt þannig að ótiltekinn fjöldi manna hefur aflað sér aðgangs að dagskránni með greiðslu eins áskriftargjalds. Félagið telur sig hafa fulla vitneskju um eina slíka keðju sem í séu um 300 áskrifendur. Tekjutap félagsins í þessu eina tilviki miðað við að allur hópurinn greiddi ella tilskilið áskriftargjald gæti numið allt að 10 millj. kr. á ári auk þess sem ríkissjóður tapar um það bil 1,4 millj. kr. vegna tapaðs virðisaukaskatts. Þá telur félagið sig hafa rökstuddan grun um fjölda annarra keðja þar sem fjöldi áskrifenda sé líklega á bilinu 5–6 þúsund. Sé miðað við lægri töluna gæti tekjutap félagsins af þessum sökum numið u.þ.b. 170 millj. kr. á ári og tap ríkissjóðs vegna virðisaukaskatts gæti numið 23–24 millj. kr. Tilraunir félagsins til að fá umrædda starfsemi stöðvaða með aðstoð lögreglu og dómstóla hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Ástæðan er sú að gildandi lög veita takmarkaðar heimildir til afskipta lögreglu og hinnar opinberu réttarvörslu á þessari starfsemi. Hafa réttarvörsluaðilar talið útsendingarmerki sjónvarpsstöðva ekki getað verið andlag þjófnaðar eða nytjastuldar, sbr. ákvæði 244. gr. og 259. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Hafa tilraunir Íslenska útvarpsfélagsins hf. til að gæta hagsmuna sinna með kærum á grundvelli þessara ákvæða hegningarlaganna ekki borið árangur.

Vegna þessa kveðst Íslenska útvarpsfélagið hf. hafa lagt í verulegan kostnað við að endurnýja myndlyklakerfi félagsins. Með því móti hafi um sinn tekist að draga verulega úr því að aðilar nái aðgangi að læstum útsendingum án greiðslu tilskilins áskriftargjalds. Það sé hins vegar ljóst að þegar sé hafin skipuleg starfsemi við að reyna að afla aðilum utan hópsáskrifenda að læstri dagskrá félagsins fram hjá nýja myndlyklakerfinu. Reynslan sýni að búast megi við að þetta vandamál geti orðið viðvarandi.

Þetta ástand leiðir til þess að mínu mati og eins og kemur fram í greinargerð með frv. að sú skylda hvílir á löggjafarvaldinu að það tryggi lögmætri atvinnustarfsemi sem mesta vernd gegn því að hún verði fyrir tjóni af ólögmætri starfsemi. Sú skylda er ótvíræð og við þurfum ekki að ræða um hana en í þessu tilviki er um nýja atvinnustarfsemi að ræða með nýrri tækni sem nýtur ekki verndar samkvæmt almennum hegningarlögum eins og fram hefur komið. Þess vegna er mjög brýnt að mínu mati að taka af allan vafa í þessu og í þeim tilgangi er þetta frv. flutt. Útvarpsstöðvum er heimilað að afla tekna með áskrift og því verður að vera ótvírætt í lögum að móttaka slíks efnis án heimildar útvarpsstöðvarinnar og án greiðslu áskilins áskriftargjalds sé ólögmæt. Þá ber að hafa í huga að hundruð manna hafa atvinnu og lífsframfæri sitt af þessari starfsemi. Óheimil móttaka felur jafnframt í sér brot gegn hagsmunum annarra en útvarpsstöðvarinnar, ekki síst þeirra aðila sem eiga höfundarétt að því efni sem sent er út og gildandi löggjöf veitir ekki vernd í þessu efni. Af öllum þessum ástæðum er þetta frv. flutt.

Í 1. gr. í athugasemdum við einstakar greinar eru hugtökin „læst útsending“ og „myndlykill“ skilgreind. Í 2. gr. er um nýmæli að ræða eins og sést og í 3. gr. er lýst viðurlögum við brotunum þannig að þetta frv. er í sjálfu sér skýrt og einfalt. Rík nauðsyn er á því að það er flutt og ég hvet eindregið til þess að það hljóti málefnalega meðferð að sjálfsögðu í hv. menntmn. en eins skjóta meðferð eins og kostur er með hliðsjón af mikilvægi málsins.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Sóttvarnalög, 1. umr.*

Stjfrv., 26. mál (heildarlög). — Þskj. 28.

[15:04]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. sóttvarnalaga. Forsaga frv. er sú að í október 1988 skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd embættismanna og sérfræðinga sem fékk það verkefni að endurskoða sóttvarnalögin frá 1954, farsóttalögin frá 1958 og ýmis sérlög um varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnarlög frá 1939, lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingum, og lög um varnir gegn holdsveiki frá síðutu aldamótum.

Nefndin skilaði fullbúnu frv. til sóttvarnalaga ásamt fylgiskjölum í september 1989 og var frv. lagt fram óbreytt frá tillögum nefndarinnar á 112. löggjafarþingi. Frv. náði ekki fram að ganga. Haustið 1990 endurskoðaði farsóttanefnd frv. m.a. með hliðsjón af þeim umsögnum sem borist höfðu Alþingi. Meiri hluti nefndarinnar gerði tillögur um nokkrar breytingar á frv. og var það lagt fram í þeirri mynd sem meiri hluti nefndarinnar var sammála um á 113. löggjafarþingi frá 1991. Frv. náði ekki fram að ganga.

Frv. var enn lagt fram á 115. löggjafarþingi, nánast óbreytt frá því sem það var lagt fram á 113. löggjafarþingi að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir í þessu frv. að kostnaður vegna sóttvarna verði greiddur eins og annar sjúkrakostnaður.

Á 116. löggjafarþingi var frv. lagt fram í fjórða sinn óbreytt frá 115. löggjafarþingi að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir gildistöku 1. janúar 1994. Frv. náði ekki fram að ganga.

Enn vill heilbr.- og trmrh. freista þess að leggja fram og fá samþykkt frv. til nýrra sóttvarnalaga. Tvær breytingar hafa verið gerðar á frv. frá 116. löggjafarþingi. Annars vegar er það sett í hendur ráðherra að ákveða hver sé skipaður formaður sóttvarnaráðs og er það í samræmi við 1. útgáfu frv. Hins vegar er betur tryggð réttarstaða smitaðs sem vill ekki gangast undir meðferð sem sóttvarnalæknir eða héraðslæknir metur nauðsynlega. Þessi síðarnefnda breyting á frv. er gerð að fengnum ábendingum dóms- og kirkjumrn. um annmarka þessa fyrirkomulags sem var á eldri frumvarpsgerðinni.

Með frv. þessu er gerð tillaga um rammalöggjöf þar

sem sameinuð eru í ein lög ákvæði um farsóttavarnir, sóttvarnir og varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum. Hér er fylgt fordæmi annarra nágrannaþjóða okkar, svo sem Norðurlanda og Bretlands. Verði frv. að lögum mun það hafa í för með sér umtalsverða lagahreinsun þar sem gert er ráð fyrir að a.m.k. sjö lög falli úr gildi við setningu laganna. Tvenn lög um holdsveiki sem eldri frumvörp gerðu ráð fyrir að felld yrði úr gildi voru felld úr gildi með sérstökum lagahreinsunarlögum sem Alþingi samþykkti ekki alls fyrir löngu.

Frv. til sóttvarnalaga skiptist í fimm kafla. Í I. kafla eru skilgreiningar. Í 2. gr. er skilgreint hvað er átt við með smitsjúkdómi en það er sjúkdómur eða smitun sem örverur, eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýr valda. Í 1. gr. er fjallað um sóttvarnir sem annars vegar skiptist í almennar sóttvarnir, sem ávallt skal beita, og hins vegar opinberar sóttvarnir sem grípa skal til vegna hættulegra smitsjúkdóma. Samkvæmt frv. er nýjum sóttvarnalögum ætlað að ná til smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og annarra almennra næmra sótta. Með reglugerð skal ákveða hvað smitsjúkdómar eru skráningarskyldir. Síðan er gert ráð fyrir að tilkynningarskyldir skuli þeir skráningarskyldu smitsjúkdómar sem geta ógnað almannaheill. Ráðherra ákveður að fengnum tillögum sóttvarnaráðs hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir.

Með frv. er fskj. með flokkum smitsjúkdóma eftir meginsmitleiðum. Þar eru smitsjúkdómar flokkaðir annars vegar sem skráningarskyldir samkvæmt reglugerð og hins vegar sem tilkynningarskyldir. Fylgiskjalið gefur því vísbendingar um efni þeirrar reglugerðar sem ráðherra var heimilt að setja skv. 3. gr. frv. Skrá yfir skráningarskylda smitsjúkdóma verður með þeim hætti að persónueinkenna sjúklinga verður ekki getið en skrá yfir tilkynningarskylda smitsjúkdóma verður einstaklingsbundin.

Í II. kafla frv. er fjallað um yfirstjórn sóttvarna. Gert er ráð fyrir að ábyrgð á sóttvörnum verði áfram hjá embætti landlæknis. Samkvæmt gildandi lögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar hver í sínu héraði og auk þess skulu sóttvarnanefndir starfa í öllum kaupstöðum og er tollstjóri á hverjum stað formaður. Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir eðlilegt að leggja sóttvarnanefndir niður. Á hinn bóginn þykir nauðsynlegt að hjá embætti landlæknis verði ráðinn til starfa sérstakur læknir, sóttvarnalæknir, sem hefur sem aðalstarf að vinna að sóttvarnamálum. Þetta er talið nauðsynlegt til að tryggja eðlilegt samræmi í sóttvörnum um landið allt. En að sjálfsögðu bera héraðslæknar eftir sem áður ábyrgð á sóttvörnum hver í sínu héraði undir yfirstjórn sóttvarnalæknis og heilsugæslulæknar og aðrir læknar eftir því sem við á.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að sérstakt sóttvarnaráð verði sett á laggirnar til að móta stefnu í málum sóttvarna og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Í III. kafla fjallað um almennar sóttvarnaráðstafanir og eru ákvæði þar að mestu í samræmi við gildandi löggjöf.

Í IV. kafla er fjallað um opinberar sóttvarnaráðstafanir og viðbrögð við yfirvofandi farsóttum. Opinberar sóttvarnaráðstafanir eru t.d. ónæmisaðgerðir, einangrun smitaðra, sótthreinsun, afkvíun byggðarlaga eða landsins alls, lokun skóla eða samkomubann. Skal ráðherra ákveða til hvaða aðgerða er gripið að tillögum sóttvarnaráðs. Í 14. og 15. gr. frv. er nánar fjallað um aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits hjá einstaklingum og er þar einkum fjallað um aðgerðir þegar smitaðir samþykkja ekki að fylgja reglum um umgengni. Í þeim tilfellum er heimilt gegn vilja smitaðs að einangra hlutaðeiganda. Í þeim tilfellum skal bera ákvörðunina skriflega undir dómstólinn innan tveggja sólarhringa. Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða hún falli niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn en ef sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Með þessum ákvæðum er réttarstaða smitaðs tryggð mun betur en samkvæmt gildandi lagaákvæðum.

Í V. kafla frv. er ákvæði um göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, aðstöðu vegna einangrunar hugsanlegs smitbera og ábyrgð á greiningu örvera eða sníkjudýra, sbr. 16. gr. Er jafnframt í 17. gr. kveðið á um kostnað vegna sóttvarna og skal hann greiðast eins og annar sjúkra- og lækniskostnaður og greiðsluhluti sjúklinga fylgja almennum reglum um það efni. Heimilt er þó að undanskilja greiðsluhlutdeild sjúklinga sem boðaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitberum.

Vegna umsagnar fjárlagaskrifstofu fjmrn. tek ég fram að það er ekki tekið tillit til þess að vísir að göngudeildum eins og frv. gerir ráð fyrir er þegar fyrir hendi. Sömuleiðis munu ýmis sérgreind embætta lækna leggjast niður. Við kostnaðarmat er ekki tekið tillit til þess. Ég tel því mat fjárlagaskrifstofu fjmrn. vegna frv. sé allnokkuð of hátt.

Hæstv. forseti. Ég hef nú í nokkuð ítarlegu máli fjallað um frv. til sóttvarnalaga. Ég tel að hér hafi vel tiltekist um að endurskoða einfalda löggjöf um smitsjúkdóma og sóttvarnir og flestir eru sammála um að löngu er tímabært að gera breytingar á lagaákvæðum okkar í samræmi við breytta tíma. Nýleg reynsla í Afríku vegna svonefndrar ebóla-veiru hefur sýnt okkur að ætíð þarf að vera vel á verði vegna smitsjúkdóma og viðbragða við þeim. Það er von mín að þetta frv. fái jákvæðar undirtektir á Alþingi og að það fái afgreiðslu nægilega fljótt til þess að það geti gengið í gildi eins og gert er ráð fyrir í ársbyrjun 1996.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði afgreitt til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

***Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, 1. umr.***

Frv. JóhS o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

[15:14]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka en flm. þessa frv. eru allir þingmenn Þjóðvaka. Í frv. er farin sú leið að setja lagaramma um starfsemi allra stjórnmálaflokka en til stjórnmálasamtaka samkvæmt frv. teljast þau samtök einstaklinga og félaga sem bjóða fram til Alþingis og sveitarstjórna.

Markmið þessa frv. er að setja almennan lagaramma um starfsemi stjórnmálasamtaka og ekki síst að gera fjármál stjórnmálaflokka opin og sýnileg enda er öll leynd í kringum fjármál stjórnmálaflokka einungis til þess fallin að auka á tortryggni almennings í garð stjórnmálasamtaka. Með lagafrv. þessu er ætlunin að setja stjórnmálamönnum reglur í starfi sínu innan flokkanna sem og að gera starfsemi stjórnmálasamtakanna sýnilegri en áður hefur verið.

Um langan tíma hefur verið umræða um það bæði innan þings og utan að nauðsyn bæri til þess að setja slík lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka en það hefur ekkert orðið úr slíkri lagasetningu. Má geta þess að málinu var formlega hreyft á Alþingi á árinu 1975 en þá lagði Benedikt Gröndal fram frumvarp til laga um stjórnmálaflokka sem náði ekki fram að ganga. Í frv. var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka, svo og reglur um fjárframlög til þeirra. Frv. náði aðeins til stjórnmálaflokka, sem bjóða fram til Alþingis, en ekki til þeirra sem einungis bjóða fram til sveitarstjórna.

Enda þótt nokkur atriði frv., sem hér er mælt fyrir, séu áþekk því frv. er þetta frv. þó í veigamiklum atriðum frábrugðið frv. sem flutt var fyrir 20 árum nær það ekki einungis til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram til Alþingis heldur einnig þeirra sem bjóða fram til sveitarstjórna. Það kveður á um hámark styrkja sem stjórnmálasamtök mega þiggja af einstaklingum eða fyrirtækjum án nafnabirtinga. Einnig er kveðið á um ákveðinn rétt stjórnmálasamtaka sem bjóða fram til kosninga en ná ekki fulltrúum á þing eða til sveitarstjórna svo og að stjórnmálasamtök skuli setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega svo nokkur atriði séu nefnd.

Minna má einnig á að fyrir þremur árum settu átta háskólakennarar fram áskorun til stjórnmálaflokkanna um að þeir opinberi fjárreiður sínar og settar verði reglur um fjárreiður þeirra. Sú áskorun hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir kennarar í hagfræði og stjórnmálafræði við Háskóla Íslands beinum þeirri áskorun til formanna stjórnmálaflokkanna að þeir geri grein fyrir því fé sem flokkarnir hafa tekið við undanfarin sjö ár, þar á meðal fjárframlögum í kosningasjóði flokkanna fyrir alþingiskosningarnar 1987 og 1991 og sömuleiðis fyrir sveitarstjórnarkosningar á sama tímabili. Þeir hlutist síðan til um að t.d. Ríkisendurskoðun ásamt óháðum endurskoðendum utan stjórnkerfisins verði falið að kanna hvort fjárframlög til flokkanna bendi til óeðlilegra fjárhags- og hagsmunatengsla að einhverju leyti og þeir beiti sér loks fyrir því að setja skýrar reglur eða lög um fjárframlög til flokkanna til samræmis við lög og reglur í öðrum löndum með niðurstöður Ríkisendurskoðunar að leiðarljósi."

Einnig má benda á að sama ár og háskólakennarar settu fram áskorun sína lagði Kvennalistinn fram till. til þál. um að skipuð yrði níu manna nefnd til þess að undirbúa löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka og jafnframt yrði nefndinni falið að leggja mat á það hvort nauðsyn beri til að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti. Tillagan var ekki formlega afgreidd en forsrh. gaf fyrirheit um stofnun nefndar til að fjalla um og undirbúa frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast. En samkvæmt upplýsingum úr forsrn. nú varð nefndin aldrei að veruleika þar sem sú ástæða er gefin að tilnefningar frá stjórnmálaflokkunum hafi borist bæði seint og illa og því var ákveðið eins og þar var orðað að finna þessu máli annan farveg.

Þetta eru þær upplýsingar sem við höfum fengið úr forsrn. varðandi málið en á þessu virðist þó vera að verða einhver breyting vegna þess að í dag var haft samband við mig úr forsrn. og óskað eftir því að þingflokkur Þjóðvaka mundi skipa fulltrúa í nefnd sem væri falið að skoða þetta mál en fyrri nefnd fékk aldrei neitt skipunarbréf í þessu sambandi og nefndin tók aldrei til starfa.

Áskorun háskólakennara um að settar verði skýrar reglur eða lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna er auðvitað í samræmi við þá umræðu og þróun sem átt hefur sér stað í hinum vestræna heimi sl. ár. Í Bandaríkjunum, Kanada, Írlandi og víðar hafa verið sett lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna en þar er sett þak á heildarkostnað í kosningabaráttunni. Með öðrum orðum er bannað að leggja ótakmarkað fé til kosningabaráttunnar. Slíkt bann rennir frekar stoðum undir það að árangur stjórnmálaflokka ráðist ekki alfarið af fjárhagslegum styrk þeirra og að staða þeirra að því er þennan þátt varðar í kosningabaráttunni verði sem jöfnust.

Ofangreindar þjóðir hafa ekki látið sér nægja að smíða ramma um fjárreiður stjórnmálaflokka heldur hafa sjónir manna beinst mjög að starfsemi stjórnmálamanna, embættismanna og stjórnsýslunnar í heild. Víða í Bandaríkjunum eru í gildi siðareglur sem taka til stjórnmálamanna og starfsemi stjórnmálaflokka almennt og í framhaldi af þeim umræðum sem farið hafa fram hér í þingsölum í síðustu viku er fróðlegt að geta þess að á Írlandi kom fram sú tillaga í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar árið 1992 að þingmenn legðu í upphafi þings fram lista yfir öll störf sín og þátttöku í nefndum utan þings. Þegar þingið fjallaði síðan um málaflokka sem sköruðust við starf eða hagsmuni viðkomandi þingmanns viki hann sjálfkrafa sæti.

Í Kanada eru í gildi svipaðar reglur. Ekki er sérstaklega haft eftirlit með því að þingmenn gefi upp

störf sín þar en komi hins vegar í ljós að tiltekinn þingmaður hafi brotið gegn reglunni á sá hinn sami það á hættu að missa þingsæti sitt.

Eins og fram kemur í grg. með frv. hafa alls staðar á Norðurlöndum nema í Noregi verið lögfestar reglur um fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Í Svíþjóð voru lögfestar reglur um ríkisframlög til stjórnmálaflokkanna árið 1972. Þar eru ríkisframlög bundin við þá stjórnmálaflokka sem bjóða fram til Alþingis.

Árið 1976 voru samþykkt lög í Danmörku um fjárframlög frá ríkinu til stjórnmálaflokka, bæði í tengslum við lands- og sveitarstjórnarframboð.

Engin framangreindra laga taka til starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti.

Í Finnlandi hafa verið lögfest ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka en það var árið 1969, svo og fjárframlög til þeirra sem bjóða fram til þings.

Virðulegi forseti. Margt og mikið hefur verið rætt og ritað um vönduð vinnubrögð í stjórnmálum og stjórnsýslu. Hér á landi er vert að benda á tvo fræðimenn sem hafa öðrum fremur látið til sín taka á þessu sviði en þeir hafa báðir gefið út bækur þar sem rannsóknir þeirra á íslenskum stjórnmálaflokkum, skipulagi og vinnubrögðum í íslenskri stjórnsýslu eru birtar. Athyglisvert er að greining þeirra á hinum íslenska raunveruleika fer víða saman. Báðir komast að þeirri niðurstöðu að ekki gæti nægilega vandaðra vinnubragða í stjórnsýslu á Íslandi og að stefnumótun hins opinbera sé oft ábótavant. Þeir telja báðir að íslensk stjórnmál einkennist fremur af geðþótta og frjálsu mati handhafa hins opinbera valds en fastmótuðum skýrum reglum sem allir þekkja. Þeir telja að skýringanna megi leita til uppruna íslenska flokkakerfisins en Svanur Kristjánsson kemst svo að orði í bók sinni Frá flokksræði til persónu stjórnmála, þar sem hann talar um uppruna núverandi stjórnmálaflokka en þar segir, með leyfi forseta:

„Á Vesturlöndum hafa tvenns konar sögulegar kringumstæður komið í veg fyrir að nýir stjórnmálaflokkar hefðu möguleika á að verða fyrirgreiðsluflokkar, annars vegar sterkt regluveldi í opinberum stofnunum og hins vegar einveldi konungs. Þegar fjórflokkakerfið myndaðist á Íslandi voru þessar kringumstæður ekki fyrir hendi og sömuleiðis ekki í Bandaríkjunum þegar núv. flokkar voru stofnaðir. Meginflokkar landanna tveggja þróuðust þar af leiðandi sem fyrirgreiðsluflokkar, byggðu á því að geta deilt út gæðum fremur en að skírskota til sameiginlegra stefnumála og sameiginlegra hagsmuna."

Gunnar Helgi Kristinsson kemst að svipaðri niðurstöðu þó útgangspunkturinn sé hinn sami og hinn og segir í bók sinni Embættismenn og stjórnmálamenn, með leyfi forseta:

„Viss ósamræmis gætir milli þeirra vinnubragða sem hafa tíðkast innan íslenska stjórnkerfisins og siðferðisvitundar þjóðarinnar. Í menningu Íslendinga sýnist heiðarleiki mikils metinn. Í opinberu lífi tíðkast hins vegar ýmislegt sem fellur undir spillingu í flokkunarkerfi Heidenheimers. Skýringanna á þessu ósamræmi er sennilega ekki að leita í því að stjórnmálamenn og embættismenn hafi veikari siðferðisgrunn en aðrir landsmenn. A.m.k. bendir ekkert til þess. Ráðamenn hér á landi eru tiltölulega nátengdir samfélaginu og þótt sumir þeirra kunni að hafa tamið sér ýmsa ósiði í umgengni sinni við valdið virðist ólíklegt að meðal ráðamanna ríki í grundvallaratriðum annars konar gildismat en meðal alþýðufólks."

Ég held að óhætt sé að segja að vaxandi skilningur sé á því á hv. Alþingi að nauðsynlegt sé að ná samstöðu um það að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokkanna og er markmiðið með framlagningu þessa frv. að reynt verði sem mest og best að hraða því máli.

I. kafli frv. fjallar að meginstefnu til um starfsemi stjórnmálaflokka og er þar gert ráð fyrir í 7. gr. að stjórnmálasamtök setji sér reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna. Hér er verið að höfða til almennra siðareglna en bent er á að skýrar og tæmandi reglur séu stjórnmálamönnum og öðrum til leiðbeiningar.

II. kaflinn fjallar hins vegar um fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Virðulegi forseti. Ég vil fara í helstu efnisatriði frv.

Í 1. gr. frv. er sett fram skilgreining á stjórnmálasamtökum til að afmarka hvaða samtök falla undir frv. en skilyrði fyrir því að samtök geti talist falla undir hugtakið stjórnmálasamtök eru annars vegar að þau bjóði fram fulltrúa við kosningu til sveitarstjórna eða Alþingis og hins vegar að þau séu skráð sem stjórnmálasamtök hjá dómsmrn.

Í 2. gr. segir, með leyfi forseta: „Við skráningu stjórnmálasamtaka hjá dómsmálaráðuneyti skal leggja fram lög samtakanna og stefnuskrá. Stjórnmálasamtök skulu birta opinberlega lög sín, stefnuskrár og stefnumarkandi samþykktir."

Með því að skylda stjórnmálasamtök til að leggja fram í dómsmrn. lög samtakanna og stefnuskrá þá skapast meiri festa og aðhald að starfsemi stjórnmálasamtakanna í landinu.

Í 3. gr. og 4. gr. er kveðið á um að stjórnmálasamtök skulu opin öllum landsmönnum sem náð hafa 16 ára aldri og að stjórnmálasamtök skuli gæta jafnræðis milli félagsmanna sinna í starfi sínu og skipulagi.

Ég tók eftir því, virðulegi forseti, að þegar frv. þetta var kynnt í einum fjölmiðlinum var sérstaklega tekið til þessarar greinar og túlkað á þann veg að með þeim væri verið að setja ákvæði sem gengi gegn reglum eða hefðum innan Kvennalistans. Ég vil taka skýrt fram að það er alls ekki enda er það svo eins og leiðrétt var af Kvennalistanum að þau stjórnmálasamtök eru öllum landsmönnum opin enda þótt önnur regla sé viðhöfð varðandi framboð.

Eins og áður sagði þá er í 7. gr. getið um að stjórnmálasamtök skuli setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að landsmönnum öllum séu ljós vinnubrögð sem tíðkast innan stjórnmálaflokkanna sem geta verið mismunandi. Svo dæmi sé tekið, hvort sú regla gildi innan stjórnmálasamtaka að þingmenn sitji í stjórnum eða bankaráðum eða sjóðstjórnum sem hafa

með á hendi úthlutun á fjármagni eða sjóðstjórnum sem hafa á hendi úthlutun á fjármagni. Það virðist vera svo í vaxandi mæli að stjórnmálaflokkar eru að hverfa frá því að þingmenn þeirra sitji í slíkum stjórnum, ráðum og nefndum utan þings og ég tel eðlilegt að stjórnmálaflokkar birti opinberlega hvaða reglur þeir viðhafa t.d. gagnvart slíku atriði.

Í 8. gr. er kveðið á um að stjórnmálasamtökum sé óheimilt að skrá niður upplýsingar á kjörstað. Það er svo að hin síðari ár hafa stjórnmálaflokkar almennt horfið frá því að vera með fulltrúa sína á kjörstað til að skrá niður hverjir komi á kjörstað til að kjósa. Eins og allir vita eru slíkar upplýsingar notaðar til að ýta á eftir þeim flokksbundnu aðilum sem hafa ekki kosið en hér er kveðið á um það að rétturinn til að ákveða hvort menn vilja kjósa eða ekki á ekki að vera minni en réttur til að ákveða hvaða flokkur er kosinn og því er það andstætt þeirri hugsun sem lýðræðið grundvallast á að stjórnmálasamtök viðhafi slíkar persónunjósnir á kjörstað.

Í 9. gr. er kveðið á um að stjórnmálasamtök séu bókhaldsskyld samkvæmt ákvæðum laga um bókhald og þeim ber einnig að skila skattframtali. Stjórnmálasamtök eru nú bókhaldsskyld samkvæmt bókhaldslögum en þau hafa verið samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt undanþegin framtals- og skattskyldu. Við álítum að eftirlit skattyfirvalda með stjórnmálaflokkunum sé því mjög lítið og ákvæði um framtalsskyldu er sett fram til þess að tryggja nauðsynlegt aðhald. Árlega skulu reikningar stjórnmálasamtaka endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á landsfundi, sem er yfirleitt alls staðar, eða öðrum sambærilegum vettvangi stjórnmálasamtaka. Það sem er nýtt í þessu er að ársreikningar stjórnmálasamtaka sem hljóta framlög skv. 11. gr. sem kveðið er á um í þessu frv. skulu jafnframt endurskoðuð af Ríkisendurskoðun. Ég tel að það sé mjög mikilvægt atriði. Ég tel að stjórnmálaflokkarnir sem þiggja umtalsverða fjármuni úr ríkissjóði í formi ríkisframlaga til útgáfustarfsemi og fleiri þátta hafi ákveðnar skyldur í þessu efni, bæði að birta fjárreiður sínar opinberlega og þeir séu settir undir það að Ríkisendurskoðun endurskoði ársreikninga þeirra.

Í 10. gr. er ákvæði sem kveður á um að stjórnmálasamtökum sé heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, þó þannig að fari framlag yfir 300.000 á hverju reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga. Með þessu ákvæði er reynt að stemma stigu við óeðlilegum hagsmunatengslum stjórnmálaflokka við einstaklinga eða fyrirtæki. Þetta er þekkt víða að slík ákvæði eru sett og t.d. í Bandaríkjunum er miðað við mjög lága fjárhæð. Ef einstaklingar eða fyrirtæki gefa nokkra dollara þarf að birta nafn styrktaraðila opinberlega. En ég held að ekki sé óeðlilegt að gerð sé krafa um opinbera birtingu á nöfnum þeirra einstakinga eða fyrirtækja sem veita stjórnmálasamtökum háa styrki. Auðvitað getur verið álitamál við hvaða tölu á að miða. Hún gæti hugsanlega átt að vera lægri en hér er nefnt og við erum vissulega opin fyrir því að skoða það. Hins vegar gæti líka komið til greina sem við veltum fyrir okkur að setja almennt þak á að það væri ekki heimilt að þiggja hærra en ákveðna upphæð frá einstökum aðila en hér er farin sú leið að það er heimilt að hafa slíka styrki hærri en þá verði að birta nöfn viðkomandi aðila opinberlega.

Ég held að með einhverjum hætti verði að taka á þessu máli og erum við vissulega opin fyrir að skoða allar leiðir sem samstaða getur náðst um í þessu efni.

Með fjárhagslegum stuðningi er átt við gjafafé eða annars konar styrkveitingu sem hægt er að meta til fjár. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi. Ég held að þetta sé mikilvægt og sé til þess fallið að eyða tortryggni ef einhver er hjá fólkinu í landinu til hugsanlegra hárra fjárframlaga sem stjórnmálaflokkar þiggja af einstaklingum, félagasamtökum eða fyrirtækjum til starfsemi sinnar.

Í 11. gr. er kveðið á um rétt til þess að þiggja framlög úr ríkissjóði til stjórnmálasamtaka og það verði lögbundið en þannig verði framlög til stjórnmálaflokka sérstakur liður á fjárlögum sem þau eru reyndar nú. Slíkt framlag skal í engu skerða rétt þeirra flokka sem eiga sæti á Alþingi samkvæmt gildandi lögum um sérfræðiaðstoð við þingflokka. Það er einnig nýmæli í þessu að stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til þings eða sveitarstjórna og hafa náð a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í síðustu kosningum á landsvísu án þess að hafi náðst þingsæti, eigi rétt á framlagi í eitt ár sem svarar til eins þingsætis. Það kann að þykja sérkennilegt að þarna sé opnað fyrir það að stjórnmálasamtök sem hljóta ákveðinn hluta, sem miðað er við af greiddum atkvæðum, en fái ekki fulltrúa kjörinn á þing eigi rétt í ákveðinn tíma til framlaga úr ríkissjóði. Ég tel að þetta sé ekki óeðlilegt, þetta sé partur af lýðræði okkar að nýir flokkar geti boðið fram og þá geti það verið með þeim hætti að það þurfi að einhverju leyti, sem þeir náttúrlega vissulega gera ekki að öllu leyti, staðið að einhverju leyti jafnfætis þeim flokkum sem hafa boðið fram áður og hafa þegið fjárframlög frá ríkissjóði. Þetta er að finna víða erlendis, m.a. á Norðurlöndum að slík ákvæði tíðkast og teljum við rétt að það sé sérstaklega skoðað af hv. Alþingi hvort ekki sé rétt að lögfesta líka slíka leið hér.

Um 12.–14. gr. er lítið að segja. Hér er um að ræða að ákvæði laga um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, nr. 56/1971, eru tekin óbreytt í frv. þar sem það þykir eðlilegra að hafa öll ákvæði sem snúa að stjórnmálasamtökum á einum stað.

Í 16. gr. er kveðið á um að brot á ákvæðum laga þessara geti sætt sviptingu fjárframlaga, svo og þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum þar sem það á við. Þykir rétt þó það sé ekki nefnt og það getur vel verið að það þurfi þá að kveða skýrar á um það en í 15. gr. er kveðið á um að dómsmrh. skipi sérstaka þriggja manna nefnd sem hefur það verkefni að skera úr ágreiningi sem rís vegna laga þessara, að nefndinni væri falið að kveða upp úrskurð varðandi brot á ákvæðum þessara laga.

Í lokin, virðulegi forseti, eru tvö ákvæði til bráða-

birgða. Eins og nú er eru þar engar samræmdar reglur sem gilda í dag um afslætti og ýmiss konar ókeypis þjónustu sem flokkunum er látin í té í tengslum við kosningar, svo sem frá Hagstofu Íslands eða undirstofnun ráðuneyta. T.d. hafa flokkarnir iðulega fengið afslátt af gjaldskrá Pósts og síma en þó hefur þurft að sækja um það í hvert tiltekið skipti og ekki er ljóst hvort það sama á við um alla í því efni. Við teljum því eðlilegt að settar verði skýrar og samræmdar reglur um þetta sem flokkarnir geti gengið að sem vísum.

Síðan er í ákvæði til bráðabirgða lagt til að dómsmrh. skuli í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga undirbúa löggjöf sem tryggir framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum til starfsemi þeirra og skal undirbúningi lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara. Við töldum rétt að hafa þennan háttinn á. Það er víða svo að stjórnmálasamtök sem eingöngu bjóða fram til sveitarstjórna hafi rétt til opinbers stuðnings. Við teljum rétt að reynt verði að leita samstöðu við sveitarfélögin og Samband sveitarfélaga um að það komi til þeirra kasta í þessu efni að leggja fram styrki til starfsemi úr sveitarsjóði til þeirra flokka sem bjóða fram til sveitarstjórna og er þetta þekkt annars staðar eins og í Danmörku. Þar fá sveitarstjórnir styrki til starfsemi sinnar úr sveitarsjóði.

Ég hef, virðulegi forseti, farið yfir þetta frv. sem hér er lagt fram í mjög stuttu máli. Ég geri mér grein fyrir að hér er um viðamikið mál að ræða sem ég trúi að flestir þingmenn hafi skoðun á. Í nýafstaðinni kosningabaráttu gaf Þjóðvaki fyrirheit um að komið yrði á reglum í stjórnmála- og viðskiptalífi og m.a. með löggjöf um starfsemi stjórnmálasamtaka. Með þessu frv. erum við að fylgja því fyrirheiti eftir sem við gáfum í kosningabaráttunni að slíkt frv. yrði lagt fram. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að hér getur verið um ýmis álitamál að ræða sem skiptar skoðanir geta verið um og vil ég ítreka það í lokin að við erum vissulega opin fyrir því að skoða breytingar í þessu sambandi en leggjum mikla áherslu á það að þetta mál nái fram að ganga og það fái umfjöllun í nefnd þó stutt lifi af þessu þingi.

Í lokin, virðulegi forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:42]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég fagna framkomu þessa frv. og mér finnst lofsvert að þessu máli sé hreyft hér. Það hefur svo sem oft komið til umræðu og skoðunar á undanförnum árum að þörf væri á að setja um þetta reglur en lítið gerst. Þó er rétt að minna á að á síðasta kjörtímabili var gert samkomulag um tilteknar breytingar á skattalegri meðferð framlaga til stjórnmálaflokka. Í tengslum við það var stuðningur við stjórnmálaflokkana, stuðningur til útgáfustarfsemi á vegum stjórnmálaflokkanna lítillega hækkaður og í þriðja lagi og ekki síst var gert samkomulag um að forsrh. mundi setja á laggirnar stjórnskipaða nefnd til að fara í þetta verkefni, þ.e. að semja reglur, eftir atvikum löggjöf, um starfsemi stjórnmálaflokka. Ég átti aðild að því samkomulagi fyrir hönd míns flokks og sem nefndarmaður í efh.- og viðskn. og ég verð að segja alveg eins og er að ég var í þeirri einlægu trú og batt við það vonir að þessu fylgdi alvara og menn mundu einhenda sér í þá vinnu að setja þarna reglur og lög. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forseta hvar hæstv. forsrh. er. Ég teldi fullkomlega tilefni til að óska eftir því að hæstv. forsrh. væri viðstaddur umræðuna. Almennt séð er það eðlilegt og heppilegt að hann sé hér við en til viðbótar kemur að hann á vissa aðild að málinu og nú er spurning, hvort virðulegur forseti vor getur ekki vippað sér í það að kanna hvar hæstv. forsrh. er.

(**Forseti** (GÁ): Hæstv. forsrh. er fjarverandi en forseti hefur heyrt orð hv. þm. og mun gera ráðstafanir til þess að kanna það.)

Ég þakka hæstv. forseta og ef forsrh. næði til fundar áður en ég lýk máli mínu mundi ég gjarnan vilja beina aðeins orðum til hans út af nefndarstarfinu og segja það þá í leiðinni að auðvitað liggur það í hlutarins eðli. Með því er ég ekki að kasta neinni rýrð á flutning þessa frv. en það liggur auðvitað í hlutarins eðli að þetta er verkefni af því tagi sem verður að reyna að ná víðtæku, pólitísku samkomulagi um. Hér mun væntanlega engin lagasetning líta dagsins ljós nema hún sé í góðri sátt, ekki bara við knappan meiri hluta á þingi heldur helst við alla þingflokka því að þetta er eðli málsins samkvæmt hlutur sem ekki er heppilegt að menn standi í miklum ágreiningi um. Við erum einfaldlega að fjalla um hluti nátengda sjálfri undirstöðu lýðræðisins í landinu, starfsemi stjórnmálahreyfinga, og það gengur helst ekki að menn séu í miklum ágreiningi um slíkar grundvallarleikreglur. Það má því segja um þetta eins og kannski helst hliðstætt kosningalöggjöf og breytingar á stjórnarskrá og annað því um líkt að mönnum ber mjög rík skylda til að ná mjög víðtæku samkomulagi um leikreglur af þessu tagi. En það breytir ekki hinu að það er ágætt að fá hér sýnishorn af því hvernig svona reglur gætu litið út og lofsvert að við þessu sé hreyft.

Ræðumaður hefur oft á undanförnum árum hugsað sér að gera atrennur að því að setja eitthvað á blað og reyndar gert það en minna orðið úr en skyldi að koma því fram í dagsljósið. Ég á nokkurt bókasafn um tilhögun þessara mála í ýmsum nálægum löndum, m.a. ágæta úttekt á fjármögnun stjórnmálaflokka í Vestur-Evrópu sem að vísu er í höndum mínum á þýskri tungu og auðveldar mér nú ekki viðureignina. Einnig hef ég undir höndum nýtt frv. um breytingar á takmörkunum, sem sagt eyðslu í kosningabaráttu til Bandaríkjaþings sem þar var lagt fram á síðasta þingi og er allmikill pappír eins og sjá má og sýnir að þar í landi þykir mönnum ástæða til að hafa reglur um þetta nokkuð ítarlegar.

Í fskj. með frv. birtar upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað annars staðar á Norðurlöndum. Það hef ég sömuleiðis kynnt mér. Þar er að nokkru leyti ágæt fordæmi að hafa, til að mynda í Finnlandi þar sem menn hafa sett nokkuð ítarlega löggjöf. Hins vegar varðandi fjárveitingar til stjórnmálaflokka held ég að gjarnan megi skoða fyrirkomulagið eins og það er í Danmörku.

Ég ætla þess vegna á þessu stigi málsins ekki að orðlengja um þetta að öðru leyti en því að koma að nokkrum hugleiðingum eða ábendingum í sambandi við efni málsins og þá meira því sem mér finnst þar vanta eða vera áfátt en að ég sé í veigamiklum atriðum ósammála þeim hugmyndum sem eru settar fram. Ég hef gjarnan séð fyrir mér að þetta yrði jafnvel mótsagnakennt, sem það kann að hljóma, en enn ítarlegri löggjöf þegar hún kæmist á laggirnar vegna þess að að mínu mati er sannarlega þörf á að setja reglur um þetta sem a.m.k. yrðu að hluta til lögbundnar en að einhverju leyti mundu helgast af framkvæmd eða hefð í sambandi við fjárveitingar til stjórnmálaflokka og hvernig starfsskilyrðum þeirra yrði búið í landinu.

Ég geng auðvitað út frá því í umfjöllun minni um málið að menn hafi skilning á nauðsyn þess að efla starfsemi stjórnmálahreyfinga í landinu sem hornsteina í lýðræðiskerfi okkar. Það er svo að gjarnan er fjallað — ég segi nú ekki með forakt en a.m.k. lítilli virðingu og litlum hlýleika um stjórnmálasamtök yfirleitt. Það er miður því að menn verða auðvitað að átta sig á því að í því fulltrúalýðræðisfyrirkomulagi sem við búum við, þingræðiskerfi, leika stjórnmálaflokkarnir mjög þýðingarmikið hlutverk, þeir eru hornsteinar lýðræðisins. Þar binst fólk samtökum til þess að hafa áhrif á stjórnmálin, hafa áhrif á þróun þjóðmála, og þess vegna er afar mikilvægt að það sem þar fer fram nái tilgangi sínum en það er líka mjög mikilvægt að almenningur í landinu sé virkur þátttakandi. Það má auðvitað ekki gerast að þessar stoðir undirstöðu lýðræðisins fúni, þær verði að einhverjum fámennum klíkum eða valdahópum, úr litlum tengslum við fjöldann allan í þjóðfélaginu. Það að stjórnmálaflokkunum sé gert kleift að starfa eðlilega við nútímaaðstæður er auðvitað stór og veigamikill hluti af þessu. Þar á ég ekki síst við fjárhagslegan grundvöll þeirrar starfsemi. Það verður að horfa á það eins og það er að það eru allt aðrir tímar uppi gagnvart því að starfrækja félagsmálahreyfingar eða þjóðmálahreyfingar eins og stjórnmálaflokkarnir eru en voru kannski fyrir áratugum. Slík starfsemi er ekki lengur o? verður ekki lengur byggð á áhugamennsku og sjálfboðaliðaframlögum eins og áður var. Það er einfaldlega veruleikinn sem menn horfast í augu við, jafnt í ungmenna- og íþróttafélögum, áhugamannafélögum af ýmsu tagi og stjórnmálaflokkum. Þar byggja menn meira á launuðum starfskröftum og þurfa að greiða fyrir hluti og þjónustu sem áður var gjarnan látin í té ókeypis eða í sjálfboðamennsku. Menn geta sagt að þetta sé afturför og hið versta mál en það er svona og menn verða að horfast í augu við það. Ef stjórnmálaflokkarnir eiga að ná að halda úti eðlilegri starfsemi í ljósi þessara aðstæðna og miðað við tíðarandann eins og hann er verða þeir auðvitað að geta gert það eins og aðrar slíkar hreyfingar í þjóðfélaginu sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna.

Þess vegna er ég eindregið þeirrar skoðunar að við eigum að ræða þetta út frá því að við ætlum ekki með þessu einhliða að þrengja kosti eða setja einhverjar hömlur á starfsemi flokkanna heldur gagngert öfugt. Við viljum gera þeim kleift að starfa og sinna því veigamiklu hlutverki sem þeir eiga að fara með. Þess vegna er það kannski eitt af því fáa sem ég er ekki alveg sáttur við í grg. frv. þar sem mér finnst á köflum anda pínulítið köldu til stjórnmálaflokkanna sem fyrirbæra. Mér finnst líka óþarfi að blanda saman eins og ert er til að mynda efst á bls. 4 í grg. stjórnmálaflokkunum annars vegar og stjórnsýslunni hins vegar og framkvæmdarvaldinu eða hvað sem menn eru þá að tala um og að sé almennt vandamál að það sé skortur á vönduðum vinnubrögðum. Menn geta vissulega rökstutt slíka fullyrðingu en í mínum huga eru þetta óskyldir hlutir sem rétt er að fjalla um alveg aðskilið. Það er annars vegar starfsemi stjórnmálaflokkanna og hins vegar opinber stjórnsýsla og vinnubrögð þar á bæ.

Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að t.d. varðandi það sem fjallað er um í 9. og 10. gr. frv. sé tvímælalaust þörf á því að setja reglur um bókhald og fjárreiður stjórnmálasamtaka með hvaða hætti það skuli meðhöndlað og gert opinbert. Varðandi 10. gr. um fjárframlög til stjórnmálasamtaka vil ég ganga þar mikið lengra en gert er í frv. Ég tel tvímælalaust þörf á því að setja „absalút" þak á einstök framlög og þau þök eigi að vera aðgreind annars vegar eftir því hvort um er að ræða einstaklinga eða lögaðila, fyrirtæki. Þannig er það víðast hvar þar sem reglur eru um þetta, til að mynda í Bandaríkjunum, í Bretlandi og fleiri löndum, þar er alveg tiltekið hámark. Það er reyndar þannig að því er gjarnan framfylgt með mjög ströngu eftirliti og með miklum viðurlögum ef út af er brugðið eins og menn þekkja. Þess eru dæmi að menn hafa misst þingsæti sín eða embætti vegna þess að komið hefur í ljós að þeir hafa brotið gegn þessum reglum.

Í öðru lagi eru víða sett þök á hámarksútgjöld vegna starfsemi af þessu tagi og spurning um hvort það eigi jafnframt að vera þannig að þetta sé innan einhvers heildarramma. Þá held ég að uppbyggingu frv. þurfi að breyta eða lögum eigi að skipa með þeim hætti að þessu leyti að gerður sé greinarmunur á annars vegar hefðbundinni starfsemi stjórnmálahreyfingar og hins vegar kosningasjóðum og uppgjöri kosningasjóða og fjárframlögum til kosningabaráttu. Ég held að það verði mjög erfitt að ná utan um þetta öðruvísi en þannig að það verði aðskilið og stjórnmálaflokkunum gert skylt að halda því algjörlega aðskildu í bókhaldi sínu. Það er annars vegar hefðbundinn rekstur ár frá ári á aðalskrifstofu flokks, útgáfustarfsemi og útbreiðslustarfsemi og félagsmálastarfsemi eða annað því um líkt sem þar er á ferðinni og hins vegar útgjöld í kosningabaráttu og kosningasjóði. Þannig er það víðast hvar erlendis að þessu tvennu verða menn að halda aðskildu. Þá er mjög víða farin sú leið að sett er þak á leyfileg heildarútgjöld í kosningabaráttunni. Ef um er að ræða einstaklinga sem bjóða sig fram til einstaklingsbundins embættis eins og þingsætis í einmenningskjördæmi eða eitthvað því um líkt er þar sérstakt þak. Ef um er að ræða flokka í fjölflokkakerfi þá er þar annað þak. Þá eru gjarnan þau viðurlög sem ég áðan nefndi að ef menn verða uppvísir að því að safna meira fé eða eyða meira fé í kosningabaráttu sinni en lög leyfa varðar það mjög ströngum viðurlögum. Staðreyndin er sú að það

verður að lokum ákaflega erfitt að ná utan um þetta nema það sé hvort tveggja, þak á einstök framlög og heildarþak. Annars er sú hætta fyrir hendi að menn geti skipt þessu upp í marga smærri skammta og skráð á nöfn og komið því fram hjá slíku eftirliti og þar muni aðstöðumunur manna birtast í gegnum mismunandi aðstöðu til að safna fjárframlögum.

Ég hefði því talið að það bæri að athuga að gera þarna á greinarmun, annars vegar hefðbundinni starfsemi stjórnmálaflokka og rekstri þeirra ár frá ári, bókhaldsskyldu og uppgjörsreglum og birtingu reikninga og svo framvegis, þar með talið framlaga sem stjórnmálahreyfingarnar fá til síns hefðbundna rekstrar eða sinnar hefðbundnu starfsemi og hins vegar sérstök lagaákvæði sem varða uppgjör á kosningaútgjöldum.

Það má líka velta því fyrir sér hvort það eigi að vera að einhverju leyti sundurgreint eftir því hvaða kosningar eiga í hlut, til Alþingis eða sveitarstjórna, eftir því hvort jafnvel um er að ræða einstaklingsbundna baráttu, til að mynda hvort að menn vilja setja reglur um prófkjör og kosningabaráttu af því tagi eða telja það falla utan ramma þessara laga. En eitthvert þak á einstakar upphæðir er að mínu mati tvímælalaust nauðsynlegt líka vegna þess að á bak við það felst kannski skýrast sú hugsun að reglurnar eru til að tryggja sjálfstæði og óhæfi stjórnmálasamtakanna frá þeim aðilum sem þó kunna að vilja sem ágætt er og styðja þá að einhverju leyti fjárhagslega. Í því sambandi er nauðsynlegt að einstakir aðilar geti ekki gefið of stórar upphæðir. Í Bandaríkjunum er búið að taka þetta mál fyrir oft á þessari öld. Fyrstu lögin voru sett þar 1925 í kjölfar mikillar umræðu sem varð á þriðja áratugnum í bandarískum stjórnmálum um vaxandi áhrif peninga. 1971 voru sett tvenn lög og á árinu 1974 og þar á eftir urðu meiri háttar breytingar á reglum um þessi efni í bandarískum stjórnmálum í kjölfar hins fræga Watergate-máls. Þá kom til að mynda í ljós að Richard Nixon hafði fengið allmyndarlegar fúlgur frá einstökum aðilum og menn veltu fyrir sér hvort t.d. 100 þúsund dollara framlag Gulf Oil Company til hans hefði haft einhver áhrif á viðhorf hans til þeirra kumpána. Frægast er samt það framlag sem Clement Stone fékk upp á 2,1 milljón Bandaríkjadala eða 150 millj. ísl. kr. í kosningasjóð sinn á sinni tíð.

Það voru upphæðir af þessu tagi, sem komu fram í dagsljósið, sem drógu athygli manna að því að auðvitað gengi ekki að einstök fjársterk fyrirtæki, jafnvel einstaklingar, auðkýfingar, gætu nánast keypt sér aðgang að stjórnmálunum í gegnum menn sem þyrftu á fjárstuðningi þeirra að halda.

Það er líka fróðlegt að vitna til umræðunnar sem nú hefur farið fram í Bretlandi á síðustu vikum um áhrif peninga í breskum stjórnmálum og í breska þinginu, að vísu undir nokkuð öðrum og jafnvel næsta hlálegum formerkjum því þar hefur komið á daginn að ýmsir þingmenn á breska þinginu virðast hafa látið borga sér fyrir að bera fram fyrirspurnir um mál sem varða hagsmuni einhverra aðila úti í þjóðfélaginu. Það hefur komið upp að ýmsir af þessum þingmenn eru reglulegir þiggjendur fjárframlaga eða greiðslna eða launa eða hvað við kjósum nú að kalla það frá hagsmunaaðilum úti í þjóðfélaginu og þess sér, að því er virðist, stað með beinum hætti í framgöngu þeirra á þjóðþinginu svo sem eins og með því að þeir leggja gjarnan fram fyrirspurnir eða beita sér í málum sem varða viðkomandi aðila. Frægast af endemum er auðvitað nýjasta upphlaupið sem varð vegna þess að þingmaður lagði fram fyrirspurn í nafni annars þingmanns þar sem honum þótti betra að gangast ekki við því sjálfur að hann væri að ganga hagsmuna gasiðnaðarins í Bretlandi.

Við skulum vona að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af slíkum hlutum á Íslandi en það minnir okkur á það að nærri okkur eru árekstrar sem geta orðið annars vegar milli stjórnmálastarfa manna og framgöngu stjórnmálaflokka og fjárframlaga sem stjórnmálastarfsemin er hins vegar auðvitað algjörlega ofurseld að fá til að geta þrifist.

Virkasta aðgerðin til að afstýra þessum árekstrum er sú að hið opinbera leggi stjórnmálasamtökum þannig stuðnings að þau geti starfað tiltölulega sjálfstætt og óháð framlögum frá öðrum aðilum og jafnræði þeirra og starfsgrundvöllur séu með slíkum aðgerðum sæmilega tryggður. Fjárframlög frá öðrum aðilum, hagsmunasamtökum, fyrirtækjum eða einstaklingum þurfi því aldrei að verða og geti helst aldrei orðið nema einhver óverulegur hluti af tekjum við komandi stjórnmálahreyfinga. Samt sem áður er engin spurning um að við þurfum að setja reglur um þessi efni og það er nauðsynlegt að menn vindi að því bráðan bug.

Hæstv. forseti. Ég hefði að lokum viljað frétta eitthvað af ferðalagi hæstv. forsrh., hvort hann er væntanlegur til fundar. En mér finnst óeðlilegt að fundinum ljúki hér sem kann nú að verða eina tækifærið sem við höfum til að skiptast á skoðunum um þetta á þessu þingi nema við eigum þess kost að fá fréttir af þessu starfi, starfi hinnar stjórnskipuðu nefndar, um fjárreiður stjórnmálaflokkanna.

**(Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill upplýsa að ekki hefur náðst til hæstv. forsrh. Hitt er ljóst að umræðunni mun ekki ljúka á þessum fundi. Allmargir þingmenn eru á mælendaskrá þannig að það mun verða annar fundur þar sem fjallað verður um þetta mál.)

Ég þakka hæstv. forseta og það er ekki við hæstv. forseta að sakast þó hæstv. forsrh. sé fjarverandi. Ég uni því prýðilega að við eigum þess kannski kost að frétta af málinu þegar umræðan heldur áfram á seinni fundi.

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Komið er að þeim tímapunkti að störf þingflokka fara fram. Umræðu um málið lýkur ekki á þessum fundi en það mun ekki verða fundur aftur síðar í dag heldur verður málið tekið upp síðar.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 16:03.

# 12. FUNDUR

fimmtudaginn 1. júní,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

*Til félagsmálaráðherra:*

1. Opinber fjölskyldustefna, fsp. BH, 8. mál, þskj. 8.

*Til utanrríkisráðherra:*

2. Frísvæði á Suðurnesjum, fsp. KPál, 9. mál, þskj. 9.

*Til sjávarútvegsráðherra:*

3. Úrelding smábáta, fsp. RG, 25. mál, þskj. 27.

**Útbýting þingskjala:**

Flutningur ríkisstofnana út á land, 33. mál, fsp. HjÁ, þskj. 37.

Mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíuborpallsins Brent Spar, 32. mál, þáltill. umhvn., þskj. 36.

Sjúkraþjálfun í heilsugæslunni, 34. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 38.

## *Opinber fjölskyldustefna.*

Fsp. BH, 8. mál. — Þskj. 8.

[10:34]

**Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):**

Virðulegi forseti. Í tilefni af ári fjölskyldunnar árið 1994 var starfandi hér á landi landsnefnd um ár fjölskyldunnar. Nefndin var skipuð árið 1991 og setti hún sér m.a. það markmið að vinna að gerð opinberrar fjölskyldustefnu. Nefndin var skipuð fulltrúum 30 félagasamtaka og skilaði hún lokaskýrslu og tillögum til félmrh. í upphafi árs 1995. Í kjölfar tillagna nefndarinnar lagði fyrrv. félmrh., Rannveig Guðmundsdóttir, fram þáltill. á Alþingi sömmu fyrir kosningar en hún fékkst ekki rædd í þinginu sökum þess hve seint hún var lögð fram. Í lokaskýrslu landsnefndarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Lagt er til að í þáltill. felist viðurkenning á fjölskyldunni sem grunneiningu íslensks samfélags og því beri stjórnvöldum á hverjum tíma að marka sér opninbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Opinber fjölskyldustefna hafi það markmið að styrkja og styðja fjölskylduna til að sinna hlutverki sínu í nútímasamfélagi og spannar innihald fjölskyldustefnu nánast öll viðfangsefni opinberrar stjórnsýslu."

Þá lagði landsnefndin til að ráðherra beitti sér fyrir fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um jafna möguleika og jafnrétti til handa konum og körlum í atvinnu, starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samþykktin tekur til vinnandi karla og kvenna sem hafa skyldum að gegna gagnvart eigin börnum og öðrum nánum vandamönnum þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama atvinnulífinu. Samþykktin tekur til allra greina atvinnulífsins og er megininntak hennar að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð að sinna atvinnu sinni án þess að verða fyrir mismunun að svo miklu leyti sem því er mögulegt án árekstra milli atvinnu þess og fjölskylduábyrgðar. Yfir 20 lönd hafa fullgilt samþykktina, þar á meðal alls staðar á Norðurlöndum fyrir utan Ísland og Danmörk.

Tillaga um þetta efni var ekki lögð fyrir Alþingi í vor og því spyr ég hæstv. félmrh.:

„1. Hyggst ráðherra fylgja eftir tillögum landsnefndar um ár fjölskyldunnar 1994 um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar ?

2. Hyggst ráðherra fylgja eftir tillögum sömu nefndar um að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð?"

[10:37]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég hef ekki tekið ákvörðun um hvort tillagan verði flutt óbreytt. Ég mun fara nákvæmlega yfir hana og hafa samráð við ýmsa aðila og m.a. nýtt Jafnréttisráð. Það kann að vera að eitthvað vanti og það kann líka að vera að einhverju sé ofaukið. En ég hef áhuga á því að flytja mál af þessu tagi og þá í því skyni að það verði að ályktun Alþingis, ekki bara leggja það fram rétt fyrir kosningar þegar vonlaust er að það nái afgreiðslu.

Ég get upplýst að mér er sérstök ánægja að flytja mál af þessu tagi því að Framsfl. hefur fortíð í málefnum fjölskyldunnar. Fyrsta tillagan um málefni fjölskyldunnar, sem flutt var á Alþingi, var flutt árið 1980. Það var tillaga um fjölskylduvernd og flutningsmenn voru þáv. hv. þm. Haraldur Ólafsson og Alexander Stefánsson. Síðan fluttu þeir ásamt Níelsi Árna Lund á þinginu 1981–1982 tillögu um stefnumörkun í fjölskyldumálum. Hvorug þessi tillaga náði afgreiðslu. Þessir brautryðjendur hafa kannski verið á undan sinni samtíð og vonandi tekst mér að framkvæma ætlunarverk þeirra þó að það sé hálfum öðrum áratug síðar.

Síðari liðurinn fjallar um fullgildingu alþjóðasamþykktar ILO nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Hvað eftir annað hefur komið til umræðu að fullgilda þessa samþykkt og nú síðast í síðustu ríkisstjórn. Þáv. hæstv. félmrh. vildi beita sér fyrir fullgildingu samþykktarinnar samkvæmt 50 ára venju en þau gögn sem ég hef í höndum sýna að þáv. hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, taldi það vera í verkahring utanrrn. að flytja málið. Mér hefur ekki unnist tími til að kanna hvort enn þá er ágreiningur við utanrrn. og fyrsta atriðið er að fá botn í það mál. Mismunandi sjónarmið hafa komið fram meðal aðila vinnumarkaðarins og ágreiningurinn er fyrst og fremst varðandi fullgildingu og framkvæmd á 8. gr. samþykktarinnar en samkvæmt henni skal aðildarríki tryggja að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar.

Miðað við aðstæður hér á landi telst fullgild trygg-

ing að mati Alþjóðavinnumálastofnunarinnar annaðhvort ákvæði í kjarasamningum eða setning laga. Ráða má af afstöðu samtaka atvinnurekenda að stjórnvöld verði að setja lög til að hrinda í framkvæmd ákvæðum 8. gr. samþykktarinnar og í því sambandi getur tvennt komið til álita. Ein leið er að endurskoða lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, með það að markmiði að taka upp í þau lög ákvæði 8. gr. samþykktar nr. 156 um fjölskylduábyrgð, að hún geti ekki verið ástæða til uppsagnar starfs. Einnig er athugandi að sett verði lög sem almennt fjalli um uppsagnir starfsmanna. Ég er vanbúinn að taka afstöðu til þessa málefnis. Ýmislegt kemur til álita og er erfitt að taka það út úr og fjalla um það án tengsla við aðra þætti vinnumarkaðsmála. Ég vil í þessu sambandi geta þess að á vegum félmrn. er starfandi vinnuhópur sem hefur það hlutverk að fjalla í heild um samskiptareglur aðila vinnumarkaðarins. Hv. fyrirspyrjanda er kunnugt um þetta starf sem því miður lá niðri um skeið en ég hef ákveðið að taka þráðinn upp aftur og vinnuhópnum eru skapaðar þær aðstæður að hann geti sinnt viðfangsefni sínu af krafti og árangur sjáist strax í haust.

Ég vil ekki útiloka að réttarstaða atvinnurekenda og launafólks hvorra gagnvart öðrum að því er varðar uppsagnir komi til umfjöllunar á vettvangi þessa vinnuhóps.

[10:42]

**Rannveig Guðmundsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það sem hér hefur komið fram er að uppi voru áform á ári fjölskyldunnar um að það starf endaði með tillögu um fjölskyldustefnu. Þetta hafði ekki gerst þegar ég kom í félmrn. í nóvember sl. en málið var gert að forgangsmáli hjá mér og aðstoðarmanni mínum, Braga Guðbrandssyni, formanni landsnefndar, í janúar. Tillaga þar að lútandi var afgreidd af landsnefnd áður en þing kom saman í lok janúar. Það dróst að málið kæmi inn í þing eins og hér hefur komið fram og það er umhugsunarefni að þegar það loks komst á dagskrá var það ávallt síðasta málið þrátt fyrir þrýsting.

ILO-samþykkt nr. 156 um fjölskylduábyrgð var flutt í ríkisstjórn þrátt fyrir að í samstarfsnefnd um alþjóðasamþykktir, samstarfsnefnd vinnumarkaðarins, hefur það verið ljóst að VSÍ er á móti því að sú samþykkt sé afgreidd. Málið var ekki til lykta leitt í ríkisstjórn en það hefði ekki staðið á því, virðulegi forseti, að utanrrh. hefði flutt málið. Hins vegar var dregið upp að það var ekki sama hvaða ráðuneyti flytti þessi mál en gömul samþykkt fyrir því að félmrn. gerði það.

Það er afar mikilvægt, virðulegi forseti, að mörkuð verði opinber fjölskyldustefna og ég tek undir þær væntingar sem félmrh. gefur um að tillaga komi fram í haust.

[10:44]

**Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. greinargóð svör og ég fagna því sérstaklega að hann hyggist beita sér fyrir mótun opinberrar fjölskyldustefnu og minni í því sambandi á hvatningu sem kemur fram í lokaskýrslu landsnefndar um ár fjölskyldunnar þar sem sérstök áhersla er lögð á mikilvægi þessa máls.

Ég þekki ágreininginn sem hæstv. félmrh. kom inn á um það á milli utanrrn. og félmrn. og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir skýrði nánar í hverju hann er fólginn. Þrátt fyrir mögulegan ágreining um það hver leggi fram tillöguna er málaflokkurinn eigi að síður á vettvangi félmrn. þar sem þríhliða nefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar starfar á þeim vettvangi. Ég tel það því eigi að síður vera á ábyrgð félmrh. að hafa einhverja afstöðu til þess hvort hann beitir sér fyrir fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Ég vil líka nefna að það er alveg rétt að fulltrúi ASÍ hefur verið á móti fullgildingu þessarar samþykktar og reyndar einnig annarrar samþykktar sem fulltrúar launamannasamtaka hafa mikið barist fyrir að fá fullgilta, þ.e. samþykktar um starfsöryggi, um uppsagnir af hálfu atvinnurekenda. Ég minni á að samkvæmt reglum sem gilda um alþjóðavinnumálastarfið er það félmrn. og ríkisstjórnarfulltrúans að taka sjálfstæða afstöðu til þessa máls í staðinn fyrir að það sem hefur gerst með þessar tvær samþykktir er að það verður engin niðurstaða þar sem ekki hefur fengist samþykkt beggja fulltrúa, annars vegar VSÍ og ASÍ og ríkisstjórnarfulltrúinn hefur ekki viljað taka afstöðu í málinu.

[10:46]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Að sjálfsögðu er ákaflega mikilvægt að sem best samstarf og samvinna sé á milli aðila vinnumarkaðarins. Ég geri mér vonir um að hægt sé að bæta það. Þar af leiðandi get ég sagt það hér að ég vil fara varlega í öllum aðgerðum sem gætu orðið til þess að styggja menn. Ég tel að þetta sé einn þáttur í miklu stærra máli, þ.e. samskiptum aðila vinnumarkaðarins. En ég vona að málið fái farsæla lendingu.

## *Frísvæði á Suðurnesjum.*

Fsp. KPál, 9. mál. — Þskj. 9.

[10:47]

**Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fsp. til hæstv. utanrrh. um undirbúning að stofnun frísvæðis á Suðurnesjum. Fríðnaðarsvæði og möguleikar þeirra fyrir íslenskt atvinnulíf hafa verið til umræðu í hv. Alþingi á annan áratug. Á öllum þessum tíma sem við höfum notað til umræðu um málið hafa aðrar þjóðir þróað hjá sér margs konar útgáfur af frísvæðum sem veita miklum fjölda manna atvinnu en frísvæðin eru talin vera um 400 í heiminum í dag. Þekktasta frísvæðið er í Shannon á Írlandi og hafa risið þar mörg öflug fyrirtæki með margs konar framleiðslu. Starfsmenn við það frísvæði og þjónustutengd fyrirtæki eru um 100 þúsund í dag. Þar hefur jafnframt þróast upp háskóli, háskólinn í Limerick þar sem 85% nemenda fara til starfa

hjá atvinnulífinu og 15% hjá hinu opinbera. Þetta hlutfall er öfugt hér á landi sem gæti verið ein ástæða lítillar nýsköpunar í atvinnulífinu hér. Ástæða fyrir áhuga á frísvæði á Suðurnesjum hefur verið góð reynsla annarra þjóða á þessu sviði samanber dæmið frá Shannon. Fleiri ástæður hafa komið til á seinni árum eins og mikið atvinnuleysi á Suðurnesjum og óvissa um veru varnarliðsins á Keflavíkurvelli en hjá varnarliðinu og verktökum starfa um 2.000 manns.

Á þeim tíma sem umræðan um frísvæðið hefur staðið yfir á Íslandi hafa orðið miklar breytingar á starfsemi þeirra erlendis og eru t.d. ekki lengur girt af sérstök svæði þar sem eingöngu starfa frísvæðafyrirtæki heldur eru gerðir sérstakir samningar við hvert fyrirtæki um starfsemina og staðsetning nánast hvar sem er í bænum. Á síðasta kjörtímabili starfaði nefnd á vegum utanrrn. að undirbúningi að stofnun frísvæðis við Keflavíkurflugvöll. Undirritaður átti sæti í nefndinni sem síðasta árið og er mér því kunnugt að störf hennar voru á lokastigi þegar síðasta ríkisstjórn fór frá völdum. Að mínu áliti var mjög jákvæð afstaða í nefndinni til stofnunar frísvæðis hér á landi. Þau vandamál sem helst voru uppi við lokaafgreiðslu frá nefnd tengdust skattaívilnunum á tekjuskatti, þ.e. máli sem heyrir undir fjmrn.

Ástæða þess að ég ber fram þessa fsp. svo skömmu eftir kosningar er sú að störf á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hafa aldrei verið eins ótrygg og einmitt nú. Mér er sagt að í ár muni fækka um 2.000 varnarliðsmenn og fjölskyldur þeirra og er það um 40% fækkun. Ljóst er að öll umsvif munu dragast mjög saman á næstu árum í kjölfar þessa og er ekki enn vitað hve mikil starfsemi verður í raun á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli næstu tvö til þrjú árin. Atvinnuöryggi fjölda manna er þarna í húfi og skylda stjórnvalda að freista þess að byggja upp ný atvinnutækifæri. Það þolir ekki lengri bið að ljúka þessu máli um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum.

Því legg ég eftirfarandi spurningar fram, virðulegi forseti:

„1. Hvenær mun undirbúningsnefnd um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum ljúka störfum?

2. Styður ráðherra hugmyndir um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum?

3. Getur ráðherra fallist á að láta vinnslu vegna stofnunar frísvæðis flytjast frá utanríkisráðuneyti til fjármálaráðuneytis?

4. Telur ráðherra að frísvæði geti afmarkast af samningi við einstakt fyrirtæki á skipulögðu svæði sveitarfélags undir iðnað í stað samnings á afmörkuðu svæði innan girðingar?

5. Telur ráðherra skattfríðindi vega þungt til að laða erlenda aðila að frísvæði á Suðurnesjum?“

[10:50]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Haustið 1992 skipaði forveri minn nefnd til að kanna kosti þess að koma á frísvæði á Suðurnesjum og skilaði hún áfangaskýrslu í lok mars 1993. Í tillögu nefndarinnar var hvatt til frekari vinnu á þessu sviði og lagt til að beitt yrði ýmsum ívilnunum í því skyni að laða erlend fyrirtæki til starfa á frísvæði. Á grundvelli þessarar niðurstöðu var nefndinni falið að vinna að málinu áfram. Hv. 10. þm. Reykn., sem er einn nefndarmanna, lagði fram spurningar til mín í fimm liðum og ég kýs til að byrja með að svara því í samfelldu máli og reyna síðan að draga saman niðurstöður í lokin. Rétt er að hafa það í huga að þar sem niðurstaða nefndar um frísvæði á Suðurnesjum liggur ekki fyrir er ekki unnt að ræða efnislegar tillögur um tilhögun frísvæðis aðrar en þær sem fram koma í áfangaskýrslu nefndarinnar frá í mars 1993.

Fyrirspyrjandi innir eftir afstöðu minni til hugmynda um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum. Fyrir fram líst mér auðvitað vel á allar hugmyndir sem eru til þess fallnar að auka atvinnu og skila auknum tekjum. Hins vegar verða hugmyndir um frísvæði að taka mið af þeim efnahagslega veruleika sem við búum við og þeim skuldbindingum sem við höfum undirgengist á alþjóðavettvangi.

Ljóst er að hugmyndir af þessu tagi gera allar ráð fyrir að um sé að ræða að hagstæðari reglur gildi fyrir fyrirtæki á frísvæði en önnur fyrirtæki í landinu búa við. Fyrirtækjum á frísvæðum eru jafnan boðin betri kjör, t.d. hagstæðari afskriftarreglur, lægri opinber gjöld, lægri þjónustugjöld, eins og lagt var til í áfangaskýrslu frísvæðisnefndarinnar í mars 1993. Ég tel að hvað þetta varðar hafi áfangaskýrslan frá 1993 vakið fleiri spurningar en hún svarar. Ég bendi t.d. á þá staðreynd að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið setur þröngar skorður við ríkisstyrkjum og mismunun milli fyrirtækja. Undanþágur hafa þó verið heimilaðar vegna frísvæða í sumum Evrópuríkjum en einungis ef um er að ræða afmörkuð svæði þar sem atvinnuleysi er vel yfir meðaltali ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða meðallaun eru vel undir sama meðaltali. Sem betur fer er slíku ekki til að dreifa á Suðurnesjum. Sem dæmi er vert að nefna að Danir veita mjög takmarkaðar ívilnanir á sérstökum efnahagssvæðum en þar er um að ræða svæði sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samþykkt sem svæði þar sem heimilt er að beita ríkisstyrkjum vegna atvinnuleysis. Þær ívilnanir gilda aðeins í fimm ár.

Í áfangaskýrslunni var ekki útfært hvernig menn hygðust haga ívilnun á frísvæði til að tryggja að þær brytu ekki gegn EES-samningnum. Hugmyndir af þessu tagi, sem raktar eru í áfangaskýrslu nefndarinnar, virðast einnig fela í sér að tvenns konar leikreglur eigi að gilda um atvinnustarfsemi í landinu eftir því hvar menn setja fyrirtæki sín á fót.

Ég tel mikilvægt að ein lög gildi í landinu, þar með talið að sömu skattar séu lagðir á fyrirtæki á frísvæðum og önnur fyrirtæki í landinu. Í þessu sambandi er vert að minna á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að skattalegt umhverfi fyrirtækja verði svo sem best gerist í samkeppnislöndum okkar þannig að ekki þurfi að gera sérsamninga við erlend fyrirtæki til að þau fáist til starfa hér á landi. Ég tel eðlilegra að unnið verði að því að jafna starfsskilyrði atvinnulífsins í landinu með almennum aðgerðum sem komi öllum fyrirtæki í hag.

Erlend fjárfesting er mikilvæg fyrir íslenskt atvinnulíf enda endurspeglar stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar vel þá staðreynd. Ég tel hins vegar varhugavert að ala á trú manna á töfralausnir sem takmörkuð efnisleg rök standa á bak við. Þá er mikilvægt atriði í efnahagsstjórnun í okkar fámenna landi að við sköpum sambærileg skilyrði í atvinnulífinu hvar sem er á landinu.

Að því er varðar þær spurningar sem fyrirspyrjandi beinir til mín þá vil ég svara að því er varðar 1. spurninguna: Ég hef ekki fengið neinar upplýsingar um það en samkvæmt upplýsingum formanns nefndarinnar er starf nefndarinnar á lokastigi.

Varðandi 2. spurninguna um stuðning minn við slíkar hugmyndir: Ég hef greint frá almennum hugmyndum mínum hér að framan að svo miklu leyti sem unnt er og í ljósi þess að niðurstaða nefndarinnar liggur ekki fyrir.

Hvort málið eigi að flytjast frá utanrrn. til fjmrn. vil ég segja að það er vissulega vafamál hvort mál sem þetta eigi að falla undir utanrrn. og mér finnst margt benda til að svo sé ekki. Hins vegar tel ég eðlilegt að erlend fjárfesting almennt falli undir viðskrn. en ekki fjmrn. Hins vegar skiptir það ekki meginmáli að mínu mati heldur er það efnisleg og fagleg umfjöllun málsins.

Að því er varðar 4. spurninguna vil ég vitna til almennra orða hér að framan. Framkvæmdaatriði af þessum toga hlýtur að ráðast af því hvort ákveðið yrði að koma á frísvæði eða ekki. Varðandi síðustu spurninguna um skattfríðindi vísa ég til þess sem ég hef almennt sagt hér um skattfríðindi. Ég tel heildstæða skattastefnu, sem mótuð er í samræmi við það sem almennt gerist í nágrannalöndum okkar, vera til þess fallna að laða erlenda fjárfestingu til landsins. Í því hefur nokkuð áunnist á undanförnum árum en enn er þar margt ógert. Ég vitna til þess að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að skapa slíkar almennar forsendur fyrir erlendri fjárfestingu.

[10:56]

**Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir greinargóð svör. Ég legg áherslu á það að þó svo þessi hugmynd um frísvæði hafi verið lengi til umræðu og margir hafi gert sér vonir um að eitthvað leiddi af umræðunni þá hefur ekki enn verið tekin nein ákvörðun. Ég mun því kalla eftir ákvörðun frá utanrmn. um það hvernig þetta verður endanlega til lykta leitt. Við getum sagt sem svo að nauðsynlegt sé að málinu verði lokið. Það getur verið að menn hafi misjafnar skoðanir á því hvort frísvæði eða sérstakar aðgerðir á einhverju ákveðnu svæði eigi rétt á sér. En ég minni einfaldlega á það að á Íslandi hefur ekki í 15 ár orðið nein erlend fjárfesting sem neinu nemur. Hvers vegna er það? Menn hljóta að spyrja þeirrar spurningar.

Mörg vestræn lönd hafa einmitt gripið til sérstakra úrræða sem hafa leitt af stað margan annan iðnað sem hefur síðan orðið atvinnulífinu í heild sinni mjög til framdráttar. Ég bendi einnig á að það hefur orðið til þess eins og ég sagði í upphafi að háskólar og skólar á verkmenntasviði hafa náð að þróast á allt annan hátt. Það er eitt af því sem er áhyggjuefni í menntun okkar hér á Íslandi að sífellt er meira um það að stúdentar úr Háskóla Íslands hafi viljað starfa hjá hinu opinbera frekar en að fara út í atvinnurekstur á eigin vegum.

[10:58]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að þessu starfi sé lokið og málið verði til lykta leitt. Þá hlýtur að vera grundvallaratriði sú nefnd sem hefur verið að fjalla um málið ljúki störfum.

Ég vil að sjálfsögðu auka atvinnulíf á Suðurnesjum og styrkja það með öllum hætti. Hins vegar þýðir ekkert að byggja þar á einhverjum fölskum forsendum eða grunni sem fær ekki staðist eða ala á vonum um að koma á sérstöku svæði sem stenst e.t.v. ekki alþjóðlegar skuldbindingar okkar. Engum er greiði gerður með því. Það má kannski segja að vandræðaganginn í kringum það að ljúka störfum nefndarinnar byggist m.a. á því að menn hafa ekki fundið nægilega góða leið til að koma þessu af stað. En vonandi er hún til. Ég bendi líka á að jafnvel þótt boðið sé upp á betri skattameðferð á svæði sem þessu — við getum tekið sem dæmi að boðið væri upp á 10% tekjuskatt — þá er tekjuskattur í Bandaríkjunum 34% og bandarískt fyrirtæki sem myndi hugsanlega starfa á þessu svæði þyrfti þá að borga 24% skatt í sínu heimalandi eða í Bandaríkjunum. Margir hafa haldið því fram að sérstakar skattareglur á takmörkuðum svæðum erlendis hafi veikt tekjuöflunarsvæði viðkomandi ríkja vegna þess að til langframa sætti önnur fyrirtæki sig ekki við það í viðkomandi landi að greiða allt aðra skatta en gerist á þessu svæði. Þarna eru því miður margvísleg vandamál en ég tek undir það með fyrirspyrjanda að það er mikilvægt að leiða þetta mál til lykta og tala um það eins og það er en ala ekki langtímum saman á einhverjum vonum sem ekki fá staðist.

## *Úrelding smábáta.*

Fsp. RG, 25. mál. — Þskj. 27.

[11:00]

**Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Virðulegi forseti. Fsp. sem ég set fram til sjútvrh. er svohljóðandi:

„Er eitthvað því til fyrirstöðu að smábátar, sem hafa verið úreltir, séu skráðir til annarra verkefna en veiða, t.d. sem skemmtibátar fyrir ferðamenn, fremur en að þeim sé öllum fargað?"

Þetta er spurning sem oft er lögð fyrir okkur þingmenn og fyrir skömmu lenti ég í umræðum um þetta mál. Það verður að segjast eins og er að í umræðum um þessi mál verður okkur gjarnan fátt um svör. Viðmælandi minn hafði farið í ýmsar stofnanir sem tengjast sjávarútvegi til að leita ásjár og upplýsinga. Honum fannst sjálfum að hann fengi misvísandi upplýs-

ingar. Viðmælandi minn átti kost á smábát í góðu standi sem hafði hlotið úreldingu og þá væntanlega úreldingarstyrk. Hann hugðist nýta hann sér og fjölskyldunni til ánægju og stússa í ýmsu. Hann var tilbúinn að lúta öllum hugsanlegum reglum og skilyrðum en rakst alls staðar á veggi.

Samkvæmt upplýsingum, sem við fáum þegar við spyrjumst fyrir um hvað er hægt að gera við þessa báta, kemur m.a. í ljós að ef sá sem hefur úrelt bát og hlotið til þess styrk flytur hann til næsta nágrannalands, við skulum segja til Færeyja, þá er hægt að flytja bátinn þaðan og heim og skrá hann og nýta hann til einhvers annars. Hins vegar er enginn sem bannar að flytja bátinn inn aftur en það má ekki breyta nýtingu hans hér heima.

Verðmæti í plastbát miðað við nýsmíði er t.d. miðað við 8 metra bát u.þ.b. 2,5–3 millj. kr. fyrir utan virðisaukaskatt, virðulegi forseti, og tek ég þetta sem dæmi um þau verðmæti sem sóað er miðað við að þessir bátar eru úreltir og ekki nýttir til neins.

Ég vil einnig geta þess að bæjarráð Ólafsfjarðar sendi frá sér eftirfarandi bókun:

„Bæjarráð Ólafsfjarðar harmar þá gegndarlausu sóun á verðmætum sem felst í því að þegar smábátar eru samþykktir í úreldingu eru þeir venjulega malaðir mélinu smærra áður en úreldingarstyrkurinn er greiddur út. Stór hluti þeirra báta sem fengið hafa úreldingarstyrki og hafa verið eyðilagðir hefðu hentað vel sem skemmtibátar fyrir ferðamenn. Uppbygging þessarar iðngreinar er kostnaðarsöm og það er hörmulegt til þess að vita að einfaldasta leiðin til að koma bátum varanlega af skipaskrá verði þannig til þess að önnur grein nái ekki að nýta sér þessa kostnaðarlækkun smábáta sér til eflingar. Bæjarráð skorar á alþingismenn að íhuga hvort ekki megi finna aðrar leiðir sem séu færar sem komi í veg fyrir hvort tveggja, að stöðva óheyrilega sóun verðmæta og tryggja að bátar, sem fengið hafa úreldingarstyrki, komi ekki inn á skipaskrá á ný."

Því ber ég fram þessa spurningu til hæstv. sjútvrh.: Er ekki möguleiki að fara þá leið sem bæjarráðið bendir hér á og eiga svör við þeim erfiðum spurningum sem sífellt berast okkur og stöðva þá verðmætasóun sem á sér stað við þá úreldingaraðferð sem viðgengst í dag?

[11:04]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Gildandi lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins eru því til fyrirstöðu sem hv. þm. spyr um en þau lög voru eins og kunnugt er samþykkt á Alþingi á sl. vori m.a. með atkvæði hv. fyrirspyrjanda. Núv. ríkisstjórn hefur hins vegar lagt fram frv. til laga um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins þar sem ráð er fyrir því gert að falla frá þeim takmörkunum sem hv. þm. spyrst fyrir um og það mál er 7. dagskrármál á 13. fundi Alþingis sem hefst þegar að loknum þessum fundi.

[11:05]

**Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):**

Virðulegi forseti. Það getur verið erfitt að orða slíka fsp. eins og ég setti fram fyrir nokkru og áður en hin eftirsóknarverðu sjávarútvegsfrumvörp birtust okkur alþingismönnum en spurningin hefur einmitt verið þessi: Er eitthvað því til fyrirstöðu að þetta verði hægt? Auðvitað þekki ég lagasetninguna sem slíka en það er líka alveg ljóst að þessari sömu spurningu hefur verið mjög undarlega svarað í ýmsum stofnunum þar sem mönnum hefur þótt þetta erfitt mál.

Ég er auðvitað mjög spennt að sjá hvernig verður farið með skráninguna og hvaða möguleikar opnast við breytingar sem fyrirhugaðar eru í því frv. sem hér er til umræðu síðar í dag og lít með mikilli eftirvæntingu til þess hvernig það mál verður afgreitt í þinginu.

Fundi slitið kl. 11:06.

---

# 13. FUNDUR

fimmtudaginn 1. júní,
að loknum 12. fundi.

**Dagskrá:**

1. Erfðabreyttar lífverur, stjfrv., 16. mál, þskj. 16. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skipulag ferðamála, stjfrv., 20. mál, þskj. 20. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Höfundalög, stjfrv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Notkun myndlykla, stjfrv., 22. mál, þskj. 22. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Sóttvarnalög, stjfrv., 26. mál, þskj. 28. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 28. mál, þskj. 32. — 1. umr.
7. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 29. mál, þskj. 33. — 1. umr.
8. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 30. mál, þskj. 34. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

***Tilkynning um dagskrá.***

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess

að hæstv. sjútvrh. hefur óskað eftir að mega tala fyrir 6. og 7. dagskrármáli samtímis og verður orðið við þeirri beiðni ef ekki er hreyft athugasemdum.

Þá hefur komið fram ósk frá þingflokki Alþfl. um að ræðutími verður tvöfaldaður og verður svo gert.

***Stjórn fiskveiða, 1. umr.***

Stjfrv., 28. mál (veiðar krókabáta o.fl.). — Þskj. 32.

***og***

***Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.***

Stjfrv., 29. mál (gjaldskylda krókabáta o.fl.). — Þskj. 33.

[11:13]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég hef óskað eftir því að fá að mæla saman fyrir tveimur nátengdum frv. Annars vegar er um að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum, og hins vegar um frv. til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Aðdragandi þessara frumvarpssmíða er sá að samkvæmt verkefnaskrá sjútvrn., sem samþykkt var af ríkisstjórn 22. apríl sl., skyldu tiltekin lagaákvæði um fiskveiðistjórnun sæta endurskoðun þegar á þessu sumarþingi. Helstu atriði þeirrar endurskoðunar voru samkvæmt verkefnaskránni þessi:

Í fyrsta lagi að reglur um endurnýjun fiskiskipa yrðu endurskoðaðar þannig að tryggt verði að afkastageta fiskiskipaflotans aukist ekki og að heimilað verði að nýta skip sem úrelt hafa verið til annarrar atvinnustarfsemi en fiskveiða.

Í öðru lagi að skapa svigrúm til að bæta hlut þeirra báta sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu aflaheimilda vegna minnkandi þorskveiða.

Í þriðja lagi að taka banndagakerfið til endurskoðunar og leita annarra leiða við stjórnun fiskveiða krókabáta en að fjölga banndögum til þess að tryggja stöðu þeirra sem haft hafa lífsviðurværi af krókaveiðum.

Í fjórða lagi var samþykkt að svokölluð tvöföldunarregla yrði ekki látin koma til framkvæmda um næstu áramót eins og fyrirhugað var en þessi regla felur í sér að ekkert skip má flytja til sín meira aflamark en nemur því sem það fékk úthlutað í upphafi fiskveiðiárs. Er reglan talin bitna harðar á einstaklingsútgerðum en öðrum og m.a. af þeim sökum talið rétt að hún komi ekki til framkvæmda svo sem ráð hafði verið fyrir gert.

Í samræmi við framangreinda verkefnaskrá hafa þau frv., sem hér eru lögð fram, verið samin í sjútvrn. Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvörpunum er verið að bregðast við þeim brýnu vandamálum og athugasemdum sem lágu að baki markmiðum verkefnaskrárinnar um tafarlausa endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

Ég ræði fyrst um efni frv. til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða en vík síðar að frv. til laga um breytingar á lögum um Þróunarsjóð.

Það er ljóst að niðurskurður veiðiheimilda og þá sérstaklega þorskaflaheimilda hefur skapað mikla erfiðleika í sjávarútvegi sem atvinnugreinin hefur þurft að takast á við með margvíslegum hætti. Í þeirri glímu hefur atvinnugreinin sýnt mikla aðlögunarhæfni og frumkvæði og í heild náð að styrkja stöðu sína við þessar erfiðu aðstæður. Það hefur tekist á þeim grundvelli sem ríkjandi fiskveiðistjórnun hefur skapað. Þó hefur sýnt sig að mismunandi greinar útgerðar hafa átt misjafnlega auðvelt með að nýta sér þau sóknarfæri sem hafa skapast, svo sem veiðar á öðrum tegundum en þeim sem bundnar eru aflamarki og veiðar á fjarlægum miðum. Hefur einkum verið bent á erfiðleika minni aflamarksbáta og skipa í þessu sambandi.

Í þessu frv. er lagt til í ákvæði til bráðabirgða I, að úthlutað verði 5.000 lestum af þorski miðað við óslægðan fisk til jöfnunar, viðbótar og að teknu tilliti til 12.000 þorskígildislestajöfnunar skv. 9. gr. gildandi laga, sem gert er ráð fyrir að fari fram með hliðstæðum hætti og verið hefur, þó þannig að við jöfnun skv. 9. gr. verði nú hægt að horfa lengra aftur en til næstliðins fiskveiðiárs og er þar tekið mið af þeirri staðreynd að ekki er útlit fyrir að þorskveiðiheimildir komandi fiskveiðiárs verði minni en á yfirstandandi fiskveiðiári.

Við úthlutun viðbótarjöfnunar er horft til skerðingar aflaheimilda sem orðið hefur frá fiskveiðiárinu 1991–1992 og koma öll skip önnur en fiskvinnsluskip, sbr. lög nr. 54/1992, til álita við þá úthlutun. 10 lesta hármarki á úthlutun til hvers skips samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I er hins vegar ætlað að tryggja að sú úthlutun komi hinum minni skipum og bátum hlutfallslega mest til góða. Tæplega 600 skip mundu fá bætur samkvæmt þessari 5.000 lesta úthlutun og næmi skerðing þeirra eftir bætur 19,8–43,7% miðað við veiðiheimildir fiskveiðiársins 1991–1992. Lagt er til að árleg úthlutun samkvæmt þessu ákvæði standi til og með fiskveiðiárinu 1998–1999 en strax á yfirstandandi fiskveiðiári verði úthlutað með sama hætti þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar skv. 6. mgr. 10. gr. sem ekki nýttist við línuveiðar í nóvember til febrúar sl. Réttlætanlegt þykir að útdeila á þennan hátt til aflamarksbáta því ónýtta aflahámarki sem aflamarksbátum og línuveiðum stóð til boða, sérstaklega með hliðsjón af þeim brýna vanda sem margir aflamarksbátar hafa staðið frammi fyrir.

Annað meginviðfangsefni verkefnaáætlunar ráðuneytisins er að finna aðra aðferð en að fjölga banndögum til að halda veiði krókaleyfisbáta innan aflahámarks sem Alþingi ákvað með lögum vorið 1994. Markmið slíks valkosts við banndagakerfi gildandi laga skal samkvæmt verkefnaáætluninni fyrst og fremst vera að tryggja stöðu þeirra sem haft hafa lífsviðurværi af krókaveiðum. Það hlýtur að vera öllum augljóst mál að sú mismunun getur ekki gengið að einn útgerðarhópur búi við tiltölulega óhefta sókn og auki sífellt aflahlut sinn meðan stærsti hluti útgerðarinnar býr við skertar veiðiheimildir frá einu ári til annars. Þess vegna

var lögleitt kerfi fyrir rúmu ári sem ætlað er að halda heildarafla krókabáta innan við 20.170 þorskígildislestir sem er hátt hlutfall af heildarþorskaflanum en var gert með þeim rökum að verið væri að binda aflahámarkið við þá tölu sem lögin mæla fyrir um. Menn geta því ekki aukið við heildarafla krókabáta á þeim grundvelli að meira sé til skiptanna. Heildaraflinn er fastákveðinn og eins og menn þekkja hefur hann farið minnkandi undanfarin ár, sérstaklega í þorski sem er langfyrirferðarmestur í afla krókabáta. Ef einn útgerðarhópur krókabáta sem langmest allra hefur aukið afla sinn á undanförnum misserum á að fá meira þarf að taka þann afla, þorsk fyrir þorsk, af öðrum útgerðum og svipað á auðvitað við varðandi þau handtök sem tengjast veiðum fisksins og vinnslu að öðru leyti.

Fullyrðingar um að það valdi atvinnubresti á meðal sjómanna að útgerðarmenn krókabáta fái ekki að auka hlut sinn enn frekar á kostnað annarra útgerðarmanna og sjómanna eiga því ekki við nein rök að styðjast og hafa í raun endaskipti á hlutunum. Ég minni á að sú heildaraflatakmörkun sem krókabátar búa við liggur skýr fyrir í gildandi lögum og á grundvelli hennar er mikil fjölgun banndaga fyrirsjáanleg á næsta fiskveiðiári þótt engar lagabreytingar yrðu gerðar. Það er innbyggt í gildandi lög að það gerist þegar heildarveiðin fer yfir lögákveðið mark eins og útlit er nú fyrir.

Núgildandi reglur sem settar voru með lögum nr. 87/1994 úthluta eins og áður hefur komið fram sameiginlegum hámarksafla sem nemur 20.170 þorskígildislestum fyrir alla krókabáta sameiginlega en það var meðalafli þeirra á fiskveiðiárunum sem hófust 1. sept. 1991 og 1. sept. 1992. Þessu heildaraflamarki var skipt niður á fjóra hluta fiskveiðiársins og giltu ákveðnir banndagar innan hvers tímabils. Fari afli einhvers tímabils fram úr hámarkinu fyrir það tímabil skal banndögum sama tímabils á næsta fiskveiðiári fjölgað svo mikið að það dugi til að halda heildaraflanum innan þess marks sem ákveðið hefur verið.

Sú regla sem áður var í gildi samkvæmt lögum nr. 38/1990 gerði ráð fyrir óheftri sókn krókabáta utan ákveðinna banndaga, þó þannig að ykist heildarhlutdeild þessara báta í botnfiskafla á árunum 1991–1993 um meira en 25% að meðaltali skyldi heimild til krókaleyfis falla niður og bátunum úthlutað aflamarki frá 1. september 1994. Í raun fór aflaaukningin langt fram úr þessari viðmiðun. Sú aflahlutdeild sem til skipta skyldi koma var sú hlutdeild sem þessir bátar áttu kost á á árinu 1990 sem næmi miðað við úthlutað aflamark á yfirstandandi fiskveiðiári samtals um það bil 2.896 þorskígildislestum.

Með lagabreytingunni 1994 var sá afli sem krókabátar höfðu heimild til að veiða með öðrum orðum hækkaður úr 2.896 þorskígildislestum miðað við yfirstandandi fiskveiðiár í 20.170 þorskígildislestir eða um um það bil 600%.

Í almennum athugasemdum með frv. er birt tafla um veiðar krókabáta á undanförnum árum og kemur m.a. fram að á sl. fimm árum hafa krókaveiðar aukið hlutdeild sína í heildarþorskveiði á Íslandsmiðum úr rúmlega 2% í rúmlega 20%. Á þessari stundu er ekki vitað hver heildarafli krókabáta verður á yfirstandandi fiskveiðiári en ef hlutfallsleg aukning á 3. og 4. tímabili verður svipuð og á 1. og 2. tímabili má gera ráð fyrir því að afli muni ná rúmlega 44 þús. lestum miðað við óslægðan afla sem er rúmlega 35 þús. þorskígildislestir eða um 75% umfram þær 20.170 þorskígildislestir sem heimild þeirra miðast við. Miðað við það yrðu banndagar á næsta fiskveiðiári alls um 229 og fjöldi veiðidaga aðeins 136. Það er ljóst að þessi mikla fjölgun banndaga getur komið sér afar illa fyrir þá sem stundað hafa þessar veiðar og hafa haft af þeim lífsviðurværi en margir þeirra hafa lítið eða ekkert aukið afla sinn nokkur undanfarin ár. Fjölgun banndaga getur orðið óbærileg fyrir suma þessara aðila.

Þróunin hefur verið sú að margir af þeim nálega 1.100 bátum sem leyfi hafa til krókaveiða hafa verið endurnýjaðir og afkastageta þeirra aukin jafnframt því að þeim er haldið meira til veiða en áður var. Hefur hluti þeirra báta sem stunda krókaveiðar aukið sókn sína verulega. Margir þeirra báta sem notaðir eru til krókaveiða eru nokkuð afkastamikil skip og þeir allra aflahæstu veiða um og yfir 300 lestir á ári. Þá er ljóst að enn er mikil sóknargeta ónýtt í hópi krókabáta þótt formlegum leyfum fjölgi ekki.

Eins og segir í athugasemum með frv. virðist í raun aðeins um tvær leiðir að velja að því marki að halda heildarveiði krókabáta innan við meðalafla fiskveiðiáranna 1991–1992 og 1992–1993. Annars vegar að fjölga banndögum um meira en tvo þriðju sem mundi kippa grundvelli undan rekstri margra þeirra sem hafa stundað þessar veiðar í þágu hinna sem vilja stækka hlut sinn í sameiginlegu aflahámarki krókaflotans. Hins vegar að setja aflahámark á hvern einstakan bát á grundvelli aflareynslu síðustu ára. Eðlilegt þykir að miða slíkt aflahámark við leyfilegan þorskafla eingöngu en láta dagatakmörkunum eftir að takmarka sókn í aðrar tegundir en þorsk. Ástæðan fyrir því er sú að vægi þorsks í afla þessara báta er yfir 80%. Aflahámarkið í frv. miðast því við 21.500 lestir af þorski miðað við óslægðan fisk en ekki 21.170 þorskígildislestir sem er viðmiðun sem ákvarðar heimilaðan afla krókabáta samtals í fleiri tegundum.

Varðandi útfærslu á hinni miklu fækkun sóknardaga, sem verður að koma til ef ekki er sett aflahámark, hafa verið reifaðar ýmsar hugmyndir. Má þar nefna einstaklingsbundið val róðrardaga sem yrði ekki tilkynnt fyrir fram, að gefinni heildartölu róðrardaga. Eins og sakir standa er ekki unnt að koma slíkri skipan mála í framkvæmd. Það þarfnast frekari undirbúnings en slíkt kerfi er hins vegar á margan hátt miklu geðþekkara og heppilegra en kerfi fastra banndaga. Það breytir hins vegar engu um heildarveiðimöguleika þessara báta.

Í ákvæði frv. til bráðabirgða er gerð tillaga um að slíkt kerfi verði tekið upp þegar gervihnattasamskipti og tæknibúnaður í bátunum gera einstaklingsbundið eftirlit mögulegt. Undirbúningi þess máls verður hraðað svo sem kostur er. Til að verja stöðu þeirra sem hafa haft lífsviðurværi af krókaveiðum samtímis því að

staðið sé við markmið gildandi laga um að heildarafli krókabáta verði ekki meiri en 21.500 lestir miðað við óslægaðn fisk hefur sjútvrn. talið eðlilegt að setja einstaklingsbundið hámark á þorskveiðar hvers báts. Aðrir hafa hins vegar talið hagsmunum eigenda krókabáta betur borgið með öðrum takmörkunum og talið fjölgun banndaga illskárri kost til að halda þorskveiðunum innan við sett mark. Með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum er gerð sú tillaga í 2. gr. frv. að eigendum krókabátanna verði gefinn kostur á að velja um hvorri hinna tveggja takmarkana þeir vilja heldur sæta. Í framkvæmd yrði þetta þannig að báðir hópar yrðu að sæta þeim 136 banndögum sem gilda á yfirstandandi fiskveiðiári en þar fyrir utan mundu menn sjálfir velja um hvort þeir kjósa einstaklingsbundið hámark á þorskafla tiltekins báts eða fastákveðna viðbótarbanndaga. Hlutdeild hópanna tveggja í heildaraflahámarki allra krókabáta mundi ráðast af hlutdeild báta í hvorugum hópnum um sig í þorskafla almanaksárið 1994. Áður en menn velja hvort þeir kjósa einstaklingsbundið þorskaflahámark eða viðbótarbanndaga skal Fiskistofa reikna út hvert hámarkið yrði fyrir hvern einstakan bát þannig að menn geti grundvallað val sitt á þeim upplýsingum. Frv. gerir ráð fyrir að tvö bestu árin af síðustu þremur yrðu lögð til grundvallar útreikningi þorskaflahámarks fyrir hvern bát en þá gæti endanlegt hlutfall orðið nálægt 70% af reynslu allt að 50 tonnum, en nálægt 50% af reynslu þar umfram. Hér er hins vegar ekki verið að úthluta aflahlutdeild eða framseljanlegu aflahámarki. Þetta er óframseljanlegt einstaklingsbundið aflahámark. Þetta hámark verður því ekki selt öðrum báti en fylgir bátnum og flyttist á nýjan bát þegar hann yrði endurnýjaður.

Að því er varðar þann hóp sem kýs viðbótarbanndaga er lagt til samkvæmt frv. að reynt sé að dreifa banndögum þannig að það komi sér betur fyrir þá sem hafa atvinnu af þessu útgerðarformi. Hér má líka ítreka að samkvæmt bráðabirgðaákvæði III er gert ráð fyrir að sjútvrh. flytji frv. um breytingar á þessum ákvæðum um banndaga jafnskjótt og hann telur tæknilegar og fjárhagslegar forsendur til eftirlits vera fyrir hendi. Slíkri breytingu er ætlað að fela í sér að menn geti sjálfir valið róðrardaga sína eftir að heildartala leyfðra róðrardaga hefur verið ákveðin. Verði þetta frv. að lögum mun tafarlaust verða hafin könnun á þeim kostum sem eru fyrir hendi í þessu skyni.

Auk framangreindra ákvæða um útdeilingu viðbótaraflahámarks til jöfnunar og ákvæða um endurskoðun varðandi krókabáta sem eru veigamestu ákvæði í því frv., sem hér er lagt fram, er í 1. gr. frv. gerð tillaga um að herða endurnýjunarreglur fiskiskipa, sérstaklega varðandi krókabáta. Enn fremur er lagt til með 3. gr. að felld verði niður takmörkun á framsalsrétti sem taka átti gildi um næstu áramót. Þá er gert ráð fyrir því samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í frv. að í fjögur ár verði heimit að úthluta 500 lestum árlega samkvæmt ákvörðun Byggðastofnunar í þeim tilgangi að hægt sé að rétta hlut þeirra byggðarlaga sem byggja nær eingöngu á útgerð krókabáta. Þessar 500 lestir yrðu teknar óskipt af 21.500 lesta þorskaflahámarkinu og yrði ráðstafað til hækkunar á einstaklingsbundnu þaki þeirra báta sem uppfylltu skilyrði úthlutunar samkvæmt mati Byggðastofnunar. Vísast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar varðandi ítarlegri umfjöllun um þessi atriði og tæknilega útfærslu þeirra meginatriða sem hér hafa verið rædd.

Þá vil ég geta þess að samhliða þessu frv. er flutt og mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Það frv. miðar að því að ná því markmiði að skip, sem úrelt hafa verið eftir reglum Þróunarsjóðsins, megi nýta til annarrar starfsemi en fiskveiða. Þar er einnig lagt til að úrelding krókabáta verði sambærileg og annarra báta enda greiði þeir þróunarsjóðsgjald. Með þessu er stefnt að því að krókabátunum geti fækkað þannig að þeir sem eftir eru hafi meira svigrúm til veiða. Er lagt til varðandi þróunarsjóðsgjald að krókabátar greiði 750 kr. á hvert brúttótonn í fast gjald og síðan 1.000 kr. vegna hverrar þorskígildislestar af afla en hér þarf að miða við raunverulegan afla en ekki aflahámark eins og hjá öðrum bátum og skipum af skiljanlegum ástæðum. Hér er um að ræða sambærileg gjöld og önnur skip greiða í þróunarsjóðsgjald.

Þess má geta varðandi frv. að í ákvæði frv. til bráðabirgða I er lögð til 500 millj. kr. lántökuheimild til að gera Þróunarsjóði kleift að veita útgerðum krókabáta styrki vegna úreldingar. Enn fremur er í bráðabirgðaákvæði II lagt til varðandi krókabáta sem voru á skipaskrá 1. jan. 1995 að undantekning verði gerð frá almennu ákvæði um þriggja ára greiðsluskyldu til Þróunarsjóðs til að geta hlotið úreldingarstyrk frá sjóðnum. Að öðru leyti má vísa til athugasemda með þeim frv. sem hér eru til umfjöllunar.

Ég legg svo til, herra forseti, að báðum frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. sjútvn.

[11:32]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Tæplega verður sagt að starf hæstv. nýrrar ríkisstjórnar að sjávarútvegsmálum fari mjög glæsilega af stað. Ég held að þar nægi að vitna til þeirra harmkvæla sem fæðingu þessa máls hefur fylgt og þjóðin hefur fylgst með að nokkru leyti. Það kastaðist í kekki með hinum nýju samstarfsaðilum nánast þegar í upphafi þegar að því kom að útfæra og byrja að efna þau fyrirheit sem gefin höfðu verið, annars vegar af frambjóðendum núv. stjórnarflokka í kosningabaráttunni og svo ekki sé nú minnst á þegar farið var að skoða hvað lægi á bak við orðalag í stjórnarsáttmála og verkefnaáætlun. Satt best að segja er það svo þegar það er skoðað og orðalag borið saman í þeim efnum að þá koma upp næsta kostulegir hlutir.

Það fór svo sem stundum áður að sjávarútvegsmál urðu talsvert til umræðu í kosningabaráttunni á sl. vetri og ákveðnir aðilar og ákveðnir frambjóðendur gerðu sérstaklega út á það að þeir hygðust standa fyrir róttækum breytingum í sjávarútvegsmálum og gerðu sig þar að málsvörum sérstakra hópa á því sviði. Einna frægust held ég að framganga frambjóðenda Sjálfstfl. á Vestfjörðum hafi orðið sem gengu svo langt að móta

sérstaka sjávarútvegsstefnu og kynna hana með pompi og prakt og boða að nú skyldi aldeilis brotið í blað og látið hrikta í og þeir mundu selja sig dýrt og mundu standa og falla með sjávarútvegsstefnu sinni.

Sömuleiðis bar það til tíðinda í Framsfl., sem hefur lengi verið hið óvíga musteri kvótakerfisins og staðið saman um það mál, að nýir frambjóðendur í Reykjaneskjördæmi gengu fram á sviðið og boðuðu nýja sjávarútvegsstefnu. Þar skyldi sérstaklega tekið á málefnum báta og smábátaútgerðar og stutt við bakið á henni.

Þess vegna var að vonum að menn biðu nokkuð spenntir eftir því að hin nýja ríkisstjórn setti saman texta dagsins eða kjörtímabilsins og útfærði hann. Það stendur hér, með leyfi forseta, í því sem mun eiga að heita stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. undir kafla um atvinnumál eða málefni útflutningsgreina að markmiðið sé: „Að tryggja stöðug og góð rekstrarskilyrði útflutningsgreina og stuðla að nýsköpun og sókn í vöruþróun og markaðssetningu." — Svo kemur gullvæg setning: „Að mestu er byggt á aflahlutdeildarkerfi í sjávarútvegi, en banndagakerfi svonefndra krókabáta verður tekið til endurskoðunar. Skapað verður svigrúm til að rétta hlut þeirra aflamarksbáta sem harðast hafa orðið úti vegna minnkandi þorskafla." — Síðan er talað um öflugar rannsóknir og fleira gott í þeim dúr.

Þetta mun vera þannig hugsað hjá hæstv. ríkisstjórn að á grundvelli þessarar tiltölulega efnisrýru stefnuyfirlýsingar vinni ráðuneytin einhvers konar verkefnaáætlun. Ég óskaði eftir því að fá það plagg hjá skrifstofu þingsins en það liggur þar ekki fyrir og var verið að athuga hvort það mætti berast stofnuninni frá sjútvrn. Hins vegar hefur fréttabréf Landssambands ísl. útvegsmanna, Útvegurinn, gert mönnum þann greiða að birta glefsur úr þessari verkefnaáætlun ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum og þar er væntanlega á ferðinni frekari útfærsla á þessu knappa orðalagi um sjávarútvegsmál í stefnuyfirlýsingunni. Þar er m.a. byrjað á því að segja, með leyfi forseta, að lög um stjórn fiskveiða verði þegar endurskoðuð.

Ég verð að játa að ég hafði ekki hugarflug til þess að láta mér detta í hug að þessi litlu frv., sem hér eru til meðferðar, væru sú endurskoðun. Fróðlegt væri að vita hvort er í bígerð að halda þessu starfi áfram og væntanlega kemur t.d. á næsta þingi einhver heildstæð endurskoðun á löggjöf um sjávarútvegsmál.

Þegar kemur svo að því sem hér er sérstaklega til umfjöllunar, þ.e. málefni smábáta og bátaútgerðarinnar, sem hefur verið mikið til umræðu, þá staldrar maður við orðalag í þessari verkefnalýsingu sem lýtur að málefnum krókabáta. Hvað segir þar? Samkvæmt heimildinni Útvegurinn stendur í þessari verkefnaáætlun, með leyfi forseta:

„Til að tryggja stöðu þeirra, sem haft hafa lífsviðurværi af krókaveiðum, verður banndagakerfið tekið til endurskoðunar og leitað annarra leiða við stjórnun en að fjölga banndögum."

Ég staldra dálítið við þetta orðalag þegar ég fer svo að lesa frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Því hér er í geysilöngu máli í 2. gr. frv. fjallað um hvernig viðbótarbanndögum verði komið inn í kerfið með því að bæta vikum framan við og aftan við þau tímabil sem fyrir eru og viðbótarhelgum þar á ofan. Það er því ekki mikið samræmi í því að verkefnaáætlun sjútvrn. kveður sérstaklega á um að leita skuli annarra leiða en þeirra við stjórn þessara mála að fjölga banndögum. Og ekki mun það hafa verið það sem frambjóðendur stjórnarflokkanna boðuðu til að mynda á Vestfjörðum og Reykjanesi að lagt yrði fram frv. nánast á fyrstu dögum þings sem fæli fyrst og fremst í sér þá aðgerð annars vegar að setja kvóta eða þak á aflaheimildir krókabáta eða hins vegar gífurlega fjölgun banndaga.

Það er óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessu, hæstv. forseti, en með því er ekki verið að gera lítið úr því viðfangsefni sem er fram undan og menn eru að fást við því þar þarf sannarlega að taka á ýmsum málum. Það er alveg ljóst.

Það er athyglisvert að ýmsu leyti að með þessu frv. ríkisstjórnarinnar er auðvitað viðurkennt að sú gagnrýni og sú umræða sem var reynt að halda uppi á síðasta kjörtímabili, einkum síðari hluta þess, ekki síst af hálfu Alþb., er að fá mikla viðurkenningu. Það er í reynd verið að segja að staðan í bátaútgerðinni sé óviðunandi þó að í litlu séu efndirnar að koma til móts við þann útgerðarflokk.

Við þingmenn Alþb. reyndum ítrekað á síðasta kjörtímabili að vekja athygli á þeirri þróun sem þarna væri að verða, þeim algjöra afkomubresti sem væri að verða hjá báta- og smábátaútgerðinni vegna þess að sú útgerð er miklu viðkvæmari fyrir og verður fyrir miklu meiri áhrifum af þorskaflasamdrættinum en nokkur önnur eðli málsins samkvæmt þar sem hún hefur ekki möguleika á að nýta sér veiðimöguleika í öðrum tegundum eða á fjarlægum miðum.

Lítið var gert með málflutning okkar á síðasta kjörtímabili og hér gerðu menn eins og hæstv. sjútvrh. nánast grín að því að við vorum að flytja tillögur og frv. og reyna að halda hér uppi umræðum um stöðu mála á síðari hluta síðasta kjörtímabils. Það var gert lítið úr því þangað til að þau tíðindi verða í kosningabaráttunni að frambjóðendur núverandi stjórnarflokkanna lenda út í kjördæmi sín og átta sig á því að það er mikil óánægja með ástandið. Það er bullandi óánægja með ástandið í sjávarútvegsmálum á Vestfjörðum og á Reykjanesi, á Suðurnesjum. Þetta ágæta fólk sér að það er ekki vel til vinsælda fallið að stanga vegginn og bjóða fram óbreytta sjávarútvegsstefnu, óbreytta kvótastefnu þeirra Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. núv. utanrrh., og hæstv. sjútvrh. Þá vendir þetta ágæta fólk kvæði sínu í kross og býr sér til nýja stefnu til heimabrúks í kosningabaráttunni. En hvað er orðið um hana nú? Jú, í stjórnarsáttmálanum segir að að mestu verði byggt á aflamarkskerfi. Verkefnaáætlun sjávarútvegsins segir að vísu að það eigi að leita annarra leiða en að fjölga banndögum við stjórn krókaveiða en svo er lagt fram frv. sem fjölgar banndögum um líklega eitthvað á annað hundrað. Svona er samhengi þessara hluta svo það sé nú aðeins tekið upp í aðdraganda umræðunnar til að menn átti sig á þessum

hlutum. Ætli það sé ekki þannig að ýmsum þyki gylliboðin fara fyrir lítið sem höfð voru í frammi af frambjóðendum stjórnarflokkanna fyrir kosningarnar í þessum efnum. Ég verð að segja alveg eins og er að það er langt síðan ég hef heyrt, séð eða lesið um öllu ömurlegri útreið en þessir fulltrúar stjórnarflokkanna sem eiga sérstaklega hlut að máli og standa nú frammi fyrir. Þvílík ósköp.

Hitt er jákvætt svo langt sem það nær að með þessu frv., sérstaklega með ákvæði til bráðabirgða þar sem fjallað er um úthlutun til jöfnunar, er verið að viðurkenna að staðan í bátaútgerðinni sé óviðunandi. Það verði að koma á einhvern hátt til móts við þann útgerðarflokk.

Ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson fluttum á síðasta þingi frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Meginefni þess frv. var í 1. gr. að bæta við 10.000 tonnum til jöfnunar sem sérstaklega yrði úthlutað til handa þeim bátum og smábátum á aflamarki sem mestan samdrátt hefðu tekið á sig í þorskveiðum. Við gerðum ráð fyrir því að sú jöfnun skyldi verða hlutfallsleg í samræmi við aflahlutdeild bátanna í viðkomandi tegundum þannig að menn fengju úthlutað þorski ef þeir hefðu aflareynslu í þorski o.s.frv. en væru ekki að fá grálúðu eða karfa eða hvað það nú er eins og áður hafði tíðkast. Að sjálfsögðu var ekkert hlustað á þennan málflutning. Það var gert lítið úr honum, ekki talin nokkur ástæða til að málið fengi afgreiðslu af hæstv. sjútvrh. sem fór auðvitað fremstur í flokki að varna því að mál af því tagi yrðu yfir höfuð tekin fyrir eða rædd. En hvað er hæstv. sjútvrh. nú að gera? Hann leggur til 5.000 tonna úthlutun í nákvæmlega sama skyni. Að vísu með örlítið annarri útfærslu en þó munar þar ekki miklu. Með því er auðvitað verið að viðurkenna, bara því miður allt of seint, að ástandið er óviðunandi.

Ég tel að vísu að það hefði síðan þurft að taka ýmis fleiri atriði upp sem við lögðum þarna til. Við lögðum til í öðru lagi að smábátum, sem völdu aflamark á sínum tíma, gæfist kostur á að endurskoða það val og færa sig yfir í krókaleyfið með aflareynslu sína ef þeir teldu sinni stöðu betur borgið þannig. Auðvitað verður ekki horft fram hjá því að í ljósi þróunarinnar telja margir sig grátt leikna hafandi tekið aflamarkið á sínum tíma en ekki krókaleyfin og sitja svo eftir með gjörsamlega ólíðanlega stöðu, þ.e. þeir sem eftir eru. En eins og kunnugt er hefur smábátum á aflamarki fækkað um u.þ.b. 1.000 niður fyrir 300 á örskömmum tíma.

Í þriðja lagi lögðum við til að tekið yrði á hömlulausri aukningu á flutningi veiðiheimildanna eða vinnslunnar út á sjó, þ.e. fjölgunar frysti- og fullvinnsluskipa. Við lögðum til í fjórða lagi að heimiluð yrði löndun á meðafla utan kvóta með tilteknum hætti til að koma í veg fyrir að fiski yrði hent í sjóinn í stórum stíl. Hver voru viðbrögðin við þessari tillögu? Það var fullyrt að engum fiski væri hent. Við vorum a.m.k. beðnir að sanna að það ætti sér stað í einhverjum þeim mæli sem orð væri á gerandi. Það voru hefðbundin viðbrögð og hafa lengi verið hefðbundin viðbrögð sérstakra vörslumanna óbreytts ástands í þessum efnum.

Nú hafa að vísu þau stórtíðindi gerst að Fiskistofa leigði sér skektu og komst út á miðjan Faxaflóa og stóð menn þar að því að henda fiski. Þetta þóttu miklar fréttir sem allir sem eitthvað hafa fylgst með sjávarútvegsmálum hafa vitað um árabil. Þetta voru gífurlegar fréttir af því að það tókst að festa það á mynd. Þá var hægt að trúa því af því að hægt var að mynda það og Fiskistofa sjálf stóð menn að þessu. Það byrjar þá kannski betur fyrir því núna að ræða einhverjar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir að fiski sé hent sem hefur alltaf gerst í einhverjum mæli en er óumdeilt að stóraukinnar tilhneigingar gætir til við núverandi ástand.

Ég minni á þennan frumvarpsflutning í samhengi við þetta mál vegna þess að þar var að hluta til hreyft sömu atriðum og hæstv. ríkisstjórn er nú að leggja til, bara allt of seint. Þetta eru aðgerðir sem hefði þurft að grípa til fyrir 2–3 árum hið minnsta og í öðrum tilvikum er um að ræða hluti sem brýn þörf er á að gera eftir sem áður og ekki er hreyft við í frv. ríkisstjórnarinnar.

Þá nánar að efni frv., hæstv. forseti, og að þeim greinum þess sem lúta að takmörkun á veiðum smábáta og breyttum úreldingarreglum fyrir smábáta. Í 1. gr. er verið að fjalla um skilyrði þess að endurnýja krókabáta og þar er innleidd mjög ströng krafa um það að afköst séu minnkuð um helming í hvert skipti sem bátur af því tagi er endurnýjaður. Það eru helmingi strangari kröfur, ef svo má að orði komast, en eiga við um önnur fiskiskip í landinu. Það á að gera einfaldlega þannig að afkastageta hins nýja eða nýkeypta báts skal vera a.m.k. 50% minni en þess báts spár er veiðileyfi lætur. Og ég vek athygli á þessu orðalagi, a.m.k. 50% minni. Ber að skilja það jafnvel svo að opin heimild sé í lögunum til að hafa þá kröfu enn þá strangari? Og þetta er ekki nóg vegna þess að til viðbótar á að taka krókaleyfabáta inn í samdráttarsjóðinn, Þróunarsjóðinn svokallaða, sem er öfugmæli, og þannig kemur hann til sögunnar til viðbótar og keppir við aðra um uppkaup á bátum og að taka þá út úr útgerð. Það er alveg ljóst að ef hvort tveggja gerist í nokkrum mæli á næstu árum að það verður endurnýjun í þessum útgerðarflokki og Þróunarsjóðurinn er á sama tíma til viðbótar að kaupa út úr útgerð báta, þá geta þarna gerst mjög stórir hlutir og afkastageta minnkað mjög hratt og skipunum fækkað.

Nú geta menn haft það sjónarmið að það sé sérstök ástæða til að draga úr afkastagetu í þessum útgerðarflokki, en það er athyglisvert að menn skuli telja að það þurfi að vera miklu strangara en þegar önnur skip eiga í hlut.

Einnig er sett hér inn ákvæði um að óheimilt sé að gera breytingar á skipum sem leyfi hafi til veiða í atvinnuskyni þannig að afkastageta þeirra aukist nema annað skip eða önnur skip láti veiðileyfi á móti. Það á reyndar við um öll skip og þýðir á mæltu máli að sú regla er afnumin sem í gildi hefur verið að skipum eldri en frá 1986 hefur verið heimilt að breyta, lengja þau eða endurbyggja og lagfæra eins og gjarnan er gert

með skip án þess að menn þyrftu að kaupa sér úreldingartonn á móti því. Þessi regla er sem sagt afnumin og þar með verður sá kostur ekki fyrir hendi til handa eigendum eldri skipa að gera á þeim breytingar sem koma þeim í nútímalegt horf, í sambærilegt horf kannski og sambærileg skip eru úr garði gerð í dag.

Það eina sem má segja að mínu mati að sé sérstaklega jákvætt við þessar breytingar er það að ráðuneytið snýr nú allt í einu við blaðinu og leggur til í fylgifrv. um Þróunarsjóð að heimilt verði að skrá á Íslandi fiskiskip eða báta sem úreltir hafa verið út úr fiskiskipaflotanum til annarra nota en veiða í atvinnuskyni. Þetta er nokkuð athyglisvert, sérstaklega í ljósi þess að á síðasta þingi var það alveg sérstakt forgangsmál hjá sjútvrh. að loka öllum smugum sem hugsanlegar væru í þessu sambandi og það skyldi ekki mega gerast undir nokkrum kringumstæðum að við Ísland væru á floti skip sem yfir höfuð hefðu fengið styrki úr úreldingarsjóði. Og það svo hlálegt að fyrsta og, mér liggur við að segja, eina frv. næstum að segja sem sjútvrh. sá ástæðu til að flytja á síðasta þingi var frv. til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og það frv. var ein grein, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hafi Þróunarsjóður greitt styrk vegna úreldingar skips er óheimilt að flytja það inn að nýju og skrá það hér á landi sem og að veita því leyfi til veiða í atvinnuskyni."

Þetta frv. var flutt til að koma í veg fyrir það að sú óhæfa gerðist t.d. að smábátur sem hefði verið úreltur og hugsanlega væri seldur úr landi, segjum til Færeyja, gæti komið aftur að Íslandi. Það skyldi sko ekki gerast. Og þeir höfðu frétt af þeirri svívirðu í ráðuneytinu að það gæti hugsast að einum og einum manni dytti í hug að fara þá leið að selja slíka báta úr landi og hugsaði sér svo að kaupa þá inn í landið aftur. Það skyldi vesgú ekki gerast. Nei, þeir eins og allir aðrir slíkir bátar skyldu bornir á bál eða brotnir í spað. Og hvað gerist svo núna? Nú snýr ráðuneytið algerlega við blaðinu, 100%, og hæstv. sjútvrh. flytur hér frv. um það að heimilt skuli að skrá skip sem úrelt hafa verið til annarrar starfsemi en þeirrar að veiða fisk í atvinnuskyni. Það er auðvitað gott að vitið er loksins komið á réttan stað í þessu máli. En það er sorglegt að á undanförnum árum skuli í hreinu tilgangsleysi vera búið að brjóta og brenna niður verðmæti og jafnvel þjóðminjar, í hreinu tilgangsleysi. Auðvitað staldrar maður við þegar maður stendur frammi fyrir svona vendingum í málum af þessu tagi. Hvaða tilgangi hefur það þá þjónað undanfarin ár að ágæt skip, í sumum tilvikum skip frá þeim tíma í útgerðarsögunni sem nú eru ekki að verða til lengur, hafa verið borin á bál eða söguð í sundur? Í öðrum tilvikum hafa nýleg eða jafnvel ný skip orðið úreldingardellunni að bráð.

Ég leyfi mér aðeins að vekja athygli á þessu, forseti, til þess að hafa hlutina í pínulitlu, sögulegu samhengi og það er athyglisvert að þetta staðfestir þó að sjútvrn. og hæstv. sjútvrh. getur skipt um skoðun. Það er auðvitað stórkostlegt fagnaðarefni fyrir okkur ýmsa sem vorum farnir að óttast að þeir menn sem lentu í því hlutskipti að verða sjútvrh. á Íslandi misstu þann eiginleika „überhaupt" að geta skipt um skoðun. Stundum var nú haft á orði að hæstv. fyrrv. sjútvrh. ætti ákaflega erfitt með það yfirleitt að breyta kúrsinum, sérstaklega ef það varðaði kvótamál. En þetta virðist sýna hið gagnstæða.

Að öðru leyti verð ég að segja það, hæstv. forseti, áður en ég skil við þennan úreldingarþátt að ég tel að það verði að staldra hér við. Mér er fullljós þörfin á því að hamla gegn ótakmarkaðri afkastaaukningu í þessum hluta flotans eins og öðrum. Það eru engar forsendur fyrir því að láta slíkt gerast eða halda áfram, það er alveg ljóst. En ég leyfi mér að segja: fyrr má aldeilis fyrrvera, fyrr má nú rota en dauðrota. Að fara úr því að á þessu voru engin takmörk, menn gátu keypt upp litla báta og sameinað þá í stærri skip, og yfir í hitt að flytja hér frv. um að afkastagetan skuli minnka um helming við hverja endurnýjun, um 50%, og að Þróunarsjóðurinn komi til viðbótar til sögunnar og kaupi báta út úr hópnum. Þetta er engin smá kúvending í meðferð þessara mála. Eru rök fyrir þessu? Ég spyr t.d.: Er það gáfulegt, er það hyggilegt, er það sanngjarnt gagnvart manni sem á segjum þriggja tonna gamla trillu og hefur lengi átt og vill nú endurnýja hana í sambærilegu skipi, er ekki að dreyma neina drauma um að stækka við sig eða neitt, vill bara fá að eiga haffæra þriggja tonna trillu, að hann skuli þurfa annaðhvort að kaupa annað eins skip eða fara niður í eins og hálfs tonna skel? Er það réttlæti? Er það jafnræðisregla í reynd? Segjum nú að þetta sé bóndi á Skaga og hann hafi gert út á sínu horni í 25 ár með nákvæmlega sama hætti, dregið nokkur hundruð kg eða nokkur tonn í soðið fyrir sig og sína og til þess að mega þetta í dag þarf hann að hafa krókaleyfi og fékk því úthlutað. Og nú er þetta hrip hans orðið nokkuð lasið og hann vill ná sér í sambærilegan bát sem getur áfram þjónað sama tilgangi. Nei, takk. Hann verður annaðhvort að kaupa sér þrjú tonn í viðbót til þess að mega halda óbreyttri stærð á sínu horni eða fara niður í helmingi minna skip, gott ef ekki henda úr því vélinni, það verður kannski sett inn næsta ár. (Gripið fram í.) Og fara bara á árar aftur. (Gripið fram í.) Já.

Í alvöru talað, herra forseti, þá held ég að hér sé komið að vissu takmarkamáli og ég leyfi mér að spyrja: Væri ekki hægt að skoða það að setja a.m.k. eitthvert gólf í þetta þannig að menn með báta undir þremur tonnum gætu endurnýjað í sama? Því að það er þannig, það vill svo til að ég þekki það, að nokkur hundruð af þessum krókabátum eru akkúrat svona bátar. Þetta eru lítil horn manna sem hafa lengi gert út með tilteknum hætti og margir hverjir eru ekki með neinar hugmyndir um að breyta sínum útgerðarháttum neitt eða gera neitt slíkt. En þessir menn yrðu augljóslega mjög fyrir barðinu á breytingum af þessu tagi. Þarna held ég að menn þurfi aðeins að staldra við þó að ég skilji vel viðleitni manna til þess að taka á þessu með einhverjum hætti.

Síðan kemur að takmörkunum á sókn krókabátanna. Þar er lagt til í frv. að mönnum skuli nú enn gert að velja. Nú skuli menn velja á milli þess að taka á sig

aflahámark, sem getur legið einhvers staðar á bilinu 55–60% af þeim afla sem þeir hafa haft bestu tvö af þremur sl. árum, og hins að taka á sig einhver hundruð banndaga í viðbót. Við þetta er auðvitað margt að athuga þegar maður hugsar málið betur.

Í fyrsta lagi er reynslan af því að pína menn til að velja með þessum hætti ekki góð eða er það? Hefur enginn hér inni samviskubit út af því hvernig útgerðarmenn smábáta undir 6 tonnum voru píndir til að velja annaðhvort aflamark eða krókaleyfi á sínum tíma í algerri óvissu um hvernig það kæmi svo út? Hefur engum liðið illa yfir þeirri stöðu sem aflamarkssmábátar með slaka reynslu hafa haft undanfarin ár og vegna þess að þeim hefur verið gert að sitja uppi með það val og ekki átt kost á því að taka það upp aftur þrátt fyrir breyttar aðstæður og kannski þróun sem enginn sá fyrir? Það hefur enginn neitt samviskubit út af því, er það? Nei. Heldur ætla menn að láta menn velja aftur og nú krókaleyfishópinn þannig að í kjölfarið verði þrjár tegundir smábáta undir 6 tonnum við veiðar á Íslandi, þrenns konar stjórnunarform á þessum flota. Það verða smábátar á aflamarki, það verða krókaleyfisbátar með aflahámarki og það verða krókaleyfisbátar með banndögum. Er þetta einföldun á stjórnkerfi fiskveiða?

Eftir 2–3 ár kemur kannski í ljós að annar hópurinn, annað valið, reynist bersýnilega óhagstæðara. Hvað ætla menn að gera þá? Á þá að fara eins með þann hóp eins og aflamarkssmábátanna marga hverja undanfarin ár? Þeir verða bara að sitja uppi með það, því miður. Þú ert bara óheppinn, vinur, þú valdir vitlaust. Þetta óréttlæti verður þú bara að bera héðan í frá. Ég staldra við það hvort við séum að taka hér sanngjarnt á málum með því að þvinga menn til að taka ákvarðanir við kringumstæður sem þeir geta síðan ekki tekið til baka. Því þetta er þvinguð ákvaðanataka og það er meira að segja gert ráð fyrir því í frv. að menn verði píndir til að taka þessa ákvörðun á einum mánuði. Þeir hafa ekki forsendur til þess m.a. vegna þess að frv. útfærir ekki annan valkostinn, þ.e. hina svokölluðu eða áformuðu róðrardaga. Mönnum er ætlað að taka þessa ákvörðun í blindni, í óvissu um það hvernig annað stjórnunarformið verður. Þeir sem velja aflahámarkið vita að vísu, a.m.k. fyrst um sinn þangað til því verður þá breytt, að banndagar verða óbreyttir plús aflahámarkið sem fundið er út samkvæmt aflareynslu viðkomandi báts með tilteknum hætti. Hinir sem vildu frekar velja sér sóknartakmarkanir eru í fullkominni óvissu um hvernig það kerfi verður útfært vegna þess að það er skrifað í skýin með ákvæði til bráðabirgða um að einhvern tímann í framtíðinni þegar gervitunglatækninni hafi fleygt svo fram að hægt sé að fylgjast með mönnum dag og nótt með sérstökum nemum þá yrði tekið upp róðrardagkerfi.

Ég held að það sé mjög mikið umhugsunarefni hvort hægt sé að stilla mönnum upp með þessum hætti og þvinga þá til að taka ákvörðun um afdrifaríkt hagsmunamál sitt á einum mánuði án þess að stjórnvöld leggi þá forsendu málsins fyrir. Ég mundi gera mjög mikinn greinarmun á því ef menn stæðu frammi fyrir svona vali ef fyrir lægi lögfest og útfært róðrardagakerfi þannig að menn sæju og vissu alveg upp á hár hvernig það mundi koma út. Það væri allt annar hlutur og er ég þó ekki að segja að það sé skemmtilegt að pína menn til þess að taka ákvörðun um lífshagsmuni sína með þessum hætti.

Ég held að það sé satt best að segja þannig að það sé stórkostlegur ábyrgðarhlutur ef Alþingi samþykkir að pína hluta krókaleyfisflotans til þess að fara á það banndagakerfi sem hér er verið að leggja til þannig að menn megi kannski róa hundrað daga eða eitthvað líðlega það á hverju ári. Menn hafa haft miklar áhyggjur af því hvernig banndagakerfi kæmi út af öryggisástæðum ekki síst, þ.e. þegar menn eru látnir vera í landi svo og svo langan tíma og eiga síðan ákveðinn tíma til að sækja sjó þá hneigist menn til þess að róa í verri veðrum en ella og taka jafnvel allt of mikla áhættu. Hvernig halda menn að ástandið verði ef fjölgun banndaganna verður sem hér stefnir í og menn eiga að reyna að bjarga sér og hafa afkomu af því að róa þá örfáu daga á ári sem eftir verða ef það verður áfram banndagakerfi? Ég hef miklar áhyggjur af því. Ég held að það væri allt annar hlutur að setja þessa takmörkun á og svo geta menn rætt um það sem sjálfstætt atriði hvort það þarf að minnka þetta svona. Er það óumflýjanlegt? Það er annað mál og ég kem kannski að því seinna ef ég hef tíma til.

Þetta vil ég ræða fyrst og það er: Getum við gert þetta svona? Ef við værum að breyta yfir í annars vegar róðrardagakerfi, tiltekinn fjölda róðrardaga sem menn mættu velja sjálfir og róa þá að sjálfsögðu þegar almennilegt veður væri, og hins vegar aflahámarkskerfið þá væri það talsvert annar hlutur. Ég hef heyrt það frá mönnum að þeir telji að róðrardagakerfið sem slíkt hefði ýmsa kosti umfram það sem nú er. Þá mun sjálfræði manna til að standa að útgerðinni eins og þeir vilja stóraukast ef þeir velja dagana sjálfir. Menn geta jafnvel gert sér meira verðmæti úr aflanum, menn geta gert út með minni tilkostnaði og svo framvegis. Ýmsir slíkir möguleikar mundu opnast í því kerfi sem ekki eru fyrir hendi í banndagakerfinu. Fyrir utan það sem mér finnst skipta langmestu máli að það er á allan hátt miklu geðfelldari aðgerð og framkvæmd. Það er það frá öryggissjónarmiðum og frá mannlegum sjónarmiðum. Menn geta þá ráðið sínum tíma sjálfir. Það er miklu meira í samræmi við eðli þessara ágætu manna sem við þekkjum, trillukarlana, að vera sjálfs sín herrar í þessum efnum eins og öðrum.

Og ég segi: Ég gef ekkert fyrir þetta gervihnattakjaftæði, bara ekkert fyrir það. Það þýðir ekkert að segja það við mig að með einum tilteknum þætti af þessu tagi í löggjöf landsins sé ekki hægt að hafa eftirlit nema með gervihnöttum. Af hverju þarf þá ekki eins að hafa gervihnattaeftirlit með öllu öðru? Af hverju þarf ekki að hafa túðu framan við munninn á hverjum einasta bílstjóra í landinu sem sendir merki upp í gervihnött um það hvort hann keyri fullur eða ekki? Hvernig ætla menn að reyna að segja það við okkur að ekki sé hægt að hafa eftirlit með þessum eina þætti með einhverjum öðrum aðferðum?

Þetta er bara rugl. Það er verið að blekkja menn.

Staðreyndin er sú að menn eru á móti því að útfæra þennan valkost. Menn þvælast fyrir, menn draga lappirnar. Menn finna þessu allt til foráttu á sama tíma og það úir og grúir af reglum í þjóðfélaginu og líka í fiskveiðistjórnuninni sem er miklu flóknara að hafa eftirlit með en þessu. Hvernig fylgist Fiskistofa eða ráðuneytið með því hvað margir krókar eru á línu í hverjum bát eða að réttur netafjöldi sé í trossu? Þetta er auðvitað bara rugl. Það er miklu einfaldara að fylgjast með því hvar heill bátur er heldur en hvernig einstök veiðarfæri liggi í sjó, hvað þau eru mörg hnýtt saman, hver möskvastærðin er og allt þetta. Fyrir utan allt annað sem við setjum boð og bönn um í þjóðfélaginu og höfum enga gervihnetti til að vakta fyrir okkur. Ætlum við að láta selja okkur þetta svona?

Ég fullyrði að það eru margar aðferðir, handvirkar aðferðir til til þess að fylgjast með róðrardagakerfi sem eru alveg fullnægjandi borið saman við réttargæslu almennt í landinu. Ég hef t.d. bent á það, það er ekki mín hugmynd, að hægt væri að hugsa sér þetta þannig að það væru landlegudagarnir sem væru taldir og haft eftirlit með. Menn yrðu að skila inn kvittunum fyrir tilteknum fjölda landlegudaga, afgangurinn væri þá sóknardagar eða róðrardagar. Þetta gerðist einfaldlega þannig að það væri fylgst með því að bátarnir væru í höfn og hafnarverðir eða viktunarmenn eða einhverjir slíkir aðilar gæfu út um það kvittun eða seðil eða árituðu bók í viðkomandi skipi um að það hefði verið í höfn þennan og þennan sólarhringinn. Menn mundu væntanlega taka hafnardagana út í löngum stoppum þannig að auðvelt væri að fylgjast með því og menn yrðu að framvísa sönnun þess að þeir hefðu verið í höfn ella teldist það sóknardagur. Er þetta flóknara en margt annað? Var það ekki svona sem sóknarmarkinu var stjórnað á sínum tíma? Og er ekki tekin önnur eins áhætta í heiminum og það að prófa þetta t.d. á næsta ári? Ef það reyndist ófullnægjandi þá hefðu menn þó gert þessa tilraun og þá væri einu ári styttra þangað til að gervihnattatæknin mikla væri komin sem er svo reyndar fullyrt við okkur í sjónvarpinu að sé til. Ég veit ekki betur en búið sé að styrkja hér aðila í áratugi til að útbúa sjálfvirkt eftirlitskerfi fyrir tilkynningarskylduna sem byggir á landstöðvum og það kerfi er til og sumir segja að það væri bæði ódýrara og einfaldara en þetta gervihnattarugl. Ég gef ekki mikið fyrir þetta.

Ég held að við ættum að skoða það mjög vandlega hvort við getum ekki sett vinnu í það að útfæra þetta róðrardagakerfi og láta menn ekki standa frammi fyrir þessu vali fyrr en það er tilbúið. Það er á allan hátt miklu geðþekkari nálgun á málinu. Ég hef dauðans áhyggjur af því að menn fari út í annan vetur með enn þá fleiri banndögum en voru á þessu ári. Menn hefðu átt að fara á smábátastaðina á sl. vetri eins og gæftirnar voru búnar að vera t.d. í mars þegar ég heimsótti Grímsey og heyra hljóðið í mönnum þar. Ekki bara í sjómönnunum heldur konunum þeirra. Ég held að það hefði verið lærdómsríkt fyrir einn og einn mann. Það er ekki gaman að vita af því sem er að gerast í þessum málum í dag. Ég legg því eindregið til að við tökum okkur tíma í að skoða þetta.

Í 3. gr. frv. er lagt til að tvöföldunarreglan svonefnda falli út. Á það hefur verið bent að henni fylgja ýmsir annmarkar. Ég ætla ekki að orðlengja um það. Ég skil það vel að hún rekst á við ýmislegt annað í þessu kerfi. Reyndar stendur það svo að sjómenn hafa því miður verið í verkfalli í annað sinn á einu og hálfu ári til að reyna að leysa vandamál þessu tengd, þ.e. verðlagningarvandamál á fiski. Finnist lausn í þeim efnum má segja að óþarfi sé að vera að halda til haga reglum af þessu tagi. Ef ekki þá kann það enn að vera svo að sjómenn sjái sér einhverja vörn í þessu sem hamlandi aðgerð gegn þeim leiguliðaviðskiptum sem þarna eiga í hlut.

Þá kemur að ákvæði til bráðabirgða I þar sem fjallað er um úthlutun á 5.000 tonnum árlega til jöfnunar gagnvart þeim sem fyrir mestum búsifjum verða í samdrætti veiðiheimilda. Til að gera langt mál stutt þá tel ég einsýnt að styðja þetta ákvæði. Þetta er algerlega í samræmi við það sem við þingmenn Alþb. höfum áður lagt til. Þetta er viðurkenning á okkar málflutningi á síðasta kjörtímabili en við höfum að vísu lagt til að þetta magn yrði helmingi meira. Nú skal það upplýst, herra forseti, að hér kemur merkt skjal í ræðupúltið, það er verkefnaskrá sjútvrn. frá 20. apríl 1995. Er hún þá sem sagt komin í hús.

Þá kemur að enn öðru ákvæði til bráðabirgða um 500 tonn til ráðstöfunar til þeirra byggðarlaga sérstaklega sem háðust eru smábátaveiðum eða krókaveiðum. Um það ákvæði vil ég segja að ég skil hugsunina og ég styð hana. En útfærslan á þessu er hins vegar nokkuð sérkennileg og ég óttast að þetta nái ekki tilgangi sínum eins og þetta er sett fram, þ.e. sú hugsun að einungis megi úr þessum potti úthluta til þess hluta krókaleyfisbáta sem velja aflahámark í því skyni að bæta ofan á aflahámark þeirra í þeim byggðarlögum sem í hlut eiga. Hvað erum við að tala um hér? Við erum væntanlega að tala um nokkra staði í landinu sem eru algerlega háðir smábátaútgerð, Grímsey, Borgarfjörður eystri, Bakkafjörður, o.s.frv. En nú háttar ekki endilega þannig til að vandamál þeirra staða sé sérstaklega það að krókabáta sem velja aflahámark, sem við vitum ekki hve margir verða eða hvort verða nokkrir, vanti viðbót. Vandinn er væntanlega sá að atvinnulíf þessara byggðarlaga er 100% háð smábátaútgerð. Hér er sú hugsun á ferðinni að við ætlum að taka tillit til þess, hlífa þessum byggðarlögum við þeim niðurskurði sem orðinn er í veiðiheimildum og þar með í atvinnulífi þessara staða. Því á sama tíma og sjávarútvegur vigtar 3% í Reykjavík þá vigtar hann 100% í Grímsey. Þar af leiðir að 20% skerðing í sjávarútvegi er 20% skerðing á atvinnulífinu í Grímsey, en ekki nema kannski 3% í Reykjavík. Það er þetta sem verið er að tala um.

Ég legg þess vegna til að þessi pottur verði þannig úr garði gerður að ráðstöfun hans verði tiltölulega óbundin og menn verða að treysta sér til að fara með þetta. Ég hefði talið eðlilegt að hann kæmi kannski að hálfu úr óskiptum hlut aflamarksbáta og að hálfu úr krókaleyfispottinum og að honum væri síðan hægt að

ráðstafa til viðkomandi byggðarlaga og þeirra útgerða eða fiskvinnsluaðila þar sem best gætu nýtt sér hann til að efla atvinnulíf og halda uppi tekjum í viðkomandi byggðarlögum.

Þetta er hrein og klár byggðapólitísk aðgerð og ber að skoðast og meðhöndlast sem slík. En ég endurtek að hugsuninni er ég sammála og ég hef alllengi verið þeirrar skoðunar að óhjákvæmilegt sé af byggðapólitískum og sanngirnisástæðum að viðurkenna sérstöðu nokkurra byggðarlaga sem eru algerlega háð sjávarútvegi og bátaútgerð. Ég vil gjarnan stuðla að því að á þessu verði fundin sú útfærsla sem er ásættanleg.

Herra forseti, tími minn er búinn og ég ætla að segja það að lokum að hér er ekki á ferðinni á nokkurn hátt endurskoðun löggjafar um sjávarútvegsmál eða heildstæða stefnumótun í sjávarútvegi og ýmsa grunar að slíkt standi yfir höfuð ekki til á kjörtímabilinu eða af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Hér er fyrst og fremst verið að plástra á þetta kerfi og sýna lit þó í litlu sé til að standa við loforð sem gefin voru fyrir kosningar.

[12:14]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði að það væri ábyrgðarhluti fyrir okkur að fara í óbreytt banndagakerfi smábáta eins og málin standa í dag. Þess vegna er verið að flytja þessi frv. vegna þess að menn eru að leggja til leiðir, umdeilanlegar leiðir vissulega, sem gera það að verkum að ekki er verið að pína þennan flota inn í banndagakerfið óbreytt. Vegna þess að við sáum það einfaldlega ekki fyrir í lagasetningunni fyrir rúmu ári síðan að það stefndi í þennan mikla fjölda banndaga. Ef við hefðum séð það fyrir þá hefðum við að sjálfsögðu reynt að útfæra kerfið með þeim hætti fyrir rúmu ári síðan að til þess hefði ekki þurft að koma.

Aðalatriði þessa máls er í mínum huga það að hér er sett í frv. ákvæði til bráðabirgða III þar sem gert er ráð fyrir því að hægt sé að hverfa frá banndagakerfi og til róðrardagakerfis, sóknardagakerfis, alveg eins og Landsamband smábátaeigenda lagði til fyrir rúmu ári síðan. Þá komust menn að þeirri niðurstöðu að það kerfi væri ekki framkvæmanlegt. Ég er á margan hátt sammála hv. 4. þm. Norðurl. e. um það að ég held að í þessu tali um að þetta sé svo erfitt vegna eftirlitsins séu menn að fara með miklum ýkjum. Ég er sannfærður um það og hef sannfærst um það á undanförnum dögum að sú tækni sem þarf til til að eyða þeirri tortryggni, ekki til að sannfæra mig heldur til að eyða þeirri tortryggni sem hefur ríkt í garð þessa kerfis er til staðar. Þess vegna finnst mér að við eigum ekki hér og nú að deila um það eða reyna að gera tortryggilegar einhverjar tæknilegar lausnir sem til staðar eru. Það hefur verið bent á fjölmargt í þessu sambandi, það hefur verið bent á strandstöðvalausnina, það hefur verið bent á þessa gervihnattalausn sem að sjálfsögðu er engin ný lausn, þetta er allt saman til staðar eða beitt með öðrum hætti. Og það hefur verið bent á að það mætti hugsanlega gera þetta í gegnum lóðsinn. Það er ekki okkar viðfangsefni við 1. umr. að ákveða það. Aðalatriðið er það að við tökum jákvætt á því sjónarmiði og því markmiði sem fram kemur í frv. um að færa okkur frá banndögunum að róðrardögunum. Það finnst mér vera stærsta málið sem við erum að ræða um í dag.

[12:16]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekkert að ræða þetta með kröfu um að við leysum þessi mál öll í umræðunni. Ég er hins vegar að reifa þau vandamál sem hér er við að fást og lýsa sjónarmiðum til þeirra og auðvitað læt ég það koma fram ef ég tel til að mynda að menn séu að ýkja eða gera sér nánast upp erfiðleika í sambandi við það að útfæra þetta róðrardagakerfi sem ég held að sé ekkert óskaplega flókið. Ég held að menn taki enga óskaplega áhættu með því að byggja þar á einhvers konar hefðbundnu eftirliti eða treysta því að menn hlýði lögum. Er það allt í einu þannig að það sé fundin ein stétt í landinu sem ekki sé hægt að setja tilteknar reglur gagnvart af því að það sé alveg öruggt mál að hún muni svindla svo ofboðslega nema fullkomið gervihnattaeftirlit sé í gangi? Ég skil ekki almennilega þennan málflutning að þetta skuli vera svona. Ég sé ekki að við hefðum yfirleitt miklar reglur hér í landi, boð eða bönn, ef eftirlitið þyrfti í öllum öðrum tilvikum að vera svona óskaplega skothelt. Við mundum ekki leggja á mikla skatta, er það, því við vitum að það er dálítið svikið undan skatti. Við yrðum náttúrlega að gefast upp við það með sömu rökum.

Þetta er bara þannig að þetta stenst ekki. Ég teldi langheppilegast að við fengjum tíma til að útfæra þetta mál. Það sem ég teldi skynsamlegast að gera væri að *fresta afgreiðslu þessa máls að öðru leyti en því að úthluta því sem stendur til að úthluta til jöfnunar gagnvart aflamarksbátunum* og láta milliþinganefnd með einhverjum hætti vinna í því að útfæra þessi kerfi almennilega. Það er að sjálfsögðu hægt að skapa sér tíma í þessum efnum með bráðabirgðaráðstöfunum. Það væri hægt að framlengja núverandi ástand eitthvað lengra inn á haustið o.s.frv. Það eru ýmsir möguleikar til í því ef viljinn er fyrir hendi að leita að aðferðum sem ganga upp í þessu sambandi. En það að ætla að keyra þetta svona í ár á jafnóljósum forsendum og raun ber vitni og þegar þetta jákvæða í málinu, sem ég er sammála hv. þm. að er, þ.e. vonin um róðrardagakerfið, er skrifað í skýin. En þannig er staða málsins enn þá, því miður, þó eitthvert ágætt ákvæði til bráðabirgða III sé þarna fyrir hendi. Það lágmark hefði nú verið að snúa málinu við. Lögfesta ákvæðin um róðrardaga en hafa síðan bráðabirgðaákvæði um að gildistöku þess væri eitthvað frestað.

[12:18]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Lýsing hv. 4. þm. Norðurl. e. á því að við í þinginu séum sjaldnast að samþykkja lög sem feli í sér mikið eftirlit er ekki rétt. Ég held að við höfum samþykkt á síðasta þinginu óteljandi fjölda laga sem fela í sér hið ólíklegasta eftirlit. Af því að hv. þm. nefndi skatteftirlitið þá veit ég að hann sem sat í efh.- og viðskn. Alþingis gæti farið yfir það í örstuttu máli,

eins og honum er lagið, hvernig við vorum að auka skatteftirlitið í landinu, hvernig við vorum að auka eftirlit með þeim sem aka um á dísilbílum, svo ég taki dæmi, og þar fram eftir götunum.

Þetta er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er það að ég var alveg sammála því að mér finnst þessi áhersla á eftirlit vera að ganga út yfir allt. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé yfirþyrmandi vandamál að fylgjast með róðrardögunum. Ég held að það sé ekki þetta stóra vandamál. Hins vegar geri mér grein fyrir því að við stöndum frammi fyrir því að við verðum að eyða tortryggni margra í þjóðfélaginu og þess vegna verðum við að reyna að útbúa kerfi sem menn telja nokkurn veginn helt. Ég held að það sé ekki flókið. Ég er orðinn sannfærður um að sú tækni er til staðar sem dugir til þess að eyða þessari tortryggni og þá eigum við bara að fara í það verk, ljúka því sem fyrst og innleiða kerfi róðrardaga sem ég trúi ekki öðru en að við séum alveg sammála um í þinginu að sé meginmarkmiðið og hefur verið og er meginmarkmið Landssambands smábátaeigenda og þeirra smábátaeigenda sem ég tala við á degi hverjum.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að ágreiningur okkar þegar allt kemur til alls sé ekki þessi stóri mikli. Við erum sammála um það að vilja stefna inn í róðrardagakerfi. Við teljum að núverandi banndagakerfi eins og það er í dag vegna þess að við sáum ekki fyrir aðstæðurnar fyrir ári síðan sé stórhættulegt. Við verðum að komast út úr því. Þetta frv. er tilraun til þess og aðalmálið í því sambandi er ákvæðið um róðrardagana. Þar er ekkert verið að skrifa eitthvað í skýin, það er verið að lögfesta skylduna um að koma því á.

[12:21]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gott að við erum sammála og þá er þetta ekki andsvar hjá hv. þm. heldur einhvers konar meðmæli eða stuðningur. (**Gripið fram í:** Samsvar.) Þetta er líklega samsvar. En eftir stendur að sú leið er valin í frv. að lögfesta ekki róðrardagakerfið heldur er sett inn ákvæði til bráðabirgða sem setur það algjörlega í hendur sjútvrh. hvenær eða hvort hann tekur það upp. Ef sjútvrh. verður aldrei ánægður með framþróun gervihnattaiðnaðarins þá getur hann bara frestað því ad infinitum. Það er þannig. Það er hin formlega staða málsins samkvæmt lögum.

Nú er þetta allt hið sérkennilegasta eins og hv. þm. bendir á því hér er verið að ýkja þennan eftirlitsþátt mjög upp. Það er alveg ljóst að við setjum iðulega lög þar sem við vitum að jafnvel þrátt fyrir eftirlit verða einhver undanbrögð að því að þeim sé í 100% tilvika framfylgt. Það vita allir menn hvort sem heldur er boð og bönn í sambandi við áfengismál, skatta eða annað því um líkt. Við setjum oft lög þar sem ljóst er að afar erfitt er að hafa eftirlit en þá er það ætlað mönnum sem heiðvirðum borgurum að þeir leitist við að fara eftir lögunum og þeim er ekki ætlað annað fyrir fram en að þeir geri það almennt séð. En hér virðist allt í einu sönnunarbyrðinni algjörlega vera snúið við. Það er reiknað með því að menn brjóti lögin nema hægt sé að koma í veg fyrir það með einhverju gífurlegu eftirliti. Þetta hefði einhvern tímann verið kallað lögregluríkishugsun og er sérkennilegt hverjir standa fyrir henni hér, stuðningsmenn núverandi stjórnarflokka.

Kostulegast af öllu er svo þegar það eru endalausar fréttir um það að eftirlitskerfið sé þegar til, bæði í formi landstöðva og gervihnatta. Var ekki öll þjóðin að fylgjast með því í vor þegar álftirnar komu frá Bretlandi og menn vissu nákvæmlega á hvaða þúfu í Þykkvabænum þær settust. Ég sé ekki annað en þá hafi gervihnattakerfið verið fyrir hendi.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill geta þess að á mælendaskrá eru nú 14 hv. þingmenn. Þeim og öðrum hv. þm. til glöggvunar liggur mælendaskrá frammi í hliðarherbergi við þingsalinn. Sakni einhverjir hv. þm. nafns síns þá geri þeir forseta viðvart.

Þá vill forseti geta þess að um klukkan eitt verður gefið 20 mínútna fundarhlé og að því loknu fara fram atkvæðagreiðslur um 1.–5. dagskrármálið.

[12:23]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það var langþráð stund þegar hæstv. sjútvrh. lagði fram frv. sín um stjórn fiskveiða og það var vonum seinna. Eins og menn muna gat hæstv. forsrh. þess margsinnis í sumarbyrjun að yfirstandandi vorþing ætti ekki að standa nema í tíu daga og það ætti að verulegu leyti að fjalla um stjórn fiskveiða. Hann ítrekaði jafnframt margsinnis í fjölmiðlum að vegna þess hversu styrkur meiri hluti hæstv. ríkisstjórnar er yrði tæpast erfitt að ljúka málum.

Herra forseti. Það liggur að vísu ekki alltaf vel fyrir við hvaða tímatal hæstv. forsrh. styðst þegar hann er að gefa sínar frægu yfirlýsingar um hinar og þessar dagsetningar eins og menn muna vel frá síðasta kjörtímabili en a.m.k. miðað við almanak Þjóðvinafélagsins þá ætti hið háa Alþingi fyrir löngu að vera komið heim. Þeir tíu dagar sem hæstv. forsrh. gaf okkur af alkunnri gæsku sinni eru löngu liðnir en hérna erum við samt og getum ekki annað. Ástæðan er auðvitað öllum ljós. Ástæðan er einfaldlega sú að stjórnarliðið, hinn styrki meiri hluti, hefur logað í ágreiningi í allt vor sem hefur ekki bara sett spor sín á þingið heldur hefur vesalings þjóðin mátt þola þetta líka því það hefur tæpast verið hægt að opna fyrir fjölmiðil eða opna dagblað á síðustu vikum án þess að yfir mann hellist ágreiningur stjórnarliðsins, hinnar styrku stjórnar, og fyrst og fremst um sjávarútvegsmálin.

Þetta, herra forseti, er ríkisstjórnin sem hæstv. forsrh. gumaði af að væri svo sterk. Ja, hvílíkur styrkur. Það hefur ekki tekist að koma fram málum. Það hefur ekki tekist að ná fram frv. hæstv. ríkisstjórnar vegna þess að stjórnarliðið hefur staðið í innbyrðis ágreiningi og nánast í innbyrðis slagsmálum um þessi mál. Ég minnist þess ekki satt að segja, hæstv. forseti, að nokkur ríkisstjórn hafi nokkru sinni stigið jafngæfulítið spor í byrjun síns ferils. Og ég spyr líka, herra forseti: Hvenær hefur það gerst að á fyrstu vikum nýrrar ríkisstjórnar er einum hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinn-

ar bókstaflega settur stóllinn fyrir dyrnar af samstarfsflokknum og rekinn heim með skottið á milli lappanna eins og hæstv. sjútvrh. mátti þola af Framsfl.? Hann er að vísu vanur því líka frá fyrri ríkisstjórn í einmitt þessum málaflokki en af því að mér er hlýtt til sjútvrh. eins og þingheimur veit þá ætti ég kannski að benda honum á það í fullri vinsemd að hann ætti að undirbúa sín mál betur í framtíðinni. Það er satt að segja leiðinlegt fyrir vini hæstv. sjútvrh. að sjá hann rekinn á hverju einasta kjörtímabili heim með þau frv. sem hann sjálfur lýsir yfir að séu þau mikilvægustu sem hann vill leggja fram. Þetta er ekki góður ferill, hæstv. sjútvrh., og ekki honum samboðið. (**Sjútvrh.:** Þá er þetta ekki einsdæmi, hv. þm.) Það er einsdæmi að það gerist á fyrstu vikum nýrrar ríkisstjórnar. Það gerðist á síðasta kjörtímabili en ekki fyrr en tvö ár voru liðin af kjörtímabilinu og þáv. umhvrh. var kominn í ríkisstjórnina til að véla um sjávarútvegsmál, m.a. krókaleyfisflotann, við sinn ágæta vin sem situr enn þá í stóli hæstv. sjútvrh.

En það má kannski segja það, herra forseti, að þetta ber vitni um að það er myljandi gangur í stjórnarliðinu og það má óska hæstv. ríkisstjórn til hamingju með það að vera nú loksins búin að koma fram þessum málum. Sérstaklega vil ég óska mínum ágæta vini, hæstv. sjútvrh., til hamingju með það sem honum hefur tekist nú þegar. Nú hefur honum tekist það sem honum hefur aldrei tekist áður. Honum hefur tekist að beygja stjórnarliðið undir stefnu LÍÚ í sjávarútvegsmálum, honum hefur tekist, nánast, að koma krókaflotanum sem LÍÚ hefur mesta andstöðu við inn undir kvóta. Það er árangur sem honum hefur aldrei tekist áður og það sýnir að hæstv. sjútvrh., sem Sjálfstfl. víða um land barðist að vísu gegn í síðustu kosningum, eflist þróttur og styrkur. Og því ættum við vinir hans að sjálfsögðu að gleðjast yfir. Ég er ekki viss um að það geri allir aðrir.

Menn biðu, hæstv. forseti, með nokkurri eftirvæntingu eftir þeim frv. sem sjútvrh. lagði fram. Það voru ekki síst sjómenn sem reka einstaklingsútgerðir sem biðu eftir því vegna þess að þeir höfðu fyllstu ástæðu til þess að vænta betri tíðar. Ekki bara vegna þeirrar verkefnaskrár sem hæstv. sjútvrh. lagði sjálfur fram í ríkisstjórninni og fékk samþykkta þar heldur ekki síður vegna þeirra yfirlýsinga sem komu fram hjá stjórnarliðum í aðdraganda kosningabaráttunnar og líka eftir kosningar. Og það var meira að segja hæstv. forsrh. sem gaf gildustu yfirlýsingarnar og ætli það væri ekki góður vegur að hefja þessa umræðu, herra forseti, með því að fara aðeins yfir sviðið og rifja það upp hvað menn sögðu.

Ég tek það að vísu fram að flest af þeim loforðum sem menn gáfu hafa ekki gengið eftir en ég vil líka taka það fram að hæstv. sjútvrh. lofaði litlu, enda vanur maður og gengur yfirleitt ekki á bak þeirra orða sem hann setur fram. Hann gætti þess vel að lofa engu í þessari kosningabaráttu þannig að hann hefur ekkert svikið. (Gripið fram í.) Hann hefur einfaldlega keyrt í gegn þá stefnu sem hann hefur árum saman fylgt og er að því leyti til fyllilega samkvæmur sjálfum sér. Málið var bara það að áður voru bersýnilega menn sem höfðu ekki gúmmí í fótleggjunum og gátu tekið á móti honum þegar hann var að reyna að koma fram þeirri stefnu sem mér heyrist að allir sem hafa talað undanfarna daga í fjölmiðlum séu andstæðir.

Herra forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir rak kosningabaráttu sem var fróðleg. Þar var meginþunginn á nýrri sjávarútvegsstefnu sem fól það í sér að hlutur bátaflotans yrði stórefldur á kostnað togaraflotans. Hún lagði það beinlínis til að togaraflotinn fengi ekki nema 15% af þorskkvóta landsmanna og allt hitt ættu bátarnir að fá. Það er hægt að færa mörg góð og gild rök fyrir þessari stefnu eins og ég efast ekki um að hv. þm. hafi gert í sinni kosningabaráttu. En það var enginn sem gekk jafnlangt og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og menn spyrja auðvitað núna: Hvar eru stóru orðin sem hv. þm. lagði af stað með í sinni kosningabaráttu? Hvar eru efndir allra þeirra yfirlýsinga sem hún gaf krókabátamönnum og smábátamönnum öðrum í sinni kosningabaráttu og sem hv. þm. Kristján Pálsson skrifaði um góða grein í Morgunblaðinu og taldi yfirboð og gylliboð. Nú kemur það í ljós að hv. þm., einn af uppreisnarmönnunum í liði Sjálfstfl., hafði rétt fyrir sér. Þetta reyndust gylliboð, þetta reyndust yfirboð vegna þess að í þeim frumvörpum sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur samþykkt er afskaplega lítið að finna um þau loforð sem hún gaf á mörgum fundum á Suðurnesjum og þau loforð sem hún ræddi líka í fjölmiðlum. Loforðin finnast einfaldlega ekki í þessum frumvörpum sem hv. þm. hefur samþykkt.

Það má e.t.v. finna þeim einhvern stað í þeim 5 þúsund tonnum sem á að setja yfir á öll skip nema frystitogara, en jafnvel þar er það ekki bátaflotinn einn sem situr að þeim, togararnir fá það líka. Það var aldrei ætlunin, var það, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir? Ég spyr hv. þm.: Ætlar hún að byrja sinn þingferil, sem væntanlega verður glæstur og hefur alla burði til þess, á því að svíkja þau loforð sem hún fékk mjög mikið fylgi út á?

Ég skil mætavel, herra forseti, að sú stefna sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir rak í sinni kosningabaráttu átti ekki upp á pallborðið hjá Framsfl. En það skiptir ekki máli. Hv. þm. Hjálmar Árnason sem hefur löngum stundum haft atvinnu af því að ala upp ungt fólk og innræta því rétt siðferði getur sagt sinni ágætu flokkssystur á Suðurnesjum að það sem skiptir máli er trúnaður, trúnaður við kjósendur og trúnaður við sjálfan sig. Ég held að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir ætti að leita ráða hjá honum um þetta vegna þess að sú staðreynd að hún stendur að þessum frumvörpum og hefur þegar samþykkt þau í sínum þingflokki felur í sér trúnaðarbrest milli hv. þm. og þeirra kjósenda sem hún gaf sín loforð.

Það kann hins vegar að vera að það séu einhverjar skýringar fyrir þessu. Það var til að mynda afar athyglisvert að í kosningabaráttunni gaf hv. þm. skýra yfirlýsingu um það að sér hefði verið hótað af öðrum hv. þm. Framsfl. Það var hún sjálf sem kallaði þetta hótanir. Slík vinnubrögð eru auðvitað afskaplega óvanaleg svo ekki sé meira sagt og það væri fróðlegt

að fá það upp hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hverjir það voru sem hótuðu nýliðanum í þingflokki Framsfl. Hverjir voru það sem beittu þvílíkum bolabrögðum?

Ég vil hins vegar taka það fram að mér semur ágætlega við framsóknarmenn líka og ég er ekki vanur slíkum vinnubrögðum af þeirra hálfu. Þetta er auðvitað mál þeirra sjálfra þó að ég þekki þá ekki að öðru en heiðarleika í samstarfi.

Herra forseti. Í viðtali við DV rekur hv. þm. raunir sínar og segir að hún hafi fengið þessar hótanir í símasamtölum við flokksfélaga sína víða um landið. Það er ekki bara einn maður sem hefur hótað hv. þm. heldur margir víða um landið. Hv. þm. segir í þessu samtali við DV 23. mars: „Áherslur okkar í sjávarútvegsmálum falla ekki í kramið hjá flokknum eins og gefur að skilja. Þess vegna hef ég fengið að heyra það frá sumum. Ef ég mundi vera mjög á skjön við stefnu flokksins mundi ég ekki græða á því pólitískt og jafnvel yrði staðið í vegi fyrir mér í þingflokknum. Ég lít á þetta sem hótanir en tek þær ekki nærri mér."

Mér þykir vænt um það að hv. þm. tekur það ekki nærri sér. Ég mundi taka það nærri mér að fá þvílíkar hótanir frá félögum mínum. Spurningin er hins vegar þessi, herra forseti: Báru þessar hótanir árangur? (**SJS:** Þær eru að gera það þarna.)

Menn taka eftir því að hv. þm. lætur ekki lengur mikið í sér heyra um sjávarútvegsmálin. Það eru aðrir menn á Suðurnesjum sem eru komnir í forustu þar og menn taka eftir því að þegar sett er niður nefnd innan Framsfl. til þess að véla um þessi mál þá eru aðrir menn á Suðurnesjum settir í þá nefnd. En menn verða hins vegar að ganga eftir því að þau miklu loforð sem Suðurnesjamenn gáfu verði með einhverjum hætti efnd. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það verður afskaplega erfitt fyrir þá tvo hv. þm. Framsfl. á Suðurnesjum að ná fram efndum þessara loforða vegna þess að það var hárrétt sem hv. þm. Kristján Pálsson sagði að þetta voru gylliboð, þetta voru yfirboð. Jafnvel annálaður áhugamaður um bátaflotann eins og ég setti ekki fram slík loforð vegna þess að ég vissi að þau voru óframkvæmanleg. En menn verða hins vegar að sjá merki þess að einhver nugur fylgi máli því að menn geta ekki leyft sér að fara í kosningar með svona yfirlýsingar og gera svo ekkert til þess að reyna að ná þeim fram. Þess vegna neyðist ég til þess að spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og Hjálmar Árnason: Munu þau við afgreiðslu þessara mála í þinginu leggja fram frumvörp eða brtt. við frumvörp hæstv. sjútvrh. sem byggjast á þeim yfirlýsingum og þeirri stefnu sem hv. þingmenn ráku í kosningabaráttunni? Mér finnst mikilvægt að það komi fram hvort þessir hv. þm. ætli að standa við það sem þeir sögðu.

Herra forseti. Það voru fleiri sem gáfu yfirlýsingar og ég hygg að það verði fróðlegt í umræðunni að hlusta á ræður hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Þeir gáfu yfirlýsingar, ekki bara fyrir kosningar heldur líka eftir kosningar og frá þeirra munni liggur túlkun á verkefnaskrá sjútvrn. sem er alt önnur en sú sem birtist í frumvörpum hæstv. ráðherra. „Við getum ekki, við munum ekki, við viljum ekki." Þessi orð sem hljóma eins og úr leikriti eftir Dario Fo. Hver sagði þau, herra forseti? Það var hv. þm. Einar K. Guðfinnsson í viðtali við DV fyrir kosningarnar. Það var reyndar dálítið fróðlegur pistill og hann vekur líka ákveðnar spurningar. Þar kemur nefnilega einn af þeim varaþingmönnum sem er á listanum, Guðjón A. Kristjánsson sem er 4. maður á lista Sjálfstfl. á Vestfjörðum, með ansi fróðlegar yfirlýsingar. Það segir í þessum pistli, með leyfi forseta:

„Á sameiginlegum fundi frambjóðenda á Vestfjörðum sem haldinn var í Bolungarvík á dögunum lýsti Guðjón A. Kristjánsson, 4. maður á lista sjálfstæðismanna, því yfir að hann og aðrir frambjóðendur listans höfnuðu stefnu Þorsteins Pálssonar sjútvrh."

Það er ekkert annað. Þarna lýsir varaþm. og formaður eins af samtökum sjómanna því beinlínis yfir að ekki bara hann einn heldur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, hafni allir stefnu hæstv. sjútvrh. Það er von að ráðherrann sitji. Hann hefur sennilega ekki lesið DV, hann hefur ekki orðið var við þetta. Spurningin er þess vegna, herra forseti, vegna þess að þessir tveir hv. þm. gera engar athugasemdir við þetta þannig að með þögninni, a.m.k. samþykktu þeir þá skoðun sem fyrir þeirra hönd var lýst yfir: Hefur eitthvað breyst í stefnu hæstv. sjútvrh.? Styðja þessir tveir hv. þm. Sjálfstfl. sinn ráðherra eða styðja þeir hann ekki?

Staðreyndin er hins vegar að það er svolítið sem hefur breyst í stefnu hæstv. sjútvrh. eins og hún kom a.m.k. opinberlega fram í frumvörpum hans fyrir kosningar og núna eftir kosningar. Það sem hefur breyst er að hæstv. sjútvrh. lagði fram frv. sem honum tókst að koma í gegnum þingflokk sjálfstæðismanna sem gengur miklu lengra en það frv. sem við erum að véla um nú. Í því frv. fólst hreinlega að krókaflotinn eins og hann lagði sig var tekinn og settur undir kvóta. Ég ætla ekki að halda því fram að þeir tveir hv. þm. Einar Oddur og Einar Kristinn hafi samþykkt það, fjarri sé það mér. En þingflokkurinn samþykkti það og bara með því að leggja fram þetta frv. kemur fram breyting á afstöðu hæstv. sjútvrh. Þess vegna er mikilvægt þegar ljóst er að sjútvrh. hefur breytt stefnu sinni enn lengra frá stefnu þeirra tveggja hv. þm. sem ég hef hér rætt um, þá er nauðsynlegt að það komi fram út af þeirri yfirlýsingu sem varaþm. þeirra gaf á kosningafundi í Bolungarvík sem rakin er í DV hvort þeir styðja ráðherrann eða ekki. (**Gripið fram í:** Styðja.)

Ég verð að spyrja, herra forseti, hvað í veröldinni er hægt að hugsa sér sem gengur freklegar í berhögg við þá stefnu sem hv. þm. ráku í kosningabaráttunni en einmitt þetta frv. sem þingflokkur sjálfstæðismanna samþykkti en þingflokkur framsóknarmanna hafnaði? Er hægt að hugsa sér eitthvað undir sólinni sem er fjær þessari stefnu? Ég hef ekki hugmyndaflug til þess, enda bara þingmaður með slaka meðalgreind. En ég verð að segja að það er óhjákvæmilegt annað en að þessir þingmenn geri grein fyrir því hvort þeir styðji ráðherrann. Ef svarið er já, hvaða breytingar eru það í fari eða skoðunum hæstv. ráðherra sem gera það að verkum að þeir telja honum treystandi núna en ekki

fyrir kosningar? Getur kannski verið að það hafi verið vænlegt til atkvæðaveiða á Vestfjörðum að lýsa því yfir að menn styddu ekki félaga sinn? Getur það verið?

Herra forseti. Með góðu leyfi forseta vil ég halda áfram að vísa í þetta merka fréttablað, þennan góða pistil. Þar segir hinn ágæti hv. þm. af Vestfjörðum, Einar Kristinn Guðfinnsson: „Okkur er dauðans alvara með þetta mál." Ég ætla ekki að leggja neinar dýpri merkingar í þetta, herra forseti. „Okkur er dauðans alvara með þetta mál. Við getum ekki, við munum ekki og viljum ekki styðja þá stjórn sem ekki breytir þessu kerfi. Við erum þá að tala um verulegar breytingar í átt til hugmynda okkar." Og hv. þm. segir líka: „Það væri fullkomið ábyrgðarleysi að fylgja þessu máli ekki eftir."

Ég verð að spyrja þessa tvo ágætu kollega mína og hv. þm. Einar Kristinn og Einar Odd: Hvar eru þessar verulegu breytingar? Ég eyddi 32 árum af ævi minni að ganga í skóla til lítils gagns. En ég lærði þó að lesa og ég hef lesið þessi frumvörp og, hv. þingmenn, ég finn ekki þessar verulegu breytingar. Mönnunum var dauðans alvara, töluðu um að það væri fullkomið ábyrgðarleysi að fylgja þessu máli ekki eftir. Er ekki lágmark að þeir útskýri þetta mál fyrir gömlum félaga?

Staðreyndin er sú, herra forseti, að í þeim frumvörpum sem núna liggja fyrir og báðir þingflokkar hæstv. ríkisstjórnar hafa samþykkt er nákvæmlega ekkert að finna sem hægt er að kalla verulegar breytingar í átt að stefnu þessara ágætu hv. þm. að vestan. Þar er hins vegar að finna margt sem kalla má verulegar breytingar frá henni og ég velti því fyrir mér: Ætla hv. þm. að standa að því að samþykkja þessi frumvörp óbreytt á þinginu? Ég hef af því lausafregnir úr blöðum að hv. þm. hafi verið andstæðir frumvörpunum í þingflokki Sjálfstfl. og nú skulda þeir sjálfum sér og Vestfirðingum og sínu eigin stolti að standa að breytingartillögum eða flytja þær sjálfir. Vestfirðingar hafa alltaf haft stolt, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, og þeim hefur alltaf þótt vont að þurfa að éta það.

Herra forseti. Í annarri grein eftir kosningar kom fram túlkun þessara ágætu manna á því hvernig þeir litu á stefnuskrána sem sjútvrh. flutti. Eins og fram hefur komið þá var í verkefnaskránni að finna eftirfarandi yfirlýsingu sem sjómenn á smábátum töldu að segði skýrt að á þeirra málum yrði tekið með jákvæðum hætti: „Til að tryggja stöðu þeirra sem haft hafa lífsviðurværi af krókaveiðum verður banndagakerfi tekið til endurskoðunar og leitað annarra leiða við stjórnun en að fjölga banndögum."

Þetta gæti ekki verið skýrara. Samt sem áður var þetta skýrt enn frekar af hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni í ágætri grein í Morgunblaðinu sem ber það vaska heiti „Tafarlausar breytingar á fiskveiðistjórnun". Grein þessi er skrifuð af því tilefni að Alþýðublaðinu og Morgunblaðinu þótti í ritstjórnargreinum að lítið legðist nú fyrir vestfirska kappa að ætla að telja þessa verkefnaskrá hæstv. sjútvrh. nóga, ætla að telja að hún uppfyllti þá stefnu sem þeir lögðu sjálfir fram í ræðum sínum fyrir kosningar þannig að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson skrifaði snöfurmannlega grein og útskýrði málið. Hann ræðir þau atriði sem koma fram í verkefnalistanum og segir m.a., með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi verður gerð breyting á því kerfi sem krókaleyfisbátarnir búa við til þess að tryggja stöðu þeirra sem hafa haft lífsviðurværi af krókabátum", eins og orðrétt segir. „Það er einmitt þessi floti 1.100 báta sem hefur notið þess að standa utan við aflamarkskerfið." Og svo kemur áfram þessi fíni „parsus", herra forseti: „Hér er sérstaklega gert ráð fyrir því að hlutur þeirra verði bættur."

Hv. þm. Egill Jónsson. Er hægt að tala skýrara en þetta? Er hægt að segja það berari orðum að hlutur krókabátanna verði bættur? Það er einfaldlega ekki hægt. Íslensk tunga á ekki tærari orð yfir þessa meiningu. (**EgJ:** Sagði ég þetta?) Nei, ég vildi bara skýra þetta fyrir hv. þm., mér fannst hann eiga erfitt með að fylgja þessu. Það er ekki hægt að lýsa því betur hvernig þingmenn Sjálfstfl. tóku yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. Staðreyndirnar eru hins vegar þær að fyrir liggja breytingar sem ganga þvert á þetta allt saman. Gamla banndagakerfið óbreytt eða að menn verði þvingaðir undir kvóta. Og tveir hv. þm. Sjálfstfl., sem lýstu því yfir að þeir geti ekki, þeir vilji ekki og þeir muni ekki styðja hæstv. ríkisstjórn nema gerðar verði verulegar breytingar á kvótakerfinu eins og þeir sögðu sjálfir, horfa nú upp á það að einu breytingarnar sem á að gera að frumkvæði hæstv. sjútvrh. á kvótakerfinu hafa lekið beint út úr penna Kristjáns Ragnarssonar og LÍÚ. Það er nú svo.

Herra forseti. Það reynir á vestfirskan kjark. Og út yfir gröf og dauða sendir nú listaskáldið góða sínum ástvini á Vestfjörðum, hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, svofellda brýningu: „Einstaklingur, vertu nú hraustur." Man hv. þm. eftir þessu ljóði? (**EOK:** Nei.)

Eilífur snjór í augu mín
út og suður og vestur skín
samur og samur út og austur.
Einstaklingur, vertu nú hraustur!

Og nú bíða menn eftir því, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, ekki bara að þú lærir þetta ljóð heldur að þú sýnir vestfirska hreysti og standir við þau orð sem þú sagðir í kosningabaráttunni fyrir vestan. (**EOK:** Það kemur að mér. Ég er í röðinni.) Mér er illa við það að sjá mæta menn hníga að velli með þessum hætti og standa alsnjóa, verandi að fenna inni í eigin yfirlýsingum. (**EOK:** Bíddu rólegur.)

(**Forseti** (GÁS)**:** Ekki samtöl í þingsal.)

Einhvern tíma, einhvers staðar, þá mun hin sjálfstæða vestfirska sjávarútvegsstefna, sem sannarlega var getin á Flateyri, verða lögð til hinstu hvíldar og þá munu vestfirskir sjómenn koma og letra gylltu letri á bautasteininn: „Við gátum ekki, við mundum ekki og við vildum ekki." (**EOK:** Vertu ekki svona svartsýnn.) Það verður niðurstaðan nema hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson rísi nú skyndilega upp á fimmta degi og leggi sjálfur fram brtt. við frv. hæstv. sjútvrh. í anda þess sem hann sagði sjálfur. Ég segi það að mín stuttu

kynni af hv. þm. hér á Alþingi gefa mér fullt tilefni til þess að ætla að um síðir muni rísa upp það vestfirska stolt og sá vestfirski kjarkur sem menn úr hans héraði eru þekktir fyrir gera uppreisn gegn Kristjáni Ragnarssyni og ég vona það. (Gripið fram í.) Það væri okkur öllum fyrir bestu, hæstv. sjútvrh. Það var hins vegar svo að það voru ekki bara einstakir þingmenn Sjálfstfl. sem gáfu loforð og sköpuðu væntingar og ekki bara einstakir þingmenn Framsfl., heldur miklu þyngri menn á velli sem gáfu drjúgar yfirlýsingar. Kannski var það enginn sem lofaði jafndjarflega upp í sína ermi en en einmitt hæstv. forsrh., sem illu heilli getur ekki verið hér með okkur í dag og hlustað á þessar umræður. Það sem forsrh. segir hlýtur auðvitað að hafa þyngsta vigt allra manna í stjórnmálunum. Ég er viss um að hæstv. sjútvrh., sem einu sinni var forsrh., er mér sammála um þetta. Og hvaða væntingar voru það sem hæstv. forsrh. skapaði og reyndar gerðu það að verkum að þeir hv. þm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum, sem mér hefur orðið örlítið rætt um hér í dag, *höfðu fullt tilefni til þess að ætla að á bak við það sem* þeir voru að segja stæði stuðningur forsrh. vegna þess að hann gaf ekki bara þessum tveimur hv. þm. tilefni til þess að ætla það, heldur þjóðinni allri og öllum sjómönnum á Íslandi?

Hæstv. forsrh. lagði land undir fót í kosningabaráttunni og hann drap niður fæti á Húsavík, hélt þar fund. Á þeim fundi var hann spurður út í málefni krókabátamanna og hann fór létt með það að hrista fram úr erminni eins og 10 þús. tonn og þar að auki að gefa væntingar um að það yrði veruleg létting á banndagakerfinu. Frásögn Morgunblaðsins af fundinum hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sagðist Davíð ekki vera sérfræðingur í fræðum fiskifræðinga en hann teldi að það gæti ekki að skipt sköpum fyrir uppbyggingu þorskstofnsins þótt trillukörlum yrði leyft að veiða 10 þús. tonnum meira á handfærum en fiskifræðingar ráðlegðu. Þá kom fram í máli forsrh. að hann teldi ástæðu til að endurskoða banndagakerfið og hvort ekki mætti auka svigrúmið innan þess."

Herra forseti. Þegar annar eins maður og hæstv. forsrh. nánast gefur um það yfirlýsingu að það sé í lagi að auka kvóta um 10 þús. tonn, þá taka menn mark á því. Þeir gera það. Það er einu sinni svo að menn taka mark á hæstv. forsrh. Og þegar hæstv. forsrh. segir líka að hann telji ástæðu til þess að endurskoða banndagakerfið og athuga hvort ekki væri hægt að létta það með einhverjum hætti þá taka menn líka mark á því. Það væri auðvitað fróðlegt að fá afstöðu hæstv. sjútvrh. á þessu máli, hvort hann sé sammála þeirri fiskifræði sem þarna kemur fram eða hvort þetta sé e.t.v. enn einn ágreiningurinn sem uppi er innan stjórnarliðsins. Ég er að vísu ekki að halda því fram að það sé nokkur ágreiningur á milli hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. því að eins og þjóð veit, þá eru þeir vinir góðir. En ég segi það, herra forseti, að þegar sjálfur hæstv. forsrh. gefur slíkar yfirlýsingar, þá er það auðvitað svo að menn hafa fyllstu ástæðu til þess að vænta þess að eitthvað komi út úr því. Og nú blasir það við að þrátt yfirlýsingar hv. þingmanna Framsfl. af Suðurnesjum, hv. þingmanna Sjálfstfl. af Vestfjörðum, yfirlýsingar hæstv. sjútvrh., þá er niðurstaðan verri en engin. Niðurstaðan er nefnilega sú sem enginn þeirra þingmanna sem ég hef rætt við hér í dag sagði fyrir kosningar. Það er ekki einn einasti þingmaður í gjörvöllu þingliðinu innan stjórnarandstöðunnar eða í stjórnarliðinu sem sagði kjósendum það fyrir kosningar að eftir kosningar yrði stefnt að því að setja krókaveiðiflotann undir kvóta. Það var enginn hv. þingmanna sem gerði það. Enginn. Og hafi einhver hvíslað því, þá mundi sá hinn sami ekki þora einu sinni að viðurkenna það hér.

Staðan er nefnilega þannig að þessi frumvörp sem við erum að ræða í dag ganga þvert á það sem hæstv. forsrh. og margir þingmanna stjórnarliðsins sögðu fyrir kosningar. Þær væntingar sem voru búnar til er ekki að finna hérna.

Herra forseti. Þetta frv. er fyrst og fremst um það eitt að takmarka svigrúm krókaflotans, ekki um neitt annað. Það eru aðalatriði málsins. Og ég tel að menn þurfi að skoða það talsvert hvort það sé nú rétt. Menn þurfa líka að skoða þróun þessara mála og velta fyrir sér, hvernig hún er tilkomin.

Það kemur fram í greinargerð með þessu frv. á tveimur eða þemur stöðum að það sé svo mikil ofnýtt veiðigeta innan krókabátaflotans að það þurfi með einhverjum hætti að stemma stigu við því að flotinn vaxi og að aflinn aukist enn frekar. Ég get tekið undir þetta að vissu marki. Ég hef sagt það að ég er reiðubúinn til þess að taka þátt í aðgerðum sem frysta flotann í núverandi stöðu. En það eru takmörk fyrir öllu. Í þeirri grein sem hér fjallar um úreldingu, þá verð ég að segja það, herra forseti, að menn hljóta að velta því fyrir sér hvort það sé sanngirni að beita einungis krókabátana svona gríðarlega stífum úreldingarreglum. Það er alveg rétt að það er mikil ónýtt sóknargeta innan flotans. En við skulum ekki gleyma því að það var vegna lagasetningar okkar, það var vegna lagasetningar hins háa Alþingis sem bátunum fjölgaði eins og raun bar vitni milli 1984 og 1991. Það var út af því. Þar voru sjómenn eingöngu að notfæra sér leiðir sem hið háa Alþingi hafði skapað og það er ekki hægt að beita þá of stífum refsingum vegna þess.

Það er líka rétt að benda á það, herra forseti, að í gildandi lögum um stjórn fiskveiða segir að það megi gefa út nýtt veiðileyfi ef samsvarandi bátur hverfur úr rekstri. Hæstv. sjútvrh. hefur sjálfur túlkað þetta með þeim hætti að inn í kerfið hafa komið aflmiklir bátar í stað miklu aflminni báta sem hafa horfið út úr kerfinu. Og niðurstaðan hefur auðvitað orðið sú að það hefur verið túlkun stjórnvaldanna sjálfra sem hefur leitt til þess að flotinn hefur aukist svona mikið.

Ég segi: Við skulum með einhverjum hætti skapa úreldingarreglur fyrir krókabátaflotann sem eru sanngjarnar. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom hérna með dæmi áðan sem mér finnst vera mjög gott þar sem hann m.a. bendir á að það er fullt af sjómönnum, öldruðum og einyrkjum út um allt land sem eiga sína gömlu báta, smáa báta sem samkvæmt þessu verða að engu á tiltölulega fáum árum. Það er nefnilega það.

Verða að engu. Hugum nú aðeins að þessu. Þetta ákvæði heitir úreldingarákvæði. En í rauninni eins og það er sett fram er þetta útrýmingarákvæði.

Sú regla, sem felur það í sér að á móti hverjum tveimur tonnum sem þarf að úrelda, þá þurfi fjögur tonn, til hvers mun hún leiða? Í dag er meðalstærð krókabátaflotans í kringum 4 tonn, er mér sagt. Og þetta þýðir það einfaldlega að innan skamms tíma, 10, 12, kannski 15 ára, þá hefur annað tveggja gerst að þeim hefur fækkað um helming eða þeir eru allir orðnir 2 tonn. Með öðrum orðum, herra forseti, þeir sem eru á móti krókaflotanum, eins og ég tel hæstv. sjútvrh. vera, — ég tel að sú stefna sem hann hefur árum saman lagt fram feli það í sér að hann vilji helst skrúfa fyrir þennan flota — þeir hafa núna með þessu ákvæði sem er að finna í 1. gr. búið til leið sem leiðir til þess að á einhverjum ákveðnum tíma verður flotinn að engu. Ég þekki ekki krókabátaflotann nægilega vel til þess að gera mér grein fyrir því hver líftími bátanna er. En mér er sagt það t.d. að líftími nýju bátanna, sem hæstv. sjútvrh. kallar í anda Kristjáns Ragnarssonar hraðfiskibáta og eru úr plasti, sé í kringum 15 ár. Þeirra meðaltalsaldur er mér líka sagt að sé í kringum 4 ár núna. Það þýðir einfaldlega að eftir 11 ár hefur þeim fækkað um helming samkvæmt þessu ákvæði. Því tel ég þetta ekki vera sanngjarnt. Þetta felur það í sér að innan einhverra ára, kannski eins og hálfs áratugs eða tveggja áratuga, þá er búið að kippa stoðum undan mikilvægum byggðarlögum eins og Borgarfirði eystra, Bakkafirði, Grímsey og suðurfjörðum Vestfjarða og það er einfaldlega ekki það sem ég held að þeir þingmenn í þessum sal sem vilja taka með einhverjum hætti á úreldingu krókabátanna ætluðu sér að gera í upphafi. Það var allt annað. Ég held að menn hafi einfaldlega ekki skilið þetta. Eða er það svo, hæstv. sjútvrh., svo ég varpi til þín vinsamlegri spurningu: Er ætlunin sú að helminga krókabátaflotann með þessum hætti á t.d. 15 árum? Ég hef rætt þetta við ýmsa ágæta menn í liði þingsins og menn segja sem svo: Þessi lög standa ekki til eilífðar. En það er ekki viðhorf sem hið háa Alþingi getur látið bjóða sér. Við getum ekki sett lög sem við gerum okkur sjálf grein fyrir að eru ekki nógu góð vegna þess að við ætlum að breyta þeim eftir einhver ár. Það er baks, það er klúður og svona vinnur ekki hið háa Alþingi. (Gripið fram í.) Ja, svona vinnur ekki Alþfl., hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson.

En sú grein sem mestu skiptir í þessu frv. er 2. gr. og áður en ég kem að meginefni greinarinnar, herra forseti, sem lýtur að því að þvinga krókabátana undir kvóta eða sæta ella hörðum takmörkunum með auknum fjölda banndaga þvert ofan í verkefnaskrá sjútvrh., þvert ofan í orðskýringar hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, þá langar mig að ræða hérna annað tengt mál.

Muna menn rétt fyrir kosningar þegar deilur spruttu á Vestfjörðum millum Fiskistofu og krókamanna um það hvort þeim væri heimilt að fara á banndögum og veiða utankvótategundir? Krókabátakarlar töldu að þeir hefðu lagastoð til þess og höfðu lögfræðiálit í fórum sínum, sem að vísu skrifstofustjóri sjútvrn. orðaði svo smekklega í einu dagblaðanna að væri ekki pappírsins virði. (Gripið fram í.) Þeir létu á þetta reyna og þeir héldu til sjávar og þegar þeir komu til baka, þá stóð herinn bryggjunni og söng, eins og segir í ljóði Steins. Hverjir voru það sem sungu lof og prís hugrekki hinna vestfirsku krókabátakarla? Það voru hv. þm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum. Þess vegna verð ég að segja að það veldur mér sárum vonbrigðum að sjá í 2. mgr. eftirfarandi setningu: „Á banndögum eru allar veiðar óheimilar.“ Með öðrum orðum: Söngurinn á bryggjunni á Suðureyri reyndist sírenusöngur. Hv. þm. Sjálfstfl. hafa samþykkt fyrir sitt leyti í þingflokknum frumvarp sem gerir auðvitað að engu þær væntingar sem krókabátaveiðimenn á Vestfjörðum töldu sig hafa fengið þegar þeir sáu herinn taka á móti sér á bryggjunni og syngja.

Herra forseti. 2. gr. gengur þvert á yfirlýsta stefnu sem er að finna í verkefnaskrá hæstv. sjútvrh. um að leita leiða við stjórnun, annarra heldur en að fjölga banndögum. Er það svo, hæstv. sjútvrh., að hinn rétti skilningur á frv. sé sá að þær aðrar leiðir sem leitað er til þess að stjórna, sé að setja þá undir kvóta? Er það svo? Ég vildi gjarnan heyra það úr munni hæstv. sjútvrh. í umræðunum í dag.

Gera menn sér grein fyrir því hvað það mundi hafa í för með sér ef þetta yrði að lögum? Talsmenn Landssambands smábátaeigenda hafa sagt í fjölmiðlum að þetta þýði að nokkur hundruð sjómenn muni missa atvinnuna. Gerir hv. þm. Egill Jónsson sér grein fyrir því að ef þetta verður að lögum felur það í sér að á gervöllu Austurlandi mun sennilega aðeins einn bátur fá kvóta yfir 50 tonnum? Á Vestfjörðum í kringum 12–13. (**EgJ:** Þetta er tóm vitleysa.) Tóm vitleysa, segir hv. þm. Það má fá úr því skorið vegna þess að í hv. sjútvn. hefur verið óskað eftir því að fá upplýsingar um þetta. Ég skil ekki alveg andstöðuna sem virðist lýsa sér í þessu frv. við krókabáta. Mér finnst afar þýðingarmikið að hafa krókabátaflotann sem öflugastan. Hann skapar mika atvinnu. Hann ber að landi ferskasta og besta hráefnið sem fær mesta verðið. Er það ekki svo að á móti hverju einu starfi sem skapast á togaraflotanum, þá skapast 3–4 tonn á krókaflotanum miðað við sama aflamagn? Ég held að þetta hafi verið reiknað út.

Ég velti því fyrir mér hvort sú andstaða sem aftur og aftur verður vart við í þeim frumvörpum sem koma frá sjútvrn. við krókabátana geti stafað af því að sérfræðingarnir hjá Hafrannsóknastofnun hafi einhverja sérstaka andúð á krókabátum. Og ástæðan fyrir þessum örlitlu vangaveltum mínum byggist á eftirfarandi:

Ég hlustaði á sjónvarp um síðustu helgi þar sem stjórnarformaður Hafrannsóknastofnunar, Brynjólfur Bjarnason, var m.a. að ræða þá þróun fiskveiða sem hann sá fram undan og hann fagnaði því að nú væri kominn upp góður árgangur, árgangurinn frá 1993 sem er eini árangurinn um langt skeið sem er vel yfir meðaltali. Og hann sagði að það yrði dapurlegt að horfa upp á það ef krókabátunum yrði hleypt í þennan árgang þegar hann tekur að vaxa upp og koma á veiðanleg mið. Þetta sýnir mér, herra forseti, að stjórnar-

formaður Hafrannsóknastofnunarinnar, Brynjólfur Bjarnason, virðist ekki líta svo á að krókabátarnir séu vistvæn aðferð til þess að veiða.

Þó að tími minn sé á þrotum langar mig, herra forseti, til að minna á það að árið 1993 hafði Hafró spáð því að 8% af afla þess árs að fjölda til yrðu þriggja ára fiskar, þ.e. fiskar sem vegna aldurs teljast ekki innan skilgreiningarinnar á veiðistofninum. Þegar upp var staðið reyndist þetta vera 24%. Og þegar maður reiknar út úr töflum sjútvrn. þá kemur í ljós að þetta voru 28 þús. tonn sem tekin voru af þriggja ára fiski sem ekki var formlega kominn inn í veiðistofninn. Það þýðir að sennilega hefur verið hent 10–15 þús. tonnum öðrum. Þetta voru að mati stofnunarinnar 20 milljónir fiska. Þeir hafa sennilega verið 30 milljónir ef maður tekur með úrkastið. Og hverjir voru það sem stóðu fyrir þessari rányrkju? Hverjir voru það sem þannig jusu upp ungviðinu? Það var togaraflotinn, herra forseti. Og svo kemur stjórnarformaður Hafrannsóknastofnunarinnar og lætur að því liggja að krókaflotinn veiði með óvistvænum aðferðum.

Herra forseti. Það er margt sem ég hef ósagt látið en ég hegg eftir því að tími minn er á þrotum þannig að ég læt þetta nægja í bili.

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Nú horfa mál þannig við að fimm hv. þm. óska eftir að veita andsvar við ræðu síðasta ræðumanns og verður forseti að grípa til þeirra ráða að stytta ræðutíma og verður hann ein mínúta.

[13:06]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vinur minn, hv. 15. þm. Reykv., nýtur sín greininlega vel í nýju hlutverki. En mér finnst að hann ætti að spara frýjunarorðin í garð annarra þingmanna. Það er ekki nema ár síðan að hann hældi sjálfum sér um fyrir það að hafa skapað þetta banndagakerfi og frambjóðandi Alþfl. í Norðurl. e. skrifaði krókakörlum bréf og sagði: Það á að þakka Alþfl. fyrir að hafa skapað þetta banndagakerfi. Og það var hv. 15. þm. Reykv. sem samdi um þakið á afla krókabáta. Í þessu ljósi, hv. þm., finnst mér staðan vera sú að það fari hálfilla að koma hér og eyða öllum ræðutímanum í frýjunarorð í garð annarra þingmanna. Það er svo stutt síðan að þingmenn Alþfl., undir forustu hv. 15. þm. Reykv., höfðu forustu um þá niðurstöðu sem allir eru sammála um í dag, ári síðar, að þurfi að gera verulega bragarbót á og þingmenn núverandi stjórnarflokka eru að leggja hér fram tillögur um að bæta úr. Við þessar aðstæður ætti hv. þm. ekki að vera með stór frýjunarorð í garð annarra samþingsmanna.

[13:07]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kunni ágætlega við mig í sambúðinni með hæstv. sjútvrh., en ég verð að fallast á það að ég kann ekkert síður við mig í því nýja hlutverki sem ég gegni um þessar mundir sem er aðallega formaður heilbr.- og trn. Það er hins vegar rangt hjá hæstv. sjútvrh. að ég hafi hrósað mér af því að hafa sett upp þetta aflahámark eða banndagakerfi eins og það var gert. Ég kann að hafa hrósað mér af því að hafa staðið í ístaðinu og staðið í slag við hæstv. sjútvrh., en ég hrósaði mér aldrei af þessu vegna þess að ég skammaðist mín fyrir það. Staðreyndin var einfaldlega sú, eins og ég hef margsinnis viðurkennt, að ég komst ekki lengra með hæstv. sjútvrh. heldur en þetta. Hann var bara það öflugur þá. Hann er enn öflugri núna. Ég komst þó nógu langt, hæstv. sjútvrh., eins og þú manst frá kvöldinu þegar þú skelltir frv. um að setja alla smábátana á kvóta fram á skrifborðið. Það fór aldrei lengra heldur en á skrifborðið. Svo dróstu það upp núna þegar þú varst orðinn sjútvrh. með einhverjum allt öðrum mönnum sem þú hefur miklu betur tök á heldur en þeim ágæta manni sem þú áttir þá í höggi við.

[13:08]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að minna vin minn, hv. 15. þm. Reykv. á að hann eyddi upphafi ræðu sinnar í það fyrst og fremst að gera þingheimi grein fyrir því að það var hann sem beygði sjútvrh. fyrir einu ári síðan til þess að skapa þetta krókakerfi sem allir eru sammála um að nú þurfi að breyta. Og það var frambjóðandi Alþfl. í Norðurl. e. sem skrifaði krókakörlum bréf og sagði: Þið eigið að syngja Alþfl. lof og prís fyrir þann mikla sigur sem við unnum að skapa þessa paradís á jörðu sem krókakerfið er. Og svo á að koma núna og flytja hér ræður með frýjunarorðum í garð annarra þingmanna. Ég bið góða vini mína eins og hv. 15. þm. Reykv. að breyta svolítið um stíl í þessu efni jafnvel þó að honum líki vel veran í stjórnarandstöðunni. Og ég ætla ekki að verða til þess að stytta það gleðitímabil fyrir hv. þm.

[13:09]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Kannski á ég að bera ábyrgð á bróður mínum. Kannski á ég að bera ábyrgð á því sem aðrir þingmenn hafa skrifað um þann slag sem tekinn var við hæstv. sjútvrh. Hitt er það að ég hef aldrei hrósað mér af því að hafa unnið sigur á hæstv. sjútvrh. vegna þess að ég held að hann sé ósigrandi í þessu máli. Ég vann aldrei neinn sigur í baráttu minni við hæstv. sjútvrh. Það var í besta falli bræðrabylta. Hann er að eflast, hann virðist vera ósigrandi. Það er alveg sama þó að það komi nýir þingmenn inn í þingflokkinn hjá honum sem eru yfirlýstir andstæðingar aflamarksins og eru miklu harðari heldur en ég. Það er alveg sama hvað það koma öflugir menn, hann hefur í fullu tré við þá alla. Ég er að komast á þá skoðun að það sé ekki hægt að sigra hæstv. sjútvrh. í þessu máli. Mér tókst fannst það aldrei.

[13:10]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 15. þm. Reykv. fyrir skemmtilega og afar ljóðræna ræðu, en ég kann hins vegar ekki við það í ræðu hans að hann mistúlki orð hæstv. forsrh., sameiginlegs vinar okkar, þegar hann gefur í skyn að hann hafi lofað 10 þús. tonnum til viðbótar við afla krókabátanna. Auðvitað vitum við það

öll að 10 þús. tonn munu ekki skipta sköpum við fiskveiðistjórnunina. En 10 þús. tonn til krókabátanna, 10 þús. tonn til smábáta á aflamarki, 10 þús. tonn til vertíðarbátanna, 10 þús. tonn til ísfisktogaranna og 10 þús. tonn til frystitogaranna, þegar það allt kemur saman þá mun það skipta sköpum um fiskveiðistjórnunina.

En þar sem hv. þm. eyddi nærri 40 mínútum í það að fara yfir víðan völl og skoðanir annarra þingmanna á þessu frv., þá sleppti hann því að nefna það nokkuð hvernig hann eða hans flokkur mundi taka á málinu ef okkur hefði borið sú gæfa að vera áfram saman í stjórnarmeirihluta. Og þar sem hann kvartaði yfir því að hann hefði ekki haft nægan tíma hér áðan til þess að gera grein fyrir því, þá vil ég biðja hann um að gera það í andsvari.

[13:12]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi það sem hv. þm. sagði um ummæli hæstv. forsrh. Hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því að orð hæstv. forsrh. hafa mikla vigt. Ég las orðrétt þau ummæli sem Morgunblaðið hafði eftir hæstv. forsrh. og á grundvelli þeirra ummæla er alveg ljóst að krókaveiðimenn gátu gert sér vonir um tvennt: Að það yrði slakað til banndögum og það yrði slakað til aflaviðmiðinu líka.

Að því er varðar stefnu mína og Alþfl. í sjávarútvegsmálum, þá er hún of flókin og viðamikil til þess að það sé hægt að koma með hana hér í örstuttu andsvari. En eins og ég gat um í ræðu minni mun hún koma fram síðar í umræðum hér í dag vegna þess að enn á eftir að flytja 40 mínútna ræðu.

[13:13]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég harma það að hv. þm. skyldi ekki geta gert grein fyrir stefnu flokks síns í þessu máli því ég er á mælendaskrá hér á eftir þar sem ég mun gera grein fyrir mínum skoðunum og það hefði skipt máli fyrir mína ræðu eða það sem ég mundi fjalla um hvaða brtt. við gætum hugsanlega átt von á og það mun einfaldlega þýða það að ég verð að bíða eftir því að fá að heyra seinni 40 mínútna ræðu hv. þm. og vonandi verður hún eins ljóðræn og sú fyrri.

En varðandi það sem hv. þm. nefndi um ummæli hæstv. forsrh., þá fór hann enn með sömu rangtúlkanirnar, sem ég fullyrði að eru rangar, og ég ætla að biðja hann um að fara ekki aftur með þessar rangtúlkanir í hinni seinni 40 mínútna ræðu sinni.

[13:13]

**Siv Friðleifsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hér áðan að mér heyrðist að þingmenn Framsfl. hefðu hótað mér sérstaklega. Það er ekki rétt. Þingmenn Framsfl. hafa aldrei hótað mér í þessu máli. Hins vegar hafa flokksmenn haft samband við mig, það er rétt að þeir hafa haft samband, og lýst því yfir að þeir væru ekkert sérstaklega ánægðir með áherslur okkar framsóknarmanna í Reykjanesi, enda erum við með nýjan lista, nýtt fólk. Og þó það nú væri að nýtt fólk kæmi með nýjar hugmyndir.

Þó að maður hafi fengið ákveðin skilaboð um það að aðrir flokksmenn væru ekki ánægðir með þetta þá létum við það ekki aftra okkur. Við héldum samt áfram og ræddum um okkar skoðanir sem þið öll vitið hvernig voru.

Hins vegar vil ég líka segja það að okkar framganga í þessu máli varð þó þess valdandi að það er ekki sett þorskaflahámark á alla. Það er þó val og það er m.a. okkur framsóknarmönnum í Reykjanesi að þakka.

[13:15]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ber að taka undir að það er rétt hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að það er framsóknarmönnum að þakka að það eru ekki allir krókabátar settir undir krókahámark samkvæmt tillögu hæstv. sjútvrh. Ég vil líka biðja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur afsökunar. Það er alveg hárrétt ábending sem hún kemur hér með. Í DV sem ég las upp úr og segir í fyrirsögn: „Stefán og Jóhannes mótmæla tillögunum. Tel mig hafa fengið hótanir, segir Siv Friðleifsdóttir". Ég tók það svo að þetta ætti við þessa hv. þm. en þegar ég les textann þá ég sé að það kemur ekki skýrt þar fram. Ég bið hana afsökunar á þessu.

[13:15]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er upprunnin sú stund að hv. 15. þm. Reykv., minn gamli vopnabróðir í slagnum um fiskveiðistjórnarmálin, er mættur til þings með sitt dýrmæta úrklippusafn. En því miður, virðulegi forseti, voðalega fátt annað því að þó að hv. þm. hafi að vísu upplýst okkur um það að á 32 ára námsferli hafi sannarlega tekist að kenna sér að lesa, og ég, virðulegi forseti, get staðfest það hér með að hv. þm. les prýðilega þó að vísu hafi komið fram áðan að hann er ekki mjög vel læs á allt sem stendur í Dagblaðinu, þá var óskaplega fátt annað í ræðu hans. Ég átti satt að segja von á því að hv. þm. hefði einhverjar skoðanir í málinu. Ég tók eftir því fyrr á þinginu að aðrir þingmenn Alþfl. hafa nú tekið upp vörnina í sjávarútvegsmálum fyrir flokkinn en hv. 15. þm. Reykv. Þess vegna var ég að vona að hv. þm. mundi reyna að ná vopnum sínum í 40 mínútna ræðu sinni og sýna það að hann hefði einhverja skoðun í málinu. En því miður, virðulegi forseti, hefur komið á daginn að hv. þm. er vel læs, hv. þm. á úrklippusafn og ég óska honum til hamingju með hvort tveggja.

[13:17]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er engin ástæða til þess að gera hv. 15. þm. Reykv. meira tortryggilegan en efni eru til. Ég veitti því athygli að í hans ræðu komu fram tvö efnisatriði og þau eru bæði þess eðlis að það er hægt að skýra þau nánar í andsvari.

Hv. þm. var tíðrætt um hagkvæmni í togaraútgerð og smábátaútgerð og hann var með tilvitnanir í þeim efnum. Ber að skilja orð þessa hv. þm. með þeim hætti að það eigi að færa afla frá togaraútgerðinni t.d. til smábátaútgerðarinnar til að bæta úr sárri neyð þeirra mörgu krókabáta sem í þann pott sækja?

Svo skal ég koma með aðra spurningu sem er enn

þá einfaldara fyrir hv. þm. að svara því að hann hefur státað af því að eiga tillögur að því aflamarki sem krókabátar sækja í. Er það svo að það sé skoðun og tillögur hv. 15. þm. Reykv. að það eigi að bæta í þann pott 21.500 tonnum og hvað þá miklu marki?

[13:19]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fljúgast nú þeir á sem síst skyldi þegar hv. þm. Egill Jónsson krefur mig svara og hefur sína kesju á lofti. (**EgJ:** Þetta eru bara spurningar.) Já, svarið við fyrri spurningunni er þetta: Spurt er hvort það eigi að flytja afla frá frystitogurunum yfir á bátaflotann. (**EgJ:** Og tillögur ræðumanns?) Það er nú svo að stefna Alþfl. lá fyrir í aðdraganda kosninga. Þar sagði m.a. að allur viðbótarkvóti sem kynni að koma á næstu árum, og hæstv. sjútvrh. upplýsti að hann mundi koma innan þriggja ára, ætti að fara yfir á bátaflotann. Hitt er það líka að ég er sammála því stefnumiði sem kemur fram í einu bráðabirgðaákvæði í frv. hæstv. sjútvrh. að gera einmitt þetta því þar er það lagt til. Ég tel reyndar að þar sé ekki gengið nógu langt. En svarið almennt er það að ég tel að það sé fyllilega réttlætanlegt og það er það sem hæstv. sjútvrh. er að gera.

Varðandi það síðan hvort hækka eigi aflamarkið eða viðmiðunarmarkið hjá krókabátunum (**EgJ:** Og hvað mikið?) þá tel ég það koma fyllilega til greina. (Gripið fram í.) Ég vil ekki segja það á þessari stundu, ég hef skrifað um það greinar og ég hef lýst því að það sé í lagi að slaka svolitlu til. Það er ekki mjög mikið en það væri hægt að sannfæra hv. þm. Egil Jónsson um það að 17 þúsund tonna aukning felst í rauninni í þeim forsendum sem Hafró hefur sjálft lagt upp. Það eru ekki fiskifræðileg rök til þess að mótmæla því að auka úthlutun um það. Ég er ekki að segja að það eigi allt að fara til krókabátanna. Ég tek það líka fram að það eru pólitísk rök sem mæla gegn því e.t.v. en ekki fiskifræðileg.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 13:22]

### *Erfðabreyttar lífverur, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

### *Skipulag ferðamála, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 20. mál (umboðssala farmiða). — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

### *Höfundalög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 21. mál (EES-reglur). — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

### *Notkun myndlykla, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 22. mál. — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

### *Sóttvarnalög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 26. mál (heildarlög). — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 28. mál (veiðar kókabáta o.fl.). — Þskj. 32.

*og*

### *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 29. mál (gjaldskylda krókabáta o.fl.). — Þskj. 33.

[13:57]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Okkur nýjum þingmönnum lærist senn ýmislegt sem gerist á hv. Alþingi. Eftir umræður morgunsins eru okkur smám saman að lærast þau boð og þær vinnureglur sem gilda hjá mörgum hv. stjórnarandstöðuþingmönnum. Formúlan virðist vera m.a. samsett af því að í ræðum þeirra skal skemmtigildið hafa ákvæðið vægi og það segja mér reyndir menn að því fleiri áhorfendur sem eru á þingpöllum þeim mun meira vægi skuli skemmtigildið hafa. Þá verður þess nokkuð vart að í málflutningi stjórnarandstöðu skuli krydda skemmtigildið með einföldun mála, heppilegum útúrsnúningum og því að gera mönnum upp skoðanir. Síðan bætast við nokkrar málefnalegar umræður. Þetta er mjög lærdómsríkt fyrir okkur nýja þingmenn.

Þá hefur okkur líka lærst að fas manna breytist við að fara úr því að sitja sem stjórnarþingmenn og gerast stjórnarandstöðuþingmenn. Verður það öllu kæru-

lausara, ábyrgðarminna virðist vera, þegar þingmenn hafa gengið yfir til stjórnarandstöðu og þeim mun meir breytist fasið hafi menn gegnt ráðherrastöðu áður.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir þá ofurtrú sem hann hefur tekið á framsóknarmönnum í Reykjanesi og er gott til þess að vita að við eigum hauk í horni þar sem Össur er. Þá vil ég líka nota tækifærið og þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir stílfræðilegar rannsóknir, þær sem hann kynnti okkur í morgun. Ég þakka honum fyrir þær heimildarannsóknir sem hann hefur stundað og kynnt okkur í morgun. Ég þakka honum fyrir þá sálusorg og umhyggju sem hann sýnir þingmönnum Reykjaness og Vestfjarða og ég þakka honum siðbótartalið. En ég sakna málefnalegrar umræðu um sjávarútveg og þykir mér ástæða til að hún sé tekin upp með málefnalegri hætti og með minna skemmtanagildi því hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða.

Það má ljóst vera að gildandi lög um fiskveiðar eru svo viðkvæm að engu skiptir hvað gert er eða hvað ekki er gert. Viðbrögð munu ávallt verða hörð. Þróun síðustu tveggja vikna ber þess og merki. Það hefur mátt lesa í fjölmiðlum, það hafa upplýst okkur nokkrir hv. þm. í ræðum sínum í morgun. Og vissulega er innan stjórnarflokkanna beggja ágreiningur og vissulega er ágreiningur á milli flokka og innan flokka hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Það má spyrja: Hvers vegna skyldi þessi ágreiningur vera? Hvers vegna skyldu vera uppi svo margar ólíkar skoðanir og mörg ólík sjónarmið? Það skyldi þó ekki vera vegna þess að þingmenn koma úr ólíkum áttum, ólíkum kjördæmum þar sem hagsmunir eru ólíkir.

Því miður virðist mikil togstreita og á stundum fjandskipur ríkjandi á milli þessara hagsmunahópa. Þar nægir að nefna krókakarla sem við Reyknesingar ekki síður en aðrir höfum rætt við marga. Þeir hafa margar skýrar skoðanir og afdráttarlausar á því hvað hentugt er við fiskveiðar og stjórnun fiskveiða. Hitt vitum við að togarajaxlar margir kynna allt önnur sjónarmið og báðir þessir hópar telja hinn á stundum óalandi og óferjandi. Skyldu vera mjög lík sjónarmið hjá togaramönnum sem veiða með flottroll á stærð við fótboltavöll í opnun og netamanna eða línumanna? Hér hafa verið kynnt m.a. af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að sjónarmið Reyknesinga, sjónarmið Vestfirðinga, Sunnlendinga og fulltrúa einstakra landshluta eru mjög ólík. Við vitum að afstaða fiskvinnslunnar innbyrðis og til sjómanna er nokkuð misvísandi. Við vitum að afstaða manna til þess hvort skipa skuli upp öllum afla á markaði eða ekki er ólík og um það er nú tekist í harðri sjómannadeilu.

Það er líka mikið áhyggjuefni að á milli fiskifræðinga og sjómanna ríkir miki togstreita og fjandskapur. Enginn dregur í efa menntun fiskifræðinga og enginn dregur í efa þá reynslu og þekkingu sem sjómenn hafa af hafinu og lífríki þess. En það hlýtur að vera áhyggjuefni að nánast fjandskapur skuli ríkja á milli þessara hópa og hlýtur að vera verðugt viðfangsefni að leiða þessa hópa saman sem í raun eru samherjar en ekki andstæðingar.

Svona má áfram telja en þessir ólíku sjónarmið endurspegla þingmenn og því er von að ólík sjónarmið komi fram meðal þeirra innan þingflokka, milli þingflokka, milli stjórnarflokka og stjórnarandstæðinga. En þetta eru viðkvæm mál og það er skylda okkar að ræða þau af fullri alvöru en beina skemmtigildinu út á aðra staði, þorrablót eða því um líkt.

Umræðan núna snýst um tvennt: Hún snýst í fyrsta lagi um aðgerðir gagnvart krókabátum. Hún snýst í öðru lagi um það að bæta þeim bátum, hinum hefðbundnu vertíðarbátum, sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu í aflamarki. Og í þriðja lagi, sem lítið hefur verið rætt um og lítið gert úr einkum af hv. stjórnarandstæðingum, aðgerðir til lengdar. Það ætti hv. stjórnarandstæðingum sem hér hafa talað að vera kunnugt að kjörtímabil er fjögur ár og það eru þess vegna nokkuð fljótfærnislegar ályktanir að kveða upp salómonsdóm núna þrátt fyrir að í verkefnaskrá hæstv. ríkisstjórnar komi fram yfirlýsingar um aðgerðir til lengdar. Við erum fyrst og síðast að tala um í dag nauðsynlegar breytingar á lögum um fiskveiðar vegna þess að málið er aðkallandi gagnvart krókabátum og vertíðarbátum. Útgangspunkturinn er sá að fisk vantar í sjóinn. Væri meiri fiskur í sjónum þá fengju líklega allir bátar nóg og þá trúi ég því að þeir ágætu krókakarlar sem hér voru á þingpöllum í morgun væru frekar á sjó en að hlusta á ræður þingmanna. Meginmarkmiðin eru tvö, annars vegar það að vernda fiskstofna gagnvart ofveiði þannig að afkomendur okkar geti líka nýtt þá. Hitt markmiðið er hámarksnýting þeirra stofna sem eru í sjónum. Það er með öðrum orðum verndunarsjónarmið og hámarksnýting.

Á þessu sviði í alþjóðaumræðu teljast Íslendingar vera til fyrirmyndar. Við þurfum ekki annað en líta til þess sem hefur gerst á grunnmiðum við Færeyjar. Það nægir að nefna hvað gerst hefur við Nýfundnaland, það nægir að nefna það sem hefur gerst við Eystrasalt og þannig má áfram telja. Það hefur orðið hrun fyrst og fremst vegna þess að stjórnvöld í þeim löndum hafa ekki borið gæfu til að ná stjórn á fiskveiðum.

Aðrar þjóðir líta til verndunaraðgerða okkar Íslendinga en við vitum það, sem þeir hugsanlega vita ekki, að þær eru og hafa verið sársaukafullar en það er ljós í myrkrinu, má segja, og nýlegar fréttir í tilkynningu frá Hafrannsóknastofnun benda til þess að við séum nú að ná okkur upp úr því sögulega lágmarki sem við höfum verið í um hríð einkum hvað varðar þorskstofninn. Þeir tala jafnvel um að innan fárra ára, jafnvel tveggja ára, þá geti þorskveiðikvótinn orðið um 200 þús. tonn og trúi ég því að þá muni verða annað hljóð meðal sjómanna og þess fjölda fólks sem starfar við fiskvinnslu. Spurningin er um það að þrauka.

Ef við lítum aðeins á það ákvæði frv. sem snertir krókabáta sérstaklega þá er rétt að hafa það í huga að verði ekkert að gert þá standa gildandi lög og þá munu banndagar nálgast 300 og þar með er rekstrargrundvöllur fyrir þá krókabáta horfinn. Það hefur ekki gengið að halda uppi eftirliti. Sá pottur sem þeim var ætlað að veiða er kominn langt fram úr eðlilegum afla að því er fiskifræðingar telja. Grundvöllurinn fyrir þessu

kerfi virðist með öðrum orðum brostinn og við því þarf að bregðst. Það þarf að bregðast við því þannig að sjómenn á krókabátum geti stundað sína atvinnu af nokkru öryggi, bæði rekstrarlegu öryggi og líka hvað varðar líf þeirra.

Þá er það spurningin um leiðir og það er þar sem málið fyrst og fremst veldur deilum. Það hefur komið fram í umræðum hér og það hefur komið fram í fjölmiðlum að upphaflegar hugmyndir fólu í sér að setja alla krókabáta á aflamark. Ýmsir stjórnarþingmenn gátu ekki sætt sig við það, það má öllum vera ljóst, og færðu fyrir því ýmis rök, ekki síst rök sem krókakarlar sjálfir hafa kynnt. Þau ber að virða.

Þá hefur líka verið uppi það sjónarmið að setja krókabáta á róðrardagakerfi sem og er vilji þeirra. Það er hið æskilegasta form að flestra mati. En það eftirlitskerfi sem róðrardagarnir þurfa að byggjast á virðist ekki vera tilbúið hvort það er handstýrt, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi hér áðan, eða hvort það fer um gervihnött. Það sem málið snýst um er að þrauka, vil ég líta á, þar til eftirlitskerfið er tilbúið. Það má búast við að það verði tilbúið innan árs og jafnvel í haust og hvað gerum við þangað til?

Frv. felur í sér að siglt sé milli skers og báru, þess að fara á róðrardagakerfi og þess að setja á banndagakerfið, að menn megi velja. En ég vil vekja athygli á því, sem ekki hefur komið fram, að frv. á að fela í sér að kvóti er ekki framseljanlegur eins og áður hefur reyndar verið kynnt. Frv. felur í sér bæði kosti og galla og það eru þeir kostir og gallar sem munu verða ræddir í sjútvn. Ég vil nefna nokkra vankanta sem menn hafa kynnt.

Hvað varðar aflamarkið þá eiga bátar að hafa þess kost að velja tvö af bestu bestu þremur aflaárum. Þar hefur réttilega verið bent á að Austfirðingar eiga engin tvö góð ár af síðustu þremur jafnvel þó lengra væri leitað þannig að aflamarksleiðin hentar þeim afskaplega illa. Menn hafa bent á ákveðna tortryggni við að setja alla báta á aflamark og benda m.a. á reynslu úr öðrum tegundum veiðiskipa, fækkun þeirra. Menn hafa jafnvel gerst svo djarfir að tala um útrýmingu trillubáta. Það er ekki markmið frv. og tel ég að enginn þingmaður gangi með þær hugmyndir.

Á það hefur verið bent að samkvæmt frv. og miðað við reynslu yfirstandandi fiskveiðiárs geti banndagar orðið allt að 229 og menn benda á að þar með bresti rekstrargrundvöll fyrir mörgum bátum og það þýði gjaldþrot þeirra fjölskyldna sem að þeim standa. Á það hefur líka verið bent í gagnrýnisskyni að meðan beðið er eftir eftirlitskerfi sé óeðlilegt að mönnum sé gert að taka afstöðu til þess núna að fara yfir á aflamark en eiga ekki þaðan afturkvæmt þegar eftirlitskerfið er tilbúið. Vissulega eru það nokkuð haldgóð rök og má segja að forsendur hvað þetta snertir séu hæpnar.

Menn hafa bent á það og ugglaust nokkuð réttilega að ekki hefur verið haft nægjanlegt samráð við þá sem þessa atvinnugrein stunda, en því má til svara að hv. sjútvn. hefur þegar fjallað um það á fundi sínum í gærmorgun að boða til sín m.a. fulltrúa frá Landssambandi smábátaeigenda.

Þannig má áfram telja. Grundvallaratriðið er það að við ætlum að reyna að halda stjórn á fiskveiðum, binda pottinn 21.500 lestir og síðan er það spurningin um útfærsluna. Ég trúi því að það sé spurningin um að þrauka í eitt ár og koma þá veiðistjórn sem snertir sérstaklega krókabáta í fastar skorður því að á því má vekja athygli að nauðsynlegt er koma á festu í þessu kerfi sem öðrum kerfum, festu sem skapar öryggi fyrir þá sem veiðarnar stunda og festu sem skapar rekstrargrundvöll og rekstrarskilyrði fyrir útgerðir þessara smábáta. Útfærslan er ekki einföld. En það er verkefni sjútvn. að skoða þessa útfærslu nánar.

Ég vil þá víkja aðeins að hinu meginatriðinu í frv. og það eru bættar heimildir til handa aflamarksbátum. Það þarf ekki að útskýra þær nánar, það hefur verið gert hér í morgun, en ég vil vekja athygli á því að gert er ráð fyrir því að enginn bátur fái meira en nemur 10 tonnum. Það felst einmitt í því að koma til móts við vertíðarbáta og vil ég vekja athygli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á því að bátur og bátur er sitt hvað. Framsóknarmenn í Reykjanesi töluðu einmitt um það að auka veg báta, bæði smábáta og ekki síður hinna hefðbundnu vertíðarbáta sem skipta miklu máli í sjávarútvegi margra byggða. Það er akkúrat það sem verið er að gera með þessu ákvæði um úthlutun 5.000 smálesta og binda þær við hámark 10 tonn. Þannig mun það nýtast best þessum hefðbundnu vertíðarbátum. Þetta eru þau tvö meginatriði sem auðvitað eiga eftir að koma til frekar umræðu í sjútvn.

En mér þykir ástæða til að benda á aðra þætti sem hafa ekki komið fram í umræðunni. Það má á stundum halda að umræða um sjávarútvegsmál snúist eingöngu um krókaveiðar en í umræðunni í morgun hefur aldrei verið minnst einu orði á tengsl útgerðar, fiskveiða, við fullvinnslu sjávarafla, við vinnsluna. Það hlýtur að þurfa að skoða fiskveiðar í þessu samhengi. Aflinn kemur úr sjónum, hann fer á land og hvað verður um hann þar? Það er einföldun að líta einungis til eins þáttar af mýmörgum sem tengjast sjávarútvegi, bæði fiskveiðum og fiskvinnslu. Það hefur ekki verið rætt hér enda ugglaust ekki ætlunin en það er eitt af langtímaverkefnum hæstv. ríkisstjórnar.

Það hefur heldur ekki komið fram hér að sum byggðarlög í landi okkar byggja afkomu sína nánast eingöngu á ísfisktogurum. Aflaheimildir sumra þessara ísfisktogara eru minni en aflahæstu krókabáta og alvarlegast er að útgerð þessara ísfisktogara hefur verið rekin með tapi um árabil. Hvað felur það í sér? Hvaða hætta felst í því að á sama tíma og ísfisktogarar eru reknir með tapi árum saman, undirstaða í nokkrum sjávarútvegsplássum, eru frystitogarar reknir með hagnaði? Felst ekki einmitt ákveðin hætta í því að útgerð þessara ísfisktogara leggist niður og aflaheimildir þeirra færist yfir til frystitogara? Þar með er verið að færa úr landi atvinnu, þar með er verið að leggja niður undirstöðu að tilveru ýmissa sjávarplássa hér á Íslandi. Á þessu þarf að taka, á þetta hefur ekki verið minnst einu orði í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram. Hvert stefnir með þessu? Það er verkefni þess þings, sem á eftir að koma saman í haust að skoða

sjávarútvegsmálin í víðara samhengi heldur en er til umræðu hér á stuttu vorþingi. Umræðan ber þess merki og mun bera þess merki að hagsmunir eru afskaplega ólíkir.

Rétt er að undirstrika að krókabátar eiga tilverurétt, m.a. vegna þess að mörg byggðarlög í landinu byggja tilveru sína á krókabátum. Það er líka rétt að árétta það að ísfisktogarar og hefðbundnir vertíðarbátar eiga sama tilverurétt en áherslan á þessar ólíku tegundir veiðiskipa er ólík eftir byggðarlögum og eftir kjördæmum. Sé ætlunin að leggja af byggðir á Íslandi eiga menn einfaldlega að setja það markmið skýrt fram. Ég trúi því ekki að nokkur hv. þm. hafi vilja eða löngun til þess að leggja af byggðir á Íslandi. Sé svo eiga menn að hafa þann kjark að koma og segja þá skoðun sína úr þessum ræðustóli. En sé það ætlunin að verja byggðir landsins þarf að skoða tilverurétt allra tegunda veiðiskipa en ekki að hampa endilega einni tegund umfram annarri í einhverju vinsældum. Það þarf að virða tilverurétt þeirra allra. Það er meginverkefni okkar. Það er það verkefni sem sjútvn. mun fjalla um og það er það verkefni sem hv. Alþingi ber að fjalla um. Það gera menn ekki með útúrsnúningum. Það gera menn ekki með því að láta skemmtigildið ráða en menn þurfa samt ekki að gerast leiðinlegir og trúi ég seint að hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerist leiðinlegur.

[14:19]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Eftir öll stóru, þungu orðin sem féllu í nýliðinni kosningabaráttu, eftir allar heitingarnar sem skyldu nú afla atkvæða og gerðu það áreiðanlega er erfitt að velja orð yfir þann bastarð sem hér er til umræðu. Kannski var óþarfi að búast við öðru en einhverju í þessa veru. Kannski er það borin von að menn geti náð samkomulagi um vitræna niðurstöðu þegar svo ólík sjónarmið vegast á, þá verður niðurstaðan málamiðlun sem enginn er í rauninni sáttur við.

Svo mikið er víst að lítið sér hér stað þeirra djörfu sjónarmiða sem hinir ungu, fersku frambjóðendur kynntu í kosningabaráttunni eins og frambjóðendur Framsfl. í Reykn. kynntu sig gjarnan á fundum með kjósendum. Þær hugmyndir, sem þeir kölluðu nýjar áherslur í sjávarútvegi, voru óneitanlega talsvert á skjön við það sem forustan hefur aðhyllst og þrátt fyrir litla hrifningu á þeim bæ fengu hinir ungu, fersku frambjóðendur að halda sínu fram nokkurn veginn óáreittir og uppskeran í Reykjanesi varð í samræmi við það í kosningunum. Árangurinn verður hins vegar ekki séður í þeim þingmálum sem eru til umræðu hvernig sem svo reynt er að klóra í bakkann. Því miður því að mér leist vel á ýmislegt í hugmyndum þeirra enda voru þær býsna nálægt stefnu Kvennalistans og miklu nær henni en stefnu Framsfl. En það gildir svo sem einu því að nú eru þessar hugmyndir komnar undir stól. Eða hvað er orðið af hugmyndunum um að ýta togurum lengra frá landi, banna flottroll, fækka togurum, skylda allan afla á markað, efla rannsóknir? Þetta og ýmislegt fleira átti að styðja raunhæfa þróun í sjávarútvegi Íslendinga eins og það var orðað. Þingmenn Framsfl. í Reykjanesi hafa nú fengið að reyna að sitthvað er kosningabarátta og þingmennska og má kannski segja um það eins og hv. síðasti ræðumaður sagði um muninn á því að vera í stjórn og stjórnarandstöðu.

Umræðan um fiskveiðistjórnun snýst oftast og mest um smábátaútgerðina. Það sannar reynslan enda á hún stöðugt í vök að verjast og enn er verið að taka á þeim vanda. Sú áhersla er að mörgu leyti eðlileg því að sú mikla kvótaskerðing, aðallega í þorski, sem orðið hefur á undanförnum árum, hefur bitnað harkalega á smábátasjómönnum sem geta ekki sótt á fjarlæg mið eða í nýjar tegundir á sama hátt og sjómenn á stærri skipum. Á þetta hafa kvennalistakonur ítrekað bent og viljað taka aukið tillit til aðstæðna smábátasjómanna. Ástæðan er auðvitað ekki eingöngu sú að smábátaútgerðin á ekki sömu kosta völ og stórútgerðin og hún er heldur ekki sú að smábátaeigendur eru dálítið háværir og ötulir í hagsmunagæslu sinni en það eru reyndar fleiri í hinum ýmsu greinum sjávarútvegsins.

Margar ástæður eru fyrir því að við kvennalistakonur teljum rétt og skynsamlegt að tryggja og efla hag smábátaútgerðar. Ég ætla að nefna nokkrar.

Í fyrsta lagi skila smærri bátarnir, og þá fyrst og fremst dagróðrarbátarnir, yfirleitt mjög góðu hráefni á land og líklega jafnbesta hráefni sem á land berst. Nú þegar Íslendingar eru loksins farnir að átta sig á mikilvægi gæða fremur en magns í sjávarútvegi sem og öðrum greinum þá ætti ekki að þurfa að hafa fleiri orð um þann þátt.

Í öðru lagi tryggja veiðarfæri smábátanna betri umgengni um auðlindina en hin mikilvirku, botndregnu veiðarfæri stærri skipa og þetta er mjög mikilvæg ástæða og kannski sú almikilvægasta. Það hlýtur að vera meginmarkmið með stjórnun fiskveiða að vernda þá auðlind sem sjávarútvegurinn hvílir á. Það verður því ekki ofmælt um þetta atriði og það er ekki síst af þeirri ástæðu sem er brýnt að ýta skipum yfir ákveðnum stærðarmörkum og með stórvirk veiðarfæri af grunnsjávarmiðunum. Það er jafnframt brýnt og nauðsynlegt að stórauka rannsóknir á áhrifum stórvirkra veiðarfæra á lífríkið en það er mörgum áhyggjuefni hversu lítið er vitað um þau áhrif. T.d. er spurning hvort ástandið á humarmiðunum, sem er nú mörgum áhyggjuefni, megi ekki rekja til óvarlegrar umgengni af þeim toga sem hér var nefnt.

Í þriðja lagi má færa rök fyrir því að smábátaveiðar séu fjárhagslega hagkvæmari. Fastur kostnaður við veiðar er meiri hjá stórum skipum en litlum og smábátaútgerð er þannig hagkvæmari þegar lítið er til skiptanna. Einnig má minna á það atriði þegar byggð og þróun byggðar hvílir nánast á einu atvinnutæki, einum togara og einu frystihúsi. Ef þau atvinnutækifæri bregðast, sem lítið eða meðalstórt byggðarlag hefur byggt sína lífsafkomu á, og atvinnutæki eru seld burtu er það mikið áfall fyrir fólkið sem stendur eftir atvinnulaust. Hér gildir það enn eina ferðina hversu óskynsamlegt er að hafa öll eggin í sömu körfunni. Það er betra að hafa fiskiskipin fleiri en færri og helst af ýmsum stærðum og gerðum.

Í fjórða lagi má færa rök fyrir því að smábátaútgerðin skapar meiri og stöðugri atvinnu og meiri

möguleika á fjölbreyttri vinnslu.

Við skulum heldur ekki gleyma mannlegu hliðinni. Smábátaútgerðin fellur um margt betur að félagslegum þörfum og ræktun fjölskyldulífs og mannlífs almennt. Það er því á margt að líta og margvísleg rök sem hníga að því að taka ríkulegt tillit til smábátaútgerðar, jafnvel á kostnað stórútgerðar sem hefur reyndar allt aðra og fleiri möguleika til að bæta sér upp aflaskerðingu, betri möguleika að sækja á önnur og fjarlægari mið og nýjar tegundir.

Nú eru átta ár síðan við kvennalistakonur settum fram stefnu okkar um byggðakvóta sem fáir tóku reyndar undir í fyrstu en æ fleiri hafa hallast að á síðari árum. Það er bjargföst skoðun mín að ýmislegt væri öðruvísi í sjávarútvegi núna ef á þau sjónarmið hefði verið hlustað og tekið undir þau fyrr. Við erum enn þá þeirrar skoðunar að veiðiheimildir beri að tengja byggðarlögum, a.m.k. að hluta og það verður að horfa til sjálfbærrar þróunar og byggða- og atvinnuþróunar í landinu þegar veiðistjórnunin er skipulögð.

Auðvitað hefur margt gerst á þessum átta árum og hugmyndir okkar hafa breyst og þróast. Við teljum að skipta eigi miðunum í grunnsjávarmið og djúpsjávarmið þar sem grunnsjávarmiðin væru nýtt af íbúum nærliggjandi svæða og skip með stórvirk veiðarfæri fengju ekki leyfi til að veiða á grunnsjávarmiðum. Það þarf að rannsaka áhrif veiðarfæra á fiskimiðin og fiskstofnana og það þarf að ýta undir veiðar með vistvænum veiðarfærum. Reyndar vitum við ekki einu sinni nóg til þess að geta fullyrt að tiltekin veiðarfæri séu vistvænni en önnur en þar eru að vísu krókarnir undanskildir. Þá er mjög nauðsynlegt að gera tilraunir með friðun þekktra hrygningarstöðva í nokkur ár og hefur því miður lítið verið komið inn á þau mál hér núna.

Þetta eru svona í örfáum stórum dráttum þær áherslur sem við hefðum vijað sjá og ég lýsi miklum vonbrigðum með það metnaðarleysi sem birtist í þeim þingmálum sem eru til umræðu. Niðurstaðan er eiginlega hvorki fugl né fiskur eða kannski réttara sagt bæði fugl og fiskur því að hér er verið að bjóða mönnum að velja um það hvort þeir verði skotnir eða hengdir. Eins og hér hefur verið bent á gerir það málið ekki auðveldara að hér er ávísað með óljósum hætti á róðrardagakerfi sem kunni að vera mögulegt innan einhvers tíma. Þetta er að mörgu leyti hugnanlegra kerfi en banndagakerfið og erfitt að skilja að það þurfi að vera eitthvað flóknara. Það er það ekki.

Ég hef áhyggjur af því ef niðurstaðan verður sú að krókabátarnir verða nánast neyddir yfir á aflamarkskerfi fyrst og fremst af þeim orsökum að aflamarkskerfið hefur í sér fólginn þann stóra galla að það hvetur til að fiski sé hent. Það er stórvandamál í þessu kerfi og það bætir ekki úr skák ef krókabátarnir verða skyldaðir til þess að fara á aflamark.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði þessara þingmála. Þar eru ákveðin atriði sem eru vissulega til bóta, t.d. í sambandi við vertíðarbátana. Kvennalistinn á reyndar ekki aðild að hv. sjútvn. en við höfum farið fram á áheyrnaraðild þar og sú ósk hefur fengið jákvæða afgreiðslu í nefndinni. Ég hef reynt að lýsa í mjög stuttu máli fyrst og fremst því sem ég sakna úr þessum niðurstöðum af samningum stjórnarflokkanna og skil það út af fyrir sig að það hafi verið erfitt að komast að niðurstöðu sem allir eru sáttir við, en þessari niðurstöðu sem ég leyfði mér að kalla bastarð í upphafi máls eru menn ekki mjög sæmdir af.

Ég hef lokið máli mínu að sinni. Ég bíð með eftirvæntingu eftir ræðum og útskýringum þeirra hv. þm., einkum af Vestfjörðum, sem mestar heitingar höfðu uppi um nauðsyn breyttrar stefnu en hafa nú beygt sig fyrir ofureflinu.

[14:32]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur fyrir um margt mjög ágæta ræðu og þau sjónarmið sem hún kynnti um krókabáta, um það erum við sammála eins og hún vék að. Hins vegar finnst mér það vera fullmikið ábyrgðarleysi og veldur mér vonbrigðum með jafnágæta konu og hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur hvernig hún hóf sína ræðu. Hún spyr: Hvað hefur orðið um verndun togsvæða? Hvað hefur orðið um togveiðar? Hvað hefur orðið um að efla rannsóknir? Og hún tíndi til fleiri slíka þætti úr áherslubreytingum eins og framsóknarframbjóðendur í Reykjanesi kynntu fyrir kosningar. Hvað hefur orðið um það að setja allan afla á markað?

Hv. þm. veit að það eru ekki nema rétt um tvær vikur frá því að þing hófst og hv. þm. getur ekki meint það í fullri alvöru að niðurstöður rannsókna liggi fyrir á tveimur vikum. Hv. þm. getur ekki ætlast til þess að jafnmikilvæg ákvörðun og að setja allan afla á markað verði tekin hér í einhverri skyndingu á tveimur vikum þegar samtök sjómanna og samtök útgerðarmanna eru í hörðu verkefalli um það sama. Þannig má áfram telja.

Ég nefndi það áðan og það hlýtur hv. þm. Kristín Halldórsdóttir að gera sér grein fyrir að svona mál verða ekki afgreidd á einni nóttu. Þetta þarf að gerast varlega. Að þessu er stefnt, hlýtur að vera.

[14:34]

**Kristín Halldórsdóttir** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að öll þessi mál taka sinn tíma. En ég fann ekki neitt í þessum þingmálum sem benda til þess að hv. þm. Framsfl. á Reykjanesi hafi náð árangri í samræmi við þau loforð sem þeir gáfu og þau fyrirheit sem þeir gáfu í kosningabaráttunni. Í þeirri baráttu var ekki minnst á það, það var ekki nefnt í þeim plöggum sem ég var að veifa hér áðan að þau væru ekki í samræmi við stefnu flokksins.

[14:35]

**Guðjón Guðmundsson:**

Hæstv. forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. segir að banndagakerfi svonefndra krókabáta verði tekið til endurskoðunar og að skapað verði svigrúm til að rétta hlut þeirra aflamarksbáta sem harðast hafa orðið úti vegna minnkandi þorskafla. Þetta er hvort tveggja mjög aðkallandi og því fagnaðarefni að frv. um þetta mál skuli koma fram á vorþinginu. Sérstaklega finnst mér það ánægjulegt að

hér skuli tekið nokkuð á vanda aflamarksbátanna strax á yfirstandandi fiskveiðiári en þeir hafa farið verst allra út úr þeim mikla samdrætti sem orðið hefur á þorskaflanum á undanförnum árum því flestir þeirra, þ.e. þeir minni, hafa ekki haft möguleika á að snúa sér að veiðum á öðrum tegundum eða sókn á fjarlægari slóðir eins og stærri skipin hafa sem betur fer getað gert með þokkalegum árangri.

Í ákvæði til bráðabirgða I í þessu frv. er gert ráð fyrir að á yfirstandandi fiskveiðiári skuli úthluta sérstaklega til jöfnunar þeim hluta aflahámarks vegna línutvöföldunar sem ekki nýttist við línuveiðarnar í nóvember til febrúar í vetur, en hér er um að ræða 4.850 lestir af þorski og ýsu miðað við óslægðan fisk eins og fram kemur í athugasemdum með frv. Þá skal úthluta 5.000 lestum af þorski á ári í sama skyni næstu fjögur fiskveiðiár.

Ég er ekki fyllilega sáttur við það með hvaða hætti á að úthluta þessum viðbótarkvóta. Gert er ráð fyrir að úthluta honum til allra aflamarksskipa nema þeirra sem leyfi hafa til fullvinnslu um borð. Þetta þýðir að tæplega 600 skip koma til með að skipta þessum 5.000 tonnum á milli sín og hámarksúthlutun til hvers skips verður 10 lestir. Ég tel eðlilegra að viðbótarkvótinn komi eingöngu til báta upp að einhverri ákveðinni stærð, t.d. 100–150 tonn og að sá viðbótarkvóti sem kemur á yfirstandandi fiskveiðiári verði óframseljanlegur og komi eingöngu til þeirra báta sem veiða þennan afla í sumar. Það er ástæðulaust með öllu að nota þessa viðbót til að auka kvóta þeirra sem nota hann sem söluvöru. Ég vona að þetta sjónarmið verði skoðað þegar hv. sjútvn. fjallar um málið. Vissulega skiptir það minnstu aflamarksbátana nokkru að fá 10 lesta viðbót við kvóta sinn en fyrir báta af millistærð gerir það minna gagn. Yrði stuðst við þá aðferð sem ég nefndi hér að framan þá gætu þessir bátar hugsanlega fengið 30–50 lesta úthlutun sem gæti skipt sköpum fyrir rekstur þeirra í sumar.

Annað meginviðfangsefni þeirrar verkefnaáætlunar sjútvrn. sem samþykkt var við myndun ríkisstjórnarinnar er að tryggja stöðu þeirra sem hafa haft lífsviðurværi af krókaveiðum. Menn hafa á því skiptar skoðanir með hvaða hætti þetta verði best gert. Sumir vilja kvótasetja krókaflotann, þ.e. setja aflahámark á hvern einstakan bát á grundvelli aflareynslu síðustu ára. Aðrir, þar á meðal sá sem hér stendur, telja farsælast að stjórna veiðum þessara báta eingöngu með róðrardögum og benda á að kvótasetning leiði til þess að fiski verði hent í stórauknum mæli og að viðmið við aflareynslu síðustu ára verði í mörgum tilfellum mjög ósanngjarnt, t.d. í þeim tilfellum þar sem menn hafa keypt nýja báta og eins varðandi kaup á notuðum bátum þar sem kaupandi hefur að sjálfsögðu ekkert spáð í aflareynslu enda hefur hún engu máli skipt í því kerfi sem gilt hefur.

Í þessu frv. er reynt að samræma þessi sjónarmið með því að menn geti valið um það að fara á aflamark eða áframhaldandi banndagakerfi með stórfjölgun banndaga. Ég tel að hv. sjútvn. verði að skoða þennan þátt frv. mjög vandlega og leita svara við ýmsum spurningum. Ég hef t.d. spurt að því og ekki fengið svar: Hvað þýðir það ef t.d. þeir 200 bátar sem mesta aflareynslu hafa velja allir aflamarkskerfi? Hversu mikið taka þeir þá af þeim 20 þúsund tonnum sem veiða má og hvað mikið verður þá eftir handa þeim 900 bátum sem eftir eru? Við þessu verður auðvitað að fást svar.

Vandamálið varðandi krókaleyfisflotann er náttúrlega að það eru allt of margir að veiða allt of lítið þrátt fyrir að þorskafli þessara báta hafi fjórfaldast frá árinu 1989 og tvöfaldast frá árinu 1991. Það er augljóst að þau rúmlega 20 þúsund tonn sem lögin um stjórn fiskveiða leyfa þessum 1.100 bátum að veiða er allt of lítið, enda útlit fyrir að þeir veiði 75% umfram heimildir á þessu ári.

Ég hef ekki áhyggjur af því þótt smábátar veiði nokkur þúsund tonnum meira heldur en ætlað er og tel að það skipti ekki sköpum, ekki síst þar sem fiskigengd á grunnslóð er einhver sú mesta sem verið hefur í háa herrans tíð. En það er náttúrlega augljóst að þeir sem búa við aflamarkskerfi og hafa þurft að taka á sig miklar skerðingar á undanförnum árum sætta sig ekki við að ein tegund útgerðar fái að veiða nánast ómælt. Afkastageta krókaflotans hefur vaxið gífurlega að undanförnu. Margir nýir og öflugir bátar hafa komið í stað annarra hálfónýtra. Bátar hafa verið stækkaðir og vélarorka aukin. Allt hefur þetta leitt til þess að þessi floti er miklu öflugri en hann var fyrir 1–2 árum. Margir þeirra báta sem stunda krókaveiðar eru mjög afkastamiklir sem sést á því að sumir þeirra veiða 200–300 tonn á ári og jafnvel á fjórða hundrað.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að herða mjög endurnýjunarreglur krókabáta jafnframt því sem samhliða þessu frv. er flutt frv. um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins þar sem gert er ráð fyrir að eigendur krókabáta öðlist rétt til að sækja um úreldingarstyrk fyrir bátana. Þetta hefði þurft að gerast fyrr, t.d. fyrir ári þegar lögum um stjórn fiskveiða var breytt. Þá mátti öllum ljóst vera að sá floti sem þá var til staðar var allt of stór til að veiða þau rúmlega 20 þús. tonn sem þessum bátum var heimilað að veiða.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að banna veiðar smábáta í desember og janúar. Það er reyndar óbreytt frá núgildandi lögum en ég tel að þetta tímabil mætti gjarnan lengjast um hálfan til einn mánuð. Það er nú svo að þegar þarf að takmarka veiðarnar eins mikið og frv. gerir ráð fyrir þá sýnist mér ekki mikið vit í því að vera að sækja sjó á þessum litlu bátum á erfiðasta tíma ársins. Af því er veruleg slysahætta eins og dæmin sanna. Og talandi um slysahættu þá skapar þetta banndagakerfi tvímælalaust meiri slysahættu en róðrardagakerfi þar sem hver einstaklingur velur sína sjóferðadaga.

Í athugasemdum með frv. og eins og kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. þá segir að slíkar hugmyndir séu óframkvæmanlegar eins og sakir standa þar sem nauðsynleg eftirlitstækni sé ekki tiltæk, en gert ráð fyrir að taka þetta kerfi upp þegar gervihnattasamskipti geri það mögulegt.

Ég held að það hljóti að vera hægt að fylgjast með

róðrardögum þessara báta án gervihnatta. Annað eins er eftirlitið orðið í höfnum landsins. Ég tel reyndar að flestir þeir sem gera út þessa báta séu strangheiðarlegir menn og þó að auðvitað finnist einn og einn sem væri til í að svindla á dagafjöldanum þá held ég að mætti einfaldlega koma í veg fyrir það með ströngum viðurlögum.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta frv. við 1. umr. Ég ætla líka að stilla mig um að tala almennt um þá miklu vankanta sem eru á því fiskveiðistjórnunarkerfi sem við búum við, kerfi sem leiðir til þess að æ meira af fiskvinnslunni flyst út á sjó, kerfi sem leiðir til þess að óseldur fiskurinn í sjónum er orðinn verslunarvara í stórum stíl, kerfi sem skammtar mönnum upp á kíló hvað þeir mega koma með mikinn afla á land og allt miðast við að heildarafli flotans sé ákveðið mörg tonn af hverri tegund, en aflinn er auðvitað miklu meiri því að kerfið leiðir til þess að menn draga helst að landi verðmesta fiskinn en henda í stórum stíl smáfiski, dauðum netafiski og öðrum verðminni fiski. Einn höfuðkostur krókaleyfanna er að þar koma menn með allan fisk að landi og gera úr honum verðmæti. Ekki síst vegna þess er ég ósammála þeim sem vilja kvótasetja alla krókabáta. Það mundi tvímælalaust leiða til þess að fiski yrði hent í stórauknum mæli og er ekki á það bætandi.

Í lokin verð ég að lýsa ánægju minni með síðustu mgr. 2. gr. frv. þar sem mönnum er enn heimilt án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu og býst ég við að það hljóti að fara fyrir brjóstið á helstu aðdáendum kerfisins. En frv. fer til hv. sjútvn. sem leitar væntanlega svara við ýmsum spurningum sem hafa komið upp í umræðunni. Þá er auðvitað nauðsynlegt að nefndin ræði ítarlega við Landssamband smábátaeigenda og hlusti grannt á tillögur þeirra um stjórn veiðanna. Það hlýtur að skipta miklu máli hvernig þeir sem starfa í greininni vilja standa að því að veiða þann afla sem er til skiptanna.

[14:46]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Virðulegi forseti. Í stefnuræðu forsrh. kom fram að í nýafstöðnum kosningaslag hefði þingmönnum gefist fjölmörg tækifæri til að eiga skoðanaskipti við fjölda kjósenda. Eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Við tókum eftir því að nokkurs óróleika gætir um skipan sjávarútvegsmála víða um landið. Það þarf ekki að koma á óvart að farvegur óánægju og gagnrýni í þessum mikla málaflokki sé margslunginn. Skoðanir eru mjög skiptar og fara eftir aðstæðum á hverjum stað, nálægð við fengsæl mið hefur áhrif á afstöðu manna svo og með hvaða hætti uppbyggingu skipaflota og vinnslu í landi er háttað.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að sjávarútvegurinn búi við festu í starfsskilyrðum og þar sé ekki tjaldað til einnar nætur. Á hinn bóginn verður leitast við að bregðast við þeirri gagnrýni og þeim umkvörtunarefnum sem mest bar á í kosningabaráttunni.“

Þegar verkefnaskrá sjútvrn. var síðan birt held ég að við hljótum öll að hafa ályktað sem svo að þar væri að finna eitthvað af þeim svörum sem ríkisstjórnin vildi veita við þeirri gagnrýni eða þeim spurningum sem höfðu komið fram í kosningabaráttunni. Vissulega er þar eitthvað af svörum eða einhver drög að svörum en betur má ef duga skal. Þær spurningar og sú gagnrýni á kerfið sem ég heyrði í nýliðinni kosningabaráttu var af ýmsum toga. Það var gagnrýni á fiskveiðistjórnunarkerfið, sem er alltaf viðvarandi, en þegar grannt var hlustað var fólk ekki endilega að gagnrýna aflamarkskerfið heldur miklu fremur framkvæmd þess varðandi einstaka þætti. Það var að gagnrýna agnúa sem hafði ekki verið tekist á við og hafa e.t.v. ekki mikið með aflamarkskerfið að gera. En það var jafnframt afar hávær gagnrýni á þann hluta kerfisins sem er ekki hluti af aflamarkskerfinu. Gagnrýni sem var mjög hávær og áberandi var sú að fiski væri hent. Í 20. gr. reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni segir, með leyfi forseta, „að skylt sé að koma með allan afla að landi sem markaður er fyrir“. En jafnframt kemur fram í lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla að greiða skuli sérstakt gjald fyrir veiðar eða viðskipti með ólögmætan sjávarafla. Það hefur verið svo að menn hafa mátt sæta refsingum ef þeir hafa álpast til þess að veiða fisk sem var ekki í þeirra kvóta eða passar ekki því sem lög og reglur mæla fyrir um. En auðvitað viljum við leita leiða til að allur fiskur komi að landi. Það er alveg ljóst að gagnrýni á það að fiski sé hent verður æ háværari eftir því sem þrengt er að okkur varðandi veiðiheimildir. Eftir því sem afli minnkar verður umræðan um umgengni um auðlindina meiri, hún verður ákafari og kröfur fólks um að allur afli komi að landi verða háværari. Þá hljótum við að leita annarra leiða en þeirra sem þegar hefur verið leitað vegna þess að ef það er svo að fiski er enn hent þrátt fyrir þær leiðir sem þegar hafa verið reyndar eru þær einfaldlega ekki nógu góðar.

Virðulegi forseti. Ég held að við verðum að reyna að laða fram samstarf við sjómenn í þessu efni. Við verðum að umbuna mönnum með einhverjum hætti fyrir það að koma með afla að landi. Sjómenn vinna ekki kauplaust frekar en aðrir og við hljótum að spyrja hvar markaðurinn fyrir fiskinn sé. Það er alltaf afstætt hvar markaður er fyrir fisk, það er alltaf afstætt hvað er markaður og hvar hann er fyrir tegundir sem menn koma ekki með að landi. Það var ekki markaður fyrir grálúðu meðan menn komu ekki með hana að landi, á meðan hún kom í rækjutroll og var hent, og einu sinni var ekki heldur markaður fyrir humar. Svo var auðvitað um ýmislegt fleira.

Ég held að þetta mál verði að taka til mjög alvarlegrar skoðunar. Í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar eða sjútvrn. réttara sagt stendur, með leyfi forseta: „Haldið verði áfram vinnu við að bæta umgengni um auðlindir sjávar í samvinnu við sjómenn og útvegsmenn og sett löggjöf til að tryggja ábyrga umgengni um auðlindina.“

Ég vænti þess að þegar kemur að útfærslu þessarar greinar verði haft um það víðtækt samráð hvernig verður farið í það til þess að niðurstaðan gæti orðið önnur en sú sem við höfum því miður orðið vitni að.

Það er reyndar svo að menn greinir mjög á um það hversu mikið þetta er en öll umræða er þess eðlis að hana ber að taka alvarlega. Ég heyrði líka aðra gagnrýni í kosningabaráttunni og hún var varðandi eignarhaldið á auðlindinni, varðandi braskið með hina sameiginlegu auðlind. Menn töluðu um veiðileyfagjald sem væri réttlætismál, veiðileyfagjald til að undirstrika eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni og til að ná sátt um kerfið. Já, ýmsir meta það sem svo að það sé réttlætismál sem mundi draga úr deilum um fiskveiðistjórnunarkerfið enda hafa ýmsir útgerðaraðilar þegar komið auga á það.

Í verkefnaskrá sjútvrn. kemur fram að vilji er til að kanna möguleika á að koma á sveiflujöfnun í sjávarútvegi. Ég vil því ítreka þá spurningu sem ég varpaði fram í umræðum um stefnuræðu forsrh.: Er þar verið að gefa fyrirheit um enn aukna ríkisforsjá í atvinnulífinu með verðjöfnunarsjóð að gamla laginu eða hyggst ríkisstjórnin koma á veiðileyfagjaldi og láta þá sem nýta auðlindina greiða fyrir afnotin? Með góðri útfærslu getur slíkt gjald dregið úr sveiflum og hamlað gegn óæskilegri hækkun raungengis en það er væntanlega í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar um hagstætt raungengi.

Ég heyrði líka gagnrýni á að kvóti flyttist á milli byggðarlaga. Að sjómennirnir séu tortryggnir gagnvart útgerðaraðilum og óttist að vera hlunnfarnir. Talað er um mismunandi kjör og verðmyndun og allt þetta sjá menn opinberast í þeim átökum sem eiga sér stað á milli útgerðarmanna og sjómanna. Þar snýst málið um verðmyndun og þar endurspeglast í rauninni sú tortryggni sem hefur verið að grafa um sig varðandi þá verðmyndun sem viðhöfð hefur verið í sjávarútvegi þar sem menn hafa alls ekki setið við sama borð.

Í verkefnaskrá sjútvrn. er í 4. lið fjallað um verðmyndun á sjávarafla og þar er talað um að hún verði tekin til endurskoðunar og metið hvaða leiðir séu færar til að leiðrétta það misgengi sem orðið hefur innbyrðis á launakjörum sjómanna. Því væri fróðlegt að vita hvort það mat hefur farið fram, hvort sjútvrn. hefur séð ástæðu til þess nú í yfirstandandi vinnudeilu. Það hlýtur að vera einhvers virði fyrir þá sem þar eigast við að vita hver skoðun ríkisstjórnarinnar er í málinu. Ekki er hægt að lesa það út úr 4. liðnum en vissulega eru þarna gefin ákveðin fyrirheit um það að menn ætli sér að athuga þessi mál og menn ætla að gera það með einhverja sanngirni í huga.

Það er alveg ljóst að sjómenn hafa farið fram á það að allur afli færi á markað. Vissulega leysir það ýmsa þá ágalla sem menn tala um í sjávarútvegi í dag, það leysir ýmist þau vandamál sem eru uppi, vandamál sem menn kenna kvótakerfinu um. Enda þótt ýmislegt megi finna því til foráttu er það nú svo að það er ekki hægt að kenna því um alla hluti, t.d. ekki það hvers konar verðmyndun er hér á sjávarafla. Ef fiskur yrði seldur um fiskmarkaði mundi það vissulega leysa ýmis þau mál sem gagnrýnd voru í nýliðinni kosningabaráttu, þ.e. þau mál sem valda nú erfiðleikum í sjávarútvegi.

Það vandamál sem menn ræða gjarnan um, að kvóti flytjist á milli byggðarlaga, að farið sé á svig við forkaupsréttarákvæði það sem sveitarfélögunum er helgað í lögum, að sveitarfélögunum sé stillt upp við vegg, mundi leysast með því að fiskur væri seldur um fiskmarkaði. Við hljótum að spyrja: Er ekki verið að veiða fisk eða afla fiskvinnslu hráefnis til fiskiðnaðar? Er ekki verið að afla hráefnis til matvælavinnslu?

Það væri mjög mikils virði að þeirri kvöð yrði létt af sveitarfélögunum að leggja svo og svo mikið fé í útgerð og kvótakaup. Sala um fiskmarkaði gerir það nefnilega að verkum að það skiptir ekki höfuðmáli hvar skrásetningarnúmer skipsins er, hvort það er skrásett á Suðurnesjum eða á Austurlandi. Það sem skiptir máli er hvaða fiskvinnsla er nógu öflug til að kaupa þann afla sem er til sölu er. Fiskur er fluttur landshorna á milli með bílum. Það hefur verið gert mjög lengi, það var gert fyrir kvótakerfið og það er gert í enn auknum mæli og það verður gert áfram. Skráning skips í tiltekna höfn tryggir því ekki endilega fiskvinnsluna á staðnum. Ef menn treystu sér til þess að taka upp fiskmarkaði sem meginreglu varðandi viðskipti með fisk, ef menn treystu sér til þess að gefa fyrirheit um slíkt að það yrði gert í áföngum mundi það breyta miklu. Það tryggði eðlilega verðmyndun og sú tortryggni sem gætt hefur undanfarin ár í samskiptum sjómanna og útgerðarmanna minnkaði. Sú markaðstenging sem menn hafa verið að þreifa sig inn í hefur fært sjómönnum einhvern ábata í launum en er afskaplega takmörkuð lausn vegna þess að það er alveg ljóst að fiskvinnsla sem ekki getur sérhæft sig í vinnslu hefur heldur ekki efni á því að kaupa dýran fisk. Það verður að haldast í hendur að menn taki upp sérhæfingu og hafi í leiðinni efni á því að greiða hærra verð fyrir fiskinn.

Auk þess mundu fiskmarkaðir tryggja betri nýtingu hráefnis og þeir eru mikilvægir fyrir nýsköpun í vinnslu sjávarafurða. Það verður aldrei of oft undirstrikað að sérhæfing er nauðsynleg í fiskiðnaði til að auka arðsemi og bæta starfskjör rétt eins og í öðrum iðnaði. En fiskmarkaðir eru ein af forsendum þess að sérhæfing aukist. Auk þess eru fiskmarkaðir trygging fyrir því að nýliðar í fiskvinnslu hafi einhvern aðgang. Það er dálítið merkilegt að þeir sem virðast vera sem mest á móti því að afli sér seldur um fiskmarkaði eru einmitt þeir útgerðarmenn sem fengju hæst verð við slíka breytingu. Þegar okkur finnst svo augljóslega að hagsmunir gangi ekki upp vegna þess að við lítum þannig á að það hljóti að vera hagsmunir útgerðar að fá sem hæst verð fyrir sinn fisk veltum við því auðvitað fyrir okkur hvaða aðrir hagsmunir séu þá á ferðinni.

Hvaða aðra hagsmuni er þá verið er að verja? Við höfum í forundran undanfarið fylgst með átökum sölusamtakanna, sem skammstöfuð eru með ÍS og SH, átökum varðandi það að öðlast fótfestu með eignarhaldi í hinum ýmsu fiskvinnslufyrirtækjum. Eru þau þannig að tryggja sér aðgang að auðlindinni, aðgang inn í kvótann? Er það e.t.v. skýringin á því að það má ekki breyta fyrirkomulagi varðandi verðmyndun eða verslun með fisk? Er það skýringin á því að menn eru svo mjög á móti því að það sé verslað með fisk um

markaði? Riðlar það einhverju valdakerfi sem ekki má hagga?

Eins og ég gat um áðan var sá hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins sem ekki er kvótakerfi gagnrýndur harðlega en það er banndagakerfið, hvernig það kom út og hverjar aðstæður þeirra manna voru sem bjuggu við banndagakerfi en gátu aldrei róið þegar það mátti. Þar erum við komin að því frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu vegna þess að sú gagnrýni virðist strax hafa náð eyrum ríkisstjórnarinnar.

Þegar farið er að skoða það frv. þá blasir margt merkilegt við. Þegar við lesum frv. yfir og byrjum á 1. gr. þá hljótum við að velta fyrir okkur af hverju þessi áhersla er lögð á að stjórna skipastærð og skipagerð fyrir útgerðarmenn á aflamarki. Er það ekki aflamarkið, eru það ekki veiðiheimildirnar sem eiga að ráða því hversu mikið er sótt og er það þá ekki viðkomandi útgerðar að meta það með hvernig skipi hagfelldast sé að sækja þann afla að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru vegna öryggis, hreinlætis eða annars sem lýtur að aðbúnaði manna og meðferð afla? Er ekki hér um ofstjórn eða miðstýringaráráttu að ræða sem er leifar af sóknarstýringarkerfinu? En nú búa menn við aflamarkskerfi og verða að treysta útgerðarmönnum til að vinna í því. Ég vil hér lýsa þeirri skoðun að ef menn telja breytinga þörf þá sé eðlilegast að þetta fari alfarið út úr lögunum. Það er hins vegar mun eðlilegra að menn reyni að takast á við stækkun eða reyni að hemja stærð þess flota sem er inni í sóknarstýringarkerfi eins og banndagakerfinu því það ásamt dagafjöldanum er virkasta stýritækið. En er aflamarkið ekki stýritækið í aflamarkskerfinu? Þarf að ráða fleiru fyrir útgerðarmenn? Geta þeir ekki sjálfir ákveðið með hvernig skipum er hagfelldast að sækja þann afla? Eru menn hér ekki búnir að gleyma sér í stjórnun á hlutum sem aðrir eiga að taka ákvarðanir um og eru áreiðanlega mun betur til þess fallnir en stjórnmálamenn?

Virðulegi forseti. Mín skoðun er sú að þetta ákvæði laganna væri best geymt á þeim ruslahaug sögunnar sem merktur er ofstjórn og ríkisforsjá.

Þegar komið er að 2. gr. frv., og þar vil ég í leiðinni fjalla um ákvæði til bráðabirgða I sem lýtur að aflamarksbátunum, þá eru þar tilraunir til leiðréttinga. Þar eru settir upp tilteknir kostir og mönnum er gefið þar samkvæmt orðanna hljóðan ákveðið val um það í hvers lags kerfi þeir vilja vinna. Það er þá ljóst miðað við frv. eins og það liggur fyrir nú að það val getur ekki legið alls kostar fyrir þar sem enn er ýmislegt á floti varðandi það hvaða kostir það muni verða sem menn eigi eða geti tekið tillit til.

Ég hygg að flestir séu sammála um það sem segir í athugasemdum við lagafrv. á bls. 4, með leyfi forseta:

„Ljóst er að niðurskurður veiðiheimilda og þá sérstaklega þorskaflaheimilda hefur skapað mikla erfiðleika í sjávarútvegi, sem sjávarútvegurinn hefur þurft að takast á við með margvíslegum hætti. Í þeirri glímu hefur atvinnugreinin sýnt mikla aðlögunarhæfni og frumkvæði og í heild náð að styrkja stöðu sína við þessar erfiðu aðstæður. Það hefur tekist á þeim grundvelli sem ríkjandi fiskveiðistjórnun hefur skapað.

Það hefur þó sýnt sig að mismunandi greinar útgerðarinnar hafa átt misjafnlega auðvelt með að nýta sér þau sóknarfæri sem hafa skapast, svo sem eins og veiðar á öðrum tegundum en þeim sem bundnar eru aflamarki og veiðar á fjarlægum miðum. Hefur einkum verið bent á erfiðleika minni aflamarksbáta og skipa í þessu sambandi."

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, hygg ég að flestir geti tekið undir þetta.

En við getum velt því fyrir okkur hvort þær hugmyndir — ég leyfi mér að nefna það svo — sem fram eru settar í 2. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða I í frv. eru nægjanlegar til að mæta þeim erfiðleikum sem þarna er lýst. Það er alveg ljóst að þessar hugmyndir eru góðra gjalda verðar en það vantar dæmi, það vantar í rauninni að menn sjái hvernig þetta muni virka til þess að hægt sé að taka til þess afstöðu. Það er þó ljóst að það kerfi róðradaga sem fjallað er um er það sem ég vildi gjarnan geta stutt og það er ekki búið að sannfæra mig um að þau séu slík vandkvæði á eða það kosti svo mikla peninga að ekki sé hægt að koma því á. Jafnvel þó að menn séu að tala um 100–200 millj. sem kostnað þá vil ég segja að það hefur öðru eins verið til kostað í íslensku atvinnulífi af minna tilefni.

Virðulegi forseti. Ég held að við hljótum að kosta kapps um að gera það kerfi, sem við ætlum nú að láta taka við af því banndagakerfi sem menn eru greinilega búnir að sammælast um að jarða, verði þannig að það verði viðunandi umgjörð fyrir þá sem það kjósa. En eins og ég sagði, eins og þetta liggur fyrir í frv. er erfitt að taka til þess afstöðu. Af því að hér er um tæknilega útfærslu að ræða, þá vantar í rauninni þau dæmi og þá vinnu sem þarf að fara fram áður en að hægt er að taka til þess afstöðu.

Það sem vakti hins vegar óskipta athygli mína þegar ég las frv. áfram var ákvæði til bráðabirgða II. Það er að nú á Byggðastofnun að fara að úthluta veiðiheimildum. Þegar það bætist við að landbrn. er farinn að fjalla um tolla þá hljótum við að velta fyrir okkur hvernig íslenska stjórnskipunin er að þróast. Ég hlýt líka að spyrja, virðulegi forseti: Er hér einn jólasveinasjóðurinn enn, eða hvað? Hvaða klastur er hér á ferðinni? Er þetta ekki áreiðanlega, virðulegi forseti, frv. um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða?

Ég hlýt að spyrja: Hvað með framsal ráðuneytisins á úthlutunarrétti? Og í framhaldi af því: Hvað næst? Á hvað er verið að opna? Getur ráðuneytið framselt úthlutunarvaldið með þessum hætti? Og ég hlýt þá að spyrja einnig: Er þá eðlilegt að það sé framselt í hendur pólitískt kjörinnar stjórnar þar sem meiri hluti hefur jafnan verið skipaður starfandi alþingismönnum og ætla má að svo verði áfram? Að framkvæmdarvaldið með þessum hætti afsali úthlutunarréttinum í hendur stjórnar sem er skipuð aðilum sem fyrst og fremst voru kjörnir til að gegna löggjafarstörfum og munu væntanlega verða hluti þeirra sem samþykkja þetta frv. hér ef að lögum verður.

Samkvæmt 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða er það markmið laganna að stuðla að verndun og hagkvæmri

nýtingu auðlindarinnar og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Nú er það svo að það er alltaf í gangi, og það er eilíft viðfangsefni og í rauninni ákveðinn drifkraftur bæði í umræðunni og þróun atvinnugreinarinnar, sú togstreita sem er um það að hve miklu leyti við reynum að tryggja hámarksafrakstur því hér er jú um okkar undirstöðuatvinnugrein að ræða og við verðum að gera til hennar ríkar kröfur og að hve miklu leyti við tökum tillit til einstakra byggða eða atvinnusjónarmiða.

Samkvæmt þeirri grein sem ég vitnaði til áðan er klárlega tekið tillit til þess í lögunum að menn kynnu að vilja grípa til aðgerða til hliðar við þau fiskveiðistjórnunarkerfi sem við alla jafnan beitum vegna þess að þær aðstæður kynnu að skapast sem réttlættu slíkt í sjálfu sér og þess vegna í lagi að hafa viðlagaákvæði í lögunum sem yrði virkt við einhverjar þær kringumstæður sem réttlættu slík frávik. Ég vil þar vísa í 9. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem eru eins konar viðlagaákvæði varðandi þau 12.000 þorskígildistonn sem til ráðstöfunar eru til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. En það á þá að vera á ábyrgð sama aðila og önnur stjórn fiskveiða í landinu. Annars eru menn farnir að sullast of ógætilega með fjöreggið. Því eins og ég spurði áðan: Hvað næst? Verður það félmrn. vegna þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa efni á að neyta forkaupsréttar og horfa eftir skipum til skrásetningar í öðrum byggðarlögum? Eða e.t.v. biskupsstofa svona sem lið í að efla kristindóminn í landinu þar sem hugsanlega yrði úthlutað samkvæmt því kerfi sem praktíserað var í víngarði drottins þar sem allir fengu jafnt hversu seint sem þeir mættu til leiks. (**Sjútvrh.:** Postularnir voru nú fiskimenn.) Rétt. En þeir voru ekki mikið að störfum í víngarðinum. En alla vega er þessi aðferð mjög hættuleg hvað það varðar að skapa tortryggni gagnvart greininni, tortryggni gagnvart úthlutun veiðiheimilda og enn frekari deilur og gagnrýni á okkar fiskveiðistjórnun. Ég held, virðulegi forseti, að það væri mikils virði að við reyndum að vinna að þessum málum þannig að við a.m.k. gerðum okkur ekki leik að því að búa til þess háttar ákvæði sem til þess eru beinlínis fallin.

Nei, ég held að hér verðum við að stöðva við og athuga okkar gang. Það er klárt hver það er samkvæmt lögunum sem gefur út reglugerðina um veiðar. Það er ljóst hvaða stjórnvald á að bera hér ábyrgð og það á að vera ljóst áfram.

Ég endurtek að það er eðlilegt og sjálfsagt að menn hafi viðlagaákvæði í lögunum um stjórn fiskveiða. Það er eðlilegt að menn geti gripið til ráðstafana. Við þekkjum það öll í okkar fámenna samfélagi að ef hlutir þróast með þeim hætti þá viljum við geta gripið inn í en það á að vera alveg ljóst á hvers forræði það er. Hverjir gefa góð ráð eða eru með leiðbeinandi reglur, það getur verið annað mál en það á ekki að vera í lögunum um stjórn fiskveiða.

Virðulegi forseti. Menn tala um það að stjórnkerfið ráði fiskveiðiarðinum og það er mikilvægt fyrir okkur, þjóð sem hefur fiskveiðar og fiskvinnslu sem undirstöðuatvinnugrein að við stjórnum okkar fiskveiðum þannig að það sé sátt um það fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum, að við gerum hlutina þannig að menn eigi auðvelt með að vinna innan kerfisins, að menn geti náð þeim hámarksafrakstri af greininni sem við þurfum að ná vegna þess að hér er um okkar undirstöðuatvinnugrein að ræða og við þurfum þess vegna að vanda okkur. Það er líka mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að breytingar á þessu stjórnkerfi geta og hafa leitt til flutnings á hlutdeild í afla og milli þeirra sem hafa fengið rétt til þess að veiða og ein málsgrein í svona frv. getur líka haft áhrif á búsetuþróun eða samsetningu á stærð fiskiskipaflotans án þess að menn hafi endilega ætlað sér þær breytingar þegar verið var að fjalla um viðkomandi lagafrv. eða samþykkja sem lög. Einfaldlega vegna þess að eins og margoft hefur komið fram eru íslenskir útgerðaraðilar og íslenskir sjómenn afskaplega ötul, dugleg og hugmyndarík stétt eða hópur og menn hafa með undraverðum hraða á hverjum tíma náð að aðlagast breytingum á kerfinu, vinna með þeim sér í hag. Þess vegna þurfa reglurnar helst að vera einfaldar og gegnsæjar. Og menn ættu að varast að gata kerfið um of því við það glatar það þeim möguleikum að þjóna markmiði sínu sem er, eins og ég gat um áður í 1. gr. laganna, að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu fiskimiðanna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

[15:15]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er á dagskrá eitt stærsta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar, lögin um stjórn fiskveiða. Um þessi lög ríkir ekki sátt í þjóðfélaginu og því kemur alls ekki á óvart að þau skuli sett á dagskrá þessa vorþings og það hefur heldur ekki gengið þrautalaust. Nú loksins um það leyti sem vorþinginu átti að vera að ljúka samkvæmt upphaflegri áætlun birtist frv.

Það var alveg ljóst þegar stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar var birt að ekki var að vænta neinna stórbreytinga á stefnu ríkisstjórnarinnar í stjórn fiskveiða. Þau markmið sem ríkisstjórnin setti sér endurspegla örfá óánægjuatriði og þau frv. sem nú hafa verið lögð fram taka eingöngu á nokkrum þeirra. Hér er ekki tekið á ýmiss konar gagnrýni á það kerfi sem er notað við stjórn fiskveiða og þar vil ég fyrst nefna hið mikla brottkast á fiski sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson telur að nemi að andvirði tugum milljarða. Í öðru lagi er ekki vikið að þeim vandamálum sem hljótast af því að stórtækum veiðarfærum er beitt á hrygningarstöðvar á grunnslóð. Í þriðja lagi er ekki tekið á braskinu með veiðiheimildir sem ríkið færir útgerðarmönnum ókeypis á silfurfati. Hér er um veiðiheimildir að ræða upp á 40–50 milljarða samkvæmt því gangvirði sem nú er á kvóta og það skyldi því engan undra þó að um þessi mál sé deilt og að almenningi og Morgunblaðinu og ýmsum fleiri aðilum sé farið að blöskra.

Sjómenn hafa verið látnir taka þátt í kvótabraskinu með þeim afleiðingum að nú er hlutaskiptakerfi þeirra komið í rúst eins og yfirstandandi sjómannaverkfall er til vitnis um með tilheyrandi atvinnuleysi í landi og í fiskvinnslu.

Ég er ekki ein um þá skoðun að það að úthluta aflaheimildum með þeim hætti sem nú er gert, án endurgjalds, stríði gegn ákvæðum 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða sem kveður á um að nytjastofnarnir á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Kvennalistinn leggur mikla áherslu á að þessi 1. gr. laganna sé virk og verður ekki séð að neitt sé gert í þessu frv. til að tryggja það. Núgildandi fiskveiðistjórnun hefur m.a. leitt til þess að veiðiheimildir hafa safnast á fárra manna hendur og réttindi til fiskveiða, sem öldum saman hafa verið lifibrauð fólks í sjávarþorpum, eru núna frá því tekin.

Kvennalistinn vill sjá róttæka endurskoðun á núverandi fiskveiðistjórnun til að ná þeim markmiðum að þjóðin öll njóti þess afraksturs sem af auðlindinni kemur, tryggð sé verndun og uppbygging fiskstofnanna og að fiskiskipastóll landsmanna sé rekinn á sem hagkvæmastan hátt.

Höfundar aflamarkskerfisins og talsmenn þess leggja oft áherslu á að það kerfi sé líklegast til að skila mestum arði og helst vilja þeir hafa aflamark á öllu kerfinu, líka á smábátum. Það kom fram hjá einum talsmanni, einum fræðimanni á ráðstefnu Fiskifélagsins í gær að vænlegustu leiðirnar til að auka hagkvæmnina í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi séu að fækka undanþágum, þ.e. að hafa eitt kerfi fyrir alla, líka fyrir krókaleyfisbátana, að taka upp aflagjald og að ríkið selji kvóta til hæstbjóðanda. Ég vil taka það fram að ég er ekki að taka undir þetta álit viðkomandi fræðimanns heldur er ég aðeins að vekja athygli á áliti fræðimannsins. En aflamarkskerfið er hins vegar eins og hér hefur komið fram mjög mikill þyrnir í augum krókaleyfiskarla og þetta er kerfi sem stríðir gegn þeirra réttlætiskennd og þeir óska eftir að fá að vera á róðrardagakerfi og halda sínum krókaleyfum því annars er hætta á að þeirra mati, og ég skil það fyllilega, að þessi útgerð, smábátaútgerðin, leggist hreinlega af. Að þeir ríku og stóru kaupi þeirra kvóta.

Það val sem þetta frv. býður smábátaeigendum upp á verður þeim vafalaust mjög erfitt, ekki síst ef afleiðingar valsins ráða úrslitum um þeirra lífsafkomu síðar sem ekki er mjög ljóst af þessum frv. Hér virðist því verið að takast á um hrein arðsemissjónarmið annars vegar — samanber sjónarmið fræðimannsins — og byggðapólitísk sanngirnisrök hins vegar. Ég tel fullkomlega eðlilegt að um þessi sjónarmið sé deilt, hvort sem það er úti í þjóðfélaginu eða hér á Alþingi.

Við kvennalistakonur höfum lagt til aðrar leiðir til að sætta þessi sjónarmið, nefnilega að tengja veiðiheimildir byggðarlögum sem ég tel mun vænlegri leið en hér er lögð til. Í stefnuskrá Kvennalistans er mælt með að sjútvrh. úthluti heildarafla ársins með tilliti til þjóðarhagkvæmni annars vegar og byggðasjónarmiða hins vegar. Við viljum skipta miðunum upp í grunnsjávarmið og djúpsjávarmið og að grunnsjávarmiðin verði nýtt af íbúum nærliggjandi svæða og byggðarlaga. Ákvörðun um nýtingu grunnsjávarmiða verði síðan í höndum kjörinna fulltrúa byggðarlaga. Kannski er komið að þeim tímapunkti í þessari deilu um fiskveiðistjórnunina að hætt verði að miðstýra útfærslunni á stjórn fiskveiða og að komið sé að því að færa þessar útfærsluleiðir út til byggðarlaganna.

Hvort það skipulag sem hér er lagt til eða róðrardagakerfið, sem hv. þm. Einar Guðfinnsson virðist mæla með, reynist eins farsælt og það kerfi sem Kvennalistinn mælir með, verður að koma í ljós og ég vona svo sannarlega að þessi mál fái ítarlega og góða umfjöllun í sjútvn. þingsins.

Ef sú málamiðlun sem stjórnarflokkarnir hafa náð er nægileg til þess að fullnægja réttlætiskennd smábátaeigenda út um allt land þá er það vel. En ég leyfi mér stórlega að efast um að svo sé og tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að það voru yfirboð í gangi til smábátaeigenda fyrir kosningar bæði á Reykjanesi og á Vestfjörðum og það voru yfirboð miðað við þau frv. sem hér liggja fyrir. En eitt er ljóst að þessi frv. fullnægja ekki minni réttlætiskennd sem fulltrúa almennings í landinu. Hvernig ætla stjórnvöld að tryggja það að áðurnefnd 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða sé virk? Það er nefnilega eitt að hafa skilvirkt kerfi sem stuðlar að mikilli framleiðni og annað að ákveða hvert ágóðinn rennur. Það er til lítils að hafa hagkvæmt kerfi ef arðurinn rennur í vasa örfárra fjölskyldna í landinu.

Það gengur einfaldlega ekki lengur að stefnu íslenskra stjórnvalda í fiskveiðistjórnunarmálum sé stýrt af LÍÚ. Það er mál að linni. Ég hef trú á því að þessi lög eigi eftir að koma hér aftur og aftur inn í þingið á komandi kjörtímabili þangað til meiri sátt næst um þetta stærsta hagsmunamál þjóðarinnar en ríkir nú.

[15:25]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Enn einu sinni erum við að fjalla um fiskveiðilöggjöfina og það aðeins ári eftir að við samþykktum í fyrsta skipti löggjöf þar sem ekki var um endurskoðunarákvæði að ræða eða um fyrir fram ákveðnar tímasetningar á gildistíma laganna. Því hefði mátt ætla að þessi löggjöf ætti að geta staðið um einhvern tíma. Hins vegar er það aldrei svo að löggjöfin sé fullkomin og ekki þurfi einhverju í henni að breyta en það hefði mátt ætla að grundvallaratriði löggjafar sem við samþykktum fyrir rúmi ári síðan hefði staðið og gilt enn þann dag í dag.

Ég hef verið fylgjandi því kvótakerfi sem við höfum að undanförnu byggt á. Ég hef ekki verið fylgjandi því vegna þess að ég telji kvótakerfi í sjálfu sér æskileg heldur vegna þess að ég tel að kvótakerfi sé það eina kerfi sem við getum nýtt okkur til þess að ráða nokkurn veginn við þá stjórnun á fiskveiðum sem við þurfum að ráðast í.

Ég tel jafnframt að kvótakerfi með eins frjálsu framsali og mögulegt er skapi okkur mest hagræði og ef við stýrum því á þann hátt þá þurfum við enga flotastýringu, þá sé hún ónauðsynleg. Ég, eins og fleiri, hef líka gert mér grein fyrir því að það eru annmarkar á kvótakerfinu og þeir annmarkar verða mestir hjá þeim sem hafa minnstan kvótann og afla minnst og verða þar af leiðandi fyrir mestri skerðingunni þegar skerða þarf afla. Ég hef þess vegna verið sammála þeim und-

antekningum sem við höfum gert frá þessu kvótakerfi, annars vegar hvað varðar tvöföldun á afla línubáta yfir háveturinn og hins vegar því krókabátakerfi sem við höfum viðhaft og m.a. gerðum samþykktir um fyrir ári síðan.

En það hefur reynst erfitt að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem við tókum þá og þá sérstaklega um heildarafla krókabátanna. Það er auðvitað hluti af þeim grundvallarákvörðunum sem við tókum fyrir ári síðan að viðhalda krókakerfinu og viðhalda línutvöfölduninni og þá jafnframt það aflamark sem við settum báðum þessum hópum. Það er vegna þess að þeirri löggjöf sem við samþykktum þá tókst ekki að halda krókabátunum innan þeirra aflamarka sem þá voru sett sem við erum að fjalla um þann flokk sérstaklega að þessu sinni. Við erum hins vegar að fjalla um fleiri atriði þó að krókabátaumræðan sé fyrirferðarmest. Þess vegna vil ég áður en ég fer út í hina neikvæðari hlið þessa frv. nefna þá hluti sem ég tel vera jákvæða og horfa til bóta á því kerfi sem við nú búum við. Þá vil ég fyrst nefna 3. gr. frv. en hún gerir ráð fyrir því að hin svokallaða tvöföldunarregla eða 100% regla, sem taka átti gildi um næstu áramót, falli út og taki ekki gildi á þeim tíma en á þeim tíma fellur líka út bráðabirgðaákvæði, hin svokallaða 15% regla. Ég tel að brottfall þessara tveggja reglna muni auka möguleikana á frjálsu framsali og þar af leiðandi auka möguleikana til hagræðingar og hagkvæmni innan þessa kerfis.

Ég fagna líka bráðabirgðaákvæði I sem fjallar um 5.000 lesta þorskafla til jöfnunar til þeirra útgerða, báta og skipa sem verst hafa orðið úti vegna kvótaskerðingarinnar en það eru annars vegar smábátar á aflamarki og hins vegar vertíðarbátar á aflamarki og eins ísfisktogarar. Þeir hafa ekki getað nýtt sér þá möguleika að fara út fyrir landhelgina á djúpsjávarmið til þess að nýta skipin og auka afla sinn á þann hátt. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er ekki um mikinn tonnafjölda að ræða sem hægt er að úthluta á hvert skip en þó það sé smátt þá held ég að það skipti samt sem áður máli. En smæðin ræðst af því svigrúmi sem við stöndum frammi fyrir hvað heildaraflamarkið varðar.

Sú grein sem mest hefur verið fjallað um er 2. gr. Það er sú grein sem fjallar um krókabátana. Eins og fram hefur komið fjallar hún um að veita þeim sem þessar veiðar stunda val um það hvort þeir fara undir sóknarkerfi og heildaraflamark eða halda áfram á banndagakerfinu. Það er orðin mikil umræða um þetta í þjóðfélaginu og innan stjórnarflokkanna og það hefur náðst um þetta málamiðlun eins og sést í frv. Ég verð hins vegar að segja að ég hef miklar áhyggjur af þessu því mér sýnist að það sé verið að umbuna þeim sem hvað harðast hafa sótt og hafa raunverulega komið af stað þenslu í þessum bátaflokki og þenslu í þeirra veiðum. Það eru þeir sem harðast hafa sótt á línu á undanförnum árum. Af þeim tölum sem ég hef þá fæ ég ekki betur séð heldur en að hundrað aflahæstu bátarnir muni taka u.þ.b. einn þriðja af pottinum til sín. Þá eru eftir 1.000 bátar til að skipta hinum tveimur þriðju hlutunum milli sín. Það má auðvitað deila um hvort allir þessir 1.000 bátar séu virkir í veiðunum en ég held að það sé alla vega ljóst að það séu 400–500 bátar sem eru virkir og þeir eiga þá að skipta á milli sín tveimur þriðju hlutum á móti einum þriðja sem aflahæstu 100 bátarnir fá.

En rökin á móti eru þau að þessir bátar hafa verið að afla nákvæmlega sama aflans á undanförnum árum, þannig að þeir eru ekki fá meira en þeir höfðu áður af heildarhlutnum. En það var bara ekki svo þegar þetta kerfi var sett á fót að það væri ætlunin að úthluta þeim aflamarki. Það áttu allir að fá að sækja í þennan pott og það áttu allir að hafa jafna möguleika. Hvert tonn sem tekið er úr þessum potti og sett undir hámarksaflamarkið rýrir þannig möguleika þeirra sem eftir eru. Það er grundvallarbreyting á því kerfi sem hér er um að ræða.

Hvað gerist svo í framhaldinu? Hvað munu þeir gera sem sækja í það sem eftir verður? Munu þeir verða hógværir áfram og halda áfram að róa með tvær til fjórar handfærarúllur eða munu þeir fara út í línuveiðarnar eins og hinir sem hafa valið aflamarkið? Hvað gerist síðan? Stöndum við þá ekki frammi fyrir sama vandanum eftir nokkur ár að hópurinn sem eftir er hefur þá skipst aftur upp í tvo hópa eins og við horfum á í dag, þ.e. þeir sem hafa sótt af miklum krafti á línu en hafa ýtt út hinum hógværu sem hafa verið í hinni raunverulegu einstaklings- og einyrkjaútgerð? Þá munum við aftur standa frammi fyrir þessu vandamáli. Þá munum við væntanlega leita til fortíðarinnar og finna fyrirmyndarlausnina í þeirri lausn sem hér liggur frammi hjá okkur. Hvað verður síðan um þetta aflamark sem nú stendur til að úthluta? Það á ekki að verða framseljanlegt en hver verður þrýstingurinn á það í framtíðinni af þeim sem þetta aflamark fá að þeir fái að framselja það alveg eins og aflamarkssmábátarnir og alveg eins og vertíðarbátarnir og ísfisktogararnir og allir hinir?

Þetta er auðvitað hugarflug inn í framtíðina en ég held að það saki ekki að við veltum þessu fyrir okkur þegar við erum að taka slíkar ákvarðanir. Eitt af því sem hefur komið upp í kollinn á mér til að forða því að við stöndum frammi fyrir þessu aftur er það hvort ekki sé rétt að þeir sem áfram fá að róa í þann pott sem eftir verður einskorði sig við það að róa bara á handfæri, að þannig verði ekki um að ræða aðra línusókn í þeinnan sameiginlega pott. Ég vildi biðja hv. sjútvn. að íhuga þann möguleika.

Annarri greininni fylgja tvö bráðabirgðaákvæði. Annað er III. bráðabirgðaákvæðið þar sem gert er ráð fyrir að sjútvrh. geti sett á róðrardagakerfi í staðinn fyrir banndagakerfi. Ég held að ef það er eitthvað jákvætt í því sem tengist 2. gr. þá sé það þetta bráðabirgðaákvæði og ég vil leggja ríka áherslu á það við hæstv. sjútvrh. að hann flýti þeirri athugun sem hann á að gera á því hvernig hægt er að koma á sjálfvirku eftirliti með róðrardögum þannig að jafnvel fyrir haustið, áður en nýtt fiskveiðiár tekur gildi, verði hægt að koma róðrardagakerfi á. Ég held að í öllu falli sé það jákvæðara og hagkvæmara fyrir þá útgerð sem á að

sækja áfram í þennan sameiginlega pott.

Bráðabirgðaákvæði II tengist líka 2. gr. og er ætlað til að aðstoða þær byggðir sem koma illa út úr þeim samdrætti sem óhjákvæmilega mun verða á afla krókabátanna. Það er mjög vandmeðfarið með ákvæði sem þessi. Ég ætla ekki að gera lítið úr því eða neita því að það sé ekki ástæða til að aðstoða einhverjar byggðir á þennan hátt en ég vil beina því til hv. nefndar að hún athugi það gaumgæfilega hvort hún eigi rétt á sér. Og ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að hún eigi það þá vil ég beina því til þeirra sem um málið eiga að fjalla í Byggðastofnun að þeir fari með aflaheimildirnar á réttan og eðlilegan hátt því það er ekkert sem er umdeildara í þjóðfélaginu í dag en það að útdeila aflaheimildum. Þetta eru orð sem falla í fullri vinsemd.

1. gr. frv. fjallar um úreldingu, bæði á krókabátum og öðrum hluta skipaflotans. Eins og ég sagði í upphafi tel ég úreldingarákvæði eins og þessi óþörf í kvótakerfi sem byggir á frjálsu framsali, en það þarf flotastýringu þegar um er að ræða sóknarkerfi og sóknarmark. En það þarf að gæta hófs í því líka jafnvel þótt um sóknarmark væri að ræða þannig að það kerfi sem við setjum upp útrými ekki heilum útgerðarflokki á tiltölulega stuttum tíma. Það þarf líka að gæta þess að það sé ekki óréttlátt og leiði ekki til þess að þeir sem verða fyrir óhöppum geti ekki endurnýjað sín skip á eðlilegan hátt. Ég vil því beina því til hv. nefndar að hún athugi það hvað krókabátana varðar hvað mundi verða um sjómann sem missti bát sinn, hann annað hvort sykki eða færist í bruna. Hvernig á hann að endurnýja sinn bát? Þarf hann að koma með bát sem hefur einungis 50% afkastagetu á móti þeim báti sem hann tapaði? Mun sjómaðurinn geta tryggt sig fyrir þeim skaða sem hann verður fyrir vegna úreldingarákvæðisins eins og þeim skaða sem hann verður fyrir ef henn missir bátinn, annaðhvort niður eða hann brennur? Þetta eru raunveruleg dæmi sem við horfum á gerast og hafa valdið ýmsum vandræðum í úreldingarkerfinu eins og það er núna.

Hvað varðar annan hluta flotans, sérstaklega nótaskipin, þá get ég vel séð fyrir mér að þessar nýju úreldingarreglur valdi þar vandkvæðum því að veiðar nótaskipanna sérstaklega á bræðslufiski hafa ekki verið þannig undanfarin ár að þar hafi getað átt sér stað eðlileg endurnýjun og því stendur þessi floti frammi fyrir verulegri endurnýjun á næstu missirum og næstu árum. Ég veit til þess að nú þegar hafa verið gerðir samningar um endurnýjun, breytingar og stækkanir á þessum skipum, byggðar á lögunum eins og þau eru í gildi í dag. Því vildi ég biðja hv. nefnd að skoða það ítarlega hvort gildistökuákvæðin taka nægilegt tillit til þeirra sem þegar hafa tekið ákvarðanir hvað varðar endurnýjun byggðar á þeim lögum sem eru í gildi í dag.

Ég hef aðeins stiklað á stóru og nefnt hér einstök atriði í frv. sem ég tel vera íhugunarverð. Sum tel ég jákvæð og sum vægast sagt umdeilanleg. En þetta mál fer til hv. sjútvn. til umfjöllunar. Ég treysti því að sú umfjöllun verði vönduð og að út úr þeirri nefnd komi niðurstaða sem við getum eins vel við unað og mögulegt er miðað við þær aflaaðstæður sem við búum við í dag.

[15:43]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Eins og margsinnis hefur komið fram í þessari umræðu í dag þá eru þau frv. sem hér liggja fyrir grunduð á þeirri vinnu sem stjórnarflokkarnir lögðu á sig í upphafi þeirra stjórnartímabils, þar sem segir að fjögur atriði séu þannig vaxin að þau þoli enga bið. Það sé rétt að taka á þeim núna á vordögum. Þessi fjögur atriði koma fram í frv. og það er rétt að taka það fram að í flestum atriðum er ég þeim mjög sammála. Þó eru þar atriði sem orka dálítið tvímælis, þ.e. eins og menn sjá þegar þeir lesa 2. gr. frv. eru þar valkostir sem mættu vera skýrari. En í ákvæði til bráðabirgða III segir að ráðherra geti sett upp nýjar reglur um róðrardagakerfið.

Ég tel að frá því þetta frv. var prentað og frá því var gengið hafi enn bæst við verulegar upplýsingar sem gefa til kynna að þetta sé mjög vel framkvæmanlegt og því held ég að ég geti alveg tekið undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. um að það væri æskilegt að frv. sneri öðruvísi, þ.e. valkosturinn væri róðrardagakerfi en til bráðabirgða væri þá sett inn ákvæði þar sem ráðherra væri heimilt að framlengja banndagakerfið ef einhverjir tæknilegir örðugleikar reyndust á því að framkvæma hitt. Hann er eins og alþjóð veit formaður sjútvn. svo það ættu að vera hæg heimatökin að athuga í nefndinni hvort ekki næst samkomulag um að hafa þetta á þennan veg. Ég er alveg viss um það að fyrir sjómenn, fyrir þá sem standa frammi fyrir valinu er miklu betra að hafa þessa kosti alveg skýra. Það er val á milli þess að vera í banndagakerfi áfram með þaki eða fara inn í róðrardagakerfið. Vonandi næst um þetta samkomulag, við skulum vona það og ég tek undir hans orð um þetta.

Það má öllum vera ljóst að þeir kostir sem krókaleyfisbátar hafa í þessari stöðu eru allir vondir. Þeir eru allir mjög vondir. Mér hafa fundist ummæli manna um það hvernig eigi að bregðast við dálítið skondin og næ því ekki alveg og átta mig ekki alveg á því hvern veg menn vildu annan fara en þann sem kemur hér fram af þessum breytingum sem ég sagði frá áðan.

Ég held og hef haldið því fram lengi að það væri alveg skelfilegt ef það henti okkur að fara inn í næsta vetur með þetta banndagakerfi verði lögunum ekki verið breytt sem við skulum vona að gerist núna. Með óbreyttum lögum held ég að þetta hefði orðið óbærilegt. 90–100 nýir banndagar hefðu orsakað slíka skelfingu í sókninni að ég held að enginn vilji á því bera ábyrgð. Ég er viss um það. Þess vegna skil ég ekki alveg þegar menn fordæma þessar tillögur, telja þær einskis verðar. Ég tel þvert á móti að þessar tillögur séu þó tilraun til þess að leysa þennan vanda, veruleg tilraun, sérstaklega ef okkur tekst að setja róðrardagakerfið á nú þegar í haust. Róðrardagakerfið gefur mönnum allt aðra möguleika og það er allt annað við þetta að fást ef við losnum við vetrarsóknina hjá smábátunum. Það er allt annað um að tala.

Menn hafa gagnrýnt það líka að verið sé að setja

aflamark á smábátana. Menn hafa fundið þar fingraför formanns LÍÚ o.fl. Ég skal ekki segja hvort það eru hans fingraför en mönnum þótti það rétt í þeim samningum sem gerðir voru að gefa mönnum kost á þessu. Eins og segir í samþykktinni í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar átti að reyna að varðveita afkomu þeirra sem helst hafa atvinnu sína af þessu.

Nú á ég von á því að menn velji og þá er kannski ekkert við því að segja þó að einhverjir telji hag sínum betur borgið með því að velja banndagana með þakinu en hitt. Þá er það þeirra eigin val, þeir eru þannig að tryggja sinn hag betur. Enda er það verulegur áfangi frá því sem áður var í lögunum að það er bara verið að tala um hámark á þorsk. Aðrar tegundir eru frjálsar en í óbreyttum lögum er gert ráð fyrir að þorskígildin orsaki fleiri banndaga árin á eftir. Þetta er veruleg breyting.

Það má öllum vera ljóst að þessi fjögur atriði sem tekin eru hér fyrir eru hin minni mál, þó þannig vaxin að menn vildu ekki geyma þau til haustsins, þau voru þess eðlis. Stóru málin bíða. Þau bíða til haustsins þegar menn telja sig hafa til þess tíma að ræða þau. Þar á meðal, eins og þeir sem hafa fengið verkefnaskrána geta séð, er endurskoðun á heildarlöggjöfinni um fiskveiðarnar.

Mér þykja því sérstaklega ummæli hv. 15. þm. Reykv. nokkuð óþörf vegna þess að hér er ekki verið að taka á þeim hlutum nema örfáum smáatriðum. Bæði honum og öðrum hefði mátt vera ljóst að á þessu vorþingi ætlaði enginn að fara að ræða fiskveiðistefnuna til hlítar. Það hefði aldrei verið tími til og stóð aldrei til hjá nokkrum manni. Hitt get ég sagt honum líka að það liggur fyrir, og geta allir fengið aðgang að því, hvað vestfirskir frambjóðendur Sjálfstfl. lögðu til fyrir þessar kosningar. Þá var það gert að leggja fram heilsteypta stefnu um það hvað skyldi gera í fiskveiðimálum. Í stað þess að halda áfram aflamarkskerfinu þá skyldum við hverfa frá því því að okkur þótti sýnt að það kerfi sem hefur núna verið í 11 ár og ég held fimm eða sex ríkisstjórnir, eftir því hvernig við teljum þær, hafa stutt hefur leitt að okkar dómi til hins mesta ófarnaðar. Og ég veit ekki betur en hv. 15. þm. Reykv. hafi verið ráðherra í síðustu ríkisstjórn, staðið að þeim lagasetningum sem þar voru gerðar, m.a. þessu banndagakerfi hinu skelfilega og hann hældist svo mjög um. Hann var þar, hann var meira að segja ráðherra í þeirri ríkisstjórn, umhvrh., og lagði gjörva hönd á margt þar þó fræg sé friðun hagamúsanna.

Ég tel rétt að bíða með það til haustsins að ræða í heild fiskveiðistefnuna, en vil þó vekja á því athygli að ég hef ekkert látið deigan síga í baráttunni gegn þessu kerfi. Það er af og frá. Ég nota hvert tækifæri til þess að sýna mönnum fram á hvaða voði er á ferðinni, hversu mikil sóun hér er á ferðinni. Og ef hann spyr mig um stefnu hæstv. sjútvrh., Þorsteins Pálssonar, þá get ég sagt honum það að við höfum þekkst lengi, við Þorsteinn, og það hefur aldrei farið milli mála að við höfum verið mjög ósammála hvern veg við ættum að ganga í stjórn fiskveiða, geysilega mikið ósammála. Það hefur aldrei farið neitt á milli mála. En ég hélt að það þyrfti ekki að vera að ég bæri ekki fullt traust til hæstv. ráðherra. Ég get t.d. rifjað það upp fyrir hv. 15. þm. Reykv., sem ég man ekki hvað er búinn að vera lengi í þessum alkunna, eina sanna jafnaðarmannaflokki, en í sögu þess flokks er dæmi þess að eitt sinn var þar vaskur foringi sem hét Gylfi Þ. Gíslason. Í 12 ár sat hann í svokölluðum viðreisnarríkisstjórnum. Allan tímann reyndi hann af fremsta megni að leiðrétta stefnuna í landbúnaðarmálum, hélt ótrauður áfram, varð lítið ágengt en það var aldrei spurt að því hvort hann styddi ekki ríkisstjórnina. Ég held að það sé alveg klárt. Hann var aldrei spurður að því og ég held að í sögu Alþfl. verði engar slíkar vífilengjar eða efasemdir um það að hann hafi skort kjark eða verið maður ekki heill vegna þess að hann hefði aðra skoðun í mjög mikilsverðu máli en studdi þó þá stjórn.

Það mega allir vita að baráttunni fyrir því að opna augu manna í fiskveiðimálunum, hversu óskaplega mikið er hér um að vera, verður haldið áfram. Í mínum augum var það svo að þetta banndagakerfi sem við vorum núna að taka fyrir var skelfilegt og það er aðalmálið að reyna að hugsa til framtíðar. Það er verið að gera það í þessu frv. sem hefur ekki verið gert áður.

Öllum mátti vera það ljóst fyrir tíu árum hvert stefndi. Enginn tók á málinu. Það hefur verið látið viðgangast allan tímann að sóknarmáttur flotans væri að aukast í hverjum mánuði, hverri viku. Enginn hefur gert neitt í því. Þegar samþykkt voru ný lög um Þróunarsjóðinn fyrir ári síðan og ákveðið að láta milljarða til þess að brjóta niður skip og minnka fjárfestinguna í sjávarútvegi þá var krókaleyfið undanskilið. Hvar var þá hv. 15. þm. Reykv.? Kom hann þá með tillögur um að breyta þessu? Kom hann með tillögur um það að reyna að stoppa afkastaaukninguna? Ég veit það ekki, hann segir mér frá því.

Það er rangt sem menn eru að segja að hér sé verið að fara inn á hættulegar brautir. Ráðuneytið hefur hingað til litið þannig á orðið „sambærilegt“ í lögunum í framkvæmd og reglugerð að þeir hafa tekið rúmmál á móti rúmmáli. Nú er gert ráð fyrir því, eins og ég skil þessi lög, að það sé ótvírætt að ráðherranum sé heimilt að setja nánari reglur um endurnýjun skipa sem hljóta þá að vera innan ramma laganna um að sambærilegt skip sé á ferðinni. Og eins og menn vita þá hefur ráðuneytið einmitt verið að vinna að því með tæknideild Fiskifélags Íslands að meta það og setja upp stuðla fyrir því.

Ég bendi mönnum á að ekki er nóg að segjast vera á móti því að setja upp þessa stuðla. Það er ekki nóg að hneykslast á því að það eigi að brjóta niður skip eða kaupa upp skip í úreldingarsjóðnum. Hvað vilja menn þá? Vilja menn halda áfram og það þrengi endalaust að þeim mönnum sem eru að gera út á krókaleyfinu? Hvar endar þetta? Er það á 100 dögum, 50 dögum, 10 dögum? Nei, þetta stefnir í það. Ef við erum að vinna raunhæft að þessu máli hljótum við að vera að vinna að því að þessir menn hafi lífsrými þannig að þeir geti stundað sína útgerð. Þess vegna erum við að reyna að úrelda. Þess vegna erum við að reyna að hefta innstreymi skipa með mikinn sóknarmátt.

Við ætlum ekki að blanda þessu saman við karp manna um hvað menn voru að segja fyrir kosningar. Hér er um alvarlega hluti að ræða sem verður að koma í veg fyrir að þessum lögum, eins og ýmsir hældu sér af fyrir ári síðan að fengju fram að ganga, var nauðsynlegt að breyta. Hitt er svo annað mál að það er allt í lagi að ræða það hvað gerðist fyrir kosningar. Við sjálfstæðismennirnir sögðum frá því á Vestfjörðum að við ætluðum að berjast fyrir því innan okkar flokks að reyna að breyta stefnu Sjálfstfl. í þessum málum. Þá var það svo að þar var í framboði hv. 4. þm. Vestf. sem því miður er ekki staddur hér núna. Honum fannst þetta hörmulegt hlutskipti hjá aumingja sjálfstæðismönnunum að eiga eftir að berjast fyrir því í Sjálfstfl. að breyta stefnunni. Það var munur fyrir frambjóðendur jafnaðarmannaflokksins. Þeir þurftu ekki að gera það því að Alþfl. væri búinn að þessu, hann væri hættur að styðja kvótakerfið. Okkur öllum á Vestfjörðum þótti þetta hin mestu tíðindi og nú bíðum við þess annaðhvort í vor eða haust að sá stóri sannleikur komi fram.

Ég tók eftir því að 15. þm. Reykv. gat ekkert um málflutning vopnabróður síns og svarabróður af Vestfjörðum þannig að ég vildi bæta hér um ...

(**Forseti** (GÁ): Háttvirtur.)

Háttvirtur. Ég biðst afsökunar, ég er óvanur ýmsu hér. Það kemur vonandi. Og við erum meira að segja svo bjartsýnir, hv. 15. þm. Reykv., að við ætlum að halda þessari baráttu áfram og þó að hæstv. sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, sé ötull maður og hinn besti þá erum við ekki það miklir svartsýnismenn að það sé mælikvarði á að hann sé ósigrandi að Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv., hafi ekki haft hann undir.

[15:58]

**Sturla Böðvarsson:**

Virðulegi forseti. Það frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem er til umræðu er ávöxtur samkomulags stjórnarflokkanna sem gekk út á það að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða og öðrum lögum sem tengjast stjórn fiskveiða eins og stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir. Það átti ekki að koma nokkrum manni á óvart að eitt af fyrstu verkum þessarar stjórnar væri að gera tilteknar breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða sem ættu að leiða til þess að staða sjávarútvegsfyrirtækja og þá sérstaklega útgerðarfyrirtækja og þá einkum og sér í lagi útgerðar bátaflotans væri betri eftir en áður.

Vissulega er það svo, virðulegi forseti, að umræður í þinginu í dag bera nokkurn keim af því að hv. alþingismenn eru að koma út úr kosningabaráttu þar sem umræður um sjávarútvegsmál voru mjög fyrirferðarmiklar. Þær voru mjög víða harðar og erfiðar vegna þess að eins og við vitum vel hefur staðan í mörgum sjávarbyggðum verið erfið vegna þess að það hefur dregið svo mjög úr veiðum og þeim aflaheimildum sem útgerðirnar hafa haft. Allt er þetta eðlilegt, ekki síst að hér er frv. til umræðu sem gerir ráð fyrir tilteknum breytingum.

Þær breytingar sem frv. felur í sér má segja að séu í fimm meginliðum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að draga úr sóknarmætti flotans með því að breyta endurnýjunarskilyrðum. Ég tel að það sé eðlilegt og með tilvísun til þess sem hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, benti á þá er það vonum seinna að reynt sé að taka á því að flotinn haldi áfram að stækka, ekki síst sá floti sem veiðir úr krókaleyfispottinum svokallaða sem verður fastur og takmarkaður. Þar er nokkuð stór floti, þ.e. það eru margir bátar í þeim hópi og sóknin getur verið mjög mikil. Þess vegna tel ég í fyrsta máta eðlilegt að þarna sé nokkur rönd við reist og sóknargetan takmörkuð með því að breyta endurnýjunarreglunum og opna fyrir úreldingarstyrki.

Í öðru lagi er hér um að ræða breytingar á hinu svokallaða banndagakerfi sem ég tek undir að er mjög gallað og getur ekki gengið. Ég vil vekja athygli á því að hæstv. sjútvrh. varaði á sínum tíma mjög við því hvaða afleiðingar gætu orðið af banndagakerfinu og þær hafa vissulega komið í ljós. Hins vegar tel ég og vona að þær tillögur sem hér eru til umfjöllunar séu bráðabirgðaráðstafanir vegna þess að ég held að farsælasta leiðin til þess að stjórna veiðum hinna svokölluðu krókabáta sé sóknardagakerfi og það sé algert neyðarúrræði að setja nokkurs konar kvóta á smábáta. Við þekkjum það að samkvæmt núgildandi lögum eru smábátar settir í tvo flokka, annars vegar aflamarksbátarnir sem hafa vissulega farið mjög illa út úr þessu kerfi öllu saman og svo hins vegar krókaleyfisbátarnir. Ég hefði talið að það væri eðlilegast að slá þessum tveimur flokkum í einn fremur en að búa til í rauninni þriðja flokk smábáta eins og hér er gerð tillaga um.

Eins og fram hefur komið þá er um málamiðlun að ræða, samkomulag sem ég sætti mig við, en vil engu að síður vekja athygli hv. sjútvn. á því að skoða þetta ákvæði 2. gr. frv. alveg sérstaklega og vekja athygli hv. þm. á því og þá sérstaklega þeirra þingmanna sem eru í sjútvn. að skoða það hvort ekki sé hægt að ganga fyrr til þess að koma á sóknardagakerfi og falla frá því að setja aflahámark á hvern smábát undir 6 tonnum því að ég óttast það, eins og hefur komið fram í þessari umræðu, að það sé fyrsta skrefið til þess að þessir bátar séu í raun settir á kvóta og næsta skrefið verði að krefjast þess að þessi kvóti verði framseljanlegur. Þá sjá allir hvaða réttlæti er á ferðinni þegar litið er til þess að krókaleyfisbátarnir hafa unnið samkvæmt gildandi lögum á allt öðrum forsendum en þeim að þeir gætu staðið frammi fyrir því að þeir væru að vinna sér inn rétt sem skapaði aflaheimildir sem síðan yrðu framseljanlegar.

Þetta vildi ég, hæstv. forseti, að kæmi fram í umræðunni og hvet hv. sjútvn. eindregið til þess að skoða þetta mál.

Í þriðja lagi gengur frv. út á það að deila 5 þús. tonnum yfir á aflamarksskipin önnur en vinnsluskipin. Með þeirri tillögu og með þeim þætti frv. tel ég að sé komið til móts við aflamarksflotann og þá sérstaklega bátaflotann, en tek undir það sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykn. fyrr í umræðunni að vissulega er það svo að ísfisktogaraflotinn er ekkert of sæll af sinni

stöðu, það er alveg ljóst. Og með því að setja 10 tonna hámark á útdeilingu þessa 5 þús. tonna potts þá er fyrst og fremst komið til móts við vertíðarbáta af minni gerðinni en eftir sem áður standa stærri bátar og togaraflotinn frammi fyrir því að þeir hafa mjög takmarkaðar aflaheimildir í þorski. Hins vegar hefur sá hluti flotans meiri möguleika á því að sækja í aðrar fisktegundir og á það verður að sjálfsögðu að líta. En ég fagna því mjög að það skyldi nást samkomulag um að deila 5 þús. tonnum út til aflamarksskipanna og tel það afar mikilvægt.

Í fjórða lagi er í frv. í ákvæði til bráðabirgða II Byggðastofnun gert að úthlutað 500 lestum miðað við óslægðan fisk. Þar er um að ræða að setja í lögin um stjórn fiskveiða sérstakt viðfangsefni, verkefni á sviði byggðamála. Þetta er góðra gjalda vert og að sjálfsögðu mikilvægt að reyna að styrkja þær byggðir sem e.t.v. fara verst út úr þessu kerfi en ég hefði talið eðlilegra að staðið væri að byggðaverkefnum með öðrum hætti en þeim að setja þau inn í lög um stjórn fiskveiða. Ég geri hins vegar ekki athugasemd við þetta en hlýt að vekja athygli á því að það fer ekki beint vel á því að lögin um stjórn fiskveiða taki á því eins hér er gert.

Virðulegi forseti. Í fimmta lagi er ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir því að sjútvrh. skuli flytja frv. um breytingar á 6. gr. laga þessara þar sem sóknardagar að eigin vali útgerða komi í stað fyrir fram ákveðinna banndaga. Þetta tel ég nauðsynlegt að hv. sjútvn. skoði mjög rækilega og kanni hvort ekki sé eðlilegast að þetta taki gildi strax og þar verði með einungis einn flokkur smábáta sem sækir úr flokki sem hefur verið nefndir krókaleyfisbátar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Hún hefur svo vissulega farið fram a.m.k. rækilega innan míns flokks á fundum þingflokksins þannig að það er út af fyrir sig ekki miklu við að bæta þó að það væri að sjálfsögðu hægt að segja margt um lögin um stjórn fiskveiða og stöðuna í sjávarútvegsmálum almennt, en ég vil að þetta komi fram við 1. umr. og hvet hv. sjútvn. til þess að skoða þetta mál mjög vandlega vegna þess að það skiptir geysilega miklu að þær breytingar sem er verið að gera á lögunum um stjórn fiskveiða nái tilgangi sínum.

[16:09]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Skjótt skipast veður í lofti. Nú hafa tveir hv. þm. Sjálfstfl. haldið afar góðar ræður í röð og í máli beggja kemur fram ósk til hv. sjútvn. um að hún reyni nú þegar við vinnslu frv. að athuga hvort ekki sé hægt að ná samstöðu um það að róðrardagakerfinu, sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson reifaði mjög glögglega í sinni jómfrúrræðu áðan, verði komið á nú þegar. Ég skildi ræður beggja þannig að það væri verið að óska eftir því að kannað yrði hvort ekki væri hægt að koma róðrardagakerfinu á þannig að það hæfist þegar í byrjun næsta fiskveiðiárs, þ.e. í september. Ég tek undir þetta. Ég er hlynntur þessu kerfi og ég tek undir þær óskir sem hér koma fram hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni og Einari Oddi Kristjánssyni um að sjútvn. reyni að ná samstöðu um það að hrinda þessu kerfi í framkvæmd þegar á næsta fiskveiðiári. Mér þykja þetta góð tíðindi sem hér koma fram.

[16:10]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 15. þm. Reykv. fyrir undirtektir við mína ræðu og vil að sjálfsögðu vekja athygli á því að það þarf ekki nokkrum undrum að sæta að hér komi fram athugasemdir, ábendingar og hugmyndir til hv. sjútvn. Til þess erum við í þinginu að ræða málin þó að hér sé stjfrv. sem er verið að fara yfir og nefndir þingsins eru til þess að skoða málið og kalla til þá sem best þekkja í þjóðfélaginu þannig að við getum síðan komist að þeirri bestu niðurstöðu sem völ er á. Ég vona svo sannarlega að alþýðuflokksmenn og þar á meðal hv. 15. þm. Reykv. liggi ekki á liði sínu við að þetta frv. nái fram að ganga og lögin verði sem allra best úr garði gerð. Mér heyrðist að hv. þm. væri vissulega reiðubúinn til þess að styðja stjórnarflokkana í því.

[16:12]

**Einar K. Guðfinnsson:**

Virðulegi forseti. Við myndun þessarar ríkisstjórnar kom það fram sem mikið áhersluatriði allmargra þingmanna að það væri nauðsynlegt að setja fram með skýrum og afmörkuðum hætti í verkefnaskrá þegar við myndun ríkisstjórnarinnar hvaða leið menn vildu stefna í sjávarútvegsmálunum. Þetta var m.a. gert af biturri reynslu margra þingmanna sem máttu lúta því í tíð síðustu ríkisstjórnar að samkomulag var þannig milli stjórnarflokkanna að okkur tókst ekki að finna neina niðurstöðu í neinu máli sem sneri að fiskveiðistjórnuninni fyrr en liðnir voru að ég held nokkur hundruð dagar frá því að ríkisstjórnin var mynduð, mig minnir um 1.000 dagar frá því að ríkisstjórnin var mynduð þangað til að lögin voru að lokum samþykkt. Við máttum lúta því að búa við þetta ástand mánuðum og árum saman. Þess vegna var það ekki óeðlilegt að við myndun þessarar ríkisstjórnar væri sett fram skýr verkefnaskrá til viðbótar við hinn knappa stíl stefnuáætlunarinnar þar sem fram komu helstu atriði í núverandi ríkisstjórnarsamstarfi í sjávarútvegsmálum.

Hér sjáum við eingöngu afrakstur lítils hluta þessarar verkefnaskrár vegna þess að verkefnaskráin gerði ráð fyrir því annars vegar að farið yrði í að endurskoða fjóra þætti löggjafarinnar um stjórnun fiskveiða og síðan hitt að öll önnur og stærri mál hlytu að bíða betri tíma. Það sjá það allir sem vilja sjá að auðvitað gat það ekki orðið öðruvísi á þessu vorþingi en að við tækjum á málum sem væru sérstaklega knýjandi og þyrfti að breyta áður en næsta fiskveiðiár gengi í garð. Það er það sem við erum að sjá hér og verkefnaskráin gerir bókstaflega ráð fyrir því að tafarlausar breytingar eigi sér stað í fjórum málaflokkum.

Í fyrsta lagi með því sem hér hefur komið fram og mér finnst skipta öllu máli. Það er að það er verið að endurskoða reglur um endurnýjun fiskiskipa. Eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Vestf. er vandinn sem við er að glíma ekki síst núna í krókaleyfinu m.a. sá að þar hefur átt sér stað mikil sóknaraukning án þess að við

værum að auka heildaraflann sem til skiptanna er hjá þessum skipum. Þetta er sá vandi sem við er að glíma, sá vandi sem við tókum ekki eðlilega og þess vegna var þetta svo þýðingarmikið atriði.

Hér hefur verið talað töluvert um þetta atriði málsins og menn hafa látið í ljósi áhyggjur yfir því að það sé verið að ganga of langt í úreldingu, ganga of langt í því að reyna að draga úr sóknarmarki þessa hluta fiskiskipaflotans. Ég er ekki þeirrar skoðunar og ég deili ekki þeim áhyggjum með mönnum. Ég vil verja krókaleyfishópinn, ég vil verja þennan hóp skipa en það verður bara einfaldlega ekki gert nema við sköpum lífsrými fyrir atvinnumennina í þessum fiskiskipaflokki. Það er verið að tala um það í verkefnaskránni að tryggja stöðu þeirra sem hafa haft lífsviðurværi af krókaveiðum og við gerum það ekki nema við drögum úr heildarsóknarþunga þessa bátaflokks. Svo einfalt er það. Ef við lítum yfir aflareynslu þessara skipa á síðustu árum þá sjáum við að hér gæti mjög auðveldlega leyst úr læðingi stóraukinn sóknarþungi sem mundi bitna á þeim sem núna eru starfandi í þessari grein. Það er þetta sem menn eru að reyna að koma í veg fyrir með þeim ákvæðum sem eru í frv. og hafa verið gerð að umtalsefni.

Ég sé það ekki sem sérstakt vandamál þó það dragi úr þessum sóknarþunga. Öðru nær. Mér finnst það frekar vera til vitnis um það að við erum að skapa nýtt svigrúm og nýtt rými fyrir þá sem eru starfandi í þessari grein. Mér finnst að það sé fullmikil svartsýni þegar einstakir hv. þm. eru að tala með þeim hætti að fyrr en síðar verði sú staða uppi að þessi floti minnki nánast niður í ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég held að staðan sé einfaldlega sú núna að það ríður á að þessi aðlögun flotans gerist tiltölulega hratt til þess að styrkja grundvöll þeirra skipa sem eru að vinna í þessum flokki. Það er ekki flóknara en þetta. Ég trúi ekki öðru en að um það geti tekist bærilegt samkomulag í þinginu, að menn séu sammála um það að reyna að verja þessa gerð skipa og þessar veiðar með því að draga úr sóknarþunganum með þeim hætti sem hér er verið að leggja til. Það getur vel verið að það þurfi að rýna aðeins betur í þennan lagatexta. Það er einfaldlega verkefni þingsins hverju sinni að gera það og það er verkefni þingnefnda að gera það. En það breytir ekki aðalatriðinu að þetta er gert til þess að reyna að búa til svigrúm og rými fyrir þá sem nú eru starfandi í þessari grein.

Eðlilega hafa menn hvað mest rætt um krókaleyfisflotann af ástæðum sem öllum eru kunnar. Og hvert er markmiðið með því frv. sem hér er verið að ræða? Markmiðið er það að forða því að menn stefni eins og núna lítur út fyrir lóðbeint inn í óbreytta banndaga. Ég sá það í andsvari í morgun að enginn okkar sem stóðum að lagasetningunni fyrir rúmu ári síðan gerði sér grein fyrir því að þetta mundi bresta á með þeim hætti sem núna blasir við í haust. Við hefðum einfaldlega ekki, hvorki ég né hv. 15. þm. Reykv., staðið að þessari lagasetningu ef okkur hefði órað fyrir því að þetta mundi leiða til þess að hér yrðu á þriðja hundrað banndaga á næsta fiskveiðiári. Þetta kom aldrei til tals að það yrði þvílíkur fjöldi banndaga. Ég fór að vísu yfir umræðurnar frá því þegar við vorum að ræða þetta og ég fann satt að segja ekki ræður hv. 15. þm. Reykv. (**EgJ:** Hann þagði.) sem hefur væntanlega þagað við lok þessara umræðna þannig að ég átta mig ekki á því hvort hv. þm. hefur haft uppi orð um áhyggjur sínar af þessu en ef hann hefur gert það þá hefur hann gert það svo hæversklega að það hefur farið fram hjá sennilega flestum og því trúi ég tæplega, virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Ég var að nefna umræðurnar, hv. þm., en ég veit það hins vegar að hv. þm., eins og ég, var giska ánægður með það að hafa getað varið þennan hóp skipa með því að ætla þeim banndagakerfi í stað þess að setja þá á aflamark, framseljanlegt aflamark, eins og hafði raunar þó verið niðurstaða Alþfl. í síðustu ríkisstjórn, ekki vegna kröfu hæstv. núv. sjútvrh. sem var ekki í þeirri ríkisstjórn, — ég skal þó ekki þræta fyrir það að það hafi verið vegna kröfu Kristjáns Ragnarssonar að Alþfl. hafi lagt þetta til. En alla vega var það svo að Alþfl. samþykkti lagasetningu á árinu 1990 sem gerði það að verkum að smábátarnir voru að stefna inn í kvóta (**Gripið fram í:** Hann var ekki í Alþfl. þá.) upp á 2.896 þorskígildi. (Gripið fram í.) Nei, það er rétt að hv. þm. var ekki í Alþfl. þá. (**ÖS:** Ekki heldur í Alþb. þá.)

(**Forseti** (ÓE)**:** Ekki samtal.)

En kannski varð þessi málatilbúnaður Alþfl. til þess að laða hann að flokknum. Það er ný tilgáta stjórnmálafræðingsins að þetta hafi orðið til þess að laða hugsjónamanninn, hv. 15. þm. Reykv., að þessum stjórnmálaflokki. (**Gripið fram í:** Af hugsjónaástæðum.) Af hugsjónaástæðum. En ekki vil ég þó ætla það með vissu.

En aðalatriðið er þetta að við erum að stefna inn í mikla ófæru með núv. óbreyttu banndagakerfi, ófæru sem ég held að enginn vilji í raun og veru kalla yfir okkur. Ég ætla að vekja athygli á því að í þeim umræðum sem hafa farið fram í dag og ég hef a.m.k. haft tækifæri til að hlýða á hefur ekki verið krafa um það að auka úthlutaðan afla eða auka úthlutaðar aflaheimildir til þessara bátagerða sérstaklega. Þær hugmyndir hafa ekki verið settar hérna fram til þess að leysa þennan vanda þannig að menn eru væntanlega að tala um lausn á vandanum á grundvelli úthlutaðra aflaheimilda til krókaleyfisbáta upp á 21.000 tonn eða þar um bil. Þetta skulum við hafa í huga. Og það setur þessu máli miklu harðari og erfiðari skorður. Það væri miklu auðveldara að leysa þetta mál ef við værum að deila út 20.000 tonnum til viðbótar. En það er bara ekki sú staða sem er uppi í málinu. Þess vegna erum við að tala um miklu harðari og erfiðari kosti.

Stóra málið í því sem hér hefur verið að gerast núna er að í þessari lagasetningu er gert ráð fyrir því að það sé verið að bjóða upp á nýjan valkost, valkost róðrardagakerfisins. Það sem hefur gerst á síðustu dögum hefur sannfært mig og marga fleiri um það að þessi leið er miklu nær okkur heldur en við höfðum áætlað. Þessi hugmynd um róðrardagakerfið er ekki ný af nálinni, hún var t.d. sett fram í áliti Landssambands smábátaeigenda sem það lagði fyrir sjútvn. Alþingis við

síðustu endurskoðun þessara laga. Þá hins vegar, einhverra hluta vegna, treystu menn sér ekki til að taka þetta kerfi upp. Nú er verið að leggja það til að það verði tekið upp. Það er einungis spurning um það hversu hratt menn telja sig geta komið kerfinu á. Það er í raun og veru búið að taka hina pólitísku ákvörðun um það að stefna inn í róðrardagakerfið og það er mjög þýðingarmikil niðurstaða. Spurningin er ekki hvort heldur hvenær. Spurningunni hvort, henni hefur verið svarað. Henni var ekki svarað við síðustu endurskoðun, henni hefur verið svarað núna. Og auðvitað skiptir það miklu máli og auðvitað reið það baggamuninn fyrir hvað flesta, að ég held.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ljóst að okkur var ærinn vandi á höndum varðandi endurskoðun þessara laga af því einfaldlega að staðan er knöpp og kröpp. Hér er ekki verið að leggja til grundvallarbreytingar á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Það er alveg hárrétt. Í verkefnaskrá sjútvrn., dags. 20. apríl, er gert ráð fyrir því að fara í alls konar aðra vinnu, eins og hv. 3. þm. Vestf. rakti hér áðan, nokkuð sem ég held að skipti mjög miklu máli þar sem m.a. verði gerð úttekt á mismunandi leiðum við fiskveiðistjórnun og bornir saman kostir og gallar ólíkra fiskveiðistjórnarkerfa. Það verður haldið áfram endurskoðun á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem beinist m.a. að togveiðisvæðum. Sú vinna verður mjög mikilvæg fyrir ekki síst bátaflotann sem núna býr á margan hátt við skakka samkeppnisstöðu gagnvart togveiðiflota landsins.

Ef ég nefni annað dæmi þá er gert ráð fyrir því að auka samvinnu Hafrannsóknastofnunar við sjómenn og útvegsmenn frá því sem núna er, reyna að eyða þeirri miklu tortryggni sem er um fiskveiðiráðgjöfina á milli þessara aðila. Ég veit að mjög margir þingmenn sem hér eru geta verið sammála mér um að það skiptir mjög miklu máli að þessi fiskveiðiráðgjöf geti farið fram í bærilegum friði milli vísindamannanna og sjómannanna, þannig líka að reynslubekking sjómannanna og útvegsmannanna nýtist til þess að vinna að fiskveiðiráðgjöfinni sjálfri.

Ég nefndi bara örfá atriði sem munu skipta mjög miklu máli um framhald þessa máls. Svo ég taki nú enn eitt dæmi sem líka er þýðingarmikið þá er gert ráð fyrir í þessari verkefnaskrá að það verði sérstaklega farið í það að efla samanburðarrannsóknir á áhrifum mismunandi veiðarfæra á lífríki hafsins. Mál sem ég veit að ekki síst talsmenn Landssambands smábátaeigenda og smábátaeigendur víða um landið binda mjög miklar vonir við vegna þess að það eru uppi miklar deilur um áhrif einstakra veiðarfæra á lífríki hafsins. Hér var nefnt í morgun sjónvarpsviðtal við stjórnarformann Hafrannsóknastofnunar sem hélt því fram að það væri mikilvægt fyrir viðgang þorskstofnsins að forða því að krókaveiðarnar kæmust í þriggja ára árgang — var það ekki rétt? (Gripið fram í.) Eða eitthvað í þeim dúr. Ég held hins vegar að athuganir af þessu taginu muni á margan hátt sýna fram á yfirburði hinna kyrrstæðu veiðarfæra við það að verja og vernda og byggja upp fiskstofnana. Reynslan sem við höfum t.d. frá því við Vestmannaeyjar sýnir manni það og sannar að þetta skiptir máli. Það skiptir máli hvernig fiskurinn er tekinn. Það skiptir ekki bara máli að líta á heildartonnaafla, það verður líka að líta á hvernig fiskurinn er tekinn.

Virðulegi forseti. Allt þetta skiptir miklu máli þegar við erum að ræða þessi mál til lengri tíma. En hér og nú erum við hins vegar að fjalla um tiltekið lagafrv. Ég hef ekki orðið var við það í þessum umræðum að menn hafi lagt fram skýra valkosti gegn þessu sem eru á vissan hátt vonbrigði því auðvitað verður maður að reikna með því að í lagasetningu af þessu tagi séu menn að takast á um ólíkar hugmyndir. Það er tiltölulega lítill vandi að standa hér heldur keikur og lesa upp „samlede værker" einhverra tilgreindra þingmanna sem út af fyrir sig er hin besta skemmtan en hefur kannski ekki mjög mikla þýðingu þegar menn eru að reyna að setja saman lagatexta af þessu tagi og reyna að benda á nýja valkosti.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég sagt hafa í þessari umræðu. Ég vona það og veit að í sjútvn. Alþingis munu menn reyna að finna sem farsælasta lausn á vanda þeirra báta sem verið er að reyna að finna lausn á fyrir. Það er ekkert létt verk en það skiptir hins vegar mjög miklu máli að reyna að gera það á sem vandaðastan hátt og ég veit að það mun sjútvn. Alþingis gera.

[16:27]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því enn og aftur hversu mikla áherslu stjórnarliðar leggja á það að hægt verði að koma upp róðrardagakerfinu þegar fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs. Ég er sannfærður um að það er tæknilega kleift og endurtek það sem ég sagði hér áðan að mér þykja nú veður hafa skipast í lofti.

En mig langar að spyrja hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson út í eitt tæknilegt atriði. Þegar hann talar um róðrardagakerfi þá skil ég hann svo að hann eigi ekki við að það sé jafnframt einhvers konar aflaviðmiðun, einhvers konar aflahámark sem sá floti sem mundi sækja undir róðrardagakerfi þarf að sæta. Er það rétt skilið hjá mér?

[16:28]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Allar þær hugmyndir sem ég hef heyrt varðandi róðrardagakerfið ganga út á það fyrst og fremst að stjórna þessum veiðum með sóknarstýringu af því tagi að menn velji sér róðrardaga. Fjöldi róðrardaganna í heild sinni sé ákveðinn til að stýra sókninni. Það sé ekki verið að ákveða, eins og ég hef skilið þetta mál ævinlega, heildarafla á hvern bát. Menn hefðu aflaviðmiðun, heildaraflaviðmiðun en alls ekki þannig að það væri svoleiðis að þegar slíkri viðmiðun væri náð væri skrúfað fyrir veiðarnar. (Gripið fram í.) Ég er ekki handhafi einnar þekkingar í þessum efnum en ég hef ævinlega litið þannig á að sóknarstýring af þessu tagi hlyti í eðli sínu að hafa í för með sér fyrst og fremst að við værum að stýra þessu með sókn. Við erum ekki að stýra þessu með þaki, við erum að stýra þessu með sókn. Það er eðli sóknarstýringarinnar.

[16:30]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi við hv. þm. Einar K. Guðfinnsson: Mæl þú manna skýrastur. Ég skildi þetta nefnilega ekki alveg. Hv. þm. sagði að það væri ekki gert ráð fyrir því að það yrði aflamark eða aflahámark fyrir sérhvern bát en hins vegar yrði eitthvert viðmiðunarmark. En jafnframt tók hann fram að þegar því væri náð mundi það ekki hafa áhrif á fjölda eða dreifingu róðrardaganna þannig að ég skil hann svo að ef fram kæmi tillaga sem beinlínis lyti að því að veiðum krókabáta yrði stýrt með róðrardögum þar sem væri engin aflaviðmiðun þá mundi hann fylgja henni.

[16:30]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sóknarstýring í sjálfu sér felur það vitaskuld í sér að það er ekki verið að dreifa aflahámarki á bát. Það er reynt að stýra sókninni með dögunum. Það er það sem þetta mál snýst um. Allar hugmyndir manna um það lúta að því að við séum að hverfa frá útdeilingu aflaheimilda á hvern bát og taka frekar upp kerfi sem gengur þá út á það að stýra hámarksaflanum með sókninni. Það þýðir ekki það, þó að menn hverfi frá því að vera með útdeilingu aflakvóta og hverfi að því að vera með sóknarstýringu, að síðan ætli menn ekki að hafa neinar áhyggjur af heildaraflanum á miðunum. Ég held að allir séu sammála um það í sjálfu sér að reyna að ganga um miðin af sem mestri skynsemi og þess vegna verður það þannig að hvort sem við notum sóknarstýringu eða flota- og sóknarstýringu sem væri auðvitað hið besta og ákjósanlegasta í stað aflamarks þá eru menn ekki að segja sem svo að menn geti fiskað ótakmarkað. Það er ekki það sem er verið að tala um. Menn eru að tala um það einfaldlega að reyna að hafa heildaraflaviðmiðun fyrir þann flota sem undir þessu kerfi starfar og síðan að stýra því að það sé í sem bestu samræmi við þessa viðmiðun með dagafjöldanum. Þetta er hugsunin í þessu kerfi. Ég veit að það eru margir hv. þm. sem eru ekki sammála því að það sé til staðar sóknarstýring í fiskveiðum. Ég veit t.d. að hv. þm. Stefán Guðmundsson er svarinn andstæðingur þeirra hugmynda. Hann er talsmaður aflamarks þannig að ég veit að honum geðst ekki að því sem ég er að segja. En þetta er samt sem áður einfaldlega sú skilgreining á hugmyndunum um sóknarstýringu gegn aflamarki.

[16:32]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Herra forseti. Það er athyglisvert að þessi umræða yfir hálftómum þingsal um stærsta hagsmunamál þjóðarinnar, eins og menn orða það gjarnan, fer fram í skugga verkfalls. Flotinn liggur bundinn við bryggju. Menn reikna út hvað verðmætatapið er mikið, en það kemur satt að segja engum á óvart. Það kom til verkfalls fyrir ekki löngu síðan. Það var gerð tilraun til þess að leysa það en hefur ekki tekist í framkvæmd. Þetta rímar sjálfsagt nokkuð við reynslu þingmanna úr seinustu kosningabaráttu frá því að fara um sjávarbyggðir Íslands, leggja við hlustir, ræða málin, að það er dálítil þversögn í því fólgin að annars vegar eru menn sannfærðir um að þeir hafi fundið hið pottþétta kerfi, aflamarkskerfi á skip, sem á bæði að vera hið hagkvæmasta varðandi endurnýjunargetu fiskstofna sem og að því er varðar rekstrarhagkvæmni flotans. En samt sem áður segir hver maður þá reynslu úr kosningabaráttunni og af þessum umræðum — og menn kveða misjafnlega sterkt að orði — að það sé grasserandi óánægja, það sé víðtæk óánægja, það sé hörð gagnrýni uppi, jafnvel þeir sem sterkast taka til orða, að það hafi legið við uppreisnarástandi sums staðar í sjávarplássum gegn þessu kerfi.

Hvernig má það vera ef menn eru svo vissir í sinni sök að aflamarkskerfi, annars vegar heildaraflamark og hins vegar aflamark bundið við skip, fullnægi þessum tveimur meginkröfum sem við gerum til fiskveiðistjórnarkerfa? Að tryggja að ekki sé farið umfram vísindalega ráðgjöf um afrakstursgetu fiskstofna og hins vegar að vissan sem þetta kerfi gefur útgerðaraðilum eigi að tryggja að þeir geti sjálfir tekið ákvarðanir í sínum fyrirtækjum um það hvernig þeir sækja þennan afla og þar af leiðandi gulltryggi kerfið hagkvæmni í rekstri.

Við höfum reynt þetta kerfi. Fyrst í stað í bland með einhvers konar sóknarstýringu og síðan seinni árin sem nokkurn veginn hreint kerfi fyrir utan trilluflotann. Og menn meta reynsluna afar misjafnt. En sérstaklega er ástæða til að spyrja: Ef það er svo að útgerðaraðilar, ráðgjafarstofnanir ríkisstjórnar, sérfræðingaveldið, bankakerfið, allir þeir, sem þykjast leggja á þetta eitthvert sérfræðilegt mat, virðast vera nokkuð sammála um að þetta sé hagkvæmt kerfi. Og samt er svona grasserandi óánægja. Hvernig má það vera? Sjálfur hef ég ástæðu til að ætla að það sé nokkuð til í þessum röksemdum sem varða hagkvæmnina. Ég held með öðrum orðum að aflamarkskerfið sé alveg sæmilega brúklegt hagfræðimódel. En ég held að það hafi ákaflega lítið að gera með verndun fiskstofna.

Þegar við hins vegar förum að líta á það á hverju það byggist fyrst og fremst, eða þau rök sem við getum tínt til til þess að sýna fram á hagkvæmnina, þá förum við kannski að skilja betur óánægjuna. Því hagkvæmnin er ekki hvað síst í því fólgin að þeir sem fá úthlutað ókeypis veiðiheimildum geta hámarkað sína hagkvæmni með því að beita markaðsvaldi sínu gagnvart þeim sem annaðhvort fá minna eða ekki neitt, gert þá að leiguliðum, þvingað þá til þess að veiða fyrir sig á undirverði og skilað verulegri hagkvæmni til skamms tíma. Jafnframt er þarna gengið á svig við kjarasamninga sjómanna og komið í framkvæmd kerfi sem felur í sér bæði samþjöppun kvóta, mikið efnahagslegt ofríki gagnvart veikari aðilum í greininni, gríðarlega mismunun í afkomumöguleikum og nánast valdbeitingu til þess að brjóta á bak aftur kjarasamninga sjómanna.

Þetta eru hinar félagslegu afleiðingar af kerfinu eins og það hefur verið framkvæmt sem valda því að það er grasserandi óánægja. Það er bullandi óánægja. Það er uppi hörð gagnrýni. Og það er verkfall sem snýst ekki hvað síst um þetta: Verðmyndunin sem af þessu hlýst, mismunina sem í þessu felst. Og ég held að það sé

nokkuð rétt hjá þeim sem segja: Burt séð frá hagfræðimódelinu, burt séð frá hugsanlega sannfærandi rökum um það að þetta kerfi, ef það er rétt útfært, geti tryggt hagkvæmni, sennilega umfram sóknarmarkskerfið, þá er það framkvæmt með þeim hætti að menn fallast ekki á það. Það er engin sátt um það og þar af leiðandi skilar það ekki þeim árangri sem það gerir á teiknibórðinu.

Í umræðunum um þessi mál eru menn að tíunda hver fyrir öðrum að í þessu hagkvæmnimódeli felist sóun þrátt fyrir allt. Veiddum fiski er fleygt fyrir borð í stórum stíl. Það þýðir ekkert að halda því fram að svo sé ekki. Og það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson segir hér að gæti numið 40 milljörðum á undanförnum árum, það er ekki lítil upphæð. Svo eru menn að segja að þetta sé hagkvæmasta kerfi í heimi, kerfi sem er þess eðlis að fleygt er verðmætum á nokkrum árum upp á 40 milljarða kr. Haldið þið að það geti staðist? Haldið þið að það geti orðið sátt um slíkt kerfi?

Það eru lög í landinu um það að auðlindin sjálf sé í eigu þjóðarinnar. Síðan koma menn og segja: Já, já, þjóðin á þetta. En menn mega nú ekki rugla saman annars vegar eignarrétti og hins vegar ráðstöfunar- eða afnotarétti. Það er nú ekkert gagnrýnivert þótt útgerðaraðilar, út á reynslu sína af sjósókn, fái umráða- eða ráðstöfunarrétt. Síðan skref fyrir skref. Nú, fyrst svo er, hafa þeir þá líka rétt til þess að selja eign annarra, sem þeir fengu úthlutað ókeypis? Mega þeir líka leigja öðrum annarra manna eign sem þeir fengu án leigugjalds? Mega þeir líka veðsetja annarra manna eign? Og mega þeir kannski líka láta það ganga í arf til niðja sinna? Finnst mönnum sannfærandi lýsingin sem hæstv. forsrh. tók af húsinu sínu á Lynghaganum og sagði: „Reykjavíkurborg á lóðina en ég borga nú leigugjald.“ Halda menn að þetta gangi upp? Það er nefnilega eitt að fara með tölfræðileg eða stærðfræðileg rök um hagkvæmni aflamarkskerfis umfram einhverja meinta sóknarstýringu, en kerfi sem byggir á því að stjórnvöld taka að sér að skammta aðganginn að auðlindinni í nafni þjóðareignar en þeir sem fá, eru viðtakendur þessara gæða, þessara fémætu verðmæta, mega síðan selja, víxla, jafna, veðsetja, leigja, eins og um eign væri að ræða. Og nota þetta efnahagslega vald sem ríkisvaldið færir þeim til þess að knýja veikari aðila í greininni til þess að gerast leiguliðar sínir, knýja sjómenn til þess að sætta sig við það að gerast leiguáhafnir á skipum þar sem þeir fá undirmálsverð fyrir fiskinn. Það gengur ekkert upp. Það er þar sem hnífurinn stendur í kúnni.

Ég treysti mér ekki til þess að kveða upp einhvern salómonsdóm um hagkvæmasta módelið. Þau kunna að vera fleiri en eitt. En ég veit eitt og það er þetta: Þetta kerfi gengur ekki. Um það verður aldrei sátt. Það er eitt að segja: Yfirburðir aflamarkskerfisins eru slíkir að við skulum reyna að leggja okkur fram um að fá um þetta félagslega sátt. En það hafa þeir sjávarútvegsráðherrar, sem þessu kerfi hafa stýrt, alls ekki fengist til að gera. Þvert á móti. Þeir hafa étið upp eftir Kristjáni Ragnarssyni, einhverjum harðsvíraðasta sérhagsmunaaðila landsins, rökin sem hann hefur tíundað lon og don gegn veiðileyfagjaldinu og verið með sinn ósanna málflutning um að þetta sé skattlagning á sjómenn, skattlagning á landsbyggðina o.s.frv., hræðsluáróðurinn.

Á meðan þeir gera þetta og á meðan þeir standa eins og hundar á því roði að hægt sé að reka aflamarkskerfi án þess að það komi réttmætt gjald fyrir afnotin af auðlindinni þá verður engin sátt um þetta kerfi. Það þarf ekki að leiða mig fram til vitnis um það, reynslan er þegar farin að sýna það og menn ættu satt að segja ekki að láta mikið meira á það reyna. Það er óviðunandi ástand að bjóða íslensku þjóðinni upp á það að binda í lög sameign þjóðarinnar og að fótumtroða það síðan allt saman í framkvæmd og beita síðan efnahagslegu valdi hinna fjársterku „kvótaeigenda“ gagnvart þeim sem höllum fæti standa í greininni og þjóðinni í heild.

Óánægjuefnin eru þessi. Þau eru þessi gagnvart aflamarkskerfinu. Þau eru djúpstæð gagnvart þessum tvískinnungi eða klofningi um sameignina en hins vegar allt annars konar framkvæmd. Fólk er uggandi um það að hefðarréttur sé að myndast á einkaeigninni smám saman og það sé raunveruleg ætlun talsmanna þessara harðsvíruðu sérhagsmunaafla. Menn hafa af því miklar áhyggjur að umgengnin við auðlindina er með þeim hætti að fleygt er þúsundum tonna metið í verðmætum upp á þær tölur sem hér eru hafðar eftir hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni.

Deilan um krókaveiðimenn og vistvænar veiðar og um eðlileg hlutföll milli báta á grunnslóð og öflugri skipa eða togara er af svipuðum toga er gamalkunn. Það er alveg ljóst hvað fyrir mönnum vakir hér, það er að koma því sem eftir er undir aflamarkið. Það á að koma trillukörlunum undir aflamark, það er yfirlýst stefna. Það var tilraun hæstv. sjútvrh. í hans upphaflega frv. Og hvort það voru framsóknarmenn eða samflokksmenn hans sem hafa fengið hann til þess að draga það til baka í svona hálfu skrefi, þ.e. að taka upp þetta val, um það skal ósagt látið, ég veit ekkert um það út af fyrir sig. En ég veit hvað fyrir þeim vakir og það er ekki hægt. Það er hreinlega ekki hægt. Það er röng hugsun og vitlaus tillaga. Ekki bara vegna þess að það mundi leiða til fjöldagjaldþrota í greininni hjá þessum trillukörlum. Það er heldur ekki hægt vegna þess að það mundi kalla yfir þann bátaflota það ástand að það yrði verið að fleygja fiski massíft í stórum stíl, líka af smábátaflotanum.

Ég segi bara eitt um það mál: Ef samstarf gæti tekist milli þeirra sem eru gagnrýnendur núverandi kerfis og stjórnarandstöðunnar um að forða þessu slysi þannig að hægt væri að halda smábátunum áfram utan aflamarkskerfis á bát, en jafnframt tryggja að það kerfi gengi með eðlilegu aðhaldi og eftirliti, væri til nokkurs unnið. Það er að vísu engin lausn á þeim stóru málum sem voru til umræðu í kosningabaráttunni. En við erum nú sósíaldemókratar flestir hérna, og sáttir við að koma umbótum á hægfara og skref fyrir skref, það er heimspekin. Þannig að þótt ekki gerðist nú meira á þessu vori en þetta væri til nokkurs unnið.

Í raun og veru þarf samt að gera eitt enn og það er mjög brýnt. Það er ekki vegna þess að það sé æskilegt út frá einhverri pólitískri skoðun heldur bara vegna þess að hlutirnir liggja þannig fyrir okkur. Það er verkfall og það verkfall snýst um verðmyndun á fiski á Íslandi í óbreyttu kerfi. Það verður engin sátt og engin niðurstaða nema það takist samstaða um einhvers konar kerfi þar sem menn eru ekki beittir af hálfu ríkisvaldsins rangindum og þvingunum, nema menn sitji við sama borð, að við komum okkur niður á leikreglur sem teljast vera sanngjarnar gagnvart öllum sem þátt taka í leiknum. Sannleikurinn er sá að þar held ég að megi gagnrýna t.d. hæstv. sjútvrh., núv. og fyrrv., fyrir það að hann hafi verið allt of hallur undir sérhagsmunavald hinna fáu í þessari grein. Ekki sýnt frumkvæði að því að reyna að tryggja að þessar almennu leikreglur væru í lagi. Og þess vegna hafa hlaðist upp óánægjuefni sem enda núna í hnút með stöðvun flotans.

Hv. þingmönnum hafa verið sendar tillögur frá samtökum sem kenna sig við fiskvinnslustöðvar án útgerðar. Yfirlýstur tilgangur þessara samtaka er að leggja fram tillögur um að koma á lögbundnum leikreglum um verðmyndun á sjávarafla sem landað er á Íslandi út frá nokkrum grundvallarsjónarmiðum. Það er ástæða til að íhuga þessar tillögur. Af því að ég á ekki sæti í sjútvn. þá vildi ég vekja athygli hv. þm. og þá sérstaklega sjávarútvegsnefndarmanna á þessum tillögum.

Grundvallarreglurnar eru þær að markaðsvæðing og heilbrigð samkeppni í þessari undirstöðugrein, ef henni yrði komið á, mundi leiða til þess að sala á frjálsum markaði til hæstbjóðanda mundi hvetja til betri meðferðar á hráefni, auka nýtingu og verðmæti afurða og stuðla að skýrari verkaskiptingu milli fiskvinnslufyrirtækja muni auka framleiðni fyrirtækjanna, samkeppnishæfni þeirra og gæði. Fullvinnsla mundi eflast og atvinnusköpun í greininni yrði þannig að þjóðhagsleg arðsemi fiskimiða væri sem mest. Þetta eru út af fyrir sig allt saman lofsverð markmið. Spurningin er sú: Mundu þær aðferðir sem hér eru lagðar til stuðla að því að ná þessum markmiðum og þar með auknum friði og aukinni sátt milli allra aðila í greininni? Milli sjómanna og útgerðarmanna, fiskkaupenda o.s.frv.?

Hér er verið að segja: Leiðin er auðvitað sú að fiskur fari um markaði alls staðar þar sem því verður við komið. Það eru ýmsar leiðir til þess. Að því er varðar viðskipti innan fyrirtækis þá er hér reynt að leysa deilumálið með forkaupsréttarákvæðum að því er varðar slík fyrirtæki, að útgerð hafi forkaupsrétt að aflanum á sama verði og tilboðin hljóða upp á hverju sinni.

Síðan er fjallað sérstaklega um hvernig með skuli fara í viðskiptasamningum milli aðila. Loks er lagt til að sett verði upp samstarfsnefnd sem skipuð verði fulltrúum eftirgreindra aðila: útgerðar, fiskvinnslu, sjómanna, fiskmarkaða, einum frá hvorum, og að auki einum fulltrúa frá Fiskistofu sem ber að úrskurða í deilumálum.

Ég held að þessar tillögur séu athyglisverðar. Ég tek það ekki sem gott og gilt að aðeins sé hægt að endurtaka „ad nauseam". Hvernig ætlum við að fara að blanda okkur inn í það hvernig aðilar ráðstafa fiski í viðskiptum sín í milli? Við vitum einfaldlega að sú aðferð sem nú er viðhöfð leiðir til mismununar, verulegrar óánægju og kyndir undir stéttarátökum, skapar ekki frið um kerfið. Hvers vegna þá ekki að reyna að hugleiða aðrar leiðir? Sérstaklega þegar veigamikil rök eru færð fyrir því að þetta mundi auka sérhæfingu, stuðla að vöruþróun, auka framleiðni, jafnvel skapa fleiri störf og leiða hugsanlega til friðsamlegra samskipta eða höggva á hnúta sem nú eru í samskiptum helstu aðila.

Að því er varðar framsalskerfið í aflamarkskerfinu þá segja menn: Ja, aflamarkskerfið getur ekki skilað hagkvæmni nema það sé frjálst framsal. En frjálst framsal á hverju? Jú, frjálst framsal í viðskiptum á annarra manna eigum. Ég kem aftur að því sama. Hér er nefnilega verið að taka undir að frjálst framsal getur ekki farið fram með núverandi hætti. Ég viðurkenni að það er lykillinn að aukinni hagkvæmni en það getur ekki farið fram í óbreyttu kerfi eins og það er nú. Hér er verið að leggja fram tillögur um það að ef ríkisvaldið úthlutar kvótum í aflamarkskerfi sé sala á milli útgerða á veiðiheimildum innan árs óheimil nema skipti á jafnvægum tegundum. Hins vegar verði þau skip eða þær útgerðir, sem nýta ekki aflaheimildir sínar, einfaldlega að skila þeim aftur inn í kvótaþing þar sem þeim er ráðstafað upp á nýtt, þ.e. ekki úthlutað heldur boðnar upp og seldar og tryggt þar með að áhafnir skipa taki ekki þátt í kaupum. Og loks að tekjur sem verða af þessu verði nýttar í þágu greinarinnar eins og hér eru gerðar tillögur um, bæði fiski- og hafrannsókna sem brýn þörf er fyrir.

Það er með öðrum orðum verið að segja að aflamarkskerfi gengur ekki upp án þess að fyrir komi einhvers konar veiðileyfagjald. Verið er að leggja fram tillögu um það að byrja með þeim hætti að í staðinn fyrir það kerfi sem nú er þá verði slíkum veiðiheimildum skilað og þær boðnar upp. Allur fiskur á markað, ákveðnar leiðbeinandi leikreglur um viðskipti með fisk innan fyrirtækja og kvótaþing þar sem umframveiðiheimildir, sem eru ekki nýttar, eru seldar hæstbjóðanda og tekjurnar nýttar í þágu greinarinnar. Þetta eru tillögur sem ég held að ætti að taka alvarlega. Síðan er loksins samstaða um það að því er varðar trillukarlana núna að forða því slysi að þeir verði settir undir aflamarkskerfi á bát í óbreyttu kerfi, að þeir haldi áfram í sóknarkerfi en undir eftirliti og aðhaldi sem menn eru að fullyrða að unnt sé að koma við með mjög litlum fyrirvara.

Þetta eru nokkrar af þeim hugmyndum sem ég held að menn ættu að leggja áherslu á að ræða.

Þegar menn líta á þetta frv. eru efnisatriðin fjögur. Það eru úreldingarreglur sem eiga að ná til smábáta, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallaði útrýmingarreglur og þóttu ganga of langt. Óþarfi er að ræða mikið um þessar tillögur ef þeir fá að vera áfram í sóknarmarkinu. Reyndar er það svo að aflamarkskerfið kallar ekki svo mjög á úreldingu.

Það að bæta þeim bátum sem verst hafa farið út úr

skerðingunni á undanförnum árum er út af fyrir sig allt hið besta mál og enginn ágreiningur er um það. Hitt verð ég að segja að hvert einasta orð sem hv. þm. Svanfríður Jónasóttir sagði um þá furðulegu tillögu, forundarlegu tillögu, að fara að troða 500 tonnum upp á Byggðastofnun til endurúthlutunar — þar er ég sammála hverju einasta atriði sem fram kom hjá hv. þm. Satt að segja er dapurlegt þegar þessir tveir flokkar koma hérna saman, þessir tveir framsóknarflokkar, þá enda þeir ævinlega í svona hlutum. Taka nú Byggðastofnun, sem hæstv. forsrh. vildi helst sjá enda ævidaga sína á seinasta kjörtímabili, og gera hana ábyrga fyrir endurúthlutun á einhverjum 500 tonnum í kvótakerfi er náttúrlega fúsk og sjúsk og ætti ekki að líðast. Menn ættu ekki að ljá máls á því. Þarna er verið að setja kjörna þingmenn í dæmigert fyrirgreiðsluapparat, og láta þá valsa með þessi fémæti í kjördæmatogstreitu. Hvaða rök eru fyrir svona fúski? Auðvitað eru þau engin. Þetta er slíkt fordæmi í stjórnsýslu að láta sér detta svona nokkuð í hug. Er verið að kaupa atkvæði einhverra þingmanna með þessu? Hvað á þetta að þýða?

Efnisatriðin í frv. voru ekki merkilegri en þetta og af þeim er þessi Byggðastofnunartillaga auðvitað fráleit. Að því er varðar útrýmingarreglurnar koma þær ekkert á dagskrá ef það er rétt að hv. stjórnarliðum sjálfum tekst með stuðningi okkar annarra að koma í veg fyrir skyndiákvörðun um að taka smábátaflotann inn í óbreytt aflamarkskerfi.

Miðað við verkefnaskrána, sem birt var, sem mér skilst að hafi átt að vera einhvers konar sáttargjörð við uppreisnarmennina í þingflokkunum, ekki bara Vestfirðingana því að uppreisnarmennina var víðar að finna, bæði meðal þingmanna Sjálfstfl. á Vesturlandi, framsóknarþingmanna á Suðurlandi og víðar, eru efndirnar sem sjást í frv. heldur rýrar. Samið var um að það ætti að fara í endurskoðun á ríkjandi fiskveiðistjórnun eða löggjöfinni um það strax. Jú, verið er að fitja upp á tiltölulega fáum atriðum en jafnframt er vitað að hún er öll í uppnámi. Verið er að vísa til nefnda sem eru að skoða suma þætti og eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Einar K. Guðfinnsson hafa sagt var Róm ekki sköpuð á einum degi. Þetta er bara fyrsta skrefið. Sannleikurinn er sá að það ber að flytja hér tillögu um það að taka fiskveiðistjórnunina til heildarendurskoðunar, t.d. fyrir 1997. Rökin um að það skapi óvissu í greininni duga ekki vegna þess að stjórnarmeirihlutinn er búinn að heita því að fara í slíka endurskoðun og það er ekki bara um einstök aukaatriði, það er um grundvallaratriðin sjálf. Ég held að það ætti að vera uppreisnarmönnunum kappsmál að fá slíkt endurskoðunarákvæði inn í löggjöfina vegna þess að ekkert veitir af að hafa það aðhald til þess að láta menn vinna. Þetta er vissulega endurtekning á því sem seinasta ríkisstjórn lenti í en það eru líka öll efnisleg rök fyrir því.

Eitt af því sem verður að taka til endurskoðunar nú þegar er verðmyndunarkerfi í sjávarútveginum sem hefur endað í allsherjarverkfalli veiðiflotans. Það var reyndar sjötti punkturinn í verkefnaskrá sjútvrn. sem við höfum ekki séð neinar efndir á. Að því er varðar að koma í veg fyrir aflamarkskerfið á krókabátana er aðeins frá því að segja að auðvitað er ekki rétt sem fram kemur í grg. sjútvrn. að það sé bara tveggja kosta völ, annað hvort að setja alla á kvóta eða að sitja uppi með banndagakerfi sem endar í því að enginn komist á sjó. Þetta eru auðvitað ýkjur. Þetta er svarthvít mynd og hún er ekki rétt. Hægt er að beita ýmsum öðrum ráðum til þess að hafa áhrif á sóknina öðrum en þeim sem hér er lýst. Ég nefni t.d. það eitt að það þarf að skoða vandlega hvernig sjómenn eru lögskráðir á smábátana og hvernig tryggingum er fyrir komið því að þeim mun vera nokkuð ábótavant. Þar fyrir utan er hægt að beita ýmsum öðrum leiðum til aðhalds og eftirlits eins og fram hefur komið í máli stjórnarþingmanna án þess að rjúka út úr neyð í þá niðurstöðu að það verði bara að taka upp kvóta á þetta eins og alla aðra.

Ég tek undir með þeim sem segja: Það þarf að ná niðurstöðu um smábátana á þessu vorþingi, koma í veg fyrir það að þeir verði settir með falsrökum undir aflamarkskerfi. Síðan þurfa menn að gefa sér tíma til þess að taka fiskveiðistjórnunarkerfið til heildarendurskoðunar þar sem stærstu málin eru að sjálfsögðu að ef menn ætla að hafa aflamarkskerfi þá er það veiðileyfagjaldtakan; það er að tryggja það í sessi með því að eignarréttur þjóðarinnar verði bundinn við stjórnarskrá; það er með heildarendurskoðun á verðmyndunarkerfinu, svo nokkur dæmi séu nefnd. En ef það tekst að koma í veg fyrir upphafleg áform hæstv. sjútvrh. um kvótabindingu smábátanna þá er það eitt nægilegt skref til að réttlæta þessa tiltölulega löngu umræðu um frv.

[17:02]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil endilega leiðrétta eða að minnsta kosti benda hv. þm. Jóni Baldvini á það að í skilningi mínum er það svo að við erum að deila um fiskveiðistjórnun sem er byggð á ákveðnu módeli. Hagfræðingarnir, sem standa fyrir því, fullyrða að módelið gangi upp. Ég er alveg sannfærður um að það er rétt hjá þeim. Það gengur alveg upp í módelinu. Hitt hefur vafist fyrir mér og fleirum að skilja hvernig það gengur upp í veruleikanum og ég tel það sem þeir hafa lagt fram um dagana fái ekki staðist.

Hitt vil ég benda honum á, en þannig skildi ég ræðu hans, að það geti verið lausn á þessu máli veiðileyfagjald eða einhvers konar skattur á útgerðina. Ég get ekki með nokkru móti séð það og enginn hefur nokkurn tímann sýnt mér fram á það að við værum nokkru nær. Ef við erum með þetta aflamarkskerfi og ef það er rangt, ef sóunin í því, mínusarnir, eru miklu fleiri en plúsarnir er kerfið jafnrangt hvort sem við seljum veiðileyfi eða ekki. Hvort sem við látum borga leigu eða ekki. Ef sóunin í því sem við hendum er hærri upphæð heldur en hugsanlegur ávinningur, af því að kerfið færði sóknina nær. Ef mínusinn er stærri en plúsinn þá erum við að fara aftur á bak. Ef þetta er að gerast þá gerist það jafnt hvort sem við látum á þetta veiðileyfagjald eða einhvers konar skatta. Skattar eða

gjöld á útgerðina er alveg sérmál, óháð því hvort við höfum hér sóknunarstjórn eða aflamark.

[17:04]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ ekki séð að þessi ræða hv. þm. sé leiðrétting á einu eða neinu af því sem ég sagði. Það er hún ekki. Við vorum sammála um að rengja ekki að það er hægt að stilla upp aflamarkskerfinu sem ákaflega hagkvæmu kerfi í módelinu. Hv. þm. hefur eins og ég efasemdir um að það standist í reynd og á þá væntanlega líka við það að þær fullyrðingar, sem eru færðar fram um það að þetta módel tryggi vísindalega umgengnina við auðlindina sjálfa, séu mjög vafasamar. Við förum ekki að ræða þá fiskifræði í andsvörum.

Að því er varðar veiðileyfagjaldið þá er ég aðeins að segja einn hlut og það eru bara einfaldlega spurningar um rökvísi. Auðlindin er eign þjóðarinnar, aðgangurinn að hinni takmörkuðu auðlind eru fémæti sem ganga kaupum og sölum. Það gengur ekki upp í þessu kerfi að hafa slíkt aflamarkskerfi nema að fyrir þetta fémæti og fyrir þennan aðgang að takmarkaðri auðlind komi gjald. Það gjald má að vísu nota með einhverjum hætti sem stjórntæki ef menn vilja útfæra það nánar sem slíkt. Dæmið sem ég nefndi eru tillögur um það að veiðiheimildum sem úthlutað er sé skilað inn aftur og þær verði seldar þannig að það komi andvirði til eigandans sem hægt er síðan að nota í margvíslegum tilgangi innan greinarinnar.

Þetta leysir að sjálfsögðu ekki spurninguna um t.d. hversu miklum fiski er hent. Nei. En það leysir aðra þætti sem skýra hina félagslegu uppreisn sem nú er gegn þessu aflamarkskerfi.

[17:06]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er staðreynd að ef við erum að sóa í einu kerfi, eins og ég er viss um að við erum að sóa í þessu aflamarkskerfi, þá eru það aðalrökin gegn kerfinu. Það eru aðalrökin gegn því vegna þess að rentan til þjóðfélagsins hlýtur að skipta okkur höfuðmáli og við verðum að hámarka rentuna þar. Og ef við erum með ranga stjórnun þá er það aðalatriðið að finna aðra stjórnun. Skattlagningin, hvort sem hún er réttlætt með einum eða öðrum rökum, getur átt sér stað í hvaða kerfi sem er ef menn telja það rétt eða finna einhver rök fyrir því yfirleitt að vera með skattlagninguna eða leiguna eða hvað við viljum kalla það. Þeir geta alveg eins sett það inn í aflamarkskerfi eins og í sóknarkerfi. Það er alls staðar hægt að skattleggja greinina ef finnast fyrir því rök. Það er engin spurning um það þannig að þetta eru tveir óskyldir hlutir.

[17:07]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Veiðileyfagjald, gjaldtaka af hálfu eigandans fyrir úthlutun veiðiheimilda úr takmarkaðri auðlind, er ekki skattlagning. Alls ekki. Það er reginmunur á því hvort þú tekur leigugjald fyrir aðgang að auðlind, hvort þú lætur greiða fyrir þau forréttindi að fá í hendur frá ríkinu fémæti eða hvort þú ert að leggja á skatta. Skattar eru annars konar og þetta þekkja menn alveg.

Að svo miklu leyti sem hv. þm. sagði er það auðlindarenta að því er varðar hina takmörkuðu auðlind, fiskimiðin, alveg eins og landrenta í hverju öðru hagfræðidæmi þá er svarið þetta: Veiðigjaldið, gjald fyrir aðganginn að hinni takmörkuðu auðlind, tryggir að rentan, sjávarrentan, kemst í hendur hinna réttu eigenda, þjóðarinnar.

[17:08]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson flutti mjög athyglisverða ræðu sérstaklega í ljósi þess að hann hefur á seinustu fimm árum setið í tveimur ríkisstjórnum sem framkvæmdu heildarendurskoðun á fiskveiðilöggjöfinni. Í ræðunni var hins vegar margt mjög skarplega athugað en annað var hins vegar óljósara. Það bar hins vegar meira á sjávarútvegsstefnu Alþfl. en í ræðu hv. 15. þm. Reykv. fyrr í dag. Þó var ekki allt jafnljóst og ég vildi gjarnan heyra betur frá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni hvernig Alþfl. leggur til að vandi krókabátanna verði leystur eins og hann stendur í dag.

Mig langar jafnframt að minna hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson á það að við síðustu fjárlagagerð samþykkti hann ásamt öðrum þingmönnum þáverandi stjórnarmeirihluta 40 millj. kr. framlag til Byggðastofnunar sem skyldi ráðstafað sérstaklega til smábáta sem hefðu orðið illa úti í aflaskerðingum. Í kosningabaráttunni nú í vor hrósaði frambjóðandi Alþfl. á Austurl., fyrrv. hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, sér sérstaklega af því að hafa átt þátt í þessu máli og að koma þessu máli fram. Þess vegna finnst mér skrýtið að heyra hann tala sérstaklega um það að framsóknarflokkarnir svokallaðir séu að setja peninga í Byggðastofnun og bið hann að skýra hvort það sé einhver eðlismunur á því sem gert var við síðustu fjárlagagerð og þess sem verið er að gera núna.

[17:10]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Til þess eru vítin að varast þau. Að því er varðar þessa úthlutun þá er það einfaldlega svo að framsóknarsjónarmiðin urðu ofan á í síðustu ríkisstjórn án þess að Framsfl. ætti þar sæti. Við urðum að una því. Það var hins vegar röng ákvörðun og það á ekki að endurtaka slíkt. Það er fúsk að fela slíkri stofnun slíka úthlutun og ég hélt að menn væru vaxnir upp úr því.

Hvernig á að leysa vanda smábáta samkvæmt hugmyndum okkar alþýðuflokksmanna? Við viðurkennum vandamálið sem er það að þessir bátar við hliðina á aflamarkskerfi hafa aukið aflahlutdeild sína mjög verulega, úr rúmlega 20.000 tonnum í yfir 35.000 þorskígildistonn. Hvernig á að tryggja að það verði ekki frekari vöxtur eða á kostnað annarra? Við segjum einfaldlega: Það er ekki nauðsynlegt að gera það með því að setja þá undir kvóta á hvert skip. Það er hægt að viðhalda sóknarkerfinu með róðrardagastýringu eins og hv. þm. eru sjálfir að leggja til. Og til þess að framkvæma það þarf aukið aðhald. Ég legg til t.d. að reynt verði að leggja áherslu á þann mun sem er annars vegar á atvinnumönnum í þessari grein og hins

vegar svokölluðum hobbímönnum t.d. með því að beita ákvæðum um lögskráningu sjómanna og með því að fylgja stranglega fram tryggingarákvæðum. Ég efa að þeir sem stunda þetta eingöngu að sumri til mundu sæta slíkum ákvæðum en það er athyglisvert að mjög stór hluti af þeim afla sem þessir bátar bera á land er tekinn að sumrinu.

Að öðru leyti skora ég á hv. þm. að fylgja fram sínum eigin hugmyndum um eftirlit frá landstöðvum sem þeir segja að sé vel framkvæmanlegt. Þá á þetta að vera gerlegt. Slíkar tillögur ættu að duga í bili. Þær eru náttúrlega aðeins örlítill partur af þeirri heildarendurskoðun sem þarf að fara fram á fiskveiðistjórnuninni.

[17:12]

**Árni M. Mathiesen** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni fyrir svörin. Mér sýnist á hans orðum að lausn Alþfl. sé nánast önnur sú leið sem krókabátamönnum stendur til boða að velja ef frv. það sem nú liggur fyrir verður að lögum. Það má því jafnvel færa rök að því að það sé undir krókabátamönnum sjálfum komið hvort þeir velji þá lausn sem til boða stendur og Alþfl. virðist vera sammála.

Ég verð hins vegar að taka undir með hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni í grundvallaratriðum þar sem hann talar um Byggðastofnun og framsóknarstefnuna og fúskið. En ég held að hann hljóti þá að hafa skilning á því að það getur hent aðra stjórnmálamenn en hann að verða undir í slagnum við framsóknarmennskuna.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti vill geta þess og vekja athygli hv. þm. á því að það stendur til að fram fari atkvæðagreiðsla kl. hálfsjö.

[17:14]

**Kristján Pálsson:**

Virðulegi forseti. Eitt mikilsverðasta málefni þjóðarinnar er hér á dagskrá, eins og komið hefur fram, um það hvernig eigi að stjórna veiðinni í fiskstofna landsmanna. Það hefur verið mikið um það í umræðunni að menn hafa rifjað upp áherslur ýmissa frambjóðenda í nýliðinni kosningabaráttu og það heimfært upp á þær tillögur sem hér liggja frammi um breytingar á fiskveiðistjórnuninni. Ég vil vegna þessa rifja lítillega upp þær hugmyndir um sjávarútvegsmál sem ég lagði áherslu á í baráttunni sem fram fór fyrir kosningarnar.

Eitt af því sem ég og við sjálfstæðismenn höfum lýst stuðningi við, alla vega flestir, er aflamarkskerfið þ.e. svokallað kvótakerfi. Ég hef sjálfur persónulega mikla reynslu af þessu aflamarkskerfi, bæði sem sjómaður og útgerðarmaður, og man þær breytingar sem urðu þegar kerfið var sett á 1984. Þá vorum við að veiða hér við land 360.000 tonn af þorski. Ég sá þær breytingar gerast að netabátar til að mynda sem höfðu róið með 12 og upp í 15 trossur í veiðiferð fækkuðu sínum trossum jafnvel um helming. Ég sá að verðmætamat sjómanna breyttist mjög mikið við aflamarkskerfið þannig að í stað þess að menn væru að hamast við að koma með sem mest að landi reyndu menn að koma með sem verðmætasta fiskinn að landi. Ég hef líka kynnst kerfinu þegar menn reru á svokölluðu skrapdagakerfi sem var eins konar sóknarmarkskerfi og ég kynntist því einmitt í því kerfi hvernig var hægt að ganga um fiskimiðin þrátt fyrir það að aflamarkskerfið væri ekki grunntónninn í kerfinu. Þar var ekki síður kastað afla. Þannig að í sjálfu sér eru öll þau kerfi sem hafa verið reynd við stjórnun fiskveiða á Íslandi gölluð að vissu leyti en hafa eigi að síður mismunandi kosti. Ég hef litið svo á að aflamarkskerfið hafi að mörgu leyti sannað sig sem betra kerfi.

Auðvitað hefur margt komið á daginn eftir að draga þurfti svo mikið úr sókn í þorskinn að í dag erum við einungis að veiða helming og tæplega það af þeim afla sem leyft var að veiða þegar kerfið var sett á. Þeir annmarkar eru fyrst of fremst þeir sem birst hafa í blöðum og fjölmiðlum, að sjómenn hafa freistast til að henda afla. Fullvinnsluskip sem eru gerð út á sama kerfi hafa einnig leyft sér að því er virðist að velja í aflasamsetningu sína einungis það sem passar inn í vinnsluna. Við höfum líka leyft það, og mér finnst það miður, að veita undanþágu fyrir því að fullvinnsluskip vinni allan þann afla sem kemur um borð. Þá meina ég að þau hafi mjölvinnslu um borð þannig að allur afli verði nýttur. Ýmislegt hefur leitt til þess að menn hafa notað kerfið á annan hátt en til var ætlast í upphafi.

Eitt af því sem ég ræddi um í kosningabaráttunni var það að bæta svokallað banndagakerfi smábáta. Banndagakerfið var, eins og allir þekkja, talið óalandi og óferjandi í þeirri mynd sem það var þá fyrst og fremst vegna þeirrar miklu hættu sem það skapaði þeim sjómönnum sem sóttu stífast og töldu sig knúða til þess af ýmsum ástæðum. Að auka við banndaga um 100 er í mínum huga algjört bannorð nema til komi verulegar breytingar í þeim aflaviðmiðunum sem eiga að koma til krókabáta. Ég sé ekki að banndagakerfið gangi upp öðruvísi. Þá er það í huga mínum og ég held mjög margar annarra mannskaðakerfi sem ég persónulega mun ekki bera ábyrgð á. Þess vegna hef ég lagt til í mínum hugmyndum að ef við notum banndagakerfið þá þyrfti að bæta við það ekki minna en 10.000 tonnum af þorski.

Ég er ekki að segja að það sé nauðsynlegt ef við getum komið til móts við smábátana á þann hátt að þeir fái að velja sjálfir það sóknarmunstur sem þeim passar. Með þessu frv. tel ég að að ýmsu leyti sé komið til móts við það þannig að menn geti sæst á að kerfið sé nýtanlegt án mikillar hættu innan þess vals sem þetta nýja frv. ætti að geta tryggt. Ég tel einnig mjög nauðsynlegt að það komi fram að í þessu frv. hefur að mínu viti verið tryggt að þeir sóknarmöguleikar sem eru í dag í sjávarútvegskerfinu, þ.e. annars vegar aflamarkskerfið og hins vegar línutvöfölduninni og eins í krókakerfinu þar sem eru stórir aflamarkspottar, eru nýttir alfarið hjá vinnslunni í landi. En það finnst mér vera eitt af grundvallaratriðunum í dag að sem mestur afli sem leyft er að veiða fari til þess að auka störf fiskvinnslufólks í landi. Mér finnst að með frv. sé

reynt að tryggja það. Tryggja smábátaútgerðina, tryggja það að línutvöföldunin verði áfram við lýði og að hún verði ekki færð sem aflamark á viðkomandi línubáta. Þetta var ein af þeim umræðum sem fóru hér fram.

Annað er það sem ég hef lagt mikla áherslu á en verður í sjálfu sér ekki til umræðu hér en það er eignarhaldið á fiskstofnunum. Í mínum huga og ég veit margra annarra er gengið út fyrir allt velsæmi þegar þjóðareignin er komin á það stig að stofnarnir séu farnir að ganga í erfðir innan ætta. Það gengur í rauninni gegn mínu hjartalagi að einstakir menn geti átt þjóðareignina sem landsmenn hafa hingað til getað nýtt sameiginlega. Í þessu máli áskil ég mér tíma til að vinna í mínum þingflokki og á þingi á næstu fjórum árum þannig að ég ætla ekki að ræða frekar um það.

Ég mun heldur ekki eyða miklum tíma í þær hugmyndir sem ég hef haft um verðmyndun á fiski en ég hef alla tíð talið að verðmyndun á fiski væri ekki endilega réttust með því að keyra þetta með tengingu veiða og vinnslu heldur megi opna þetta í áföngum þannig að með tímanum verði allur fiskur boðinn upp á markaði. Eigi að síður verðum við að taka tillit til staðhátta og tryggja að slíkar breytingar séu gerðar í sæmilegri sátt.

Það sem er hér til umræðu í dag fyrst og fremst er það nýja frv. sem liggur frammi um veiðar smábátanna. Þeir valkostir sem eru um sóknarmark með aflahámarki, banndaga og hugsanlega róðrardagakerfi hafa fengið verulega umræðu hér og margir eru með svipaðar skoðanir í þessu efni. M.a. heyri ég á mörgum mínum samflokksmönnum sem hafa sérstakar mætur á svokölluðu róðrardagakerfi. Ég veit að Landssamband smábátaeigenda hefur einnig lagt mikla áherslu á að þetta væri það kerfi sem að þeirra mati gengi best upp og félli best að hugsunarhætti smábátamanna sem vildu róa þegar best væri og blíðast. Ég tek undir það að þetta er það kerfi sem er mér hjartfólgnast og ég mun vinna að að verði að raunveruleika fyrir haustið.

Ég sé ýmsa annmarka á banndagakerfinu, eins og ég nefndi áðan, og mun ekki geta varið að það verði sett á að óbreyttu. Sóknarmarkskerfi með aflahámarki er að mörgu leyti gallað. Ég held að menn verði að líta á forsögu þess þegar krókakerfið var sett á, banndagakerfið fyrir smábáta. Þá var þetta kerfi hugsað fyrir lítil skip sem voru á handfærum. Það hefur síðan þróast upp í það að á veiðum innan þessa sóknarmarks eru bátar sem róa með 20–30 bala af línu á dag. Sumir fara jafnvel tvær ferðir á dag. Þeir eru jafnvel að ná í afla úr öðrum skipum og hafa kannski sumir hverjir aflað sér reynslu sem er ekki í neinu samræmi við það sem hugsað var þegar kerfið var myndað. Það er því mjög mikið vafaatriði í mínum huga að hægt sé að láta ákveðna báta fá aflareynslu miðað við þetta kerfi og mismuna þar með fjöldanum öllum af öðrum bátum í verðlagningu í kjölfarið á því. Ég set alla fyrirvara á það að slíkt sóknarmark verði á bátum til frambúðar. Ég hef aftur á móti talið að það mætti velja þarna á milli um tíma. Ég held að menn verði að átta sig á því að það gæti orðið sama útkoman út úr þessu þegar við erum búnir að taka þessa báta og skilja hina eftir eins og komið hefur hér fram. Ég tel því miklu eðlilegra þegar fram í sækir að menn hafi bara ákveðið hámark að fara upp í. Menn hafi aldrei leyfi til að veiða 300–400 tonn á einn lítinn trillubát. Ég held að það sé ljóst að ef menn eru komnir upp í slíkan afla þá eru þeir ekki á handfærum eða á þeim veiðum sem gert var ráð fyrir samkvæmt því kerfi sem sett var á. Ég held að þó svo að menn hafi gert þetta allt innan þeirra marka sem kerfið gerði ráð fyrir þá hafi kerfið ekki verið byggt nógu vel upp á sínum tíma þannig að það hefur orðið ákveðin misnotkun. Ég lýsi því hér yfir að í mínum huga er það róðrarkerfið sem skiptir mig mestu máli og verður það kerfi sem ég mun vinna brautargengi.

Önnur atriði í þessu frv. sem mig langar aðeins til að ræða er þessi svokallaða endurnýjun á smábátum, þ.e. ef smíða á nýjan bát eða kaupa þá þarf maður að kaupa helming á móti eða 50% af nýju leyfi á móti, það þarf sem sagt einn og hálfan bát á móti gamla bátnum. Þetta getur skapað gríðarleg vandamál fyrir hóp manna sem lenda í áföllum. Það má spyrja sig hvort þetta sé ekki nokkuð langt gengið. Þó menn vilji fækka bátum þá er fullt af mönnum sem hafa þetta að atvinnu sinni af miklum heiðarleika og eiga horn í dag sem þeir vildu gjarnan endurnýja og þess vegna er það mjög innan gæsalappa sú sanngirni að menn þurfi að lúta því að kaupa sér hálfan bát á móti til að geta endurnýjað 3 eða 4 tonna trillubát. Þannig að ég held að við eigum að skoða þetta mjög vel í nefnd. Ég vil taka fram þann skilning minn á þessu ákvæði að þessi 50% regla á einvörðungu við um smábáta. Hún á ekki við um önnur skip á aflamarki. Hún á ekki við um síldveiðiskip, loðnuskip eða nokkur önnur skip sem gerð eru út við Ísland, þetta á einvörðungu við um krókabáta.

Það sem er gott við þetta nýja frv. er að leiðrétt er misvægi sem kemur upp varðandi svokallaða 100% reglu og 15% reglu eins komið hefur hér fram og ég lýsi yfir ánægju minni með þá breytingu.

Eins og ég hef sagt þá er nauðsynlegt að ná sátt. Við erum búnir að gera út við strendur Íslands frá landnámi og þróunin á síðustu árum hefur verið einstök og enginn í rauninni getað gert sér grein fyrir því hve sóknarmáttur og sóknargeta íslensks flota getur breyst á örskömmum tíma. Það hafa menn séð kannski ekki hvað síst í krókabátunum og svo í fullvinnsluskipunum. Það er ótrúlegt hvað hægt er orðið að veiða á eitt skip. Við vorum ekki að berjast við þessi vandamál fyrir nokkrum árum síðan. Eins og ég segi eru ekki nema fjögur ár síðan við byrjuðum á þessu krókakerfi sem springur á tveimur árum úr höndunum á okkur. Þannig að ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur og þjóðina að á þessu þingi náist sú sátt um þessar breytingar að við getum talað um varanlegar lausnir en ekki bráðabirgðalausnir. Það verður fylgst með þessu og ég mun leggja mitt af mörkum til þess að allir sem þurfa að lifa eftir þessu kerfi geti viðurkennt það að þingið, Alþingi Íslendinga, þessi virðulega stofnun, hafi tekið á þessu með þeim mannlegu sjónarmiðum sem okkur er einum lagið.

[17:31]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegur forseti. Það er að vonum að nokkuð sé rætt um frv. þau sem eru til umræðu og ráðherra hefur mælt fyrir um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, vegna þess hversu mikla þýðingu sjávarútvegur hefur fyrir landsmenn alla. Í velflestum byggðarlögum snertir sjávarútvegurinn nánast hagsmuni hvers manns. Eins líka í kjölfar þeirrar umræðu sem þessi mál hlutu í síðustu kosningabaráttu. Það sem upp úr stendur í þeirri umræðu er dapurlegt hlutskipti þeirra manna sem gengu öðrum fremur lengra í yfirboðum og töldu kjósendum sínum trú um að þeir hefðu tök á að koma fram með lausnir sem þeir máttu vita, ef þeir vissu það ekki fyrir víst, að engin von var til að næðu fram að ganga. Það hefur einkennt umræðuna að nokkru leyti því þeir sem svo stíf loforð gáfu hafa þurft að reyna að finna vörn fyrir sinn málflutning sem þeir höfðu uppi fyrir nokkrum vikum. M.a. hafa þingmenn Sjálfstfl. af Vestfjörðum þurft að verja stórkarlalegar yfirlýsingar sínar eins og t.d. þær að þeir mundu enga ríkisstjórn styðja sem ekki gerði breytingar á lögunum í átt til sóknarmarks. En það blandast engum hugur um það sem les þessi frv. að menn eru að breyta lögunum í átt til aflamarks frá sóknarmarki. Það getur ekki verið nein deila um það. Ég hef ekki heyrt þessa ágætu þingmenn heldur draga það í efa að leiðin sem þessi frv. boða sé í þessa áttina. Og þeir ganga með hinum þessa leið sem þeir sögðust ekki mundu ganga. Ég bíð enn eftir því að þeir útskýri fyrir kjósendum sínum og þingheimi hvers vegna þeir styðja þessa ríkisstjórn. Hvað er það sem veldur því að þeir styðja þessa ríkisstjórn og hæstv. sjútvrh., Þorstein Pálsson, sem þeir höfðu lýst vantrausti á opinberlega á framboðsfundi?

Ég hef mínar skýringar á því og velkist ekki í vafa um hverjar þær eru. Þær eru þær að þessir menn eru í grundvallaratriðum sammála, þeir eru sammála um stjórn fiskveiða þegar öllu er á botninn hvolft. Það hefur nefnilega ekki farið fram hjá mér fremur en t.d. ritstjórum Morgunblaðsins að þessir ágætu þingmenn eru sammála hæstv. sjútvrh. um það hverjir eigi að eiga aflaheimildirnar, hvert eignarhaldið á að vera. Þeir eru nefnilega sammála því að það eigi að vera séreignarfyrirkomulag á aflaheimildunum. Tillögur þeirra gera ráð fyrir að um einkaeign sé að ræða og einkaeignaraðgang að fiskimiðunum. Það er sama stefna og Sjálfstfl. stendur fyrir. Því er það eðlilegt að mínu mati að þeir séu í sama flokki því þeir eru báðir sammála um það að einkavæða fiskimiðin. Má nú minna menn á frægt leyfi sem hv. 3. þm. Vestf. hefur í sínum vasa sem er einkaleyfi fyrir afnot af auðlind í sjónum. (**GHall:** Er það ekki hið besta mál?) Að hans mati er það sjálfsagt hið besta mál, en það er ekkert sóknarmark á þá auðlind. (Gripið fram í.) Það er einkaeignarfyrirkomulag og um það eru þeir sammála, hv. 3. þm. Vestf. Einar Oddur Kristjánsson og hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson, að það á að vera einkaeignarfyrirkomulag þar sem því verður við komið í sem mestum mæli. Um það eru átökin í þjóðfélaginu. Þau eru ekki um það hvort menn ætla að hafa sóknarmark eða aflamark. Það er verið að kasta ryki í augu fólks og dylja hin raunverulegu átök þegar menn deila um þetta. Það er verið að blekkja fólk. Átökin standa um grundvallaratriðið, eignarhaldið og forræðið.

Það hefur m.a. komið fram af hálfu Alþb. hvar stefna þess flokks liggur hvað eignarhaldið varðar og nefni ég síðast því til sönnunar frv. sem fulltrúar okkar í sjútvn. fluttu um breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða og lagt var fram á síðasta þingi. Í frv. eru þær tillögur sem við teljum nauðsynlegar breytingar og lýsa afstöðu okkar til málanna í heild.

Gagnrýnisatriði okkar gagnvart núverandi kerfi er fyrst og fremst hvernig eignarhaldinu er fyrir komið, hvernig það er að þróast, hvernig aflaheimildirnar færast á æ færri hendur og hvernig menn einkavæða jafnvel almenningshlutafélög af því að Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki einu sinni þolað að almenningshlutafélög og aflaheimildir fái að standa heldur verði að koma þeim í hendur einkaaðila og nota ríkisfé til þess að koma því fram. Það er dæmi um hvernig hann framfylgir stefnu sinni um að einkavæða þessar aflaheimildir, aðganginn að fiskimiðunum. Þarna er um að ræða grundvallarpólitískan ágreining milli Alþb. annars vegar og Sjálfstfl. hins vegar. Það er himinn og haf þarna á milli og menn eiga auðvitað að gera sér grein fyrir því hvar hin pólitísku átök liggja og hvar skurðlínurnar eru en ekki að varpa ryki í augu fólks með því að tala um einhverjar hugmyndafræðilegar deilur um aflamark og sóknarmark því að aflamark er í eðli sínu ekkert annað en partur af sóknarmarki, ein leið til að takmarka sókn skips. Í eðli sínu er aflamark ekkert annað og er því ekki andstæða sóknarmarksins enda vita allir sem hafa kynnt sér löggjöfina um stjórn fiskveiða að stjórn fiskiskipa er byggð að miklu leyti á svokölluðum sóknartakmörkunum þar sem veiðisvæðum er lokað, notkun veiðarfæra er takmörkuð o.s.frv. Sóknarmark er því auðvitað mjög ríkjandi í fiskveiðistjórnunni. En það sem helst veldur deilum á milli aflamarks og sóknarmarks er sú breyting sem varð 1990 þegar menn tóku það upp að gera aflamarkið framseljanlegt. Þá hætti aflamarkið að vera sóknartakmörkun einvörðungu og fór að verða verslunarvara, fór að hafa sjálfstætt hagfræðilegt gildi og fléttast þar með inn í átökin um eignarhaldið því að þar voru menn búnir að skilgreina verðmæti sem eru seljanleg og þá skiptir máli hverjir eiga þau og hverjir njóta afrakstursins af þeim. Þetta er stærsta gagnrýnisatriði okkar á grundvöllinn í þessu, en við nefnum líka í frv. okkar önnur atriði sem eru mjög þýðingarmikil og mikill ágalli á núverandi framkvæmd í stjórnun fiskveiða og þessi frumvörp taka ekki á. Það er að afla er kastað og það er vitað þó að menn deili um það í hve miklum mæli menn kasta afla. Menn landa afla fram hjá vigt og menn svindla. Menn skrá afla undir öðru heiti en hann er í raun. Þetta eru mjög alvarlegir ágallar á stjórnkerfinu sem gera það að verkum að það verður að breyta því. Ekki er hægt að búa við kerfi óbreytt sem hefur þessa ágalla í för með sér. Því miður taka þau frumvörp, sem nú eru rædd, ekkert á þessum alvarlegu

atriðum heldur auka frekar vandræðin því að ef eitthvað er mun það auka vandræðin hvað þetta varðar eftir því sem fleiri bátar verða settir undir hámark í afla. Það er líklegra að smábátar sem í dag róa samkvæmt banndagakerfi en munu róa eftir aflahámarkskerfi fari að taka upp það sem þeir gerðu ekki áður, að henda afla, að landa fram hjá vigt eða svindla enda þótt ég ætli ekkert að fullyrða að svo megi vera en það er auðvitað líklegra miðað við ástandið eins og það er.

Auðvitað er alvarlegt þegar menn gera að mati ríkisstjórnarinnar breytingar á þessu mikla máli, stjórn fiskveiða, sem þarf að taka í gegnum Alþingi með mjög miklu hraði og taka ekki á þessum atriðum. Það segir mér að ríkisstjórnin ætlar ekki að breyta þessum vanköntum með neinu hraði og það er ekki líklegt að hún geri það af neinni festu fyrst þessi mál eru ekki ofar á lista hennar en þetta.

Því er ekki að neita að breytingarnar eru umdeilanlegar í þessu frv. og fulltrúi okkar alþýðubandalagsmanna í sjútvn. hefur farið yfir einstök efnisatriði og rakið afstöðu okkar til þeirra hvers fyrir sig. Ég nefni aðeins fáein atriði, sem mér finnst að skipti máli, í umræðunni um stjórnun fiskveiða. Það er auðvitað það sem við blasir og menn verða að beygja sig undir þá staðreynd að það eru einfaldlega of fáir fiskar í sjónum. Þess vegna verður að stjórna veiðunum og þegar menn ákveða að stjórna veiðunum og takmarka þar með sóknina í stofninn sem á að veiða úr hlýtur það að koma við einhverja. Það geta ekki allir veitt eins mikið og þeir vilja alltaf. Þegar menn eru komnir inn á þá braut að takmarka sókn er mjög erfitt að halda úti tveimur kerfum þar sem annar aðilinn, aðili undir öðru kerfinu, er takmarkaður miðað við aflahámark á bát en hinn er ekki takmarkaður nema mjög laust svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Þeir sem hafa verið á sóknarmarki hafa ekki búið við neina sambærilega takmörkun á afla sínum og aflamarksbátar hafa mátt búa við í mörg ár. Það er einfaldlega óviðunandi ástand frá sjónarhóli þeirra sem eiga að stjórna þessu, frá sjónarhóli þeirra sem eiga að setja lögin og frá sjónarhóli þeirra sem hafa valið að vera undir aflamarki. Því hljóta breytingar, sem menn gera, að taka á því að takmarka framúraksturinn á sóknarmarkinu. Því var það að mínu viti ábyrgðarlaus málflutningur m.a. hjá frambjóðendum Sjálfstfl. á Vestfjörðum sem og frambjóðanda Alþfl., ég undanskil hann ekki í þessum hópi, að halda því fram að þeir gætu komist fram með það að þeir gætu viðhaft sóknarmarkið í svipuðu formi og það hefur verið undanfarin 1–2 ár. Menn máttu vita að þær fullyrðingar gátu ekki staðist. Menn fullyrtu eitthvað sem menn máttu vita að hlaut að bregðast enda hefur það gengið eftir. Ég hef því verið þeirrar skoðunar af því að ég veit að báðir þeir þingmenn Sjálfstfl. á Vestfjörðum, sem eru inni, eru miklir kunnáttumenn í þessum efnum að þeir hafa vitað það fyrir fram að þeir voru að tala upp í eyrun á mönnum vitandi að þeir gætu ekki staðið við þær væntingar sem þeir voru að gefa. Því fannst mér það mjög merkilegt þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að fá fram hjá hv. þm. Einari Guðfinnssyni hvað hann vildi þá með núverandi sóknarmark, hvort hann vildi takmarka afla sóknarmarksbáta við það hámark sem er í lögunum eða hvort þeir ættu að fá að veiða bara áfram. Það kom fram hjá hv. þm. Einari Guðfinnssyni að hann var að tala um að þeir mættu veiða áfram. Þetta er ekki ábyrgur málflutningur. Það er ekki hægt að halda því fram. Þetta er óábyrgt. Þetta kann að vera gott að tala upp í eyrun á mönnum rétt fyrir kosningar en það kemur bara í bakið á mönnum eftir kosningar.

Ég sé að tíma mínum er að verða lokið og vil segja að lokum að það eru auðvitað ýmsir annmarkar fleiri en ég hef þegar talið upp sem menn standa frammi fyrir og þurfa að reyna að finna lausn á. Stærsti annmarkinn er að núverandi aflamarkskerfi og hlutaskiptakerfið rekast svo illa á að það er eiginlega óviðunandi sambúð. Það skýrir m.a. hin hörðu átök undanfarin 1–2 ár á milli sjómanna og útvegsmanna, að aflamarkskerfið og hlutaskiptakerfið eru að nokkru leyti andstæður, a.m.k. á meðan menn viðhafa framseljanlegan aflakvóta. Það er í gegnum hina framseljanlegu aflakvóta sem óánægja meðal sjómanna rís hvað hæst þegar er verið að þvinga þá til að veiða leigukvóta, tonn á móti tonni og fá lítið fyrir.

Í öðru lagi er annar annmarki sem er sá að svona markaðskerfi, sem er að verða hagfræðikerfi eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kom inn á, meira en stjórnkerfi, gengur auðvitað ekki alltaf vel, sérstaklega þegar það er mjög stór þáttur í atvinnusamsetningu þjóðarinnar. Í mörgum byggðarlögum er það sem menn eru að nota sem markaðskerfi, fiskveiðarnar og vinnsla, undirstaða í atvinnunni. Því eru þessi samfélög ákaflega viðkvæm fyrir breytingum sem markaðskerfið leiðir af sér eins og sölu aflaheimilda burt úr byggðarlögum o.s.frv. og núverandi löggjöf tekur ekki á þessu vandamáli. Það þarf að taka upp í lög viðbrögð við þessu. Ég ne fni sem dæmi að menn höfðu um tíma í lögum um Hagræðingarsjóð sett til hliðar veiðiheimildir, sem menn gátu gripið til, til að leggja til í sjávarplássum þegar það gerðist að aflinn hvarf þaðan af einhverjum ástæðum. Að því leyti er ég sammála því sem fram hefur komið um 500 tonnin að það er rétt hugsun í því, menn eru að taka frá afla til að geta deilt út þar í þeim byggðarlögum sem eru svo viðkvæm fyrir skerðingum eða breytingum að þau geti ekki borið það án stórra áfalla og því þarf leiðréttingakerfi. En ég er hins vegar líka sammála því að mér finnst þessi aðferð að úthluta í gegnum Byggðastofnun vera dálítið ankannaleg og satt að segja ekki til fyrirmyndar.

Ég vil líka benda mönnum á að þegar menn taka upp tillögur eins og gert er í lögunum um stjórn fiskveiða og Þróunarsjóð eru menn auðvitað óbeint að búa til verðmæti úr því sem menn hafa í höndunum. Þegar menn taka upp yfirstuðlakerfi og þegar menn taka upp úreldingarkerfi á smábátana eru menn að færa þeim eigendum verðmæti, búa til söluvöru úr því sem þeir hafa í höndunum sem að sumu leyti eru svipuð áhrif og menn gera með aflamarki. Mér finnst að sumu leyti að menn megi gæta sín í því, sérstaklega þeir sem tala fyrir sóknarmarki og gegn aflamarki að brenna sig

ekki á a.m.k. á báðum höndum með tillöguflutningi af þessu tagi. En ég held að öllum hljóti að vera ljóst að menn eru að leggja skatta á sjávarútveginn til að borga úreldingu, til að borga verðmæti til einstaklinga með þessum tillögum og það kann að vera það eina sem menn geta gert. Þetta er það sem menn hafa gert í landbúnaði og þetta sem menn hafa gert að mestu leyti í sjávarútvegi með aflamarkskerfinu, að búa til verðmæti sem menn hafa síðan getað fénýtt til að sleppa skaðlaust frá sínum atvinnurekstri eins og dæmi er um í landinu og ég veit að hv. þm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum þekkja betur en margir aðrir.

[17:50]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef þurft að gera það nokkrum sinnum og ætla að gera það áfram að leiðrétta hv. 5. þm. Vestf. því hann hefur óskaplega gaman af segja alltaf sömu hlutina upp aftur og aftur. Vegna þess að ég hef verið að basla í því í nokkuð mörg ár að reyna að gera verðmæti úr ákveðinni lindýraflóru við Vestfirði þá þykir honum það óskaplega merkilegt að mér skuli hafa verið afhent einhver sérréttindi sem ætti að vekja tortryggni. En það get ég sagt honum enn einu sinni og öllum að það er til á grundvelli laga nr. 12/1975, laganna um samræmingu veiða og vinnslu, heimildir til þess að láta menn hafa réttindi til þess að setja af stað vinnslu. Ég hef engin sérréttindi eða það félag sem ég er stjórnarformaður fyrir til þess að veiða. Það er rangt, það er bara hrein vitleysa. Það má hver og einn veiða kúfisk hér við land eins og hann vill. Það má hver og einn veiða hann í beitu, það má hver og einn veiða hann til útflutnings og þetta veit hv. þm. mjög vel. Það er bara á grundvelli þessara laga sem ákveðið landsvæði, af því að það er litið á það sem námugröft og tilraun, verður að landa í ákveðna stöð. Þetta var gert einmitt til þess að vernda rækjuiðnaðinn þegar hann var í bernsku. Því miður var því ekki framfylgt, en á grundvelli þessara laga eru þessi réttindi. Þannig eru þau tilkomin og þetta veit þingmaðurinn mjög vel.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég er sjálfstæðismaður og hef alla ævi verið og ég veit það og öll ævi mín hefur sannfært mig um að það er einmitt séreignarrétturinn sem er lykillinn að því að ein þjóð forðar sér frá fátækt. Þetta veit öll Vestur-Evrópa, nærri allur heimurinn þó að einstaka menn liggi hér eftir úti á þessu útnesi trúandi því sem einu sinni var sagt satt, að það ætti að sjá þetta allt í ljóma gullturna hinna eilífu Kremlar. (**SJS:** Er ekki allt gott í hófi?) Allt í hófi þó. Ég skora á hv. þm. að finna því nokkurn stað í orðum mínum eða skrifum að ég hafi sagt að það ætti að halda þessu sóknarmarki áfram á krókaleyfum. Ég hef bent einmitt á að það væri aðalmálið að reyna að finna nýja leið því það stefndi í öngþveiti.

[17:53]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur staðfest orð mín með því að upplýsa að hann hefur einkaleyfi sem aðrir hafa ekki á að nytja ákveðnar dýrategundir sem eru í sjónum. Það eru hlunnindi sem öðrum hlotnast ekki, það eru hlunnindi sem eru einkaveitt, þ.e. einn maður veitir öðrum. Það er ekki markaðurinn sem ræður því.

Það má nefna annað sambærilegt dæmi sem hefur haft sínar afleiðingar fyrir byggðarlag á Vestfjörðum sem við þekkjum báðir, þingmaðurinn Einar Oddur og ég, sem er varðandi Flóka á Barðaströnd sem er vinnslufyrirtæki sem m.a. vinnur úr skel, skel sem er í Breiðafirði og er mönnum veitt veiðileyfi gegn því skilyrði að þeir landi hjá þessari stöð. Nú hefur því miður atvikast þannig að helmingurinn af þessum kvóta er kominn í eigu lögfræðings í Reykjavík og hann neitar að leyfa mönnum að veiða hann nema þeir borgi auðlindaskatt, veiðileyfagjald. Þetta ágæta fyrirtæki, sem er ekki stórt á landsvísu en er nokkuð stórt í þessari sveit, verður að bera þungan auðlindaskatt til þessa ágæta manns í Reykjavík vegna þess að flokksbróðir þingmannsins, hæstv. sjútvrh., vill hafa kerfið svona. Hann vill einkavæða þessa auðlind en ekki nytja hana byggðarlaginu einvörðungu til heilla heldur þurfa menn að borga skatt til einstaklings til þess að fá að nytja þessa auðlind fyrir utan landsteinana hjá sér.

[17:55]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Lögin um samræmingu veiða og vinnslu, lög nr. 12/1975, voru einmitt til þess að tryggja að það væri jafnvægi í greininni. Því miður var það að menn hurfu frá því að fara eftir þessum lögum og fóru inn í þetta kvótakerfi því að hefðu menn haldið áfram að keyra þetta áfram eftir lögunum frá 1975 sem helgaði réttinn til þess að fá leyfi fyrir rækjuna og skelina þá væru engin vandræði á Barðaströnd. Því miður fóru menn frá lögunum frá 1975 sem þér þykir svo mikill voði í. Þetta eru ekki sérréttindi heldur réttindi aðeins til þriggja eða fjögurra ára til þess að tryggja það að menn geti gert tilraun. Þetta veist þú, hv. þm., og þarft ekki að vera að nota það til að gera mig tortryggilegan á nokkurn hátt. Þú veist það mætavel að þetta er gert til þess að tryggja það að tilraunin sé gerð, svo við getum gengið úr skugga um hvort þarna sé um auðlind að ræða, hvort þarna sé um nytjanlegan stofn að ræða. Og það er rétt af löggjöfinni að sjá til þess á hverjum tíma að menn geti fengið frið til að kanna slíkt. Ég veit að hv. þm. er mér alveg sammála um þetta.

[17:56]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. vék aðeins að orðaskiptum okkar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar áðan þar sem hv. þm. innti mig eftir því hvernig sóknarstýringin ætti að tryggja það að hámarksleyfilegum veiðiafla yrði náð en ekki farið fram úr honum. Ég nefndi það áðan að við gerðum ráð fyrir því að það yrði að sjálfsögðu sett viðmið um hámarksveiðiafla en það var ekki verið að tala um það að þessum afla yrði síðan úthlutað á hvert skip. Í því felst grundvallarmunurinn annars vegar á sóknarstýringu og hins vegar aflamarkskerfi eða aflahlutdeildarkerfi.

Nú geta menn auðvitað deilt um réttmæti þessara aðferða en þetta er reginmunurinn og grundvallarmun-

urinn á þessum kerfum.

Það hefur aldrei verið gert ráð fyrir því af neinum þeim sem ég þekki til sem hafa haldið fram kostum sóknarstýringar að það ætti ekki að ganga af ábyrgð um fiskimiðin og það ætti að veiða bara eins og hver vildi. Því hefur aldrei verið haldið fram. Ég hef að vísu oft og tíðum gagnrýnt niðurstöður fiskifræðinga eins og mjög margir aðrir hafa gert. Ég man ekki hvort hv. 5. þm. Vestf. hefur gert það mig grunar það í einhverjum tilvikum. Aðalatriðið er þó það að við sem höfum verið að tala fyrir sóknarmarki í einhverri mynd teljum að það eigi að sjálfsögðu að hafa ákveðin aflaviðmið. Munurinn sé bara sá að það eigi ekki að dreifa þessu niður á einstök skip.

Vandinn sem við stöndum frammi fyrir núna varðandi þessa litlu krókaleyfisbáta er sá að afkastageta þeirra við þessi góðu aflabrögð og vaxandi fiskimið er þannig að þeir sprengja af sér þann 21 þús. tonna ramma sem þeim hafði verið settur í lögunum. Ég vakti athygli á því fyrr í dag að enginn hv. þm. sem ég hef hlýtt á í dag hefur lagt til að aflahámark þeirra yrði aukið eða að aflahámarkið yfirleitt væri aukið og hvað þá að sú aukning færi einvörðungu til krókaleyfisbátanna. Þess vegna standa menn frammi fyrir því að þurfa að velja leiðir til þess að takmarka sókn þessara báta í þessa takmörkuðu auðlind.

[17:58]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér held að það sé rétt að rukka hv. þm. Einar Guðfinnsson betur um afstöðu hans fyrir kosningar. Það var öllum ljóst að banndagakerfið mundi leiða af sér að á næsta fiskveiðiári fjölgaði banndögum mjög mikið vegna þess hversu mikið veiddist. Því voru það margir sem sögðu við stjórnmálamennina: Hvað ætlið þig að gera til að koma í veg fyrir það? Með öðrum orðum var það sem var fyrirsjáanlegt, óbreytt banndagakerfi með fleiri banndögum, mönnum þungbært. Menn sáu fram á að það yrði mönnum ekki hagkvæmt og vildu fá breytingar til þess að staða þeirra yrði betur tryggð en hún yrði samkvæmt núgildandi lögum.

Ég spyr því: Átti að skilja tillögur sjálfstæðismanna á Vestfjörðum þannig að þeir væru að segja við sjómenn á krókabátunum: Við ætlum að sjá til þess að þið veiðið ekki meira en þessi 20 þús. tonn og þar með verða ekki fleiri banndagar eins þeir eru að biðja um? Nei, þið sögðuð það ekki. Þið sögðuð að kerfið eins og það verður næsta fiskveiðiár að óbreyttu væri ekki nógu gott. Við ætlum að breyta til að bæta stöðu ykkar. Með öðrum orðum voruð þið að segja, hv. þm.: Við ætlum að leyfa ykkur að veiða meira. Það er alltaf vinsælt að segja það þegar verið er að útdeila skortinum, verið að deila of litlu milli of margra, að segja við hvern og einn: Við ætlum að leyfa ykkur að veiða meira en samkvæmt kerfinu. Þannig geta menn fengið mikið af atkvæðum og orðið vinsælir, en það verður hlutskipti þeirra sem þannig tala að þeir geta ekki efnt sín orð. Það er það sem ég hef gagnrýnt sem ábyrgðarlausan málflutning af því að það máttu þeir sjá fyrir eins og ég og fleiri að var ekki hægt að efna.

[18:01]

**Einar K. Guðfinnsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær tillögur sem við frambjóðendur Sjálfstfl. á Vestfjörðum lögðum fram fyrir kosningar fólu í sjálfu sér ekki í sér breytingar á úthlutuðum heildarafla á einstökum tegundum. Þessar tillögur snerust ekkert um það. Þær snerust fyrst og fremst um tvennt: Annars vegar það sem við töldum vera forsendur fyrir sóknarstýringu sem var það að ná tökum á stærð flotans, draga úr sóknargetu hans, takmarka með öðrum orðum þannig aðganginn að auðlindinni. Við vorum að hafna hugmyndinni að aflamarkskerfi þar sem aflaheimildum er úthlutað á hvert skip með þremur aukastöfum. Við vorum að hafna því kerfi en við sögðum jafnframt: Ef við ætlum að fara að stjórna veiðunum með sóknarstýringu þá mun það mistakast hér eins og alls staðar annars staðar nema menn nái tökum á stærð flotans. Þetta er sú hugmynd sem býr að baki því sem við höfum verið að segja.

Svo er það önnur saga að við höfum gert okkur grein fyrir því og við lögðum á það áherslu og sögðum það margoft að banndagakerfið, eins og það var hugsað í mjög góðri trú fyrir rúmu ári síðan, var að springa. Okkur tókst ekki að halda utan um sóknaraukninguna vegna þess að það vantaði ákveðin ákvæði í lögin sem gerðu það að verkum að hægt væri að draga úr þessari sóknaraukningu og þess vegna var kerfið að springa innan frá og það var að skaða þá menn sem höfðu hagsmuni af því að geta unnið innan þess.

Þess vegna var það niðurstaða ríkisstjórnarflokkanna nú í vor að fara í þá vinnu á grundvelli málamiðlunar og samkomulags að reyna að útbúa kerfi sem gerði það að verkum að til þessarar miklu fjölgunar banndaga þyrfti ekki að koma. Hugmyndin að róðrardagakerfinu er grein af þessum meiði, er angi af þessu og ég hef lagt á það mikla áherslu í þessari umræðu að það sé það sem stóra breytingin felur í sér að við getum horfið frá banndagakerfi þar sem fyrir fram er ákveðið hvaða dag menn mega róa að róðrardagakerfi. En auðvitað mun róðrardagakerfið líka fela í sér takmörkun á aðganginum að miðunum, það fer ekki á milli mála.

[18:03]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Niðurstaðan sem kemur fram í frumvörpunum er að mönnum er gefinn kostur á að velja um tvennt: Annars vegar að velja um banndagakerfið eins og það er og mun verða á næsta fiskveiðiári með 230 banndögum. Það var ekki það sem Sjálfstfl. sagði við sjómenn á Vestfjörðum að hann ætlaði að gefa þeim kost á að búa við óbreytt kerfi. Hinn kosturinn er að menn geti valið sér aflahámark og tryggt sér þannig hlutdeild í þessum sameiginlega potti. Það sagði Sjálfstfl. ekki heldur við sjómenn á Vestfjörðum að hann ætlaði að bjóða þeim upp á því að hann sagðist vera á móti því. Því eiga þeir eftir að skýra það hvernig þessi niðurstaða mætir þeirra málflutningi. Ég fæ ekki séð að hún geri það og ég á bágt með að sjá að þessi niðurstaða tryggi hlutdeild Vest-

firðinga í þessum potti sem væntanlega er það markmið sem menn stefna að, að tryggja það sem best að bátar í sjávarplássum á Vestfjörðun hafi í heildina tekið svipaða hlutdeild úr krókaveiðum og verið hefur vegna þýðingar krókaveiðanna fyrir atvinnulíf í þessum smáu plássum sem hafa lítið sem ekkert orðið eftir af aflamarki sem hefur verið selt í burtu.

En þingmenn Sjálfstfl. á Vestfjörðum eiga eftir að sannfæra mig og aðra um það að þessar tillögur nái þeim markmiðum sem þeir settu upp, standi undir þeim væntingum sem þeir byggðu upp með málflutningi sínum sem var satt að segja ekkert annað en ábyrgðarlaus yfirboð. Því miður.

[18:05]

**Guðmundur Hallvarðsson:**

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hér áður þá fer þessi umræða fram í skugga verkfalls og snýr málið einkum og sér í lagi að verðmyndun í sjávarútvegi. Það snertir vissulega þann málaflokk sem hefur verið svo mjög til umræðu í dag og snertir auðvitað hagsmuni sjómanna mjög. Rætt hefur verið um að taka aftur upp það sem kallað var og er verðlagsráð sjávarútvegsins en vona ég að svo verði ekki í ljósi þess að á árum áður þegar Verðlagsráð var og hét var það oftar en ekki að ríkisstjórnir áttu oft í miklum erfiðleikum og munaði oftar en ekki minnstu að hreinlega yrði þingrof vegna þeirra mála svo hatrammar voru þessar deilur oft. Nú var tekin upp önnur ákvörðun, verðmyndun í sjávarútvegi með þeim hætti sem nú er, þ.e. hluti af þeim afla sem á land kemur er settur á markað þó ekki hafi gengið þar fram um eins og sjómenn almennt áttu von á. Kemur þar margt til, einkum og sér í lagi hin dreifða byggð og að mörg smærri sjávarpláss hafa ekki haft tök á að koma upp markaði með öðrum hætti kannski en að fáein hafa tengst svokölluðum fjarskiptamarkaði.

Því kem ég nú inn á þetta og byrja mál mitt á því að í döprum málum stöndum við nú hvað sjávarútvegsinn snertir svo mjög er mikil nauðsyn á að koma flotanum úr höfn til að afla þjóðarbúinu tekna. Ég tel það tvímælalaust vera mikið mál að standa svo að verðmyndun í sjávarútvegi að sú þróun fái að eiga sér stað eins og hún hefur verið hingað til, þ.e. að fleiri og fleiri sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið að setja afla sinn á markað og er það vel. Hitt hefur hins vegar brugðið mjög skugga á og það eru þeir einstakir útgerðarmenn sem hafa tekið þann hátt upp, eins og hefur komið fram í ræðum manna fyrr í dag, að fá leiguliða til þess að afla sjávarfangs. Þeir hafa átt kvótann og menn hafa farið í svokallaða veiði tonn á móti tonni hvar sjómenn hafa þá jafnvel fengið 20–30 kr. fyrir kílóið á sama tíma og kollegar þeirra hafa verið að landa í sömu höfn afla sem á markað hefur farið og þar hefur verið greitt 130–140 kr. fyrir kílóið.

Það er ekkert launungarmál að mat okkar þingmanna Sjálfstfl., hvort sem þeir eru þingmenn Reykjavíkur eða hinnar dreifðu byggðar, er að mikilvægi smábáta í hinni dreifðu byggð er mikið og stórt og við gerum okkur fulla grein fyrir þörfinni þar á, einkum og sér í lagi þegar litið er til atvinnumála.

Við stöndum hins vegar frammi fyrir því nú að skiptin um þá of fáu fiska sem í sjónum eru eru mjög umdeilanleg. Þar hafa stjórnvöld reynt að halda svo á málum að nokkurs jafnræðis gætti milli þeirra aðila sem stunda sjó á opnum litlum bátum og þeirra sem á dýpra vatn hafa sótt en sitt sýnist hverjum þar um hvernig til hefur tekist. Það sem einkum hefur verið deilt um hér er hvernig eigi að halda á í sambandi við hina smærri báta, þ.e. róðrardagar eða sóknardagar með banndögum, og kemur þá aflamark þar inn í.

Hv. 9. þm. Reykv. kom áðan inn á öryggisþáttinn varðandi smábátana og það gerði hv. 4. þm. Vestf. líka. Ég er þeim báðum sammála um það að öryggisþátturinn er ekki svo lítill þegar menn hafa horft til þess að ákveðnir sóknardagar hafa verið fyrir smærri báta sem hefur leitt til þess að þeir hafa róið í mjög vafasömum veðrum og hafa þeir sem í landi eru haft verulegar áhyggjur.

Það sem hins vegar mundi gjörbreyta þessu máli er auðvitað ef menn hefðu rétt á að velja sér róðrardaga og mundi það vissulega gjörbreyta því áhyggjuefni sem menn hafa haft hvað varðar öryggismál. Engu að síður mundi um leið vissulega skapast aukin sókn, þ.e. menn gætu þá frekar verið að þegar þeir geta valið góðviðrisdaga til sóknar.

Hér hefur nokkuð verið rætt um að það væri tilbúin aðferð til þess að fylgjast með bátum ef upp yrði tekið róðrardagakerfi og veit ég það að það mundi vissulega auðvelda allt eftirlit með smærri bátum og jafnvel með fiskiskipum almennt. Ég tel fullvíst að það verði ekki eingöngu hinir smærri bátar sem munu þá setja þessi tæki upp heldur enn fremur stærri fiskiskip þannig að hægt verði að fylgjast með þeim vegna fiskveiða og ekki hvað síst ef samtengt yrði sjálfvirkri tilkynningu vegna öryggismála.

Hv. 9. þm. Reykv. kom inn á það áðan að einn af öryggisþáttunum sem þyrfti að skoða væri lögskráning sjómanna og gerði það að nokkru umtalsefni og tengdi það tryggingamálum, einkum sjómanna á smærri bátum. En nú er það svo að með fjarskiptakerfi sem verið er að tala um er einnig hægt að taka inn lögskráningu sjómanna þannig að jafnhliða því sem fylgst væri með bátnum eða viðkomandi skipi væri hægt að fylgjast með því líka hvernig lögskráð væri á viðkomandi skip. Það hefur verið rætt um það að tölvutengja og samtengja lögskráningu sjómanna um allt land og væri þá sjálfsagt létt verk að tengja þetta kerfi allt saman, bæði eftirlit með þeim bátum þegar að róðrardögum kæmi, sjálfvirku tilkynningarkerfi og svo líka lögskráninguna.

Ég veit að hér hefur verið ákveðin atkvæðagreiðsla klukkan hálfsjö þannig að ég ætla mjög að stytta mál mitt. En ég vildi þó aðeins koma inn á það sem 2. þm. Vesturl. nefndi varðandi skiptingu aflans, þ.e. að deila 5.000 tonnum á aflamarksskip önnur en frystitogara. Það er rétt eins og hann gat um áðan að það er ákveðið vandamál sem snýr að ferskfisktogurunum eða ísfisktogurunum, sem svo eru kallaðir, vegna þess að þessi hlutdeildarskipting sem á að miða við, að ekki verði deilt meira en 10 tonnum að hámarki á hvert

skip, kemur auðvitað minni skipunum til góða en hinum stærri ekki að sama skapi. Enn stöndum við þá frammi fyrir þeim vanda sem er kannski rauði þráðurinn í gegnum sjávarútvegsstefnuna, það eru of fáir fiskar í sjónum til skiptanna og þótt reynt sé að skipta réttilega niður á milli veiðigreina verður aldrei svo gert að öllum líki.

Landssamband smábátaeigenda hefur sent alþingismönnum bréf sem dagsett er í gær. Það er allrar athygli vert og vil ég, með leyfi forseta, vitna aðeins til niðurlags bréfsins. Þar segir:

„Landssamband smábátaeigenda mótmælir harðlega framkomnu frumvarpi. Landssamband smábátaeigenda hefur í langan tíma barist fyrir því að sett verði á svokallað leyfisdagakerfi þar sem eigendur bátanna gætu sjálfir valið sína sóknardaga. Hingað til hefur því verið haldið fram að með slíku kerfi sé ekki hægt að hafa eftirlit. Nýjustu upplýsingar hnekkja þessum viðbárum. Þá hafa smábátaeigendur sjálfir boðið alls kyns sóknartakmarkanir og þá sérstaklega bent á, eða allt frá árinu 1987, að raunverulegar úreldingarreglur verði settar fyrir smábátana. Stjórnvöld hafa ekki allan þennan tíma séð ástæðu til að verða við þessu og því með þögninni hleypt látlaust inn nýrri afkastagetu í smábátaflotann. Sú er ástæða aflaaukningar krókaflotans og því stjórnvalda að axla ábyrgð."

Þegar litið er til þessa frv. um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, verð ég að segja að niðurlag þessa bréfs smábátaeigenda kemur mér nokkuð á óvart. Einkum og sér í lagi þegar litið er til þess texta sem ég var hér að lesa í niðurlagi bréfs Landssambands smábátaeigenda.

Í því frv. sem hér liggur fyrir er einmitt að því stefnt að taka upp það kerfi sem þeir óska sér helst, þ.e. að það verði róðrardagar og þeir gætu þá ráðið sjálfir hvenær á sjó væri farið.

Í annan stað tala þeir um að hér hafi orðið mikil aukning í smábátaflotanum og það sé stjórnvalda að axla ábyrgð. Það held ég að dyljist engum að í þessu frv. er verið að gera það. Auðvitað má deila um það hvort ekki hefði átt að taka fyrr til ráða varðandi fjölgun smábáta en kannski má segja að seint sé betra en aldrei.

Virðulegi forseti. Það er fjölmargt sem hefur komið hér fram og er allrar athygli vert varðandi það frv. sem er til umræðu. Þar sem ég sit í sjútvn. hef ég hlustað af athygli á ýmsar ábendingar sem fram hafa komið og er ekki í nokkrum vafa um að í sjútvn. eigi eftir að fara miklar umræður um frv. og einkum um 2. gr.

Að síðustu er það svo að það sem mestu skiptir er að hinu háa Alþingi takist að halda svo á málum og leggja þau þannig fyrir þá sem eftir eiga að starfa, sjávarútveginn, að hann megi vera í sátt við sjálfan sig hvort sem litið er til sjós eða lands.

[18:18]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Af stakri virðingu fyrir forsetadæminu skal ég reyna að stytta mál mitt svo mjög að það takist að hafa hér atkvæðagreiðslu klukkan hálfsjö eins og forseti stefnir að.

Herra forseti. Í dag taldi ég að mér hefði orðið á þegar ég fór með texta sem hafður var eftir hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Ég greindi frá því að ég teldi að hún hefði sagt það að þingmenn Framsfl. hefðu hótað henni. Hv. þm. kom hér upp og mótmælti þessu og að sjálfsögðu hef ég þann góða sið að trúa hv. þm. og ég tók þetta gott og gilt og bað hv. þm. þess vegna afsökunar. Nú vil ég lesa hér afrit af samtali við hv. þm. sem var birt í kosningahorni útvarpsins 21. mars 1995. Þar segir hv. þm.:

„Við höfum nú þegar sent þessar tillögur á tvo efstu menn í hverju kjördæmi, framsóknarmenn, og þær hafa fengið svona misjafnar undirtektir." — Síðar segir: „Ég get sagt ykkur það að sumir hafa verið afskaplega óánægðir, mjög óánægðir, aðrir minna óánægðir. Sumir hafa jafnvel verið svo óánægðir að þeir hafa hótað því að ég mundi ekki ná fram öðrum málum sem ég er að berjast fyrir."

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að þetta komi hér fram og síðan geta hv. þm. dæmt sjálfir hver hafði rétt fyrir sér í þessu máli.

Hér hefur farið fram fróðleg umræða í dag og í tilefni af því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hélt sína ágætu jómfrúrræðu vil ég óska honum til hamingju með það. Hann reis einna hæst í sinni ræðu þegar hann sagði að hv. þm. ættu ekki að vera að blanda inn í þessa umræðu einhverju karpi frá því fyrir kosningar. Það þótti mér skörulega mælt. Hann sagði jafnframt að fyrrv. formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, hefði haft sérstaka stefnu í landbúnaðarmálum en hefði þó jafnan stutt ríkisstjórnina og þess vegna gæti hv. þm. haft aðra stefnu en hæstv. ráðherra Þorsteinn Pálsson en samt sem áður stutt ríkisstjórnina. Munurinn á hv. þm. og Gylfa Þ. Gíslasyni er sá að því var lýst yfir fyrir hans hönd af varaþingmanni flokksins að hann styddi ekki þessa stefnu. Munurinn er sá.

Herra forseti. Ég vildi hér í nokkrum orðum lýsa skoðun minni á því frv. sem hér liggur fyrir af því að eftir því hefur sérstaklega verið óskað. Ég hef þegar fyrr í dag lýst skoðun minni á 1. gr. um úreldingarákvæði. Ég tel að það hafi verið allt of bratt. Ég er sammála því sjónarmiði hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar að það sé nauðsynlegt að verja atvinnumennina. Hann telur að úreldingarákvæðið skapi þeim lífsrými. Herra forseti, þeir sem eru dauðir þurfa ekki rými til að lifa. Þetta ákvæði eins og það liggur fyrir í dag mun hægt og sígandi leiða til þess að krókabátaflotinn hverfur og eyðist og raunar er ég þeirrar skoðunar að mörgum þætti það betra. Ég tel t.d. að Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, yrði afskaplega glaður yfir því og mér finnst merki hans og fingraför vera allt of glögg í þessu frv.

Aðalgrein þessa frv. er 2. gr. og þar vil ég segja fyrst áður en ég kem að meginefni hennar að ég tel að úr greininni eigi að falla setningin sem hljóðar svo: „Á banndögum eru allar veiðar óheimilar." — Ég þarf ekki að skýra það frekar, ég gerði það hér í dag.

Ég er alfarið ósammála þeirri meginhugsun sem er í 2. gr. frv. Ég tel að það gangi á svig, ekki bara við

ummæli hv. þingmanna í kosningabaráttu og eftir kosningabaráttu, heldur sé það líka beinlínis í andstöðu við þá yfirlýsingu sem kemur fram í verkefnaskrá sem hæstv. sjútvrh. lagði fram til samþykktar í ríkisstjórninni. Ég tel að þar hafi verið gefin fyrirheit um að leita annarra leiða nú þegar heldur en þeirra að láta banndagakerfið koma óbreytt til aukningar banndaga eftir að nýtt fiskveiðiár hefur sína göngu.

Herra forseti. Ég get fyllilega tekið á mig þá ábyrgð ásamt öðrum þeim sem studdu fyrri ríkisstjórn að hafa staðið að því að lögsetja þetta banndagakerfi. Ég segi eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson: Það hefur einfaldlega komið í ljós að þetta kerfi gengur ekki. Og það er auðvitað okkur að kenna sem stóðum að því að samþykkja það og ég lýsi því yfir að ég er hlynntur því að róðrardagakerfi verði tekið upp í staðinn. Hins vegar mun það kosta ákveðna aðlögun. Ég vil líka segja það, af því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur lýst því yfir að enginn þingmaður hafi lagt það til að heildaraflamark í þorski verði aukið, að ég tel að á meðan á slíkri aðlögun stendur sé í lagi að auka aflamark í þorski. Ég er þeirrar skoðunar sem ég get kannski ekki rökstutt í stuttu máli núna en kýs að gera síðar að það séu engin fiskifræðileg rök sem mæla gegn því að það yrði aukin úthlutun þorskkvóta um 10–20 þús. tonn. Gegn því eru hins vegar pólitísk rök sem vissulega eru þung og þau hefur hæstv. sjútvrh. tínt til í fjölmiðlum. Hann vill hraðari uppbyggingu þorskstofnins. Ég tel að ef við erum að flytja okkur úr banndagakerfi yfir í róðrardagakerfi þurfi það ákveðna aðlögun. Ef það kostar einhverja aukna hlutdeild í þorski þá er það í lagi. En ég ítreka, herra forseti, þá skoðun mína af hverju það eru ekki fiskifræðileg rök sem mæla gegn því ætla ég fremur að rökstyðja við 2. umr. um þetta frv.

En ég segi að það er með engu móti hægt að styðja greinina eins og hún er núna vegna þess að þar er beinlínis verið að knýja krókabátana inn undir kvóta því ef þeir fara ekki undir kvóta þá verða þeir að sæta allt að tvöföldun banndaga. Þetta tel ég ekki hægt. Ég segi það líka að mér finnst það vera flótti og feluleikur hjá þeim hv. þm. sumum sem hér hafa talað í dag sem segja að auðvitað sé yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að fara inn í sóknardagakerfið. Ég spyr: Hvers vegna er þá verið að setja inn þetta hlægilega bráðabirgðaákvæði? Af hverju vinda menn ekki bráðan bug að þessu strax núna? Ég tel engar tæknilegar forsendur koma í veg fyrir það. Það þarf enga gervihnattatækni og kannski ekki heldur neinar landstöðvar til að koma þessu í kring. Það er hægt að gera þetta eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í dag, með handtækri aðferð. Þetta er skoðun mín á þessu, herra forseti.

Varðandi 3. gr. er ég sammála henni. Ég tel rétt að tvöföldunarreglan falli niður. Ég gef ekkert fyrir 4. gr. eins og ég hef sagt. Mér finnst hún hlægileg.

Að því er varðar síðan ákvæði til bráðabirgða I þá er ég sammála þeirri meginhugsun sem þar kemur fram. Hún samrýmist þeim skoðunum sem Alþfl. lagði fram í kosningabaráttunni. Við fljóta yfirferð sýnist mér sú aðferð sem þar er lögð til vera jákvæð vegna þess að hún hyglir þeim bátum sem minnstir eru. Mér sýnist það. Ég fellst á þær röksemdir.

Hv. þm. Hjálmar Árnason var sérstaklega að verja það að ísfisktogararnir fengju þetta líka sem ég tel, eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson, ekki rétta aðferð. Hann nefndi sérstaklega að það væri mikill halli á ísfisktogurunum. Það er rétt. Því er spáð að það sé 4,5% tap sem hlutfall af tekjum, en hins vegar er það svo að á bátum sem eru 21–200 brúttólestir er tapið miklu meira, það er 8,5%. Þannig að auðvitað eiga menn að reyna að einhenda sér í það að hygla bátunum á kostnað stóru togaranna, sérstaklega frystitogaranna. Það er stefna Alþfl., hún hefur komið fram. Það er líka stefna Alþfl. að þegar að því kemur að viðbótarkvóta verði úthlutað, eins og hæstv. sjútvrh. hefur lýst yfir að verði gert innan tveggja til þriggja ára, þá er það stefna okkar að það eigi alfarið að fara á bátaflotann. Þess vegna munum við líka reyna að freista samstöðu um það hér við síðari meðferð málsins að a.m.k. þorskhluta þess jöfnunarsjóðs, sem svo er kallaður og felst í 9. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða og tekur yfir 12.000 þorskígildislestir, verði líka á næstu fiskveiðiárum úthlutað til bátaflotans mögulega með þeirri aðferð sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt til í bráðabirgðaákvæði I. Ég tel líka nauðsynlegt ...(Gripið fram í.) Öllum. (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn er bara sammála öllum.) Sammála ýmsu smálegu en meginhlutann er ég ekki mjög kátur með.

Herra forseti. Ég vildi segja það líka að sú verkefnaskrá sem sjútvrh. fékk samþykkta í ríkisstjórninni felur það í sér að þar er lagt til atlögu við núv. stjórnkerfi fiskveiða. Þar er a.m.k. sagt svo — ég hef því miður ekki textann við höndina — en þar er sagt að það eigi að láta gera samanburð á mismunandi aðferðum til stjórnunar fiskveiða og í framhaldi af því eigi að móta fiskveiðistjórnun framtíðarinnar. Ég held að hæstv. sjútvrh. sé alvörugefinn maður. Hann er ekki að gabba eða narra hv. þm. Ég gef mér það að hann hafi ekki fyrir fram mótað sér afstöðu til þess hvaða niðurstaða verður úr þessum samanburði. Þess vegna er sá möguleiki opinn að þeir aðilar sem véla með þennan samanburð muni komast að þeirri niðurstöðu að aflamarkskerfið sem við búum við núna sé ekki hið besta eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur margítrekað hér í dag. Sá möguleiki er þess vegna opinn, herra forseti, að kerfinu verði sprett upp. Þetta skapar óvissu. Það væri hægt að taka til þrjú önnur atriði úr verkefnaskrá hæstv. sjútvrh. sem skapa líka óvissu fyrir kerfið. Og hvaða skoðun sem menn hafa á gildi kerfisins er það eigi að síður svo að það er nauðsynlegt að skapa sem mesta festu til þess að menn geti lagt sínar áætlanir til framtíðar. Þess vegna telur Alþfl. að það sé nauðsynlegt að setja inn í núgildandi lög um stjórn fiskveiða að heildarendurskoðun á lögunum verði lokið fyrir 1. jan. 1997.

Annað vil ég líka nefna, herra forseti. Ég hef lýst því hérna að ég tel það ekki frágangssök að auka úthlutun þorskveiðiheimilda um eitthvert lítið brot af núverandi hámarksafla sem leyfður er. Það er hins veg-

ar hæstv. sjútvrh. ómögulegt eins og lögin eru í dag. Í lögunum er tekið skýrt fram að þó að ráðherrann hafi heimild til þess að hreyfa til úthlutun heimilda í öllum tegundum þá gildir það ekki um þorsk. Hann verður að hafa lokið því fyrir 15. apríl. Þetta, herra forseti, er afskaplega umhendis, ekki síst með tilliti til þess að mat Hafrannsóknastofnunar liggur að jafnaði aldrei fyrir fyrr en í lok maí, þ.e. eftir að frestur hæstv. ráðherra er liðinn. Ég tel að það þurfi að samræma þetta tvennt. Ég bendi líka á að það eru dæmi um það úr textum og spám og ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar að þeir hafa misreiknað sig mjög gróflega til að mynda á þeim tímum þegar Grænlandsgöngur voru að koma hingað. Ég veit að vísu að það er ördeyða við Grænland núna og ekkert seiðarek héðan þangað og ekki líkur á því að göngur komi alveg í bráð en við útilokum það eigi að síður ekki. 1990 spáði Hafrannsóknastofnun að það mundu ganga tugir milljóna þorska 7 og 8 ára gamlir frá Grænlandi á Íslandsmið árið á eftir, þ.e. 1991 og 1992. Þetta brást hrapallega. Þess í stað kom Grænlendingurinn 6 ára gamall inn á Íslandsmið 1990. Ef þetta gerðist aftur þá hefði hæstv. sjútvrh. ekki möguleika á því að aðlaga eða breyta veiðiheimildum til samræmis við þetta. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að þetta ákvæði sé fellt út og líka ef það er fellt út á þessu þingi þá blasir það við að hæstv. sjútvrh. hefur lagalega stoð til þess að hnika til úthlutun þorskveiðiheimilda. Hann vill, ef það tekst sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur sagt hér, að við eigum að einhenda okkur að því að koma róðrardagakerfinu á þá kann að vera mögulegt, eins og ég sagði, að slíta út einhver 10.000 tonn af þorski til þess að fyrir þessa yfirgangsperíódu — hæstv. ráðherra hefur ekki heimild til þess nema þessi málsgrein sé numin úr lögunum.

Ég vil líka benda á það að hæstv. utanrrh. hefur sagt það í fjölmiðlum að hann telji svolítið svigrúm til þess að gera þetta og undir svolítið svigrúm mundi ég fella magn á borð við 10.000 tonn. Degi síðar en hæstv. utanrrh. nefndi þetta þá kom hæstv. sjútvrh. og sagði það alveg blákalt í fjölmiðlum og réttilega að hann gæti það ekki út af þessu ákvæði.

Þetta, herra forseti, er í stórum dráttum það sem ég kýs að leyfa þingmönnum að heyra um afstöðu mína til þessara frv. og hvað í þau vantar.

[18:32]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þm. var fyrr í dag að gera úttekt á málflutningi manna í öðrum stjórnmálaflokkum fyrir kosningar þá sakna ég þess að hann gerði úttekt á málflutningi frambjóðenda Alþfl. og vildi því rukka hann um stefnu Alþfl. borið saman við þann málflutning sem heyra mátti í Vestfjarðakjördæmi. Þar lýsti frambjóðandi þess flokks og þingmaður því yfir að stefna Alþfl. væri í fyrsta lagi: Alþfl. vill frjálsar krókaveiðar. — Ég spyr hv. þm.: Er þetta stefna Alþfl.?

Í öðru lagi lýsti þingmaðurinn og frambjóðandi því yfir að Alþfl. væri á móti kvótakerfinu. Hann vill leggja það niður og taka upp í stað kvótakerfisins veiðileyfagjald. Ég spyr hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Er þetta rétt lýsing á stefnu Alþfl.?

[18:33]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. segir að ég er vel að mér í textarýni og það er alveg sjálfsagt að ég taki mér fyrir hendur að rýna í það hvað hv. þm. Alþfl. hafa sagt fyrir kosningar, eftir kosningar o.s.frv.

Að því er varðar þessar tvær spurningar sem til mín er varpað þá er svar mitt eftirfarandi: Það er ekki rétt að það sé stefna Alþfl. að hafa krókaveiðar frjálsar. Þarna vantar einn staf upp á. Í stefnuskrá flokksins segir: Að gera krókaveiðar frjálsari. Svona er þetta nú í stefnuskrá Alþfl. og má vera það inntak sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur í fórum sínum sé eitthvað illa læsilegt. (Gripið fram í.) Ég fellst hins vegar á það, herra forseti, að þarna skiptir i-ið talsverðu.

Að því er varðar afstöðu Alþfl. til aflamarkskerfisins þá er það svo að flokkurinn hefur samþykkt ályktun sem efnislega segir það að hann geti ekki sætt sig við kvótakerfið í núverandi mynd enda sé það meingallað. Ég get ekki svarað þessu betur.

[18:35]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. svörin. Þá er það upplýst að bókstafurinn i týndist á leiðinni frá Reykjavík til Ísafjarðar. En hvað varðar afstöðuna til kvótakerfisins þá er það upplýst í sérriti Alþfl. um sjávarútvegsmál, sem ber heitið „Seglin hækka", um afstöðu flokksins á þann veg, með leyfi forseta:

„Alþýðuflokkurinn vill að veiðileyfagjaldi verði komið á í áföngum og telur að farsæl leið til þess sé að með stækkun fiskstofnanna verði viðbótarkvóta úthlutað gegn gjaldi."

Ber að skilja þetta svo að Alþfl. vilji hafa kvóta áfram og að núverandi kvótar verði gjaldfríir en stækkunin á kvótunum, sem mun verða þegar heildaraflamarkið vex, verði gegn gjaldi? Ef þetta er rétt skilið hjá mér er Alþfl. að segja að hann vilji hafa kvótakerfið.

[18:36]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson getur beitt hvaða rökfræði sem hann vill til að komast að hvaða niðurstöðu sem hann vill eins og hv. þm. hafa kynnst á undanförnum árum. Það er rétt að það er stefna Alþfl. að fara þessa leið ef við fengjum að ráða sjútvrn., sem því miður varð ekki, að koma veiðileyfagjaldinu inn í kerfið með mildum hætti. Þegar bætist við kvótann á næstu árum teljum við að þetta sé mildasta leiðin til að byrja með veiðigjaldið. Við höfum sagt sem svo að um einhvern ótilgreindan tíma verði það gert á þennan hátt. Síðar auðvitað viljum við fara þá leið að greitt verði veiðigjald fyrir allan afla sem veiddur er. Við höfum líka sagt að þetta eigi að gerast yfir langan tíma og taka mið af rekstrarafkomu greinarinnar. Hins vegar er ég sjálfur þeirrar skoðunar að hæstv. sjútvrh. ætti nú þegar í dag að ganga skrefi lengra en þessi opinbera stefna Alþfl., hann ætti þegar í dag að setja veiðigjald á frystitogara, sem eru reknir með 15–16% hagnaði, og sem nota þenna hagn-

að til að soga til sín kvóta frá bátaflotanum sem hefur m.a. leitt til þess að frystitogurum hefur fjölgað úr þremur upp í 40 á 10 árum en svokölluðum vertíðarbátum fækkað úr 420 niður í 203.

[18:38]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Hæstv. forseti. Ég mun ekki lengja umræðuna enda skilst mér að stjórnarliðar sem hafa nú ekki verið margir hér í dag hafi verið hringdir út til að ýta á hnappinn núna um hálfsjöleytið. En það verður að hafa það og vonandi fyrirgefa þeir okkur sem höfum á hinn bóginn verið í umræðunni að hún teíjist þá um nokkrar mínútur.

Ég held að það hafi verið athyglisvert sem m.a. kom fram í lokin í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að það er ekki mikið búið að ræða um almenna stöðu sjávarútvegsins og þá hluti sem þar standa yfir í umræðunni í dag. Það má svo sem telja eðlilegt að menn hafi haldið sig við efni málsins þröngt en hitt er auðvitað alveg ljóst að þær almennu aðstæður, sem eru uppi í sjávarútveginum í dag, eru með þeim hætti að ekki væri óeðlilegt að rætt væri um þær áður en þingið fer heim. Þ.e. það stendur yfir verkfall, annað verkfallið á innan við einu og hálfu ári, vegna erfiðra deilna sem uppi eru og varða kjör sjómanna og tengjast þeirri tilhögun við stjórn fiskveiða og því kerfi sem þar er við lýði sem hér er m.a. til umræðu. Þessir hlutir eru auðvitað samhangandi. Auðvitað er bullandi óánægja með margt sem er uppi í greininni og það hefur verið rifjað upp að frambjóðendur margra flokka fundu svo fyrir þrýstingi af þessum aðstæðum þegar þeir voru á ferðalögum sínum út í sínum kjördæmum að heyja kosningabaráttu sína að þeir gripu til ýmissa ráða í því sambandi, smíðuðu sínar eigin sjávarútvegsstefnur, fóru með ýmiss konar yfirboðum og gylliboðum til þess að reyna að afla sér stuðnings og fylgis. Þó það sé verið að lenda þeim málum með einhverjum tilteknum hætti hér hverfa ekki hinar efnislegu aðstæður sem sköpuðu þetta ástand. Óánægjan er enn þá fyrir hendi og þær aðstæður sem kölluðu á umræðuna.

Hér hefur verið minnt á framgöngu hv. þm. Framsfl., sem nú eru orðnir á Reykjanesi. Hér hefur verið rifjaður upp málflutningur hv. þm. Sjálfstfl. eða frambjóðenda þeirra á Vestfjörðum. Og þó seint væri var minnt á að Alþfl. hefur líka stundum talað með sérstökum hætti um sjávarútvegsmál þegar dregur að kosningum. Hér var minnst á málflutning frambjóðanda Alþfl. á Vestf. við síðustu kosningar, hæstv. þáv. ráðherra Sighvats Björgvinssonar. Ég hygg nú að málflutningur hans fyrir næstsíðustu kosningar hafi orðið enn frægari að endemum. Þá sagði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson að hann mundi aldrei styðja ríkisstjórn sem ætlaði að byggja á óbreyttu aflamarkskerfi og settist svo í eina slíka sjálfur. (**EKG:** Á aflamarkskerfi.) Á aflamarkskerfi bara yfir höfuð. Settist svo í eina sjálfur og sat í henni í fjögur ár eins og ekkert væri sjálfsagðara. Þannig hafa nú hlutirnir gengið fyrir sig þegar farið er yfir orð og efndir og samræmi þeirra hluta í málflutningi manna.

Þess vegna spurði ég um það fyrr í umræðunni og ég vil ítreka þá spurningu áður en hæstv. sjútvrh. svarar hér hvað líði þeirri heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða og skipulag þessara mála sem þó er gefið í skyn að fara eigi í á kjörtímabilinu í stjórnarsáttmálanum. Einn af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, hv. 3. þm. Vestf., hefur boðað að það bíði haustsins. Ég vil þá gjarnan fá það staðfest frá hæstv. sjútvrh. að sett verði af stað í sumar eða með haustinu í síðasta lagi, hvernig sem það ber nú að skilja, einhvert ferli sem á að leiða til heildarendurskoðunar löggjafar um málefni sjávarútvegsins. Er það sem sagt það sem þetta orðalag þýðir? Þá vil ég gjarnan vita a.m.k. áður en þingið lýkur störfum hvernig núv. ríkisstjórn hyggst standa að slíkri vinnu. Er þess að vænta að sömu vinnubrögðum verði þá beitt og var á síðasta kjörtímabili? Það var eins og kunnugt er þannig að þá var stjórnarandstaðan útilokuð frá því að eiga aðild að þeim málum og hin fræga tvíhöfða nefnd var skipuð með fulltrúum stjórnarflokkanna einna. Ég spyr vegna þess að mér finnst það skipta máli þegar við erum að hefja vinnu á nýju kjörtímabili á þessu sviði og í þessum málaflokki. Ég tel að það hafi verið mikið ógæfuverk sem þá var framið þegar brotin var alllöng hefð sem fyrir því var að fulltrúar allra þingflokka höfðu á undangengnum kjörtímabilum átt aðild að vinnu af þessu tagi þegar. Þegar fiskveiðilöggjöfin var til meðferðar og endurskoðunar á fyrri kjörtímabilum, þ.e. öðrum en því síðasta, var það jafnan svo að tiltölulega stór og breið a.m.k. samráðsnefnd var fyrir hendi þar sem allir flokkar áttu aðild að málinu. Ég óska því eftir því að hæstv. sjútvrh. upplýsi okkur um það hvað er fyrirhugað í þessum efnum, annars vegar varðandi heildarendurskoðun og stefnumótun og hins vegar hvort um einhverja aðild stjórnarandstöðunnar verði að ræða að því starfi.

Hér hafa menn farið dálítið í síðari hluta umræðunnar út í umræður um aflamarkskerfið yfirleitt og hvort það eigi rétt á sér eða eitthvað annað eigi að taka við. Ég hef ekki valið þetta tækifæri til að blanda mér í þá umræðu enda kannski heppilegra að nota tímann til að ræða efnisatriði þessa máls sérstaklega ef hitt bíður viðtækari endurskoðunar. Staðreyndin er sú að við erum búin að búa við þetta aflamarkskerfi í bráðum 12 ár og það er ekkert fararsnið á því. Öllum er held ég ljóst sem horfa á það mál af raunsæi að í öllu falli yrði því ekki kippt burtu í einu vetfangi. Þótt menn teldu sig hafa fundið hið eina rétta fyrirkomulag sem ætti að taka við þá yrði væntanlega ekki hægt að gera slíkar grundvallarbreytingar nema á einhverjum tilteknum alllöngum tíma og með ríflegri aðlögun að löggjöf og starfsgrundvelli heillar atvinnugreinar sem búin er að vera með tilteknum hætti í 12 ár.

Hitt finnst mér áhugaverðara og skipta meira máli varðandi afgreiðslu þessa máls að það verði fyrir hendi vilji til að líta á þá þætti sem hér hafa sérstaklega verið gerðir að umtalsefni í dag. Ég tel að í umræðunni hafi kristallast að það eru nokkur atriði þessa máls, nokkur framkvæmdaatriði, ekki endilega efnisatriði, sem nauðsynlegt er að skoða betur. Ég nefni þar í fyrsta lagi þessar nýju og hertu reglur um úreldingar-

kröfur varðandi smábáta. Hér hefur berlega komið í ljós í umræðunni að það er mjög umdeilanlegt atriði hvort ganga eigi jafnlangt í þeim efnum og hér er lagt til. Ég nefni í öðru lagi útfærslu á róðrardagakerfinu. Það hefur komið fram hjá talsmönnum bæði stjórnar og stjórnarandstöðu ríkur vilji til þess að reyna að ganga lengra í því efni og lögfesta slíkt fyrirkomulag og hafa þá frekar aðlögunartímann eða ákvæði til bráðabirgða á þann veginn að gildistöku þess megi fresta ef menn telji að ekki séu fullnægjandi forsendur fyrir hendi til að láta það taka gildi á komandi hausti.

Ég nefni í þriðja lagi meðferð þeirra veiðiheimilda sem samkvæmt frv. eru 500 tonn sem settar verði til hliðar í sérstakan pott til byggðaaðgerða eða stuðnings byggðarlögum sem eru sérstaklega og algjörlega háð veiðum báta. Þessa þætti og nokkra fleiri tel ég miklu máli skipta að vilji verði fyrir hendi til að skoða. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. sé tilbúinn til þess að standa að slíku fyrir sitt leyti, að þetta sé ekki eitthvað sem menn verða að afgreiða óbreytt eða án þess að mega a.m.k. velta fyrir sér mögulegum öðrum útfærslum á einstökum þáttum sem betur mættu fara. Að hluta til hafa menn í umræðunni verið í tiltölulega jákvæðri gagnrýni eða umfjöllun um málið með því hugarfari að það megi þó í öllu falli bæta hvað sem mönnum sýnist um það að öðru leyti og mönnum sýnist svo sem sitt hvað eins og hér hefur komið fram. En hitt hlýtur að vera sameiginlegt keppikefli okkar og viðfangsefni að það verði þó eins vel úr garði gert og forsendur eru til að það geti orðið miðað við þær aðstæður sem við erum stödd í og þann skamma tíma sem er til stefnu til að vinna málið.

[18:48]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Ég byrja á að þakka þær málefnalegu og ágætu umræður sem hér hafa farið fram í dag. Auðvitað er það svo að ekki er óeðlilegt að ýmis sjónarmið komi fram þegar svo vandasöm og viðkvæm úrlausnarefni eru til meðferðar eins og hér er verið að fjalla um og ekki síst í því ljósi að hér er einnig verið að fjalla um málefni sem snúa að miklum hagsmunum. Þess vegna gefur auga leið að margvísleg sjónarmið geta komið fram þegar leita þarf úrlausnar um lagfæringar af því tagi sem við fjöllum um hér í dag.

Umræðan hefur verið jákvæð að því leyti að ég held að langflestir þeir sem hér hafa talað séu því meðmæltir að gera hér á ákveðnar breytingar til úrbóta. Mér sýnist þó að skiptar skoðanir geti verið um sumt að í meginatriðum telji menn nauðsynlegt á þessu stigi að taka á þeim úrlausnarefnum sem frumvörpin, sem hér eru til umfjöllunar, taka til.

Varðandi fyrirspurn hv. 4. þm. Norðurl. e. um endurskoðun fiskveiðistjórnunarlaganna er rétt að minna á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er skýrt tekið fram að fiskveiðistefnan byggir að mestu á aflamarkskerfi og þar er skírskotað til þess að við búum við þær aðstæður í dag að aflamarkskerfið ræður að stærstum hluta en að því er varðar hluta smábátanna gilda aðrar reglur og engin áform uppi um að gera þar grundvallarbreytingar á. Síðan er tekið fram í starfsáætlun sjútvrn. að áformað er að framkvæma mat á kostum þeim sem koma til greina við stjórnun fiskveiða og gera hagkvæmniathuganir þar á. Ég lít svo á að það sé eitt af viðamestu verkefnum okkar á hverjum tíma að stunda jafnan hagkvæmnirannsóknir á aðferðum við fiskveiðar. Það er álíka mikilvægt og að stunda líffræðirannsóknir sem eru grundvöllur stjórnkerfisins. Og þegar við höfum afgreitt þau mál sem hér eru til umfjöllunar verður það eitt af fyrstu verkum ráðuneytisins að undirbúa þetta starf. Ég vænti þess að þar geti komið að verki fulltrúar hinna ólíku hagsmunaaðila í sjávarútvegi og stjórnmálaflokka.

Hv. 4. þm. Austurl. vék að því í ræðu sinni að það kynni að vera vandasamt og erfitt fyrir þá sjómenn sem eiga hlut að máli að velja á milli þaks í þorskveiðum eða fjölgunar banndaga eða róðrardagakerfis. Vissulega kann það að vera svo en á hinn bóginn er auðvitað ljóst að engir eru betur til þess fallnir en sjómennirnir sjálfir að taka ákvarðanir hér um. Ég tek undir það með hv. 3. þm. Vestf. að í þessu efni er engir góðir kostir til. Við erum að fjalla um úrlausnarefni í talsvert miklum þrengingum og engar einfaldar lausnir eru til í þessu efni. Þegar menn standa frammi fyrir tveimur meginkostum til úrlausnar er ekki óeðlilegt að gefa sjómönnunum sjálfum kost á að velja því það getur auðvita verið misjafnt hvað hentar hverjum og einum best í því efni og ekki víst að ein allsherjarlausn sé hin eina rétta.

Hv. 4. þm. Austurl. vék að endurnýjunarreglunum og það gerði einnig hv. 15. þm. Reykv. Í máli beggja kom fram að þeir töldu að of langt væri gengið varðandi kröfur um endurnýjun. Auðvitað er það svo að hér getur alltaf verið um matsatriði að ræða. Ég tek þó undir með hv. 1. þm. Vestf. að þessar reglur eru hluti af þeirri viðleitni að skapa betra lífsrými fyrir þá sem krókaveiðar hafa stundað og hafa haft af því lífsviðurværi og markmiðið er auðvitað fyrst og fremst að verja stöðu þeirra. Frá mínum bæjardyrum séð eru þessar reglur fyrir sóknarveiði eðlilegar.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. spurði um yfirlýsingar í verkefnaáætluninni um skoðun á sveiflujöfnun í sjávarútveginum. Ég minni aðeins á í því tilefni að núgildandi lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins eru enn í gildi þótt þau hafi verið gerð óvirk þangað til þorskstofninn nær aftur 250.000 lesta veiðimarki. Því er nauðsynlegt að huga að því hvað á að taka við þegar þar að kemur.

Enn fremur tek ég fram vegna þeirrar umfjöllunar, sem hefur orðið, og komið fram í máli flestra þeirra sem er hafa talað um róðrardagana að það er ætlun ráðuneytisins að hraða þeirri vinnu svo sem frekast er kostur og ég vona að við náum þeim breytingum fram sem allra fyrst. En við viljum auðvitað tryggja að þær geti gengið fram á þann veg að þær skapi eðlilega festu og tryggi að það eftirlit sem er nauðsynlegt með þessum veiðum eins og öðrum geti farið fram með skýrum og skilvirkum hætti.

Ég ætla ekki hér, herra forseti, að gera að umtalsefni ræðu hv. 9. þm. Reykv. Í ræðu hans kom fram fjölmargt varðandi fiskveiðistjórnunarkerfið og þau

sjónarmið sem liggja þar að baki og væri ástæða til að ræða ítarlega en hv. þm. er ekki viðstaddur nú við lok umræðunnar þannig að ég vona að okkur gefist tími til að ræða þau álitaefni síðar. Ég ítreka þakklæti mitt til hv. þm. sem hafa talað fyrir málefnalega umræðu og veit að bæði málin fá vandaða meðferð hjá hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 1. umr.*

Stjfrv., 30. mál (vettvangsathugun eftirlitsmanna EFTA). — Þskj. 34.

[18:55]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Hér er um að ræða efnisbreytingu á lögum um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra þar sem gert er ráð fyrir því að eftirlitsmönnum eftirlitsstofnunar EFTA verði heimilt í samvinnu við Fiskistofu og í fylgd starfsmanna hennar að gera vettvangsathugun hjá þeim aðilum sem fengið hafa vinnsluleyfi frá Fiskistofu. Þetta er í samræmi við samningsskuldbindingar okkar í EES-samningnum og gert í þeim tilgangi að viðkomandi aðilar geti sannreynt að uppfyllt séu þau skilyrði laga og reglna sem sett hafa verið með stoð í þeim samningi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 28. mál (veiðar krókabáta o.fl.). — Þskj. 32.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

### *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 29. mál (gjaldskylda krókabáta o.fl.). — Þskj. 33.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 19:01.

# 14. FUNDUR

miðvikudaginn 7. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Lyfjalög, stjfrv., 31. mál, þskj. 35. — 1. umr.
2. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 11. mál, þskj. 11. — Frh. 1. umr.
3. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

**Útbýting þingskjala:**

Framleiðsla og sala á búvörum, 36. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 40.

Græn ferðamennska, 35. mál, þáltill. ÁRJ, þskj. 39.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá hreppsnefnd Suðureyrarhrepps.

## *Varamaður tekur þingsæti.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 7. júní 1995:

„Þar sem Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi, Guðrún Helgadóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Svavar Gestsson, formaður þingflokks Alþb."

Guðrún Helgadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi, kjörbréf hennar verið samþykkt. Ég býð hana velkomna til starfa á Alþingi á ný.

## *Tilhögun þingfunda.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Um þinghaldið í dag og næstu daga vill forseti taka það fram að hann átti fund með formönnum þingflokka nú í hádeginu. Á grundvelli umræðna þar mun forseti senda formönnum þingflokka nótu um framhald þinghaldsins og fyrirkomulag áður en þingflokksfundir hefjast kl. 4 í dag þar sem megindrættir í störfum þingsins fram að þingfrestun koma fram.

Varðandi þinghald í dag og á morgun vill forseti geta þess að þingfundur í dag mun standa til kl. 4. Þó gæti komið til þess að fundinum yrði frestað kl. 4, á þingflokksfundatíma, til kl. 7, en þá aðeins til þess að útbýta þingskjölum.

Reiknað er með að þingfundur á morgun hefjist ekki fyrr en kl. 13.30 sem er óvenjulegt á fimmtudegi, en það er gert til þess að gefa þingnefndum rýmri tíma til starfa. Þetta er í góðu samkomulagi við formenn þingflokka.

## *Athugasemd um 54. gr. þingskapa.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka þetta fram af marggefnu tilefni:

Í 54. gr. þingskapa, 4. málslið, segir:

„Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann."

Svo mörg eru þau orð. Þeim er ekki aðeins beint til nýkjörinna alþingismanna, heldur ýmissa þeirra sem þetta mega vita af reynslu sinni sem of oft í seinni tíð beina máli sínu til einstakra þingmanna, t.d. með því að segja: „Þetta átt þú að vita, hv. þm." eða: „Ég vil segja við þig, hæstv. ráðherra," o.s.frv. svo að ég taki dæmi. Með orðalagi af þessu tagi er verið að brjóta þingsköp.

Þetta ákvæði þingskapa er ævagamalt. Það var sett í því skyni að tryggja að gott svipmót væri á umræðum á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Forseti væntir þess að þingmenn hafi þetta í huga framvegis og fari að þingsköpum í þessu efni. Því er þetta rifjað upp hér og nú.

## *Lyfjalög, 1. umr.*

Stjfrv., 31. mál (gildistaka ákvæða um lyfjaverð o.fl.). — Þskj. 35.

[13:36]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum. Ekki þarf að hafa langan formála vegna þessa frv. Í lok 117. löggjafarþings voru samþykkt ný lyfjalög. Ákveðið var þá að fresta gildistöku tveggja kafla laganna til 1. nóv. 1995, svo að tóm gæfist til að meta áhrif verulegra breytinga sem gerðar voru á fyrirkomulagi lyfjadreifingar hér í landi með þessum nýju lögum. Þessar breytingar áttu að mestu leyti rætur að

rekja til skuldbindinga samkvæmt EES-samningnum.

Þeir kaflar sem ákveðið var að fresta gildistöku á voru annars vegar VII. kafli laganna, um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi, og hins vegar XIV. kafli laganna, um lyfjaverð.

Eins og hv. þm. muna voru skiptar skoðanir hér á Alþingi um það nýja fyrirkomulag varðandi lyfjadreifingu annars vegar og lyfjaverð hins vegar sem hin nýju lög gerðu ráð fyrir. Þess vegna var til málamiðlunar ákveðið að fresta gildistöku umræddra tveggja kafla til að tóm gæfist til að meta að öðru leyti áhrif framkvæmda vegna breytinga út af EES-samningnum. Í þeim tilgangi skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd hinn 29. júlí 1994, sem í eiga sæti fulltrúar allra þingflokka. Nefndinni var ætlað að skila ráðherra skýrslu fyrir 1. sept. 1995. Hinn 26. apríl sl. óskaði ég eftir því við nefndina að hún hraðaði störfum og skilaði skýrslu um stöðu mála fyrir 1. júlí 1995. Meiri hluti nefndarinnar hefur tjáð mér að hann telji að áhrifa lyfjalaganna sé ekki enn farið að gæta í þeim mæli að hægt sé að meta þau. Ástæða þess er m.a. sú að dregist hefur að setja ýmsar reglugerðir sem fylgja áttu lögunum um nánari útfærslu á framkvæmd. Þessi dráttur stafar m.a. af því að vinna við undirbúning þessara reglugerða var mun umfangsmeiri og tímafrekari en ráðgert var í fyrstu. Það er mat meiri hluta nefndarinnar að áhrifa nýrra lyfjalaga og EES-samningsins á lyfjanotkun og lyfjakostnað almennings og hins opinbera hér á landi fari fyrst að gæta að einhverju marki á næsta ári. Ég tel rétt að gildistöku margnefndra tveggja kafla laganna um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi og um lyfjaverð verði frestað um átta mánuði eða til 1. júlí 1996. Ég legg því fram þetta frv. sem hér er til umræðu um að breyta dagsetningu á gildistökuákvæða lyfjalaga og í ákvæðum til bráðabirgða úr 1. nóv. 1995 í 1. júlí 1996.

Í a-lið 2. gr. er dagsetningunni 1. júní 1995 breytt í 1. júlí 1996. Hér er í raun um leiðréttingu að ræða því í meðförum Alþingis þegar frestun umræddra kafla var samþykkt láðist að leiðrétta þessa dagsetningu til samræmis.

Ég get ekki skilið við þetta mál öðruvísi en að fara nokkrum orðum um kostnaðarmat fjmrn. Þar er minnst á 100 millj. kr. sparnað sem talað var um að yrði að ná á árunum 1995 vegna nýrra lyfjalaga. Þessi sparnaður er alls óviss enda varð niðurstaðan sú að við lokaafgreiðslu fjárlaga 1995 var fallið frá því að ná sparnaði í lyfjakostnaði með þessum aðgerðum. Í lokamálsgrein kostnaðarmatsins er því haldið fram að ef frv. verði að lögum sé líklegt að ekki náist fram frekari lækkun á álagningu lyfja í smásölu nema stjórnvöld beiti sér til þess með öðrum aðgerðum.

Í þeim köflum sem hér er enn frestað gildistöku á eru engin ákvæði sem hafa áhrif á lækkun álagningar lyfja í smásölu. Samþykkt þessa frv. mun því í engu breyta um þetta atriði.

Ég vil á hinn bóginn láta koma fram að í undirbúningi eru í heilbr.- og trn. mikilvægar aðgerðir til að stemma stigu við sívaxandi lyfjaútgjöldum. Þessar aðgerðir eru sérstaklega mikilvægar fyrir sjúklinga því að þær geta lækkað lyfjaútgjöld sjúklinga um helming meira en þær lækka lyfjaútgjöld sjúkratrygginga. Hér er því um mikilsverða aðgerð að ræða til að létta undir með sjúklingum með háan lyfjakostnað.

Virðulegi forseti. Ég læt hér með lokið umfjöllun minni um frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, og leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. afgreitt til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[13:41]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég taldi að það væri vilji ríkisstjórnarinnar að reyna að greiða fyrir þingstörfum eins og hægt væri. Ég verð hins vegar að segja að ég tel ekki að það sé mikil fyrirgreiðsla við þingið að koma hér inn með mál sem vitað er að deilur munu spinnast um og ágreiningur ríkja um. Og koma með þessi mál á þeim dögum sem við a.m.k. vildum halda að væru síðustu dagar þessa skamma vorþings.

Herra forseti. Ég hlustaði mjög grannt eftir ræðu hæstv. heilbrrh. til þess að reyna að finna rökin fyrir þessari frestun. Ég hafði líka lesið mjög grannt athugasemdirnar við lagafrv. sem raunar voru uppistaðan í þeim texta sem hæstv. heilbrrh. fór hér með. En mér er fyrirmunað að finna rökin fyrir henni.

Hæstv. heilbrrh. vísaði til hinnar þverpólitísku nefndar sem sett var á laggir til þess að fylgjast með áhrifum lyfjalaganna sem samþykkt voru á sínum tíma. Þar kom fram að meiri hluti nefndarinnar telur að áhrif laganna muni ekki að fullu koma fram fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári. Það kom hins vegar ekki fram í máli hæstv. ráðherra að nefndin hefði lagt til að þær breytingar yrðu gerðar á gildistöku laganna sem lagt er til í 2. gr. frv. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Er það samkvæmt tilmælum þeirrar lyfjanefndar sem hún vísaði til að þetta frv. er lagt fram? Sannast sagna finn ég ekki rök fyrir því að fresta þeim tveimur köflum sem vísað er til í 2. gr. frv. sem fyrir liggur.

Um hvað fjalla þessi frumvörp, herra forseti? Í fyrsta lagi er verið að afnema í þeim lögum sem nú eru í gildi löngu úrelt skömmtunarkerfi á lyfsöluleyfum og í öðru lagi er verið að auka frelsi í verðlagningu á lyfjum. Það dylst því engum, herra forseti, að með samþykkt þessa frv. er verið að snúa af braut sparnaðar varðandi kostnað lyfja. Það vekur eftirtekt mína, herra forseti, að þegar ég les greinargerð fjmrn. með þessu frv., þá virðist sem fjmrn. sé í rauninni andsnúið innihaldi frv. og telji að það sé ekki líklegt til annars heldur en að hækka kostnað vegna lyfja. Þannig segir, með leyfi forseta, í fylgiskjali sem hefur að geyma umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. svohljóðandi: „Ef frv. verður að lögum er líklegt að ekki náist fram frekari lækkun á álagningu lyfja í smásölu nema stjórnvöld beiti til þess öðrum aðgerðum."

Það liggur alveg ljóst fyrir að þegar menn lögðu þessa breytingu til sem var samþykkt með lyfjalögunum á sínum tíma, þá var verið að reyna að auka og örva samkeppni og efla þannig annars vegar þjónustu og hins vegar að lækka álagningu á smásölunni. Og það eru engin rök sem hafa komið fram og alls ekki í

máli hæstv. ráðherra eða í greinargerðinni sem fylgir frv. sem rökstyðja að nú eigi enn að fresta um átta mánuði gildistöku þeirra tveggja kafla sem frv. fjallar um.

Um hvað fjalla þessir kaflar? VII. kafli gildandi laga felur það í sér að forsetaleyfi til lyfjasölu er afnumið og það eru sett ákveðin skilyrði þeim sem vilja fá leyfi til lyfsölu. Þessi skilyrði voru mjög ströng og ég tel að þau hafi hvívetna gætt hagsmuna neytenda. Þau fólu í aðalatriðum í sér að umsækjandi þarf að hafa menntun á sviði lyfjafræði, hann þarf að hafa verslunarleyfi eða samning við aðila sem hefur slíkt leyfi. Jafnframt var gert að skilyrði fyrir veitingu leyfisins að viðkomandi umsækjandi hefði þriggja ára starfsreynslu en þó er vert að geta þess að það var heimild til ráðherra að víkja frá starfsreynsluskilyrðinu ef sérstaklega stóð á og almannahagsmunir voru taldir kalla á það til að mynda í smærri byggðarlögum þar sem lyfsala var ekki fyrir hendi. Þá var líka í lögunum gert ráð fyrir því að samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins þyrfti að liggja fyrir áður en starfsemi lyfjabúðar hæfist og með því var auðvitað verið að tryggja að í hvívetna væri rétt staðið að bæði rekstri og búnaði verslunarinnar. Vert er að ítreka að það komi líka fram að í kaflanum er kveðið á um heimild til ráðherrans til að takmarka fjölda lyfjabúða í heilsugæsluumdæmum þar sem fjöldi íbúa var undir 5.000 svo fremi sem ástæða þætti til að ætla að ný lyfjabúð til viðbótar þeirrar sem fyrir var kæmi í veg fyrir að viðunandi lyfjaþjónustu yrði upp haldið. Ég tel þess vegna að lögin hafi verið góð eins og þau voru samþykkt. Þau hafi verið framhald á stefnu fyrri ríkisstjórnar um að hverfa frá braut miðstýringar, frá braut hafta yfir í aukið frelsi. Ég tel að samhliða hafi þetta þjónað þeim tilgangi að lækka kostnað þeirra sem þurfa lyfja með og lækka kostnað ríkisins af lyfjum líka. Ég verð að segja að ég skil ekki að hæstv. heilbrrh. sem æ ofan í æ hefur talað um nauðsyn þess að gæta aðhalds í rekstri heilbrigðiskerfisins skuli koma með þetta frv. Ég bið um rökin. Það er ekki nóg fyrir mig að flutt séu þau rök að ólíklegt sé að áhrif lyfjalaganna komi að fullu fram fyrr en á næsta ári. Það eru engin rök. Ég tæki mark á því ef hin þverpólitíska lyfjanefnd teldi þetta nauðsynlegt en ekki kom fram í máli hæstv. ráðherra að hún gerði það og þess vegna er eftir því spurt hvort hún hafi gert það.

Þá er líka vert að nefna, herra forseti, að miklar deilur spunnust um frv. á sínum tíma. Það náðist sátt um það og sáttin lá ekki síst í þeirri staðreynd að það varð samþykki heilbr.- og trn. á sínum tíma að setja gildistöku þessara tveggja kafla við 1. nóv. á þessu ári. Það er alveg ljóst af samtölum við þá sem koma nálægt lyfjaverslun að þeir eru þeirrar skoðunar að frestur til 1. nóv. sé ærið nógur fyrir þá til þess að undirbúa sig og aðlaga þessum breytingum. Ég á líka mjög erfitt með að skilja hvernig hv. þm. Sjálfstfl. geta tekið þátt í að samþykkja svona vegna þess að þetta er augljóslega í andstöðu við stefnu Sjálfstfl., sem a.m.k. í orði kallar sig málsvara frjálslyndis í viðskiptaháttum. Ég skil ekki, herra forseti, hvernig þeir geta stutt þetta. Er það kannski svo að hið nýja andlit Framsóknar, sem dylur auðvitað ekkert annað en gamla afturhaldið þegar kemur að viðskiptum í landinu, er nú að gægjast fram og er að breiða sig líka yfir andlit Sjálfstfl. Mér er raun að því að horfa upp á góða drengi og góðar konur samþykkja svona hluti.

Herra forseti. Það er eitt af hlutverkum stjórnmálamanna sem setja leikreglur, m.a. ákveðinn ramma fyrir atvinnulífið í landinu, að skapa stöðugleika í því umhverfi sem einstaklingar og fyrirtæki starfa í. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að flestir þeir sem hafa starfað að lyfjaverslun í landinu hafa þegar hafið undirbúning að breytingum starfshátta sinna til samræmis við þær breytingar sem voru gerðar með samþykkt lyfjalaganna 1994. Menn hafa verið að breyta fyrirtækjunum yfir í hlutafélög, menn hafa jafnvel lagt í ærinn kostnað við breytingar á fyrirtækjunum, keypt hús, breytt innréttingum. Ég held því að það sé alveg ljóst að þetta skapar óvissu fyrir starfsemi þessara fyrirtækja. En það sem mestu skiptir er að ég fæ ekki séð að þetta þjóni hagsmunum neytenda og ég fæ heldur ekki séð að þetta þjóni hagsmunum ríkisins. Eins og kemur glögglega fram í áliti fjmrn. mun þetta ekki leiða til lækkunar á lyfjakostnaði eins og menn höfðu þó gert sér vonir um.

[13:50]

**Ásta R. Jóhannesdóttir:**

Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lyfjalögum felur aðeins í sér frestun á gildistöku tveggja kafla laganna, VII. kafla um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfa, þ.e. ný regla um úthlutun lyfsöluleyfa og XIV. kafla um lyfjaverð og frjálsa verðlagningu á lyfjum.

Breytingin á lyfjalögunum var gerð vegna skuldbindinga sem Íslendingar undirgengust með EES-samningnum. Ákveðið var að fresta gildistöku þessara laga til 1. nóv. 1995 á síðasta þingi þar sem ástæða þótti til að kanna ýmis áhrif breytinganna á lyfjalögunum. Ástæða þótti til að kanna hvaða áhrif þau ákvæði, sem komu ný inn í lyfjalögin, hefðu svo sem auglýsingar. Nefnd er að störfum í heilbrrn. til að fylgjast með áhrifum breytinganna á lyfjaverð til einstaklinga og lyfjakostnaði hins opinbera. Einnig þarf að kanna hvort breytingarnar hafa áhrif á lyfjanotkun Íslendinga og um leið heildarútgjöld Tryggingastofnunar vegna lyfja. Reglugerð og breytingar á gildandi reglugerðum eru að koma út núna þessa dagana og því ekki unnt að sjá fyrr en að einhverjum mánuðum liðnum hvaða áhrif þessar breytingar muni hafa. Þar má t.d. nefna að reglugerð um lyfjaauglýsingar var undirrituð á föstudaginn var, 2. júní, þannig að áhrifa hennar fer ekki að gæta fyrr en eftir nokkra mánuði og er augsýnilega ekki komin í ljós.

Hæstv. heilbrrh. og samflokksmenn hennar höfðu ýmislegt við lögin að athuga þegar þau voru til umræðu hér á síðasta þingi. Ég tel að það þurfi að skoða ýmsa þætti í þeim köflum, sem við frestum nú gildistöku á, og ég treysti því að hæstv. heilbrrh. noti frestinn á gildistökunni til að athuga betur lagatextann í þeim köflum sem verið er að fresta gildistöku á með frv. Ég tek undir það álit nefndarinnar sem kannar

áhrif nýju lyfjalaganna að áhrifa þeirra og EES-samningsins á lyfjakostnað og lyfjanotkun fari ekki að gæta að neinu marki fyrr en á næsta ári eða jafnvel síðar og þess vegna get ég vel fallist á þessa frestun á gildistökunni.

Aftur á móti vildi ég gjarnan fá upplýsingar um það svona til fróðleiks hvort frekari frestun á þessum köflum hefur útgjaldaaukningu í för með sér fyrir Tryggingastofnun ríkisins miðað við áætluð útgjöld hennar til lyfja. Ef svo er, hversu mikill er sá aukni kostnaður?

[13:53]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil halda því til haga við umræðuna að við sem skipuðum stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili gagnrýndum mjög harðlega þær breytingar sem þá voru gerðar á lyfjalögunum. Það er ekki rétt sem fram kom hér í máli hv. 15. þm. Reykv. að einhver sátt hefði náðst um málið. Það tókst sátt um að fresta gildistöku ákveðinna kafla en það þýddi ekki að við sem þá vorum í stjórnarandstöðu værum sátt við málið heldur var allt reynt til að fá þáv. stjórnarflokka til að sýna einhverja örlitla visku í málinu. Breytingarnar voru gagnrýndar mjög harðlega af lyfsölum og ekki síst vegna lyfjaverslunar úti á landi. Við verðum að gæta þess í þessu samhengi að lyf eru ekki eins og hver önnur vara þó auðvitað þurfi að reyna að ná niður verði á þeim og gera lyfjaverslun sem hagkvæmasta. Við samþykktum þessa frestun á síðasta kjörtímabili og ég get ekki annað en tekið undir það sjónarmið að nýr heilbrrh. fái að skoða málið betur. Hún var einn af helstu andstæðingum þessara breytinga á síðasta kjörtímabili og mér finnst mjög eðlilegt að hún fái tíma til að skoða málið og jafnframt nýtt Alþingi. Þess vegna lýsi ég yfir stuðningi við þetta frv.

Það kom fram að menn hafa auðvitað ekki gert sér fulla grein fyrir hvaða afleiðingar þær breytingar, sem gerðar voru á lyfjalögunum, hafa þegar haft. Það þarf að skýrast. En við erum bundin af EES-samningnum og þurfum að gera ákveðnar breytingar en það er auðvitað skylda okkar að framkvæma þær eins mjúklega og hægt er þannig að þær komi t.d. ekki niður á lyfjaverslun úti á landsbyggðinni eins og menn óttuðust mjög og sáu reyndar ekki hvernig í ósköpunum ættu yfirleitt að standast þar til frambúðar með aukinni samkeppni og hugsanlega þeim möguleika að lyfjaverslun færðist inn í almennar verslanir.

Hæstv. forseti. Ég er reiðubúin til að styðja það að hæstv. heilbrrh. fái tíma til að skoða málið nánar.

[13:56]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég fagna alveg sérstaklega því frv. sem er til umræðu vegna þess að það er í fullu samræmi við það álit sem kom frá minni hluta heilbr.- og trn. á síðasta þingi þar sem núv. hæstv. heilbrrh. átti hlut að máli og var þá í stjórnarandstöðu ásamt okkur nokkrum öðrum í þáv. stjórnarandstöðuflokkum. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. ráðherra skuli vera sjálfum sér samkvæmur og flytja frv. sem er nákvæmlega í anda þeirra skoðana sem hæstv. ráðherra lýsti þá.

Það er rangt að það hafi náðst um þetta mál samstaða eða sátt. Reynt var á sínum tíma að ná samningum einmitt um það að fresta gildistökunni eins lengi og þetta frv. kveður á um en það náðist ekki fram. Hins vegar var sú nefnd, sem hér hefur verið nefnd á nafn, sett á laggirnar til að skoða hvaða áhrif þessar breytingar á lyfjalögum mundu hafa. Sú nefnd hefur ekki lokið störfum og ekki er heldur búið að setja ýmsar þær reglugerðir sem átti að setja í framhaldi af því að lyfjalögin voru samþykkt á sínum tíma. Ég mæli eindregið með því að frv. fái fljóta og jákvæða afgreiðslu því að eins og ég segi vöruðum við í stjórnarandstöðunni sem þá var við því að lögin tækju gildi án þess að nokkur athugun hefði farið fram á því hvað breytingarnar á lyfjalögunum þýddu í raun og veru. Þar voru mjög margir óvissuþættir sem hafa ekki enn fengist svör við þannig að ég fagna sérstaklega þessu frv. hæstv. ráðherra.

[13:58]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):**

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir ágætar umræður um þetta stutta mál sem ég lagði fram og ég vona að það lengi ekki tímann á hinu háa Alþingi þó einu máli sé frestað um átta mánuði sem mikill ágreiningur var um á sínum tíma. Hv. formaður heilbr.- og trn. hefur nú vissar efasemdir um málið og spurði spurningar varðandi þá þverpólitísku nefnd sem átti að fylgjast með áhrifum EES-samningsins á lyfjamálin og spurði hvort það væri hún sem hefði þau áhrif að ég mundi fresta þessu máli. Meðal annars er það álit nefndarinnar og ég vil upplýsa hv. formann heilbr.- og trn. sem er nú hvergi nálægur og langar kannski ekkert að hlýða á það hvers vegna þessu máli er frestað enda get ég komið þeim upplýsingum til hans hvenær sem er. Hann er ekki í þingsalnum eins og er. En málið er það að EES-samningurinn varðandi lyfjamálin var miklu umfangsmeiri en við var búist. Það þurfa að koma til níu nýjar reglugerðir til þess að fullnægja samningnum. Það eru ekki komnar fram nema ein af þessum níu.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur áðan er það reglugerð um auglýsingar og kynningu á lyfjum og var einmitt rædd mjög mikið á sínum tíma því að við teljum að aukið frelsi til auglýsinga á lyfjum kunni að geta aukið lyfjaneyslu. Á sama tíma og við erum að auglýsa lyf erum við að opna fleiri lyfjaverslanir sem enn og aftur auka neyslu lyfja. Þetta er samhengið í málinu og þetta er það sem við ætlum að skoða þessa átta mánuði þar til lögin taka gildi. Það kann vel að vera að frv. muni taka einhverjum breytingum á þeim tíma en það mun koma í ljós eftir því sem dagarnir líða og áhrif EES-samningsins gera vart við sig.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurði hvort þetta mundi hafa aukin útgjöld í för með sér varðandi Tryggingastofnun ríkisins. Svarið er nei og svarið er einnig nei við þeirri spurningu sem kom fram hjá hv. formanni heilbr.- og trn. Frv. hefur engan sparnað í för með sér þó svo að yrði lögum í dag að opna fleiri lyfjaverslanir. En það er ekkert sem sann-

ar að það hafi neinn sparnað í för með sér.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að rekja þetta nánar. Ég tel að það sé mikilvægt að farið sé vel ofan í saumana á þessum málum og þessi tími sé notaður vel vegna þess að á þeim hluta lyfjalaga, sem tók gildi í júní 1994, sem er ekki langur tími, það er akkúrat ár, þurfti að gera fjórar lagabreytingar um það málefni. Það sýnir að málið var náttúrlega ekki nægilega vel unnið á sínum tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frh. 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

[14:02]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að segja nokkur orð um þetta þingmál sem er gott innlegg í nauðsynlega umræðu um starfsemi stjórnmálaflokkanna. Þetta efni hefur verið nokkuð til umfjöllunar hjá Kvennalistanum og við höfum lagt fram þingmál um það eins og hv. 13. þm. Reykv. minnti á í framsögn sinni og ég vísa til þáltill. um fjárframlög til stjórnmálaflokka sem lögð var fram á tveimur síðustu þingum en hlaut ekki afgreiðslu Alþingis. Með leyfi hæstv. forseta hljóðaði sú tillaga þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa níu manna nefnd til að undirbúa löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka. Jafnframt verði nefndinni falið að leggja mat á það hvort nauðsyn beri til að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti. Nefndina skipi fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi, fulltrúi félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, fulltrúi Rannsóknastofnunar í siðfræði og fulltrúi Lögfræðingafélags Íslands auk fulltrúa frá fjármálaráðuneyti sem jafnframt sé formaður nefndarinnar."

Tilurð þessarar tillögu má rekja til þeirrar miklu umræðu sem oft og einatt hefur komið upp um fjárreiður stjórnmálaflokkanna og leiddi til þess m.a. að stjórnmálaflokkunum barst erindi frá nokkrum háskólakennurum haustið 1993 þar sem þeir skoruðu á flokkana að beita sér fyrir því að setja skýrar reglur eða lög um fjárframlög til flokkanna til samræmis við lög og reglur í öðrum löndum. Við kvennalistakonur ákváðum að bregðast við þeirri áskorun með því að leggja fram þessa tillögu. Hún var lögð fram þegar á 117. löggjafarþingi og svo aftur á síðasta þingi. Enda þótt hún hlyti ekki formlega afgreiðslu á 117. löggjafarþingi varð hún ásamt öðru til þess að forsrh. gaf fyrirheit um stofnun nefndar til að fjalla um og undirbúa frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast. Þetta fyrirheit var gefið við 3. umr. á Alþingi um frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt í desember 1993 en þá samþykkti meiri hluti Alþingis að framlög fyrirtækja til stjórnmálaflokka væru frádráttarbær frá skatti. Kvennalistinn greiddi atkvæði gegn þeirri tillögu einn þingflokka og taldi eðlilegt að fyrst yrðu mótaðar reglur um starfsemi stjórnmálaflokka og þar með fjárhagslegan stuðning við þá. Síðan varð niðurstaðan að forsrn. óskaði eftir tilnefningu í þessa nefnd og Kvennalistinn tilnefndi fulltrúa í nefndina en hún hefur eins og kom fram í máli hv. frsm. ekki enn þá verið kölluð saman. Nú virðist sem einhver hreyfing sé á því máli og má merkilegt teljast að það þurfi svona mikið til að þessi nefnd fari af stað þrátt fyrir þau fyrirheit sem gefin voru.

Eins og sjá má af þessari tilvitnun í tillögu okkar þá eru kvennalistakonur þeirrar skoðunar að brýnast sé að setja reglur um fjárframlög til stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka en ekki jafneinboðið að löggjöf þurfi um starfsemi þeirra að öðru leyti. Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð með því þingmáli, sem er til umræðu og samkvæmt því sem við höfðum raunar kynnt okkur, eru sömu viðhorf víðar uppi. Þess vegna varð niðurstaða okkar að vísa þeirri umræðu inn í þá nefnd sem yrði skipuð og kalla eftir rökstuddu áliti þaðan, þ.e. um þörfina fyrir lagasetningu um starfsemi stjórnmálaflokka.

Ég vil líka geta þess að kvennalistakonur hafa ítrekað lýst þessum viðhorfum í hópi þeirra sem hafa fjallað um skiptingu þess fjár sem veitt er á fjárlögum hvers árs til stjórnmálaflokkanna. Þar hafa menn árlega togast á um það sem til skiptanna er og breytt skiptireglum eftir eigin skilgreindum þörfum. Nú gilda t.d. allt aðrar reglur en fyrir áratug og miklum mun hagstæðari fyrir fjölmennari þingflokkana en þá fámennari. Við höfum marglýst því yfir í þeim hópi að það beri að setja fastar reglur um þessa skiptingu og raunar var settur til þess starfshópur fyrir nokkrum árum en hann gufaði upp eins og svo margar nefndir gera án þess að skila miklu verki til gagns.

Ég get líka upplýst að þrátt fyrir allt þetta og þrátt fyrir örlög tillögu okkar höfum við kvennalistakonur að sjálfsögðu reynt að viðhafa eðlilegar og góðar reglur við meðferð fjár og greinargerð um það fé sem samtökin hafa haft með höndum. Við höfum upp á síðkastið látið löggilta endurskoðendur fara yfir reikninga okkar og gengið frá öllu slíku í samræmi við góðar skilavenjur. En það er ekkert launungarmál að það kostar fé og það er kannski ein ástæðan fyrir því að ýmislegt hefur þótt á skorta hjá stjórnmálaflokkum í þessu efni. Það er mjög kostnaðarsamt að halda úti þeirri starfsemi sem til þarf í stjórnmálasamtökum ef vel á að vera, þrátt fyrir mikla sjálfboðavinnu sem er í slíku starfi. Sá kostnaður fer sífellt vaxandi og það er ekkert leyndarmál að flestir flokkar og stjórnmálasamtök berjast í bökkum, eða kannski ættum við að segja í bönkum, og eiga við skuldir að stríða og hafa hreinlega ekki bolmagn til vandaðra vinnubragða. Ég held þess vegna að það sé mjög nauðsynlegt að setja um þetta ákveðnar reglur og viðmiðanir og að því laut sú tillaga sem Kvennalistinn bar fram á síðustu tveimur þingum og ég vil lýsa sérstökum stuðningi við þann þátt í þessu frv.

Ég ætla ekki að fara ítarlega í efni þessa frv. en fagna vissulega framlagningu þess og því tilefni sem það gefur til þess að ræða þetta mál. Frv. er að mörgu leyti efnisminna í sniðum eða ekki eins ítarlegt og ýmis frumvörp sem áður hafa komið fram og flestir viðstaddir þekkja sjálfsagt nokkuð vel. Vísa ég þar fyrst og fremst til þess þingmáls sem var samið af milliþinganefnd í framhaldi af þingsályktun sem var samþykkt vorið 1976. Aðeins einn hv. núv. þm., Ragnar Arnalds, sat í þeirri nefnd sem Ellert B. Schram stýrði. Í greinargerð með því frv. kemur reyndar fram að menn hafi ekki náð samstöðu um öll ákvæði þess, þ.e. þau ákvæði sem fjalla um fjárhagsmálefni stjórnmálaflokka og hefur svo alltaf verið þegar þessi mál hafa verið til umræðu, m.a. í þeim starfshópi sem ég minntist á áðan. Það er auðvitað ástæðan fyrir því að ekki hefur enn tekist að koma neinum reglum yfir þennan þátt í starfsemi stjórnmálaflokkanna.

Ég vil aðeins nefna örfá atriði í frv. sem er til umræðu. Í 2. gr. er kveðið á um skyldu stjórnmálaflokka til þess að birta opinberlega lög sín, stefnuskrár og stefnumarkandi samþykktir. Ég vildi gjarnan spyrja hv. 1. flm. að því hvar sú birting ætti að vera, hvort hér væri verið að hugsa um birtingu í Stjórnartíðindum eða einhvers staðar annars staðar eða e.t.v. birtingu í þeim blöðum sem viðkomandi ráða yfir en þá er á það að líta að um það er ekki að ræða í öllum tilvikum. Ég reikna sem sagt með því að hér sé átt við Stjórnartíðindi en þess er ekki getið í skýringu við greinina.

Varðandi 3. gr. vil ég gjarnan ítreka það sem kom reyndar fram í máli hv. 1. flm. að hvarfli það nú að einhverjum að með samþykkt slíkrar greinar væri starfsemi Kvennalistans orðin eitthvað vafasöm er sá skilningur vitaskuld alrangur. Kvennalistinn er eins og fram kemur í lögum okkar opinn öllum sem styðja stefnu Kvennalistans og mismunar þannig engum. En þetta vil ég taka fram og ítreka vegna túlkunar í útvarpsfréttum af þessu þingmáli sem var reyndar svo góðfúslega leiðrétt.

Ákvæði 5. gr. er athyglis- og umhugsunarvert og mundi kalla á breytt vinnubrögð, a.m.k. í þeim einu stjórnmálasamtökum sem ég þekki náið. Vinnubrögð okkar í þessu efni hafa reyndar aldrei komið að sök en óneitanlega hafa heyrst sögur um slíkt, jafnvel að menn hafi freistast til að undirrita einhverja yfirlýsingu eða eitthvað slíkt og verið þar með allt í einu komnir á skrá hjá viðkomandi stjórnmálasamtökum eða flokki. Það má því vel vera að rétt væri að setja um þetta ákvæði.

Ég vil sömuleiðis fagna því sem fram kemur í 8. gr. Ég held að það væri hið besta mál að banna hreinlega slíkar persónunjósnir á kjörstað eins og sumir hafa kallað. Og enn vildi ég nefna 10. gr. og kannski vísa því til hv. 1. flm. um þessa viðmiðun, þ.e. að stjórnmálasamtökum sé heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, þó þannig að fari framlag yfir 300 þús. á hverju reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga. Spurningin er kannski hvers vegna 300 þús., hvernig sú tala var hugsuð, hvers vegna ekki hugsanlega lægri tala, 100 þús. eða eitthvað slíkt. Ég hef ekki raunar neina tillögu í því efni en þætti forvitnilegt að vita hvað liggur þar til grundvallar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en lýsi ánægju minni með að þingmál af þessu tagi komi inn í þingið og vonast til þess að færi gefist á að fjalla ítarlega um þetta og það leiði til einhverrar niðurstöðu í málinu sem svo oft hefur komið til umfjöllunar í þinginu eða milliþinganefndum án þess að það hafi leitt til neinnar niðurstöðu.

[14:15]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka þeim sem hafa rætt um þetta frv., nú síðast hv. 12. þm. Reykn., Kristínu Halldórsdóttur, og jafnframt undirtektir hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, sem ræddi þessi mál þegar við frestuðum umræðunni fyrir viku.

Frv., sem er til umræðu, er drög að heildarlöggjöf um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka. Það er í fyrsta skipti sem gerð er tilraun til að setja slíka heildarlöggjöf sem nær til stjórnmálaflokka, ekki einungis þeirra sem bjóða fram til Alþingis heldur líka þeirra sem bjóða fram til sveitarstjórna.

Hugmyndin hér á bak við er vitaskuld sú að styrkja löggjafarvaldið í þjóðlífi okkar. Helstu efnisatriði frv. hafa verið rakin í framsögu af hv. 1. flm., 13. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, en kveðið er á um að stjórnmálaflokkar séu skráðir sérstaklega, að þeir séu opnir, að jafnræðis skuli gætt í starfsemi þeirra og það skuli setja reglur um störf fulltrúa, að æðsta vald í málefnum stjórnmálasamtaka skuli vera í höndum félagsmanna, að lagt sé bann við skráningu á kjörstað. Síðan eru ítarleg ákvæði um fjárreiður stjórnmálaflokka þar sem er m.a. krafist að stjórnmálasamtök verði bókhaldsskyld og þeim beri einnig að skila skattframtali en það er ekki í núverandi lögum.

Jafnframt eru ákvæði um að árlega skulu reikningar stjórnmálasamtaka endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og lagðir fram til samþykktar á æðsta fundi viðkomandi samtaka og jafnframt er gert ráð fyrir að fái stjórnmálasamtök framlög af opinberri hálfu endurskoði Ríkisendurskoðun ársreikningana. Hér er því kveðið nokkuð ítarlega á um að eftirlit með fjárreiðum stjórnmálaflokka sé gott og það er auðvitað lykilatriði í starfsemi stjórnmálaflokka.

Það er einnig getið um að fari framlög yfir vissa upphæð, 300 þús. kr. á reikningsári. Varðandi þá spurningu sem kom hér fram hjá fyrri ræðumanni um af hverju 300 þús., þá eru vitaskuld ekki nein stór vísindi þar á bak við. Flm. fannst þetta vera nokkuð eðlileg fjárhæð að miða við en ef um er að ræða hærri fjárframlög skuli birta nafn styrktaraðila. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi stjórnmálaflokka og fjölmörg dæmi eru um það að um þessi mál séu ákvæði í löggjöf viðkomandi þjóða. Má þar nefna Bandaríkin og fleiri lönd því til hliðsjónar. Jafnframt er fellt inn í frv. ákvæði sem hafa reynst býsna vel á Alþingi, þ.e. ákvæði um sérfræðiaðstoð til þingflokka. Þannig er gerð tilraun í

frv. að ná yfir helstu þætti í starfsemi stjórnmálaflokka, svo og er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að mótaðar verði reglur sem varða sambærilega hluti gagnvart framboðum til sveitarstjórna.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, gerði nokkur atriði að umtalsefni, ræddi m.a. um að víðtæk sátt þyrfti að ríkja um frv. af þessum toga. Það er vitaskuld rétt enda er markmiðið m.a. með því að leggja fram frv. í þessu formi að vekja upp umræðu um þetta mjög svo mikilvæga mál og laða fleiri til samstarfs um gerð heildarlöggjafar. Það er alltaf spurning þegar svona löggjöf er afgreidd hvort hún eigi að vera mjög ítarleg eða vera rammalöggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka. Hér var sú leiðin farin að hafa skýrt ákveðnar meginlínur í starfsemi stjórnmálaflokka en ekki að vera með mjög ítarleg ákvæði sem er vitaskuld hægt. Ég held að það sé betra og heppilegra varðandi stjórnmálaflokka að meginreglur, útlínur starfseminnar, séu dregnar skýrt af hálfu löggjafans.

Einnig má benda á nokkur viðbótaratriði, sem að hluta til hafa komið fram í umræðunni, sem ekki er getið um í frv., t.d. hvort aðgreina ætti kosningaútgjöld og hefðbundna starfsemi. Það væri væntanlega nokkuð erfitt í framkvæmd að koma slíku fyrir í löggjöf. Sömuleiðis hefur verið nefnt hvort setja ætti sérstök lög um prófkjör en það er vitaskuld matsatriði þar sem flokkarnir kjósa að haga þeim málum á misjafnan hátt.

Einnig má nefna varðandi auglýsingar í kosningabaráttu hvort löggjafinn telji ástæðu til að setja einhverjar almennar reglur þar um. Ég vil benda á einn hlut sem er lögbundinn í Frakklandi og varðar birtingu skoðanakannana rétt fyrir kjördag. Þar er óheimilt að birta skoðanakannanir viku fyrir kjördag. Hér er ekki tekið á ákvæðum eða hugmyndum um þessa hluti en vitaskuld gætu þeir komið inn í umræðuna þegar frv. fær þinglega meðferð.

Ég sé að hæstv. forsrh. er ekki í þingsalnum en gerð var fyrirspurn til hans þegar málið var áður til umræðu hvernig stæði á því að nefnd, sem átti að skipa, hefði aldrei komið saman og í hverju það lægi að það hefði ekki átt sér stað. Það þýðir þá ekki að spyrja um það hér. Ég geri þá ráð fyrir að það mál komi síðar til umræðu en ég legg áherslu á það að þetta frv. er gert þannig úr garði að mjög auðvelt er fyrir aðra þingmenn og þingflokka að vinna út frá því heildarlöggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka og fjárreiður þeirra og ef það tekst er tilganginum náð.

[14:24]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um frv. um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka og geta þess að mér finnst margt af því sem fram hefur komið í ræðum þingmanna sem hafa talað um málið, hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 12. þm. Reykn., vera mjög gagnlegt og margar ábendingar þar komið fram sem munu gagnast vel í umræðum um málið.

Það hefur komið fram, virðulegi forseti, úr þessum ræðustól að það stóð til á sínum tíma fyrir einu eða tveimur árum að skipa sérstaka nefnd af hálfu forsrn. til þess að fjalla um málið. Eftir því var innt við umræðu fyrir helgina af hv. 4. þm. Norðurl. e. hvort ekki væri rétt að forsrh. væri viðstaddur umræðuna til þess að svara fyrir um störf nefndarinnar sem mér skilst að hafi aldrei komið saman. Það hefði auðvitað verið mjög æskilegt, virðulegi forseti, áður en málið fer í nefnd að fá fram skoðun hæstv. forsrh. á málinu og kannski ekki síst skilgreiningu forsrh. á því hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar eigi að vera.

Við í Þjóðvaka, sem flytjum þetta mál, gerum verulegan greinarmun á því hvort starf nefndarinnar verði skilgreint það þröngt að henni verði einungis falið að fjalla um fjárreiður stjórnmálaflokkanna en ekki í víðum skilningi að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokkanna.

Það hefur verið haft samband við þingmenn Þjóðvaka af hálfu forsrn. og okkur boðið að tilnefna fulltrúa í nefndina sem loksins virðist eiga að fara að setja til starfa. Við hljótum að kalla eftir því hver verklýsing nefndarinnar verður áður en við ákveðum hvort við skipum fulltrúa í slíka nefnd. Ég held að margt mæli mjög eindregið með því að verkefni nefndarinnar verði ekki skilgreint mjög þröngt og að nefndin hafi sjálf ráðrúm til þess að fjalla um það hvort hún telji ástæðu til að hafa lagasetninguna víðtækari en einungis það að fjalla um fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Þá skildi ég það svo að samkvæmt þáltill., sem þingmenn Kvennalistans fluttu, útilokuðu þær ekki að sett yrðu almenn lög um starfsemi stjórnmálaflokka og nefndinni yrði falið að leggja mat á hvort þess væri þörf. Þess vegna teldi ég ekki rétt í upphafi að nefndinni yrðu settar þröngar skorður í verklýsingu eða erindisbréfi forsrh. að hún gæti ekki haft a.m.k. svigrúm til þess að leggja mat á slíkt.

Í erindisbréfi, sem ég hef undir höndum, sem forsrn. gaf út 21. febr. 1994, um starfssvið nefndarinnar eða þar sem óskað er eftir tilnefningu stjórnmálaflokkanna og að nefndin eigi að starfa á mjög þröngu sviði og einungis að fjalla um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka teljum við það vera of þröngt. Við teljum líka mikilvægt og ekki síst í ljósi reynslunnar að nefndinni verði settur ákveðinn tími til þess að skila af sér þessu mikilvæga starfi og er þá vísað til að hún hafi ekki enn komið saman þrátt fyrir það að kallað hafi verið eftir tilnefningum fyrir einu og hálfu ári. Þess vegna munum við leggja áherslu á það tvennt ef við tökum þátt í þessu starfi að verksvið nefndarinnar verði skilgreint rúmt og henni verði gefinn ákveðinn tími til þess að fjalla um málið og skila af sér. Ég held að mjög víðtækur skilningur sé á því í þinginu að sett verði lög a.m.k. um fjárreiður stjórnmálaflokka ef ekki starfsemi stjórnmálaflokkanna í heild sinni. Ég minni á að við umræðuna talaði fulltrúi Alþb. og fulltrúi Kvennalista og nú fyrir jólin síðustu man ég ekki betur en Alþfl. hafi gefið út þá yfirlýsingu að hann beitti sér fyrir því að það yrðu sett lög um starfsemi stjórnmálaflokka.

Ég get tekið undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, að það er mjög mikilvægt að

víðtæk pólitísk samstaða náist um þetta mál og erfitt að sjá að það nái í gegnum þingið nema það sé í bærilegu samkomulagi allra flokka. Engu að síður verður maður að vona. En ég tek undir það sjónarmið að það frv. sem ég vænti að komi fram um þetta mál næsta hausti eða vetri verði þannig að með því sé tekið á ýmsum brýnum málum sem þarf að taka á í þessu sambandi.

Ég vil geta þess, virðulegi forseti, að við í Þjóðvaka leggjum mjög mikla áherslu á það að frv. sem er til 1. umr., fari til nefndar og að nefndin sendi þetta mál frá sér til umsagnar áður en þingi lýkur þannig að hægt sé að hafa hliðsjón af þeim umsögnum, annaðhvort í starfi nefndarinnar, sem forsrh. skipar, eða við framlagningu frv. næsta haust ef svo býður við. Þess vegna legg ég ríka áherslu á það, virðulegi forseti, og sakna þess að formaður allshn. er ekki viðstödd, að þetta mál verði tekið þar fyrir og sent til umsagnar.

Ég tók eftir því að ýmislegt mjög athyglisvert kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. sem greinilega hefur kynnt sér þetta mál mjög vel og hefur margt fram að færa í þessu máli sem sjálfsagt mun gagnast þegar menn koma sér að því verki að leggja saman krafta sína við það að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka. Hann vitnaði til þess að víða væru í gildi reglur og lagasetning bæði að því er varðaði fjárreiður stjórnmálaflokka og ýmsa aðra þætti.

Það er spurt um það hér af hverju er verið að miða við 300 þús. kr. Af hverju ekki einhverja aðra tölu í fjárframlögum sem stjórnmálasamtök mega taka við frá einstaklingum eða fyrirtækjum án þess að það þurfi að birta nöfn þessara aðila. Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns, hv. 11. þm. Reykn., er hér ekki um neina heilaga tölu að ræða og ég gæti vel hugsað mér það að þessi tala yrði lægri. Ég held að hún ætti ekki að vera hærri en hún mætti hugsanlega vera lægri en 300 þús. kr. Ég tel einnig koma til greina, eins og fram kom í máli hv. 4. þm. Norðurl. e., að setja þak á það hvað stjórnmálaflokkarnir mega þiggja af einstökum aðila til sinnar starfsemi.

Þetta var gert með þeim hætti til þess að hægt væri að ná samstöðu um það og menn töldu þetta vera hugsanlega leið til þess.

Ég vil líka taka undir það sem fram hefur komið í þessum umræðum að tilgangurinn með því að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka er ekki að þrengja að starfsemi stjórnmálaflokka eða gera þeim ókleift að starfa heldur er lagasetningin miklu frekar til þess að efla starfsemi stjórnmálaflokka, kannski að vekja meira traust líka á starfsemi stjórnmálaflokka og eyða tortryggni sem stundum hefur gætt til stjórnmálaflokkanna. Ég held því að það sé mikill ávinningur fyrir stjórnmálin í landinu að slík löggjöf sé sett.

Það var rætt um það hér að erlendis tíðkaðist að það væru sett takmörk á eyðslu stjórnmálaflokka í sambandi við kosningabaráttu og vitnað til Bandaríkjanna í því sambandi og væru ákveðin viðurlög við því að eyða meiru fé í kosningabaráttuna en þar er gert ráð fyrir. Ég tel alveg koma til greina að skoða slíkt vegna þess að það er svo að manni finnst oft að samkeppni milli stjórnmálasamtaka í kosningabaráttunni keyri úr hófi, hversu mikið fjármagn fer til hennar. Og það á ekki að ráðast af því fjármagni sem stjórnmálaflokkar hafa til umráða hversu þeim verður ágengt í kosningabaráttu heldur fyrst og fremst þeim málstað sem þeir leggja til grundvallar. Þess vegna er þetta vel þess virði að skoða það. Og ég tek undir það með síðasta ræðumanni, hv. 11. þm. Reykn., að það þarf að skoða það í fullri alvöru eins og víða hefur verið gert. Þá er spurning hvort það ætti að heyra undir slíka lagasetningu sem við erum hér að ræða að birting skoðanakannana sé ekki leyfð tiltekinn tíma fyrir kosningar.

Ég ætla ekki að eyða miklu fleiri orðum í frv. sem hér er til umræðu, en merki það af umræðunni að fyrir því er verulegur hljómgrunnur að taka á þessu máli. Ég vil þó nefna eitt atriði sem mér finnst ekki hafa verið rætt en sem ég tel nokkuð mikilvægt að menn kryfji til mergjar, hvort sem menn fallast á að setja það í lagabúning eða ekki, og það er ákvæði 7. gr. frv. um að stjórnmálasamtök skuli setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að gera það. Sumir hafa enga trú á að það þjóni nokkrum tilgangi að setja slíkar reglur en ég er annarrar skoðunar.

Ég vil vitna í grein sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins 6. maí eftir Vilhjálm Árnason sem mikið hefur skoðað þetta mál. Í greininni sinni, sem hann nefnir Dómgreind og siðareglur, fjallar hann um þrjár ástæður fyrir því að menn skoði og hugleiði þetta mál og það verði settar siðareglur varðandi störf kjörinna fulltrúa í stjórnmálasamtökum, eins og við leggjum til, og þær verði birtar opinberlega. Hann nefnir þrenn rök fyrir þessu og hann segir að það sé alrangt að líta svo á að skráðar siðareglur dragi á einhvern hátt úr ábyrgð þeirra einstaklinga sem þær varða eða mikilvægi þess að þeir ígrundi siðferðilegt álitamál eins og kostur er. Og hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Hitt er líka rangt sem forsrh. hefur gefið í skyn að skráðar siðareglur séu til einskis ef dómgreind manna er áfátt." Og hann heldur áfram: „Öðru nær. Slíkar reglur geta verið sá áttaviti sem þokukennd hugsun þarf á að halda til að álpast ekki í ógöngur", er hér sagt. Hann telur að það sé afar gagnlegt fyrir stjórnmálamenn að velta því skipulega fyrir sér hverjar starfsskyldur þeirra eru. Með því mundu stjórnmálamenn gera það heyrinkunnugt hvernig þeir líta á störf sín. Önnur rökin varða eftirlit með störfum stjórnmálamanna. Skráðar siðareglur mundu skýra betur ábyrgð valdhafa og gera betur kleift en nú er að draga þá til ábyrgðar fyrir embættisfærslu. Þriðju rökin varða stjórnsiðina og þar er sagt, með leyfi forseta:

„Mikilvægasta atriðið til að draga úr spillingu í stjórnmálum er að bæta starfsemi stjórnmálamanna og skráðar siðareglur geta verið áhrifaríkt tæki í því skyni."

Það er fleira athyglisvert sem hér kemur fram sem ég hirði ekki um að lesa nánar en þetta er athyglisverð grein og rifjar upp það sem nokkuð hefur verið rætt í þingsölum á þessu þingi sem er líka um hæfni þingmanna sem við ræddum nokkuð fyrr þegar þetta mál

var á dagskrá. Þá nefndi ég að 1992 hefði t.d. verið sett í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar á Írlandi að þingmenn legðu í upphafi þings fram lista yfir öll störf sín og þátttöku í nefndum utan þings. Og þegar síðan þingið fjallaði um málaflokka sem sköruðust við hagsmuni og starf viðkomandi þingmanns þá viki hann sjálfkrafa sæti.

Ég nefndi einnig að í Kanada væru í gildi svipaðar reglur og þar geta þingmenn átt á hættu að missa sæti sitt ef brotið er gegn slíkum reglum. Ég held að það væri mjög gagnlegt og fróðlegt að ræða þetta mál út frá öllum sjónarhólum. Auðvitað verða menn að passa sig á því í umræðunni að fara ekki of langt í þessu efni vegna þess að það er svo að á löggjafarsamkomunni sitja menn og konur úr öllum stéttum og það mundi æra óstöðugan að segja að bændur mættu ekki fjalla um landbúnaðarmál eða þeir sem hefðu komið nálægt sjávarútvegsmálum mættu ekki fjalla um sjávarútvegsmál o.s.frv. En það eru ákveðin mörk sem við hljótum að draga í þessu efni sem reyndar hefur verið gert við umræðu um annað mál sem þingið er með til umfjöllunar. Þess vegna hvet ég til skoðanaskipta um þetta mál bæði innan og utan þings sem gæti gagnast mjög vel í þeirri umræðu sem væntanlega mun fara af stað af fullum krafti um starfsemi stjórnmálaflokka.

Ég ítreka svo, virðulegi forseti, í lokin um leið og ég þakka fyrir þessa umræðu að þetta mál fari til nefndar og mun koma þeirri ósk á framfæri við formann nefndarinnar að hann sendi málið til umsagnar þannig að það gæti gagnast í framhaldi af starfi til að koma á löggjöf um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Enn og aftur ítreka ég að ég tel mikilvægt að stjórnmálaflokkar sameinist um það að verksvið þeirrar nefndar sem á að fjalla um þetta mál á vegum forsrn. verði ekki gert það þröngt að lítið sem ekkert komi út úr starfi hennar. Í marga áratugi hefur verið rætt um nauðsyn þess að setja á slíka löggjöf og það er kominn tími til að menn láti verða af því sem um hefur verið talað í málinu og það þurfi ekki að hamla starfi nefndarinnar að henni sé sett mjög þröng verklýsing að því er varðar þennan mikilvæga þátt. Ég legg líka áherslu á að henni verði sett tímamörk um hvenær hún eigi að skila af sér. Af þessu tvennu ræðst hvort þingflokkur Þjóðvaka mun þiggja það að tilnefna fulltrúa í nefnd sem á að starfa á vegum forsrn. í þessu efni og var tími til kominn að hún færi til starfa. Vil ég taka undir það með hv. 12. þm. Reykn., Kristínu Halldórsdóttur, að það er mjög sérkennilegt að þessa umræðu á þingi hafi þurft til þess að vekja forsrn. af þeim svefni sem virtist vera búinn að læsa þetta mál einhvers staðar ofan í sínum hirslum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

**Útbýting þingskjala:**

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 14. mál, nál. félmn., þskj. 42.

Skipulag ferðamála, 20. mál, nál. samgn., þskj. 41.

## *Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.*

Frv. SvG o.fl., 12. mál (lánsréttur). — Þskj. 12.

[14:43]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Hæstv. forseti. Á þskj. 12 flytjum við þingmenn Alþb. og óháðra frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem sett voru árið 1992. Það frv. sem hér er flutt hefur verið lagt fram áður og er flutt í beinu framhaldi af þeim umræðum sem hafa orðið um lánamál námsmanna á þingum allt frá vorinu 1992 að mjög umdeild lög voru sett um Lánasjóð ísl. námsmanna. Í frv. er ekki tekið á lánasjóðsmálunum í heild heldur aðeins einu atriði, þ.e. því sem hefur skipt langmestu máli varðandi þær breytingar sem hafa orðið á lánþegafjölda hjá Lánasjóði ísl. námsmanna á undanförnum árum, því atriði að við leggjum til að það verði tekin upp samtímalán í staðinn fyrir eftirágreiðslur námslána eins og ákveðið var með lögum frá 1992. Hér er um grundvallaratriði að ræða. Eins og þetta er núna hjá Lánasjóði ísl. námsmanna þá fá námsmenn ekki borguð lán fyrr en löngu eftir á. Í raun og veru er kerfið svipað eins og ef þingfararkaup alþingismanna væri greitt t.d. á vori eftir önnina eða eftir annirnar tvær og ráðherrar fengju t.d. ekki laun fyrr en í lok kjörtímabils og þá með hliðsjón af verkefnaframvindu á kjörtímabilinu, hver sem ætti svo sem að meta það.

Hér eru námsmenn með öðrum orðum settir undir kerfi sem er algerlega ómennskt og tillitslaust andspænis þeim veruleika sem þeir og fjölskyldur þeirra þurfa að búa við og þess vegna hefur þetta frv. verið flutt hér aftur og aftur og enn nú. Reyndar hefur þetta frv. verið stutt á undanförnum þingum þegar það hefur verið flutt af fulltrúum allra þáverandi stjórnarandstöðuflokka, bæði Framsfl. og Kvennalistans auk Alþb.

Ástæðan til þess að þingflokkur Alþb. og óháðra ákvað að taka þetta mál núna út úr og flytja um það sérstakt frv. á þessu stutta vorþingi var reyndar sú að í kosningabaráttunni var því lofað af fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem tóku þátt í kosningabaráttunni nema eins, þ.e. fulltrúa Sjálfstfl., að samtímagreiðslur námslána yrðu teknar upp á nýjan leik. Og fulltrúar Framsfl. undirstrikuðu þetta mjög ákveðið, t.d. núv. hæstv. iðn.- og viðskrh. Ég hafði satt að segja beðið um það, hæstv. forseti, þó að hann sé ekki aðili að málinu með venjulegum hætti þá er hann það með pólitískum hætti, að hann yrði kallaður í þingsal til þess að ég geti lagt fyrir hann nokkrar spurningar um það hvernig þeir framsóknarmenn ætla að fylgja eftir þessu mikla áhugamáli sínu úr kosningabaráttunni að tryggja samtímagreiðslur námslána á nýjan leik. Ég þakka hæstv. iðn.- og viðskrh. fyrir að koma hér og vera viðstaddur þá umræðu sem hér er að hefjast um Lánasjóð ísl. námsmanna því að ég vildi heyra sem gerst af því hvernig þeir framsóknarmenn hugsa sér að koma á framfæri og í framkvæmd þessu mikla kappsmáli sínu úr kosningabaráttunni, þ.e. koma á nýjan leik á samtímagreiðslum námslána.

Ég ætla aðeins, áður en ég vík að málinu nánar, hæstv. forseti, að víkja að frétt sem birtist í Morgunblaðinu í dag þar sem vitnað er til viðtals við fulltrúa stúdenta í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sigríður Gunnarsdóttir, fulltrúi stúdenta í stjórn LÍN sagði í samtali við Morgunblaðið að ágreiningur námsmanna og ríkisins standi einkum um atriði sem eru bundin í lög en búast mætti við frv. til breytinga á lögum LÍN á komandi haustþingi."

Fyrsta spurning mín til hæstv. menntmrh. er: Hvaða frv. er það sem námsmenn eru hér að tala um? Er þegar tilbúið eitthvert frv. eða er hafin bein vinna við undirbúning á því frv. sem Sigríður Gunnarsdóttir talar þarna um og hverjir eru í þeirri vinnu? Ég held að það sé nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hér.

Síðan segir áfram í þessari fréttaklausu Morgunblaðsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Námsmenn vonist til að þar verði" þ.e. í frv. „tekið á helstu baráttumálum sínum; að teknar verði upp samtímagreiðslur í stað eftirágreiðslna og að endurgreiðslubyrði verði létt. Einnig vinni stúdentar að því að í tilvikum hjóna — og barnafólks verði skattalög og lög um LÍN samræmd."

Það er mjög nauðsynlegt að fá fréttir af því hjá hæstv. menntmrh. hvað er að frétta af þessum málum og einnig frá hæstv. iðn.- og viðskrh. með hvaða hætti hann hefur hugsað sér að stefnumál Framsfl. fái að njóta sín þegar kemur að því að semja þau frumvarpsdrög sem væntanlega eru komin á borð hæstv. ráðherra.

Ég ætla út af fyrir sig ekki núna, hæstv. forseti, að vitna í ummæli einstakra þingmanna Framsfl. úr kosningabaráttunni þó það gæti verið skemmtilegt. Hæstv. núv. iðn.- og viðskrh. sagði t.d. í umræðum um málið strax á árinu 1992 um haustið, þ.e. 5–6 mánuðum eftir að lögin höfðu verið samþykkt, með leyfi forseta:

„Reynslan af lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem sett var í vor er smátt og smátt að koma í ljós. Því miður er það svo að spár hinna svartsýnustu í þessum efnum virðast ætla að ganga eftir. Þessu til *stuðnings ætla ég að nefna örfá dæmi*", sagði hv. þm. þá, nú hæstv. ráðherra, og rakti það svo mjög ítarlega í myndarlegum málflutningi sínum þegar hann mælti fyrir tillögu um endurskoðun á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna en hana fluttu ásamt hv. þm. sá sem hér stendur, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og hv. þm. Páll Pétursson. Núv. ráðherra taldi strax að hinar svartsýnustu spár hefðu ræst í þessum efnum aðeins örfáum mánuðum eftir að þessi svakalegu lög *höfðu verið sett og í rauninni tókum við*, aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar á þeim tíma, undir þau sjónarmið.

Þegar málin voru til umræðu í þinginu þá notuðu menn mjög skörp orð sumir hverjir og einna best komst þá að orði eins og venjulega hv. þm. Páll Pétursson, núv. hæstv. félmrh., sem sagði að það væri verið að setja vond og óréttlát lög. Og þegar málið var borið upp til atkvæða þá stóð málið þannig af sér að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem var þá einn af stjórnarliðinu, sat hjá um 6. gr. Hann sat hjá við þetta atriði og sór síðan og sárt við lagði út um allt að hann ætlaði að breyta þessu. Hann gerði það nú reyndar aldrei. Og Samband ungra jafnaðarmanna, en svo heitir félag hér í bænum, lýsti því yfir að það mundi alveg óðara breyta þessu strax og reynsla væri komin í ljós. Það gerði nú reyndar ekkert í því frekar en öðru.

Þetta er nefnt til marks um það að þegar þessi mál voru til meðferðar þá voru þar uppi gríðarlega miklar heitingar af hálfu ýmissa aðila vegna þess að menn sáu hvað þetta var alvarlegt.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði t.d. um frv. þegar umræður voru um það, með leyfi forseta, að einnig væri ljóst að með þessu frv. væri vegið að þeim sem verst hefðu kjörin. Og þáv. hv. þm. Finnur Ingólfsson sagði ríkisstjórnina, með leyfi forseta: „vera að búa til framtíðarvanda." Nú er hv. þm. Finnur Ingólfsson einmitt orðinn hæstv. ráðherra og hefur þar með möguleika á því að taka á þessum framtíðarvanda sem hann sá fyrir á árinu 1992 og ber að fagna því að menn geta komist til þeirra verka sem þeir hafa heitið kjósendum að taka á.

Ástæðan fyrir því að þetta mál er svo tekið út úr hjá okkar þingflokki er sú að við teljum að breytingarnar á lánasjóðnum og sérstaklega upptaka eftirágreiðslnanna hafi haft það í för með sér að það hafi þrengt hrottalega að námsmönnum og fjölskyldum þeirra sem m.a. kemur fram í opinberum tölum um fjölda lánþega. T.d. í tölum sem hafa birst varðandi fjölda lánþega og hæstv. núv. iðn.- og viðskrh. notaði oft í þessum ræðustól fyrir fáeinum mánuðum. Það liggur t.d. fyrir að lánþegum af landsbyggð sérstaklega hafði fækkað um 40% frá 1992 til 1994. Lánþegar með börn á framfæri voru t.d. árið 1991 2.746, en voru á árinu 1994 1.823, hafði fækkað um 900 eða svo, einstæðum foreldrum sem voru í námi hafði fækkað úr 740 í 430 og hlutfall lánþega af námsmönnum í lánshæfu námi hafði lækkað. Áður var það þannig að 60% tóku námslán en að lokum var niðurstaðan sú undir lok síðasta kjörtímabils að aðeins 40% tóku lánin. Lánþegum fækkaði þannig í beinum tölum úr 8.100 manns í um *það bil 6.000 manns*.

Þetta er kannski bara gott eða hvað, spara í ríkisrekstrinum? Þykir þetta ekki voðalega gott? Það er óskaplega gott að spara í ríkisrekstrinum. Gallinn er bara sá að þessi niðurskurður er niðurskurður á framtíðinni. Munurinn á niðurskurði til menntamála og niðurskurði á ýmsum öðrum sviðum er sá að niðurskurður til menntamála bitnar á þróun á lífskjörum í framtíðinni. Það er grundvallaratriðið. Ég hef stundum orðað *það svo að það sé mjög erfitt að festa hönd á afleiðingunum almennt fyrir þjóðfélagið fyrr en eftir nokkur ár*. En að þeim liðnum birtist það þannig að lífskjör á Íslandi munu dragast aftur úr lífskjörum í öðrum löndum þeim mun aftar sem við erum á merinni að því er varðar framlög til menntamála.

Þetta sáu menn reyndar í kosningabaráttunni og þar sór hver sem betur gat. Eru menn kannski búnir að gleyma því núna hér í þessum sal hvað var sagt í kosn*ingabaráttunni um menntamál? Ætli menn séu kannski*

búnir að gleyma því? Ætli menn séu búnir að gleyma því að það var lofað milljörðum í ný framlög til menntamála af í rauninni öllum flokkum nema það væri flokkur hæstv. menntmrh.? Og þó gaf hann í skyn að það þyrfti að auka við framlög til menntamála. Ég man eftir því hvernig t.d. frambjóðendur Þjóðvaka, Kennalistans, Alþfl., Alþb. og Framsfl. höguðu máli sínu að því er varðaði menntamál. Meira að segja Alþfl., það var alveg brandari út af fyrir sig að Alþfl. uppgötvaði menntamál mánuði fyrir kosningar. Það var alveg ótrúlegt. Hann hafði alltaf verið á móti menntamálum en hann uppgötvaði rétt fyrir kosningar að hann vildi bara smella í þetta milljörðum svona korter fyrir kosningar eða svo. En þannig var það. Og að lokum var það þannig að kjósendur, t.d. námsmenn á fundi sem við vorum á úti í Háskólabíói, sögðu: Allir flokkar lofa öllu fyrir kosningar og hvað verður svo? Hér er komið að ákveðinni grundvallarspurningu: Hvað verður svo og til hvers er lýðræðið?

Við teljum með öðrum orðum með því að setja þetta mál á dagskrá rétt að gefa þeim framsóknarmönnum sérstaklega kost á því að afgreiða þetta mál núna á þessu þingi. Við teljum alveg ástæðulaust að ljúka þessu þingi núna sem hvort eð er hefur staðið í nokkrar vikur án þess að taka á málum Lánasjóðs ísl. námsmanna og íslenskra stúdenta. Við teljum að það væri að mörgu leyti eðlilegt og færi vel á því að þetta þing eftir hin miklu loforð um framlög til menntamála, þetta þing sem er kallað saman núna í vor vegna ákvæða stjórnarskrárinnar um að þing skuli koma saman eftir tiltekinn tíma að loknum kosningum, taki ákvörðun um þessi mál líka.

Mér finnst að framsóknarmenn ættu alveg sérstaklega að þakka okkur fyrir að að vera svo rausnarlegir að gefa þeim kost á því að standa við þessi kosningaloforð núna einn, tveir og þrír eins og við erum með tillögur um að gera. Þeim mun auðveldara ætti það að vera fyrir ríkisstjórnina að taka undir okkar sjónarmið vegna þess að ríkisstjórnin er samkvæmt blaðafréttum í Morgunblaðinu í dag hvort eð er að vinna í málinu. Þess vegna væri alveg rakið að smella sér í það núna að afgreiða þetta frv. og gera það að lögum og taka upp samtímagreiðslur námslána á ný eins og við leggjum til og eins og var í gömlu lögunum og þau voru framkvæmd á sínum tíma. Það erum við að leggja til og ekkert annað.

Auðvitað höfðum við getað hugsað okkur að leggja ýmislegt annað til eins og það að létta endurgreiðslurnar. Við erum ekki með tillögu um það hér. Við hefðum getað hugsað okkur það breyta ákvæðum gildandi laga um vaxtagreiðslur af námslánum. Við erum ekki með tillögu um það hér. Við erum með tillögu um það sem allir flokkar nema íhaldið sögðu fyrir síðustu kosningar: Við viljum breyta þessu. Allir.

Ég tók eftir því um daginn, hæstv. forseti, að ýmsir nýir þingmenn Framsfl. tóku til máls í umræðum um fiskveiðistjórn og þeir voru að reyna að gera hið ómögulega, þ.e. að samræma annars vegar niðurstöður ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum og hins vegar stefnu Framsfl. í hinum ýmsu kjördæmum í sjávarútvegsmálum. Þetta var erfitt hjá framsóknarmönnum á Reykjanesi en þó sérstaklega erfitt hjá sjálfstæðismönnum á Vestfjörðum sem er nú kapítuli út af fyrir sig. En sjálfstæðismenn á Vestfjörðum hafa alltaf verið á móti kvótakerfinu eins og kunnugt er fyrir hverjar einustu kosningar en breytt því fljótlega eftir þær.

Af hverju er ég að nefna þetta, hæstv. forseti, hér? Hvað kemur þetta lánamálum námsmanna við? Jú, þarna er auðvitað komið að grundvallaratriði í lýðræðinu. Til hvers eru menn hérna? Taka menn mark á sjálfum sér? Gera menn eitthvað með það sem þeir eru að segja fyrir kosningar eða ekki? Eru menn bara í pólitík til þess að halda völdum, völdum sem eru bundin við þessa stóla og fara í þá hvað sem það kostar í málefnum? Eða eru menn í pólitík til þess að fylkja liði á bak við hugmyndir um að breyta þjóðfélaginu og einhverjum tilteknum atriðum sem þeir gera þjóðinni grein fyrir í kosningabaráttu á hverjum tíma. Eða hvað? Ég held að það sé algert grundvallaratriði að sérstaklega þeir framsóknarmenn sýni einmitt í þessu máli að þeir hafi meint þetta.

Alveg sérstaklega hér á þéttbýlissvæðinu tóku menn eftir því að þeir framsóknarmenn beittu skörulegum málflutningi í lánamálum og réttindamálum námsmanna og ég er alveg sannfærður um að þeir fengu stuðning út á það. Ég segi alveg eins og er að mér fannst sá málflutningur sem uppi hafði verið hjá hæstv. núv. iðnrh. og viðskrh. vera góður. Ég virti hann fyrir þann málflutning vegna þess að ég tók eftir því og þekki fyrri sögu Framsfl. þegar námslánin voru skorin stórkostlega niður eða um 20% í kaupmætti í tíð Sverris Hermannssonar, páv. hæstv. menntmrh. og Framsfl. studdi. Þrátt fyrir það gengu framsóknarmenn eins og hæstv. iðnrh. og viðskrh. fram í því að vera með tilteknar mjög stífar yfirlýsingar sem óhjákvæmilega hlutu að hafa í för með sér að þeir framsóknarmenn urðu að taka til hendinni í lánamálum námsmanna ef þeir kæmust til einhverrar forustu að loknum kosningunum. Þess vegna er það, hæstv. forseti, sem ég og við í þingflokki okkar teljum að það sé algerlega óhjákvæmilegt að umræða hefjist um þetta mál núna og að þinginu gefist kostur á því að taka ákvörðun um það á þessu vorþingi að hefja samtímagreiðslur námslána á ný.

Nei, hæstv. forseti. Það var þrennt sem gerðist í menntamálum á síðasta kjörtímabili sem var sérstaklega gagnrýnivert. Það fyrsta var niðurskurðurinn til grunnskóla. En þó var það þannig að undir lok kjörtímabilsins beitti fyrrv. hæstv. menntmrh. sér fyrir því að leiðrétta að nokkru þann niðurskurð sem hafði verið ákveðinn í upphafi, ég hygg snemma ársins 1992. Engu að síður var um að ræða raunframlagaskerðingu til grunnskóla.

Í öðru lagi birtist niðurskurðurinn í því að framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna voru skorin gífurlega niður, sennilega um 1,2 milljarða kr. ef við tökum það á grundvelli ríkisreiknings eins og hann birtist á hverjum tíma. Í þriðja lagi var svo það, og það var kannski einna mest umdeilt, að ákveðið var að taka upp skólagjöld, bæði í framhaldsskólum og í háskólum. Það var

gríðarlega umdeilt. Þeir alþýðuflokksmenn sem voru þá aðilar að stjórnarsamstarfinu voru mjög gagnrýnir á það og m.a. gerði hv. þm. Össur Skarphéðinsson grein fyrir þeirri gagnrýni opinberlega. Þessi þrjú atriði, niðurskurðurinn, námslánin og skólagjöldin, var allt harðlega gagnrýnt og mjög rætt á síðasta kjörtímabili. Hér er tekið út úr eitt atriði, samtímagreiðslur námslána, og ég spyr í framhaldi af því: Er hafin vinna við frv. um að breyta þessum málum, samanber frétt í Morgunblaðinu í dag? Hverjir eru í þeirri vinnu? Hvernig hyggst Framsfl. standa við þau fyrirheit sín að samtímagreiðslur námslána verði teknar upp á ný, að endurgreiðslureglunum verði breytt og að vaxtareglunum verði breytt því að það voru líka gefin fyrirheit um það, hæstv. forseti.

Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[15:05]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „Lög og reglur um Lánasjóð ísl. námsmanna verða endurskoðuð.“

Þetta starf er ekki hafið. Ég hef rætt það þegar innan ríkisstjórnarinnar og einnig við forustumenn námsmanna og verið er að leggja grunninn að því að þessi endurskoðun hefjist á lögunum og reglunum. Það liggja því engin frumvarpsdrög fyrir og málið er enn á undirbúningsstigi af hálfu ríkisstjórnarinnar og innan menntmrn.

Það hefur náðst gleðileg samstaða í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna um úthlutunarreglur og breytingar á þeim. Augljóst er að ekki er samstaða um atriði sem tengjast lögum og reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna og um það mál verður fjallað við undirbúning að framkvæmd þessa ákvæðis í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Hverjir koma að því máli mun koma í ljós þegar ríkisstjórnin hefur fjallað um málið og tekið um það ákvörðun en vilji minn stendur til þess að námsmenn eigi þar aðild.

[15:06]

**Flm. (Svavar Gestsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör en vildi inna hann nánar eftir því hvernig hann hugsar sér að staðið verði að endurskoðuninni. Hann sagðist mundu hafa um það samráð við námsmenn. Verður það gert með þeim hætti að þeim verði boðin aðild að endurskoðuninni, þ.e. þeir fari í vinnuhóp um málið? Gerir hann í öðru lagi ráð fyrir því að einhverjir fulltrúar stjórnarandstöðunnar komi að verkinu eða gerir hann ráð fyrir því að þetta verði algerlega lokað inni hjá stjórnarflokkunum eins og það var oft í síðustu ríkisstjórn. Í þriðja lagi: Hvað um samtímagreiðslur versus eftirágreiðslur námslána? Er hann tilbúinn til að láta í minni pokann fyrir meiri hluta Alþingis í þessu máli og fallast á samtímagreiðslur námslána sem er aðalatriðið í málinu?

[15:07]

**Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í andsvari mínu er málið enn til umræðu innan ríkisstjórnarinnar. Ég tel eðlilegt að haft sé samráð og samvinna við námsmenn í þessu máli. Um einstök efnisatriði í málinu ætla ég ekki að tjá mig á þessu stigi. Ég legg á það áherslu að allar breytingar á lögum og reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna verði ákvarðaðar með hliðsjón af kostnaði þannig að sjóðnum verði ekki stefnt í sama voða og var þegar hv. fyrirspyrjandi stjórnaði málefnum hans. Þann arf glímdi síðasta ríkisstjórn við til þess að bjarga sjóðnum frá greiðsluþroti eins og kunnugt er og ég vil ekki að sjóðnum verði stefnt í sama voða og hann var í þegar við tókum á málum hans 1992.

[15:08]

**Flm. (Svavar Gestsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég harma að hæstv. menntmrh. skuli ekki geta tekið af skarið um það hvort hann vill breyta eftirágreiðslum í samtímagreiðslur námslána eins og allir flokkar lýstu stuðningi við í kosningabaráttunni og sögðust mundu beita sér fyrir. Hitt er þó miklu verra að hann skuli vera haldinn af þessum ranghugmyndum um stöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna. Staðreyndin er sú að hún var góð. Eiginfjárstaða hans var góð að mati Ríkisendurskoðunar, jákvæð upp á 8 milljarða kr. Í öðru lagi er það sem er alvarlegt að hæstv. menntmrh. þyrfti endilega að kynna sér að staða sjóðsins versnaði á síðasta kjörtímabili undir stjórn formanns Alþfl. og Sjálfstfl. í þessu máli. Þrátt fyrir stóryrtar yfirlýsingar að þeir væru að bjarga sjóðnum stefndi hann lóðbeint á hausinn ef þeir hefðu haldið áfram með þeim aðförum gagnvart Lánasjóðnum, m.a. í lántökum hans sem þeir hófu á síðasta kjörtímabili.

[15:09]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að hv. 8. þm. Reykv. varði nokkrum tíma til þess að rifja upp hvað menn hefðu sagt fyrir kosningar í málinu og tíundaði þá sérstaklega ummæli hæstv. viðskrh. sem gekk reyndar fetinu framar, má kannski segja, en jafnvel hv. þm. Svavar Gestsson í loforðum um breytingar fyrir kosningar. En honum skjöplaðist í einu atriði og það var þetta að hann sagði að allir flokkar nema Sjálfstfl. hefðu heitið því að endurskoða ákvæði um eftirágreiðslur, þ.e. tekið afstöðu til spurningarinnar um samtímagreiðslur að loknu fyrsta námsári þegar menn hefðu sannað sig í námi.

Ég rifja upp fyrir hv. þm. að á fundi með stúdentum í Háskólabíói, sem var einn af nokkrum slíkum fyrir kosningar, var til svara af hálfu Sjálfstfl. Gunnar Birgisson, formaður Lánasjóðs ísl. námsmanna. Eftir að fjmrh. hafði svarað neitandi þessum spurningum svaraði hann því skýrt og skilmerkilega að það væri stefna Sjálfstfl. að líta það jákvæðum augum að tekin yrði upp samtímagreiðsla að loknu fyrsta námsári. Hann var þá spurður hvort þetta væri einkaskoðun hans

eða afstaða Sjálfstfl. Hann lýsti því yfir að það væri stefna Sjálfstfl. Hann var spurður hvort ætti að taka mark á honum eða hæstv. fjmrh. Á sjálfum mér, að sjálfsögðu, var hans afdráttarlausa svar. Það fer því ekkert á milli mála að yfirlýsingar lágu fyrir frá öllum flokkum fyrir kosningar um það að menn hefðu jákvæða afstöðu til þess að endurskoða ákvæðin um eftirágreiðslur, þ.e. að því er varðar Alþfl. og reyndar líka Sjálfstfl. með vísan til þessara ummæla „að loknu fyrsta námsári þegar menn hefðu sannað sig í námi" en það var tilgangurinn með þeim breytingum sem gerðar voru réttilega að mínu mati til fyrri ríkisstjórnar að tryggja það að námslánin kæmu þeim að gagni sem væru í alvörunámi og stæðu við námsframvindukröfur.

[15:11]

**Flm. (Svavar Gestsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir þá áminningu sem hann hefur veitt mér og ég tek hana til greina. Hins vegar varð ég fyrir þeirri ógæfu, sem er ekki algengt satt best að segja, en kemur þó fyrir mig að ég tók mark á Morgunblaðinu. Fimmtudaginn 23. mars 1995 segir svo, með leyfi forseta:

„Aðrir en Gunnar Birgisson, stjórnarformaður LÍN og frambjóðandi Sjálfstfl., töldu ástæðu til að koma á samtímagreiðslum eða skoða möguleika á að koma þeim á eftir að sýnt hefði verið fram á árangur á fyrsta ári."

Hér treysti ég á mitt minni, sem mig minnti að hefði nákvæmlega verið svona, en í öðru lagi á Morgunblaðið sem ég vona að hendi mig ekki allt of oft.

[15:12]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 21/1992, um Lánasjóð ísl. námsmanna. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. voru í kosningabaráttunni gefin ýmis fyrirheit um breytingar á þessum lögum. Menn létu þar ýmsir stór orð falla og ég tek undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi hér áðan að fróðlegt væri að heyra frá hæstv. núv. iðnrh. hvernig hann hyggst standa við einhver af sínum stóru orðum sem fóru einna hæst í þeirri umræðu. En frambjóðendur Þjóðvaka lýstu í kosningabaráttunni þeirri skoðun sinni að endurskoða bæri lögin, sérstaklega með tilliti til eftirágreiðslna. Ljóst þótti að þær meginforsendur sem menn töldu sig hafa fyrir þessari breytingu á sínum tíma stóðust ekki.

Eftirágreiðslukerfinu einu og sér hefur ekki tekist að koma í veg fyrir svokallaða ofgreiðslu lána eins og menn þó báru við sem rökum. Þar mundi því frekar vera um að kenna að reglur um skil á upplýsingum voru ekki nógu strangar og námsárangur mældur í meðalnámsframvindu hefur heldur ekki aukist að neinu marki frá því að eftirágreiðslukerfið kom til skjalanna. Þannig má fullyrða að hvorug þessara forsendna hafi staðist. Staða sjóðsins var auðvitað meginyfirvarp og ástæða þeirra ráðstafana og breytinga sem gripið var til. Þess vegna stóð sjóðurinn vel til höggsins eins og einhver hefði orðað það.

Hér skal ekki dregið í efa að grípa þurfti til ráðstafana til að bæta stöðu sjóðsins, um það hafa eflaust allir verið sammála. Hitt greindi menn á um og greinir enn á hverjum þær ráðstafanir áttu fyrst og fremst að lenda. Áttu þær að fæla barnafólk frá námi og þá alveg sérstaklega einstæða foreldra? Áttu þær að fækka nemendum í háskólanámi erlendis? Er það ekki umhugsunarefni og áhyggjuefni að nemendum í raungreinanámi hefur fækkað mest allra? Erlendis í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við þykir það áhyggjuefni að ekki fjölgi nóg í slíku námi. Stóð til að fækka námsmönnum þvert á spá um fjölgun? Hvað með tengslin við atvinnulífið og þróun þess? Urðu þessar breytingar ekki til þess að auka enn frekar það atvinnuleysi sem farið hefur vaxandi frá þessum tíma og kemur sérlega illa við ungt fólk og það ungt fólk án fagmenntunar?

Menn guma af betri fjárhag sjóðsins en augljóslega hefur sú staða kostað annað og meira en menn bjuggust við. Eða hvað? Framantalið eru grófar útlínur á meintum árangri þessara breytinga eins og þær hafa snúið að námsmönnum og fjölskyldum þeirra. Eftirágreiðslukerfið hefur í för með sér mikinn kostnað fyrir námsmenn sem þurfa að fleyta sér á bankalánum á meðan beðið er eftir afgreiðslu námslána. Þær vaxtabætur sem greiddar eru nægja hvergi fyrir bankakostnaði hjá þeim hópum sem veikjast, falla á prófi eða skila ekki fullri námsframvindu af einni eða annarri ástæðu. Eftirágreiðslurnar valda því að ef lánþegi, námsmaður, lendir í vandræðum einu sinni getur hann átt í erfiðleikum með að taka upp þráðinn á nýjan leik vegna dýrra bankalána.

Það er ljóst að í sumum tilvikum eru gerðar óraunhæfar kröfur til námsframvindu. Eftirágreiðslur hafa einnig sett mönnum óeðlilega þröngar skorður varðandi skipulag í námi. Þar þarf að auka svigrúm. Það hljóta menn að geta lesið út úr breytingunum á námsmannahópunum og vali á viðfangsefnum og greinum. Og það leiðir hugann að stöðu sjóðsins. Svo virðist sem öðrum hagsmunum hafi verið fórnað fyrir hugsanlega betri stöðu hans. Sú billega leið var valin að ýta vandanum með þeim hætti á undan sér. Námsmenn bera sjálfir bankakostnað, þar með talda vexti, sem sjóðurinn síðan lánar þeim fyrir í formi vaxtaábótar. Hversu háar upphæðir eru það sem LÍN hefur lánað námsmönnum vegna vaxta í bankakerfinu? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um. Þessi kostnaður, vaxtakostnaður í bankakerfinu safnast upp í löngu námi og eykur á skuldir og það með hertum endurgreiðslureglum þrengir vissulega möguleika viðkomandi í framtíðinni. Vilja menn horfa til þeirrar framtíðar að ungt fólk þurfi að velja á milli þess að mennta sig, að fá námsaðstoð, og þess að eignast húsnæði?

Vel er hægt að hugsa sér að afnema eftirágreiðslukerfið í áföngum þannig að ekki þurfi að flytja alla upphæðina á milli fjárlagaára í einu. Aðalatriðið er að mörkuð verði sú stefna að tekið verði á þeim göllum kerfisins sem ég hef hér að framan farið yfir. Efnislega styðjum við frv. sem hér er til umfjöllunar en það þarf að taka á fleiru og hugsa suma hluti upp að nýju.

Ég hef áður nefnt að auka þurfi svigrúm námsfólks varðandi námsframvindu og skipulag náms, sérstaklega þeirra sem höllum fæti standa. Annars stendur kerfið engan veginn undir nafni sem námsaðstoðarkerfi. Það má líka hugsa sér annað fyrirkomulag á styrkjum við námsmenn en að þeir komi tilviljunarkennt í gegnum endurgreiðslur á námslánum því það er ljóst að miðað við núverandi kerfi, og raunar alltaf, hefur umtalsverður hluti lánanna endað sem styrkur. Og ef við erum með styrkjakerfi á annað borð er þá ekki rétt að endurskoða kerfið út frá þeirri staðreynd og e.t.v. hugsa upp á nýtt?

Það spor sem hér er lagt til að stigið verði er vissulega í rétta átt en númer eitt er að viðurkenndir séu ágallar núverandi kerfis og hversu illa það hefur komið við þá hópa sem mest þurfa á námsaðstoð að halda. Sú endurskoðun sem ríkisstjórnin hyggst fara í tekur vonandi mið af því að þeirra hagsmunum verði ekki stefnt í voða en ekki aðeins því að sjóðnum verði ekki stefnt í svokallaðan voða.

[15:18]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. flutningsmanni þessa frv. að í nýliðinni kosningabaráttu komu málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna mjög oft til umræðu enda um mikilvægt mál að ræða fyrir alla landsmenn, ekki aðeins námsmenn sjálfa. Á það vil ég leggja mikla áherslu því að Lánasjóður ísl. námsmanna er eitt mikilvægasta tækið sem við höfum til að stuðla að jafnrétti til náms sem að mínu mati er einn af hornsteinum lýðræðisins.

Í stefnuskrá Kvennalistans er kveðið skýrt á um það að við viljum að námslán dugi til framfærslu, að Lánasjóður ísl. námsmanna tryggi jafnrétti til náms og að endurgreiðslur námslána verði viðráðanlegar. Við kvennalistakonur getum því tekið heils hugar undir það sjónarmið að það beri að endurskoða lögin um lánasjóðinn í heild sinni. Það frv. sem hér er til umræðu tekur aðeins á hluta vandans. Þá breytingu sem hér er lögð til um að taka upp samtímagreiðslur námslána á ný tel ég verulega til bóta og mjög mikilvæga því það er fullkomlega óeðlilegt að námsmenn þurfi að fjármagna sína framfærslu með bankalánum þangað til að þeir fá námslánin. Það sem mér finnst hins vegar að þessu frv. er að ekkert skilyrði á að vera fyrir því að lán verði veitt jafnvel í mörg ár nema námsárangur á fyrsta missiri. Ég get ekki túlkað þenna texta öðruvísi því að lagt er til að fyrstu þrjár málsgreinar 6. gr. núgildandi laga falli brott en þar segir í 3. mgr.:

„Námslán skal ekki veitt nema námsframvinda sé með eðlilegum hætti."

Ég er alls ekki viss um að það sé ætlan flutningsmanns að hafa lögin svona víð en ég get ekki túlkað þennan frumvarpstexta öðruvísi. Ég tel það fullkomlega eðlilegt að lán sé eingöngu veitt í samræmi við námsframvindu, að hún sé einhver, eða að hún sé eðlileg og að vissulega megi skilgreina eðlilega námsframvindu á mismunandi hátt. En það sem hér er lögð megináhersla á, að taka upp samtímagreiðslur, er mjög mikilvægt og það vil ég styðja. Því vil ég gjarnan spyrja hv. flutningsmann hvort það sé ætlan hans með frv. að taka í burt öll skilyrði um námsframvindu nema á fyrsta missiri fyrsta árs.

Að lokum vil ég fagna að það stendur til samkvæmt upplýsingum frá menntmrh. að endurskoða lögin um lánasjóðinn á næstunni og það er von mín að stjórnarandstaðan fái tækifæri til að koma að því máli og að þessi vinna fái forgang því um mjög brýnt mál er að ræða. Menntamálin eiga að fá nokkurn forgang á komandi kjörtímabili sem vissulega er fagnaðarefni og löngu tímabært og lánasjóðurinn er þar einn mjög mikilvægur hlekkur.

[15:24]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. flutningsmanni að það er ástæða til að rifja upp hvað menn sögðu að því er varðaði lánsaðstoð við námsmenn í nýliðinni kosningabaráttu. Hv. þm. Svavar Gestsson, flutningsmaður þessa máls, sem er að vísu gamalt mál, gerði atrennu að því; veittist jafnframt að fyrrv. ríkisstjórn fyrir aðhaldsaðgerðir hennar í þessu máli. Hann hélt því reyndar fram að það hefði engin nauður rekið til neinna aðhaldsaðgerða, fjárhagsstaða sjóðsins hefði verið hin prýðilegasta og engin ástæða til slíkra aðgerða og reyndar væri það svo að fjárhagsstaðan væri lakari nú en áður var.

Nú vill svo til að hv. þm. er að sönnu ekki óskrifað blað í þessum málum. Og það er líka ástæða til að rifja upp um leið og menn rifja upp kosningaloforðin hvað stóð á því óskrifaða blaði. Það er staðreynd að í tíð ríkisstjórnarinnar 1988–1991 var rýmkað um réttindi lánasjóðsins og í samræmi við það var aukin fjárþörf. En gallinn var sá að þessu var ekki fylgt eftir með auknum framlögum. Á sama tíma og fjárþörfin fór vaxandi fóru fjárframlögin minnkandi. Lánasjóðnum var þess vegna vísað í vaxandi mæli á dýr erlend skammtímalán á háum vöxtum. Það fé var síðan lánað út til langs tíma á engum vöxtum. Það var alveg fyrirsjáanlegt að ef þetta héldi áfram þá mundi Lánasjóður ísl. námsmanna komast í þrot og verða að engu gagni til að sinna hlutverki sínu, að tryggja þessa námsaðstoð og meint jafnrétti til náms á næstu árum. Það er þess vegna staðreynd að aðhaldsaðgerða var þörf.

Til þeirra aðhaldsaðgerða var gripið á fyrri hluta sl. kjörtímabils og það sem gerðist í kosningabaráttunni var að ýmsir urðu til þess að lýsa því yfir að þeir væru reiðubúnir til að endurskoða ákvæðin ákvæði í ljósi fenginnar reynslu. Það sem sagt var af hálfu Alþfl. í þessu máli, svo það verði nú endurtekið hér með skýrum og skilmerkilegum hætti, var tvennt:

Í fyrsta lagi. Við sögðum að við værum reiðubúnir til þess að endurskoða gildandi ákvæði um eftirágreiðslur námslána að því skilyrði fullnægðu að það ætti við að loknu fyrsta námsári, eftir að menn hefðu sannað sig í námi á fyrsta námsári með því að standa undir þeim kröfum um námsframvindu sem gerðar eru. Og það stóð aldrei til að hverfa frá námsframvindukröfunum. Þegar menn andmæltu því, t.d. af hálfu hæstv. fjmrh. eða stjórnar lánasjóðsins, og sögðu að

þetta mundi hafa í för með sér stóraukin útgjöld þá vefengdum við þær forsendur vegna þess að þessi breyting, þessi skilyrta breyting, þ.e. að fenginni reynslu um námsframvindu fyrsta árs þyddi auðvitað að þar var haldið í aðhaldskerfi þannig að við mátum þær tölur um kostnaðarauka óraunsæjar og ekki réttar.

Í annan stað var það spurningin um eftirágreiðslurnar. Það sem við sögðum í því efni var þetta: Frá því að þær reglur voru hertar hafa líka orðið ýmsar aðrar breytingar í þjóðfélaginu sem gera mönnum erfiðara fyrir að standa undir greiðslubyrði lána. Þar má nefna til bæði húsbréfakerfið og framkvæmd þess sem og auðvitað ýmsar aðrar aðstæður fólks í þjóðfélaginu á þrengingartímum. Við sögðum: Við erum þess vegna reiðubúnir til þess að fá hóp óháðra sérfróðra manna til að fara ofan í saumana á því máli og að endurskoða það í ljósi niðurstaðna slíkrar úttektar.

Þetta tvennt var sagt og þetta tvennt viljum við standa við. Ég vek athygli á því að í þessu máli er einungis vikið að samtímagreiðslunni og þá að loknu fyrsta missiri. Þar er gengið lengra en við lofuðum. Hins vegar er þarna ekki vikið að spurningunni um endurgreiðslu. Þess vegna er ástæða til að ætla að þetta mál verði aftur tekið upp á haustþingi og þá í ljósi þeirrar staðreyndar sem fram kom í máli hv. framsögumanns að fulltrúar allra flokka hafa gefið yfirlýsingar um breytingar í ljósi reynslunnar.

Það á að sjálfsögðu við um annan stjórnarflokkinn, Framsfl. Það er reyndar mjög minnisstætt úr kosningabaráttunni að það gekk enginn eins framarla í loforðum og stóryrðum um það hversu sjálfsagt það væri að kippa þessu í liðinn, hversu mikið mannréttindamál það væri, og hvílík afturhaldssjónarmið það væru sem hefðu ráðið því að grípa til aðhaldsaðgerðanna. Sá hv. þm. situr nú hér í grænum fötum, hæstv. viðskrh., vistvænn mjög, og er komið að því að hann standi nú við stóru orðin. Því ég hygg að ef orðtekið væri orðasafn hans í þessum málaflokki á liðnum árum þá mundi það verða ansi þykkt og ansi þykkt smurt. Honum verður haldið við efnið.

Síðan er það að í kosningabaráttunni gerðist það að sá trúnaðarmaður Sjálfstfl., sem hvað mest hefur um þessi mál fjallað í reynd í verki, borið ábyrgð á framkvæmdinni sem formaður stjórnar lánasjóðsins á breytingunum, gekk fetinu framar en hæstv. fjmrh. í sínum yfirlýsingum og kvaðst aðspurður á fjölmennum fundi með námsmönnum ekki vera að lýsa persónulegum skoðunum sínum heldur talaði hann í nafni flokksins. Það er því mikill vilji til að líta á þessar breytingar. Í því felast af hálfu okkar alþýðuflokksmanna engin yfirboð eða ábyrgðarleysi. Það var nauðsynlegt að grípa til aðhaldsaðgerðanna. Við höldum því fram að ef þeim er haldið á fyrsta námsárinu mjög stranglega og ekki er fallið frá eðlilegum kröfum um námsframvindu þá séu slíkar tillögur ekki til þess fallnar að stofna fjárhagsgrundvelli sjóðsins í hættu.

Að því er varðar endurgreiðsluhlutfallið og endurgreiðslureglurnar þá er afar eðlilegt í ljósi slíkrar löggjafar og reynslu á fjórum árum að það sé tekið til endurskoðunar. Þá verði ekki stuðst við tölur eingöngu frá stjórn lánasjóðsins eða embættismönnum í fjmrn. og menntmrn. heldur verði hlutlausir aðilar fengnir til þess.

Herra forseti. Um þetta mál hefur oft og lengi verið deilt í þingsölum og utan og í íslenskri pólitík. En um eitt í því efni ættu menn væntanlega að geta orðið sammála um og það er þetta: Það er afar æskilegt að friður gæti skapast um grundvallarreglur og forsendur þessa námsaðstoðarkerfis. Allt sem gert er til þess að kippa fótunum undan því fjárhagslega er á kostnað komandi kynslóða ef menn spenna bogann of hátt; ef menn ætla að fjármagna þetta í núinu með erlendum skammtímalánum og háum vöxtum þá eru menn að slá sig til riddara eða afla sér vinsælda hjá þeim sem eru nú viðskiptavinir sjóðsins á kostnað þeirra sem eiga að verða það í framtíðinni. Það er ekki gæfuleg stefna. Menn eiga þess vegna að ganga fram í þessu máli út frá þeim sjónarmiðum að þetta námsaðstoðarkerfi geti staðið nokkurn veginn á eigin fótum.

Það er jákvætt að samanburður sem gerður hefur verið á því við námsaðstoðarkerfi flestra annarra þjóða leiðir í ljós að þetta er hagstætt námsaðstoðarkefi ef það stenst fjárhagslega. Við eigum að reyna að skapa festu um fjárhagsgrundvöll kerfisins vegna þess að því aðeins að það verði gert kemur það að notum.

Það er hins vegar alveg laukrétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að það er svo margt tilefnið eftir síðustu kosningabaráttu að spyrja spurningarinnar: Hvað er lýðræðið? Hver eru vinnubrögð lýðræðis og til hvers erum við hér? Vegna þess að orðasafnið, dálkmetrarnir af kosningaloforðum sem gefin voru ekki síst af hv. þm. Framsfl., ekki síst af þeim sem nú prýða ráðherrabekki voru „legíó". Það á við um háspennt kosningaloforð, misvísandi eftir kjördæmum, í sjávarútvegsmálum og reynir nú á það þessa dagana, þessi dægrin, þessi missirin, hvort kjósendur standa uppi sem ginningarfífl, hafandi verið blekktir af ábyrgðarlausum frambjóðendum. Það á við í sjávarútvegsmálunum. Það á einnig við að því er varðar GATT-málið þar sem svo háttar til að tugþúsundir kjósenda kusu Sjálfstfl. í trausti þess að þeir væru að kjósa flokk sem gætti af sanngirni hagsmuna frjálslynds og umbótasinnaðs fólks sem einkum býr í þéttbýli og er launþegar.

Reyndar má segja að fylgismenn Sjálfstfl., 45 þúsund eða þar um bil í Reykjavík og á Reykjanesi, hafi verið að kjósa sér þingmenn til þess að gæta hagsmuna síns fólks, þ.e. borgarbúa, neytenda, launþega í okkar þjóðfélagi. Enginn maður byggði upp þær væntingar að GATT-samkomulagið væri til þess fallið að lækka verðlag þegar í stað. En hitt er ljóst að ákvæði þess um lágmarksmarkaðsaðgang og spurningin um leiðir við útfærslu er spurning um það hvort menn ætla yfirleitt að festa í sessi einokunarkerfi sem er algjörlega stýrt af sjónarmiðum framleiðenda, skammtímasjónarmiðum þeirra eða hvort menn ætla að taka eitthvert sanngjarnt tillit til langtímahagsmuna og hagsmuna neytenda. Þessi dægrin standa menn á því prófi, allir þingmenn Sjálfstfl. sem kosnir voru í Reykjavík og á Reykjanesi — og reyndar ný framsókn sem sló

sig til riddara hér sem eitthvert nýtt afl. Nú er spurningin hvort gamla andlitið, andlit framsóknarkefisins, gömlu kerfiskarlanna, gamla einokunarkerfisins, verður hið rétta andlit. En þá er niðurstaðan þessi: Að kjósendur hafi verið blekktir í stórum stíl til fylgilags við þessa flokka og að þessi ríkisstjórn sé þar af leiðandi mynduð á grundvelli svikinna kosningaloforða eða á grundvelli pólitískra blekkinga sem ekki er sæmandi. Það er mjög afdrifaríkt og lærdómsríkt fyrir kjósendur að hugleiða þetta og hugleiða það sem viturlega hefur verið sagt, reyndar af frambjóðanda Sjálfstfl. á Vestfjörðum, að menn kjósa ekki eftir á.

[15:35]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Það var réttilega að því vikið af hv. síðasta ræðumanni að það er þó nokkurt tilefni til að hefja umræður um það hvers eðlis lýðræðið er í okkar landi. Við höfum mörg hver talið að lýðræðið væri sáttmáli milli almennings í landinu, kjósenda og þeirra sem gefa kost á sér til þess að þjóna þjóðinni í ákveðinn tíma á grundvelli ákveðinna fyrirheita. Ef fyrirheitin eru marklaus og þau svikin þá verða kosningarnar í reynd marklausar. Oft á tíðum hafa menn fjallað um lýðræðiskerfið annars vegar og markaðskerfið hins vegar með sambærilegum hætti. Grundvöllur markaðskerfisins felst í því að menn geti treyst orðum og gjörðum sem birtast á markaði. Ég tek dæmi:

Við höfum sjálfsagt öll oft á ævinni komið í verslun og keypt pakka af kornflögum. Við förum með pakkann að borðinu og greiðum fyrir hann. Förum með hann heim og setjum hann upp í skáp. Við tökum hann svo út úr skápnum eftir nokkra daga þegar búið er úr gamla pakkanum og opnum hann og treystum því að það séu kornflögur í pakkanum. Ef við hins vegar kæmumst að raun um það þegar við tökum hann niður úr skápnum og opnum hann að það er sag í pakkanum en ekki kornflögur þá mundum við umsvifalaust fara með pakkann aftur í verslunina, kæra fyrir vörusvik og gripið yrði til aðgerða gagnvart viðkomandi viðskiptaaðila af hæstv. viðskrh. og stofnunum hans. Við opnum ekki alla kornflögupakkana sem við förum með út úr stórmörkuðunum til þess að ganga úr skugga um að það séu í raun og veru kornflögur í þeim. (**JBH:** Nú veit hv. þm. að það á að borða hafragraut.) Látum það vera. Það gildir alveg sama um það, hv. þm., vegna þess að til þess að geta borðað hafragrautinn þyrftum við að kaupa hafraframjöl og við þyrftum að geta treyst því að það væri haframjöl í pakkanum sem við færum með heim en krefðumst þess ekki af afgreiðslufólkinu við kassana að pakkarnir yrðu opnaðir svo við gætum krafist þess að varan væri ekki svikin.

Þeir menn sem maður stundum kynnist í alþjóðastarfi sem hafa barist fyrir lýðræði í heimalöndum sínum og sumir félagar þeirra og samherjar látið lífið eða setið í fangelsum í þágu þess málstaðar telja þann sáttmála sem gerður er í kosningum vera nánast heilagan. Ef lýðræðið hins vegar tekur á sig þá mynd að þeir sem gefa kost á sér til þjónustu svíkja sín fyrirheit öll þannig að yfirlýsingarnar eru marklausar, þá er í eðli sínu enginn munur á framkvæmd slíks lýðræðiskerfis og í þeim löndum þar sem skipt er um atkvæðaseðlana í kjörkössunum áður en talið er. En það eru því miður til lönd í heiminum þar sem svokallaðar kosningar eru framkvæmdar með þeim hætti að það er skipt um seðla áður en talið er.

Við sátum á fundi í Háskólabíói, ég og hv. síðasti ræðumaður, Jón Baldvin Hannibalsson, fyrir fullu húsi háskólastúdenta. Þar var meðal ræðumanna formaður Framsfl., núverandi utanrrh. Hann lýsti því yfir formlega aðspurður af kjörnum forustumanni stúdenta í Háskólabíói að Framsfl. mundi beita sér fyrir því að afnema eftirágreiðslurnar. Það var formleg yfirlýsing formanns Framsfl. gagnvart stúdentum í fullum sal í Háskólabíói að þessi breyting sem Framsfl. hafði staðið að að boða hér á Alþingi hefði forgang, væri forgangsatriði af hálfu Framsfl. í málefnum lánasjóðsins. Og hér á Alþingi fluttu þingmenn Framsfl. allnokkrum sinnum yfirlýsingar um það að sú skipan sem verið hefði á málefnum lánasjóðsins væri brot á jafnrétti í landinu og væri á þann veg að það væri ekki hægt að líða að það yrði óbreytt. Ég vil lýsa hér t.d. orðum Páls Péturssonar, núv. hæstv. landbrh., (**Gripið fram í:** Nei.) núv. hæstv. félmrh., sem vildi verða landbrh. og lætur ekkert tækifæri ónotað að lýsa því yfir að hann hefði frekar viljað vera landbrh., þannig að það er eðlilegt að mér verði á þessi mismæli hér í ræðustólnum, sem hann mælti hér á Alþingi fyrir tæpu ári síðan. Hvað sagði þm. Framsfl., Páll Pétursson, núv. ráðherra, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er býsna ömurlegt hlutskipti sem hæstv. menntmrh. hefur fengið. Hann er búinn að vera bráðum fjögur ár í menntmrn. og hver er svo slóðin hans? Þetta er ráðherrann sem afnam jafnrétti til náms með meðferð sinni á Lánasjóði ísl. námsmanna. Jafnrétti til náms er grundvallaratriði í mínum huga."

Framsfl. var fyrir tæpu ári síðan þeirrar skoðunar á Alþingi eins og birtist í tilvitnuðum orðum frá 25. okt. 1994 af hálfu Páls Péturssonar að sú skipan sem gilti í málefnum lánasjóðsins jafngilti því að afnema jafnrétti til náms. Hvenær á, hæstv. viðskrh., að innleiða á nýjan leik jafnrétti til náms af þessari ríkisstjórn? Eða er Framsfl. líka reiðubúinn að hlaupa frá þessu fyrirheiti?

En þetta var ekki eina yfirlýsingin sem var gefin af forustumönnum Framsfl. og núv. ráðherrum. Annar núv. ráðherra, Guðmundur Bjarnason, — og hann er nú örugglega núv. landbrh. — lýsti því yfir hér á þingi í desember í fyrra fyrir u.þ.b. sex mánuðum síðan, hæstv. viðskrh., „að breyttar úthlutunarreglur hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna á undanförnum árum hafa og eru nú að ógna jafnrétti til náms sem hefur verið meginmarkmið íslenskra stjórnvalda um langt árabil."

Hér eru tilvitnanir í tvo ráðherra í núv. hæstv. ríkisstjórn, forustumenn Framsfl., varaformann flokksins, núv. félmrh., sem ásamt formanni Framsfl. lýstu því allir yfir í aðdraganda kosninga að grundvallarbreytingar á reglum lánasjóðsins til þess að endurreisa jafnréttið væri forgangsatriði af hálfu Framsfl. Og ég er al-

veg viss um það, þótt núv. hæstv. viðskrh. hafi kannski ekki lýst því yfir hér í þingsalnum, að miðað við þann sess sem hann hefur haft í málefnum námsmanna innan Framsfl. þá hefur hann gert það við fjölmörg önnur tækifæri.

Það er hægt að nefna hér fjölmörg önnur tækifæri á þingi, bæði á síðasta þingi og þinginu þar á undan, þar sem talsmenn Framsfl. töluðu á þann veg að alveg var ótvírætt að Framsfl., fengi hann til þess umboð, mundi beita sér fyrir afgerandi breytingum á úthlutunarreglum lánasjóðsins og starfsreglum sjóðsins til þess að hefja á ný til vegs það sem framsóknarmenn hér á þingi og við margir hverjir aðrir kölluðum jafnrétti til náms.

Hv. þm. Jón Kristjánsson, núv. formaður fjárln., mótmælti því t.d. harðlega, svo notuð séu hans eigin orð, hér á þinginu að þær skerðingarreglur sem innleiddar hefðu verið á lánasjóðnum væru látnar viðgangast.

Satt að segja verð ég að játa það hér að ég trúði yfirlýsingum forustumanna Framsfl., bæði þeim sem við heyrðum í kosningabaráttunni og þeim sem voru fluttar á Alþingi að a.m.k. afnám reglunnar um eftirágreiðslunnar yrðu forgangsatriði ef Framsfl. kæmist til valda. Nú sýnist manni hins vegar stefna í að þúsundir íslenskra námsmanna þurfi að hefja nám núna í haust án þess að þessu sé breytt. Mér er fullkunnugt um það af samtölum við ýmsa þá einstaklinga sem hafa verið að útskrifast úr a.m.k. einum menntaskólanum hér í höfuðborginni þetta vorið að það er þáttur í ákvörðunum ýmissa nýstúdenta að hefja vinnu næsta haust í stað þess að ganga beint í háskólanám þó að þeir séu með góða útkomu á stúdentsprófi vegna þess að þeir hafa ekki tekjur í hendi til þess að geta hafið nám við háskólann strax í haust. Þeir eru tilknúnir vegna þeirra reglna sem síðasta ríkisstjórn bjó til og núv. ríkisstjórn ætlar að halda áfram a.m.k. á þessu ári ári, að gera hlé á námsferli sínum til þess að geta brugðist við þessu óréttlæti, þessari ósanngirni og þessu ójafnrétti sem er í gildandi reglum. Þess vegna finnst mér lágmarkskrafa að þetta frv. eða annað með sömu efnisatriðum verði samþykkt áður en þingi lýkur. Það er alveg ljóst af hálfu Framsfl., Alþb., Þjóðvaka, Kvennalistans og Alþfl. var því lýst yfir fyrir kosningar að a.m.k. þessi breyting yrði gerð. Kannski var ágreiningur um ýmislegt annað en samstaðan var afdráttarlaust um þetta atriði og hún birtist skýrt á þessum fundi í Háskólabíói þar sem Framsfl. hafði svo mikið við gagnvart stúdentum að formaður flokksins mætti á fundinum og gaf yfirlýsingarnar. Ég ætla þess vegna að vonast til þess að frv. eða þá annað með sama efnisinnihaldið verði afgreitt áður en þingi lýkur. Það er sanngirnismál og það er í samræmi við anda lýðræðisins. Annað væri svik á þeim fyrirheitum sem voru gefin. Við skulum átta okkur á því, hæstv. viðskrh., að það voru þúsundir af ungum Íslendingum sem núna eftir menntaskóla- og fjölbrautaskólanám standa í fyrsta skipti í þeim sporum að ákveða sjálfir göngu sína. Menntakerfið á Íslandi hefur í grófum dráttum verið þannig í eðli sínu að menn hafa gengið upp eftir skólakerfinu fram að stúdentsprófi eftir nokkuð föstum brautum. En eftir að menntaskólanámi og fjölbrautaskólanámi er lokið kemur að því að hver og einn stendur með sjálfum sér og tekur ákvörðun. Það er alveg ljóst að efnahagslegu skilyrðin, sem sköpuð voru með núverandi reglum lánasjóðsins, hafa áhrif á ákvarðanir þessara einstaklinga.

Sú ríkisstjórn, sem nú situr, hefur þar að auki sett sér það markmið að koma atvinnulífinu í gang, draga úr atvinnuleysinu, efla hagvöxtinn. Það var eitt af fyrstu verkum núv. hæstv. viðskrh. að fara á ráðstefnu OECD um þau efni. Allir sérfræðingar eru sammála um það að lykilatriðið í þróun atvinnulífs á komandi árum er fjárfesting í menntun. Það mál sem við erum að ræða er þess vegna ekki aðeins réttindamál þeirra einstaklinga sem stunda nú nám á Íslandi. Þetta er spurning um fjárfestingarstefnu íslensks samfélags, spurning um atvinnustefnu íslensks samfélags og ríkisstjórn sem ætlar ekki að gera það að forgangsatriði að skapa jafnrétti til náms til þess að þúsundir af ungu fólki geti búið sig þannig úr garði að íslensku þjóðfélagi nýtist fjárfestingin sem er í menntuninni er að segja að ekki sé heldur að marka yfirlýsingarnar um hagvöxtinn, yfirlýsingarnar um að efla atvinnulífið, yfirlýsingarnar um að styrkja fjárfestingargrundvöllinn. Þess vegna segi ég eindregið að framlög til menntamála á Íslandi eru ekki bara framlög til velferðarmála eins og stundum er gert þegar verið er að ræða velferðarkerfið. Framlög til menntamála á Íslandi eru fjárfesting í atvinnulífinu og væri þess vegna alveg eins skynsamlegt að flokka þær tölur í ríkisreikningum og þjóðhagsreikningum með fjárfestingarkostnaði og að flokka þær einfaldlega sem útgjaldalið í velferðarkerfinu.

Ef núv. hæstv. viðskrh. ætlar ekki að beita sér fyrir því að þessu verði kippt í liðinn varðandi lánasjóðinn strax á sumarþinginu þá er hann um leið að segja að sú atvinnustefna, sem hann er fulltrúi fyrir, sem ríkisstjórnin hefur sett á oddinn, sé líka innihaldslaus. Hún er þá álíka innihaldslaus og loforðin sem voru gefin á kosningafundunum, hér í þessum ræðustól, í kosningastefnuskránni af hálfu a.m.k. annars stjórnarflokksins.

Við þingmenn Alþb. biðum með að flytja þetta frv. eða taka ákvörðun um það þar til við sáum að samkvæmt þeim boðum sem gengu út frá ríkisstjórninni í aðdraganda þingsins virtist það ekki vera ætlun ríkisstjórnarinnar að afgreiða mál af þessu tagi á þinginu. Ég vona hins vegar að þetta verk okkar hafi orðið til þess að menn sjái að það er ekki sæmandi, hæstv. viðskrh., að tilkynna núna þeim þúsundum Íslendinga sem eru að velta því fyrir sér hvort þeir eigi að hefja háskólanám í haust að ekkert hafi verið að marka fyrirheitin sem voru gefin af hálfu meiri hluta þings fyrir kosningar því að það er alveg ljóst að miðað við þær yfirlýsingar er dúndrandi meiri hluti í þingsalnum til að gera þessa breytingu. Ef hún er ekki gerð blasir bara tvennt við: Annaðhvort hefur Framsfl. ekki meint neitt með því sem hann hefur sagt í kosningunum, hefur selt mönnum sag í kornflögupakkanum eða haframjöls-

pakkanum í staðinn fyrir hina raunverulegu vöru eða þá að Sjálfstfl. hefur krafist þess að breytingin yrði ekki gerð. Ég tel afar mikilvægt að annaðhvort fulltrúi Framsfl. eða þá fulltrúi Sjálfstfl. upplýsi í umræðunum hvort svo er, hvort Sjálfstfl. hefur gert kröfu til þess að breytingunni yrði hafnað. Ef það liggur fyrir er hægt að skoða það. Ef það liggur ekki fyrir er hins vegar alveg ljóst að áhugaleysi Framsóknar á þessum málaflokki er það mikið að þeir hafa ekki einu sinni tekið það upp við Sjálfstfl. að gera breytinguna nú þegar.

Þá má vel vera að hæstv. ráðherrum Framsfl. og þingmönnum finnist dálítið þreytandi að við séum að taka þá upp í fyrri yfirlýsingum sínum. En það er gott að núv. hæstv. viðskrh. gefur til kynna með því að hrista höfuðið að svo er ekki vegna þess að það er stór bunki af yfirlýsingum, af frumvörpum, af nefndarálitum, af kosningaplöggum, af ræðum og auglýsingum og myndbandsspólum sem við eigum frá Framsfl. og þjóðin í kosningabaráttunni og síðustu þingum þar sem bæði þessu og aragrúa af öðru var lofað.

Ég vil svo að lokum segja það að mér finnst ekki alveg sanngjarnt hjá Alþýðublaðinu sem fer nú að vísu batnandi þessa dagana að gera athugasemd við það að nýr þingmaður af Seltjarnarnesi, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, skuli hafa sagt eitthvað annað á Alþingi en hún sagði í kosningabaráttunni, þegar formaður Framsfl., varaformaður Framsfl. og núv. viðskrh. eru vaðandi upp fyrir haus í yfirlýsingum þar sem þeir segja annað eftir kosningar en þeir sögðu í kosningabaráttu. Mér fyndist meiri manndómsbragur af Alþýðublaðinu að ráðast þá á húsbændurnar á staðnum heldur en gera út sérstakan leiðangur til þess að ráðast á þennan nýja þingmann af Seltjarnarnesinu.

[15:55]

**Jón Baldvin Hannibalsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög stutt og það er bara í tilefni af seinustu ummælum seinasta hv. ræðumanns. Ég held að þetta sé ekki skynsamleg skoðun hjá honum að fara eigi í manngreinarálit um að hver segi satt og hvenær. Eigum við ekki að gera þá kröfu skilyrðislaust alveg án tillits til þess hvaða stöðu viðkomandi gegnir. Hv. þm. af Seltjarnarnesi, Siv Friðleifsdóttir, var frambjóðandi. Hún átti stóran þátt í því að reyna með ótvíræðum kosningaloforðum að laða nýtt fylgi til Framsfl. í krafti loforða um að þeir frambjóðendur flokksins á Reykjanesi styddu aðra stefnu í grundvallarmálum, sjávarútvegsmálum, en flokkurinn sjálfur. Þótt að sjálfsögðu beri að gera sömu kröfu til formannsins skal eitt yfir alla ganga, frambjóðendurna alla, þingmennina alla. Það er eins og hv. þm. mundi sjálfur segja: hin eina, sanna lýðræðislega krafa.

[15:57]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála því að það á að gera sömu kröfu til allra í þessum efnum. Ástæða þess að ég dró þetta inn í umræðuna í lokin var sú að það má vel vera að nýir þingmenn Framsfl. eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir séu ekki alveg búnir að átta sig á því að það hafi kannski aldrei verið meiningin að efna neitt af því sem Framsfl. sagði í kosningabaráttunni og það sé ástæða fyrir því að þingmanninum hafi orðið svona á í umræðu sl. fimmtudag. Ég var bara að beina því góðfúslega til Alþýðublaðsins að það hefði þá sem eftirfylgni gagnvart öðrum þingmönnum Framsfl., sérstaklega þeim sem ég tel að beri aðalábyrgð á þessu, en þessum nýja hv. þm.

Ég verð að segja alveg eins og er að þótt þetta misræmi í yfirlýsingum hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur sé ekki gott, finnst mér hins vegar að ef núv. hæstv. viðskrh. ætlar ekki að breyta þessum reglum um lánasjóðinn núna á þessu sumarþingi sé athæfi hans gagnvart íslenskum námsmönnum á undanförnum árum miklu alvarlegra og það sé leitun að dæmi um mann sem hafi hér um áraraðir talið sig vera talsmann námsmanna og fær nú ráðherravald í hendur, ætlar að beita því á fyrstu mánuðum til þess að svíkja þau fyrirheit sem hann og flokkur hans gaf íslenskum námsmönnum. Það verður lengi munað, hæstv. viðskrh., lengi munað.

Umræðu frestað.

### *Lyfjalög, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 31. mál (gildistaka ákvæða um lyfjaverð o.fl.). — Þskj. 35.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

### *Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frh. 1. umr.*

Frv. JóhS o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.
[Fundarhlé. — 16:04]

**Útbýting þingskjala:**

Áfengislög, 6. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 45; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 46.

Lenging lánstíma í húsbréfakerfinu, 38. mál, fsp. ÁE, þskj. 44.

Samningur milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 37. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 43.

Fundi slitið kl. 19:05.

# 15. FUNDUR

fimmtudaginn 8. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Skipulag ferðamála, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 41. — 2. umr.

2. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 14. mál, þskj. 14, nál. 42. — 2. umr.

3. Samningur milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjtill., 37. mál, þskj. 43. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

4. Áfengislög, stjfrv., 6. mál, þskj. 6, nál. 45, brtt. 46. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

**Útbýting þingskjala:**

Gjald af áfengi, 4. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 49; nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 51.

Útvarpslög, 39. mál, frv. menntmn., þskj. 52.

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 3. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 47; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 48; nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 50

## *Varamaður tekur þingsæti.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Borist hafa tvö bréf: Fyrra bréfið er dagsett 2. júní 1995 og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í einkaerindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Hannibalsson blaðamaður, getur ekki vegna veikinda tekið sæti á Alþingi, taki 2. varaþm. Sjálfstfl., Guðjón A. Kristjánsson skipstjóri, sæti Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður tilkynnt, virðulegi forseti.

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf."

Hitt bréfið er dagsett 8. júní og er svohljóðandi:

„Vegna veikinda sé ég mér ekki fært að taka sæti Einars K. Guðfinnssonar, 1. þm. Vestf., á Alþingi sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi.

Virðingarfyllst, Ólafur Hannibalsson."

Guðjón A. Kristjánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og undirritað drengskaparheit. Kjörbréf hans hefur einnig verið rannsakað og samþykkt. Hann er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*

Afgreiðsla heilbrigðisnefndar á frumvörpum um áfengismál.

[13:36]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég tek eftir því að á dagskrá þingsins eru komin frumvörp um breytingar á verslun með áfengi. Þessi frumvörp hafa verið til umfjöllunar í þremur nefndum á vegum þingsins, efh.- og viðskn., allshn. og heilbrn. og úr þeirri nefnd var málið tekið án þess að fyrir lægi skrifleg greinargerð frá hæstv. heilbrrh. en nefndarmönnum hafði verið tjáð að heilbrrh. mundi láta nefndinni í té slíka greinargerð. Vil ég að það komi fram hér að ég ásamt hv. 18. þm. Reykv., fulltrúa Þjóðvaka í nefndinni, mótmælti því að nefndin lyki störfum áður en greinargerðin lægi fyrir eins og um var rætt.

Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs er að vekja máls á þessum vinnubrögðum þingsins. Í fyrsta lagi er mikilsvert að þingmenn séu sjálfum sér samkvæmir og á það við t.d. um hæstv. heilbrrh. sem gefur yfirlýsingar af því tagi sem hér hefur verið vitnað til. Það á einnig við um hv. þm. almennt. Ég vek athygli á því að margir hv. þm. Framsfl. gáfu yfirlýsingar gagnvart kjósendum fyrir kosningar, en virðast nú vera að ganga þvert á þær yfirlýsingar í þessu máli. Við þetta vakna spurningar um hver stýri ferðinni.

Við munum það öll þegar starfsmaður Verslunarráðsins, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, flutti þjóðinni útvarpsávarp ekki alls fyrir löngu frá höfuðstöðvum Evrópusambandsins í Brussel og tilkynnti þjóðinni á enskri tungu að ekki kæmi til greina að ljúka þingstörfum fyrr en öllu brennivíni væri lokið.

Nú vitum við það að hagsmunaaðilar verslunarinnar, Kaupmannasamtökin, Verslunarráðið og aðrir sem vilja og ætla að höndla með áfengi og græða á brennivínssölu, eru mjög óþolinmóðir að fá botn í þessi mál, en spurning mín er sú hvort þingið ætli að láta bjóða sér þessi vinnubrögð, hvort þingið ætli að láta duttlunga hagsmunaaðila stýra ferðinni, hæstv. forseti.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort ekki sé eðlilegt og heppilegt að taka málið út af dagskrá þangað til fæst betri friður, þangað til umrædd greinargerð liggur fyrir. Það er ljóst að þetta mál er í uppnámi. Það eru að koma til þingnefnda tillögur að lagabreytingum frá degi til dags, frá klukkutíma til klukkutíma. Þessi mál þarf að vinna betur og ég beini

því til hæstv. forseta að taka þetta mál út af dagskrá þangað til það liggur ljósar fyrir.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Vegna þessara orða hv. 17. þm. Reykv. vill forseti taka það fram að góð samstaða er milli forseta og formanna þingflokka og ríkisstjórnar um að ljúka þingstörfum fyrri hluta næstu viku. Það þýðir að sjálfsögðu að nokkru meiri hraði verður á afgreiðslu mála en til þessa hefur verið þegar málin koma nú frá nefndum til 2. umr. Forseti mun reyna að haga umræðum og niðurröðun dagskrármála þannig að hv. þm. gefist tími til að kynna sér mál, nefndarálit og önnur þingskjöl svo þeir geti tekið þátt í umræðum.

Um þetta tiltekna mál er það að segja að umræða kann að hefjast um það síðar á fundinum og um það hefur verið rætt við þingflokksformenn á fundi fyrr í dag, en ég held að það sé alveg ljóst að þeirri umræðu mun ekki ljúka í dag og henni verður fram haldið á morgun. Um þetta hefur sem sagt verið rætt á fundi með forseta og þingflokksformönnum og forseti væntir áframhaldandi góðrar samvinnu við hv. þm. um þinghaldið næstu daga.

[13:40]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Það er rétt að það hefur verið mjög gott samkomulag um málin hér að undanförnu í hópi þingflokksformanna og hæstv. forseta og ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa beitt sér fyrir því að halda þannig á málum. Það er hins vegar ljóst að ef það á að takast að ljúka þingi fyrri hluta næstu viku, þá þurfa menn að hafa eins gott samkomulag og mögulegt er á öllum stigum mála, ekki aðeins á vettvangi þingflokksformanna og forseta heldur líka í nefndunum sjálfum og þá er ég ekki að tala um það að menn nái samkomulagi um efnisatriði málanna, heldur um almenna, þingtæknilega meðferð þeirra.

Nú barst mér það til eyrna fyrir skömmu að það hefðu orðið veruleg átök bæði í hv. efh.- og viðskn. og eins hv. heilbrn. um meðferð þessara svokölluðu áfengismála og hvernig á þeim hefur verið tekið og m.a. hversu hratt málin hafa verið tekin út úr nefndunum. Það hefur m.a. spurst að inn í hv. efh.- og viðskn. hafi komið brtt. um grundvallarbreytingar á þessum áfengismálafrumvörpum og þessar brtt. hafi mjög lítið fengist ræddar. Ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að ef það er í fullri alvöru ætlunin að ljúka þinginu næstu daga, þ.e. fljótlega eftir helgi, þá gengur þetta ekki. Ég vil því leyfa mér að taka undir þau orð hv. 17. þm. Reykv. að þannig verði haldið á málum að þessum frumvörpum sem hann nefndi verði ekki þrýst hér inn á dagskrána að óþörfu í dag nema í fullu samkomulagi við þá aðila sem með þessi mál fara, bæði í þingflokkunum og í viðkomandi nefndum.

[13:42]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég skildi niðurstöðu fundar þingflokksformanna með forseta þannig að við stefndum að því að taka áfengismálin til umræðu á morgun, enda eru menn að hamast í því að semja nefndarálit. En það vill svo til að það er mikið til sama fólkið sem situr í efh.- og viðskn. og sjútvn. og er að fást við þessi tvö stóru og reyndar margþættu mál sem hér eru til umfjöllunar.

En ég vil taka undir það að eftir atburði gærdagsins og þær umræður sem urðu í efh.- og viðskn. í gærkvöldi, þá er í mínum huga alveg ljóst að það verða miklar umræður um þessi mál. Það eru að koma fram tillögur um breytingar á stjórnarformi Áfengisverslunar ríkisins án þess að það hafi verið gaumgæfilega rætt eða kannað og greinilega án vitundar núverandi forstjóra stofnunarinnar þannig að við skulum gera okkur grein fyrir því að við erum með mjög stór mál til meðferðar. En ég vil svo sannarlega leggja mitt af mörkum til þess að okkur takist að ná samkomulagi um þinglok og að það takist sem allra fyrst, enda vitum við að það eru margir þingmenn sem þurfa að fara að sinna öðrum störfum.

[13:44]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir þessum frumvörpum um áfengismál í upphafi þings, þá taldi hann að þetta væru svo einföld mál að hægt væri að mæla fyrir þeim í einu og þau þyrftu ekki mikla meðferð hér í þinginu. Við vorum ýmsir sem leyfðum okkur að efast um að þessar fullyrðingar hæstv. fjmrh. væru réttar og hér hófst þingið með leiðu skaki við hæstv. fjmrh. um það hvort það væri ósanngirni eða ekki að hann fengi ekki að afgreiða þetta með hraði í gegnum þingið.

Nú hefur það hins vegar gerst að eftir að nefndir hafa fjallað um þessi mál, þá fengum við á borðið tvö þingskjöl með ítarlegum og mörgum brtt. og ég verð að segja alveg eins og er að við höfum ekki haft mikinn tíma til að skoða þessar brtt. Ég sé ekki betur, hæstv. forseti, en að í tillögum á öðru þessu þskj., 48 eða 46, sé verið að heimila fjmrh. að setja sérstaka stjórn yfir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Þetta er eitt elsta ríkisfyrirtækið sem hér hefur verið, hefur starfað í marga áratugi og því hefur verið stýrt af einstökum hæfileikamönnum. Nú allt í einu eftir að núverandi forstjóri hefur starfað þar í áratug eða svo, maður sem nýtur hvað mestrar virðingar í opinberu starfi á Íslandi, þá er farið að tengja við afgreiðslu þessa máls hér á þinginu kröfu fjmrh. um að nú fái hann opið umboð frá þinginu til þess að setja þarna allt í einu stjórn í fyrirtækið og ákveða verkaskiptingu stjórnar og forstjóra og hvað eina. Ég tel að hér sé á ferðinni slíkt stórmál, breyting á þessu ríkisfyrirtæki sem ég hélt ekki að kæmi neitt við því máli sem fjmrh. byrjaði með í þinginu, þannig að ég vil segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að það er alveg óhjákvæmilegt ef stjórnarmeirihlutinn ætlar að halda til streitu þessum brtt. að við þingmenn, sem erum fyrst að fá þetta á borðin núna fáum tækifæri til þess að skoða þetta og ræða þetta í okkar hóp. Hér eru á ferðinni nýir hlutir sem aldrei hafa verið ræddir í tengslum við þetta mál.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti mun ekki taka þetta mál til umræðu nema að undangengnu samráði við þingflokksformenn. Þessum umræðum um störf þingsins er þar með lokið.

## *Skipulag ferðamála, 2. umr.*

Stjfrv., 20. mál (umboðssala farmiða). — Þskj. 20, nál. 41.

[13:47]

**Frsm. samgn. (Magnús Stefánsson):**

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. hv. samgn. um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

„Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti, og Pétur J. Eiríksson, framkvæmdastjóra markaðssviðs Flugleiða.

Nefndarmenn urðu sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins en þó með þeirri breytingu að allir sem hafa leyfi til að starfrækja ferðaskrifstofu verði undanþegnir skilyrði um heimilisfesti á Íslandi. Í frumvarpinu var lagt til að einungis þeir sem starfrækja umboðssölu farmiða njóti undanþágunnar, en rétt þykir að öll sú starfsemi, sem telst ferðaskrifstofurekstur, falli hér undir. Nefndin mælir því með því að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

1. gr. orðist svo:

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem hafa heimild í millirríkjasamningum til að starfrækja ferðaskrifstofu skv. 9. gr. laga þessara, skulu undanþegnir skilyrði a-liðar 1. mgr. um heimilisfesti á Íslandi."

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nál. skrifa Einar K. Guðfinnsson formaður, Magnús Stefánsson, Ragnar Arnalds, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Kristján Pálsson og Stefán Guðmundsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 2. umr.*

Stjfrv., 14. mál (ráðstöfun lausra starfa). — Þskj. 14, nál. 42.

[13:50]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):**

Hæstv. forseti. Félmn. hefur tekið til skoðunar frv. til laga um breytingar á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Nefndin hélt tvo fundi um málið og fékk á sinn fund Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra, Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Gunnar Sigurðsson deildarstjóra félmrn.

Þetta mál hafði áður komist þrisvar sinnum til kasta þingsins en aldrei hlotið afgreiðslu.

Við athugun okkar í félmn. á málinu kom í ljós að það hafði verið sent til umsagnar allmargra aðila en það bárust ekki margar umsagnir. Hins vegar voru þær sem bárust á þá leið að ekki voru gerðar athugasemdir við efni frv.

Það er kannski ekki að furða því þetta frv. felur fyrst og fremst í sér að hér er verið að lögtaka reglugerðir frá Evrópusambandinu og sú nýlunda er í þessu frv. að sjálfar reglugerðirnar eru birtar orðrétt.

Vegna þeirrar umræðu sem átti sér stað við 1. umr. um þetta mál, m.a. um málfar sem ég vil gera að sérstöku umræðuefni, þá er rétt að geta þess að hér er um mjög nákvæma þýðingu á reglugerðartexta að ræða og mikil áhersla lögð á það að hann sé orðréttur. Hins vegar breytir það ekki því að finnist okkur hér á hinu háa Alþingi að málfar sé óviðunandi þá ber okkur auðvitað að breyta því.

Vegna þeirra athugasemda sem urðu við 1. umr. þá var starfsmönnum Alþingis falið að skoða málfar þessa frv. sérstaklega. Sú sem hér stendur hafði samband við þýðingamiðstöð utanrrn. þar sem málið var þýtt og spurðist fyrir um nokkur orðatiltæki sem hér koma fyrir og ég vil sérstaklega fá tækifæri til þess að fræða hv. 8. þm. Reykv. á niðurstöðum þeirrar rannsóknar. Þar er fyrst að nefna að hv. 8. þm. Reykv. gerði athugasemd við það að í frv. er notað orðið launþegar. Í samtölum við þýðingamiðstöðina kom í ljós að þeir sem þar starfa eru ekki sömu skoðunar og hv. þm. og ég er reyndar því sammála að þetta orð sé ekki eins gildishlaðið og sumir vilja meina og má þar vísa til orða eins og farþegi, lífeyrisþegi og fleiri slíkra orða. Þess má geta að þetta orð er notað í gildandi lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Því varð það niðurstaðan að halda þessu hugtaki inni og gera ekki á því breytingar.

Þá gerði þingmaðurinn sérstaka fyrirspurn um orðalagið „að feðgatali" sem kemur fyrir í 10. gr. frv. Er skemmst frá að segja að hér er um að ræða þýðingu úr ensku á orðatiltækinu „relatives in the descending line". Orðatiltækið „að feðgatali" kemur margsinnis fyrir í íslenska lagasafninu og er sennilega fornt lagamál þó mér hafi ekki tekist að komast að niðurstöðu um það eftir samtöl við m.a. Orðabók háskólans. Þetta orðatiltæki kemur m.a. fram í lögum um landsdóm, 3. gr. Það kemur margsinnis fyrir í erfðalögum og er þar í merkingunni ættingjar. Þetta þýðir náskyldir ættingjar, ekki í karllegg eða neitt slíkt. Hér er því um rótgróið lagamál að ræða og því ákveðið að gera ekki athugasemd við þetta orðaval. Í rauninni varð niðurstaðan sú og m.a. að tillögu starfsmanna þingsins sem fóru nákvæmlega yfir þetta að gera ekki brtt. við málfar frv.

Ég minnist þess líka að hv. 8. þm. Reykv. gerði athugasemd við 2. gr. frv. þar sem er komist svo að orði, með leyfi forseta: „Sérhver ríkisborgari EES-ríkis og sérhver vinnuveitandi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði EES-ríkis geta skipst á umsóknum og tilboðum

um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnsýslufyrirmæla ...“

Þarna gerði hv. þm. athugasemd við hugtakið að framkvæma og vildi að þar stæði að gera en þarna er um það að ræða hvernig þessir ráðningarsamningar eru framkvæmdir.

Hæstv. forseti. Það er ekki ástæða til þess að fara út í miklar orðskýringar eða orðalengingar vegna þessa en það sem býr að baki er það að þeir lagatextar sem við erum að samþykkja á hinu háa Alþingi verða auðvitað að vera skýrir og skiljanlegir og á þokkalegu máli. Ég get fallist á það með hv. 8. þm. Reykv. að þessi texti er nokkuð stirður en í rauninni hefði þurft að umskrifa hann til þess að hann væri á liðugu og léttu máli sem að vísu gildir sjaldnast um lagatexta af þessu tagi. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að leggja til að frv. yrði samþykkt óbreytt.

Nú vil ég taka það sérstaklega fram vegna umræðna sem hér urðu þegar hæstv. félmrh. mælti fyrir þessu máli þegar mikið var um það rætt í hvers konar hlutverki hæstv. ráðherra væri lentur að kannski má segja það sama um formann félmn. sem hér stendur, að ég sé komin í býsna sérkennilegt hlutverk sem einn af hörðum andstæðingum EES-samningsins á sínum tíma. Ég vil taka það fram að ég hef ekki skipt um skoðun á þeim samningi en ég gerði þær athugasemdir við þær umræður sem þá áttu sér stað að einn af kostum EES-samningsins væri ýmiss konar lagasetning frá Evrópusambandinu vegna þess að þess eru dæmi að þeir séu komnir lengra en við á ýmsum sviðum. Þar er m.a. eitt og annað sem snýr að vinnuvernd og stöðu fólks á vinnumarkaði. Þannig að ég geri ekki efnislega athugasemd við inntak frv. þó það vakni auðvitað spurningar um þær stofnanir sem tengjast þessu máli og það hvernig íslenskt stjórnkerfi er í stakk búið til þess að takast á við allar þær breytingar sem fylgja EES-samningnum.

Mér finnst það vera að koma æ betur í ljós hversu vanbúið íslenskt stjórnkerfi var undir þennan samning. Það má nefna að eftirlitsstofnun EFTA hefur sent athugasemdir til nánast hvers einasta ráðuneytis hér vegna framkvæmda á þessum samningi. Það segir mér hversu vanbúin við vorum fyrir þessar breytingar. Það rifjar upp fyrir mér að sumarið 1991 var haldinn hér sameiginlegur fundur þingmanna EFTA og Evrópusambandsins og ég hitti þar m.a. einn af svissnesku fulltrúunum sem spurði hvernig í ósköpunum Íslendingar ætluðu að standa undir þessum samningi og öllu því sem honum fylgdi. Mér finnst einfaldlega að það hafi verið að koma fram að hér er um gríðarlegt bákn að ræða þó þeim sem að því bákni standa, alla vega EFTA megin, hafi fækkað verulega.

Hæstv. forseti. Sé hæstv. félmrh. kominn í hlutverk póstsins Páls þá er ég líklega orðin kötturinn Njáll, eins og segir í textanum Pósturinn Páll og kötturinn Njáll, en það verður að taka málin eins og þau berast til nefnda og vega þau og meta efnislega og niðurstaða hv. félmn. var einróma. Við leggjum til að þetta verði samþykkt eins og það liggur hér fyrir.

[14:00]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegur forseti. Ég ætla að halda til haga þessum málfarslegu athugasemdum sem ég nefndi við 1. umr. og segja að ég tel umfjöllun nefndarinnar að því leytinu til ófullnægjandi. Í fyrsta lagi vegna þess, svo ég nefni þau atriði sem hv. þm. minntist á þó það væri margt fleira hægt um þetta að segja, að það hefði þurft að endurskrifa allan þennan texta, hann er ómögulegur. Það er eiginlega hneyksli að ganga svona frá þessu þannig að ég mun ekki styðja málið eins og það lítur út. Það er til skammar og mér finnst engin ástæða til þess að Alþingi sé að afgreiða mál með þessum hætti og ég sé engin rök fyrir því heldur að það sé nauðsynlegt. Jafnvel þó þetta sé orðrétt þýðing upp úr ensku eða frönsku þá eru það ekki rök í málinu vegna þess að mönnum hefur jafnvel tekist að koma Biblíunni á íslenskt mannamál þó hún sé þýdd úr fjarlægari málum en þessu. Mér finnast það þess vegna engin rök. Og það er satt að segja þannig að ef Alþingi gefst upp við það að skrifa niður sæmilegan texta í lögum þá er brostin þó nokkur stífla varðandi íslenskt mál og þróun þess og stöðu. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það hugsar enginn um íslenskuna og stöðu hennar fyrir okkur. Það hefur enginn í heiminum áhuga á þessu máli nema við og örfáir fræðimenn. Þannig að ef við höfum ekki metnað til að halda utan um þessa hluti þá gerir það enginn fyrir okkur. Þess vegna tel ég að það sé engin ástæða til að afgreiða þetta mál eins og það lítur út. Ég mun þess vegna sitja hjá við afgreiðslu þessa máls eingöngu af þessum íslenskuástæðum.

Í öðru lagi varðandi einstök orð sem hv. þm. nefndi. Ég ætla ekki að fara að ræða það mikið en ég tel þetta ekki spurningu um afstöðu Orðabókar háskólans eða skoðun á orðinu launþegi. Orðabók háskólans getur haft einhverja skoðun á því eða einhver stofnun getur haft vísindalega skoðun á því og það er örugglega mjög auðvelt að sýna fram á það hvernig launþegi beygist eins og farþegi í öllum föllum bæði í eintölu og fleirtölu. Það er hægt að renna sér yfir það og hafa mikla speki uppi um þau mál. Sömuleiðis um málfarslegan uppruna orðsins þegi og má fara langt í þeim málum ef menn vilja, aftur í gotnesku ef mönnum sýnist svo. Aðalatriðið er það að orðið launþegi er pólitískt orð. Það er orð sem hefur sætt pólitískum deilum. Þess eru dæmi að frv. hefur verið breytt í þinginu úr launþegi yfir í launamaður eða launafólk af pólitískum ástæðum og Alþingi fallist á þá breytingu.

Hið sama er að segja um orðið vinnuveitandi. Það er ekki vegna þess að þeir sem gjarnan nota orðið vinnuveitandi eða launþegi séu sammála okkur hinum um það að orðin séu merkingarhlaðin með tilteknum hætti. Það er ekki þess vegna heldur vegna þess að menn hafa viljað hafa sátt um þau orð sem notuð eru. Það er engin sátt um orðið launþegi. Vegna þess að það þýðir fyrst og fremst mann, einstakling, sem þiggur laun burt séð frá því hvort hann lætur vinnu í té að mínu mati og okkar mjög margra.

Þess vegna þá tel ég að þarna hefði átt að breyta til.

Þau lög sem breytt var um heiti á beinlínis af þessum ástæðum eru lögin um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sem hafa verið hér í gildi lengi, ég hygg frá árunum 1979, 1980, 1981 eða þar um bil. Upphaflega voru þau reyndar sett í tíð Björns Jónssonar félmrh. Ég hygg að það hafi verið 1972 eða 1973.

Varðandi orðið feðgatali sem er miklu skemmtilegra í þessu samhengi og fyndnara þá geta menn haft hvaða skoðun á því sem þeim sýnist mín vegna en það orð er þannig að þó það sé til í lögunum um landsdóm og öðrum lögum sem hv. þm. nefndi (**KÁ:** Erfðalögin.) í erfðalögunum, þá mun það vera þannig að þetta orð er hvergi til í íslensku máli utan lagasafns. Hins vegar er til orðið langfeðgatal og er hversdagslegt orð á íslensku. Það er dálítið skrítið og segir kannski pínulítið um lagasetningarvaldið að það skuli nota orðafar og orðalag sem hvergi er til nema í þessu herbergi, þessari stofnun. Það er nokkuð merkilegt og til umhugsunar. Hins vegar fyndist mér að það ætti að vera til umhugsunar fyrir hv. formann félmn. hvort þetta orð stenst nútímavinnubrögð við það að orða lög. Hér er bara talað um feðgatal en ekki mæðgur eða kvenleggjinn, hann er gjörsamlega látinn úti í þessari hugsun. Og ég hygg að þessi dæmi sem hv. þm. nefndi sanni það betur en flest annað að þetta orðbragð er vitlaust. Það gengur ekki. Og ætti að hreinsa bæði lögin um landsdóm og erfðalögin af þessu vegna þess að það er fornöld. Það er fornöld. Því sem betur fer er það nú orðið þannig og hefur verið um áratuga skeið að konur geta tekið arf alveg eins og karlmenn, svo merkilegt sem það nú er.

[14:06]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. 8. þm. Reykv. að það stendur enginn vörð um íslenskuna nema við og okkur ber auðvitað skylda til þess. En sannleikurinn er nú sá að hefði átt að koma þessu frv., sem við erum hér að ræða, yfir á það sem ég mundi kalla létt og lipurt mál þá hefði, eins og fram kom í máli hans, þurft að endurskrifa það nánast frá grunni. Það er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir og snertir samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði að okkur er uppálagt að gera hér ýmsar breytingar og höfum til þess ákveðinn frest. Og nú er svo komið að það er lögð mikil áhersla á að þessar reglugerðir sem hér um ræðir nái fram að ganga. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því að það er ekki tími til þess að endurskrifa þessi lög sem ég get vissulega tekið undir að ástæða hefði verið til. Það sem kannski kom ekki nógu skýrt fram í mínu máli er það að kannski ekki hvað síst vegna þess flaums af reglugerðum sem við eigum eftir að fá hér inn á næstu árum þá er ástæða til að fara rækilega ofan í það hvaða orð við viljum nota, m.a. yfir launafólk og atvinnurekendur og ýmislegt fleira sem þar kemur við sögu. Það varð niðurstaðan að láta þetta fara svona þó mér sé það ekki sérlega ljúft og hefði viljað leggja meiri vinnu í þetta og kannski er það ákveðin uppgjöf en eigum við bara ekki að lofa bót og betrun og fá fram góða umræðu um málfar á lagatexta sem oft og iðulega mætti vera betri en hann er.

[14:08]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin og vildi bara segja það að mér kemur í hug að ég gæti átt það til að nefna það við hæstv. forseta utan fundar að komið verði á einhverjum reglum varðandi það hvernig farið er með mál sem lögð eru hér fram t.d. þannig að einhverjir aðilar eða aðili verði fenginn til að lesa yfir öll frv. sem koma hér inn út frá málfarssjónarmiði, m.a. stjórnarfrv., þannig að það sé tryggilega á hlutum haldið með þeim hætti að þau séu örugglega á eins góðu íslensku máli og kostur er. Ég gæti átt það til eins og ég segi að nefna það við hæstv. forseta utan þessa fundar eða jafnvel að skrifa honum bréf. Vegna þess að það er ekki burðugt í rauninni að vera undir tímapressu, eins og við erum víst núna í þessu máli, ég veit ekkert um það, og að þurfa að flæma það í gegnum þingið á einhverri meira og minna lítið skiljanlegri hrárri þýðingu, ekki einu sinni stofnanaíslensku vegna þess að hún er oft skiljanleg, þannig að það sé útilokað að skilja í raun og veru textann án þess að snara honum á einhverja aðra tungu. Það var sagt um ýmsa forvera mína í pólitík sem höfðu lært í Þýskalandi að það væri útilokað að skilja greinar eftir þá nema kunna að þýða þær fyrst á þýsku. Ég prófaði þetta og þetta var rétt að það var mikið betra að svara þeim á þýsku og átta sig þannig á efni þeirra. Mér finnst að við getum ekki látið bjóða okkur þannig vinnubrögð að við verðum að snara þessu á erlendar tungur til að botna í því sem fer í gegnum þessa stofnun.

[14:10]

**Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þessara orða hv. 8. þm. Reykv. þá vil ég bara ítreka það að þetta frv. var sent útgáfudeild Alþingis til yfirlestrar og það kom þaðan aftur athugasemdalaust. Það var leitað til þeirra sem eiga að annast þessi mál hér. Sú niðurstaða gefur okkur einmitt tilefni til þess að ræða hér svolítið vítt og breitt um hvernig að þessum málum skuli staðið.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Ætlun forseta er að fresta þessum fundi til kl. 15. Þá fer fram atkvæðagreiðsla um 1. og 2. dagskrármálið og leitað verður afbrigða fyrir því að 3. dagskrármálið megi koma fyrir. Að því samþykktu er ætlunin að taka 3. dagskrármálið til umræðu.

Forseti biður þingflokksformenn að koma til fundar í forsetaherbergi nú. Þessum fundi er frestað til kl. 15.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:12]

***Skipulag ferðamála, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 20. mál (umboðssala farmiða). — Þskj. 20, nál. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Brtt. í nál.41 (ný 1. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

***Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 14. mál (ráðstöfun lausra starfa). — Þskj. 14, nál. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRÁ, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GHelg, HG, KHG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
30 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GAK, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, IP, JBH, JónK, LMR, MS, MF, PP, RA, RG, SighB, SF, StB, SvanJ, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRÁ, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GHelg, HG, KHG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
30 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GAK, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, IP, JBH, JónK, LMR, MS, MF, PP, RA, RG, SighB, SF, StB, SvanJ, VS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRÁ, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GHelg, HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
30 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GAK, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, IP, JBH, JónK, KHG, LMR, MF, PP, RA, RG, SighB, SF, StB, SvanJ, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

***Samningur milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, fyrri umr.***

Stjtill., 37. mál. — Þskj. 43.

Of skammt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

[15:29]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir þáltill. á þskj. 43 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1995 sem gerður var í Reykjavík 5. maí sl. Samningurinn sem er bæði á íslensku og færeysku er birtur sem fskj. með þessari þáltill.

Samkvæmt 1. gr. samningsins skulu íslensk og færeysk skip ekki veiða meira en 250 þús. lestir samtals af norsk-íslenskri síld á árinu 1995. Það er mat fiskifræðinga að stofninn muni þola þessa veiði til viðbótar úr þeim kvótum sem Norðmenn og Rússar veiða. Samningurinn geymir ekki ákvæði um hver skuli vera hlutur hvors aðila en 3. gr. gerir ráð fyrir að þegar helmingur kvótans hefur verið veiddur geti annar hvor aðilinn óskað eftir viðræðum ef hann telji að skipting aflans sé ósanngjörn í því skyni að tryggja sanngjarna skiptingu hans.

Aðilar náðu samkomulagi 2. júní sl. um að frá þeim degi til loka ársins skuli veiði íslenskra skipa ekki fara fram úr 49 þús. lestum og veiðar færeyskra skipa fari ekki fram úr 33 þús. lestum. Þar af leiðandi eiga íslensk skip eftir að veiða 49 þús. lestir þar sem ekkert hefur verið veitt undanfarið vegna yfirstandandi verkfalls á fiskiskipaflotanum.

Íslendingar veita færeyskum skipum heimild til að veiða norsk-íslenska síld í íslenskri efnahagslögsögu og Færeyingar heimila á móti íslenskum skipum veiðar á norsk-íslenskri síld í færeyskri fiskveiðilögsögu eins og kveðið er á um í 4. gr. samningsins en veiðin hefur fyrst og fremst átt sér stað í færeyskri lögsögu. Skilyrði eru þó sett um að aðilar tilkynni hvor öðrum hvaða skip þeirra muni veiða en þau skip ein sem tilkynnt eru hafa heimild til veiða í lögsögu gagnaðilans. Samningurinn leggur aðilum ekki þá skyldu á herða að banna veiðar skipa sinna á úthafinu fyrr en aflatakmarki er náð skv. 1. gr. Þangað til er skipum beggja aðila heimil veiði á úthafinu sem og í íslenskri efnahagslögsögu og færeyskri fiskveiðilögsögu. En það skal tekið fram að þeim tilmælum hefur verið beint til íslenskra skipa og færeyskra skipa jafnframt að þau veiði ekki í úthafinu og eftir því sem ég best veit hefur verið farið eftir þeim tilmælum. Hins vegar hafa aðrar þjóðir, m.a. Norðmenn, veitt á þessu svæði.

Samkvæmt 2. gr. samningsins skulu aðilar hafa samband þegar heildarafli hefur náð 80% af veiðikvótanum í því skyni að tryggja að veiðar verði stöðvaðar þegar 250 þús. lesta heildarkvóti skv. 1. gr. hefur veiðst.

Í 2. gr. er enn fremur gert ráð fyrir að aðilar skiptist á tölfræðilegum upplýsingum um veiðarnar. Aðilarnir hafa þegar haft samband samkvæmt þessu og því magni sem eftir er af Íslands hálfu hefur verið skipt upp á milli þeirra skipa sem stundað hafa veiðarnar. Samningur þessi gildir aðeins á árinu 1995 og hann hefur ekkert fordæmisgildi varðandi framtíðarskipan stjórnunar á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum eins og skýrlega er kveðið á um í 5. gr. hans. Á næsta ári verður því að semja að nýju um stjórnun veiðanna.

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir að gangi fiskstofn í efnahagslögsögu tveggja eða fleiri strandríkja ber þeim ríkjum að vinna saman að stjórnun stofnsins. Gangi fiskstofn úr efnahagslögsögu strandríkis á úthafið ber strandríkjum að vinna að stjórnun stofnsins með þeim ríkjum sem veiðar stunda úr þeim stofni á úthafinu. Í þessum efnum er réttur strandríkis óbreyttur þótt fiskstofn sem gengur í efnahagslögsögu þess verði fyrir hruni og hætti tímabundið að ganga í efnahagslögsögu þess. Strandríki ber því eftir sem áður að vinna að vexti og viðgangi stofnsins samkvæmt reglum þjóðaréttar.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hrun norsk-íslenska síldarstofnsins í lok sjöunda áratugarins en þá hélt þessi stofn sig meiri hluta árs á hafsvæðum sem nú eru innan íslenskrar efnahagslögsögu. Það hefur líka sýnt sig undanfarið þegar stofninn er að stækka að hann hefur byrjað að taka upp fyrra göngumynstur eins og nú hefur gerst sl. tvö ár a.m.k. og það er afar mikilvægt að þessi stofn taki upp fyrri hætti og taki vetrarsetu í íslensku lögsögunni eins og hann gerði hér áður fyrr. Á grundvelli hafréttarsamningsins hafa Íslendingar því skýlausan rétt til stjórnunar á norsk-íslenska síldarstofninum eins og ákvæði hans kveða á um og áður hefur verið minnst á.

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að á árinu 1973 gerðum við samning við Norðmenn og Rússa um takmarkanir á veiði norsk-íslenskrar síldar. Með öðrum orðum viðurkenndu Norðmenn og Rússar fyrir daga hafréttarsamningsins og efnahagslögsögu að við höfum rétt til stjórnunar á veiðum úr fiskstofninum þótt ekki hafi farið mikið fyrir þeirri viðurkenningu á undanförnum árum. Nú um langt skeið höfum við ítrekað óskað eftir viðræðum við Norðmenn og Rússa um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Norðmenn hafa hafnað þeirri beiðni þar til sl. vor að þeir buðu til fjórhliða viðræðna með okkur, Færeyingum og Rússum, um stjórnun veiða úr þessum stofni. Það voru mikil vonbrigði hversu lágur kvóti Norðmenn og Rússar töldu að ætti að koma í hlut okkar til bráðabirgða og reyndar átti það einnig við um Færeyinga. Það slitnaði því miður upp úr þessum fjórhliða viðræðum sem er mjög miður. Sama dag og slitnaði upp úr viðræðunum var talið rétt að hefja þá þegar viðræður við Færeyinga um stjórnun veiða úr stofninum og þær viðræður leiddu til þess að sá samningur sem hér er lagður fyrir og er til umræðu var gerður. Síðan hafa aðilar verið í sambandi en því miður hefur ekkert það gerst sem hefur orðið til þess að samkomulag hefur náðst í málinu en mikilvægt er að halda áfram að leita eftir samningum því hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir allar þessar þjóðir og ég vænti þess að slíkir samningar muni nást sem allra fyrst.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni umræðunni verði máli þessu vísað til síðari umræðu og hæstv. utanrmn.

[15:37]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Það eru góð tíðindi að norsk-íslenski síldarstofninn er nú að rétta við. Á sínum tíma var hann u.þ.b. 10 millj. tonna og á þeim árum stóð hann undir gríðarmikilli síldveiði bæði Íslendinga, Norðmanna og raunar annarra þjóða norður og austur af Íslandi. Þegar sú veiði stóð yfir var síldveiðin norður og norðaustur af Íslandi grundvöllur undir u.þ.b. þriðjungi af andvirði útfluttra sjávarafurða frá Íslandi. Uppbygging á Íslandi í mörgum byggðarlögum var að verulegu leyti háð þessum veiðum. Þess vegna eru það góð tíðindi að stofninn er nú aftur farinn að rétta við. Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir hjá fiskifræðingum virðist sem hið kritíska magn hrygningarstofnsins sé 2,5 millj. tonna, þ.e., herra forseti, þegar stofninn kemst yfir það mark þá má búast við mjög góðum árgöngum undan stofninum. Nú er það svo að menn telja að stofninn sé kominn í 3 millj. tonna og ég tek undir það með hæstv. utanrrh. að nauðsynlegt er að vernda stofninn eins og hægt er. Hins vegar er ekki sama hvernig það er gert og Íslendingar geta ekki látið bjóða sér hvað sem er.

Hér liggur fyrir tillaga til þingsályktunar um staðfestingu þess samning sem hæstv. utanrrh. gerði fyrir Íslands hönd við Færeyinga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum fyrir þetta ár. Hins vegar er óhjákvæmilegt að taka örlítið til umræðu þær samningaviðræður sem Íslendingar áttu líka við Norðmenn í aðdraganda þess samnings sem við gerðum við Færeyinga. Það hefur aldrei komið opinberlega fram, herra forseti, hverjar kröfurnar voru sem Íslendingar settu fram gagnvart Norðmönnum. Hér er hins vegar um lykilatriði að ræða. Nauðsynlegt er að nú þegar stofninn er að stækka setjum við fram af fullri festu og einurð þær kröfur sem geta í framtíðinni dugað til þess að við fáum þann kvóta úr stofninum sem okkur ber sögueleg hefð og réttur til. Ég verð hins vegar að segja það, herra forseti, að mér þykir sem hæstv. ríkisstjórn hafi tekist mjög óhönduglega við um samningana. Eins og menn muna, herra forseti, hafði hæstv. utanrrh. um það mörg orð að nauðsynlegt væri að gera þessa samninga og undir það tek ég en það mátti líka skilja mál hans svo að það væri næsta auðvelt mál að ná fram þessum samningum. Síðan fór hæstv. utanrrh. í mörg ferðalög til Noregs og var myndaður í viðræðum við norska ráðamenn en það kom nákvæmlega ekkert út úr þeim samningum. Herra forseti, ég verð að segja að miðað við þær fréttir sem koma frá fjölmiðlum þakka ég guði fyrir að það náðust ekki samningar á þeim grundvelli sem blaðafregnir segja að hafi verið grunnur krafna Íslendinga.

Herra forseti. Í Morgunblaðinu 10. eða 11. maí er því haldið fram að Íslendingar hefðu upphaflega sett

fram kröfur um 100 þús. tonn. Þetta tel ég vera víðsfjarri hagsmunum Íslendinga ef þetta er rétt. Þess vegna verð ég að spyrja hæstv. utanrrh.: Er rétt að kröfur Íslendinga hafi verið u.þ.b. 100 þús. tonn eða innan við 200 þús. tonn? Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir og reyndar líka í ræðu hæstv. utanrrh. að það hafi valdið gríðarlegum vonbrigðum hversu daufar undirtektir voru hjá Norðmönnum við kröfum Íslendinga. Það er nú svo. Af máli hæstv. utanrrh. mátti ráða að Íslendingar hefðu lamið í borðið og sagt: Hingað og ekki lengra, við tökum ekki það sem býðst. Þegar málið er hins vegar skoðað grannt kemur í ljós að í rauninni hefur hæstv. utanrrh. þegið fyrir Íslands hönd úr lófa Norðmanna þann kvóta sem þeir skildu eftir handa okkur. Skoðum málið örlítið, herra forseti. Heildarkvótinn sem Alþjóðahafrannsóknaráðið telur að megi veiða núna úr öllum stofninum er í kringum 900 þús. tonn. Norðmenn tóku einhliða ákvörðun um að veiða 650 þús. tonn. Það liggur því fyrir að fyrir Íslands hönd ákvað hæstv. utanrrh. ásamt Færeyingum að taka það sem eftir er. Okkur er með öðrum orðum skammtað úr hnefa það sem Norðmenn vilja láta okkur fá.

Herra forseti. Þetta gefur tilefni til að láta rannsaka aðeins söguna og kanna hver er okkar sögulegi réttur. Veiðar úr þessum stofni hafa yfirleitt verið þrenns konar samkvæmt hefð. Það hafa verið vetrarveiðar á síld við vesturströnd Noregs þar sem veidd hefur verið hrygnandi síld og síld á hrygningargöngu. Síðan voru það veiðarnar fyrir norðan og norðaustan Ísland sem Íslendingar, Norðmenn og Rússar og aðrar þjóðir stóðu fyrir. Í þriðja og allra versta lagi og það sem mestar og verstar afleiðingar hafði fyrir stofninn voru smásíldarveiðar Norðmanna. Þetta voru gríðarlegar veiðar og ekki er lengur um það deilt að það voru þessar smásíldarveiðar sem drápu norsk-íslenska stofninn. Í niðurstöðum í fræðiritum norskra sérfræðinga, sem gerðu úttekt á hruni stofnsins og birtu um það fræðigreinar í kringum 1980, kemur fram að það hafi verið veiði Norðmanna á síldarseiðum á aldrinum núll til tveggja ára sem drap stofninn. Síldarárið mikla 1967 var heildaraflinn í kringum 1.700 þús. tonn. Það ár veiddu Íslendingar 690 þús. tonn. Stórsíldarveiði Norðmanna á þeim tíma var í kringum 600–700 þús. tonn og það ár voru Norðmenn að taka u.þ.b. 450 þús. tonn af smásíld.

Herra forseti. Síldin verður ekki kynþroska og sameinast ekki hrygningarstofninum fyrr en hún er orðin fjögurra ára. En allar götur frá því árið 1950 voru Norðmenn að veiða 300–500 þús. tonn af þessari ungsíld. Á hverju einasta ári veiddu þeir líka 100 þús. tonn af síldarseiðum og slíkar veiðar er ekki hægt að kalla annað en seiðaveiðar. Sum árin eins og í byrjun sjötta áratugarins og sjöunda áratugarins fóru þessar veiðar á seiðum innan við tveggja ára aldur upp í 300 þús. tonn.

Herra forseti. Mér virðist að þegar við reynum að meta það hvað á að leggja til grundvallar þegar við gerum kröfur okkar um réttmætan kvóta úr þessum síldarstofnum sé ekki hægt að taka tillit til þeirra veiða sem Norðmenn stóðu fyrir úr smásíldarstofninum. En það er einmitt það sem mér virðist mega skilja á kröfugerðinni og líka þeirri staðreynd að við tókum okkur með Færeyingum 250 þús. tonn. Mér virðist sem menn séu að taka tillit til þeirrar veiðireynslu. Ég tek undir það sem Gunnar Flóvenz segir í grein í Morgunblaðinu á síðasta ári að það er fráleitt að rányrkja Norðmanna komi þeim til góða.

Herra forseti. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um veiðar Færeyinga á þessu sumri hygg ég að það megi slá því föstu að sá kvóti sem hæstv. utanrrh. hefur samið um fyrir Íslands hönd sé innan við 20%, sennilega í kringum 15%. Ég tel það allt of lítið. Það er ekki með nokkru móti hægt að rökstyðja að við eigum að fara fram á svo lítinn kvóta. Það er að vísu svo eins og hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni áðan og kemur líka fram í samningnum og hæstv. sjútvrh. sagði nokkrum sinnum líka í fjölmiðlum að þetta er bráðabirgðasamkomulag sem á ekki að hafa fordæmisgildi inn í framtíðina. Hvaða utanrrh. í öllum heiminum dytti til hugar að taka svona til orða um alþjóðlega samninga? Auðvitað er ekki hægt að gera samninga sem hafa ekki fordæmisgildi inn í framtíðina. Auðvitað er það svo að sá samningur sem liggur fyrir hefur fordæmisgildi. Við höfum nánast sagt það við Norðmenn með þessum samningi að við séum að fallast á það að skerfur okkar af 900 þús. tonnum eigi að vera ásamt Færeyingum 250 þús. tonn, þ.e. skerfur okkar sé einhvers staðar í kringum 180 þús. tonn. Það er einfaldlega allt of lítið og ég vísa því alfarið á bug að með slíkum samningum sé verið að gæta hagsmuna Íslendinga.

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira sem ég gæti sagt um þennan samning. Ég ætla ekki að standa í vegi fyrir því að hann verði afgreiddur en ég vil ítreka að ég tel að kröfur Íslendinga eins og þær hafa komið fram í fjölmiðlum eru allt of lágar og ég tel að hér hafi ekki verið vel á málum haldið frá sjónarhóli hagsmuna Íslendinga.

[15:45]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Tillaga sú sem hér er til umræðu um heimild til handa ríkisstjórninni að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1995 gefur tilefni til nokkurrar umræðu um þetta mál og stöðunnar sem uppi er í úthafsveiðum okkar Íslendinga. Þáltill. er, eins og hér hefur komið fram einungis staðfesting á orðnum hlut, þ.e. þeim samningi sem Íslendingar gerðu við Færeyinga um síldarkvótann í framhaldi af því að upp úr fjórhliða samningaviðræðum við Norðmenn og Rússa um málið slitnaði fyrr á árinu. Út af fyrir sig má deila um þann tonnafjölda, sem samið var um við Færeyingana, og hvort niðurstaðan 250 þús. tonn hafi í raun fordæmisgildi eins og síðasti ræðumaður benti á varðandi framtíðarskipan þessara mála, hvað svo sem segir í 6. gr. samningsins sem hæstv. utanrrh. vitnaði í. Þá má færa rök að því að þetta geti haft fordæmisgildi varðandi framtíðarskipan þessara mála í samningum sem við náum væntanlega fyrr en

síðar um málið við Rússa og Norðmenn.

Hvað sem því líður er rétt og eðlilegt miðað við verndarstefnu okkar í fiskveiðimálum að gera samninga við Færeyinga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum því að það er grundvallaratriði að við séum sjálfum okkar samkvæm í þessum efnum og við verðum aldrei með rökum sökuð um rányrkju. Segja má því að vísindalegar forsendur um veiðar úr þessum stofnum liggi að baki samningnum en þær kveða á um að stofninn þoli milli 960 og 970 þús. tonn ef ég skil málið rétt en sameiginlegar veiðar Íslendinga, Færeyinga, Norðmanna og Rússa úr stofninum eru 900 þús. tonn. Hitt er svo annað mál eins og ég sagði hvort þessi 250 þús. tonn skapi fordæmisgildi varðandi framtíðarskipan þessara mála um veiðar úr stofninum og miðað við sögulegan rétt okkar sem hv. síðasti ræðumaður kom mjög ítarlega inn á. Ég tel líkt og hann að það megi með fullum rökum halda því fram að við eigum miklu meiri rétt en samningurinn segir til um og að miðað við sögulegan rétt okkar megi með fullum rökum halda því fram að við eigum rétt til að veiða helming úr stofninum eða um 450–470 þús. tonn. Ég tel að hv. síðasti ræðumaður hafi fært fyrir því mjög góð rök í máli sínu hér áðan og einnig í ítarlegri grein sem hann skrifar um þessi mál í Morgunblaðinu í dag þar sem hann færir rök fyrir gríðarlegri rányrkju Norðmanna og hvernig smásíldarveiði þeirra hafi gereytt fjölmörgum árgöngum.

Ég tel rétt miðað við þessa umræðu, sem nú fer fram, að fá fram afstöðu hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. til þess hvort þessi 250 þús. tonn hafi fordæmisgildi um framtíðarskipan þessara mála. Ég tel að það sé mjög eðlilegt að það sé upplýst hvað okkur stóð raunverulega til boða í þessum fjórhliða samningaviðræðum sem slitnaði upp úr í vor. Hvað voru Norðmenn og Rússar tilbúnir til þess að bjóða okkur mikið? Er það rétt sem hér hefur verið haldið fram og vitnað til Morgunblaðsins í því sambandi að hér hafi verið um það bil 100 þús. tonn að ræða?

Það er líka hægt að velta því fyrir sér og fylgjast vel með því, og við þurfum að gera það, hvort Norðmenn sjálfir umgangist stofninn af þeirri ábyrgð sem þeim ber og hvort þeir reyni með einhverjum hætti að hindra að síldin taki upp sitt fyrra hegðunarmunstur inn í lögsögu okkar eins og ofveiði hafði nærri útrýmt þessum stofni fyrir um 30 árum. Það var eins og hér hefur komið fram ekki hvað síst Norðmönnum sjálfum að kenna og of mikilli veiði þeirra. Sögulegur réttur okkar til veiða úr þessum stofni er því ekki síður og reyndar miklu frekar okkar en Norðmanna ef grannt er skoðað.

Ég vil líka gera annað að umtalsefni í þessum umræðum um þáltill. Það virðist vera svo að greinilega sé ekki sama hver biður um viðræður um veiðar úr stofninum ef rétt er að Norðmenn ætli að fara til viðræðna við EB um veiðar úr síldarstofninum eins og EB hefur óskað eftir en það væri auðvitað eins og köld vatnsgusa frá frændþjóð okkar Norðmönnum ef þeir ljá máls á því að láta EB fá ákveðinn kvóta úr stofninum. Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh. um skoðun hans á þessu máli hvort sú hætta sé fyrir hendi að Norðmenn gangi til viðræðna eða samninga við EB úr síldarstofninum.

Ég tel að þessi mál verði líka að skoða í víðara samhengi því að hagsmunir okkar eru víðar á úthafinu. Nú er fjöldi þjóða að veiðum á Reykjaneshrygg að veiða úr stofnum sem í reynd eru okkar stofnar og a.m.k. höfum við þar mestra hagsmuna að gæta. Það er ástæða til þess að spyrja hæstv. utanrrh. og þá einnig sjútvrh. hvernig þeir meti stöðuna og hvernig þeir hyggist tryggja hagsmuni Íslendinga við úthafsveiðarnar. Hæstv. utanrrh. hefur reyndar látið að því liggja að til greina komi að færa út landhelgina og ástæða er til að spyrja hvort slík aðgerð sé á prjónunum eða í áætlun ríkisstjórnarinnar. Við það mundi síldarsmugan að vísu lokast fyrir okkur að mestu leyti ef aðrar þjóðir gerðu slíkt hið sama en ávinningur okkar á Reyjaneshrygg fer hins vegar eftir því hve mikið við færðum út landhelgina ef af yrði. Ég vil því spyrja utanrrh. um ummæli hans varðandi það að færa út landhelgina í tengslum við þessa umræðu sem hér fer fram. Vitaskuld bind ég eins og allir aðrir vonir við það að úthafsveiðiráðstefnan í New York, sem stendur nú yfir, skili viðunandi niðurstöðu og alþjóðleg regla komist á á úthöfunum sem er auðvitað mikið hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga.

Það má segja, virðulegi forseti, að þetta þingmál sé eðlileg staðfesting á gerðum samningi þó deila megi um það hvort 250 þús. tonn hafi verið rétt viðmiðun eða ekki. Við höfum mikið reynt til þess að ná samkomulagi við Norðmenn og Rússa og er það fyrst og fremst óbilgirni Norðmanna um að kenna að ekki hafa náðst viðunandi samningar. Það er miður og full ástæða til að vonast til að samband þessara vinaþjóða færist í eðlilegt horf en til þess getum við þó aldrei fórnað sanngjörnum hagsmunum okkar Íslendinga.

Virðulegi forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að hafa miklu fleiri orð um þetta mál en ítreka þær spurningar sem ég hef lagt fyrir ráðherrana. Það er í fyrsta lagi um fordæmisgildi gagnvart þessum 250 þús. tonnum. Þá er ég að tala almennt miðað við hefð í slíkum samningum en ekki hvað stendur í þáltill. út af fyrir sig og eins hvað okkur stóð til boða í þessum fjórhliða viðræðum, þ.e. hvort það sé rétt sem hér hefur komið fram að það hafi verið eitthvað í kringum 100 þús. tonn. Einnig inni ég þá hæstv. ráðherra eftir áliti þeirra á hugsanlegum viðræðum Norðmanna við EB um veiðar úr síldarstofninum og síðan ummæli hæstv. utanrrh. um að til greina komi að færa út landhelgina. Allt þetta hefur áhrif á stöðu okkar í þessum málum og því tel ég eðlilegt að þessum spurningum sé svarað við 1. umr. um málið.

[15:54]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem er til umræðu snertir eitt af brýnustu hagsmunamálum Íslendinga á næstu árum. Eins og hefur komið fram í umræðunum er norsk-íslenski síldarstofninn ein af þeim auðlindum sem geta reynst okkur dýrmæt uppspretta nýrra þjóðartekna á næstu árum ef vel tekst til. Mér fannst þess vegna nokkuð sérkennilegt að hæstv. utanrrh. skyldi

ekki nota framsöguræðu sína til þess að gera þinginu nokkra grein fyrir því hver sé stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Satt að segja hefði verið nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. hreinsaði andrúmsloftið hvað það snertir að láta það koma fram skýrt á þeim vettvangi sem réttur er, Alþingi Íslendinga, hver er stefna ríkisstjórnarinnar og hans sjálfs í þessum málum.

Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson rakti hér áðan er það því miður þannig að margvíslegar vísbendingar hafa verið í umferð um að kröfugerð íslenskra stjórnvalda í upphafi samningaferils síns frá 27. apríl hafi verið á þann veg að það sé á engan hátt hægt að una slíku. Og a.m.k. var það nokkuð sérkennilegt að í miðjum samningaviðræðunum neituðu forsvarsmenn íslenskra útvegsmanna að verða við óskum íslensku ríkisstjórnarinnar um að halda ekki til veiða og Kristján Ragnarsson og fleiri birtust í fjölmiðlum og höfðu mjög stór orð um að halda til veiða. Jafnframt hefur komið fram að ekki hafa fengist upplýsingar um hver er hin eðlilega krafa hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar um hlutdeild Íslands í þessum stofni.

Ég hefði talið enn frekari nauðsyn á því að hæstv. ráðherra gerði þinginu grein fyrir stefnu sinni vegna þess að við höfum fengið fréttir af því að hann hafi á undanförnum vikum átt a.m.k. þrjá óformlega fundi með utanrrh. Noregs um þessi efni. Mér telst til samkvæmt fjölmiðlafréttum að bæði í Ósló, á fundi baltneska ráðsins og í tengslum við fund NATO í Hollandi hafi utanrrh. Íslands átt viðræður við utanrrh. Noregs um þessi efni. Það hefur hvorki utanrmn. né hér við þessa umræðu verið gerð grein fyrir því hver séu þau sjónarmið sem utanrrh. Íslands er að láta í ljós í slíkum viðræðum.

Ég er sammála því sjónarmiði, sem kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að það krefst töluverðs meiri rökstuðnings en hér hefur komið fram hvers vegna talan 250 þús. tonn sameiginlega fyrir Íslendinga og Færeyinga sé viðunandi. Það krefst líka nánari rökstuðnings en hér hefur komið fram að í slíkri tölu felist ekki verulegar hættur gagnvart stöðu Íslands í samningum við Norðmenn og/eða Rússa um málið. Það er auðvitað því miður fullyrðing sem lítt er mark á takandi sem kemur fram í lokamálsgrein athugasemda við þáltill. að talan 250 þús. tonn hafi ekki fordæmisgildi. Mér finnst sú vörn í málinu í greinargerðinni gefa til kynna að utanrrn. átti sig á því að hún sé líklegast svo lág út frá hagsmunum Íslands að nauðsynlegt sé að reyna að skapa sér varnarlínu gegn þeim mistökum í samningsgerðinni að festa slíka tölu með því að fullyrða að hún sé ekki fordæmisgild. Ef talan væri viðunandi út frá framtíðarhagsmunum Íslendinga hefði ekki verið þörf á því að taka það fram. Þess vegna finnst mér satt að segja mjög merkilegt að fá þannig óbeina viðurkenningu í sjálfri greinargerðinni og reyndar í framsöguræðu hæstv. ráðherra hér áðan fyrir því hve hæpin þessi tala er út frá hagsmunum Íslendinga.

Ef höfð er hliðsjón af samningum Íslendinga við Norðmenn um Jan Mayen-málið og loðnuna á sínum tíma lá það ávallt skýrt fyrir í öllu því samningaferli hverjar voru meginkröfur Íslendinga og um þá kröfugerð var mynduð þverpólitísk samstaða í landinu sem allir flokkar áttu aðild að. Núv. utanrrh. kaus að hafna slíkri leið. Núv. utanrrh. kaus að hefja afskipti sín af þessu máli með því að lýsa því yfir í fjölmiðlum að hann hefði góð sambönd í Noregi, Norðmenn þekktu hann vel, og það mundi vonandi ganga nokkuð létt að taka á þessu máli og hann gaf til kynna að framganga fyrri utanrrh. í málinu hefði staðið í vegi fyrir samkomulagi. Ekki var boðað til fundar forráðamanna flokkanna hér á þingi til samráðs um þetta efni sem þó hefði verið gerlegt þótt utanrmn. hefði ekki verið kosin. Það var ekki fyrr en eftir að samningaviðræðurnar höfðu farið fram og upp úr þeim slitnaði að boðað var til fundar í hinni svokölluðu úthafsveiðinefnd. Málið var því komið í hnút áður en fram komu einhverjir tilburðir af hálfu ríkisstjórnarinnar um að leita samráðs um stefnuna. Þegar þessi mál komu fyrir utanrmn. fyrir skömmu minnir mig að það hafi verið að frumkvæði okkar stjórnarandstöðuþingmanna í nefndinni að við óskuðum eftir því að málið yrði tekið ítarlega fyrir.

Þess vegna vil ég segja það alveg skýrt við þessa umræðu að mér finnst ekki farsælt að halda á erfiðu hagsmunamáli Íslendinga gagnvart Norðmönnum með því að taka upp þau vinnubrögð sem einkennt hafa meðferð núv. ríkisstjórnar á málinu enda hefur komið í ljós að málið er í fullkomnum hnút. Slitnað hefur upp úr tveimur formlegum viðræðufundum, utanrrh. Íslands hefur átt þrjá sérstaklega óformlega fundi með utanrrh. Noregs í málinu. Engu að síður telur hann ekki gerlegt að flytja þinginu nein tíðindi um það hvað sé fram undan í málinu annað en áframhaldandi hnútur. Þá er það nauðsynlegt, hæstv. utanrrh., að andrúmsloftið sé hreinsað gagnvart öðrum flokkum í þinginu. Eins og fram kom hjá tveimur fyrri hv. ræðumönnum þá höfum við a.m.k. talsmenn þriggja flokka efasemdir um það að kröfugerð af Íslands hálfu í höndum núv. ríkisstjórnar hafi verið viðunandi. Við munum aldrei ná árangri í samskiptum við Norðmenn í þessu máli né öðrum nema við sýnum fulla samstöðu innan lands. Til þess að hún geti orðið þurfa samskipti ríkisstjórnarinnar við stjórnarandstöðuna í málinu að vera opnari, einarðlegri og einbeittari en verið hafa til þessa.

[16:03]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Sjávarútvegsmálin teljast ekki til minnar deildar í þinginu en ýmsar spurningar vöknuðu hjá mér þegar ég hlustaði á framsögu hæstv. utanrrh. og ekki síður hv. 15. þm. Reykv. og mig langar til að minna þann þingmann á að síldarsaga okkar Íslendinga er ekki mjög glæsileg hvort sem við horfum aftur til fyrstu áratuga aldarinnar eða tímabilsins rétt fyrir 1970 þegar stundaðar voru miklar ofveiðar, ekki aðeins á norsk-íslenska síldarstofninum heldur líka þeim íslenska sem leiddi til þess að síldveiðar voru nánast algerlega bannaðar hér um árabil þannig að við skulum líta í eigin barm þegar við erum að horfa á nýtingu fiskstofna.

Það mál, sem er til umræðu, er að mínum dómi angi af miklu stærra máli og máli sem eflaust á eftir að koma margsinnis inn í þingsali á næstu árum en það er spurningin um úthafsveiðar og rétt hinna ýmsu þjóða til þeirra og jafnframt þeirrar spurningar hvernig eigi að nýta sameiginlega fiskstofna þar sem hagsmunir tveggja eða fleiri þjóða rekast saman. Hér erum við auðvitað að takast á við það sívaxandi vandamál hvernig á að nýta takmarkaðar auðlindir og hvernig eigum við, sem eigum allt okkar undir fiskveiðum, að umgangast okkar eigin auðlindir í hafinu og þær sem eru utan okkar lögsögu.

Þær spurningar sem vakna í mínum huga og ég vil beina til hæstv. utanrrh. eru í fyrsta lagi hvernig talan 250 þús. tonn er fundin. Ég get tekið undir það sjónarmið sem fram kom þegar samningur Íslendinga og Færeyinga var kynntur að hann væri m.a. gerður til þess að koma í veg fyrir óheftar veiðar, en hvernig er talan fundin? Er hún bara út í bláinn eða var hugsunin sú að halda sig innan einhverra marka, einhvers hluta þess sem nú er talið vera veiðigeta stofnsins? Ég vildi gjarnan að hæstv. utanrrh. eða hæstv. sjútvrh., ef hann er betur til þess fallinn, upplýsi okkur um það hér.

Ekki síður finnst mér vera spurningin um nýtingu þeirrar síldar sem verið er að veiða, hvað við ætlum að gera við hana og hver stefna stjórnvalda er í þeim efnum. Tekin var ákvörðun að ég hygg fyrir tveimur árum að beina þeim tilmælum til þeirra sem stunda síldveiðar að einbeita sér meira að vinnslu til manneldis, þ.e. gera síldina að verðmætari vöru en hún er sem mjöl eða þegar verið er að bræða hana í lýsi og mér finnst það eigi vera hluti af auðlindastefnu okkar að nýta stofn eins og síldina til manneldis og þannig að hún skili okkur sem mestu. Síld er einhver eggjahvíturíkasti fiskur sem til er og þar af leiðandi afar hentugur og góður til manneldis og var um aldir aðalfæða fátæks fólks á Norðurlöndum. Því miður hefur dregið allverulega úr neyslu síldar og mér fyndist að það ætti að vera eitt af stefnumörkum íslenskra stjórnvalda að kynna síldina miklu betur sem matvöru en nú er gert. Ég vil í því sambandi nefna að ég tel að í Bandaríkjunum sé allnokkur markaður fyrir síld til manneldis. Þar eru milljónir manna sem eru afkomendur þjóða sem þekktu vel til þess hvað hægt er að gera úr síld og þegar ég var þar á ferð í fyrra kom það nokkrum sinnum fyrir að mér var boðið upp á síld bæði á hótelum og í heimahúsum og mér þótti hún vond, mér þótti þar vera um heldur lélegt hráefni að ræða. Ég veit ekki hvaðan hún er komin en mér finnst að þeir sem stunda síldarsölu hér á landi mættu horfa aðeins til Bandaríkjanna og kanna hvort þar sé ekki um markaði að ræða fyrir íslenska síld.

En meginspurning mín var sú hvernig talan er fundin en jafnframt vil ég taka undir þau sjónarmið að við þurfum að halda vel á málum okkar í samningum við Norðmenn og aðrar þjóðir en við megum aldrei gleyma því að við erum fyrst og fremst strandveiðiþjóð og við verðum ávallt að gæta þess að kröfur okkar og það að við teygjum okkur út á úthöfin komi ekki í bakið á okkur sjálfum þegar við ætlum að reyna að vernda okkar eigin fiskstofna.

[16:10]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég vil láta það sjónarmið mitt koma fram að það hafi verið rétt að leita eftir og ná samstöðu við Færeyinga um sameiginlega afstöðu varðandi þær deilur sem uppi hafa verið milli okkar Íslendinga og/eða Íslendinga og Færeyinga annars vegar og Norðmanna og Rússa hins vegar og að því leyti til sé jafnframt ástæða til og rétt að styðja þennan samning. Það hafi verið jákvæð aðgerð í sjálfu sér í ljósi þeirrar stöðu sem samningaviðræðurnar eða deilurnar voru í þegar upp úr slitnaði í Reykjavík að Íslendingar og Færeyingar næðu saman um hagsmuni sína í málinu.

Það var fundað um þetta mál m.a. í svonefndri úthafsveiðinefnd sjútvrn. og þar bar þetta á góma að kvöldi sama dags og síðan var gengið til samningaviðræðna við Færeyinga. Þar var eindregin samstaða um að rétt væri að ná slíkri samstöðu með Færeyingum í þessari baráttu enda ljóst að þeir eru að mörgu leyti í svipaðri aðstöðu og við gagnvart þeirri stefnu Norðmanna að reyna að slá einir eign sinni á þennan stofn. En hann hefur eins og kunnugt er bæði áður og nú gengið um færeyska lögsögu á köflum eða verið þar veiðanlegur.

Það er líka ljóst að þróunin þessar vikur síðan samkomulagið náðist hefur auðvitað sannað réttmæti þess og gildi þess að Færeyingar séu með í samningum um nýtingu norsk-íslenska síldarstofnsins og enginn vafi er á því að þessi mikla veiði innan færeysku lögsögunnar hefur styrkt stöðu Færeyinga í samningaviðræðum sem fara vonandi í hönd um þennan stofn. Segja má að þar hafi hagsmunir okkar og þeirra farið prýðilega saman því að með stórauknum afköstum með veiðar inn í færeysku lögsögunni á grundvelli veiða íslenska flotans hefur það sýnt sig og sannast að síldin getur verið mjög vel veiðanleg þar í miklu magni og í fyllingu tímans hlýtur auðvitað sú mikla veiði sem nú hefur farið fram innan færeysku lögsögunnar að verða tekin með í reikninginn. Ég get látið það koma fram að mér finnst það síður en svo áhyggjuefni þó að þeirra staða styrkist eitthvað í þessum efnum jafnvel þó að þeir geti í þeim skilningi verið keppinautar við okkur upp að vissu marki sem einn aðilinn að skiptingu þessa stofns.

Hitt er annað mál og þar vil ég taka undir gagnrýni, sem hér hefur komið fram, að um þann upphafskvóta eða einhliða kvóta sem þarna var ákvarðaður má vissulega deila. Nú má segja að það sé sjálfsagt hægt hvaða magn sem þar er valið en hitt er alveg ljóst að menn þurfa alltaf að hyggja að því þegar slíkur upphafskvóti eða upphafspunktur er settur í ferli af þessu tagi er viss tilhneiging til þess að slíkt geti orðið fordæmi síðar meir jafnvel þó tekið sé fram að svo skuli ekki vera.

Ég vil láta það koma fram að ég setti það sjónarmið fram á fundi í úthafsveiðinefnd að ég teldi eðlilegt ef Íslendingar og Færeyingar útveguðu sér kvóta

á annað borð að þeir gerðu það þá á þeim grundvelli að þeir ætluðu sér a.m.k. jafnan hlut á við Norðmenn og Rússa. Miðað við það hefði ekki verið óeðlilegt að menn hefðu sett einhliða kvóta upp á 325 þús. tonn sem hefði þá verið helmingur á móti því sem Norðmenn og Rússar hafa einhliða ákveðið að taka úr stofninum.

Ég tel jafnframt og ég vil láta það koma fram að það sé tvímælalaust rétt að Íslendingar geri sér alveg ljóst að þeir ætli sér jafnan hlut úr þessum stofni í framtíðinni á við Norðmenn. Ég held að það eigi að byggja okkar sókn í málunum á þeim grundvelli að Íslendingar og Norðmenn, sem hljóta eðli málsins samkvæmt eins og öll líffræðileg rök mæla með að fá langstærstan hlut stofnsins, hafi þar jafnan hlut og kannski ekki óeðlilegt að það sé þá einhvers staðar á bilinu 65–80% sem komi í hlut þessara tveggja þjóða í jöfnu hlutfalli og afgangurinn fyrst og fremst í hlut Færeyinga og Rússa.

Ég held að það sé líka rétt að Norðmenn átti sig á því að kröfugerð okkar hlýtur að verða á þessum nótum í samningaviðræðum á komandi tímum og langhreinlegast að þeim sé gert þetta ljóst strax. Staðreyndin er auðvitað sú að við stöndum frammi fyrir því að Norðmenn hafa haldið afar illa á málinu svo að ekki sé nú meira sagt og þegar liggur fyrir mikil gagnrýni í Noregi á norsk stjórnvöld fyrir kolrangt stöðumat og ákaflega óskynsamlega meðferð þessa máls. Það er alveg ljóst að stífni þeirra og þrákelkni gagnvart því að taka upp sjálfsagðar viðræður við eðlilega samstarfsaðila um nýtingu þessa stofns er á góðri leið með að stofna þessum málum í uppnám. Auðvitað sjá allir nú að best hefði verið fyrir alla aðila og ekki síst Norðmenn að viðræður hefðu komist í gang fyrir nokkrum árum og samningar komist á um nýtingu stofnsins. Norðmenn hljóta að naga sig í handarbökin gagnvart því hvernig þeir hafa klúðrað málum algerlega í samskiptum við Íslendinga bæði gagnvart veiðum okkar í Barentshafi og veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum. Það er lítill vafi á því að samningsstaða Norðmanna hefði verið mun sterkari ef þeir hefðu verið jákvæðir og ljéð máls á samningaviðræðum strax í upphafi samskipta í báðum þessum málum, annars vegar þegar í kjölfar þess að veiðar Íslendinga hófust í Barentshafi og eins nú eða þegar Íslendingar á undangengnum árum hafa óskað eftir samningaviðræðum um norsk-íslenska síldarstofninn. Það má segja að það sé ekki okkar að gráta það þó að Norðmenn hafi haldið illa á málum sínum og misst af augljósum hagsmunum í því að sýna ekki meiri skilning á stöðunni og meiri samningsvilja en hitt er auðvitað slæmt og á það er ástæða til að leggja áherslu að þessi mál skuli vera í deilum. Auðvitað hlýtur eina frambúðarlausnin, bæði varðandi veiðihlutdeild okkar í Barentshafi og eins nýtingu norsk-íslenska síldarstofnsins, að byggjast á samningum, langtímasamningum milli þessara þjóða um eðlilega hlutdeild hvers og eins aðila. Vonandi er nú að renna upp það ljós fyrir Norðmönnum að þeirra eina leið út úr þessum deilum er leið samninga við okkur Íslendinga. Það hefur kostað allt of mikið og tekið allt of langan tíma að fá þá til að átta sig á því hvernig aðstæður eru í þessum málum.

Tiboð þeirra um samninga núna í sambandi við síldina er á allt öðrum nótum en þeir voru tilbúnir til að ræða fyrir nokkrum vikum sem sýnir auðvitað að athyglisverð þróun hefur orðið í Noregi. Sama má segja um að þeir eru núna í fyrsta skipti á síðustu mánuðum farnir að ljá máls á einhverjum varanlegum veiðiheimildum okkar í Barentshafi en enn virðist þurfa því miður meira til að ná þeim með eðlilegum hætti að samningaborðinu en við verðum að vona að það gerist á næstu vikum.

Með þessum fyrirvara, hæstv. forseti, sem varðar þá ákvörðun kvóta sem hér liggur á bak við samninginn vil ég láta það koma fram að samningurinn sem slíkur og samstaða okkar með Færeyingum í þessu máli er að mínu mati jákvæður hlutur.

[16:18]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):**

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og þann almenna vilja sem mér finnst koma fram í þeim að ganga frá þessum samningi eða staðfesta hann þó að ljóst sé að hér hefur líka komið fram gagnrýni að því er varðar meðferð málsins.

Nú geta menn haft ýmsar skoðanir á því hvernig á að halda á máli sem þessu og alltaf er það svo að rétt er að gagnrýna það og mikilvægt að um það sé opin umræða. Komið hefur fram að það hefur verið lítið samráð við stjórnarandstöðuna í málinu. Ég vil leyfa mér að halda því fram að það sé ekki rétt. Í fyrsta lagi var boðaður fundur með úthafsveiðinefndinni á sínum tíma um það leyti sem var að slitna upp úr samningum við Norðmenn og þann fund bar mjög skjótt að því að það er fyrst 7. apríl sem er óskað eftir því að viðræður hefjist. Síðan var fundur í Ósló og í framhaldi af því var talið rétt að reyna að halda því fundahaldi áfram í Reykjavík. Það lá alveg fyrir að það var ekki mjög líklegt að það næðist niðurstaða í málinu þá og ég get því ekki skilið að það hafi ekki verið settar fram þær upplýsingar í málinu sem hafa verið nauðsynlegar á hverjum tíma.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér áðan að á sínum tíma var haldinn fundur með úthafsveiðinefndinni vegna þess að þar áttu sæti fulltrúar allra flokka og ekki var mögulegt að kalla saman utanrmn. Það má út af fyrir sig gagnrýna að réttar hafi verið að kalla saman forustumenn flokkanna en þetta var gert með þessum hætti. Þar voru jafnframt hagsmunaaðilar í sjávarútvegi og það voru ekki uppi neinar aðrar skoðanir þar en að rétt væri að ganga til samninga við Færeyinga og það voru ekki uppi neinar aðrar skoðanir en þær að það aflamagn, sem yrði ákveðið í samningum við Færeyinga, væri eitthvað á þessum nótum sem ákveðið var. Hins vegar er rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði þegar hann nefndi helminginn af því sem Norðmenn og Rússar hafa veitt eða það sem þeir hafa veitt. Hins vegar er rétt að það komi fram að Norðmenn veiða mun meira en Rússar úr þessum 650 þús. tonnum. Rússar veiða 100 þús. tonn en þeir hafa fengið úthlut-

að 81 þús. tonn af þessu magni en kaupa síðan 19 þús. tonn þannig að því magni er ekki skipt jafnt á milli Rússa og Norðmanna. En það er rétt að hann nefndi þessa tölu.

Nú er alveg rétt að það má lengi um það deila hvað var rétt að ákveða á þessum tímamótum og það var valin talan 250 þús. tonn. Hún var valin með hliðsjón af því að Alþjóðahafrannsóknastofnunin hafði mælt með minni afla en 900 þús. tonnum. Norðmenn ákváðu veiðar sínar miðað við það að þeir væru einir að fara að veiða úr þessum stofni og engir aðrir. Hins vegar var ekki talið rétt að fara upp fyrir 967 þús. tonn vegna þess að ef hefði verið farið upp fyrir það magn var farið að ganga á stofninn. Hins vegar þolir stofninn ekki svo mikla veiði til langframa þannig að líklegt er að það þurfi að draga úr þessari veiði á næstu tveimur árum ef takast á að byggja stofninn upp í hagstæðustu stærð.

Af því að spurt er um stefnu Íslendinga í þessu máli og þess krafist að ríkisstjórnin gerði grein fyrir því, sem er ekkert nema gott um, hélt ég satt best að segja að það væri a.m.k. samstaða um það að sú stefna væri ljós af þeim samtölum sem hafa farið fram. Stefnan er að sjálfsögðu sú að byggja stofninn upp þannig að hann taki upp fyrri hegðun sína, það er markmiðið, og hefja veiðar úr honum miðað við það og ná samningum á þeim grundvelli. Það mun taka einhvern tíma að byggja hann upp í þessa stærð og það er mjög vandasamt fyrir allar þjóðirnar hvernig verður haldið á málinu þar til þeim áfanga er náð. Það er auðvelt að missa það mál úr böndum þannig að það markmið náist aldrei og ég bið menn um að sýna málinu þá sanngirni að út frá þessu er verið að vinna, en það er allt annað en auðvelt því að það er mjög flókið.

Hins vegar vil ég endurtaka það vegna þess sem hér hefur verið sagt að samningurinn hefur ekkert fordæmisgildi. Það er ekki sett inn í þennan samning bara til þess að setja það þar heldur til þess að staðfesta það að hann hefur það ekki. Það er mjög mikilvægt að í öllum samningum við Norðmenn hefur komið skýrt fram og í samningsforsendum að sá samningur, sem hugsanlega hefur verið gerður við Norðmenn, Rússa og Færeyinga um skiptingu eða veiðimagn á þessu sumri, hefði ekkert fordæmisgildi. Það er mjög mikilvægt að þetta liggi fyrir við umræðuna til þess að þetta atriði sé alveg skýrt að því er varðar áframhaldandi vinnslu málsins.

Ég ætla ekki að svara því sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði að ég hefði látið í það skína að þetta væri tiltölulega auðvelt mál, ég hefði látið í það skína að ég þekkti menn úti í Noregi og þetta mundi nú bara allt saman ganga vel fyrir sig og fyrrv. utanrrh. hefði spillt fyrir málinu. Ég bið hv. þm. að koma fram með það hvenær ég hef sagt slíka hluti. Ég ætla ekkert að segja til um það hvað aðrir hafa sagt í þeim efnum en ég hef talið það vera skyldu mína að vera í sambandi við þessa aðila um þessi mál, það er rétt hjá honum að í hvert skipti sem leiðir okkar hafa borið saman, mín og norska utanríkisráðherrans, hef ég talið ástæðu til þess að tala um þessi mál. Ég vænti þess að ekki séu gerðar athugasemdir við það. Ég tel þetta mál vera svo mikilvægt og þýðingarmikið fyrir framtíðarhagsmuni Íslendinga að skylt sé að vera í sambandi um það jafnvel þó að menn séu ósammála og því miður er ekki samkomulag um þetta mál milli Íslendinga og Norðmanna. En það hlýtur að vera skylt að halda áfram að ræða það. Ég mun halda áfram að gera það og vænti þess að hv. þm. geri ekki athugasemdir við það.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom hér með nokkrar spurningar og hún spurði hvort rétt sé að Íslendingar hafi verið tilbúnir til að sætta sig við 100 þús. tonn. Það ekki rétt. Íslendingar hafa ekki verið tilbúnir til þess að sætta sig við það. Út af þessum tölum vil ég taka það fram að frá þessum samningum og því sem þar hefur komið fram hefur verið skýrt eftir því sem ég best veit frá af fullri einlægni, bæði á fundi hv. utanrmn. og fundi sjútvn. og ég tel ekki ástæðu til þess að fara frekar yfir það í þessum umræðum. Við höfum farið yfir málið ítarlega í utanrmn. og ég veit ekki til þess að eitthvað hafi þurft að neyða okkur til þess eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var að nokkru að láta í ljós hér. Ég kannast ekki við það og við gerðum það líka í hv. sjútvn.

Að því er varðar spurningu hv. þm. um það hvort Norðmenn gangi til viðræðna við Evrópusambandið þá get ég ekkert sagt um það. Norðmenn vilja áreiðanlega komast hjá því en ég get ekki fullyrt um það og það er mjög mikilvægt að við getum náð samkomulagi um málið sem fyrst þó ekki væri nema til bráðabirgða svo að þessar fjórar þjóðir, Rússar, Norðmenn, Færeyingar og Íslendingar, geti komið fram sameiginlega gagnvart Evrópusambandinu og öðrum þeim sem sýna áhuga á því að veiða úr þessum stofni. Það er ekki síst ástæðan fyrir því að við leggjum mikið upp úr því að reyna að ná slíkum samningum jafnvel þótt við séum ósammála um það magn sem er verið að veiða.

Að því er varðar spurningu hennar um það að ég hafi látið í það skína að rétt sé að færa út landhelgina er það ekki alveg rétt með farið því að ég sagði það að ef ekki yrði niðurstaða á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem ég legg mikið upp úr að komist að ákveðinni niðurstöðu, sé líklegt að ýmsar þjóðir muni huga að því að færa út sína landhelgi og þar hafa t.d. 250 mílur verið nefndar. Ég hef sagt að gerist það þá sé mikilvægt að þjóðir á Norðurhöfum vinni sameiginlega að því máli. Við eigum t.d. mikla sameiginlega hagsmuni með Grænlendingum. Það er mjög mikilvægt ef til útfærslu landhelgi komi sé það mál leyst með þeim hætti en ég hef tekið það skýrt fram að ég telji betra og það er sú stefna sem við vinnum eftir að leysa málið á þeim grundvelli sem nú er unnið að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þar er ekki verið að tala um útfærslu heldur samkomulag um veiðar úr stofnum sem eru utan 200 mílna lögsögu.

Ég vænti þess að ég hafi svarað þeim spurningum að mestu leyti sem hér hafa komið fram. Það er ekki rétt sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði að málið sé í fullkomnum hnút. Málið er ekki leyst en ég minni á að aðeins tveir mánuðir eru síðan að byrjað var að tala um það eða boðið til samninga um þetta

mál. Það var fyrst þá sem Norðmenn voru tilbúnir til þess. Þegar um svo flókið mál er að ræða er ekki hægt að búast við því að lausn hafi fundist á því. En að því er varðar framtíðarskiptingu er ekki komin fram ákveðin krafa af hálfu okkar Íslendinga eða annarra í þeim efnum vegna þess að einfaldlega er verið að vinna úr vísindalegum gögnum. Það er þó eitt mikilvægt líkan sem hefur verið lagt fram í þessu sambandi sem er kennt við norska vísindamanninn Hamre og það er vísindalegt líkan sem kemur mjög inn í umræðuna. En jafnframt er nauðsynlegt að styrkja það líkan með ýmsum öðrum upplýsingum. Nú vinna íslenskir, norskir, rússneskir og færeyskir vísindamenn að því að afla þessara gagna. Með því er verið að undirbúa hugsanlega samninga um þessi mál. Ég vil taka skýrt fram að sjálfsagt og nauðsynlegt er að upplýsa utanrmn. og stjórnarandstöðuflokkana um málið á hverjum tíma. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að gera það og við höfum a.m.k. ætlað okkur að stjórnarandstaðan fylgdist vel með málinu en ég heyri að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er mjög óánægður með það og ég vænti þess að hægt sé að ræða það betur á næsta fundi utanrmn.

[16:33]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. sagði það rangt með farið hjá mér að ekki hefði verið haft samráð við neina aðila af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna um viðræðurnar við Norðmenn. Vísaði hæstv. utanrrh. í því sambandi til fundar í úthafsveiðinefnd sem haldinn var eftir að slitnað hafði upp úr viðræðum við Norðmenn án árangurs. Fundurinn sem hæstv. utanrrh. vitnaði til og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um var haldinn eftir að í ljós hafði komið að viðræðurnar við Norðmenn voru árangurslausar. Hins vegar, hæstv. utanrrh., var boðaður fundur í úthafsveiðinefnd 29. apríl kl. 10 í sjútvrn. eftir fyrri viðræðurnar í Noregi. Við vorum reiðubúin að mæta á þeim fundi. Honum var hins vegar aflýst. Það hafði því verið boðaður fundur í úthafsveiðinefnd kl. 10 29. apríl í sjútvrn., væntanlega til þess að hafa samráð við fulltrúa allra þingflokka en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum var þeim fundi aflýst þó að við t.d. í Alþb. værum reiðubúin að mæta og þó að það væru þó nokkrir dagar. — Það er nú æskilegt að ég fái að ræða þetta, hæstv. sjútvrh., án þess að ráðherrann sé að stafa það ofan í utanrrh. hvernig þetta var í raun og veru. En ég sé hins vegar og heyri á innígripum hæstv. sjútvrh. að þetta er auðvitað rétt með farið sem ég er að lýsa hér. En af einhverjum sérkennilegum ástæðum var ekki boðað til annars fundar í úthafsveiðinefndinni þó að þessum fundi 29. apríl væri aflýst þó að nokkrir dagar væru í seinni fundinn með Norðmönnum.

Ég bið þess vegna hæstv. utanrrh. að rökstyðja nánar þá fullyrðingu hans í ræðustólnum áðan að ég hafi farið með rangt mál varðandi fundahöld í úthafsveiðinefnd meðan á viðræðum við Norðmenn stóð.

[16:36]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir því sem ég best man hafði ekki slitnað endanlega upp úr viðræðunum við Norðmenn þegar fundurinn var haldinn en það var mat okkar þegar þessi fundur var haldinn að það mundi slitna upp úr honum svo það sé alveg farið rétt með.

Sú spurning var lögð fram miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir um stöðu samninganna hvort það væri rétt að halda áfram á þeim grundvelli sem þar lá fyrir. Það var mat allra að það væri ekki rétt. Þá var lögð fram sú spurning hvort þeir, hagsmunaaðilar og fulltrúar flokkanna, sem þar voru, teldu rétt að fallast á það mat okkar að ganga strax til samninga við Færeyinga ef og þegar slitnaði upp úr þessum samningum. Það var mat allra sem þar voru að það væri rétt. Hins vegar var ekki niðurstaða um það með hvaða magn ætti að fara af stað. Þannig fór fundurinn fram. Hins vegar er rétt að það hafði verið boðaður fundur áður. Ég ætla ekki að fullyrða um það og man það ekki alveg nákvæmlega vegna hvers hann var afboðaður. Það má finna út úr því, hv. þm. En mér finnst mjög sérkennilegt ef þetta samráð hefur með einhverjum hætti verið tortryggilegt. Ég veit ekki betur en að fundargerð hafi verið skrifuð á þessum fundi og rétt er að leggja hana fram í utanrmn. Að því leytinu til er það rétt sem ég sagði að það var haft samráð um málið áður en slitnaði upp úr með Norðmönnum en það var mat okkar að það gæti ekkert annað en slitnað upp úr og það var samstaða um það hjá öllum sem voru á fundinum.

[16:38]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. hefur staðfest að það er rétt með farið að ekkert samráð var haft við fulltrúa flokkanna utan ríkisstjórnarinnar áður en fyrri viðræðufundurinn var í Noregi. Ekkert samráð var haft eftir fyrri viðræðufundinn, það var ekkert samráð haft milli fundanna, það var ekkert samráð haft fyrri fundardaginn hér í Reykjavík, það var ekki haft samráð fyrr en síðdegis seinni fundardaginn hér í Reykjavík þegar ljóst var að samningarnir voru komnir í strand þrátt fyrir það að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa verið tilbúnir til að mæta til samráðsins a.m.k. klukkan 10 29. apríl. Hvers vegna er verið að ræða þetta hér, hæstv. utanrrh.? Það er vegna þess, eins og kom m.a. fram í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að það hafa verið í gangi fullyrðingar af hálfu ýmissa aðila um að upphaflega kröfugerðin eða hugmyndirnar af hálfu íslensku viðræðunefndarinnar bæði í Ósló, milli fundanna, og jafnvel fyrri fundardaginn í Reykjavík, hafi verið með þeim hætti að a.m.k. við teljum að það hafi engan veginn verið hægt að sætta sig við það. Þess vegna sagði ég áðan að nauðsynlegt væri að hreinsa málið vegna þess að engir fulltrúar voru frá öðrum flokkum en ríkisstjórnarflokkunum sem komu að því máli að móta stefnuna fyrir Óslóarfundinn, eftir Óslóarfundinn og meðan aðalviðræðurnar stóðu í Reykjavík. Hvort menn eru kallaðir saman undir lok-

in þegar málin eru nánast öll komin í strand og það er borið undir þá hvort það á ekki að stranda þeim og láta slitna upp úr þeim er ekki það samráð sem ég er að tala um. Samráðið felst í því að ræða stefnumótunina ítarlega fram og aftur áður en til fundar er haldið og vegna þess að ég tók þátt í því á sínum tíma hvernig haldið var á málum varðandi Jan Mayen-deiluna og loðnudeiluna þá voru það allt önnur vinnubrögð.

[16:41]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sé ekki að gagnrýna það að við gátum á engan veginn sætt okkur við þær hugmyndir sem Norðmenn voru með uppi í málinu sem voru fráleitar og hefur verið gerð grein fyrir í utanrmn. En ég spyr hann: Er hann ósammála þeirri niðurstöðu sem varð á þessum samráðsfundi á sínum tíma? Er hann ósammála henni? Hann getur út af fyrir sig haldið langar ræður um það að það hefði átt að kalla menn til miklu fyrr. En ég held að það sé ekki það sem skiptir meginmáli. Er hann ósammála þeim samningi sem var gerður við Færeyinga sem var farið í í samráði við alla aðila? Er hann ósammála því mati að það hafi ekkert getað annað en slitnað upp úr samningunum við Norðmenn? Þetta eru aðalatriðin. Það er þetta sem liggur fyrir til að taka afstöðu um. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er að ég skil ekki alveg hvað hann er að fara þegar hann segir að það hafi verið haldið á þessu máli með einhverjum allt öðrum hætti fyrr. Ég kannast ekki við það og tel mig hafa verið hér a.m.k. jafnlengi og hv. þm. á Alþingi. Ég man vel eftir Jan Mayen-samningnum líka. Að vísu var sá háttur á þá að talið var rétt að fulltrúar Alþingis tækju beinlínis þátt í viðræðunum. Ég hygg að hann hafi verið einn af þeim sem tók þátt í þeim viðræðum á sínum tíma úti í Ósló. Þessi háttur hefur ekki verið hafður á lengi. En það má að sjálfsögðu taka það upp aftur hvort það sé talið rétt að haldið sé á málum með þeim hætti að fulltrúar Alþingis komi að mikilvægri samningsgerð við erlenda aðila eins og stundum var gert á þeim árum. Það eru atriði sem rétt er að ræða.

[16:43]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Það er eins og það komi hæstv. utanrrh. á óvart að ýmsar spurningar, efasemdir og gagnrýni eru uppi í umræðunum varðandi það hvernig haldið hefur verið í tíð núv. ríkisstjórnar á samningunum við Norðmenn. Ein af ástæðunum, hæstv. utanrrh., er t.d. sú að við fáum ekki hrein svör við málefnalegum spurningum sem bornar eru fram.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hóf umræðuna á eftir ráðherranum með því að víkja að því að ýmsir teldu að upphaflegu hugmyndir íslensku stjórnvaldanna í viðræðunum hefðu verið aðrar en þær sem urðu svo síðar hugmyndir íslensku stjórnvaldanna, með öðrum orðum lægri í upphafi. Ég hefði talið æskilegt, hæstv. ráðherra, og það er liður í því sem ég kalla að hreinsa málið, að slíkum fullyrðingum væri bara formlega neitað á Alþingi til þess að við sem heyrum slíkar fullyrðingar hvað eftir annað getum þá sagt að þær séu ekki réttar og ráðherrann hafi lýst því yfir á Alþingi. En þegar ráðherrann kemur hér hvað eftir annað og kemur sér hjá því að lýsa alveg hreint hvort þetta sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson var hér að greina frá sé rétt eða ekki er það liður í því að málið er ekki hreint, hæstv. ráðherra. Það er m.a. ekki hreint vegna þess að við áttum engan á vettvangi né var ekkert samráð haft um þessar upphaflegu hugmyndir eða hvernig þær þróuðust í gangi viðræðnanna. Það er auðvitað einfaldasta aðferðin til þess að forða slíku og tryggja þar með samstöðuna hér heima ef hæstv. utanrrh. leggur á annað borð eitthvað upp úr því að hafa breiða samstöðu á bak við sig hér heima sem við erum í sjálfu sér alveg reiðubúin að mynda á efnislegum grundvelli að menn þurfi ekki að standa í svona eftirleit að því hvað sé rétt og hvað ekki í málinu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék líka að því hér áðan að óeðlilegt væri að miða hlutdeild Norðmanna í núverandi og framtíðarveiðum á síldarstofninum við það sem þingmaðurinn kallaði rányrkju Norðmanna á sínum tíma á smásíld eða jafnvel seiðum eins og þingmaðurinn orðaði það. Ég tel mjög mikilvægt að afstaðan til slíkra efnisatriða komi alveg skýrt fram á þinginu og þegar fulltrúi Alþfl. í utanrmn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hefur lýst með jafnafgerandi hætti og hann hefur gert í dag og í grein í Morgunblaðinu þessu sjónarmiði er auðvitað mikilvægt að fá afstöðu ráðherrans til þess.

Þegar ráðherrann segir svo hér áðan að ekki sé hægt að svara því hverjar séu kröfur Íslendinga um hlutdeild í síldarstofnum vegna þess að það séu að fara fram vísindalegar rannsóknir á málinu verð ég að segja alveg eins og er að ég er eiginlega alveg hættur að skilja um hvað ráðherrann er þá að tala við norska utanríkisráðherrann á öllum þessum fundum. Deilan við Norðmenn stendur nákvæmlega um það hvað Íslendingar eiga að fá í sinn hlut. Það er kjarni málsins. Kjarni málsins er ekki sá, þ.e. deilan, að það eigi að byggja upp stofninn eins og hæstv. ráðherra sagði hér áðan og gerði sig mjög breiðan í ræðustólnum, að stefna Íslands væri fólgin í því að byggja upp stofninn. Ég vænti þess að enginn ágreiningur sé um að það sé forsenda málsins og væntanlega er ráðherrann ekki að saka Norðmenn um að þeir vilji ekki byggja upp stofninn. Það væri náttúrlega mjög alvarleg ásökun af hálfu Norðmanna.

Vandinn stendur um það hvernig á að skipta stofninum þegar búið er að byggja hann upp og hvaða hugmyndir Íslendingar hafa um hlut sinn í síldarveiðunum. Nú segir hæstv. ráðherra að ekki sé hægt að svara því hverjar kröfur Íslendinga séu vegna þess að vísindalegum rannsóknum sé ekki lokið. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra af þessu tilefni: Hvenær lýkur þessum rannsóknum? Er þetta nokkurra mánaða vinna eða eru þetta margra ára rannsóknir og eru þær virkilega þannig að ráðherrann geti ekki gefið til kynna eitthvert tölulegt bil? Menn hafa upplýsingar um það hvað

veiddist úr stofninum á sínum tíma meðan hann var í reynd sameiginlegur stofn Íslendinga og Norðmanna. Eru menn að tala um eitthvert afgerandi frávik frá þeim tölum?

Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki alveg hvers vegna hæstv. ráðherra er svona tregur til þess að reifa málið á einhverjum þannig efnisgrundvelli að fast land sé undir fótum í umræðunni af hálfu okkar Íslendinga umfram það að segja bara: Við viljum byggja upp stofninn. Í raun og veru var það það eina sem hæstv. ráðherra sagði um kröfugerð Íslendinga í málinu.

Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra að því a.m.k. *í þeim þremur óformlegu viðræðulotum* sem ráðherrann hefur átt með utanrrh. Norðmanna og ég skal taka alveg skýrt fram að ég styð ráðherrann eindregið í því að ræða við utanrrh. Norðmanna. En ég vil vita um hvað viðræðurnar snúast, hæstv. ráðherra. Ég vil vita hvaða sjónarmið íslenski ráðherrann lætur í ljós og ég vil vita hvaða sjónarmið norski utanríkisráðherrann lætur í ljós. Hver er kröfugerð norska utanríkisráðherrans í þessum viðræðum, hæstv. ráðherra? Hvað er það sem gerir það að verkum af hálfu Norðmanna að það er væntanlega mat norska utanríkisráðherrans að það taki því ekki að hefja nýjan samningafund? Málið er satt að segja í slíkri þoku varðandi framgöngu og viðhorf þeirra sem hafa komið að því að það er mjög erfitt að átta sig á því.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fullyrti það hér áðan að sú tala, sem er að finna í þeim samningum sem þingið er nú beðið um að staðfesta, þýddi það að hlutdeild Íslendinga í norsk-íslenska síldarstofninum þegar hann er kominn vel á veg verði 15%, til eða frá kannski 1–2%. Ég tók eftir því að hæstv. utanrrh. mótmælti ekki þeirri fullyrðingu. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson gagnrýndi þessa tölu fyrir að hún væri allt of lág. En hæstv. ráðherra spurði mig að því hér áðan hvort ég væri ósammála samningnum. Ég get alveg sagt við ráðherrann að ég tel töluna, 250 þús. tonn, mjög hæpna. Ég tel að það þurfi alvarlegrar umhugsunar við með hvaða hætti þingið á að staðfesta samninginn með þeirri tölu inni. Ég geri ekki athugasemd við önnur ákvæði samningsins. En ég á eftir að velta því fyrir mér hvernig þingið getur staðfest þennan samning og gengið þannig frá því að talan 250 þús. tonn í samningnum verði ekki framtíðarfjötur í hagsmunasókn Íslendinga á þessu sviði. Vonandi tekst okkur í utanrmn. að leysa það í sameiningu að ganga þannig frá því að þessi samningsgerð verði ekki notuð af Norðmönnum síðar meir til þess að halda því að okkur að með staðfestingu sé Alþingi Íslendinga búið að sætta sig við 15% hlutdeild í stofninum.

[16:52]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að svara hv. þm. og ég vænti þess að síðan þurfum við ekki að eiga frekari orðaskipti hér.

Í sambandi við veiðireynslu sem liggur alveg fyrir í gegnum tíðina eru ekki uppi hugmyndir af okkar hálfu að byggja eingöngu á þessari veiðireynslu á sínum tíma. Það er svo langt um liðið og svo allt aðrar aðstæður að það væri rangt að einblína eingöngu á það. Það sem skiptir meginmáli með sama hætti og að því er varðaði loðnuna á sínum tíma er dreifing stofnsins í lögsögum þjóðanna og því er svo mikilvægt að stofninn taki upp fyrra mynstur. Fyrir liggur ákveðið líkan í þessu sambandi sem ég gerði grein fyrir eða nefndi sem allir geta haft aðgang að en það er mjög mikilvægt að styrkja það líka og rannsaka útbreiðsluna núna og ekki bara núna heldur einnig á næstu árum. Ég bendi á þá staðreynd að því miður hefur síldin enn sem komið er aðeins að litlu leyti komið inn í íslensku lögsöguna en hefur þó komið inn í hana nú á þessu sumri sem er mjög mikilvægt. Það eru mjög sérstakar aðstæður í hafinu austur af landinu vegna kulda sem er aðalástæðan fyrir því að síldin hefur ekki komið hérna inn. Við verðum því að ganga út frá því að þarna sé um mjög óvenjulegar aðstæður að ræða. Það er útbreiðslan, sem skiptir miklu máli, og sú staðreynd að uppeldisstöðvarnar eru við Noreg og Rússland. Þar heldur smásíldin sig sem gerir það svo mikilvægt að halda þessum rannsóknum áfram. Ég get að sjálfsögðu ekki fullyrt um það hvenær þeim verður lokið því að *vonandi verður ávallt haldið áfram að styrkja* þessar upplýsingar og leita nýrra.

[16:54]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra hafa verið óvenjulegar aðstæður í hafinu að þessu sinni og síldin lítið komið inn í íslensku lögsöguna. Ber þá að skilja þessa afstöðu ráðherrans á þann veg, sem mér sýnist beint að álykta, að það þurfi allnokkur ár í viðbót, a.m.k. 2–3, því að varla er hægt að byggja á einu ári, þar til íslensk stjórnvöld geti bæði á grundvelli fyrri veiðireynslu og núverandi og þáverandi byggt kröfugerð sína í framtíðinni á væntanlegu atferli síldarinnar? Mér fannst liggja í þessu svari sá botn hjá hæstv. ráðherra, sem ég vildi inna hann eftir, að það þyrfti að fá raundæmi um hegðan síldarinnar á næstu árum til að Íslendingar gætu sett fram efnislega kröfugerð. Ég ætla ekki úr þessum ræðustól hér og nú að tjá mig um slíka efnisafstöðu því að það gefst tækifæri til að ræða það í utanrmn. en ég vildi inna ráðherrann eftir þessu. Er hann með svari sínu að gefa til kynna að við þurfum að bíða í nokkur ár eftir að fá raunatferli síldarinnar áður en kröfugerð Íslands getur legið fyrir?

[16:56]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Við byggjum að sjálfsögðu hugmyndir okkar í dag á þeirri dreifingu sem var á sínum tíma á þessum stofnum. Það er það eina sem við getum byggt á. En ég get ekki annað en svarað því í fullri einlægni að það getur tekið alllangan tíma að ganga endanlega frá þessum samningum til langframa og það hljóta allir að skilja miðað við það hvað stutt er síðan aðilar byrjuðu að tala saman að það liggur eiginlega augljóst fyrir. Þess vegna er verið að tala um samn-

inga í mjög skamman tíma, sem hafa það að markmiði að tryggja að ekki verði ofveiði úr stofninum, þannig að hann verði byggður upp og hann taki upp sitt fyrra mynstur. Að því leytinu til er það rétt hjá hv. þm. að það kunna vel að líða 2–3 ár. En það er hægt að ganga frá framtíðarsamningi sem byggir á mynstrinu sem við þekkjum fyrir 25–30 árum, það er hægt. Og það hefur verið það sem við höfum byggt á í viðræðunum. En það er mjög eðlilegt að allir aðilar, sem standa að málinu, vilji fylgjast með hegðun síldarinnar á hverju ári til að fá staðfestingu á því hvort hún tekur upp fyrra mynstur sitt og það er ástæðan fyrir því að Norðmenn hafa ekki viljað koma til samninga, þeir hafa ekki viljað byggja samningana á þessu gamla mynstri fyrr en síldin væri búin að taka upp fyrri hegðan sína og um það er grundvallarágreiningur milli okkar og Norðmanna.

[16:59]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Þetta hefur verið að mörgu leyti fróðleg umræða og ekki síst þær upplýsingar sem hafa komið fram hjá hæstv. utanrrh. í síðustu ræðu hans varðandi þá stefnu sem mér virðist að hann sé að tjá, að sé sú stefna sem lögð er til grundvallar síldveiðum Íslendinga til framtíðar.

Fyrst vil ég segja það að ég er þakklátur hæstv. utanrrh. fyrir að hann vill hafa gott samstarf um þessi mál. Hann telur nauðsynlegt og heilbrigt að hafa opna umræðu um stefnuna í þessum málum. Ég er sammála honum um það. Það var af þeim sökum sem ég innti hann eftir því hvaða stefnu Íslendingar hefðu haft uppi í kröfugerð sinni í upphafi samninganna og hvernig það hefði þróast.

Hæstv. utanrrh. virtist svara mér með þeim hætti að segja að það hefði orðið góð og heilbrigð umræða um þessi mál bæði í sjútvn. og utanrmn. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. en það er svo að það hvílir trúnaður á þeim upplýsingum sem þar komu fram samkvæmt gamalli hefð. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram í þingsal hvaða kröfur voru uppi. Hæstv. utanrrh. hefur lýst því undanbragðalaust að þær upplýsingar, sem fram komu í fjölmiðlum, m.a. Morgunblaðinu 10. maí, að upphafleg kröfugerð Íslendinga hefði verið 100 þús. tonn, væru rangar. Þá spyr ég, herra forseti: Hverjar voru kröfur eða óskir Íslendinga í fyrstu lotu samningaviðræðnanna við Norðmenn og hvernig þróuðust þær? Ég tel að það sé mjög mikilvægt að það komi fram vegna þess að ég hygg að þau skref, sem þá voru stigin, kunni að reynast afdrifarík þegar er horft til framtíðar.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að ég er geysilega ósáttur við það fordæmi sem mér virðist sem íslensk stjórnvöld séu að skapa með samningnum. Mér virðist raunar líka, herra forseti, að stjórnvöld séu ekki sátt við það heldur vegna þess að í 6. gr. samningsins er skýrt tekið fram að samningurinn hafi ekkert fordæmisgildi að því er varðar framtíðarskipan á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum. Ég hef haldið því fram í umræðunni, herra forseti, að svona samninga sé einfaldlega ekki hægt að gera. Þegar menn setja punkt aftan við samning, þegar menn fallast á einhverjar tölur, er óhjákvæmilegt að það hlýtur að hafa áhrif þegar til framtíðar er horft.

Mér virðist miðað við þann hluta sem Færeyingar veiða úr þessum 250 þús. tonna kvóta, ef það verður, virðist mér að það sé svona í kringum 16–18% af þeim kvóta sem Alþjóðahafrannsóknaráðið telur sæmilegt að veiða úr stofninum. Ég tel það gersamlega fráleitt. Að sama leyti verð ég að segja, herra forseti, að mér gest ekki að þeirri hugmyndafræði sem ég þykist verða var hjá hæstv. utanrrh. Ég heyrði ekki betur en hann segði það alveg skorinort að það væri ekki ætlunin að byggja á veiðireynslu liðins tíma vegna þess að það væri svo langt um liðið. Ég skildi hann svo að það ætti fremur að byggja á dreifingu stofnsins og menn væru með einhverjar rannsóknir í gangi á dreifingu stofnsins. Hann talaði sérstaklega um ungsíld við vesturströnd Noregs. Þetta skil ég ekki, herra forseti. Ég sé nefnilega ekki betur en ef þetta er það sem lagt er til grundvallar óskum okkar um veiðikvóta úr stofninum í framtíðinni séu möguleikar okkar gersamlega undirorpnir duttlungum náttúrunnar. Hæstv. utanrrh. benti réttilega á að það eru sérstakar aðstæður í hafinu norðan og austan Íslands. Þar rennur kaldur straumur sem gerir það að verkum að síldin fer ekki á sína hefðbundnu gönguslóð yfir í það svæði sem nú er innan íslensku efnahagslögsögunnar og þar sem hún áður hafði vetursetu marga mánuði á hverju ári. Ef við gefum okkur það, herra forseti, að engar breytingar verði á þessu, á hvaða grunni ætlum við þá að krefjast þess að fá kvóta úr stofninum? Þá getum við ekki bent á það að síldin gangi inn í íslenska efnahagslögsögu og hæstv. utanrrh. er búinn að slá af þann grunn sem við áður stóðum á sem var veiðireynsla okkar. Ég skil þetta svona. Ég tel, herra forseti, að þetta sé afskaplega hæpin aðferð og hún geti leitt til þess að við náum aldrei vopnum okkar í samningunum við Norðmenn. Ég held að nauðsynlegt sé að byggja á veiðireynslunni. Þar stöndum við vel og ég lýsti því í fyrri ræðu minni að ég teldi aldeilis fráleitt að þegar menn horfa til fortíðarinnar og skoða hvað þjóðirnar hafa verið að veiða tel ég útilokað að inn í þá útreikninga verði teknar það sem ég kalla seiðaveiðar Norðmanna, þ.e. veiðar Norðmanna á ungsíld. Þar er um að ræða tvenns konar veiðar, annars vegar veiðar á því sem Norðmenn kalla feitsíld og er 1–4 ára síld og hins vegar veiðar á síld sem er innan við tveggja ára aldur.

Norðmenn voru að veiða af ungsíldinni upp í 500 þús. tonn, 550 þús. tonn ef ég man rétt, síldarsumarið mikla 1967, en á hverju einasta ári frá 1950 veiddu þeir a.m.k. 100 þús. tonn af því sem er ekki hægt að kalla annað en seiði, þ.e. síld sem er innan við tveggja ára. Ég tel þess vegna að það komi ekki til greina að þegar við förum að skoða veiðireynslu þjóðanna verði þessi hluti aflans tekinn með og þegar hann er frátalinn held ég að ljóst sé að við stöndum a.m.k. jafnfætis Norðmönnum. Ég vísa líka til þess að hinar hefðbundnu veiðar þeirra út alla öldina voru lengi framan af öldinni vetrarveiðar við vesturströnd Noregs, en þær lögðust af. Mig minnir að það hafi gerst milli 1950 og

1960. Þá sóttu þeir hingað til Íslands.

Ég minni líka á það, herra forseti, að sú staðreynd að síldin gekk á ætisslóðirnar við Ísland gerði hana miklu verðmeiri vegna þess að hún fór hingað til þess að leita að æti og yfir sumarið fitnaði hún og það var ekki síst sú fita sem hún sótti sér á íslenskum miðum sem gerði hana svo verðmæta sem raun ber vitni.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að dvelja aðeins við rányrkju Norðmanna á smásíldinni. Hvað hefði gerst ef þeir hefðu hlýtt viðvörunum og ekki haldið áfram þessum veiðum? Í grein sem þrír norskir fræðimenn rituðu í eitt af tímaritum Alþjóðahafrannsóknastofnunarinnar, þeir Olav Dragesund, Johannes Hamre og Eyvind Ulltang og birtu 1980, komast þeir að eftirfarandi niðurstöðu:

„Eina takmörkunin sem þurfti til að koma í veg fyrir eyðingu stofnsins var að setja á árunum fyrir 1960 reglur um lágmarksstærð síldar í afla sem vernduðu 0 og 1 árganginn."

Með öðrum orðum, hefðu þeir einungis látið af þeim hluta smásíldarveiðanna sem varðaði seiðin hefði stofninn verið í góðu lagi. Hversu góðu lagi, herra forseti? Svona góðu lagi samkvæmt því sem þeir segja og bakreikna:

Í fyrsta lagi hefði hrygningarstofninn orðið 6 millj. tonna strax árið 1966. Hann komst aldrei yfir það eftir 1960. Veiðarnar hefðu náð 2 millj. tonna strax árið 1965 og staðið í því út áratuginn og eftir það telja þessir ágætu fræðimenn að veiðin árlega hefði sveiflast á milli 1 og 2 millj. tonna, sennilega nær 2 millj. tonna. Menn geta ímyndað sér hve gríðarlegur auður hefði safnast inn í íslenska þjóðarbúið ef þessar veiðar hefðu fengið að halda áfram. Þær fengu ekki að halda áfram vegna þess að Norðmenn drápu síldarstofninn. Allt frá 1951 veiddu þeir yfir 75% af ungsíldinni. Stundum var það bara 1‰ sem náði því að fullorðnast, stundum 2, en í 12 ár frá árinu 1951 er hlutfallið sem náði kynþroska undir 10%. Og í 8 ár náðu undir 5% af smásíldinni því að verða fullorðin. Það er líka fróðlegt, herra forseti, að þegar maður skoðar aflaskýrslur úr Noregi þá er ljóst að það voru tveir árgangar sem stóðu undir öllum þessum feikilegu síldveiðum. Það er annars vegar árgangurinn frá 1950 og árgangurinn frá 1959. Eftir árið 1961 komst enginn árgangur upp inn í veiðarnar. Þeim var gereytt. Það er t.d. fróðlegt að skoða árganginn frá 1950. Enn þá 12 árum eftir að hann klekst er hann upp undir 60% af veiðunum eins og árið 1964. Það er engum blöðum um það að fletta, herra forseti, að það voru Norðmenn sem drápu þennan stofn og það þýðir ekki að láta þá komast upp með það að njóta þess núna. Ég held að það sé hættuleg stefna sem hæstv. utanrrh. boðar hér að ekki eigi að byggja kvótaskiptingu á veiðireynslu liðins tíma heldur á dreifingu síldarinnar. Sá möguleiki vofir yfir að hún komi ekki aftur hingað eins og hún gerði áður fyrr ef það verður t.d. framhald á þessari köldu tungu sem er í hafinu norðan og austan Íslands. Það er ákveðin hætta. Ég vil að vísu taka fram að ríkisstjórnin náði góðum árangri í samningnum við Færeyinga að því leyti til að um gagnkvæmar veiðar í efnahagslögsögu Færeyinga er að ræða og það er nákvæmlega það sem gerir það að verkum að við getum veitt okkar kvóta núna. En ef við ætlum í framtíðinni að byggja á dreifingu en ekki veiðireynslu fortíðarinnar er ég hræddur um að ansi lítið kunni að falla í okkar skaut.

[17:10]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Það er rétt sem hv. 15. þm. Reykv. hefur sagt í umræðunum að ástæðan fyrir hruni norsk-íslenska síldarstofnsins er að langstærstum hluta til Norðmönnum að kenna vegna mikilla veiða þeirra á smásíld eða ungsíld og full ástæða til þess að draga þá staðreynd fram. Íslenskir vísindamenn gagnrýndu Norðmenn mjög harkalega fyrir þessar veiðar á sínum tíma og sú gagnrýni hefur ugglaust haft mest áhrif á það að Norðmenn breyttu um afstöðu í þessu efni og tóku upp skynsamlegri vinnubrögð varðandi nýtingu síldarinnar.

En að öðru leyti en þessu hafa ræður þeirra hv. þm., hv. 8. þm. Reykn. og hv. 15. þm. Reykv., verið býsna kyndugar. Hv. 15. þm. Reykv. flutti í fyrri ræðu sinni mikla ádrepu á samninginn við Færeyinga en tók svo fram í síðari ræðu sinni að þetta væri býsna góður samningur vegna þess að hann hefði tryggt veiðirétt okkar í færeyskri landhelgi og það er kannski kjarni málsins. Hvar hafa íslensku skipin verið að veiða síldina nema í færeyskri lögsögu? Hvar hefðum við staðið ef við hefðum ekki með samningum tryggt okkur þann rétt?

Hv. 8. þm. Reykn. gerir svo mikið úr því að samningar skuli ekki enn hafa tekist við Norðmenn í þessu efni og lýsir með mjög dramatískum hætti að allt sé komið í hnút í samningum um síldina og er að gera samanburð um það hvernig staðið væri að verki í þessum viðræðum í fyrri ríkisstjórn sem kom aldrei kom að þessum samningum vegna þess að þessar viðræður við Norðmenn um síldina hófust ekki fyrr en tíð þessarar ríkisstjórnar. Samt sem áður telur hv. 8. þm. Reykn. sér fært að gera samanburð á því hvernig unnið var að málinu í tíð fyrri ríkisstjórnar. Hann gagnrýnir mjög harkalega að það skuli ekki vera kominn samningur við Norðmenn í einu orðinu en í hinu er hann aðýja að því að sýnd hafi verið of mikil linkind í viðræðum við Norðmenn. Hvernig í ósköpunum getur hv. þm. komið þessum fullyrðingum að í einni og sömu ræðunni? Ekki ætla ég að gera honum það upp að hann sé í raun og veru að meina það að við hefðum átt að semja við Norðmenn á þeim forsendum sem þeir lögðu. Ekki ætla ég að gera honum upp þær sakir að hann hefði viljað sjá samning á þeim kostum. Ég veit að hann er ekki að meina það. En hv. þm. verður og það er hægt að gera til hans þær kröfur að það sé nokkurt samræmi á milli setninga í einni og sömu ræðunni sem hann flytur hér.

Þegar viðræðurnar hófust í Ósló við Norðmenn stóðu þær í tvo daga. Fyrri daginn var rætt fyrst og fremst um þann grundvöll sem leggja mætti í viðræður um framtíðarskiptingu síldarinnar. Síðari daginn var hins vegar rætt um þá hugmynd sem Norðmenn komu

þá upp með nokkuð óvænt að gera bráðabirgðasamkomulag um stjórnun veiðanna í sumar út frá stöðu mála eins og hún er nú. Á þessu er auðvitað mjög verulegur munur. Ástæðan fyrir því að Norðmenn hafa ekki viljað koma til viðræðna við okkur um síldina þrátt fyrir það að eftir því hafi verið gengið í mörg ár er fyrst og fremst sú að þeir hafi ekki viljað koma til slíkra viðræðna fyrr en síldin hefði tekið upp sitt gamla munstur. Við höfum hins vegar sagt: Það er skynsamlegt að gera þessa samninga áður þannig að menn lendi ekki í öngþveiti.

Á þessum fundi fyrri daginn í Ósló var verið að ræða um grundvöll fyrir framtíðarskiptingu og eins og hæstv. utanrrh. hefur sagt, og bæði úthafsveiðinefnd og utanrmn. hefur verið greint frá, var þar verið að ræða um möguleika á því að leggja svokallað Hamre-módel til grundvallar en þar er verið að setja upp möguleika á líffræðilegri dreifingu stofna. Það var lagt til grundvallar skiptingu á loðnustofninum á sínum tíma. Við höfum nefnilega talið alveg þvert á það sem hv. 15. þm. Reykv. er að halda fram að það væri óvarlegt að leggja veiðireynsluna eina til grundvallar heldur yrðum við að leggja líffræðilegt mat á dreifingu stofnsins innan núverandi lögsögumarka okkar vegna þess að með þeim hætti tryggjum við okkur stærri hlut. Það voru vissulega jákvæð viðhorf af hálfu Norðmanna á þessum fundi um að leggja slíkan grunn fyrir áframhaldandi viðræður. Síðan kom upp hugmyndin um að gera bráðabirgðasamkomulag og það er ekki bara af okkar hálfu sem tekið er fram að hér er um að ræða bráðabirgðasamkomulag sem hefur ekki fordæmisgildi vegna framtíðarinnar heldur kemur það fram í forsendum Noðrmanna að þeir tala um slíkt samkomulag vegna þess að síldin er ekki komin inn í íslenska lögsögu og hefur ekki tekið upp sitt gamla munstur. Það er forsendan af hálfu Norðmanna þannig að það er ekki bara einhliða yfirlýsingar af okkar hálfu.

Við verðum auðvitað einnig að hafa í huga að við þurfum að sýna ábyrgð í afstöðu okkar. Við tókum þessa ákvörðun á þann veg að heildarútgefinn kvóti yrði innan þeirra marka sem ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknastofnunar segir til um að gangi ekki á stofninn en það er ljóst að sú tala er miklu hærri en nemur skynsamlegri nýtingu til lengri tíma ef við ætlum að fá hámarksafrakstur af stofninum. Það hlýtur að vera markmið okkar að stýra veiðunum þannig að síldin taki upp gamla mynstrið og vaxi í þá stærð að við getum haft hámarksafrakstur af veiðunum. Sú nýting, sem við höfum ákveðið í dag ásamt Norðmönnum, er fyrir ofan skynsamlegustu mörk varðandi hagkvæmustu nýtingu þó að hún eigi ekki að leiða til þess að stofninn sé í hættu með þessum veiðum. Innan þeirra marka vildum við að sjálfsögðu halda okkur.

Það er líka svolítið sérkennilegt í þessari umræðu eftir að samráð var haft við alla stjórnmálaflokka og hagsmunaaðila þegar dró að lokum viðræðnanna í Reykjavík að fulltrúar Alþb. og Alþfl. skuli koma með þá afstöðu sem þeir lýsa í dag í ljósi þess að á samráðsfundinum lýstu allir því yfir að þeir væru sáttir við það hvernig haldið hefði verið á málum af hálfu þeirra sem stóðu í viðræðunum. Svo koma þessir flokkar nú og lýsa allt öðru viðhorfi. Það bendir til þess að það sé býsna mikið flökt í afstöðu þeirra. Auðvitað er það svo að við höfum verið að gera samning sem hefur skyrkt stöðu okkar á þessari vertíð. Við höfum sýnt út á við ábyrga afstöðu varðandi nýtingu auðlindarinnar, við höfum tryggt íslenskum skipum veiðirétt innan færeyskrar lögsögu þar sem veiðin hefur verið best fram að þessu a.m.k., og þannig auðveldað skipum okkar að ná í síldina.

Við höfum lagt á það áherslu að þó að samningar hafi ekki náðst enn að umræður geti haldið áfram bæði að því er varðar möguleika á skammtímasamningum og eins framtíðarskiptingu stofnsins. Af hálfu beggja aðila hefur verið lögð á það áhersla að nefna ekki tölur úr þeim viðræðum sem fram hafa farið opinberlega til þess að þrengja ekki möguleika til að taka upp viðræður á nýjan leik. En bæði úthafsveiðinefnd og hv. utanrmn. hefur verið gerð grein fyrir því hvernig umræðurnar gengu fyrir sig. Þannig að engu hefur verið haldið leyndu í því efni fyrir þeim aðilum, ekki á nokkurn hátt. Vitaskuld er mikið keppikefli fyrir okkur að það náist samningar um stjórnun á veiðum úr stofninum milli þeirra þjóða sem eiga á sögulegum grundvelli þennan stofn, okkar, Norðmanna, Færeyinga og Rússa. Við vitum að aðrar þjóðir eru að gera tilraunir til þess að eigna sér hlut í þessum veiðum. Við vitum af afstöðu Evrópusambandsins sem ætlar að gera tilkall til veiða úr stofninum. En það eru þrátt fyrir deilur okkar við Norðmenn sameiginlegir hagsmunir þeirra þjóða, sem veiddu úr þessum stofni á sínum tíma, að byggja upp sameiginlega stjórnun og ákvörðun um nýtingu á stofninum. Ef við höldum þannig á málum að við útilokum slíka samninga erum við að greiða götu annarra inn í veiðarnar og rýra hlut okkar og hinna þjóðanna sem eiga hlut að máli. Þess vegna veltur á mjög miklu að við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að ná slíkum samningum en auðvitað verður það að vera á þeim forsendum sem ásættanlegar eru. Ég hef ekki heyrt nein rök færð fram fyrir því að á þann veg hafi verið haldið á þessu máli til þessa að við höfum veikt stöðu okkar eða samið af okkur í samtölum við Norðmenn um þetta efni.

[17:21]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er til marks um það að hæstv. sjútvrh. veit að hann hefur vondan málstað að verja í þessu máli og fleiri viðræðum við Norðmenn að hann skuli koma hér upp með þessa ræðu, þessa ásakana- og dylgjuræðu, þegar bæði ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson höfum ekki tækifæri til að svara honum nema í stuttu andsvari. Það eitt er víst að þær fullyrðingar, sem hér voru settar fram af hálfu hæstv. sjútvrh., verða ekki til þess að greiða fyrir meðferð málsins í þinginu án þess að ítarlega verði ofan í það farið. Ræða hæstv. sjútvrh. skapar líka tilefni til þess að rifja upp, þó við höfum ekki gert það hingað til af tillitssemi við hagsmuni Íslendinga, afstöðu og yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. gagnvart hagsmunamálum Íslands í samskiptum við Noreg.

Hvaða hæstv. ráðherra var það sem mæltist til þess að Íslendingar færu ekki að veiða í Smugunni á sínum tíma? Hæstv. sjútvrh. Hvaða hæstv. ráðherra var stoppaður af fyrrv. utanrrh. og hæstv. forsrh. í þeirri afstöðu sem hann hafði í upphafi þar sem hann vildi taka slíkt tilliti til kröfugerðar Norðmanna að það skaðaði beinlínis hagsmuni Íslendinga? Hæstv. núv. sjútvrh. Hvaða sjútvrh. sagði ekki orð nema að spyrja hvar kósettið væri samkvæmt opinberum frásögnum af viðræðufundinum sem fór fram milli Íslendinga og Norðmanna í þeirri hagsmunagæslu annar en hæstv. sjútvrh.?

Hver hefur verið stefna hæstv. sjútvrh. Þorsteins Pálssonar varðandi kröfugerð Íslendinga í veiðum Íslendinga á hagsmunasvæðum þar sem Norðmenn hafa talið sig hafa einhvern rétt, bæði í síldinni og öðrum stofnum? Hefur verið eitthvert samhengi í þeirri línu sem hæstv. sjútvrh. hefur fylgt í þeim málum á sl. tveimur til þremur árum? Svarið er nei. Ásakanir hæstv. sjútvrh. í ræðunni áðan, langt út fyrir efnisumræðu þessa máls, eru auðviðað með þeim hætti að það verður alveg óhjákvæmilegt í meðferð málsins að taka rækilega til umfjöllunar afstöðu, framgöngu og viðhorf hæstv. sjútvrh., Þorsteins Pálssonar, varðandi viðræður Íslendinga og Norðmanna á meðan hann hefur gegnt embætti.

[17:24]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mikill misskilningur hjá hv. 8. þm. Reykn. að ég hafi verið með ásakanir í hans garð. Ég var að draga fram ákveðnar staðreyndir í þeim málflutningi sem hann hafði hér í frammi. Ég vona að hann kveinki sér ekki við málefnalegum umræðum. En ég tók eftir því að hann notaði tíma sinn til þess að leiða umræðurnar inn á allt aðrar brautir. Frá þeim efnisatriðum, sem ég var að tala um, og ég skil það mætavel. Það er líka réttur hans að gera tilraunir í þá veru.

Varðandi þau atriði sem hann minntist á um afstöðu mína til deilna við Norðmenn er ég fús til þess að eiga öll þau samtöl og allar þær viðræður sem hann óskar eftir, hv. þm., í þeim efnum. Þar hef ég fyrst og fremst verið að gæta að því að málflutningur okkar væri samræmdur í afstöðu okkar og að við gættum þess jafnan að huga að hagsmunum okkar þar sem þeir væru mestir til lengri tíma. Það hefur verið grundvöllurinn í afstöðu minni. Ég hef ekki orðið var við mikinn ágreining um þau meginviðhorf. En óski hv. 8. þm. Reykn. eftir frekari viðræðum um þau mál á breiðum grundvelli er það auðvitað alveg guðvelkomið af minni hálfu.

[17:26]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh. að engin möguleiki var til þess í stuttum andsvarstíma að fara efnislega ítarlega út í þau fjölmörgu atriði sem hann tók til umfjöllunar en það verður gert á sínum tíma, hæstv. ráðherra. En m.a. sakaði hæstv. ráðherra okkur fulltrúa Alþfl. og Alþb. í úthafsveiðinefnd annars vegar og hér í umræðunum hins vegar um að vera flöktandi í afstöðu okkar. Það var orðið sem hæstv. ráðherra notaði. Flöktandi í afstöðu okkar. Hæstv. ráðherra kom hér upp og fór með fullyrðingar um að ekki væri samræmi milli þeirrar afstöðu sem fulltrúar þessara tveggja flokka hefðu haft hér í dag og í úthafsveiðinefnd. Það eru mjög stór orð, hæstv. sjútvrh., í máli af þessu tagi. Ég tel það ekki vera léttvæg orð þegar hæstv. sjútvrh. ber það hér á fulltrúa tveggja flokka að þeir séu flöktandi í hagsmunagæslu Íslendinga varðandi síldveiðarnar og samskiptin við Norðmenn. Það má vel vera að það eigi kannski ekki að taka hæstv. ráðherra alvarlega. Hann hafi e.t.v. verið í þessari ræðu í þeim gamla Verslunarskólastíl sem hann bregður stundum fyrir sig hér í þingsalnum. En ég skora þá á hæstv. ráðherra að svara loksins þeirri spurningu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson er búinn að bera upp aftur og aftur og aftur og ekkert svar hefur fengist við: Hver var sú tala sem fulltrúar hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. fóru með í upphafi viðræðnanna við Norðmenn? Hver var talan? Það hefur verið sagt að fréttafrásagnir Morgunblaðsins um það hafi verið rangar. En hæstv. ráðherra svaraði því ekki hver talan hefði verið en fór í staðinn þá leið að bera hv. þm. og mig ásökunum í ræðu sinni. Til þess hefur hann auðvitað fullan rétt.

En ég vil segja það að lokum við hæstv. ráðherra að þessi samningur við Færeyinga er vegna tölunnar sem í honum er vandræðasamningur. Við í stjórnarandstöðunni höfum rætt það hvernig við gætum leitað leiða varðandi afgreiðslu málsins á þinginu til þess að þetta yrði sem minnst til skaða gagnvart framtíðinni. Málflutningur hæstv. sjútvrh., loksins þegar hann talar í umræðunni, er hins vegar með þeim hætti að það kann að vera nokkuð snúið að finna þann flöt.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Forseti hefur fyrir skömmu minnt hv. þm. á að gæta ákvæða þingskapa um ávörp, þ.e. að ræðumenn skuli jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en ekki ávarpa einstaka þingmenn eða ráðherra og minnir enn á það.

[17:29]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að ég var ekki með neinar ásakanir í garð hv. þm. eða fulltrúa þeirra tveggja flokka sem ég vék hér að þó ég gæti auðvitað ekki annað en vakið athygli á því sem fram kom í ræðum hv. þm. sem hér töluðu og þeir geta ekki kveinkað sér undan því. Það fer þeim hv. þm. síst að saka aðra um að vera að bera mönnum á brýn að standa ekki saman í mikilvægum málum að því er varðar hagsmuni okkar út á við.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. þá hefur það komið fram áður og frá því hefur verið skýrt í utanrmn. hvernig að þessum viðræðum var staðið. En af hálfu beggja ríkjanna og samningamanna beggja ríkjanna hefur ítrekað verið tekið fram að hvorug þjóðin vildi draga opinberlega fram þær tölur sem nefndar voru á

viðræðufundinum í þeim tilgangi að þrengja ekki stöðuna til þess að taka upp viðræður á nýjan leik. Ég hef ekki orðið var við annað en að allir þeir sem fylgst hafa með þessum viðræðum hafi haft á því fyllsta skilning enda mjög eðlilegt í ljósi þess að við höfum það að markmiði að koma viðræðum á aftur og ljúka samningum eins og hv. þm. lagði mikla áherslu á að gera þyrfti og þá hljóta menn líka að virða þá afstöðu.

[17:31]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég segja af því að hæstv. sjútvrh. nefndi í ræðu sinni að það væri flökt á þingmönnum Alþfl. og Alþb. varðandi afstöðu til samningsins. Hann vísað til fundar í úthafsveiðinefnd og sagði að þar hefði fulltrúi Alþfl. lýst yfir stuðningi en síðan kæmi annar þingmaður og gagnrýndi ýmislegt sem tengist samningnum. Rétt er að rifja upp hvernig tildrög þessa fundar voru. Ég man ekki betur en að þau hafi verið slík að eftir að samningalotu lauk væri af skyndingu boðað til fundar með nánast engum fyrirvara og gafst enginn tími til samráðs og heldur ekki neinn tími fyrir þann þingmann sem sótti þennan fund fyrir Alþfl. til þess að kynna sér sögu málsins. Það er reyndar ekki einsdæmi vegna þess að mér virðist af málflutningi hæstv. sjútvrh. og utanrrh. að þeir hafi heldur ekki kynnt sér söguna nægilega vel.

Herra forseti. Það er einkum tvennt í ræðu hæstv. sjútvrh. sem ég vil aðeins ræða. Hann tók undir með hæstv. utanrrh. að óvarlegt væri að leggja veiðireynslu liðins tíma sem grundvöll fyrir samningum. Hann sagði jafnframt og tók undir með hæstv. utanrrh. að það ætti að byggja á dreifingunni en jafnframt sagði hann að síldin hefði ekki tekið upp sitt gamla munstur. Hvers vegna hefur hún ekki gert það? Það er vegna þess að það eru aðrar aðstæður í hafinu. Köld tunga kemur í veg fyrir að síldin gangi inn í efnahagslögsöguna. Nú höfum við öll hlustað á veðurfregnir síðustu daga og vitum að gríðarlegt magn af köldum svalsjó hefur lagst upp að Norðurlandi. Veðurfræðingar hafa sagt að það gæti tekið mjög langan tíma fyrir þennan sjó að hlýna upp. Væntanlega mun hann leggja nokkuð til þessarar köldu tungu. Svo gæti farið að það liðu mörg ár, hugsanlega áratugir, áður en aðstæður í sjónum breyttast með þeim hætti að síldin taki upp sitt gamla göngumunstur og að dreifingin verði hagstæð Íslendingum. Þess vegna verð ég að segja að sú stefna sem ríkisstjórnin hefur boðað í dag gerir það að verkum að hagsmunir Íslendinga eru gjörsamlega undirorpnir duttlungum náttúrunnar. Ég sé ekki að sú stefna sé í þágu okkar hagsmuna. Það er hins vegar lofsvert að hún komi loksins fram.

[17:33]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það svo að við eigum býsna mikið undir náttúruöflunum. Hvort tveggja það að stofninn vaxi í þá stærð að hann af þeim sökum taki upp sitt gamla munstur og eins að aðstæður í sjónum hér við land geri það að verkum að það verði kleift. Auðvitað eigum við mikið undir þessu. Það er alveg augljóst. Við þurfum á hinn bóginn að huga að því hvernig við tryggjum best langtímahagsmuni okkar og þar höfum við fyrst og fremst horft á þennan þátt vegna þess að það liggur í augum uppi að það er líklegast að hann skili okkur mestum árangri og stærstri hlutdeild. Ég held við hljótum að verða sammála um það að við hljótum að leggja á það kapp að til grundvallar samningum verði lögð þau viðmið, sem tryggja stöðu okkar best, og það þarf auðvitað ekki að fara í mikið karp um það því að við getum í rólegheitum farið yfir þær tölur sem fyrir liggja í því efni og gefa okkur gleggstar vísbendingar. Þá veit ég að hv. 15. þm. Reykv. tekur skýrum rökum í þeim efnum eins og aðrir.

[17:35]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er glaður að heyra það að hæstv. sjútvrh. hefur þá reynslu af mér að ég taki rökum. Ég verð því miður að segja, herra forseti, að það er ekki gagnkvæmt. Ég hef ekki þá reynslu af hæstv. sjútvrh. Til að mynda sagði hæstv. sjútvrh. rétt áðan að það væri hagur okkar að síldarstofninn stækkaði svo mjög að hann tæki upp sitt gamla göngumunstur. Er það ekki svo að einmitt sérfræðingar hæstv. sjútvrh. hafa verið að tönnlast á því í fjölmiðlum að það séu sérstakar aðstæður í hafinu sem gera það að verkum að hann hefur ekki tekið upp sitt gamla göngumunstur. Stofninn er núna orðinn þegar jafnstór og hann var á sumum ágætum síldveiðiárum. Ég verð að segja, herra forseti, að við verðum að taka mið af því sem gerist í náttúrunni og mér sýnist að hæstv. sjútvrh. hafni því alfarið að taka náttúrufræðilegum rökum. Við þurfum auðvitað að lágmarka áhættu okkar. Einn áhættuþáttur er þessar sérstöku aðstæður í hafinu, við vitum ekki hversu varanlegar þær verða. Þess vegna eigum við ekki að leggja allt okkar í hreiður þess dreifingarmódels sem þeir eru að tala um, hæstv. ráðherrar, heldur eigum við auðvitað að byggja ekki síður á veiðireynslunni. Við höfum hana í hendi. Þar er málstaður okkar góður svo fremi sem hæstv. ráðherrar skoði söguna og læri af henni. Ég hef kvartað yfir því í dag og í blaðagreinum að mér finnst nokkuð skorta á það.

[17:37]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna þess mats sem legið hefur af hálfu vísindamanna þá er rétt að taka fram að vísindamenn hafa ekki átt von á því að síldin taki upp sitt gamla göngumunstur á þessu ári. Af þeirra hálfu hafa ekki verið spár um það að svo yrði, það tæki lengri tíma. Nauðsynlegt er að það komi fram í umræðunni að það liggja ekki fyrir neinar spár af því tagi af hálfu þeirra.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Það var ætlun forseta að setja nýjan fund þegar dreift hefði verið nál. og brtt. frá sjútvn. um frv. til laga um stjórn fiskveiða. Það styttist í að þeim þskj.

verði útbýtt. Enn eru tveir hv. þm. á mælendaskrá og forseti hefur hug á að reyna að ljúka umræðunni.

[17:38]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja umræðuna um þessa þáltill. Að vísu hefur mjög margt komið fram í umræðunni sem ástæða væri til að ræða frekar og ýmislegt gagnlegt varðandi framhald málsins. Menn hafa rætt mikið um samráð, sem menn eiga að hafa í málinu, og vissulega tek ég undir það að í svo stóru hagsmunamáli þjóðarinnar þá er mjög mikilvægt að samráð sé milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég legg áherslu á það að í framhaldinu verði það í þessu máli.

Nokkuð hefur verið rætt um það hvaða tölur voru á borðinu þegar upp úr slitnaði í þessum fjórhliða samningum á sínum tíma og ráðherrar hafa verið krafnir um svör við því. Ég get að hluta til tekið undir það sem fram kom hjá hæstv. sjútvrh. að vel má vera að ekki sé rétt að upplýsa það opinberlega eins og hann hefur rætt um vegna þess að það sé sameiginlegt mat aðila að það þrengi stöðuna þegar viðræður verða teknar upp á nýjan leik ef menn fara að ræða það mikið opinberlega. Hitt er ljóst að þær tölur sem voru á borðinu í samningaviðræðunum hljóta að hafa verið fjarri því sem við getum sætt okkur við varðandi framtíðarskipan þessara mála.

Ég lét þá skoðun mína í ljós að ég teldi að við ættum með fullum rökum sögulegan rétt á því að eiga tilkall til þessa stofns, ekki síður en Norðmenn og að jafnmiklum hluta, helmingshluta á við Norðmenn. Ég tók eftir því að hv. 4. þm. Norðurl. e. er sömu skoðunar. Ég held að við eigum að halda því til streitu. Miðað við það sem ráðlagt er að megi veiða úr stofninum erum við að tala um u.þ.b. 400 þús. tonn. Það sem mér finnst markverðast af því sem hefur komið fram í umræðunni og skiptir máli um framhaldið er það sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. í síðari hluta umræðunnar. Hæstv. ráðherra sagði að ekki yrði eingöngu byggt á veiðireynslunni heldur skipti mestu, og ég tók eftir að ráðherrann orðaði það svo, dreifing síldarinnar í lögsögunni. Ég verð að taka undir það með til að mynda hv. 15. þm. Reykv. að ég hef áhyggjur af því ef þetta er útgangspunkturinn, ef þetta er forsendan sem menn ætla að gefa sér varðandi framhaldið í málinu. Mér finnst það vera nýtt í málinu ef þetta er forsendan, þetta er stefnan, þetta er útgangspunkturinn sem menn ætla að hafa varðandi framhaldið í málinu. Ég held að það sé nokkuð ljóst að við verðum að ræða það nokkuð í hv. utanrmn. hvaða forsendur menn ætli að gefa sér um framhald málsins. Sú forsenda sem hæstv. utanrrh. upplýsir um að það eigi að mestu leyti að byggja á dreifingu síldarinnar eða dreifingu stofnsins í lögsögunni en minna eða kannski ekki að neinu leyti á veiðireynslunni eða sögulegum rétti okkar tel ég mjög alvarleg tíðindi. Er það krafa Norðmanna að þetta séu forsendurnar sem menn ætla að gefa sér varðandi framhald málsins og ef þetta er krafa Norðmanna að það sé með þeim hætti, sem mér skildist á ræðu hæstv. sjútvrh., er það þá eitthvað sem samningsaðilar af hálfu Íslands hafa fallist á varðandi framhaldið í þessum málum?

Ég spyr þá ef þetta er forsendan að það verði að mestu leyti byggt á dreifingu stofnsins í lögsögunni: Hvernig umgangast Norðmenn sjálfir þennan stofn og hvernig munu þeir gera það? Munu þeir með einhverjum hætti reyna að hindra að síldin taki upp fyrra hegðunarmunstur? Hafa þeir einhver ráð til þess að hindra það að hún geri það, að hún leiti hingað inn í lögsöguna? Ég tel að menn fari inn á mjög hættulega braut með þessu.

Hæstv. utanrrh. upplýsti það reyndar að vísindalegum rannsóknum væri ekki lokið og menn væru að þreifa sig áfram miðað við hegðunarmunstur eða dreifingu síldarinnar og það gæti tekið langan tíma að ganga endanlega frá samningum. Mig minnir að ráðherrann hafi nefnt 2–3 ár. Hvað gerist í millitíðinni? Við hverju má búast í þessu sambandi? Að við í millitíðinni höldum uppi einhliða samningum við Færeyinga í málinu? Hvaða áhrif hefur það ef þetta á að taka svona langan tíma og menn séu að bíða eftir þessum rannsóknum? Hvaða áhrif mun það hafa á þær viðræður sem EB hefur óskað eftir við Norðmenn um veiði úr stofninum?

Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau svör sem hann veitti við þeim spurningum sem ég bar fram. Hann sagði vissulega, sem er kannski rétt, að hann vissi ekki hvort Norðmenn færu til viðræðna við EB um veiðar úr síldarstofninum. En mér fannst hann ekki svara nákvæmlega spurningu minni vegna þess að hún gekk út á hvaða áhrif það hefði ef það mundi gerast sem ég tel vissulega ástæðu til að óttast, sérstaklega ef það tekur eins langan tíma og hæstv. ráðherra er að upplýsa hér að ganga endanlega frá framtíðarsamningi varðandi málið. Ef við þurfum að búa við eilífar bráðabirgðaráðstafanir í þessu máli næstu árin tel ég enn meiri hættu á að Norðmenn taki upp viðræður við EB um veiðar úr síldarstofninum.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa mikið fleiri orð um málið en ég tel verulega hættu á ferðum ef Íslendingar hafa samþykkt þær forsendur sem ég hef hér lýst. Ég vil líka segja það í lokin varðandi það sem ég spurði um útfærslu landhelginnar og hæstv. ráðherra svaraði hér áðan. Ráðherrann orðaði það svo að ef ekki kæmi viðunandi niðurstaða úr ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna væri líklegt að ýmsar þjóðir færu í það að færa út landhelgina. Er það afstaða ráðherrans að ef ekki näst viðunandi samningar á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að við eigum að fara þá leið að færa út landhelgina? Það er innlegg inn í umræðuna þannig að mér finnst að ráðherrann eigi að tala skýrar í þessu efni. En að öðru leyti vil ég bíða með umræður um þetta þar til málið verður tekið upp í hv. utanrmn. Það er ljóst af þeim umræðum sem hafa farið fram að þetta þarfnast ítarlegrar umræðu í hv. utanrmn.

[17:47]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af því síðasta sem hv. þm. nefndi um útfærslu landhelginnar er það stefnan að vinna að

lausn málsins á vettvangi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ég tel ekki tímabært að vera með ákveðnar yfirlýsingar um framhaldið meðan við höfum von um að niðurstaða náist á ráðstefnunni. Ég vænti þess að hún náist og vil trúa því að það geti gerst. En ef það gerist ekki er komin upp ný staða og þá verðum við að vernda stofnana, grípa til ráða til að vernda stofnana utan við lögsögu okkar og annarra þjóða. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Að því er varðar veiðireynslu vildi ég benda á þá einföldu staðreynd að þessi veiðireynsla er frá þeim tíma þegar landhelgi Íslendinga var þrjár mílur, fjórar mílur og tólf mílur. Hún er frá þeim tíma þegar Rússar og Norðmenn veiddu í núverandi efnahagslögsögu Íslendinga. Veiðireynslan er mjög misjöfn. Er það nú alveg víst að það sé rétt að taka mið af þeirri veiðireynslu? Ég held að það sé nauðsynlegt að hv. þm. fari mjög vel yfir þessa sögu. Þá munu þeir sjá að það er ekki hægt að byggja eingöngu á þessari veiðireynslu. Engin rök eru fyrir því vegna þeirra breytinga sem hafa orðið í hafréttarmálum og við erum að tala um 200 mílna lögsögu í dag en ekki tólf mílur eða fjórar mílur þegar þessi veiðireynsla átti sér stað. Á að viðurkenna veiðireynslu Rússa og Norðmanna í lögsögu okkar? Þetta eru grundvallaratriði og það er þess vegna sem þetta skiptir svona miklu máli og ég tel nauðsynlegt að koma þessum gögnum á framfæri þegar málið kemur til hv. utanrmn.

[17:49]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að rétt sé hjá hæstv. utanrrh. að ekki sé rétt miðað við söguna að byggja alfarið á veiðireynslu. En ég spurði í umræðunni hvort það væri rétt að við hefðum fallist á þessar forsendur, hvort það væru Norðmenn sem hefðu gert þessar kröfur og við hefðum fallist á þær forsendur að byggt yrði að mestu á dreifingu stofnsins í lögsögunni. Að mestu fannst mér ráðherrann orða það svo og hvaða skil draga menn þar á milli? Hafa menn búið sér til einhverja formúlu varðandi það atriði þegar ráðherrann upplýsir að það eigi ekki að byggja eingöngu á veiðireynslu heldur að mestu leyti á dreifingu stofnsins? Hvað eru menn nákvæmlega að tala um í því efni? Eru Norðmenn og Íslendingar orðnir sammála um einhverja formúlu í því efni hvernig þessi hlutföll eigi að vera? Mér finnst að þetta þurfi að vera nokkuð ljóst varðandi framhald málsins. Ég geri mér vissulega grein fyrir að það skipti ekki máli varðandi þetta umrædda frv. Við erum aðeins að staðfesta orðinn hlut en ég held að það sé mikilvægt að við fáum upplýsingar um það varðandi framhald málsins og það er mikilvægt eins og ég sagði að stjórn og stjórnarandstaða hafi samráð og samstöðu um þær forsendur sem menn gefa sér í þessum mikilvægu viðræðum.

[17:51]

**Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, það er engin samstaða milli Íslendinga og Norðmanna í þessu máli enn þá enda hafa engir samningar náðst og það er engin samstaða um það á hvaða líkönum skuli byggt í þessu sambandi. En ég er eingöngu að benda á þá staðreynd að óeðlilegt væri að byggja eingöngu á veiðireynslu og ég veit að hv. þm. mun komast að sömu niðurstöðu með því að kynna sér þær tölur. Þær eru afar misjafnar. Stundum veiddum við Íslendingar aðeins lítið brot úr stofninum og á öðrum árum veiddum við meira. Það var mjög misjafnt á þeim árum hvaða aðstöðu við höfðum til að nýta hana vegna fiskiskipaflota okkar og aðstöðu að öðru leyti í landinu þannig að það verður að sjálfsögðu að taka tillit til þessara staðreynda.

En svo að ég svari spurningunni beint er ekkert samkomulag milli Norðmanna og Íslendinga um þetta efni. Sá samningur sem var til umræðu að hugsanlega yrði gerður og er enn til umræðu að komi til greina er eingöngu samningur til bráðabirgða, bráðabirgðasamningur til þess að tryggja það að við missum stjórn þessara veiða ekki úr böndum og getum tryggt að stofninn verði byggður upp en ekki verði um ofveiði að ræða. Ef það gerist að við missum algerlega stjórn á veiðunum þá getur tekið áratugi að byggja hann upp á nýjan leik. Þá er það ekki núverandi kynslóð á Íslandi sem mun njóta afrakstursins eða sú kynslóð sem er nú að vaxa úr grasi heldur verður ný kynslóð sem þá mun njóta þess og það er alveg ljóst að hún verður ekki ánægð með þá frammistöðu ráðamanna þessarar þjóðar ef svo fer.

[17:53]

**Jóhanna Sigurðardóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hæstv. utanrrh. um að við eigum vissulega að ganga varlega um stofninn og viðhalda öllum verndunarsjónarmiðum. Við eigum að setja það á oddinn. En ég vil kannski orða spurninguna öðruvísi sem ég lagði fyrir ráðherrann vegna þess að ég geri mér auðvitað fullljóst að það eru engir samningar milli Norðmanna og Íslendinga í þessu efni. Menn hafa greinilega verið að ræða hér forsenduna og þá spyr ég bara persónulega um mat hæstv. utanrrh. á því hvort hann telji þá, og hefur hann greinilega skoðað málið mjög vel að eigin sögn, að það eigi að byggja að mestu á dreifingu stofnsins en minna að byggja á veiðireynslunni. Mér finnst svar ráðherrans við því ekki hafa komið skýrt fram. Mér finnst mikilvægt að fá það inn í umræðuna að það sé þá mat ráðherrans að hann telji að það eigi að byggja að mestu á dreifingu stofnsins í lögsögunni en minna á veiðireynslunni.

[17:54]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að heldur að lengja umræðuna frekar en aðrir en það voru orð hæstv. sjútvrh. sem komu mér til að biðja um orðið og sérstaklega þar sem hæstv. ráðherra sagði eitthvað misvísandi um afstöðu einstakra fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna eða Alþfl. og Alþb. í meðferð málsins og að það hefði gætt einhvers hringlandaháttar eða ósamræmis. Ég kannast ekki við slíkt og tel það ekki innlegg í málefnalegar umræður að koma með slíkar fullyrðingar eins og hæstv. sjútvrh. gerði.

Ætli það fari ekki best á því að ég endursegi sjálf-

ur það sem ég lét koma fram á fundi úthafsveiðinefndarinnar þannig að ekki þurfi að styðjast við túlkun hæstv. sjútvrh. á orðum mínum. Það sem ég sagði einfaldlega var tvennt, sérstaklega varðandi málsmeðferðina. Ég var sammála því eins og allir voru að sjálfsögðu að ekki kæmi til greina að ganga til samninga við Norðmenn á þeim nótum sem þeir höfðu verið að bjóða og lýsti því eins og ég held allir aðrir fundarmenn. Um það ríkti sem betur fer samstaða að ekki kæmi til greina að fara að ganga frá samningum sem gæti orðið leiðbeinandi inn í framtíðina við Norðmenn um einhver skitin 50 eða 70 þús. tonn eða hvað það hefði hugsanlega orðið eða einhverjar mjög lágar tölur. Þar með væri ekki verið að lýsa almennri ánægju með málsmeðferðina í heild sinni af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og það væri langt til jafnað ef það gerðist að ég færi að lýsa sérstakri ánægju minni með frammistöðu ríkisstjórnarinnar almennt og sérstaklega þó þeirrar fyrri í sambandi við málstök varðandi úthafsveiðar og verður hæstv. sjútvrh. að taka hlut sinn af því til sín.

Í öðru lagi lýsti ég því að rétt væri að leita eftir samstöðu við Færeyinga um sameiginlega afstöðu í viðræðunum við Norðmenn úr því að upp úr væri að slitna. Ég held að ég fari rétt með það og það má svo sem koma hér fram að ég nefndi væntanlega fyrstur manna á þeim fundi að ég teldi mikilvægt að reyna að ná í þeim samningum ákvæðum um gagnkvæmar veiðiheimildir innan lögsögu ríkjanna. Að því leyti til var einnig samstaða á þessum fundi um að þetta væri eðlilegt. En að öðru leyti fór ekki fram nein almenn úttekt á málsmeðferðinni í viðræðunum eða aðdragandanum á undangengnum mánuðum né neinar sérstakar stuðningsyfirlýsingar hafðar uppi. Ég bið hæstv. sjútvrh. að oftúlka ekki ummæli einstakra manna á fundi af þessu tagi auk þess sem það kom reyndar fram og hæstv. sjútvrh. staðfesti það að það var í öðrum tilvikum lýst mismunandi sjónarmiðum og það má endurtaka það hér að ég varaði við því á þessum fundi, þeim eina samráðsfundi sem hefur verið um málið á þessu vori að menn legðu af stað með of lágan upphafskvóta eða of lága kröfugerð því að það vita auðvitað allir sem nálægt einhverjum samningaviðræðum hafa komið að það er erfitt að komast frá því aftur ef menn einu sinni setja markið of lágt í byrjun. Ég taldi skynsamlegt að reisa kröfuna frá upphafi á þeim grunni að við ætluðum okkur fullkomlega jafnan hlut á móti Norðmönnum. Með hliðsjón af því að Færeyingar yrðu okkur samferða væri eðlilegt að kröfugerðin og/eða þá einhliða kvótinn hljóðaði upp á jafnan hlut á móti Norðmönnum og Rússum þó að auðvitað megi síðan deila um það og endanlega verði að semja um það hver verður nákvæmlega hlutdeild hverrar þjóðar. Ég er ekki með þessu að segja að hin endanlega samningsniðurstaða hljóti að verða til að mynda jafn hlutur Rússa og Færeyinga. Það er ekki þar með sagt, þannig að þetta væri eðlilegur upphafspunktur af okkar hálfu. Ég tel að öll líffræðileg og söguleg rök standi fyrir því að við Íslendingar gerum kröfu um fullkomið jafnræði á móti Norðmönnum varðandi nýtingu úr stofninum, fullkomið jafnræði, og þar vega langþyngst og langsterkast rökin sem má sækja í hefðbundið göngumynstur síldarinnar og þá staðreynd að hún dvaldi á sínum tíma iðulega meira en hálft árið innan íslensku lögsögunnar, var best veiðanleg, verðmætust og feitust á þeim tíma frá því að veiði gat hafist á henni fyrir norðan land snemma vors eða sumars og yfir sumarmánuðina og fram á haust og vetur úti fyrir Austfjörðum. Eðlilega er það þess vegna þannig að í þessi sögulegu rök má sækja fullkomlega gilda röksemdafærslu fyrir því að við eigum a.m.k. jafnan hlut á móti Norðmönnum úr þessum stofni. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að þannig á að byggja upp röksemdafærslu okkar í málinu en ekki einhverjar tímabundnar aðstæður sem stafa af ofveiði Norðmanna úr stofninum.

Að vísu er svolítið athyglisvert, hæstv. forseti, að í málinu varð samstaða um það og núv. hæstv. sjútvrh. reið á vaðið með það að ákveða einhliða kvóta til handa Íslendingum úr þessum stofni. En þegar sama tillaga kom fram af hálfu þess sem hér talar og útgerðarmanna varðandi veiðar okkar í Barentshafi, að við ættum einmitt að styrkja samningsstöðu okkar með því að úthluta okkur einhliða kvóta þar með alveg sömu rökum og nú eiga við um norsk-íslensku síldina mátti ekki heyra á það minnst. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sýni að það voru mistök að leggja ekki upp með veiðarnar í Barentshafi þannig það þær yrðu á ábyrgum nótum og að við ætluðum okkur ekki að taka nema einhvern tiltekinn hlut úr þeim stofni sem við teldum sanngjarnan og verjanlegan og ef eðlilegir samstarfsaðilar okkar um þá nýtingu, þ.e. Norðmenn og Rússar, neituðu samningum við okkur, neituðu að tala við okkur, þá ættum við ekki annan kost en að úthluta okkur einhliða kvóta sem væri réttlætanlegur og verjanlegur út frá sögulegum og líffræðilegum og alþjóðlega réttarfarslegum bindandi reglum. Þetta finnst mér áhugavert og rétt að nefna hér að nú snúa þessi rök allt í einu öðruvísi af hálfu þeirra sem á sínum tíma voru algerlega andvígir því að við gripum til svona ráða gagnvart deilunni sem uppi var í Barentshafi.

Ég legg svo á það áherslu, eins og fleiri hafa gert, að það er auðvitað mjög mikilvægt að ná um það víðtækri og breiðri samstöðu hér heima fyrir hvernig málstaður Íslands í þessum erfiðu deilum allur saman er byggður upp og varinn. Það er alveg hægt að viðurkenna að það er heppilegra að það samráð eigi sér stað annars staðar en hér í þingsalnum, a.m.k. þannig að allir flokkar geti verið fullgildir aðilar og þátttakendur í því ferli. Ég legg þess vegna á það mikla áherslu að hlutunum verði háttað þannig í framtíðinni. Það hefur verið misbrestur á því, það er ljóst, og einn fundur í úthafsveiðinefnd skiptir ekki sköpum í því efni, sérstaklega ekki í ljósi þess að hann var haldinn þegar hafði, má segja, þegar slitnað í viðræðunum við Norðmenn án þess að ég sé að lasta það að til þess fundar var boðað. En mjög mikilvægt er að í svona viðkvæmum og vandasömum málum sé byggð upp samstaða heima fyrir, haft fullt samráð og að menn þurfi ekki að veikja sinn málstað út á við eða inn á við með því að standa í umræðum af þessu tagi um viðkvæm

hagsmunamál sem að mestu leyti væri heppilegra að færu fram annars staðar.

**Útbýting þingskjala:**

Áfengislög, 6. mál, nál. 1. minni hluta allshn., þskj. 58.

Einkaleyfi, 40. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 62.

Stjórn fiskveiða, 28. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 56; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 57; nál. minni hluta sjútvn., þskj. 60; brtt. minni hluta sjútvn., þskj. 61.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:04]

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, KHG, KPál, LB, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GAK*) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GB, GÁ, GMS, HG, JBH, JónK, KÁ, KH, LMR, MF, ÓRG, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, StB, SvG, VS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 18:05.

---

## 16. FUNDUR

fimmtudaginn 8. júní,
að loknum 15. fundi.

**Dagskrá:**

Stjórn fiskveiða, stjfrv., 28. mál, þskj. 32, nál. 56 og 60, brtt. 57 og 61. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

***Stjórn fiskveiða, 2. umr.***

Stjfrv., 28. mál (veiðar krókabáta o.fl.). — Þskj. 32, nál. 56 og 60, brtt. 57 og 61.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

[18:07]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég geri grein fyrir nál. meiri hluta sjútvn. og brtt. meiri hlutans sem liggja frammi á þskj. 56 og 57.

Ef ég mætti útskýra tillögur meiri hluta nefndarinnar áður en ég vík að nál. þá tek ég fram að um 1. lið tillagnanna, sem fjallar um réttindi skipa sem komu til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. jan. 1986, er samstaða í nefndinni. Um aðrar tillögur meiri hlutans ríkir ekki full samstaða eins og koma mun fram í máli annarra nefndarmanna sem hér tala á eftir. Í þeim tillögum koma fram ákvæði sem eiga að gera það kleift að leggja grunn að nýju stjórnkerfi fyrir fiskveiðar krókabáta með því að þeim bjóðist frjáls valkostur sem sambærilegur verði við það valfrelsi sem ríkir um veiðar báta og smærri skipa á aflamarki. Með því móti teljum við flestir nefndarmenn, sem telja þetta viðunandi að þessu sinni, að þeim gefist kostur á að taka þátt með sambærilegum hætti og aðrir sjómenn á Íslandsmiðum í uppbyggingu okkar helsta og mikilvægasta veiðistofns og sitja ekki undir gagnrýni annarra um að þeir fari þar fram með öðrvísi en viðunandi geti talist.

Í þessum tillögum koma fram bráðabirgðaákvæði um gildistöku valkostsins sóknardagar en að öðru leyti eðlileg ákvæði um gildistöku annarra atriða, svo sem vegna nýrra og mjög strangra ákvæða um endurnýjun krókabáta. Þau ákvæði sem eru í 1. gr. frv. eru til þess gerð að bregðast við mjög hraðri og mikilli aukningu í sóknargetu þeirra með sífelldri endurnýjun og uppbyggingu. Við teljum nauðsynlegt vegna þeirra sem fyrir eru í greininni að setja hömlur á svo þar geti menn haldið sínu án þess að sífellt aukist hlutur annarra.

Herra forseti. Í kosningabaráttunni birtist okkur mjög skýrt miklar og almennar áhyggjur fólks af afkomu og rekstrarmöguleikum allra smærri fiskiskipa, báta og smábáta. Það á bæði við um þá sem fiska í kerfi krókabátanna og hinna smærri sem veiða við stjórn aflamarksins. Um allt land lýstu kjósendur við sjávarsíðuna áhyggjum sínum af þessari útgerð og af framgangi fiskveiða við þær aðstæður sem skapast hafa við mjög skertar veiðiheimildir úr þorskstofninum, okkar helsta nytjastofni. Menn lýstu takmörkuðum möguleikum smárra skipa og báta með litla flutningsgetu og lítið vélarafl til að sækja á ný og jafnvel fjarlæg mið eða beita öðrum veiðarfærum til að nýta aðra veiðistofna. Menn lýstu útkasti fiskjar frá borði, miklum fjárfestingum í litlum bátum og harðnandi sóknarkapphlaupi krókabáta án tillits til burðar þeirra eða sjólags og veðra með sívaxandi hættu fyrir áhafnir og báta.

Við þessum áhyggjum, sem menn lýstu fyrir okkur, er verið að bregðast með þeim ákvæðum sem koma fram í frv. og brtt. meiri hluta sjútvn. við frv. sem er til 2. umr.

Eins og fram kemur í nál. meiri hlutans leggur meiri hlutinn til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram á þskj. 57 og ég hef gert lítillega frekari grein fyrir en er tilbúinn til að gera það frekar

í þeim umræðum sem fara fram á eftir ef þess verður óskað.

[18:11]

**Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta sjútvn., en hann skipa auk mín Steingrímur J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson auk þess að Guðný Guðbjörnsdóttir, sem er áheymarfulltrúi í nefndinni, lýsir yfir stuðningi við nál. og brtt. minni hlutans, á því frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Sameiginleg afstaða minni hluta sjútvn. til þessa frv. kemur annars vegar fram í því nál. sem ég mun gera grein fyrir og hins vegar í þeim brtt. sem undirrituð flytja við frv. eins og það liggur fyrir. Að öðru leyti munu fulltrúar minni hlutans gera grein fyrir afstöðu sinni og flokka sinna eða hreyfinga í umræðum.

Frv. gerir skv. 1. gr. ráð fyrir að til að hemja stækkun krókabátaflotans verði settar strangar reglur varðandi endurnýjun slíkra báta. Í sóknarkerfi er stjórn á flotastærð virka stýriaðferðin svo að eðlilegt er að setja slíkar tillögur fram sem lið í breytingum varðandi krókabátana. Hitt er annað mál hvort ástæða sé til að hafa svo stífar reglur sem fram koma í frv. Rétt er að minna á í þessu samhengi að nú á að taka þessa báta inn í Þróunarsjóð ef frv. sem hér liggur fyrir varðandi það efni verður að lögum. Þar með er stefnt að fækkun þeirra á næstu árum. Sérstaklega hlýtur að teljast varhugavert að beita slíkum reglum á endurnýjun minnstu bátanna og telur minni hlutinn að athuga hefði átt að undanskilja báta t.d. undir 3 tonnum vegna endurnýjunar á sams konar báti. Hins vegar eru í frv. settar fram tillögur sem þrengja möguleika aflamarksskipa til endurnýjunar og breytinga. Í aflamarkskerfi er það aflamarkið sem er stýritækið og ætti útgerðarmönnum að vera í sjálfsvald sett með hvaða skipastærð þeir sækja þann afla sem þeim er úthlutað. Meiri hluti nefndarinnar hefur þó kynnt tillögur þar sem fallið er að hluta frá tillögum um að þrengja kosti útgerðar aflamarksskipa og yrði áfram heimilt að breyta skipum byggðum fyrir 1986 eins og verið hefur. Minni hlutinn styður að sjálfsögðu þessa breytingu frá upphaflega frv.

Enn eru þó í því tilhneigingar til stjórnunar á sviðum þar sem undirrituð telja að aflamarkið eitt ætti að nægja því að útgerðarmönnum sé best til þess treystandi að ákveða með hvernig skipum sé hagfelldast að sækja þann afla sem þeim er samkvæmt aflamarki heimilt að veiða. En umræðan um sóknarmark, aflamark og þau stjórnkerfi sem menn vilja sjá í framtíðinni á þessum málum bíður annars betri tíma.

Meginefni frv. ríksstjórnarinnar fjallar þó um breytingar á veiðistjórnun krókabáta. Breytingartillögur meiri hlutans gera í raun ráð fyrir að veiðar krókabáta verði með þrennu móti:

1. Veiðar með þorskaflahámarki með banndögum skv. 2. og 4. mgr. frv.

2. Veiðar með viðbótarbanndögum skv 5.–9. mgr. frv.

3. Veiðar innan róðrardagakerfis skv. 2. breytingartillögu meiri hlutans.

Fyrst um sinn geti krókabátar valið milli kosta 1 og 12 en ráðherra getur síðar ákveðið með reglugerð að þeir sem vilja kost 2 fari undir róðrardagakerfi. Ekki er í frv. eða brtt. meiri hlutans gert ráð fyrir að róðrardagakerfi komist á á komandi fiskveiðiári heldur er sett í vald ráðherra að meta hvenær tæknilegar og fjárhagslegar forsendur leyfa upptöku þess. Það er mat okkar að það sé óeðlilegt að setja það alfarið svo ákveðið í vald ráðherra hvenær tæknilegar eða fjárhagslegar forsendur leyfi upptökur þessa kerfis.

Í þessu sambandi er vakin sérstök athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er þeim bátum, sem velja þorskaflahámark, ekki heimilt að skipta síðar yfir í róðrardagakerfi. Það er hins vegar í mótsögn við yfirlýsta stefnu sumra stjórnarliða sem standa að baki frv. ríkisstjórnarinnar.

Í því sambandi er einnig athyglisvert að skoða þau fylgiskjöl sem fylgja með nál. minni hlutans en þar er vikið að því að þegar svo mjög er þrengt að mönnum eins og frv. ber með sér eru meiri líkur á slysum, að neyðin muni hreinlega villa mönnum sýn og hvetja til óhóflegra róðra í tvísýnu veðri sem menn hefðu ekki ella látið hvarfla að sér að róa í. Í þessu heyrist okkur við nema enduróm af því sem stjórnarliðar hafa sagt í þessum ræðustól þegar þeir hafa verið að undirstrika nauðsyn þess að róðrardagakerfi verði tekið upp.

Jafnframt vil ég taka það fram að það hefur ekki tekist að sannfæra þau sem skipa minni hluta sjútvn. að ekki sé unnt að taka upp róðrardagakerfi nú þegar og notast við þau meðöl sem við höfum til þess að fylgjast með veiðunum. Ég vil aftur vísa í þau fylgiskjöl sem eru með nál. þar sem það er ljóslega sýnt hversu geysilega margir banndagar verða fyrir þá sem velja viðbótarbanndaga, hversu fáir dagar það eru sem menn geta róið og vísa þá enn í þau ummæli sem ég las hér áðan.

Í umræðu og í umfjöllun nefndarinnar kom fram hjá flestum sem tjáðu sig um 2. gr. frv. eindreginn vilji til að taka upp róðrardagakerfi sem stjórnkerfi fyrir krókabáta. Gegn því var teflt þeirri staðhæfingu að ekki væri mögulegt að taka upp róðrardagakerfi þegar á næsta fiskveiðiári þar eð ekki væru tæknilegar forsendur til að halda uppi nægjanlega öflugu eftirliti með sjósókn bátanna. Við umfjöllun í nefndinni kom hins vegar fram að unnt væri að sinna eftirliti í gegnum hafnarverði og löggilta vigtarmenn uns fjareftirlit um landstöðvar og/eða gervihnetti væri til reiðu, en sérfræðingar, sem á fund nefndarinnar komu, töldu ekki unnt að koma slíku fjareftirliti upp fyrir byrjun næsta fiskveiðiárs.

En ég vil endurtaka það að þó svo að þeir sérfræðingar hafi talið að ekki væri unnt að koma fjareftirliti á frá byrjun þá sannfærði það ekki þau sem skipa minni hluta nefndarinnar um að það réttlætti að bíða með upptöku kerfisins.

Af þessum sökum er því alfarið vísað á bug að vegna tæknilegra takmarkana sé ekki hægt að taka upp róðrardagakerfi þegar í upphafi næsta fiskveiðiárs. Við

leggjum því til brtt. við 2. gr. frv. þar sem lagt er til að róðrardagakerfi verði eina stjórnkerfi krókabáta frá og með næsta fiskveiðiári. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, krókabátar, skulu frá og með fiskveiðiárinu sem hefst 1. sept. 1995 stunda veiðar með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 2.–4. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum og línu. Þó er sjúvrh. heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum og til hrognkelsaveiða í net.

Fjöldi róðardaga hjá krókabátum skal vera 100 eftir frjálsu vali innan hvers fiskveiðiárs og taka mið af 150 þús. tonna heildarafla af þorski, sbr. 3. gr. Róðrardögum skal fjölgað eða fækkað í réttu hlutfalli við ákvörðun stjórnvalda á hverju fiskveiðiári um leyfilegan hámarksafla.

Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu varðandi veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr.

Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala af línu, en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 420 krókar séu á línu í hverjum bala. Stefni í að heildarafli krókaveiðibáta aukist verulega frá því sem verið hefur að meðaltali undanfarin ár, vegna aukinna línuveiða krókabáta, er sjútvrh. heimilt að takmarka þær veiðar sérstaklega umfram það sem getur í þessari málgrein.

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

Ráðherra skal með reglugerð ákveða framkvæmd eftirlits, sbr. 2. mgr. Þangað til tæknilegar forsendur leyfa fjareftirlit um gervihnetti og/eða landstöðvar skal Fiskistofa semja við sveitarfélög um að eftirlit verði framkvæmt af hafnarvörðum og/eða löggiltum vigtarmönnum, eða með öðrum hætti."

Minni hluti gerir ekki athugasemdir við 3. og 4. gr. frumvarpsins. Brtt. meiri hlutans við 5. gr. er í samræmi við þá breytingu sem sömu aðilar gera tillögu um að verði á 1. gr. og áður hefur verið lýst. Ekki er að sinni gerð athugasemd við ákvæði til bráðabirgða I.

Undirrituð flytja hins vegar eftirfarandi brtt. við ákvæði til bráðabirgða II, með leyfi forseta:

„Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:

Árlega er heimilt að ráðstafa með reglugerð allt að 500 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til smábáta sem gerðir eru út frá þeim byggðarlögum sem algjörlega eru háð veiði slíkra báta og standa höllum fæti."

Herra forseti. Hér er gerð tilraun til þess að fylgja eftir þeirri hugsun sem fram kemur í frv. varðandi viðlagaákvæði vegna þeirra byggðarlaga sem algjörlega eru háð veiði smábáta og standa höllum fæti. Hér er hins vegar gerð tillaga um það að Byggðastofnun verði ekki sá aðili sem úthluti þessum veiðileyfum heldur verði það eins og úthlutun annarra veiðileyfa í höndum sjútvrn.

Samkvæmt frv. er lagt til að á þessu kjörtímabili skuli Byggðastofnun árlega hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark sem nemur 500 lestum. Að kjörtímabilinu loknu virðist samkvæmt frv. aftur óhætt að treysta sjútvrn. fyrir úthlutun þessara tonna og það á sama grundvelli, þ.e. til að ráðstafa til krókabáta eða smábáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem algjörlega eru háð veiðum slíkra báta og standa höllum fæti.

Undirrituð leggjast ekki gegn því að í lögunum um stjórn fiskveiða sé viðlagaákvæði vegna þeirra aðstæðna sem upp kunna að koma og bregðast þarf við á stöðum sem algerlega eru háðir veiðum smábáta. Að okkar mati, og það hefur áður komið fram, er Byggðastofnun hins vegar ekki sá aðili sem á að úthluta veiðiheimildum. Þessi aðferð, að setja úthlutun veiðiheimilda í hendur Byggðastofnunar, er vísasti vegurinn til þess að skapa tortryggni og enn frekari deilur um og gagnrýni á fiskveiðistjórnunina. Sjútvrh. getur hins vegar leitað álits Byggðastofnunar eða annarra varðandi mótun reglugerðar eða úthlutun.

Í verkefnaskrá sjútvrn. er boðað að gera eigi úttekt á mismunandi leiðum við fiskveiðistjórnun og bornir saman kostir og gallar ólíkra fiskveiðistjórnunarkerfa. Jafnframt er lýst yfir að niðurstöðurnar eigi að nýta við þróun fiskveiðistjórnunar. Þetta felur í sér þann möguleika að algjör uppstokkun kunni að verða á stjórnun fiskveiða í kjölfar boðaðrar úttektar. Þetta skapar mikla óvissu fyrir greinina í heild og torveldar áætlanagerð til framtíðar. Forustumenn í atvinnulífi, jafnt innan sem utan sjávarútvegsins, tala gjarnan um að skapa þurfi sátt um sjávarútvegsstefnuna og í stefnuræðu forsrh. kom fram að ríkisstjórnin leggur þunga áherslu á að sjávarútvegurinn búi við festu í starfsskilyrðum sínum. Því er nauðsynlegt að treysta starfsumhverfi greinarinnar með því að tímasetja lok boðaðrar endurskoðunar hið fyrsta og með það að markmiði leggur minni hlutinn til bráðabirgðaákvæði um að endurskoðun verði lokið í árslok 1996, en það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Lög þessi skal endurskoða fyrir 1. janúar 1997 og skulu fulltrúar allra þingflokka eiga aðild að þeirri endurskoðun."

Bæði í verkefnaskrá sjútvrn. og í umræðum í þinginu um frv. þetta og stefnuna í málefnum sjávarútvegsins hafa komið fram ýmsar hugmyndir sem farsælast yrði fyrir greinina að menn færu yfir og næðu samstöðu um sem allra fyrst. Þar má nefna, auk framangreindra tillagna sem snúa beint að þeim þætti veiðanna sem frv. ríkisstjórnarinnar fjallar um, hugmyndir um að taka línutvöföldun inn í kvóta, um sveiflujöfnun í sjávarútvegi — sem fram koma í verkefnaskrá sjútvrn. og um veiðileyfagjald en þær hugmyndir hafa verið kynntar af ýmsum hv. þm. úr þessum

ræðustól — verðmyndun á sjávarafla, en um það er fjallað í verkefnaskrá sjútvrn., og fiskmarkaði — en þær hugmyndir hafa einnig verið viðraðar úr þessum ræðustól af ýmsum hv. þm. — umgengni um auðlindir sjávar, en þar eru menn sammála um að taka þurfi til hendi, og ýmislegt fleira.

Það er ljóst að í frv. ríkisstjórnarinnar er ekki að finna heildstæða stefnumótun varðandi sjávarútvegsmál og þar er ekki fjallað um þætti sem sem tengjast framangreindum atriðum, heldur einungis um afmarkaðan hluta fiskveiðistjórnunarinnar. Því flytjur minni hlutinn ekki tillögur sem þeim tengjast að sinni.

**Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):**

Forseti vill geta þess að ráð er fyrir því gert að halda þessari umræðu áfram fram eftir kvöldi og ljúka henni. Ekki er á þessu stigi máls heldur gert ráð fyrir því að gert verði á henni hlé en hér niðri í veitingastofunni verður borinn fram matur og forseti gerir ráð fyrir því að menn reyni eftir föngum að hlaupa og fá sér matarbita án þess að gera þurfi formlega hlé á umræðunni.

[18:26]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Sjútvn. hefur reynt að vinna að þessu frv. eins og aðstæður hafa leyft undanfarna daga og fengið til viðtals við sig alla helstu hagsmunaaðila sem þessu máli tengjast og aðra þá sem lýst hafa áhuga á því að koma sjónarmiðum á framfæri við nefndina. Auk þess hafa nefndinni borist ýmis erindi sem efni þessara frv. tengjast og önnur óskyld sem varða einstök atriði fiskveiðilöggjafarinnar. Enn er það svo að nokkur slík eru til skoðunar hjá nefndinni og kann svo að fara að sjútvn. flytji sameignlega brtt. annaðhvort síðar við þessa umræðu eða 3. umr. málsins á grundvelli erinda sem henni hafa borist og varða þau lagfæringar á einstökum atriðum sem samstaða er um að betur megi fara. Vil ég þar sérstaklega nefna ákvæði varðandi rækjuveiði og möguleika útgerðaraðila til að geyma með sambærilegum hætti aflamark í rækju milli ára og tíðkast um flestallar aðrar kvótabundnar tegundir. Samkvæmt gildandi lagaákvæðum er það svo að einungis er heimilt að geyma ónýttar veiðiheimildir eða ónýtt aflamark í úthafsrækju milli ára en ekki er heimilt að fara fram yfir í þeirri tegund eins og á við um flestar aðrar.

Þetta atriði og nokkur önnur eru enn til skoðunar í nefndinni og verði samstaða um að gera þarna tillögur um breytingar þá verður það, eins og áður sagði, annaðhvort gert síðar við þessa umræðu eða við 3. umr.

Það liggur einnig fyrir að það er samstaða í sjútvn. um 1. tölul. brtt. meiri hluta sjútvn. sem lýtur að því að hverfa frá því að þrengja eða breyta endurnýjunarskilmálum fyrir fiskiskip sem byggð eru fyrir árið 1986. Eins og frv. er fram borið gerir það ráð fyrir því að sömu reglur yrðu settar yfir þau skip og gilt hafa um nýrri skip, þ.e. að þeim sé breytt eða afköst þeirra aukin, skipin stækkuð, þurfi að kosta til þess úreldingu. Eins og kunnugt er tóku slíkar reglur gildi á árinu 1986 og þá var valin sú leið að láta þær eingöngu taka til skipa sem byggð væru frá og með þeim tíma og hefur svo verið síðan. Þykir útgerðarmönnum eldri skipa nokkuð óvægilega að sér farið með því að taka nú hartnær áratug síðar upp þetta ákvæði og gera kröfur til þess að ef slík skip, sem eru eðli málsins samkvæmt komin nokkuð til ára sinna, eru að ganga í gegnum breytingar og endurnýjun, skuli þau þurfa að sæta þessum ströngu skilmálum.

Kröfur hafa breyst og auðvitað hefur mikil þróun orðið í fiskiskipum á þessum tíma. Má þar nefna bæði aðbúnað manna og umbúnað um vinnslu í skipum og annað því um líkt og eðli málsins samkvæmt þarf orðið meira rými af þessum ástæðum og fleirum. Hertar reglur um meðferð afla kalla stundum á meira rými í skipum. Það er mat okkar að ef slíkar reglur yrðu settar, hertar endurnýjunarreglur, gætu þær beinlínis unnið gegn nauðsynlegri endurnýjun og hagræðingu í fiskiskipaflotanum. Sérstaklega hefur þetta komið til skoðunar varðandi loðnuskipin en sá floti er mestallur gamall og segja má úreltur í þeim skilningi að fæst skipanna í íslenska nótaveiðiflotanum eru útbúin til þess að bera að landi gæðahráefni miðað við þær kröfur sem gerðar eru í dag og bíður þar mikið verkefni ef við ætlum ekki að dragast óðfluga aftur úr öðrum þjóðum varðandi það að geta nýtt sambærilega uppsjávarfiska, loðnu og síld og aðra fiska til manneldis og í svipuðum hlutföllum og nágrannaþjóðirnar. Til þess að svo sé er augljóslega nauðsynlegt að endurnýjun eigi sér stað í þessum hluta flotans og að kæling, einangraðar lestar og annað því um líkt komi til sögunnar. Hætt er við að þessi regla hefði getað hamlað gegn slíkri þróun og því er fagnaðarefni að samstaða hefur orðið um að hverfa frá því að gera þessa breytingu.

Að öðru leyti, herra forseti, er eins og þegar hefur komið fram í framsöguræðum meiri hluta og minni hluta ekki um sameiginlega afstöðu nefndarinnar að ræða og vísast um það til nefndarálitanna. Afstaða okkar til einstakra efnisþátta frumvarpanna hefur þegar komið fram í framsögu minni hluta sjútvn. og hef ég þar ekki miklu við að bæta en vil þó koma aðeins nánar inn á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi er það efni 1. gr. frv. sem varðar úreldingarreglur á skipum og smábátum þar með talið. Við teljum að um leið og það er viðurkennt að nauðsynlegt sé að setja því skorður að um hömlulausa afkastaaukningu geti verið að ræða í þessum hluta flotans eins og segja má að verið hafi á undanförnum árum verði á hinn bóginn að vega og meta hvað sanngjarnt sé að gera strangar kröfur þá þegar þær eru upp teknar. Það að leggja til að á einu bretti sé farið að gera tvöfalt stífari kröfur um úreldingu á móti endurnýjun þegar smábátar eiga í hlut en gert er í öðrum hlutum flotans er auðvitað mjög mikil breyting. Fyrir stærri skip gildir reglan tonn á móti tonni en hér er um tvöfalt stífari kröfu að ræða þar sem einungis má endurbyggja smábáta upp á helming af því sem hverfur úr notkun á móti. Eigandi að sex tonna smábát getur því eingöngu byggt eða endurnýjað fyrir eigin tonn í þriggja tonna bát.

Sérstaklega vil ég staldra við þann þátt málsins að þetta ákvæði sé látið ganga niður úr alveg niður til minnstu skelja. Ég held að það hljóti að orka mjög tvímælis að gera eiganda smábáta, segjum þriggja tonna smábáts, sem hefur engin önnur áform í huga en þau að endurnýja í sams konar skip, jafnerfitt fyrir og raun ber vitni. Spurningar vakna hvort réttlætanlegt sé að mismuna mönnum jafnaugljóslega og þarna er gert eftir því hvaða stærð fiskiskips á í hlut. Að sjálfsögðu er eðlilegt að menn horfi til þess að stöðva þá miklu afkastaaukningu sem menn eru sammála um að hefur verið í gangi gegnum það að hæggeng og miklu lakari útbúin skip hafa verið að hverfa úr notkun og í staðinn komið mjög hraðgengir og afkastamiklir bátar, stærri og öflugri á allan hátt, en þarna er mikill munur á hvort slíkt sé stöðvað með einhverjum hætti og yfir í hitt að gera svona stífar kröfur. Ég hefði a.m.k. talið eðlilegt að athuga hvort ekki væri rétt að setja þarna einhver neðri mörk og heimila endurnýjun í sambærilegum bátum undir einhverjum tilteknum stærðarmörkum. Ég spái því að ef svo verði ekki gert þá muni því miður eiga eftir að koma upp umræða um öryggisþátt þessa máls ef sú verður þróun í sömu tilvikum að bátarnir smækka vegna þessarar reglu.

Við minnum einnig á í nefndaráliti okkar að samtímis er verið að taka þá ákvörðun ef tillögur meiri hlutans ná fram að ganga eða ákvæði frv. að í þessu frv. og frv. til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð að taka krókaveiðibátaflotann inn í Þróunarsjóðinn þannig að á grundvelli starfsemi sjóðsins má reikna með því að bátunum fækki á næstu árum. Minnkunin eða samdrátturinn á þessari tegund útgerðar gæti þar af leiðandi orðið mjög hraður á næstu árum í gegnum annars vegar helmings afkastaminnkun í allri endurnýjun og hins vegar uppkaup Þróunarsjóðs. Mér er ekki kunnugt um að nein sérstök stefnumörkun liggi þar á bak við að það beri að beina kröftunum sérstaklega að því að minnka afköstin í þessum hluta flotans önnur en þau að menn vilji nota þá aðferð til að ná á nýjan leik niður þeirri hlutdeild í veiðum sem þessi hluti flotans er að taka. En ýmsar spurningar hljóta að vakna um sanngirni í þessu sambandi.

Varðandi 2. gr. frv. og þá miklu umræðu, sem orðið hefur um það aðalefni málsins, að segja má, þ.e. ákvæði sem gildi um takmörkun eða sókn á veiðum þessa hluta smábátaflotans, er það að segja að í grófum dráttum felst í tillögum meiri hluta sjútvn. að halda sig við óbreytt efnisatriði frv. eins og það var fram borið þó að segja megi að styrkt séu með vissum hætti ákvæðin um mögulega upptöku róðrardagakerfis í framtíðinni með því að færa þau inn í 2. mgr. Eftir sem áður stendur að ekki er gert ráð fyrir því að róðrardagakerfið verði tekið upp á næsta fiskveiðiári. Það er óvissu undirorpið hvernig eða hvenær það verður gert. Breytingartillögur meiri hlutans breyta þar í raun og veru mjög litlu um að öðru leyti en einu og það virðist vera að þar sé ákveðin eða mörkuð sú stefna að þótt róðrardagakerfið komi til söpgunnar skuli hólfað niður í tímabil innan ársins eins og gilt hefur um gildandi banndagakerfi. Þar má segja að sé ákveðin stefnumörkun á ferð varðandi framtíðarfyrirkomulag róðrardagakerfisins, sem lá ekki ljóst fyrir áður og ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég er óánægður með þá tillögu. Ég tel að sóknardagakerfið eða róðrardagakerfið nái langbest tilgangi sínum ef menn mættu velja þá róðrardaga frjálst innan ársins. Nú liggur alveg ljóst fyrir að í vændum er mikil fjölgun annaðhvort banndaganna eða þá fáir, hlutfallslega mjög fáir róðrardagar, þegar og ef það kerfi kemur til sögunnar, og þeim mun óhagkvæmara er augljóslega að þeim dögum sé dreift yfir allt árið. Við getum hugsað okkur þá stöðu ef róðrardagarnir eru komnir niður fyrir eða um 100, að ekki er í sjálfu sér mikil hagkvæmni eða skynsemi fólgin í því að þvinga menn til þess með reglum að dreifa þeim fáu sóknardögum eða róðrardögum á allt árið þannig að menn þurfi að vera bundnir við útgerð sína allt árið og megi þá skreppa af og til á sjó innan ársins. Þannig er þetta á grundvelli núgildandi banndagakerfis. Menn hafa bundið vonir við og ekki er vafi á því að óskir smábátamanna eru þær að komi róðrardagakerfið til sögunnar, verði um að ræða mikið svigrúm og helst frjálst val á róðrardögunum innan ársins. Fyrir því eru að mínu mati einnig augljós hagkvæmnisrök. Að vísu má segja að það þýði væntanlega að sóknin muni þjappast saman yfir vor-, sumar- og hausttímann en á móti má spyrja: Er það ekki heppilegast af ýmsum ástæðum, frá öryggissjónarmiðum o.s.frv.? Það hlýtur að orka tvímælis að vera með kerfi í gangi sem að einhverju leyti þrýstir sókninni á minnstu skipum flotans yfir á vetrartímann þótt í gildi sé stopp yfir svartasta skammdegið.

Langalvarlegasti hlutinn, sem felst í afgreiðslu málsins, eins og brtt. meiri hlutans og frv. gera ráð fyrir, er auðvitað það dagatal banndaga sem blasir nú við og hefur verið reiknað út og sjútvn. fékk í dag unnið af Landssambandi smábátaeigenda. Ég held að ástæða sé til þess að hvetja hv. þm. þó þeir séu ekki orðnir mjög margir eftir í þingsalnum að fletta upp á fskj. með nefndaráliti minni hluta sjúvn. og líta aðeins á þetta dagatal, setja sig nú — og gekk nú fyrrv. sjútvrh. á dyr samstundis því að þetta var sagt — og líta aðeins á það hvaða framtíð blasir við mönnum, þeim sem á grundvelli lítillar aflareynslu undanfarin ár kjósa að velja áframhaldandi banndagakerfi og/eða róðrardaga þegar þar að kemur. Meðan þetta banndagafyrirkomulag verður áfram við lýði, og má margt um það segja og forsendur og bakgrunn þess máls, er þetta myndin sem blasir við mönnum. Þetta er það svigrúm sem menn hafa þá til þessarar atvinnustarfsemi á næsta fiskveiðiári. Það er til að mynda þannig að þegar kemur fram á vetrar- og vormánuði næsta árs og banndögum hefur fjölgað gríðarlega vegna mikillar veiði á sambærilegu tímabili á árinu koma menn til með að mega róa í 10–12 daga marga bestu mánuði ársins sem verið hefur samkvæmt venju um smábátaveiðar. Svo við lítum aðeins á þetta, hæstv. forseti, yrði þetta þannig í febrúar á næsta ári að mönnum væri bönnuð sjósókn dagana 1. til og með 11. febr. á árinu 1996. Menn mættu róa 12., 13., 14., 15. og 16. febr., yrðu síðan að vera í landi 17. og 18. Menn mættu róa 19. febr. ef

viðraði. Síðan yrðu menn að vera í landi 20.–25. febr. og mættu svo róa dagana 26., 27., 28. og 29. febr. Ég sé að það hlýtur að vera hlaupár á næsta ári. Þannig er nú það. Þetta eru 10 dagar og það eru ekki bara einhverjir 10 dagar í febrúar. Nei, það eru nákvæmlega þessir 10 dagar og ef ekki viðrar á sjó 19. febr. 1996 er sá dagur farinn. Þar sem um einn dag á þessu 10 daga tímabili er að ræða ætli það freisti þá ekki ýmissa að reyna að komast eitthvað út. Þannig er það. Sama má segja t.d. um vor- og sumarmánuði, sem er auðvitað alveg svakalegt, að sóknin í júní og ágúst verður bundin við tiltekna 10 daga í hvorum mánuði. Þetta er orðið mjög hæpið verð ég að segja. Spurningin er í raun og veru hvort nokkur glóra er þá lengur í kerfi sem tekur á sig þessa mynd. Vissulega er vandinn óbreyttur þó að við reynum að finna aðrar aðferðir í sambandi við málið, þ.e. stýra sókninni öðruvísi. Í því sambandi held ég að einasta svarið annað en að leyfa bátunum meira svigrúm til veiða en menn eru hér að tala um sé að hverfa frá banndagakerfinu yfir í að leyfa mönnum þó að hafa einhvern tiltekinn dagafjölda til þess að sækja sjó og ráða tiltölulega mikið og helst alveg sjálfir hvenær ársins það er.

Hæstv. forseti. Í ljósi þessarar myndar og í ljósi umræðunnar, sem varð við 1. umr., urðu mikil vonbrigði að ekki náðist samstaða um það í sjútvn. að velja þá leið að útfæra nothæft og sanngjarnt róðrardagakerfi og hverfa að því sem stýritæki í þessu sambandi. Það er sú leið sem við í minni hlutanum viljum fara og til að sýna að okkur er alvara í þeim efnum leggjum við fram brtt. um útfærslu á slíku kerfi sem kæmi þá í stað 2. gr. frv. eins og hún er nú og í stað breytinganna sem meiri hlutinn leggur til á þeirri grein. Frsm. minni hlutans hefur gert grein fyrir þessum ákvæðum og ég þarf ekki að fara betur yfir það en ég vil undirstrika að það er sannfæring mín að langbesta niðurstaðan úr því sem komið er í málinu væri eitt róðrardagakerfi fyrir allan krókaveiðiflotann. Ég held að engin stórfelld séu vandkvæði á því í fyrsta lagi að útfæra það kerfi, í öðru lagi að hafa fullnægjandi eftirlit með því nú þegar eða frá og með haustinu þegar það tæki gildi og í þriðja lagi að hafa hemil á sókninni eða veiðunum í því kerfi þannig að þessi hluti flotans væri ekki að auka með ósanngjörnum hætti hlut sinn. Ég fullyrði þetta þrennt. Hvað það fyrsta varðar vísa ég í brtt. á þskj. 61. Ég held að það sé mjög auðvelt að setja upp slíkt kerfi með tilteknum föstum stoppum en að öðru leyti frjálsu vali róðrardaga að byggja þar á tilteknum fjölda róðrardaga miðað við núverandi aflaúthlutun, þau 150 þúsund tonn eða þar um bil af þorski sem úthlutað er, og hafa aðrar tegundir þar frjálsar eins og verið hefur. Síðan mætti hreyfa til eða endurskoða þennan dagafjölda í ljósi þess hvernig aflamark eða veiðiúthlutun á þorski þróast á komandi árum.

Það er alveg ljóst að afkastaveiðiaukningin í krókaveiðunum undanfarin ár er fyrst og fremst vegna stóraukinna veiða á línu. Þess vegna er nærtækt og eðlilegt að horft sé til þess ef nauðsyn krefur að takmarka einhvern veginn enn frekar en þá til að mynda með 100 róðrardögum á allan flotann, sóknina eða aflann hjá þessum hluta flotans og gera það með því að setja sérstök takmörk á þennan þátt veiðanna sem mest hefur aukið aflann og afköstin, þ.e. línuveiðarnar. Hér eru lagðar til annars vegar takmarkanir á línumagni hjá hverjum báti en hins vegar að ráðherra geti sérstaklega takmarkað línuveiðarnar yfir heildina ef heildarafli krókaveiðibáta stefnir í að aukast með ósanngjörnum hætti miðað við það sem verið hefur yfir síðastgengin ár. Þá er eðlilegt að líta ekki aðeins til þess mikla afla, sem er að verða á þessu fiskveiðiári og er mun meiri heldur en nokkur átti von á, heldur einhverjar eðlilegarar viðmiðunar einhver ár aftur í tímann fyrir þennan hluta flotans. Ég fullyrði að með slíkum aðferðum má finna sanngjarna viðmiðun og hafa varastýritæki til viðbótar við róðrardagafjöldann sem ætti að geta orðið alveg fullnægjandi. Ég held að að ekki eigi að vera að hugsa sókn þessa hluta flotans, þessara minnstu skipa sem eingöngu veiða á króka út frá því að það skipti höfuðmáli hvort hún er á einu ári 19 þús., 21 þús. eða 23 þús. tonn eða eitthvað þar um bil. Það er ekki stóra málið. Allir vita að það er nauðsynlegt og sanngjarnt að halda þessari sókn innan einhverra marka og auðvitað er ekki hægt að búa við að einhver einn hluti útgerðarinnar í landinu geti stanslaust aukið hlut sinn, það gengur ekki, um það hljóta allir að verða sammála. Það liggur í eðli sjósóknarinnar að hún er og verður sveiflukennd, bæði vegna aflabragða, mismundandi tíðarfars o.s.frv. og þó að reikna mætti með því að eitthvað meiri stöðugleiki kæmi í útgerðina með tilkomu róðrardagakerfis af augljósum ástæðum held ég að á móti mætti auðveldlega beita aðferðum eins og þeim að takmarka þá að einhverju leyti notkun afkastamesta veiðarfærisins eða þess veiðarfæris sem afkastameira er, þ.e. línunnar frekar en færaveiðanna. Fyrir því eru líka þau hagkvæmnisrök að línuveiðiútgerðin er að sjálfsögðu mun dýrari og margir telja að sá afli, sem ýmsir af krókabátunum eru að ná og mikið hefur verið umtalaður, þ.e. hjá þeim bátum sem jafnvel hafa veitt sem nemur um hundruðum tonna, sé á köflum býsna dýru verði keyptur þegar sótt er fast á litlu skipi með dýrri útgerð eins og línuútgerð er. Það er því spurning hvort það þyrfti að koma svo mjög við þessa staði og útgerðirnar ef á móti kæmi róðrardagakerfi með sanngjörnum dagafjölda. Ég er ekki í neinum vafa um að betra væri að lenda málinu með einhverjum slíkum hætti og losna við það að þurfa að þvinga fram val af því tagi sem nú stendur til milli krókaveiða með aflahámarki annars vegar eða hins vegar krókaveiða með mun fleiri banndaga eða þá í framtíðinni einhvern tíma róðrardaga. Ég ítreka að það eru vonbrigði að ekki skyldi nást samstaða um slíkar breytingar. Mér er nær að halda að það sem fyrst og fremst hafi skort í þeim efnum sé meiri tími. Ég er bjartsýnismaður að eðlisfari og er trúaður á að skynsemin hefði ráðið að lokum ef maður hefði haft tíma til að vinna betur í málinu og skoða þetta betur. Það er afar bagalegt að þurfa að afgreiða þetta frá þinginu á jafnlitlum tíma og til stefnu er.

Ég vil líka láta sjónarmið mitt koma fram í sam-

bandi við fiskveiðistjórnina gagnvart minnstu bátunum að í framhaldi af því að útfæra eitt sameiginlegt róðrardagakerfi fyrir allan krókaveiðiflotann, alla báta undir sex tonnum, sem stunda krókaveiðar, teldi ég eðlilegt að smábátum á aflamarki undir sex tonnum yrði jafnframt gert á nýjan leik kleift að velja hvort þeir vildu hverfa inn í það kerfi róðrardaga og verða hluti af þeirri stjórnun eða búa áfram við það aflamark, sem þeir hafa, og áfram við þá skertu aflareynslu sem margir þeirra búa við, þ.e. þeir sem eftir eru. Af sjálfu leiðir að þeir tækju þá aflareynslu sína með tilteknum hætti inn í þann pott og þar af leiðandi ætti sú breyting ekki að þurfa að hafa mikil áhrif. Með því væri verið að reyna að einfalda stjórnkerfið með því að flækja það. Með því væri hugsanlega eða vonandi verið að nálgast þá framtíð að innan ekki langs tíma væri mestallur og jafnvel svo til allur smábátaflotinn undir sex tonnum meðhöndlaður eins, allir sættu sams konar fiskveiðistjórnun. Ég er sannfærður um að sú stjórnun sem þar hentar best eru sóknartakmarkanir af því tagi sem gætu einmitt falist í tilteknum fjölda róðrardaga og þá að einhverju leyti takmörkunum á notkun krókaveiðarfæranna.

Þá vil ég, hæstv. forseti, aðeins gera að umtalsefni ákvæði til bráðabirgða II sem fjallar um viðlagasjóðinn sem farið er að kalla svo. Það þarf alltaf að finna nýtt nafn á hvern einasta sjóð. Ef við segjum að þetta sé einhvers konar viðlagasjóður, þ.e. 500 lestir af þorski sem heimilt sé að ráðstafa til byggðarlaga sem eru algerlega háð veiði smábáta og standa höllum fæti. Ég er þeirrar skoðunar að eins og ákvæðið er útfært í frumvarpstextanum sé það afar gallað og mér er ekki alveg ljóst hvernig menn ætla í sjálfu sér að útskýra að ákvæðið nái að óbreyttu tilgangi sínum. Það er þannig úr garði gert, hæstv. forseti, að gert er ráð fyrir að þessum 500 lestum megi einungis úthluta til krókaveiðibáta og þá væntanlega þeirra sem veiðar stunda á grundvelli aflahámarks, þ.e. þeirra sem valið hafa aflahámark því að engin ástæða er til að úthluta öðrum bátum aflamarki en þeim sem sæta takmörkunum á slíkum grundvelli nema umreikna eigi aflamark yfir í róðrardaga eða fækkun banndaga hjá þeim hluta krókaveiðiflotans sem velur það kerfi. Ég hef spurt að því, hvað ætla Danir að gera ef enginn bátur velur aflahámarksleiðina. Hvernig á þá að koma pottinum út? Ég held að þetta sé mjög vanhugsað auk þess sem það er auðvitað engin trygging, það liggur engin trygging eða athugun fyrir um það að þeir staðir sem mest kynnu að þurfa á slíkum stuðningi að halda sé hlutfall krókaveiðibáta, ég tala nú ekki um þeirra báta sem velja aflahámark það mikið að þeir skipti sköpum. Þar getur alveg eins hugsast að uppistaðan séu smábátar á aflamarki. Hvað ætla menn þá að gera samkvæmt ákvæðinu eins og það er útfært er ekki heimilt að úthluta þessu til þeirra heldur er þetta bundið við krókaveiðibáta?

Ég held að þetta sé mjög vanhugsað og þarna ætti að hafa ákvæðin rýmri, þ.e. þarna væri um að ræða varasjóð sem heimilt væri að ráðstafa í aðalatriðum fyrst og fremst til þessara byggðarlaga með þeim hætti sem best nýttist atvinnulífinu á viðkomandi stöðum og a.m.k. væri það að einhverju leyti opið að úthluta þessu til smábáta á staðnum, ekki bara krókaleyfisbáta og í öllu falli ekki bara sumra krókaleyfisbáta. Ég skil þetta ekki almennilega og það eru mikil vonbrigði ekki skuli hafa verið reynt að lagfæra þetta ákvæði þrátt fyrir umræður og ábendingar þar um við 1. umr. og fyrirspurnir í sjútvn. E.t.v. liggur einhver dýpri hugsun á bak við sem á eftir að koma fram og ég lýsi þá eftir henni.

Við leggjum til í brtt. minni hlutans að horfið verði frá því ráði að láta Byggðastofnun úthluta þessu og fyrir því eru ýmis rök. Það er að sjálfsögðu ekki frumskylda Byggðastofnunar að fara að blanda sér inn í stjórn fiskveiða og ráðstöfun aflaheimilda og er náttúrlega nokkuð frumleg hugsun að láta sér detta það í hug. Hitt hefði verið miklu eðlilegri framsetningarmáti að sjútvrn. færi með þessar veiðiheimildir eins og aðrar en leitaði þá álits og tillagna þeirra aðila, þar á meðal sérfróðra aðila um byggðamál og stöðu byggðarlaganna sem tilefni væru til. Ég vil láta það sjónarmið mitt koma fram að ég teldi eðlilegt samanber brtt. okkar í minni hlutanum að sjútvrn. leitaði um ráðstöfun þessara aflaheimildar eða þessa potts á hverjum tíma tillagna og samráðs við Byggðastofnun og sjútvn. Alþingis og úthlutaði þessu svo eftir þörfum þegar og ef svo bæri undir. Hugsuninni er ég hins vegar sammála. Ég er orðinn þeirrar skoðunar að það verði í raun aldrei viðunandi niðurstaða í þessum efnum fyrr en menn fást til þess að taka í einhverjum mæli tillit til algerrar sérstöðu nokkurra byggðarlaga hvað þetta snertir. Við erum með nokkur byggðarlög í landinu sem eru algerlega háð sókn smábáta og þar sem smábátaútgerð er undirstaða atvinnulífs og undirstaða byggðar og reyndar eru mörg þessara byggðarlaga landfræðilega mjög einangruð. Mörg þeirra búa við þannig hafnarskilyrði að þar er ekki möguleg útgerð stærri skipa, hafnirnar eru einfaldlega svo litlar og grunnar að þaðan verða ekki gerðir út annað en bátar. Þar af leiðandi er sérstaða þeirra alveg skýrt afmörkuð, landfræðilega og hvað alla aðstöðu snertir og verður svo væntanlega um langa hríð. Ég geri ekki ráð fyrir því á næstu árum og þykist þar tala af nokkurri þekkingu að ráðist verði í hafnargerð fyrir stór skip, togara eða stór skip í Grímsey, á Bakkafirði, Borgarfirði eystra o.s.frv. Fyrir því eru líka ýmis slík rök sem má tína til ef menn telja sig vera fátæka af rökum til þess yfirleitt að hafa slíkt úrræði til þess að koma til móts við byggðarlög í sérstökum erfiðleikum. Hér er auðvitað gamalkunnug hugsun á ferðinni. Þetta er að mörgu leyti sambærilegt ákvæði og var í lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins á sínum tíma áður en hann var eyðilagður en þar var einmitt gert ráð fyrir því að Hagræðingarsjóður gæti í fyrstu umferð selt eða ráðstafað byggðarlögum fyrir endurgjald í veiðiheimildum til byggðarlaga sem ættu í erfiðleikum og hefðu misst frá sér veiðiheimildir en ef enginn kaupandi fyndist að veiðiheimildum á staðnum og ekki væru önnur úrræði gerðu þau ákvæði ráð fyrir því að Hagræðingarsjóði væri að endingu heimilt að útdeila slíkum veiðiheimildum án end-

urgjalds til byggðarlaga. Hér er í raun alveg sambærileg hugsun á ferð bara með þessum sérstaka og frumlega hætti að Byggðastofnun var og er ætlað að fara með þetta úthlutunarvald algerlega án allra fyrirmæla eða afmörkunar um það hvenær og hvernig því skuli beitt.

Spurt var um hvaða staðir væru hafðir hér sérstaklega í huga og við því voru fá svör önnur en þau að mæta með einn helsta sérfræðing Byggðastofnunar á fund í sjútvn. sem vel að merkja höfðu aldrei af ákvæðinu heyrt þegar þeir voru beðnir að mæta fyrir nefndina svo þess að það upplýsist að þessi snilld var sett inn í frv. án þess að um það væri haft hið minnsta samráð við Byggðastofnun. Spyrja má hvort það séu eðlileg vinnubrögð.

Afstaða okkar er sem sagt sú að eðlilegast sé að sjútvrn. fari með veiðiheimildirnar en leiti þá samráðs og tillagna frá aðilum eins og Byggðastofnun eftir því sem ástæða þykir til.

Að síðustu um endurskoðunarákvæði laganna. Við leggjum til úr því að boðuð er endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og fleiri málefna sjávarútvegsins á annað borð í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar verði það afgreitt nú með hvaða hætti menn hugsa sér að sú endurskoðun fari fram og hve langan tíma hún taki. Á það hefur verið margoft bent að ekki er æskilegt að endalaust sé verið með slík ákvæði uppi og það skapi óvissu og óöryggi í greininni hvað sé í vændum. Við leggjum þess vegna til að endurskoðuninni verði afmarkaður ákveðinn tímarammi og jafnframt verði bundið í lögum að fulltrúar allra þingflokka eigi aðild að þeirri endurskoðun. Þá verði tekið upp á nýjan leik eldra vinnulag, sem tíðkaðist allt fram að síðasta kjörtímabili, að fulltrúar allra þingflokka ásamt með þá eftir atvikum hagsmunaaðilum áttu aðild að slíkri vinnu. Ég spurði hæstv. sjútvrh. eftir því við 1. umr. hvað væri að frétta af slíkum málum og mér þætti fróðlegt að fjallað yrði um það hér á eftir og hann lýsti viðhorfum sínum í þeim efnum. Það virðast vera eitthvað mismunandi sjónarmið uppi hjá stjórnarliðinu um hversu mikið sé í vændum að þessu leyti. Sumir hv. þm. stjórnarliðsins tala um að stórátökin bíði haustsins og sé aldeilis í vændum að taka sjávarútvegsmálunum tak en af máli annarra, þar með talið stundum hæstv. sjútvrh., virðist helst mega ráða að ekki sé mikið fyrirhugað annað en það sem hér er á ferðinni. Að öðru leyti eigi að mestu að ríkja óbreytt ástand á þessu sviði þjóðlífsins eins og væntanlega mörgum fleirum í tíð þessarar kyrrstæðu ríkisstjórnar.

Hæstv. forseti. Að þessu sögðu er ekki tilefni til að hafa um þetta öllu fleiri orð af minni hálfu. Það er alveg ljóst að hér er ekki á ferðinni tímamótaafgreiðsla á málefnum sjávarútvegsins, einhver heildstæð stefnumörkun eða annað því um líkt sem ástæða sé til að staldra við og fagna nema síður sé. Það örlar hvergi á slíku hjá hæstv. ríkisstjórn. Stjórnarsáttmáli og verkáætlun eru að þessu leytinu til afar fátækleg og ekki virðist mikils að vænta í þeim efnum á kjörtímabilinu. Hér eru fyrst og fremst á ferðinni aðgerðir gagnvart smábátum og minnsta hluta útgerðarinnar. Það er alveg ljóst að þetta sem er á ferðinni mun koma mjög víða við, sérstaklega ef það nær óbreytt fram að ganga eins og frv. og brtt. meiri hlutans gera ráð fyrir. Ég veit að það verða smábátasjómönnum um allt land mikil vonbrigði ef ekki næst betri niðurstaða en hér er boðuð og held ég þó að í þeim hópi hafi öllum verið ljóst að til einhvers konar takmarkana umfram það sem nú er á þessu ári hlyti að koma. Að búa áfram við algerlega óbreytt ástand var ekki heldur ásættanlegur kostur. Það sýnir okkur dagatalið ljóta sem í vændum er að óbreyttu banndagakerfi. Þess vegna ber að leita einhverra annarra viðunandi leiða til þess að gera mönnum eftir sem áður sæmilega lífvænlegt að stunda sjósókn á þessum hluta flotans og hafandi þá líka í huga þær kringumstæður sem menn búa þarna við, öryggisþátt málsins og annað því um líkt sem hér hefur verið nefnt til sögunnar.

Ég vil líka nefna að mér finnst ástæða til að hafa í huga þegar þessi mál eru til skoðunar að er þetta sú umgengni um lífríkið að flestra dómi sem hvað vinsamlegust er. Ég hef að vísu orðið fyrir því að enda í rökræðum við menn sem halda jafnvel gagnstæðum hlutum fram og fullyrða að þarna eigi sér fyrst og fremst stað veiði á smáfiski og það megi færa fyrir því rök að það sé jafnvel heppilegra að taka aflann í stórvirk veiðarfæri á annan hátt. Ég held að því sé samt ekki á móti mælt að krókarnir drepa þó í öllu falli ekki meira en það sem á þeim lendir og ef ekki er um aflamarkstakmarkanir að ræða er ekki fyrir hendi sá hvati til úrskasts sem er í öðrum tilvikum að flestra dómi og viðurkennt er sem stórfellt vandamál. Ég er eftir sem áður sannfærður um það að flest rök hníga til þess að það sé að breyttu breytanda heldur vinsamlegt lífríkinu að sjósókn sé stunduð með þessum hætti.

Mér er líka nokkurt umhugsunarefni hvort það er að verða svo að við Íslendingar séum að lenda í fiskveiðistjórnunarfarvegi sem eigi með öllu að klippa á öll samtímaskilaboð frá lífríkinu. Það er eins og enginn taki það sem neina stærð inn í þetta samhengi sem menn þurfa að hugsa um hvað aflabrögðin hafa aukist einmitt á smábátunum undanfarna mánuði og missiri. Hvers vegna er það? Eru það ekki einhverjar fréttir úr lífríkinu sem ástæða er til að taka a.m.k. eitthvert mark á og hugleiða? Getur það ekki einmitt verið vegna þess að það sé mikil fiskgengd á þeirri slóð sem þessi hluti flotans sækir á? Er það þá eitthvað sem kemur okkur ekki við og við eigum sem sagt að klippa á slík skilaboð með því að fiskveiðistjórnunarkerfið sé ónæmt fyrir þeim upplýsingum og þar gildi einhver fyrir fram ákveðin föst magntala, þök eða kvóti sem sé ekki næm á slíkt? Ég hef efasemdir um það að við séum á réttri braut varðandi þá hlið málsins að reyna að nálgast nýtingu lífrænna auðlinda á grundvelli næmni og þekkingar á eðli og eiginleikum þeirra. Ég á afar erfitt með að sjá að frá þessum forsendum sé sá afli sem tekinn er á smábát á Íslandi eitthvert stórfellt vandamál. Hinu er auðvitað ekki nokkur leið að mótmæla að það skapar óánægju og úlfúð ef einhver einn hluti flotans eykur mjög hlutdeild sína og sérstaklega ef það er á kostnað annarra og á sama tíma og aðrir fá

minna. Um það má margt segja. Eitt er ljóst í því sambandi að möguleikar smábátanna eru ekki þeir sömu og annarra til að bæta sér upp t.d. minni veiði á þorski með sókn í aðrar tegundir og önnur mið. Það hefur a.m.k. hluta stærri skipanna tekist að gera. Stóru úthafsveiðiskipin hafa þar mikla möguleika og hafa sýnt að þau geta það. En það er kannski bátaflotinn að öðru leyti og einkum og sér í lagi vertíðarbátaflotinn eða netabátarnir sem hafa ekki átt sömu möguleika. Í mínum huga er út frá sanngirnisrökum innbyrðisstaða smábátaútgerðarinnar og útkoma mismunandi hópa þar frá réttlætissjónarmiði séð meira vandamál en endilega samanburður þessara báta við stóru skipin. Markmiðið hlýtur auðvitað að vera að reyna að finna einhverja fiskveiðistjórnun og verkaskiptingu sem skapar öllum möguleika til að komast af. Það hlýtur að vera keppikefli og markmið okkar allra að reyna að haga málum þannig að allir geti haft verkefni, allir geti haft afkomu. Í því sambandi ber auðvitað að fagna sérstaklega þeirri þróun í átt til aukinna veiða á úthafinu og veiða á vannýttum tegundum, sem hefur þó orðið undanfarin ár, og þarf ekki að fjölyrða um hvernig staða okkar væri ef slíkt hefði komið til sögunnar, t.d. stórauknar veiðar á rækju, veiðar í Barentshafi, á Reykjaneshrygg, á Flæmska hatti, nýtilkomnar veiðar á síld o.s.frv. En við erum ekki að fjalla um þau mál hér heldur fyrst og síðast þau mál sem snúa að smábátunum og ég verð því miður að segja að niðurstaðan eins og hún er hér lögð fram af hálfu meiri hlutans er mér vonbrigði. Ég hafði bundið vonir við að samstaða gæti tekist um útfærslu á þessum málum sem ég hafði ástæðu til að ætla að gæti orðið farsælli en þetta.

[19:11]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Við höfum til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 38/1990, um stjórn fiskeiða, með síðari breytingum. Efnið sem liggur fyrir snýr aðallega að einum flokki útgerðar, þ.e. að smábátum. Ég segi aðallega vegna þess að frá upphaflegum hugmyndum eru allar heimildir varðandi stærri báta, varðandi úreldingu, skerðingu eða flota rýmkaðar.

Ég gerði mér satt að segja vonir um annað þegar ég heyrði öll loforðin eða fyrirheit þingmanna mjög víða á landinu, ekki síst af Vesturlandi og Vestfjörðum og frá frambjóðendum á Reykjanesi. Þau fyrirheit, sem gefin voru, kveiktu vonir hjá mér um að nú mundi nást samstaða um aðalvandamál varðandi fiskveiðistjórnunina. En því er ekki að heilsa. Þau fyrirheit, sem þessir ágætu menn sem nú eru stjórnarliðar, hv. þingmenn víða að af landinu gáfu, standast í engu. Ég tel að aðeins sé verið að klóra í bakkann og ég tel að það sem hér er lagt fram sé hálfgerð sýndarmennska enda segir Landssamband smábátaeigenda varðandi það sem hér liggur fyrir, með leyfi forseta, að það leiki enginn vafi á því að verði frv. þetta að lögum séu eigendum krókabáta settir þvílíkir afarkostir að mjög stór hluti þeirra muni ekki sjá nokkra glufu til að nýta atvinnutæki sín sér til viðurværis. Hér er mikið sagt. Ég hygg að færa megi rök að þessu öllu saman sem hér er sagt í þessari setningu.

Þá er auðvitað rétt að ítreka þær spurningar sem þeir setja fram í bréfi sínu til hv. þingmanna og væri rétt að inna eftir því hjá hæstv. sjútvrh. hvort hann getur gefið svör við eftirfarandi spurningum sem ég leyfi mér að vitna til, með leyfi forseta:

„1. Stenst sú framkvæmd ákvæði laga um jafnræði að gera í einni sviphendingu hluta krókaflotans að verðmiklum eignum á sama tíma og hinn hlutinn er gerður verðlaus?

2. Stenst frv. ákvæði stjórnarskrár um atvinnufrelsi og eignarrétt?

3. Er frv. í samræmi við samþykktir sem Íslendingar hafa skrifað undir á alþjóðavettvangi, svo sem Ríósáttmálann?

4. Hafa stjórnvöld sýnt fram á að þau hafi undir höndum nægilega traust vísindaleg gögn sem réttlæta lagasetningu á borð við fram komið frv.?“

Herra forseti. Ég tel að hér sé um mjög alvarlegar spurningar að ræða sem skylt sé að svara og ég vonast til þess að hæstv. sjútvrh. svari þeim og svari því þá þannig að menn fái þar vitneskju um það efni sem þeir eru að leita eftir svörum við. Ég vil taka það fram að Landssamband smábátaeigenda mótmælir harðlega frv. eins og það var og það mótmælir einnig þeim breytingartillögum sem fram eru settar.

Á sama tíma og rætt er um að það þurfi að laga stærri skipin, gúanó-skipin, sem við getum verið hálfhrygg yfir að nýtist aðeins fyrir gúanófisk, það þurfi að að laga þau og koma í þau kælitönkum, þegar menn átta sig á því að þeir búa við þetta þá er strax rýmkað til. Ég virði hæstv. sjútvn. fyrir það að koma á móti þessu erfiða sjónarmiði. En hv. alþm. sem sitja í sjútvn. gleyma því að það er verið að gera auknar kröfur til þeirra manna sem eru á litlu bátunum um það að sá afli sem þeir draga á land fái miklu betri meðferð heldur en var hér áður fyrr þegar menn komu með ókúttaðan afla að landi og ókældan. Nú er ekki pláss í þessum smærri bátum til þess að fara með afla á þann hátt sem við þurfum að gera ráð fyrir. Það er ekki pláss í þeim. Og hvað er þá gert? Þeir, sem ekki hafa nú þegar skrifað undir samning um það að þeir ætli að stækka bátana, eygja ekki nokkurn möguleika á að laga þá til. Það er ekkert samræmi í því hvað menn eru að gera gagnvart smáum bátum og stærri bátum.

Ég viðurkenni þann vanda sem er í þessu kerfi. Ég viðurkenni alveg að það er við mikinn vanda að fást og gæti hugsað mér að koma með ýmsar tillögur sem lytu að því hvernig ætti að leysa þetta þannig að um það yrði sátt. Og úr því að menn gerðu ekki meira varðandi stjórnun fiskveiða en að leggja þetta frv. fram, þá tel ég að menn ættu heldur að láta það liggja en að keyra það í gegnum þingið, sennilega gegn vilja töluverðs hluta stjórnarmeirihlutans.

Mig langar að ræða um það sem ég hef áður vakið máls á, helsta vanda fiskveiðistjórnunarkerfis á Íslandi. Ég hef m.a. verið með í því að flytja frv. til laga varðandi meðafla. Helsti annmarki þess kerfis sem notaður er til stjórnunar fiskveiða á Íslandi er að kerfið er með innbyggðan hvata, innbyggðan hvata til að henda

fiski í stórum stíl ef ekki fást út úr honum hámarksverðmæti. Þetta leiðir beint til þess að veiðar eru miklu meiri en það sem skilar sér til vinnslu í landi og oft á tíðum miklu meiri heldur en það sem fer til vinnslu á hafi úti. Það má leiða að því líkur að alls sé hent í sjóinn 80–110 þús. tonnum samtals af fiski af öllum tegundum á ári hverju þar sem aflasamsetningin er óhagkvæm vegna þess að veiðarfæri eru þannig búin að hver fiskur sem í þau kemur sleppur ekki. Það er kannski rétt að taka sýnidæmi því sjón er auðvitað sögu ríkari. Ef menn telja að möskvastærð skipti miklu máli í þessu tilliti, t.d. í trollum, þá tel ég að það sé rangt því það fer eftir því hvernig togað er í möskva í trollum hvernig hann er opinn. Ef togað er á þennan veg í möskvann þá er möskvinn, nákvæmlega sama hvað hann er stór, næstum alltaf lokaður. Ef togað er á legg, sem gert er, þá er möskvinn vel opinn og þá er verið að hlífa smáfiskinum. Þetta er rétt að sýna mönnum hvað um er að ræða.

Ég þekki vel til þess að í vængjum trolla er þannig háttað að það er togað á legg og möskvinn er þannig opinn. En almennt held ég að möskvinn sé lokaður. Reyndar má sjá á myndum sem hafa verið teknar neðan sjávar af trolli á veiðum að fiskurinn fælist jú straumiðuna frá trollnetinu þannig að kannski hefur möskvastærð minni áhrif heldur en menn hafa haldið fram.

Ég held að það þurfi ekki að fara í grafgötur með það að á togurum er hent miklu af smáfiski og hann sleppur ekki lifandi. Þetta vita allir þeir sem togveiðar hafa stundað. Sjómaður sem ég talaði við skýrði málið á eftirfarandi hátt: „Við erum sendir á sjó til að koma með afla að landi og okkur ber að koma með sem mest verðmæti í takmörkuðum kvóta.“ Og hann sagði einnig: „Menn hugsa fyrst og fremst um að lifa daginn af áður en þeir fara að hugsa tíu ár fram í tímann.“ Þetta hef ég beint eftir sjómanni á þekktu aflaskipi.

Það er líka hægt að ræða um það að eftir slæm veður, þegar bátar hafa ekki getað vitjað neta, er miklu magni hent í sjóinn vegna þess að kvótinn er svo skertur að ef menn ætla að reyna að bjargast þá koma þeir eingöngu með verðmætasta fiskinn að landi. Ég tel enn rétt að vitna í grein Sigfúsar Schopka frá 16. des. sl., þar sem raunverulega má lesa á milli línanna að fiskverndunin hafi brugðist. Og fiskverndunin má kannski líkja við nýju fötin keisarans. Ég held að fiskverndunin sé mjög takmörkuð og seiða- og smáfiskadráp sé geysimikið. Ég vil meina að það sé með ólíkindum hversu mikil blindni hafi ríkt að það er varla hægt að tala um þessi mál án þess að minnast á hversu lítinn trúnað hæstv. sjútvrh. lagði á að tugum þúsunda tonna af fiski hafi verið hent í sjóinn, samanber umræðu á síðasta þingi. Þó ber svo við að í ár hefur hann viðurkennt á fiskiþingi að miklu magni sé hent þó ekki sé tiltekið hversu miklu.

Ég sagði að viðurkennt sé að miklu magni af meðafla hafi verið hent sem hefði getað skapað fjölda starfa í landi og þar með minnkað atvinnuleysi og bætt þjóðarhag. Enn er bætt við nú með því að reglugerð um að allur smáfiskur sem undanþeginn var kvóta skuli teljast til kvótans. Ég trúi því ekki að menn viti ekki og hafi ekki skynjað það og áttað sig á því núna frá áramótum hvað þetta þýðir. Þetta þýðir að á mörkuðunum er enginn smáfiskur boðinn fram. Það voru vinnslur hér um allt land með smáfisk sem lögðust af vegna þess að þessi fiskur er ekki lengur á markaði. Og hvað þýðir þetta? Halda menn að þessum fiski sé sleppt lifandi í sjóinn ef hann er tekinn af kannski 30 faðma dýpi? Þessi fiskur er sprunginn. Ég segi að hann er sprunginn ef hann er tekinn fyrir neðan 20 metra dýpi. Flugfiskvinnslan sem var í þessu, þ.e. fiskur sem var fluttur í neyslu á erlendan markað með flugvélum, lagðist öll af. Það væri gaman að fá að vita það hversu margar fiskvinnslur eru eftir sem voru starfandi um áramót sem unnu eingöngu við smáfisk. Ég legg til að hv. sjútvn. kanni hvernig þessu máli er varið — og hefði átt að gera það með fyrirspurnum varðandi þetta mál — hvernig því er varið með smáfiskinn, hvort það er ekki rétt sem ég er að segja að smáfiskur sést ekki í afla á mörkuðum núna.

Fiskistofu er gert að áætla hversu mikill afli þorsks kemur í net þegar veidd er ýsa á einhverju svæði. Ég vona að menn hafi tekið eftir því þegar sett var fram frv. um eftirlit með veiðum og auðlindinni. Ég held að menn ættu að vita að þorskurinn gengur jafnt í ýsunet eins og ýsa í þorskanet ef ýsan á annað borð festist en þorskurinn festist í smáriðnum möskvum ýsuneta. Það er vitað mál, menn hafa sagt frá því sjálfir að þegar þeir hafa verið að reyna að særa upp það litla magn — eða mikla eftir atvikum sem þeir hafa af ýsu þá hafa þeir lent í því að fá kannski allt að 2–3 tonn af þorski í ýsutrossurnar og orðið að henda þeim í sjó vegna þess að þeir hafa ekki aflaheimild fyrir því. Þetta hefði ég allt saman viljað taka til umræðu frekar en að ráðast, eins og ég tel að sé gert, að smábátunum.

Ég tek undir þær aðgerðir sem reynt var að grípa til, þ.e. að seiðaskiljur séu settar á troll a.m.k. á rækjutrollin. En ég tel að það þurfi seiðaskiljur og sé hægt að koma þeim fyrir á öllum trollum. Og a.m.k. þar sem verið er að veiða í svokölluðum hlýjum sjó þar þarf skiljur vegna þess að í hlýjum sjó er uppfæðingurinn.

Ég vil geta þess að fyrir nokkrum árum síðan var gerð seiðatalning á bátaflota við rækjuveiðar á Húnaflóa. Það kom í ljós að seiðafjöldinn nam sem svaraði öllum leyfðum afla við Ísland, á átta klukkustunda fresti. Þetta gerðu menn á einum báti. Þarna var heill floti en þetta var bara á einum báti sem þessi fjöldi smáfiska, seiða, kom í trollið. Þetta er það sem menn ættu að kanna. Og ég held að menn hafi ekkert átt að verða hissa á því að afli hafi tregðast við Ísland.

Eins og ég sagði áðan tel ég að það verði að breyta togstefnu á möskva þannig að hann sé opinn, það sé togað á legg í eins miklum mæli og hægt er, ekki á möskvann. Ég hef talað um það hér áður að það þurfi að gera samkomulag á milli togaraflotans og smábátaflotans og vertíðarflotans um það hvar hver á að veiða vegna þess að getan og hæfileiki skipanna til að stunda veiðar á dýpri miðum er mjög mismunandi.

Ég vil gjarnan að gerð verði úttekt á stærð báta sem

eru við krókaveiði með línu og á handfærum og ég hefði líka viljað vita um skiptinguna á milli þessara veiðarfæra. Það væri auðvitað rétt að taka inn í dæmið að það er ekki sama hvort landað er 100 tonnum af þorski á Suðurnesjum eða 100 tonnum af þorski í Grímsey. Það getur munað allt að 1,2 millj. á þessum 100 tonnum. Það liggur hreinlega í því að menn hafa ekki komið fiski á markað í Grímsey. (Gripið fram í.) Það er grundvallaratriði að allur fiskur komi að landi og skapi með því störf.

Ég hóf ræðu mína á því að fjalla um þær tillögur sem liggja fyrir um breytingar á lögunum. Ég held að tillögurnar ómerki hreinlega orð stjórnarliða sem margir töluðu mjög fjálglega fyrir kosningar. Og ég spyr: Hvar ber að leita áhrifa tillagna framsóknarmanna af Suðurnesjum? Hvar er umtalsverða aukningin sem hv. þm. Magnús Stefánsson, sem nú er illa fjarri, marglofaði kvótabátum og mönnum á Vesturlandi? Hvar er hið aukna frelsi til fiskveiða með krókum sem einnig var lofað? Og hvar eru stóru orðin hv. þingmanna fjarstaddra, Einars og Einars, eða Einars Guðfinnssonar og Einars Kristjánssonar, af Vestfjörðum? Það vekur athygli mína, herra forseti, að þeir aðilar af Vestfjörðum, hv. þm. Einar Guðfinnsson og hv. þm. Einar Kristjánsson, eru hvorugur viðstaddir í salnum þegar verið er að ræða um þessi mikilsverðu mál. (**Gripið fram í:** Einar K. Guðfinnsson hefur leyfi frá þingstörfum.) (Gripið fram í.)

Og enn vil ég spyrja: Hvar eru efndir fyrirheita sjálfstæðismanna á Vesturlandi sem ekki eingöngu gáfu kvótamönnum á smábátum og hefðbundnum vertíðarbátum fyrirheit um verulega úrbætur þeim til handa? Þeir gáfu þeim líka í skyn að líkur væru engar á áframhaldandi stjórn fiskveiða frá LÍÚ í gegnum hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra, Þorstein Pálsson. Það er í takmörkuðum mæli í þeirra tillögum að finna sjónarmið sem koma á móti þörfum þeirra og ákvörðunarrétti til sóknar sem hafa krókaveiðar að aðalatvinnu.

Herra forseti. Ég hef nokkrum sinnum lýst því hvílík hörmung það er fyrir sjómenn og útgerðir að verða að henda veiddum fiski aftur í hafið. Ég sagði áðan að hæstv. sjútvrh. hefði þagað þunnu hljóði og ekki svarað spurningum, hvorki á síðasta þingi né þinginu 1993 sem til hans var beint um þetta efni, heldur sendi hann skósvein sinn, hv. 5. þm. Norðurl. v. til að segja eitthvað um þetta alvarlega mál. En ég verð þó að viðurkenna að nokkuð hefur breyst undanfarið ár því að hæstv. ráðherra hefur m.a. á fiskiþingi viðurkennt að um grafalvarlegt mál sé að ræða, enda er hann einnig æðsti maður grafarmála.

Herra forseti. Hverjar eru svo aðgerðirnar sem gripið hefur verið til? Á vordögum leigðu fiskistofumenn sér Sómabát og þeir þóttust vera við veiðar og þeir njósnuðu um sjómenn sem vegna kvótakerfisins eða laga um stjórn fiskveiða urðu að henda fiski í sjóinn, þeir urðu að henda fiski í sjóinn, annars var þeim refsað. Ég segi að leiguliðasægreifakerfið er með þessum ágöllum að það neyðir menn til að koma ekki að landi nema með verðmætasta aflann og þetta eru hreinlega einfaldar og ómótmælalegar staðreyndir. Og það eru einnig ómótmælanlegar staðreyndir að það er alls ekkert sem liggur fyrir í þessum tillögum sem hér eru til umfjöllunar til lagfæringar á þessum ósóma.

Herra forseti. Það er ekki nóg að tala bara um það sem að er. Ég vil því beina orðum mínum að því sem ég tel að sé unnt að gera til bóta og ég vil biðja hæstv. sjútvrh. að hlýða á það sem ég ætla að reyna að setja fram í þessu sem hugmyndir og taka til athugunar.

Ég tel að það eigi að verðmætatengja allar fiskveiðiheimildir. Það á að meta þessi 450 þús. tonna þorskígildi til fjármuna fyrir fram og það á að gera það að skilyrði að tekjuöflun ríkisins yrði t.d. 4,5 milljarðar af þessum úthlutuðu verðmætum. Ég tel að þessi tekjuöflun gæti létt verulega skattbyrði borgaranna sem nú eru að sögn margra sjálfstæðismanna þrautpíndir. Þessi tekjuöflun í ríkissjóð gæti bætt stöðu rannsókna á lífríki hafsins, en þegar á hólminn kemur gera menn ekkert í því. Ég segi það að ef úthlutun afla eða veiðiheimilda væri verðmætatengd, þ.e. heimild til að fiska fyrir ákveðið margar krónur, þá kæmi allur fiskur á land, ekki eingöngu sá verðmætasti. Og ég spyr þá: Hvað vinnst með þessu? Ég segi það að fiskverndun yrði raunveruleg. Það kæmi allur heimilaður afli á land. Það yrði miklu meiri verðmætasköpun. Það yrði miklu meiri festa og stöðugleiki hvað varðar fiskverð og það er klárt mál að veiðistofninn mundi byggjast upp allt að helmingi hraðar. Ég tel að framsal og brask með veiðiheimildir mundu takmarkast mjög eða verða úr sögunni. Ákvæðið um sameign þjóðarinnar í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna yrði raunverulegt. Og ég er sannfærður um það að hagkvæmni veiðanna yrði miklu meiri og þá gætu menn e.t.v. náð hámarksafrakstri af auðlindinni sem menn hafa verið að ræða um og dreymt um.

Herra forseti. Ég nefndi stöðugleika, ég nefndi verðmætasköpun og ég nefndi margt fleira. Reyndar má segja að það sem sætt hefur mestu ámæli í þessu stjórnarkerfi sem við höfum búið við, þ.e. kvótabraskið, hyrfi því að það yrði afmarkað að þær útgerðir sem ekki gætu náð sínum úthlutuðu verðmætum gætu ekki framselt þær. Mér er ljóst að það er ekki unnt að lækna núverandi heimildakerfi á svipstundu, en hugtakið „verðmæti í stað tonna" gæti skipt mjög miklu. Þessi breyting krefðist meiri sveigjanleika en núverandi kerfi býður upp á því að 450 þús. tonna þorskígildin eru sett saman úr mörgum fisktegundum og það mundi krefjast allt að 20% sveigjanleika milli fisktegunda í verðmætakerfi ef tilgangurinn sem er að vernda fiskstofnana og að allur afli komi á land á að nást.

Ég er líka sannfærður um að það eru margir sem munu rísa gegn þessum hugmyndum. En það er líka mín trú að með varfærni sé unnt að ná meiri og betri samstöðu um stjórn fiskveiða innan svona kerfis. Menn munu auðvitað benda á að útgerð og fiskverkandi geti í upphafi vertíðar samið um hversu mörgum tonnum útgerðin á að skila í land fyrir t.d. úthlutaðar milljónir til báts eða skips og að unnt verði að stinga undan eins og gert er frá hlutaskiptum þegar tonn á móti tonni er fiskað.

Í ljósi reynslunnar og þess sem verkfall sjómanna

sem nú stendur yfir byggist á, þá tel ég að það sé ekki þörf að hafa stórar áhyggjur af undanskotsleiðum þó að ávallt megi reikna með því að reynt verði að finna smugur því að það er jú þjóðaríþróttin. Auðvitað er hægt að hafa nýtingarprósentu til viðmiðunar fyrir hverja fisktegund. Það er vel þekkt og þess vegna er óþarfi annað en að bera saman innveginn afla og vinnsluskýrslur hvers dags fyrir sig, þá muni koma í ljós hvort um framhjáskot er að ræða. Það er líka vitað að hvert þorskígildistonn skilar um 150 þús. kr. verðmætum í gegnum vinnslu og einhver slík viðmiðun gæti verið notuð við ákvörðun verðmætatengingar.

Herra forseti. Mér er ljóst að það er endalaust hægt að finna mótbárur gegn breytingum. En þessari hugmynd er fyrst og fremst komið á framfæri til að reyna að koma í veg fyrir að 80–110 þús. tonnum af veiddum fiski af öllum fisktegundum sé fleygt aftur dauðum í sjóinn. Ég er að reyna að koma á framfæri nýju viðhorfi varðandi stjórn fiskveiða eða fiskverndun.

Ég nefndi aukna verðmætasköpun með verðmætatengingu. Með hæfilegum sveigjanleika mundi allur veiddur fiskur koma á land. Það er ljóst að tonnin yrðu fleiri. Vinnsla smáfisks færi aftur af stað en hún lagðist af þegar allur smáfiskur var felldur inn í kvóta og síðan, eins og ég sagði áðan, er enginn smáfiskur seldur á markaði.

Það er tímabært, virðulegur forseti, að aðgreina flotann í úthafsveiðiflota, loðnu- og síldveiðiflota, rækjuveiðiskip fyrir úthafsveiðar og rækjubáta, smábáta og vertíðarbáta. Gagnvart kjarasamningum er mikil nauðsyn að koma slíkri flokkun á. E.t.v. væri rétt að koma á verðmætatengingu hjá vertíðar- og smábátum. Ég vil minna á það að öll okkar fullvinnsluskip gefa upp aflaverðmæti en ekki tonnafjölda og það hlýtur að vera unnt að gefa upp verðmæti upp úr sjó eins og eftir vinnslu. Munurinn er bara sá að allur afli báta sem á land kemur nýtist að fullu, en aflaúrgangi nær allra vinnsluskipa er fleygt aftur í sjó, þar með talinn of stór og smár fiskur sem ekki hentar í vinnsluvélar. Ég trúi ekki öðru heldur en menn vilji ljá máls á að skoða slíkar breytingar sem ég er hér að tala um. Ef ekki, þá felst það í því að menn vilja viðhalda þeirri eyðingarstefnu sem felst í að fleygja veiddum fiski aftur í sjóinn vegna stjórnunarkerfis sem ekki má hreyfa við.

Ég hef ekki mikið talað um krókabáta og brottkastaðan fisk. En auðvitað getur komið að því að þegar takmarkanir gagnvart krókabátum fara fyrir alvöru að virka þá sjái menn að það er verið að gera þeim að koma aðeins með verðmætasta fiskinn að landi. Ef aflinn er ekki verðmætatengdur, þá gerist þetta á þennan veg. Það er þó kannski bót í máli að þeir einu sem ég held að geti sleppt veiddum lifandi fiski í sjóinn eru krókabátar.

Ég gæti nefnt fjölmargt um það sem nauðsyn væri að gera varðandi stöðu fiskirannsókna og eftirlit. Það er t.d. algjör óhæfa að sá aðili sem fer með hrygningarrannsóknir á þorski á Hafró skuli þurfa að eyða 5/12 af árinu í að semja skýrslur og setja fram rök til að ná peningum til þessara rannsókna. Þetta tel ég að sé óhæfa.

Ég held líka að það sé mjög slæmt hversu seint kerfið bregst við ýmsum ábendingum sjómanna, t.d. bréfi sem undirritað var af humarbátaskipstjórum fyrir fjórum árum um humarveiðislóðir sem væru að eyðileggjast á sóknarslóðum Suðurnesjabáta. Það voru engin viðbrögð við þessu bréfi humarbátaskipstjóranna fyrr en Sólmundur Einarsson fiskifræðingur skrifaði grein nú fyrir örskömmu síðan um eyðileggingu veiðislóðarinnar fyrir humar.

Herra forseti. Ég held að það sé bráðnauðsynlegt að vekja athygli á því sem stendur í ritinu Vísbendingu og styður það mál sem ég var að flytja um verðmætatengingu og eðlilegan hlut til ríkisins af þeim verðmætum.

Á árinu 1993–1994, ef þessi viðskipti væru metin á verðlagi þessa kvótaárs, þá væru viðskiptin í braskinu 9,4 milljarðar. Finnst mönnum þetta ekki alvarlegt? Finnst mönnum ekki alvarlegt að það skuli vera braskað á þessu ári fyrir 9,4 milljarða miðað við það magn sem fór milli manna 1993–1994? Viðskipti sem voru með varanlegan kvóta á kvótaárinu 1993–1994 voru 4 milljarðar röskir og ég vil benda mönnum á að líta á þessa grein sem fjallar um veltu í kvótaviðskiptum.

Herra forseti. Ég viðurkenni það að ég fór nokkuð langt frá því frv. sem hér liggur fyrir til umræðu. Ég viðurkenni það að menn standa frammi fyrir miklum vanda þegar þeir ætla að leysa slík mál sem þessi á örskömmum tíma. Það verður handarbakavinna út úr því. Ég held að það væri réttast að fresta öllum breytingum á framkvæmd þessara laga til haustsins og að menn gæfu sér tíma og næðu sáttum, ekki einvörðungu við LÍÚ heldur við smáútgerðarmenn, smábátakarla, og þá sem eru í útgerð víðs vegar um landið til þess að bærileg sátt geti ríkt um stjórnun fiskveiða.

Herra forseti. Ég hef í nokkrum orðum talað um hvernig fiskveiðistjórnunin hefur brugðist. Ég er hér með safn greina sem ég gæti endalaust lesið upp þar sem talað er um að færa allan fiskinn á land. Þarf meiri ofstjórn af fyllsta ábyrgðarleysi? Ég gæti vitnað í greinar þar sem hv. þingmenn af Vestfjörðum segja: Við getum ekki, munum ekki og viljum ekki, eftirminnilegar greinar. Rétt væri að vitna í grein úr Morgunblaðinu ritaða af hv. þm. Kristjáni Pálssyni og væri gaman að bera hana saman við frv. til laga sem hér liggur fyrir, hvað er sammerkt með þeim hugmyndum sem hv. þm. var með og því sem hér er fyrir okkur á borðunum.

Herra forseti. Ég hefði viljað beina einni spurningu til viðbótar til hæstv. sjútvrh. Er unnt að fá hann í salinn að nýju? Á meðan er rétt að vitna í greinar frá hv. 1. þm. Vestf. þar sem hann krefst tafarlausrar breytingar á fiskveiðistjórnuninni. Ekki liggur það fyrir hér, herra forseti. Rétt á meðan verið er að bíða eftir hæstv. sjútvrh. í salinn.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill láta þess getið að það er verið að gera ráðstafanir til þess að fá hæstv. sjútvrh. í sal.)

Þá er rétt, með leyfi forseta, að vitna í orðaskipti sem eru í ljósvakahandriti frá 18. apríl 1995 frá Rík-

isútvarpinu/sjónvarpi. Þar er verið að ræða við hæstv. forsrh. og kemur fram að Einar Kristinn Guðfinnsson, hv. 1. þm. Vestf., hafi sagt að hann vilji sjá breytingar á fiskveiðistjórnun og fiskveiðistefnu. Þá segir hæstv. forsrh. að hann haldi að hann sé ekki að tala þar um grundvallarbreytingar á þessu stigi máls. Herra forseti. Það er með ólíkindum hvað menn leyfa sér að segja fyrir kosningar og hvað kemur svo fram þegar verið er að ræða um málin.

Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að koma í salinn. Ég vil spyrja hann til viðbótar þeim fjórum spurningum sem ég lagði fyrir hann: Telur hæstv. sjútvrh. að unnt sé að koma á verðmætatengingu við úthlutun aflaheimilda á einhverjum slíkum grundvelli sem ég var að reyna að fjalla um mest í mínu máli?

[19:50]

**Magnús Stefánsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér flutti hv. þm. Gísli Einarsson athyglisverða ræðu þar sem m.a. var ákveðin fræðsla um fiskveiðar, um beitingu veiðarfæra o.s.frv. Það er af hinu góða að fá upprifjun í því. En annað vakti athygli mína af því sem hv. þm. nefndi. Það var að sá sem hér stendur hafi lofað smábátamönnum (**GE:** Gefið fyrirheit.) aukningu ef ég hef heyrt rétt. Ég sat í hliðarsal þegar hann flutti sína ræðu og nefndi þetta. Mig langar af þessu tilefni að rifja upp fyrir hv. þm. hvað ég sagði fyrir kosningar og er hér með ræðu sem ég flutti á einum framboðsfundi. Þar nefni ég að það þurfi að gera ákveðnar lagfæringar á fiskveiðistjórnunarlöggöfinni og nefni sem dæmi að það þurfi að finna leiðir til þess að smábátaútgerðin geti haft eðlilega afkomu og nefni þar að það eigi jafnt við um krókaleyfisbáta sem smábáta á aflamarki.

Varðandi aflamarksbáta nefni ég það í ræðum mínum að aflamarksbátar, smábátar, hafi svo litlar veiðiheimildir að það þurfi að rétta þeirra hlut. Ég vil vekja athygli á því í frv. sem liggur fyrir að er gert ráð fyrir því að úthluta 5 þús. lestum af þorski til aflamarksbáta, einmitt til þessa bátaflokks. Í frv. er gert ráð fyrir því að smæstu bátar muni fá hlutfallslega mest í sinn hlut. Þarna er því orðið við þessu fyrirheiti sem hv. þm. nefnir.

Ég talaði einnig um krókaleyfisbáta og nefndi að á banndagakerfinu sem er í gildi þurfi að gera lagfæringar og finna lausn á málum þessa bátaflokks. Ég vek athygli á að í frv. sem liggur fyrir er einmitt gert ráð fyrir að tekið verði upp róðrardagakerfi, reyndar ekki strax en um leið og því verður við komið og hæstv. sjútvrh. gefinn kostur á því með ákveðnum hætti.

Ég vil einnig vekja athygli á því að í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar í kaflanum um sjávarútvegsmál stendur, með leyfi forseta „að mest verði byggt á aflahlutdeildarkerfi í sjávarútvegi, en banndagakerfi svonefndra krókabáta verði tekið til endurskoðunar, skapað verði svigrúm til að rétta hlut þeirra aflamarksbáta sem harðast hafa orðið úti vegna minnkandi þorskafla". Ég tel að þarna sé akkúrat verið að tala sama máli og ég talaði fyrir kosningar þannig að fyrirheitin sem hv. þm. nefnir eru komin í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

[19:53]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsti því áðan að hv. þm. Framsfl. hefðu marggefið fyrirheit um aukna hlutdeild og aukið frelsi til krókabáta og við það stend ég. Ef hv. þm. Magnús Stefánsson telur að í frv. sem liggur fyrir sé um að ræða aukið frelsi til krókaveiðibáta þá hefur hv. þm. einhvers staðar lært að skilja ritað mál á einhvern annan hátt en ég.

[19:55]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég vildi byrja á því að spyrja hvort hv. þm. Kristján Pálsson er í húsi og ef svo er hvort hægt væri að fá flutning á honum hingað inn í þingsal.

Herra forseti. Þessi umræða hefur nú staðið með talsvert daufara móti af hálfu hv. stjórnarliða en ég taldi. Í þeirri fyrri umræðu sem hérna fór fram má heita, með örfáum undantekningum þó, að hver einasti stjórnarliði sem talaði hefði gefið fyrirheit um það að á milli umræðna yrði reynt að breyta frv. sem liggur fyrir frá hæstv. sjútvrh. í þá veru að þeir bátar sem voru örlítið til umræðu í andsvörum millum tveggja síðustu ræðumanna fengju aukinn slaka. Ég minni sérstaklega á afskaplega góða ræðu hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni sem nánast tætti með mikilli rökfimi í sundur lið fyrir lið flest það í frv. ríkisstjórnarinnar sem lýtur að takmörkun á veiðum krókabáta. Ekkert af þessu tel ég að hafi séð ljós í þeim breytingartillögum sem fæddust eftir umfjöllun nefndarinnar.

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Kristján Pálsson gægðist inn um dyr. Hann er einn þeirra manna sem höfðu ýmsar yfirlýsingar uppi fyrir síðustu kosningar en hann var þó ekki einn af þeim sem hafði hvað mest uppi af gylliboðum. Ýmsar þær greinar sem ég hef séð eftir hv. þm. bera þess hins vegar merki að hann er skarpskyggn og glöggskyggn á þá menn sem hann er nú með í ríkisstjórn.

Herra forseti. Þegar hv. þm. Kristján Pálsson vaknaði einn morguninn og renndi augum yfir blaðið Víkurfréttir, þá sá hann þar stefnu hv. núv. þingmanna Framsfl. á Suðurnesjum. Stefnu sem hann hafði reyndar margoft lent í rökræðum um á fundum og hann brá sér á bak Pegasusi og skrifaði grein. Og þessi ágæta grein heitir „Framsóknarmenn á Reykjanesi í blekkingarleik". Ég vil hrósa hv. þm. fyrir hvað hann er glöggur því að flest af því sem hann segir þar get ég tekið undir. Þar segir m.a. í þessari grein, með leyfi forseta:

„Það er ótrúlegt að sá flokkur sem einna mestan þátt á í niðurnjörvun á kvótakerfinu skuli leyfa sér að leggja fram mismunandi tillögur í sjávarútvegsmálum í hinum ýmsu kjördæmum málsins." Hér á hv. þm. auðvitað við þær tillögur sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og hv. þm. Hjálmar Árnason riðu á út alla kosningabaráttuna og vöktu mikla athygli. Síðan segir, herra forseti:

„Tillögur þeirra framsóknarmanna á Reykjanesi eru hiklaust lagðar fram á fundum í nafni flokksins og þar sagt fullum fetum að formaðurinn hafi samþykkt þær.

Síðan kemur Halldór Ásgrímsson fram á sjónarsviðið og segir tillögurnar ekki samrýmast sínum hugmyndum. Virðist sú yfirlýsing ekki skipta frambjóðendur flokksins í Reykjanesi nokkru máli og áfram er rullan flutt um breytta stefnu Framsfl. í sjávarútvegsmálum."

Svo heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Þvílíkur skollaleikur. Í lýðræðisríkjum er þetta kallað lýðskrum og blekkingarleikur af verstu gerð."

Herra forseti. Ég vildi gjarnan úr því að hv. þm. Kristján Pálsson sýnir okkur þann sóma að vera við þessa umræðu andstætt ýmsum stjórnarliðum af Suðurnesjum að hann tjáði þingheimi hér á eftir í ræðu þá skoðun sem hann hefur á efndum þeirra loforða sem hann af svona mikilli skarpskyggni skilgreindi fyrir kosningar. Hann kallaði loforð þeirra manna sem hann situr nú með í ríkisstjórn blekkingarleik, skollaleik, lýðskrum.

Herra forseti. Nú liggur það fyrir hvað það er sem þeir hv. þm. af Suðurnesjum ætla sér að samþykkja eftir meðhöndlun sjútvn. Af því að þessi grein hv. þm. Kristjáns Pálssonar gefur tilefni til að ætla að hann sé með allra skörpustu mönnum í þessum þingsal þá vildi ég spyrja hann hvort hann sé ekki enn þá sama sinnis og fyrir kosningar. Ef hann er ekki enn þá sama sinnis þá vildi ég gjarnan leita liðsinnis hans við að skýra fyrir mér hvað það er í þeim frumvörpum og tillögum sem nú koma frá hv. þm. meiri hlutans í sjútvn. sem er í samræmi við þau gífurlegu yfirboð sem hv. þm. Framsfl. á Suðurnesjum lýstu yfir fyrir kosningar. Ég veit að hv. þm. er hjálpsamur maður. Ég veit að hann mun veita mér þessa aðstoð. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Hv. þm. Egill Jónsson er hissa á því að ég skuli leita liðsinnis glöggra manna til þess að skilja hugsanir Framsfl. Ég sé það á öllu látæði, fasi og framm íköllum hv. þm. Egils Jónssonar að hann telur að það sé borin von að nokkur maður finnist á jarðríki sem geti skilið það sem býr innra með framsóknarmönnum. Herra forseti. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni en vil þó gera þann fyrirvara að ég þekki ekki framsóknarmenn jafn vel og hv. þm. Egill Jónsson.

Herra forseti. Það gladdi mig óumræðilega að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson stakk hér inn nefi en er jafnskjótt farinn. Ég tók líka eftir því að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson er ekki lengur á meðal vor í þessum þingsal. Þess er þó að vænta að hann snúi einhvern tíma til baka og þá er kominn í þingsalinn sá maður sem ég vildi gjarnan eiga orðastað við með leyfi hæstv. forseta.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson er yfirlýstur andstæðingur kvótakerfisins. Fáir menn hafa af jafnmikilli rökfimi bent á ágalla kvótakerfisins og á veikum stundum hafa jafnvel þeir sem eru traustir á velli eins og hv. þm. verið að falli komnir fyrir þeim rökum. Hv. þm. lýsti því yfir í kosningabaráttunni fyrir sína hönd og annarra vandamanna í Sjálfstfl. á Vestfjörðum að hann væri algerlega andstæður þeirri stefnu sem hæstv. sjútvrh. hefur uppi í sjávarútvegsmálum og hann hafnaði henni fyrir hönd allra manna á listanum. Nú hefur það komið fram, herra forseti, í fyrri umræðu um þetta mál að þeir eru skjótir að skipta um skoðun, Einarnir, hv. þm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum, og bogna þá jafnvel þau tré sem menn töldu traustust áður. Lengi er þó von í einum og í DV mánudaginn 3. apríl er það haft eftir hv. þm. að hann hafni algerlega stefnu Þorsteins Pálssonar sjútvrh.

Ég tel nauðsynlegt að það komi fram við þessa umræðu hvort þessi afstaða hv. þm. sé breytt. Styður hv. þm. stefnu hæstv. sjútvrh. Þorsteins Pálssonar? Ef hann gerir það þá vildi ég gjarnan fá að sjá rökin fyrir því, einkum og sér í lagi tína fram það sem er að finna í frumvörpum hæstv. ríkisstjórnar sem nú eru til umfjöllunar sem gera það að verkum að hann treystir sér eftir allt það sem hann hefur áður sagt við sína kjósendur til þess að styðja þau. Úr því að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson er á mælendaskrá þá mun hann væntanlega lýsa afstöðu sinni til frumvarpanna. Sérstaklega tel ég mikinn feng sökum þeirrar reynslu sem hv. þm. býr yfir að hann skýri út fyrir okkur, ef hann ætlar að lýsa yfir stuðningi við frv., hvernig hann getur rökstutt stuðning við þá grein tillagnanna sem lýtur að breytingum á krókakerfinu. Hvernig hann kemur því heim og saman við fyrri yfirlýsingar sínar.

Herra forseti. Ég er ekki einn af þeim mönnum sem leggja það í vana sinn að tefja fyrir afgreiðslu þingmála og ég ætla ekki að hafa hér langt mál. Mig langar aðeins að drepa á þeim frumvörpum sem við erum að véla hér um. Hv. þm. stjórnarandstöðunnar og sjútvn. hafa gert glögga grein fyrir megindráttum þeirrar afstöðu sem minni hlutinn hefur og lýst þeim tillögum sem við flytjum til breytinga á frv.

Herra forseti. Ég hef áður í þessum ræðustól lýst því yfir að mér þykir í lagi að með einhverjum hætti sé reynt að stemma stigu við aukinni afkastagetu smábáta. Eins og þingheimur veit þá hafa smábátamenn sjálfir tekið undir nauðsyn þess. Ég verð hins vegar að segja það í fullri vinsemd, herra forseti, að mér finnst að það sé tekið ansi grimmúðlega á krókaflotanum í 1. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir. Ég á erfitt með að fallast á það að um svo brattan úreldingarstuðul sé að ræða, þ.e. að í hvert skipti sem menn ætla að úrelda bát, þá þurfi þeir að kaupa annan bát eða jafnmörg tonn og þeir ætla að úrelda. Herra forseti. Þetta mun væntanlega leiða til þess að verð á krókabátum mun hækka. Það kann að vera að það sé jákvætt í sjálfu sér en það er líklegt að fáir verði til þess að selja vegna þess að hæstv. sjútvrh. hefur gefið mönnum góðar væntingar um það að árferði fari nú batnandi í sjónum og innan skamms, raunar svo fljótt sem fiskveiðiárið 1997–1998 muni kvóti aukast. Það er því líklegt að menn muni reyna að halda sínum bátum. Afleiðingin verður sú að annað tveggja mun gerast, að á tiltölulega skömmum tíma, kannski 11–15 árum mun krókabátum fækka um 50% eða meðalstærð krókabátanna mun minnka um helming. Ég lít svo á, herra forseti, að með 1. gr. frv. sé í rauninni verið að löggilda aðferð til þess að eyða krókaflotanum. Ég er alveg sannfærður um að fæstir hv. þm. taka undir það. Ég er jafnsannfærður um það að hæstv. sjútvrh. lítur á það sem jákvæða þróun og ég er fullviss um það að sá sem stundum er kallaður skuggaráðherra í sjútvrh., þ.e.

Kristján Ragnarsson, forstjóri LÍÚ, mun hoppa hæð sína af fögnuði þegar þingheimur samþykkir þetta að lokum vegna þess að með þessu er loksins náð fram því langþráða og margyfirlýsta markmiði LÍÚ og stórútgerðarinnar að skrúfa fyrir krókaveiðar. Þeir hafa vitaskuld sín rök. Ég er þeim fullkomlega andstæður.

Herra forseti. Í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar er jafnframt að finna ákvæði sem bendir til þess að á næstu missirum eigi að vinda sér í það verk að breyta reglum og herða reglur um úreldingar annarra skipa sem eru innan aflamarkskerfisins. Í nefndaráliti minni hluta sjútvn. er lagst gegn slíkum fyrirætlunum. Það er hins vegar vert að geta þess að sú breyting sem meiri hlutinn gerir við 1. gr. er framfaraspor sem vert er að styðja. En ég verð, herra forseti, þó það kunni að hljóma skrýtilega úr mínum munni eftir að hafa undið mér í Kristján Ragnarsson, forstjóra LÍÚ, að taka undir með honum að því leyti til að ég held ekki að hið opinbera, framkvæmdarvaldið, eigi að vera að vasast með sínar miðstýrðu hendur í aflamarksskipunum. Þau eiga að ráða því sjálf hvernig þau taka þann afla sem þeim er úthlutað. Ég vil líka taka undir það sem fram hefur komið hjá Kristjáni Ragnarssyni og LÍÚ að ef slík ákvæði hefðu verið í gildi, sem ýmsir í hópi hv. þingmanna stjórnarliðsins hafa verið að tala um, þá hefði sennilega aldrei orðið til neinn úthafsveiðifloti og við hefðum ekki í dag verið að sækja þann auð sem við öflum í Smugunni eða á útmiðum Reykjaneshryggjar.

Herra forseti. Það er eitt smáatriði í frv. sem mér finnst í rauninni lýsa vel þeirri miðstýringarárattu kvótasinnanna sem öllu vilja ráða og öllu stjórna úr ráðuneyti. Það er að finna í athugasemdum um 2. gr. á bls. 8 þar sem segir:

„Er líklegt að nauðsynlegt verði í framtíðinni að binda rauðmagaveiðar tilteknum skilyrðum."

Ég spyr, herra forseti. Er það kannski líka á verkefnaskrá hæstv. ríkisstjórnar að setja kvóta á rauðmagann?

Virðulegi forseti. Annað smáatriði sem er mér líka fleinn í holdi er að finna í 2. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta: „Á banndögum eru allar veiðar óheimilar." Ég hef áður rakið í umræðunni að krókaveiðisjómenn, á Vestfjörðum raunar telja, að þeir hafi lagastoð til þess að fara á banndögum og veiða utankvótategundir. Ég rifja það upp, herra forseti, sérstaklega fyrir hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, að þeir létu á þetta reyna rétt fyrir kosningar og þá var því fagnað af sumum þeirra sem nú eru í hópi hv. þingmanna Vestfjarðaliðsins, sjálfstæðismanna, og sumir þeirra tóku á móti flotanum þegar hann kom. Í rauninni fól það ekki í sér neitt annað gagnvart okkur sem sáum þennan gjörning í sjónvarpi en yfirlýsingu um stuðning við þetta. Þess vegna spyr ég: Hvernig í ósköpunum stendur á því að jafnvel svona smáatriði er enn þá að finna í frv.? Hafa hv. þingmenn Sjálfstfl. á Vestfjörðum enga sjálfsvirðingu? Láta þeir bjóða sér hvað sem er, meira að segja þetta litla smáatriði? Á ég eftir að líða þá nauð að horfa á þessa hv. þm., sem ég lít á sem félaga mína, jafnvel láta valtra yfir sig í svona smámáli?

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er skroppinn fram á gang og þolir ekki að heyra hér örfá vinsamleg orð sem tjá þær skoðanir sem ég hef á háttsemi hv. þm. Ég er dapur í bragði yfir því sem mér finnast vera brigð hans á sínum eigin yfirlýsingum, líka varðandi þetta örsmáa atriði þó litlu máli skipti auðvitað. Hins vegar óska ég honum til hamingju með það að honum er að takast að ná rauðmaganum undir kvótann líka.

Herra forseti. Meginefni frv. er 2. gr. sem lýtur að því að herða kjör krókabáta. Eins og ég sagði áðan er ég þeirrar skoðunar að það eigi einhvern veginn að koma böndum á afkastagetu krókabáta, draga úr henni ef kleift er. Það verður að gera með mildum hætti. Ég tel að í frv. hæstv. sjútvrh. um Þróunarsjóðinn séu einmitt þessi mildu tök. Þar er gert ráð fyrir því að krókabátarnir séu settir undir Þróunarsjóðinn, borgi þróunarsjóðsgjald og þeir krókamenn sem vilja úrelda sína báta geti gert það. Það kæmi vel til greina að örva til þess með því að beita einhvers konar yfirstuðlum við úreldingarstyrkinn sjálfan til þess að hvetja þá til þess að úrelda. Væri það ekki miklu mildari aðferð og væri hún ekki líka í anda þess frjálslyndis sem hv. þingmenn Sjálfstfl., ekki síst á Vestfjörðum, hafa jafnan? Ég held að það eigi fremur að beita markaðslögmálum til þess að gera þetta í staðinn fyrir að framkvæmdarvaldið láti sinn þunga hramm ríða á þeim.

Allt stafar þetta af því að krókabátarnir hafa veitt allt of mikinn þorsk að dómi margra. Nú er það alveg rétt að afkastageta krókaflotans hefur aukist. Er það þeim að kenna? Að einhverju leyti. Það er ekki síst að kenna þessum ágæta manni sem þarna er kominn í gættina, hæstv. sjútvrh., vegna þess að hann hefur brugðist í því að framfylgja lögunum um úreldingu. Hann hefur látið það viðgangast að þegar menn hafa úrelt bát og keypt sér nýjan þá hefur ekki verið fylgt því ákvæði laganna sem kveður skýrt á um að það á að vera sambærilegt skip. Menn hafa verið að taka eitthvert horn, eins og einn ónafngreindur hv. þm. sagði, einhvern gamlan bát uppi í flæðarmáli með úrelta bensínvél og kaupa nýtísku hraðfiskibát eins og þeir segja hjá LÍÚ og í sjútvrn. Er hægt að álasa mönnum fyrir að gera svona þegar hæstv. sjútvrh., vafalaust af misskilinni góðsemi á sínum tíma, leyfir þetta? Ég held ekki. Ég held að það sé hægt að deila þessari sök á tvo aðila, þ.e. á framkvæmdarvaldið og væntanlega krókakarlana sjálfa. Þess vegna þykir mér ekki sanngjarnt að refsivöndurinn ríði bara á hrygglengju sjómannanna. Mér þykir það ekki sanngjarnt, herra forseti. (Gripið fram í.) Aftur og aftur, hv. þm. Egill Jónsson, lögðu krókakarlarnir sjálfir fram tillögu um að minnka flotann. Ég vek eftirtekt á því að árið 1987 lögðu þeir fram svohljóðandi tillögu, með leyfi forseta:

„Settar verði sömu reglur um endurnýjun báta undir 10 brl. og eru á bátum yfir 10 brl. Fylgst verði grannt með því að lögunum verði framfylgt og á það einnig við um innflutning nýrra báta. En menn virðast eiga furðu auðvelt með slíkan innflutning."

Menn virðast eiga furðu auðvelt með slíkan innflutning. Hver er það sem greiddi fyrir þessum innflutningi og gerði hann furðu auðveldan? Hann heitir

Þorsteinn Pálsson, hæstv. sjútvrh.

Það sem ég er að draga fram hérna er það að á undanförnum árum og fyrir hartnær áratug voru það krókakarlar sjálfir sem lögðu fram tillögu að það yrði ekki jafnauðvelt og þá var að auka afkastagetu flotans. Við því var ekki orðið. Ef menn hefðu ekki daufheyrst við þessu þá þá er líklegt að við værum ekki í dag í þeim erfiða vanda sem við erum.

Herra forseti. Því er haldið fram, með nokkrum rökum vafalaust, að þorskafli krókaflotans hafi aukist allt of mikið. Við í sjútvn. fengum í dag töflu um þessa þróun. Þar kemur vissulega fram að frá árinu 1984 hefur hlutfallslegur afli smábátaflotans af heildarveiði í þorski aukist úr 5,89 og árið 1994 var hann kominn upp í 25,56%. En það veiðist fleira í sjónum en þorskur einn. Og á þessum tíma hefur heildaraflamark í þorskígildum talið stóraukist. Menn hafa sótt á ný mið, menn hafa farið að veiða nýjar tegundir. Menn hafa stóraukið afla sinn í loðnu, rækju, blálöngu og úthafskarfa, djúpkarfa. Það mætti vafalaust tína til einhverjar fleiri tegundir. Þegar allt þetta er saman talið þá kemur í ljós að hlutur smábátaflotans hefur frá 1984 aukist frá því að vera 5,66% af heildaraflamarki í þorskígildum talið í einungis 8,67%. Þetta er ekki jafnmikil aukning og menn eru alltaf að básúna. Það vill hins vegar svo til að hún liggur að mestu leyti í þorski.

Á þessu sama tímabili, herra forseti, hefur hins vegar smábátum fjölgað alveg gríðarlega, úr 893 árið 1984 í 1.523 árið 1994, þ.e. um 70,5%. En aflaaukningin er í engu samræmi við þessa miklu aukningu í fjölda smábáta. Og ég ítreka það aftur, herra forseti, að þessi aukning var gerleg vegna þess að stjórnvöld settu engar hömlur á hana.

Herra forseti. Við lukum 1. umr. eftir snarpar ræður hjá mörgum hv. stjórnarliða, eftir glæsilega jómfrúrræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, þar sem hann tók sterklega undir sjónarmið þeirra sem vildu setja upp róðrardagakerfi sem fyrst. Og það var erfitt að skilja mál hv. þm. öðruvísi en svo að hann sæi ekki mikla örðugleika á að gera það. Ég skildi mál hans þannig að jafnvel þó að einhverjar tæknilegar forsendur, sem felast í miklum áhuga hans á gervihnöttum, væru ekki fyrir hendi þá væri hægt að gera það með öðrum hætti. Herra forseti. Í umræðunni kom sama viðhorfið fram hjá mjög mörgum þingmönnum stjórnarliðsins og í sjútvn. var farið yfir þetta og þar kom fram að tækninni er í sjálfu sér ekkert áfátt. Það vantar tíma til þess að setja upp búnaðinn. Það kom fram hjá þeim sem hafa verið að þróa tæknina að þá skortir fjármagn. Það kom t.d. fram hjá þeim að hæstv. samgrh. hefði lofað fjármagni á aðalfundi Slysavarnafélagsins í maí í fyrra. Það var ekkert gert úr því. Ef hæstv. samgrh. hefði staðið við það sem hann lofaði væru engir annmarkar á því að setja upp það tæknivædda fjareftirlit sem margir telja eiginlega forsendu þess að setja strax á róðrardagakerfi.

Það kom hins vegar fram, herra forseti, í umfjöllun nefndarinnar að það er hægur vandi að setja upp þetta eftirlit með handvirkum hætti með því að láta löggilta vigtarmenn og hafnarverði sinna því. Gegn þessu töldu menn einkum að það væri kannski auðvelt að svindla á kerfinu. Og hvaða kerfi er ekki hægt að svindla á í dag? Ég verð að segja það, herra forseti, að ég sé ekkert sem kemur í veg fyrir að það sé hægt að fara í róðrardagakerfið. Það liggur fyrir a.m.k. í orði, það vilja nánast allir þeir hv. þm. stjórnarliðsins sem hér taka stundum til máls um sjávarútveg að það kerfi verði sett upp sem fyrst. Þess vegna verð ég að lýsa því með nokkurri hryggð, herra forseti, að ég tel að þetta sé sýndarmennska, blekkingaleikur og gylliboð, svo ég noti þau orð sem hv. þm. Kristján Pálsson notaði um stefnu Framsfl. á Reykjanesi. Ég tel að það megi nota sömu orðin yfir það þegar hv. þm. ætla í kvöld eða á morgun að fara að samþykkja tillögu sem felur það í sér að hæstv. sjútvrh. er réttur óútfylltur tékki, honum er veitt heimild til þess að ráða því sjálfur hvenær róðrardagakerfið verður sett upp vegna þess að það er hann sem á að meta hvenær tæknilegar forsendur eru til þess og það er líka hann sem á að meta hvenær fjárhagslegar forsendur eru fyrir því.

Nú hefur ekkert komið fram, hvorki hjá meiri hlutanum né hæstv. sjútvrh. hvaða fjárhagslegu forsendur t.d er verið að tala um. Er verið að tala um kostnað ríkisins? Er verið að tala um kostnað krókakarlanna eða skipanna? Eru það einhver sérstök mörk sem menn ætla að reyna að vinna sig niður fyrir? Hvað er það? Svona hlutir hefðu þurft að koma fram í umfjöllun nefndarinnar en, herra forseti, það vannst enginn tími til þess. Það fór nánast engin efnisleg umræða fram. Ég er í sjálfu sér ekkert að ásaka meiri hlutann fyrir það. Kannski var ég bara sá bjáni að óska ekki eftir því að fá nánari útlistun á nákvæmlega þessu.

Það kom hins vegar fram hjá nokkrum þeim sérfræðingum sem voru kallaðir á fund nefndarinnar, að verðið á þessu lækkar óðfluga og tæknin er fyrir hendi. Tæknilega ætti að vera hægt að ljúka þessu fyrir upphaf þarnæsta fiskveiðiárs. Hvað hefur gerst síðan? Mér sýnist að hv. þm. stjórnarliðsins sem hafa lofað hátt og í hljóði gildi og gæði róðrardagakerfisins ætli allir að ganga á bak þeirra yfirlýsinga sem þeir hafa gefið í kosningabaráttu og hér í þessum sal og annars staðar og samþykkja á morgun frv. sem gerir ráð fyrir því að hæstv. sjútvrh. hafi þetta í hendi sér þó að það sé alveg klárt að það er hægt að koma á kerfinu nú þegar. Og svo þegar hæstv. sjútvrh. metur það e.t.v. þannig að rétt sé að koma á róðrardagakerfinu, ef stoltið skyldi nú aftur koma upp í hálsinn á hv. þm. sem eru að borða það á þessu kvöldi, sitt eigið stolt, kannski mundu þeir veita honum nægan þrýsting til þess að einhvern tímann á kjörtímabilinu tæki hann þetta upp.

Það hefur ýmislegt gerst, herra forseti. T.d. hefur það gerst að krókakarlar standa frammi fyrir því vali að stunda veiðar með hertum banndögum, með viðbótarbanndögum eða fara eftir kvóta. Það er líklegt að þegar menn standa andspænis slíkum afarkostum sem nánast fela í sér nauðungarflutning inn í kvótakerfið fyrir suma þar sem þvingunar- og þumalskrúfan er hert banndagakerfi, þá munu ákveðnir aðilar fara þangað. Hverjir munu það vera? Það munu vera þeir sem hafa dágóða aflareynslu. Ekki þeir sem síðustu

árin eða síðustu mánuði hafa verið að fjárfesta í nýjum bátum út á loforð hv. þingmanna. Það eru þeir sem hafa bærilega aflareynslu. Og ef maður reynir að horfa yfir sviðið og athuga hverjir það eru sem eru líklegastir til þess að fara þarna inn, þá eru það líklega þeir sem hafa þorskkvóta yfir 30 tonnum, 24 tonnum af óslægðum þorski. Hvað eru þeir margir? Þeir eru 256. Hvað hafa þeir mikinn part af samanlögðum aflanum sem krókaflotinn má veiða samkvæmt þessu kerfi? 56%, í kringum 11 þúsund tonn. Afgangurinn, 824 bátar, verða að slást um þau 10 þúsund tonn sem eru eftir með hertu banndagakerfi. Og hvað þýðir það? Það þýðir auðvitað stórtherta sókn. Það þýðir stóraukna hættu á slysum. Og ég veit að það er ekki það sem hv. þm. stjórnarliðsins vilja. Það er allt annað. Það voru einmitt rök hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að kerfið sem hann vildi koma upp drægi úr slysahættu. Ætlar hv. þm. þá að fara að samþykkja annars konar kerfi? Ætla aðrir hv. þm. að gera það? Ég veit að þeir hafa ekki viljann til þess og ég segi að það eru forsendur til þess að taka upp róðrardagakerfið með öðrum hætti.

Ég vek líka eftirtekt á því, herra forseti, að það er líklegt að margir einstaklingar hafi fjárfest miklar upphæðir í nýjum bátum sem hafa litla aflareynslu. Hvað verður um þá? Það var úttekt í Morgunblaðinu á þessu máli og þar kom í ljós að a.m.k. einhverjir munu einfaldlega verða gjaldþrota, þeir munu einfaldlega fara á vonarvöl.

Herra forseti. Það hefur komið fram í skjali sem sjútvn. barst frá Landssambandi smábátaeigenda að það væri líklegt að allt að 400–450 sjómenn mundu missa atvinnuna ef þessar breytingar ná fram að ganga. Kostnaður ríkissjóðs af því þegar stuðst er við tölur Þjóðhagsstofnunar er í kringum 600 millj. á ári. Þetta hlýtur að skipta máli. Það hlýtur líka að skipta máli, herra forseti, sá afli sem krókabátarnir bera á land. Það er verðmætasta hráefnið, það er besta hráefnið, það er ferskasta hráefnið og það er einmitt þetta hráefni sem í hinum dreifðu byggðum stendur undir því sem ég kalla virka byggðastefnu. Ég kalla það virka byggðastefnu að reyna að efla krókaútgerðina. Gervallir Suðurfirðir, byggðarlög á Austurlandi, Grímsey, ég gæti haldið áfram, þau standa og falla með krókaveiðum og ég ber nokkurn kvíðboga fyrir afdrifum þessara byggðarlaga.

Herra forseti. Bráðabirgðaákvæði I í því frv. sem hér liggur fyrir er mjög til góða og ég styð það. Það er rétt sem hv. þm. Magnús Stefánsson sagði hér áðan og hv. þm. Hjálmar Árnason hefur áður rakið að auðvitað er þarna um að ræða skref í átt til efnda á þeim góðu orðum sem féllu í kosningabaráttunni. Það má deila um hvort það er nógu stórt. Ég tel það ekki nógu stórt, ég viðurkenni það, að því er varðar þann hóp flotans sem sennilega er verst staddur, en það er verið að gera þarna nokkra bót á.

Ég lýsti því hér áður, herra forseti, að mér er það nokkurt þorn í auga að sjá ísfisktogarana líka fá úr þessum potti. Mér var bent á það af hv. þm. Hjálmari Árnasyni að hagur þeirra væri ekki mjög góður, þeir væru reknir með 4–5% tapi. Það er alveg hárrétt. Það vill svo til, hv. þm. Hjálmar Árnason, að bátaflotinn á milli 20–200 tonn er rekinn með 8,5% tapi. Hann var rekinn með 5% tapi í fyrra. Hann þarf enn meir á þessu að halda. Og aðeins til þess að ég dveljist við þessi ummæli, af því að mér þótti ræða hv. þm. Hjálmars Árnasonar við 1. umr. málefnaleg og góð, öll sú mikla áhersla sem hann lagði á ísfisktogarana þegar hann var að verja einmitt þennan þátt þessa ákvæðis var í sjálfu sér jákvæð, en var ekki það sem hv. þm. sagði í kosningabaráttunni. Þar var nákvæmlega talað um það að færa afla frá ísfisktogurunum yfir á bátana. Það var talað um það að togaraflotinn ætti einungis að fá 15% af þorskkvóta, þetta er allt annað. Þótt að öðru leyti megi finna rök í því sem hv. þm. sagði um ísfisktogarana þá var það bara annað sem hann sagði fyrir kosningar. Áhersla hans og hv. þm. Framsfl. á Suðurnesjum lá á bátaflotanum. Þannig var það nú.

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur verið innt eftir því hvort einhver í hópi hv. þm. telji í lagi að auka aflamark í þorski til þess að leysa það tímabundna vandamál sem kæmi upp við breytingar úr því gallaða banndagakerfi sem við búum við núna yfir í róðrardagakerfið. Í grein eftir hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson sem birtist í Morgunblaðinu var því haldið fram að enginn þingmaður hefði vogað sér að taka sér slík orð í munn. Eigi að síður, herra forseti, gerði ég í það þeirri umræðu og ég ætla að gera það aftur núna. Það er svo að sem betur fer er góðæri í sjónum. Við höfum séð það undanfarin ár í mörgum tegundum og við sjáum það alveg sérstaklega í þorskinum. Það er engin tilviljun að það er aukin þorskgengd á grunnslóð og ég hef mínar ákveðnu skoðanir á því af hverju það stafar. Ég sagði við 1. umr. að ég teldi að það væri í lagi að slaka örlítið á þarna, mig minnir að ég hafi tekið það fram, herra forseti, að ég teldi að undir þann örlitla slaka féllu þau 10 þús. tonn sem hæstv. forsrh. að mínu áliti a.m.k. gaf krókamönnum á bátaflotanum sterkar væntingar um.

Mig langar aðeins að skýra það í örlitlu máli af hverju ég tel að þetta sé hægt. Það er til skýrsla sem heitir „Hagkvæm nýting auðlinda“. Sú skýrsla er merkileg vegna þess að hún er fóturinn undir öllu því sem hæstv. sjútvrh. er að gera núna varðandi svokallaða vísindalega stjórnun þorskstofnsins. Það er merkileg skýrsla. Ég er að vísu vanur að bryðja erfiðar skýrslur um efnafræði og annað slíkt og ég hef paullesið þessa skýrslu en verð að viðurkenna það að efni hennar er fram sett með þeim hætti að mér tókst ekki að rekja mig til sömu niðurstöðu og höfundar skýrslunnar. En það skiptir ekki miklu máli. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. hafi skilið hvert einasta orð og viti hvers vegna hann byggir núna stjórn þorskstofnsins á aflareglu sem miðast við 25% veiðar. Ég gat ekki fundið þá tölu í þeirri skýrslu. Það er önnur saga.

Herra forseti. Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum flókinna útreikninga og þar er sagt, með leyfi forseta, að reikningarnir bentu einnig til að miðað við 175 þús. tonna afla væri líklegt að hrygningarstofninn héldist óbreyttur og sýndi engin batamerki á allra

næstu árum. Af hermireikningunum mátti þó ætla að líkur á hruni væru litlar og stofninn rétti smám saman við þegar til lengri tíma væri litið. Hættumörkin eru sem sagt 175 þús. tonn og ef þeim er fylgt, þá væri líklegt að hrygningarstofninn héldist óbreyttur og sýndi lítil batamerki, veiðistofninn ekki heldur nema þegar til lengri tíma er litið. Þetta er skýrsla sem kom fram í fyrra sem hæstv. sjútvrh. byggir aflareglur sínar á. En hvernig er staðan núna? Herra forseti. Staðan er nákvæmlega þannig að hrygningarstofninn sem átti ekki að sýna nein batamerki á allra næstu árum, um hvað hefur hann stækkað? Hann hefur stækkað úr spá um 235 þús. tonn upp í 300 þús. tonn og veiðistofninn sem samkvæmt sama ferli átti á þessu ári að minnka niður í 510 þús. tonn er kominn í 560 þús. tonn. Með öðrum orðum hefur veiðistofninn sannarlega aukist um 10%. Af þessu má draga margar ályktanir. Ég dreg eina. Ég segi: Ef veiðistofninn hefur aukist um 10%, þá hlýtur líka að vera hægt að hækka hættumarkið, þ.e. þakið um 10%, þ.e. hækka 175 þús. tonnin um 10%. Samt, hv. þm., er ekki lagt til að það verði veidd 175 þús. tonn, ekki heldur 175+17,5 þús. tonn. Það er lagt til að það verði veidd 150 þús. tonn. Því segi ég að það eru ekki fiskifræðileg rök sem mæla gegn því að það verði eitthvað slakað til í aflaheimildum. Það er hins vegar hægt að finna önnur rök, efnahagsleg rök, ég fellst fúslega á það.

Ég hef á hinn bóginn saknað þeirra raka úr þeirri umræðu sem áhugamenn um fiskveiðistjórnun hafa reynt að byggja upp við sjútvrh. og raunar hef ég líka saknað þess af hendi sérfræðinga hans þegar menn eiga orðastað með rökum við þá og benda á veikleika, að þeir skuli þá ekki sjálfir tína til þau fiskifræðilegu rök sem einhver eru, sem mæla gegn slíku. Auðvitað er það rétt að innstæðan í sjóðnum gefur betri rentu en Landsbankinn. Það er rétt. En ég bendi á það, herra forseti, að í þessari skýrslu sem er grunnur fiskveiðistjórnunar hæstv. sjútvrh., er skýrt tekið fram að þegar menn ætla síðan að ákveða aflamarkið þá eigi líka að taka tillit til annarra félagslegra þátta eins og atvinnu og annarra hluta.

Ég gæti líka, herra forseti, tínt til ýmislegt annað úr skýrslum Hafrannsóknastofnunar sem bendir til þess að þetta sé allt í hinu allra besta lagi með örlítinn slaka, ég tek það fram. En ég vil líka taka það fram að um leið og ég segi að það séu ekki fiskifræðileg rök gegn því að leyfa slíkan slaka, þá viðurkenni ég að það eru pólitísk og efnahagsleg rök sem hægt er að tefla gegn þessu.

Herra forseti. Fyrst ég er aðeins farinn að ræða hér stjórn fiskveiða, þá langar mig að benda á svolítið annað. Í þessari skýrslu sem hæstv. sjútvrh. byggir aflareglu sína á, er margt fróðlegt að finna. Sérfræðingar skýrslunnar reiknuðu sig fram að því að það megi veiða 21,5%. Ég veit ekki hvernig ráðherrann fór að því að hækka það upp í 25%, en það er svona heppileg nálgun, er það ekki? Ef menn, herra forseti, beittu svipaðri nálgunarfræði á kvótann, þá mætti segja að það væri líka heppileg nálgun að í staðinn fyrir að veiða 150 að veiða 170 þús. tonn með nákvæmlega sömu rökum. Og aflareglan sem hæstv. sjútvrh. notar til þess að sveipa vísindalegum hjúp um sína fiskveiðistjórnun byggir líka á því að það megi þá aldrei veiða minna en 150 þús. tonn. Þetta fann ég ekki í hinni vísindalegu skýrslu. Ég er þeirrar skoðunar að ef menn ætla að stjórna fiskstofnum, þá eigi þeir að sjálfsögðu að draga úr veiðinni þegar ástand stofnanna er sannanlega lítið og vont. Hvað mundi til að mynda gerast ef sá kaldi sjór sem nú dvelur við Norðurland mundi teygja sig lengra suður og umlykja landið um nokkurra ára bil? Það hefði voveifleg áhrif að sjálfsögðu á ástand þorsksins hér við Ísland. Það mundi fara fyrir honum alveg eins og við Austur- og Vestur-Grænland, þar sem stofninn hrundi upp úr 1960, ekki bara vegna ofveiði heldur vegna þess að sjórinn kólnaði. Hvað ætlaði þá hæstv. sjútvrh. að gera? Ætlaði hann samt að nota aflaregluna sína og leyfa að veiða 150 þús. tonn? Nei, vegna þess að þetta eru ekki vísindi og ekki nándar nærri eins góð vísindi og t.d. aflareglan sem beitt er á loðnustofninn. Það eru vísindi.

Herra forseti. Í þessari skýrslu segir á einum stað eftir að fjöldi varnagla hefur verið sleginn um spárnar, með leyfi forseta:

„Rétt er að vekja athygli á því að útreikningar að baki þessum leiðum eru flóknir og margs konar fyrirvara þarf að hafa á þeim."

Síðar fjalla skýrsluhöfundar um afskaplega umdeildan þátt í fiskveiðistjórnun og útreikningum á stofnstærð, þ.e. hinn náttúrlega dánarstuðul og þar segir einfaldlega, með leyfi forseta:

„Áhrif þátta utan líkansins eru flest í þá veru að auka óvissu í niðurstöðum þannig að líkur aukast á frávikum frá meðaltölum. Nefna má náttúrulegan dánarstuðul sem dæmi. Hann er festur við 18% í reikningum." Og síðan kemur, herra forseti, sem er mergur þessa máls sem ég er nákvæmlega að flytja núna: „Ef hann væri gerður breytilegur innan þeirra marka sem raunhæf geta talist, þá aukast líkur á mjög hraðri uppbyggingu og einnig líkur á hruni."

Hvenær er nú líklegt að náttúruleg dánartíðni minnki í sjónum? Ég tel að það sé þegar ríkir góðæri, þegar er mikil áta eins og er jafnvel í kalda sjónum núna úti fyrir Norðurlandi, jafnvel þegar stofninn er lítill og samkeppni því minni en ella milli fiska um rými og fæðu. Og við þessar aðstæður er líklegt að náttúrlegi dánarstuðullinn sé mun minni heldur en í erfiðu árferði. Eins og skýrslan segir þá aukast líkur á hraðri uppbyggingu. Hvað erum við að sjá núna í sjónum? Við erum að sjá aukna þorskgengd á grunnslóð og smábátaeigendur segja að það sé meiri fiskur í sjónum. Þessu hefur hæstv. sjútvrh. eðlilega ekki viljað trúa því að honum ber að fara að ráðum sinna sérfræðinga og þeir hafa ekki viljað trúa því, þangað til síðasta skýrsla Hafrannsóknastofnunar kom fram. Þá kemur það fram eins og ég hef rakið að veiðistofninn hefur stækkað um 10%. Og hvar liggur þessi stækkun? Hún liggur í fiski sem þeir vissu ekki að væri til í fyrra. Núna, 5–6 árum eftir að árgangarnir 1989 og 1990 klöktust út, þá finna þessir ágætu menn allt í einu

að það eru 30 millj. fleiri þorskar af 89-árganginum en þeir höfðu áður talið og 25 millj. fleiri af árganginum 1990 heldur en þeir höfðu áður talið.

Herra forseti. Þetta er fiskurinn sem krókabátarnir eru að taka á sína öngla á grunnslóðinni. Hann er til. Þetta var bara ekki upplifun eða tilbúningur hjá þeim. Hvers vegna kemur hann ekki nema að litlu leyti fram í togararallinu? Það er erfitt að segja. En ef ég man rétt þá held ég að í rökræðum við sérfræðinga Hafró í sjútvn. hafi komið fram að það kunni að stafa af því að kynþroska fiskur kemur ekki fram með sama hætti og ókynþroska fiskur og svona ungur fiskur er ekki jafnkynþroska og eldri fiskur. Með öðrum orðum er þessi fiskur til en hann kemur ekki jafnsterkt fram í togararallinu og eldri fiskur.

Í framhjáhlaupi, herra forseti. Það kom mér ekki á óvart að sjá það að árgangurinn frá 1990 var talsvert *stærri heldur en sérfræðingar Hafró höfðu áður reiknað* með. Hvers vegna ekki? Vegna þess að ég hef það mér til gamans á dapurlegum síðkvöldum að lesa skýrslur Hafrannsóknastofnunar. Og mér þótti dálítið merkilegt að bera saman tvær skýrslur þar sem í annarri skýrslunni var verið að spá fyrir um hlutdeild í fjölda þriggja ára þorsks árið 1993. Spáin var 8%. Raunverulegar aflatölur reyndust vera 24%. Ef maður reiknaði það saman út úr töflum þá komst maður að því að það höfðu verið veidd 28 þús. tonn af þriggja ára fiski sem samkvæmt skilgreiningu er ekki enn orðinn hluti af veiðistofni, allt saman tekið á togurunum. En maður velti því fyrir sér ef afli var 28 þús. tonn, hvað hentu þeir miklu af þessum smáþorski? Það er athyglisvert að velta því fyrir sér. En punkturinn er þessi: Strax 1993 veiddist svo mikið af þessum fiski þá þegar þriggja ára að það gaf fullt tilefni til að ætla að árgangurinn frá 1990 væri talsvert stærri heldur en metinn var eins og kom síðan á daginn í núverandi skýrslu. Ég er ekki að segja þetta, herra forseti, til þess að varpa vondu ljósi á sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég nefni þetta hins vegar til þess að sýna svart á hvítu hvað þessi vísindi eru ónákvæm. Ég verð að segja það að ég er fullkomlega sammála hæstv. forsrh. þegar hann sagði á fundinum á Húsavík að hann teldi að 10 þúsund tonn til eða frá skiptu ekki meginmáli fyrir uppbyggingu stofnsins, skiptu engu máli. En ef þau urðu kannski 50–60 þús., þá skipti það máli. Og það er ekki hægt að reikna út stærð fiska með þessum hætti, svona nákvæmlega. (**EgJ:** Hver er tillaga þingmannsins?) Um? (**EgJ:** Um aukna veiði.) Herra forseti. Spurt er hver sé tillaga mín um aukna veiði. Ef hv. þm. Egill Jónsson vildi stuðla að því að ég yrði gerður að sjútvrh. sem fyrst þá væri ég til í að kalla á hann og taka á kné mér og ráðgast við hann um það. Og þar sem menn hafa bent á að það kynni að vera erfitt að skipta um þessi kerfi þá hef ég einungis sagt það að ef nauðsynlegt er á yfirgangstímanum að slaka til um aflaheimildir, þá tel ég að það sé hægt að gefa örlítinn slaka. Ég tel 10 þús. tonn örlítinn slaka. Ég tel að það væri hægt að fara ofar þess vegna. Ég gæti fært skýrari og ítarlegri rök fyrir því en ég tel ekki að það hafi nein veruleg áhrif á uppbyggingu þorskstofnsins. Ég gæti svo sem rökstutt það með ítarlegra máli en ég ætla ekki að gera það.

Herra forseti. Mér hefur dvalist nokkuð við umræður um stjórn fiskveiða. Að lokum vildi ég ræða sérstaklega eitt ákvæði í þeim brtt. sem minni hlutinn leggur til við þetta frv. Það er ákvæði til bráðabirgða þar sem lagt er til að lögin verði endurskoðuð fyrir ákveðinn tíma, þ.e. fyrir árslok 1996. Það má velta því fyrir sér, hvers vegna þetta er lagt til. Ég er alveg sammála þeim sem halda því fram að það sé nauðsynlegt að það ríki festa um starfsskilyrði atvinnugreinarinnar, sjávarútvegs og reyndar allra atvinnugreina. En það er hins vegar svo að sú verkefnaskrá sem ríkisstjórnin hefur lagt fram og hæstv. sjútvrh. á að fylgja á næstu árum leiðir ekki til þess að festa aukist, hún leiðir ekki til þess að það skapist meiri kyrrð í kringum greinina. Það segir, herra forseti, í verkefnaskránni:

„Gerð verði úttekt á mismunandi leiðum við fiskveiðistjórnun og bornir saman kostir og gallar ólíkra fiskveiðistjórnunarkerfa. Niðurstöðurnar verði nýttar við þróun fiskveiðistjórnunar."

Hér er það sagt berum orðum að það eigi að bera saman kosti og galla sóknarmarkskerfisins og aflamarkskerfisins. Ég þekki, herra forseti, mátt þeirrar rökfimi sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kann að beita og ég útiloka það ekki að honum takist svo vel upp að honum jafnvel takist að sannfæra hæstv. sjútvrh. um að aflamarkskerfið *væri verra heldur en sóknarmarkið*. Ég a.m.k. gef mér það ekki að hæstv. sjútvrh., sem er maður alvörugefinn eins og þingheimur veit og gerir ekki að gamni sínu að óþörfu, ég geri ekki ráð fyrir því að hann sé að setja ákvæði eins og þetta inn í sína verkefnaskrá nema af því að honum er dauðans alvara. Hann ætlar að láta þennan samanburð eiga sér stað. Hann ætlar að hlíta niðurstöðunni og lýsir því yfir í verkefnaskránni að niðurstöðuna eigi að nota til að þróa áfram fiskveiðistjórnina. Þar með er sá möguleiki uppi, herra forseti, að niðurstaðan verði sú að aflamarkskerfið sé ekki hið æskilegasta og það sé nauðsynlegt að taka upp annað kerfi og þar með er með einu hnífsbragði sprett upp öllu kvótakerfinu. Það er ekki góð framtíð fyrir þá sem eiga afkomu sína undir því að búa við slíkt óöryggi. Til þess að reyna að setja endapunkt aftan við það teljum við nauðsynlegt að festa lok þessarar endurskoðunar og það er þess vegna sem þessi umræða er flutt. Til þess að skapa aukið jafnvægi og meiri festu í atvinnugreininni teljum við að það sé nauðsynlegt að hún viti hvenær niðurstaða þessarar úttektar liggur fyrir. Ég veit að hæstv. sjútvrh. er raunsær maður og hann skilur að það er rétt að samþykkja þetta.

Herra forseti. Eitt af því sem er mér mikið hjartans mál varðandi breytingar á fiskveiðistjórnuninni er örlítið ákvæði. Það skiptir engu meginmáli um heildarlínur kerfisins en það varðar heimild hæstv. sjútvrh. til þess að breyta aflamarki í þorski.

Hæstv. utanrrh. lét svo ummælt í dagblaði í síðasta mánuði að hann teldi að það væri örlítið svigrúm til þess að auka þorskkvótann. Ég var auðvitað sammála hæstv. utanrrh. aldrei þessu vant. En réttilega benti

hæstv. sjútvrh. á það í Morgunblaðinu degi síðar að það gæti hann ekki vegna þess að eitt af ákvæðum gildandi laga um stjórn fiskveiða bannar ráðherranum að hreyfa úthlutun eftir 15. apríl. Þetta er sérstakt ákvæði vegna þess að í öllum öðrum tegundum getur hæstv. ráðherra, ef ég man rétt, breytt úthlutun. Jafnvel þó hægt væri að telja hæstv. sjútvrh. trú um það og fá hann til þess að fallast á rök þá getur hann ekki þó hann væri allur af vilja gerður breytt úthlutun í þorskaflamarki eins og hann kvartaði um í Morgunblaðinu. Það er ekki bara af sérstakri vinsemd við hæstv. sjútvrh. sem ég tel rétt að þessu væri breytt. Ég tel að það sé rökrétt. Hvers vegna? Vegna þess að hæstv. sjútvrh. fær ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar aldrei fyrr en í lok maí, svo að segja upp á nákvæmlega sama dag ár hvert. Sama dag ár hvert er honum afhent ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Og ef þjóðin er heppin og vinnur í lottói hafsins og þorskurinn hefur aukist og það dytti nú í hæstv. sjútvrh. að auka þorskvótann, þá getur hann það ekki. Ég tel að það væri mjög jákvætt, herra forseti, ef þingheimur aðstoðaði hæstv. sjútvrh. og hjálpaði honum til þess að gera góðverk, hjálpaði honum til þess að veita örlítinn slaka í úthlutun þorskaflamarks með því að afnema þetta. Í framtíðinni getur hann breytt því þegar stofninn fer að hækka, eins og hann hefur sjálfur spáð fyrir um eftir að hafa kíkt í kristalskúlu þeirra valva sem ráða ríkjum í Hafrannsóknastofnun. Hann hefur lýst því yfir að stofninn muni stækka. Stofninn er þegar farinn að stækka og ef það gengur eftir að árferðið í sjónum batnar áfram, þá gerist það sem ég var að lesa áðan upp úr skýrslu nefndar um nýtingu auðlinda hafsins, þá verður uppbygging stofnsins miklu hraðari. Þá kann það að gerast að það verði borð fyrir báru og það verði hægt að úthluta meiru, en þá getur ráðherrann það ekki.

Og svona aðeins til gamans af því að ég veit að hæstv. sjútvrh. hefur óskaplega gaman að hlusta á ræður mínar um stjórn fiskveiða, þá vil ég líka benda honum á það að í skýrslu Hafrannsóknastofnunar árið 1990 settu menn fram skemmtilegar spár um göngur þorsks af miðum við Grænland. Þessi þorskur átti að koma 1991, 25 millj. þorska og 36 millj. árið 1992, 7 og 8 ára gamall þorskur. Hann kom auðvitað aldrei vegna þess að þorskurinn við Grænland neitaði að hlýða vilja sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar og hann gekk fyrr. Hann gekk hingað 1990. Segjum svo að í framtíðinni mundi seiðarek frá Íslandi aftur byggja upp þorskstofn við Grænland og hann færi að ganga hingað til baka og sérfræðingarnir gerðu aftur þessi mistök, þá gæti hæstv. sjútvrh. ekki brugðist rétt við og úthlutað auknu aflamarki í þorski vegna þess að lögin banna það nema hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson taki höndum saman við sinn góða félaga í Alþfl. og breyti þessu.

Herra forseti. Ég hygg að mál sé að linni.

[20:50]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef jafnmiklar efasemdir um ágæti banndagakerfisins sem svo er nefnt eins og hv. 15. þm. Reykv. en eins og kunnugt er er hann höfuðsmiður þess kerfis. (Gripið fram í.) En eigi að síður er það svo að ég hef sömu áhyggjur af þróun þess kerfis og hann og tel að þau rök sem hann færði hér fram og fleiri hv. þm. hafa gert um galla þess séu rétt. Þess vegna er mér alveg jafnmikið kappsmál og honum að koma róðrardögum á sem allra fyrst vegna þess að ég er sammála hv. þm. og fleiri hv. þm. um galla þessa kerfis og ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að svo sé gert.

Þær breytingar sem hv. sjútvn. hefur gert á frv. gera það að verkum að róðrardagakerfið er alveg skýr valkostur en það hlýtur að vera eðlilegt sjónarmið að ráðuneytið sem ber ábyrgð á framkvæmd þessara mála geti verið fullvisst um að framkvæmdin verði með öruggum hætti og það mun ráðuneytið ganga í. Það er reyndar þegar hafinn undirbúningur að því að tryggja nauðsynlegt eftirlit í þessu efni og sú vinna er farin af stað.

En ég vil aðeins fullvissa hv. 15. þm. Reykv. og reyndar aðra hv. þm. um að það er kappsmál ráðuneytisins að þessi breyting nái fram sem allra fyrst og þess vegna er það svo að hér er um alveg skýran valkost að ræða eftir að þær breytingar hafa verið gerðar sem meiri hluti hv. sjútvn. hefur mælt fyrir um í dag.

[20:52]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hæstv. sjútvrh. ætti að skoða hug sinn til róðrardagakerfisins betur vegna þess að ég fullyrði að það er rangt að hann sé mér sammála um ágæti þess. Ef hann væri mér sammála um ágæti þess, þá hefði hann ekki sett upp kerfi þar sem róðrardagarnir eru settir niður á tímabil vegna þess að það ryður burt þeim gæðum og þeim ávinningi af kerfinu sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur rakið svo vel hérna. Það gefur sjómönnum einfaldlega ekki færi á því að velja eins og þeir vilja þá daga sem heppilegastir eru til róðra, gefur þeim heldur ekki nógu gott færi, herra forseti, á því að forðast þá tíð þegar slysahættan er mest. Og þarna finnst mér að hæstv. sjútvrh. hafi illilega skjöplast þó afar skýr sé því það er eins og hann skilji ekki að kerfið sem hann hefur sett upp þjónar ekki þessum markmiðum. Það þjónar ekki þeim markmiðum að draga úr slysahættunni, a.m.k. ekki jafn vel og ef hann hefði ekki haft þessa tímabilaskiptingu.

[20:53]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að róðrardagakerfið er engin allsherjarlausn sem m.a. sést af því að róðrardagar eftir frjálsu vali verða færri heldur en þegar þeir koma út sem afleiðing af fyrir fram ákveðnum banndögum. Þess vegna er m.a. gert ráð fyrir þessum valkosti í því frv. sem hér liggur fyrir, að menn geti valið á milli þaks í þorski eða aflahámarks varðandi þorskveiðar og svo róðrardagakerfis.

Auðvitað geta mörg sjónarmið komið fram varð-

andi það hvernig á að dreifa takmörkuðum fjölda róðrardaga og því miður eru þeir allt of fáir vegna fjölda báta. En eitt af þeim sjónarmiðum sem ég tel eðlilegt að hafa í huga er það að menn geti dreift veiðunum yfir lengri tímabil en bara yfir hásumarið, m.a. vegna þess að það er löng hefð fyrir því í mörgum byggðum sem byggja að talsverðu leyti á afla þessara báta og það yfir lengri tíma en bara sumarmánuðina. Þess vegna er ekki óeðlilegt að tekið sé tillit til slíkra sjónarmiða og auðvitað verða menn í umfjöllun um þetta að horfa á mörg sjónarmið.

Ég get tekið undir það með hv. þm. að það er ekkert algilt svar og enginn einn algildur sannleikur í þessu efni en ég held að það fari ekki fram hjá neinum að menn hafa verið að reyna að horfa á fjölbreytta og fjölþætta hagsmuni við útfærslu á mjög vandasömu viðfangsefni.

[20:55]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Miðað við vitsmuni hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar þá er ég bara þingmaður með slaka meðalgreind. Ég er þess vegna auðblekktur. Ég tek það trúanlegt þegar hæstv. sjútvrh. segir að hann sé mér sammála um það að róðrardagakerfið hafi yfirburði yfir annað sem við höfum verið að ræða hér. Því spyr ég hann: Fyrst honum er svo annt um róðrardagakerfið, hvers vegna hafa þá ekki þeir bátar sem velja þorskaflahámark með banndögum möguleika á því að fara inn í róðrardagakerfið, sem honum þykir svo gott, þegar hann er loksins búinn að koma því á?

[20:56]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Össur Skarphéðinssyni fyrir þau fallegu ummæli sem hann lét falla um þá ræðu sem ég flutti við 1. umr. um þetta frv. Ég hafði satt að segja ekki gert mér grein fyrir að sú ræða hafi verið jafnafburðasnjöll og hann lýsti en fyrst hv. þm. segir svo þá freistast ég til að trúa því.

Hv. þm. nefndi það að þeir stjórnarliðar sem tóluðu við 1. umr. hafi gefið fyrirheit um að frv. yrði lagfært af hv. sjútvn. milli 1. og 2. umr. Ég gaf reyndar engin slík fyrirheit en ég vonaði og trúði að hv. sjútvn. mundi gera jákvæðar breytingar á frv. milli umræðna. Það hefur því miður ekki orðið og því er frv. jafnómögulegt og það var við 1. umr. fyrir viku. Þess vegna eiga allar þær athugasemdir sem ég gerði þá við frv. jafnt við nú við 2. umr. Þær voru helstar að ég er óánægður með það hvernig á að úthluta þeim 5.000 tonnum sem á að bæta við kvóta aflamarksflotans á þessu fiskveiðiári. Ég er óánægður með fyrirhugaða kvótasetningu krókaleyfisbátana. Ég tel að það eigi að stjórna veiðum þeirra með róðrardögum frá og með næsta fiskveiðiári 1. sept. Ég tel það ekki vandamál að hafa eftirlit með sjóferðum þessara báta frá höfnum landsins eins og ég gat um í ræðu minni við 1. umr. og ég tel hægt að koma í veg fyrir að menn svindli á því kerfi með því að beita ströngum viðurlögum. Allar þessar athugasemdir eiga jafnt við við 2. umr. og 1. umr.

[20:58]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sannast það nú sem ég hef jafnan sagt fyrr að þegar hv. þm. Guðjón Guðmundsson talar um sjávarútvegsmál þá talar hann af skyggnara mannviti en flestir flokksfélagar hans. Það átti bæði við um þá gagnrýni sem kom fram í örstuttu og kjarnyrtu máli hans varðandi frv. flokksfélaga hans, hæstv. sjútvrh., sem þá ágætu ræðu sem hann flutti við 1. umr. Hitt er rangt hjá hv. þm. að hann hafi ekki gefið fyrirheit um að þessu yrði breytt. A.m.k. gaf hann fyrirheit um það að hann mundi stuðla að því. Hvers vegna, herra forseti? Vegna þess að hann lýsti sinni sannfæringu mjög vel og stjórnarskráin segir að hv. þingmenn eigi að fara eftir sannfæringu sinni. Þess vegna ber hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni að sýna þann trúnað við sjálfan sig og stjórnarskrána og það málefni sem hann berst fyrir að styðja þær brtt. sem hér eru fluttar og hann er í hjarta sínu nákvæmlega jafnsammála og ég er vegna þess að hann hefur þegar lýst því yfir.

[20:59]

**Guðjón A. Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Mig langar að fara nokkrum orðum um það sem hér hefur verið rætt í dag. Ég hafði ákaflega gaman af því að hlusta á ræðu hv. þm. Össurs Skarphéðinssonar. Ég er mjög sammála honum um mjög margt sem hann sagði varðandi fiskstofnana og kvótakerfið og þær afleiðingar sem það hefur haft. Reyndar lýsti hann sumu um kvótakerfið ef ég hef skilið hans mál rétt sem fer ekki alveg saman við mínar skoðanir, en um fiskstofnana og nýtingu þorskstofnsins og hvernig það mál hefur allt þróast held ég að við séum mjög sammála.

Það er kannski rétt að draga fram upplýsingar sem hafa ekki komið fram hér í dag. Eins og allir vita höfum við verið með kvótakerfi í tíu ár eða rúmlega það. Hvaða trú hafa menn haft á því að kvótakerfið byggði upp þorskstofninn í raun og veru ef við skoðum það mjög gaumgæfilega? Í raun og sannleika hefur trú manna á því að kvótakerfið sem slíkt byggði upp þorskstofninn ekki verið nein og það sést best á því hvaða aðferðir við höfum tekið upp undanfarin 2–3 ár. Við höfum tekið upp þá aðferð til þess að byggja upp þorskstofninn að loka stórum svæðum fyrir Norðurlandi. Það var gert í kjölfar þess að menn urðu varir við mikið af smáfiski á togurunum 1993. Þá var öllu Strandagrunninu lokað, stórum svæðum fyrir Norðurlandi, og ég veit það að ef Össur Skarphéðinsson hefur skoðað það þá sér hann að sókn togara í þorsk fyrir Norðurlandi svo til horfin. Það er ástæða þess að þorskstofninn er í dag mun stærri en menn hafa þorað að setja fram í skýrslum. Það er vandamál sem við eigum við að glíma að ég tel að það sé ekki auðvelt fyrir fiskifræðinga að komast út úr þeirri fullyrðingu sem sett hefur verið fram af Hafrannsóknastofnun á undanförnum árum um það við ættum við ekki von á auknum afla í þorski fyrr en undir aldamót.

Það er mín skoðun að við hefðum átt að vera að veiða núna um 200 þús. tonn af þorski á næsta fiskveiðiári, alveg tvímælalaust. Við erum með kvótakerfi

og kvótakerfi er því verra sem aflaheimildirnar eru minni. Það er staðreynd. Ég held að enginn geti mælt á móti því. Þegar menn eru með litlar aflaheimildir í blönduðu kvótakerfi, ég kalla það blandað kvótakerfi þegar við erum með kvótakerfi sem er að stjórna veiðum á mörgum fisktegundum samtímis, eins og er í botnfiskveiðikerfinu okkar. Kvótakerfið gengur ágætlega upp í loðnu, síld og ýmsum fleiri tegundum. En það gengur afar illa upp í blandaðri botnfiskveiði og því verr sem aflaheimildirnar eru minni og því meiri sóun sem aflaheimildirnar eru minni.

Þetta hljóta allir þingmenn að vita þó að þeir vilji kannski ekki tala um það. Þetta er innbyggt í kvótakerfið. Ef við værum að veiða núna 400 þús. tonn af þorski þá væri engin sóun í kvótakerfinu en það er mikil sóun í því í dag með ýmsum hætti. Ég ætla ekki að eyða löngu máli í það.

Mig langar aðeins að víkja að því sem ég tel að eigi að vera grunninntak þess þegar Alþingi ætlar að setja lög um atvinnu manna. Í þessu tilviki erum við að fjalla um lög sem snúa að stærstum hluta að veiðum krókabátanna og reyndar líka viðbótarafla fyrir þau skip sem hafa farið verst út úr þorskskerðingunni. Það á að vera hlutverk Alþingis, ef ég hef skilið það hlutverk rétt sem ég vona að ég hafi gert, og okkar allra sem erum hér að störfum að setja lög sem gera þegnana jafnsetta. Hvernig förum við að því að setja lög sem gera þegnana jafnsetta? Við hljótum að gera það þannig að við tökum mið af því hvernig landshagir eru í landinu, hvernig hagar til á landsvæðunum og hvernig þarf að gera lögin úr garði þannig að menn séu jafnsettir. Það er ekki hægt með því að setja niður banndagakerfi eins og það hefur verið útfært fyrir krókabátana. Það er alveg útilokað. Það getur ekki annað en mismunað mönnum vegna þess að það er allt annað að stunda sjósókn fyrir Norðurlandi en Suðurlandi. Þess vegna er það innbyggt í kerfi sem er svona fram sett að sjósókn fyrir sunnan nýtist mun betur að öllu jöfnu en fyrir Norðurlandi. Þess vegna er innbyggð mismunun í kerfið og það eina sem getur lagfært slíka mismunun er að kerfið sé þannig útbúið að það séu sjódagar sem menn geta valið sér og þá hafa allir sömu möguleika til þess að nýta sér dagana þegar gefur til sjávar.

Þess vegna þótti mér í sjálfu sér mjög vænt um þá yfirlýsingu sem hæstv. sjútvrh. gaf áðan að það væri markmið hans að setja upp sóknardagakerfið fyrir smábátana. En þá skil ég heldur ekki hvers vegna ekki er hægt að sameina tillögur minni hlutans og taka þá stefnumörkun sem þar er um það að taka upp beina róðrardaga á næsta fiskveiðiári. Ef ekki er nægur tími miðað við næstu fiskveiðiáramót þá mætti auðveldlega taka það upp um næstu áramót eða t.d. í febrúar. Það liggur í því sem þingmenn geta séð á þessu blaði. Það má búa við kerfið, eins og það á að vera þegar kemur fram í september, október og nóvember næsta haust ef menn þurfa meiri tíma til að komast inn í sóknarstýringuna.

Síðan koma bannmánuðirnir. Ég held að sé ekki ágreiningur um að vera ekki að halda úti sókn smábáta yfir svartasta skammdegið, og síðan gæti kerfið tekið við. Um þetta held ég að þingmenn ættu að reyna að sameinast. Eins og framsetningin er nú á tillögum meiri hlutans þá mun ég ekki fylgja því ákvæði sem snýr að því að skammta sóknina eins og þar er upp sett. Ég tel að tillaga minni hlutans sé mun betri í þessu atriði, ég tala alveg skýrt um það. Og ég held að við eigum að bera gæfu til þess að ganga þannig frá lögum á Alþingi að við getum nokkurn veginn varið það fyrir fólkinu sem á að búa við lögin að það sé jafnsett að því leyti. Það er hlutverk okkar að setja lög sem ekki mismuna þegnunum og hafa lögin þannig úr garði gerð að við þau megi búa. Við eigum ekki að setja upp kerfi sem leiðir til þess að hætta er á því að við drepum fólk.

Það mætti svo sem margt fleira um þessi mál segja en ég vil víkja að einu. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson minntist á stuðning minn við viðhorf krókaleyfisbáta til steinbítsveiði eða annarrar utankvótaveiði. Það eru fleiri tegundir sem ekki eru í kvóta sem betur fer heldur en steinbíturinn þó að hann eigi aðallega heima fyrir vestan. Ég tel að þær tegundir sem ekki eru í kvótakerfi eigi að vera frjálsar öllum til veiða og þannig eigi þær líka að vera frjálsar þeim mönnum sem stunda veiðar með krókum. Það á að vera markmið okkar að útfæra veiðikerfið fyrir smábátana þannig að það megi við það búa. Við eigum ekki að setja af stað nýja hringferð í sölu kvótans. Við gerðum það fyrir nokkrum árum og er kannski rétt að rifja það aðeins upp.

Þeir sem áttu 11 tonna bátana þegar var krókaleyfi á bátum undir 10 tonn seldu kvótann á skipastærðinni 10 og upp í 20 tonn. Og hvað gerðu þeir? Þeir keyptu sér báta undir 10 tonnum. Síðan settum við kvóta á báta milli 6 og 10 tonn. Hvað gerðu þessir menn sem ekki vildu una því að vinna eftir þeirri reglu? Þeir seldu líka þann kvóta og jafnvel bátinn og keyptu sér krókabáta undir 6 tonnum. Það hefur verið gagnrýni á það einmitt hjá krókamönnunum sjálfum að það væri allt of mikil keppni hjá sumum mönnum í krókaveiðiskerfinu og þar væru menn að gera út með tveimur áhöfnum. Til hvers? Til þess að búa til betri pott ef e.t.v. kæmi kvóti. Og við erum að sumu leyti að leggja það hér til. Að vísu þak sem menn geta farið upp í en ég tel hætt við því að ef farið verður að veiða eftir þeirri reglu, sem ég vona að verði ekki, þá verði innan skamms tíma kvóti sem þeir krefjast að hafa sama rétt með og í kvótakerfinu, geta selt hann fram og til baka, og þá muni þeir selja hann og fara aftur inn í krókakerfið. Þá eru menn búnir að selja þrisvar. Menn eru þegar búnir að selja kvótareynslu sína, sumir, tvisvar.

Ég held að við eigum ekki að halda áfram á þessari braut. Við eigum að marka eðlilegt, réttlátt og skynsamlegt sóknardagakerfið fyrir smábátana og koma því á sem allra fyrst. Ef sjútvrh. meinar að hægt sé að koma því á og minni hlutinn getur fallist á að því verði komið á í upphafi næsta árs þá held ég að menn ættu að bera gæfu til að sameinast um þann málflutning, gera hann að sínum í Alþingi og fylgja honum eftir.

[21:10]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Sem áheyrnarfulltrúi í sjútvn. hef ég fylgst með umræðunni þar og tek fram að ég er sammála áliti minni hluta sjútvn. sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir gerði grein fyrir og fram kemur á þskj. 60. Við kvennalistakonur munum því styðja brtt. minni hlutans sem eru í fyrsta lagi að við viljum að róðrardagakerfi verði eina stjórnkerfi krókabáta frá og með næsta fiskveiðiári, fyrirkomulag sem ýmis rök mæla með, m.a. óskir viðkomandi krókaveiðimanna og ýmis öryggissjónarmið eins og hér hafa komið fram.

Í öðru lagi er gerð athugasemd við ákvæði til bráðabirgða II í frv. sem er um það að Byggðastofnun eigi að ráðstafa 500 lestum af þorski til krókabáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem eru algerlega háð slíkum bátum og standa höllum fæti. Í brtt. minni hlutans er lagt til að þessi úthlutun verði gerð með reglugerð frá sjútvrn. strax á næsta fiskveiðiári en ekki aðeins frá árinu 1999, eins og frv. gerir ráð fyrir. Það á alls ekki að líðast að úthlutun fjármuna af þessu tagi sé í höndum Byggðastofnunar heldur á slíkt að vera hjá framkvæmdarvaldinu.

Það hefur vissulega verið athyglisverð reynsla fyrir mig sem nýjan þingmann að fylgjast með umræðunum í sjútvn. og þeim gífurlega hita sem er í þeim hagsmunaaðilum sem hlut eiga að máli enda mjög miklir hagsmunir í húfi og oft um lífsbrauð fólks að tefla. Það er ekki síst mikill hiti í krókaveiðikörlunum sjálfum sem verulega finnst að sér þrengt með þessu frv.

Í þessum hópi hagsmunaaðila saknaði ég hagsmuna almennings og þar á ég ekki síst við þá sem eiga auðlindina sem bitist er um. Það reyndist varla tími til að hafa samráð við fulltrúa almennings í eigin samtökum vegna hraðans sem var á afgreiðslu málsins, hvað þá að geta rætt við fleiri aðila út um borg og bæ.

Eins og ég sagði við 1. umr. þessa máls saknaði ég allrar grundvallarumræðu um stjórnun fiskveiða í nefndinni. Í stað hennar mætti ætla að stjórnarliðar setji á svið moldrok um útfærsluatriði en láti meginatriðin og allt það sem máli skiptir ósnert. Svo að ég beri þetta saman við svið sem ég þekki mun betur, menntamálin, þá er umræðan eins og þegar skólamenn fara í hár saman út af því hvort sé betra bekkjarkerfi eða áfangakerfi þó að meginmeinið sé það að niðurskurður til skólamála hefur verið með ólíkindum undanfarin ár þannig að menntun margra kynslóða hefur verið stefnt í voða.

Með þessari samlíkingu er ég alls ekki að gera lítið úr mikilvægi þessa máls heldur er ég að benda á að við erum með aðferðir við stjórnun fiskveiða sem ekki ríkir sátt um og þá virðist vera mikilvægt að geta hleypt reiðinni úr fólki með átökum um eitthvað þó að meginvandinn sé ósnertur. Það er því von mín að þau vinnubrögð að hraða málum án almennilegrar umræðu út úr nefndinni verði ekki dæmigerð fyrir starf hv. sjútvn. á kjörtímabilinu sem fram undan er og að þessi mikilvægu lög komi sem fyrst aftur til grundvallarumræðu um aðalatriði fiskveiðistjórnarinnar.

Það er löngu tímabært að taka á þeim meginókostum aflamarkskerfisins, sem eru að mínu mati brottkast fisks og kvótabraskið, og tryggja að 1. gr. laganna um stjórnun fiskveiða verði virk, að fiskimiðin séu nýtt í þágu allra þeirra sem eiga auðlindina, nefnilega í þágu allrar þjóðarinnar. Það er ekki gert nú að mínu mati og því verður að breyta ef ætlunin er að láta þá grein standa óbreytta í lögunum. Ég tala ekki um ef raunverulegur vilji er fyrir því hjá stjórnarflokkunum að lögfesta þá grein í stjórnarskrá.

Það er réttilega hlustað á hagsmunaaðila í sjávarútvegi en það er einnig mikilvægt að hlusta á þjóðarsálina í heild sem á auðlindina. Sjómenn eru enn þá í verkfalli vegna þess að það ríkir ekki sátt um þetta kerfi og það ríkir ekki sátt um aðalatriði eins og hlutaskiptakerfi sjómanna. Það á rætur sínar að rekja til kvótabrasksins eins og allir vita. Á þessu verður að taka og það sem allra fyrst og helst á þann hátt að sæmilegur friður ríki, a.m.k. vinnufriður fyrir sjómennina sjálfa því að án þeirra er auðlindin einskis virði.

[21:17]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Mig langar í upphafi að víkja að þeim orðum sem fallið hafa frá nokkrum hv. þingmönnum um aukna fiskigengd á yfirstandandi veiðiári. Ég vil vara mjög við kæruleysislegu tali um aukna fiskigengd. Hér hafa komið fram ýmsar skýringar á því, m.a. frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, þar sem hann gefur þá skýringu að aukna fiskigengd þorsks megi rekja til minnkandi togveiða. Við höfum líka heyrt þær skýringar frá öðrum að aukna fiskigengd þorsks á landgrunn megi rekja til kalds sjávar fyrir Norður- og Austurlandi. Við höfum líka heyrt þá skýringu að í reiknilíkönum fiskifræðinga við spár um stærð fiskstofna sé gert ráð fyrir ákveðnu hlutfalli af náttúrulegum dauðdaga þorsksins. Sé þetta hlutfall of hátt og fært niður þó ekki sé nema um örfá prósentustig þá geti þorskurinn í sjónum verið nokkur hundruð þúsundum tonnum meiri en gert er ráð fyrir í dag.

Ég nefni þetta til að undirstrika það að óvissan um stærð fiskstofna er mikil. Það væri óskandi að menn hefðu rétt fyrir sér þegar þeir tala um að fiskurinn í sjónum sé mun meiri nú en áður. En ég held að með tilliti til framtíðarhagsmuna þjóðarinnar verðum við að láta þorskinn njóta vafans því að ofveiði verður aldrei tekin aftur.

Þá langar mig aðeins til þess að víkja að orðum hv. þm. Gísla Einarssonar þar sem hann lagði til, að vísu óformlega, að frv. um breytingar á lögum um fiskveiðistjórnun yrði frestað til haustsins. Ég er dálítið undrandi á þeim hugmyndum vegna þess að vandinn er mikill og standi lögin óbreytt þá vegna blessunarlega mikillar veiði á síðustu árum og yfirstandandi ári blasir í rauninni gjaldþrot við öllum krókabátum verði ekkert að gert og það er það sem menn reyna að gera núna, að ná lendingu.

Ég tek undir vonbrigði hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að ekki skuli hafa náðst samstaða um þetta viðkvæma en mikilvæga mál og tek jafnframt

undir með hv. þm. um að líklega megi kenna um tímaskorti.

Hér hafa komið fram skiptar skoðanir og kemur í sjálfum sér engum á óvart. Mikið hefur verið rætt um það hvað hver sagði við hvern og hverju var lofað fyrir kosningar. Ég tel þá hv. þm. sem hafa gert það að aðalatriði vera á villigötum. Það er ekki meginatriði málsins í dag. Meginatriði málsins er að ná samstöðu þannig að hagur sem flestra verði tryggður. En það þýðir ekki og er ábyrgðarleysi að ganga margar vikur aftur í tímann og velta sér upp úr því hvað hver einstakur maður sagði. Við vitum það að þegar stjórn hefur verið mynduð, þegar menn hafa skipað sér í fylkingar, þá koma menn úr ólíkum áttum og hver reynir að berjast fyrir sínum sjónarmiðum og menn ná einhvers staðar saman. Um það snýst málið núna.

Málið snýst e.t.v. fyrst og fremst um það hvaða afstöðu þeir taka til krókabáta og þeirra atriða frv. sem þar koma fram. Ég skal fúslega lýsa því yfir að um sumt er ég ánægður með frv. en um aðra þætti lýsi ég mikilli óánægju með. Það er einkum það sem snýr að krókabátum.

Í umræðunni hefur komið fram að menn óttast að þeir um það bil 1.000 krókabátar sem til eru hér í landi kunni að koma af fullum sóknarþunga inn á miðin og þar liggi ákveðin hætta. Og til þess að verjast þeirri hættu eru margir leiðir og það er þar sem hnífur stendur í kúnni.

Menn hafa m.a. rætt um það, bæði í sjútvn. og hér í þingsölum, að skoða sérstaklega þá sem hafa beina atvinnu af krókaveiðum. Það hefur gengið heldur illa að finna hverjir eru hinir eiginlegu atvinnumenn. Sumir giska á að um það bil þriðjungur og ríflega það af hinum 1.000 bátum séu bátar sem stunda þetta sem fasta atvinnu eða eru í eigu slíkra manna.

Ég reyni að horfa á þann hluta frv. jákvæðum augum þegar ég segi að í því ágæta plaggi sem Guðjón A. Kristjánsson hélt hér á lofti, þ.e. útfærsla Sambands smábátaeigenda á frv. eins og það lítur út núna, tel ég að sé komið nokkuð til móts við þá sem eru atvinnumenn og hafa það að aðalatvinnu að vera krókamenn, að vera krókakarlar og eru stoltir af og eiga að vera. Samkvæmt þessari útfærslu verður erfitt fyrir þá sem hafa aðra atvinnu en stunda krókaveiðar að sumri til að sækja af jafnmiklum krafti inn í þennan takmarkaða krókakvóta sem um er að ræða, þessi 21.500 tonn. Þetta segi ég til þess að reyna að velta upp jákvæðri hlið á þessu viðkvæma máli.

Þetta snýst líka um það að skapa öryggi og vissulega munu sumir krókakarlar velja aflamarkið og telja sig hafa fengið meira rekstrarlegt öryggi en þeir hafa í dag, en um það verða ekki allir sáttir. Ætla má að þeir sem velja aflamarkið séu svo lánsamir að hafa verið í hópi hinna aflahæstu. En ég lýsi ótta um þá þróun sem kann að verða í framhaldinu ef — og ég undirstrika — ef margir velja aflamarkið sem þó er ekki víst. Ég tel þó vera til bóta það ákvæði þar sem tekið er skýrt fram að aflaheimildir eru ekki framseljanlegar. En það segi ég og tek undir með hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni að mesta trú hef ég á róðrardögum og ég hygg að flestir hv. þingmenn séu þeirrar skoðunar einfaldlega vegna þess að í því felst mest öryggi.

Það hefur komið fram hjá hæstv. sjútvrh. að hann muni hraða útfærslu á eftirlitskerfi sem er í rauninni ágreiningsatriðið um það hvort róðrardögum verði komið á strax eða ekki. Ég vil brýna hæstv. sjútvrh. til þess að flýta þessu og lýsi því yfir að að sjálfsögðu treysti ég hæstv. sjútvrh. til þess.

Ég vil að auki lýsa yfir áhyggjum mínum. Fari margir krókabátar yfir á aflamark mun það auka smáfiskadráp. Þá munu þeir bátar frá og með þeim degi að þeir hefja sókn á aflamarki hætta að veiða smáfisk. Við vitum að smáfiski er hent í dag hjá þeim bátum sem eru á aflamarki og er ekki á bætandi.

Ég lýsi líka óánægju minni með það ákvæði 1. gr. frv. þess efnis að þegar bátur er endurnýjaður skuli hann vera helmingi minni en sá sem fargað er. Ég hef talið eðlilegt að setja gólf eins og fram hefur komið fyrr í kvöld hjá nokkrum hv. þm., gólf miðað við t.d. þrjár smálestir eða svo. Að öðrum kosti kunni menn að sitja uppi með litlar skektur sem lítið duga til róðra. En ég vil líka lýsa yfir ánægju minni með fyrsta bráðabirgðaákvæðið um útdeilingu 5.000 lesta til aflamarksbáta, þeirra sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu og með þeirri framsetningu sem fram kemur í frv. er einmitt komið til móts við þarfir minni báta. Þeir munu njóta best af enda hygg ég að almenn samstaða sé um þetta ákvæði.

Ég tel það líka vera veigamikið atriði að verja um það bil 500 smálestum til þess að verja þær byggðir sem háðar eru krókabátum eingöngu og ég tel það vera bitamun en ekki fjár hvort sú úthlutun fer fram á vegum sjútvrn. eða Byggðastofnunar. Meginatriðið, herra forseti, er það að menn greinir á um eftirlitskerfið til að koma á róðrardögum. Um leið og ég árétta að ég er ánægður um sumt með frv. en hef lýst óánægju minni með aðra þætti ítreka ég þá brýningu mína til hæstv. sjútvrh. að koma á eftirlitskerfi, flýta því með öllum mögulegum hætti þannig að sátt megi nást í þessu viðkvæma máli.

[21:28]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar og fannst fróðlegt að heyra hann lýsa afstöðu sinni til einstakra efnisþátta frv. En mér fannst vanta að hann skýrði hvernig hann ætlar að greiða atkvæði. Ég vil því spyrja hann í fyrsta lagi: Mun hann styðja tillögur meiri hluta sjútvn. eða mun hann greiða atkvæði gegn þeim? Í öðru lagi: Mun hann styðja 1. gr. frv. um yfirstuðla úreldingu eða mun hann greiða atkvæði gegn þeirri tillögu? Hann lýsti afstöðu sinni þannig að hann væri í raun á móti henni nema sett væri gólf í yfirstuðulinn sem ekki er í tillögunni og þar af leiðandi geti hann ekki greitt atkvæði með frumvarpsgreininni eins og hún er nema vera ósammála sjálfum sér.

Í þriðja lagi spyr ég þingmanninn hvort hann miði afstöðu sína til frv. varðandi hagsmuni krókabáta við að stjórnkerfið skili því að sá floti veiði minna eða sé

undir þeim hámörkum, sem honum er ætlað, eða hvort hann er í raun að tala um að krókaflotinn fái að veiða meira en þau 20 þúsund tonn sem honum er ætluð samkvæmt núgildandi lögum og þetta frv. byggir á.

[21:30]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir að hafa hlýtt með athygli á rök mín og ég hef lýst afstöðu minni til einstakra þátta. Þar hefur komið fram svo að ég nefni það aftur að um sumt er ég ánægður, um annað er ég ekki sáttur. Ég lít svo á að málið sé ekki á lokastigi núna og ég mun skoða hvað gerist milli umræðna. Ég mun hugsa þetta vandlega og ég verð að halda hv. þm. í þeirri eftirvæntingu að fylgjast með og treysti því að hann muni fylgjast með hvernig ég greiði atkvæði.

Ég lít hins vegar svo á að miðað við þær forsendur, sem eru gefnar við heildarafla, sé verið að ræða um heildarafla til krókabáta sem nemur 21.500 lestum.

[21:31]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum svörin sem voru að nokkru leyti skýrari en ræðan áðan. Hann vildi að vísu ekki upplýsa hvernig hann hyggst greiða atkvæði þegar atkvæði ganga um tillögur þær sem hér liggja fyrir og kemur þá í ljós þá hvort hann greiðir atkvæði samkvæmt lýsingu sinni eða því sem ég hélt að væri, þ.e. að frv. væri lagt fram með samþykki og stuðningi hans. Ég get ekki skilið ræðu hans og andsvar öðruvísi en svo að hann hafi fyrirvara við þetta stjfrv. og hafi skýrt samstarfsflokknum frá því að hann muni ekki styðja að óbreyttu ákveðin atriði frv. Það kemur mér á óvart, einkum og sér í lagi sé haft í huga hvernig aðdragandi málsins var, en hann var þannig að Framsfl. náði fram breytingum á frv. eins og það lá fyrir þá og féllst á að frv. yrði lagt fram sem stjfrv. Nú virðist hins vegar koma í ljós að einstakir þingmenn Framsfl. hafa fyrirvara við sum efnisatriði frv. og þau ekki veigalítil.

[21:33]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason lauk ræðu sinni á því að brýna hæstv. sjútvrh. til dáða, þ.e. hann bryndi hann til þess að vinda bráðan bug að því að taka upp það tæknivædda eftirlit sem hann telur að þurfi með róðrardagakerfinu.

Nú er það svo, herra forseti, að hv. þm. hefur um langt skeið haft atvinnu af því að kenna ungu fólki á Suðurnesjum að greina hismið frá kjarnanum. Hv. þm. á sæti með mér í sjútvn. og þar fengum við á fund okkar fjölda manna til að ræða við þá um eftirlitskerfið. Er það virkilega svo að hv. þm. hafi ekki við þá umfjöllun greint hismið frá kjarnanum eða á ég að trúa því að honum hafi ekki verið ljóst þegar þeirri umfjöllun var lokið að það er hægur leikur samkvæmt áliti manna sem komu að máli við nefndina að koma upp handvirku eftirliti í gegnum t.d. hafnarverði.

[21:34]

**Hjálmar Árnason** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vitnaði til umræðna úr sjútvn. og ræðu minnar fyrr í kvöld. Ég bryndi hæstv. sjútvrh. til dáða um eftirlitskerfi. Orðið „tæknilegt" var ekki notað.

[21:35]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki skilið orð hv. þm. Hjálmars Árnasonar öðruvísi en svo að honum sé fullljóst að hægt sé að taka upp eftirlitskerfið í gegnum hafnarverði. Ef svo er þá eru brostnar allar forsendur af hans hálfu fyrir því að greiða atkvæði með þeirri tillögu sem núna liggur frá meiri hlutanum, þar með töldum honum sjálfum. Ég vil áminna hv. þm. Hjálmar Árnason um það að hann hefur ákveðna sannfæringu í þessum málum sem hefur komið fram, og honum ber skylda til þess samkvæmt stjórnarskránni að fylgja henni en ekki þeirri línu sem kann að leka úr penna hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl.

[21:36]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Hæstv. forseti. Í þessum umræðum hafa komið fram frásagnir af gangi mála frá því að 1. umr. átti sér stað og af eðlilegum ástæðum hefur umræðan fyrst og fremst snúist um 2. gr. sem er til umfjöllunar. Við sjálfstæðismenn á Vestfjörðum höfðum uppi málflutning í vetur fyrir kosningarnar um margþættar breytingar á fiskveiðistjórnuninni en fengum bágt fyrir hjá mörgum eins og gengur. Eitt af því sem við vorum að berjast fyrir og töldum mjög brýnt var að hverfa frá banndagakerfinu og koma á róðrar- eða sjódagakerfi í staðinn sem væri til muna bærilegra fyrir alla sem að þessum veiðum stæðu.

Nú hafa mál þróast svo vel þessa dagana að ég tel liggja fyrir að nær allur þingheimur, a.m.k. þeir sem ég þekki og hef talað við, er orðinn mjög sammála um það að þetta sé leiðin sem eigi að fara. Þetta er mikið fagnaðarefni, herra forseti, vegna þess að lögin sem við búum við í dag eru rétt eins árs gömul. Ekki var ég hér þá, herra forseti, en einhverjir hljóta að hafa samþykkt lögin. Hér hlýtur að hafa verið fullt af mönnum. Ég er alveg viss um að þetta var stjfrv., örugglega stutt af þáv. stjórn og ég efast ekki um af þáv. ráðherrum. Þessi barátta hefur þegar skilað verulegum árangri og ég fagna því.

Í umræðum í sjútvn. var farið yfir þá möguleika að hverfa nú þegar frá banndagakerfinu og snúa sér að róðrarkerfinu og þá voru margir menn kallaðir til vitnisburðar. Eftir þá yfirheyrslu taldi ég ljóst að allar forsendur væru fyrir því að gera þetta nú þegar 1. september þegar nýtt fiskveiðiár byrjar. Ég tel líka að nefndin hafi verið ákaflega sammála í megindráttum. Að vísu voru menn kannski ekki alveg sammála og ýmsir hnökrar á því hvað menn vildu helst leggja áherslu á o.s.frv. en í megindráttum voru menn þessu sammála og vildu stuðla að þessu.

Á tímabili meðan nefndin starfaði gerði ég mér m.a. vonir um að hún gæti kannski skilað sameiginlegu áliti, sameiginlegum brtt. Svo var nú ekki eins og allir

þekkja. Nú liggur fyrir ágætt álit minni hlutans, mjög gott álit minni hlutans í flestum atriðum, svo og álit okkar sem skipum meiri hluta nefndarinnar.

Nú kemur að því, hv. 15. þm. Reykv., að ég tel rétt og skylt að skýra frá því hvers vegna ég skrifa undir þá brtt. Það er vegna þess að það kom mjög skýrt fram í afstöðu hæstv. sjútvrh., Þorsteins Pálssonar, að þrátt fyrir að flestir nefndarmenn hefðu fyrir því góð rök og mikla sannfæringu að hægt væri og ætti að hverfa að þessu róðrardagakerfi 1. sept. þá taldi hann sig ekki hafa fyrir því vissu og sannfæringu. Það var sjónarmið hans að það væri óbærilegt fyrir starfandi sjútvrh. að láta samþykkja í stjfrv. ákvæði sem hann sem ráðherra teldi sig ekki hafa fyrir sannfæringu og vissu að væri framkvæmanlegt. Það var af tillitsemi við hæstv. sjútvrh. sem ég ákvað að styðja álit meiri hlutans og sjónarmið hans. En ég geri það í fullvissu þess að þá þegar hann skoðar þessa hluti jafngrannt og við höfum gert í sjútvn. sjái hann jafnskýrt og ég tel mig sjálfan sjá að þetta eru mjög auðveldlega framkvæmanlegir hlutir og þarf ekki að óttast um það. Enda tel ég, herra forseti, mjög knýjandi fyrir viðkomandi ráðherra nú þegar haustar að koma þessari skipan á. Hið skelfilega banndagakerfi með þeim viðbótarbanndögum sem annars mundi öðlast gildi er óbærilegt bæði fyrir sjómenn sem ætla að stunda þessa róðra svo og fyrir þann sem á að stjórna og bera ábyrgð á þessum hlutum. Þess vegna er ég þess fullviss að ráðherrann stendur við það sem hann hefur sagt í pontunni að hann ætli af mikilli alvöru að beita öllum sínum mætti til þess að þetta nái fram. Svo þekki ég ekki hið óorðna frekar en aðrir hér inni.

Komi síðan í ljós að menn treysti sér ekki til að gera þetta þá er það skelfilegt fyrir okkur öll. Miðað við allar aðstæður og við það sem við erum að glíma við tel ég og það er mín vissa að við fengjum þetta ekki fram með öðrum hætti. Það er mjög brýnt fyrir okkur öll að fá þetta fram og það er aðalatriði málsins að við náum þessu fram efnislega. Svo geta menn deilt um það, hælt sér af því eða skammað aðra hverjum það sé meira að þakka eða minna.

Það sem kemur fram í frv. er merkilegt að því leyti að núna er verið að taka á vanda þessara báta sem við hefur blasað í tíu ár og allir hafa vitað og séð en um leið hefur löggjafinn og allir aðrir látið fram hjá sér fara. Það máttu allir vita fyrir meira en tíu árum að sóknarmark þessara skipa væri að aukast. Frá því að núgildandi lög voru samþykkt hafa á milli 40 og 50 mjög afkastamiklir slíkir bátar komið inn í kerfið þannig að allir máttu allan tímann vita að við vorum að stefna í óefni og einhverjir hljóta að bera ábyrgð á því. Nú ætla ég ekki að deila um það heldur tel réttara að benda á að betra er seint en aldrei, nú erum við að reyna að taka á þessu og það skiptir öllu máli. Það skiptir öllu máli að við getum séð í tiltölulega náinni framtíð að við höfum vald á málinu þannig að þeir menn sem hafa atvinnu sína og líf af þessari vinnu geti nokkurn veginn stundað hana þokkalega. En eins og þetta var áður þegar afkastagetan var sífellt að aukast stefndi ævinlega í meiri vandræði með hverju árinu.

Nú er það svo að miklar fréttir af afla á grunnslóð vekja hroll hjá sumum. Þetta eru hin skelfilegustu tíðindi. Aflinn er svo mikill að menn vita ekki hvað á næst að gera. Þetta er nú eitthvað annað en einhvern tímann áður á Íslandi þegar ekki hefðu aðrar fréttir þótt meira fagnaðarefni en mikill fiskur við grunnslóðina. Menn hafa rætt töluvert um fiskveiðistjórnun og hvernig við skulum standa að þessum málum og ekki óeðlilegt að menn hafi ólíkar skoðanir. Ég hef margsinnis lýst því yfir á undanförnum vikum, mánuðum og árum að ég hef fyrir því mikla sannfæringu að hvort veitt er einhverjum 10 eða 20 þús. tonnum meira eða minna við strendur landsins á þessa krókabáta getur ekki skipt nokkrum sköpum fyrir líffríkið hér í kring. Þrátt fyrir að menn þykist margir hverjir kaþólskari en páfinn og hafa uppi stór orð um að það sé mikið ábyrgðarleysi hvert tonn sem fram yfir einhverjar reglur fari efast ég nú um að öllum sé þetta svo heilagt, a.m.k. hafa menn látið þetta viðgangast. Nú erum við að fiska að ég ætla yfir 20 þús. tonn á krókabátana meira en löggjöfin gerir ráð fyrir og allir vita í hjarta sínu að varla stafar nein hætta af þessu. Ég held að það væri betra fyrir menn, betra fyrir þingheim allan, að huga að hinum alvarlegri hlutum sem eru að gerast og það er sóunin sem fer fram við strendur landsins. Það er þó skárra til þess að vita að einhver tonn, 10,15 eða 20 þús. tonn, komi að landi til að efla vinnu og bágan efnahag landsins en vita af öðrum eins fiski og jafnvel meira sem er kastað í sjóinn vegna rangra stjórnunarhátta. Það væri nær af hafa af því áhyggjur.

Hv. 15. þm. Reykv. hefur nú í kvöld svo og við fyrri umræðu málsins sýnt mér þau vinarhót að vilja hvetja mig til dáða. Haft uppi ljóð eftir góðskáldin og vakið aðdáun mína og annarra. Nú er það svo, herra forseti, því hann má heyra mál mitt, að aðalefni sem krókaveiðimenn eiga við að stríða í dag er það að í lögum um stjórn fiskveiða er gert ráð fyrir að veiðidagar þeirra séu ákveðnir miðað við 21.500 tonn af þorski. Sama hvernig við röðuðum þessum dögum, með núgildandi ákvæði mundi þetta alltaf verða þeim til mikilla vandræða á komandi fiskveiðiári því við eigum langt í land að draga svo úr flotanum að þeir geti miðað við þá fiskgengd sem er við landið lifað við þetta. Og nú er það spurningin: Treysta menn sér raunverulega til að koma á móts við þessa menn? Það liggur alveg fyrir að hver sá sem kemur með tillögur um það og segir opinberlega að ekki skipti meginmáli hvort þeir veiði 10 þús. tonnunum meira eða minna verður fordæmdur af mjög mörgum sem segja: ábyrgðarlausir menn. (**SJS:** Ég þori þó að segja ...Davíð sagði þetta.) Því spyr ég héðan úr pontunni hv. 15. þm. Reykv., þú sem óttast svo mjög um minn kjark, eða kjarkleysi eftir atvikum: Ef þér er mikil alvara með þinni miklu og löngu ræðu og hvatningum þá átt þú kost á því við 3. umr. málsins að standa við hlið vinar þíns, sem hér stendur, og flytja tillögu um það, ákvæði til bráðabirgða, að næstu tvö, þrjú eða fjögur árin eða hvað sem við kæmum okkur saman um væri dagafjöldi krókabáta miðaður við hærri tonnatölu en í lögum kveður. Við þurfum báðir til þess kjark en ef

ekki skortir kjark þinn, herra forseti, hjá hv. 15. þm. þá mun minn ekki bresta. Þingheimur tekur eftir því að ég er að reyna að læra og fara eftir settum reglum hér, legg mig fram og fæ ábyggilega eitthvað fyrir viðleitni. Nú veit ég að hv. 15. þm. Reykv. tekur þetta til athugunar og við eigum þá völina og kvölina saman.

En þessi mál öll eru hin minni mál. Ákveðið var að taka þau fyrir núna í þessum vorönnum. Hin meiri mál bíða og það er stjórn fiskveiða. Ég held að hið háa Alþingi geri fátt betra en að hugleiða á hverjum tíma hversu óskaplega brýnt þjóðinni er að varðveita þá miklu rentu sem sjávarútvegurinn getur gefið henni og mun gefa henni ef við höldum rétt á málum. Því er þetta ekki eins og kom fram í ræðu einhvers að menn séu að valda óstöðugleika með því að taka þau mál á dagskrá. Þau mál verða alltaf að vera á dagskrá og við verðum alltaf að vera reiðubúin til að gera betur og betur, bæði við fiskveiðistjórnunina svo og að hugleiða opnum huga hvernig við metum og förum með þá fiskveiðiráðgjöf sem við eigum kost á á hverjum tíma. Þetta eru stóru málin. Til þeirra mála skulum við hugsa og vera reiðubúnir til að koma vaskir með hausti. Takk fyrir.

[21:53]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fær 10 fyrir viðleitni og hann fær líka 10 fyrir hreinskilni vegna þess að það er afar sjaldgæft að menn tali eins opinskátt og hv. þm. gerði hér áðan. Hv. þm. lýsti því af einlægni hjarta síns að félagar hans í sjútvn. hefðu góða sannfæringu fyrir því að það væri hægt að taka upp eftirlit þegar í stað með róðrardagakerfinu. Hann lýsti því jafnframt að hann sjálfur hefði sannfæringu fyrir því að það væri hægt að gera það þegar í stað.

En hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur gott hjarta og stórt. Hann veit að í nærveru viðkvæmra sála bera að sýna aðgát. Svo vill til að í þessum þingsal er ein slík sál. Sem nú er að kæla sig með því að drekka vatn úr glasi. Og hv. þm. lýsir því yfir að af einskærri skilningssemi við hæstv. sjútvrh., svo ég noti orð hv. þm., sem telur þá tilhugsun óbærilega að slíkt kerfi yrði samþykkt núna, þá ætlar hann að greiða atkvæði með frv. hæstv. sjútvrh. en gegn þeirri tillögu sem honum þykir þó betri, tillögu minni hlutans í nefndinni.

Herra forseti. Hér er fallega mælt og ekki dreg ég í efa að góður og drenglyndur vilji liggur á bak við. En mig langar að spyrja hv. þm: Hvað með tillitið við fólkið sem hann lofaði allt öðru fyrir kosningarnar? Hvað með tillitið og trúnaðinn við sjálfan sig og sín eigin orð? Hv. þm. lýsti því í kjarnyrtu máli hversu slæmt banndagakerfið er. Ég er sammála því. Hann lýsti því af mikilli rökfimi hvaða óskaplegu afleiðingar það hefði fyrir smábátasjómenn í hans eigin kjördæmi. En hv. þm. ætlar af tillitssemi við hina viðkvæmu sál, sem enn er á meðal vor, að greiða atkvæði gegn hagsmunum sinna eigin umbjóðenda sem hann lofaði svo miklu af því, herra forseti, að hann vill sýna hæstv. sjútvrh. tillitssemi. Hvers konar tillit er þetta, hv. þm.? Er það ekki nóg fyrir hæstv. sjútvrh. allt það tillit og jafnvel augnatillit Kristjáns Ragnarssonar stöðugt í hnakkanum? Er það ekki nóg? Fær hann ekki nógan stuðning þar? Þarf hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, ekki bara að brjóta odd af sínu oflæti heldur brjóta sín eigin orð til þess að sýna hæstv. sjútvrh. tillitssemi? Það þætti mér svakalegt.

[21:56]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsti því áðan að í kosningabaráttunni hefðum við lagt áherslu á að berjast fyrir breyttri skipan róðra hjá smábátum. Taka upp róðrardaga í staðinn fyrir hið hörmulega banndagakerfi sem var endurnýjað hér fyrir rúmu ári fyrir tilstilli einhverra ónefndra manna. Ég lýsti því líka að það væri sannfæring mín að með því að flytja þessa tillögu í sæmilegri sátt við hæstv. sjútvrh. þá værum við í raun að vinna að þessu máli eins hratt og mögulegt væri. Ég sagðist líka vera um það sannfærður að okkur tækist að ná þessu núna í haust eða í síðasta lagi fyrir veturnætur eða um áramót. Ég geri það í fullkomnu trausti þess af því að ég þykist þekkja um hvaða atriði er að ræða og við höfum kynnt okkur það vel. Það er tillitssemi við þá umbjóðendur sem hagsmuna hafa að gæta. Það er líka af tillitssemi við þá umbjóðendur sem eiga allt sitt undir því hve margir dagar koma til skipta þeirra sem ég gerði það að skora á hv. 15. þm. Reykv. ef hann brysti ekki kjark að standa með mér við 3. umr. og rýmka hag þessa fólks.

[21:57]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Illt er að eggja óbilgjarnan. Ég er þó þrátt fyrir allt eini þingmaðurinn sem hefur fært að því rök að það er í lagi frá fiskifræðilegu sjónarmiði að slaka út þessu magni sem hann er að tala um. Það er alveg ljóst, herra forseti, að ef hv. þm. Einari Oddi verða á þau glöp að samþykkja þá tillögu sem hann hefur ekki sannfæringu fyrir þá mun ég að sjálfsögðu æskja hans sem meðflm. að því að hækka þetta mark um 10.000 tonn. Þá kemur hins vegar spurningin, herra forseti: Mun ekki hæstv. sjútvrh. þykja það óbærilegt? Verður þá ekki hv. þm. Einar Oddur enn einu sinni beygður í duftið til þess að sýna hæstv. sjútvrh. tillitssemi vegna þess að þetta gengur þvert gegn þeim hagsmunum sem umbjóðandi hans, hæstv. sjútvrh., hefur?

Ég fagna því, herra forseti, að hv. þm. hefur lýst því yfir að hann muni við 3. umr., að frv. sjútvrh. samþykktu við 2. umr., flytja með mér tillögu um að auka aflamarkið. Vill hann þá ekki líka, herra forseti, flytja með mér tillögu nú þegar við 2. umr. um að svipta burtu þeirri málsgrein núgildandi laga sem bannar hæstv. sjútvrh. að auka þorskaflahámark eftir 15. apríl?

Herra forseti. Skýr maður er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson en á einni skötu skriplar hann og það er þetta: Hann var ekki kosinn hingað af hæstv. sjútvrh. Hann var kosinn af Vestfirðingum og hann var meira að segja kosinn í krafti yfirlýsinga um að reyna að hnika til því viðbótarbanndagakerfi sem hann sjálfur hefur lýst sem óþolandi. Ég er honum sammála um það. Hvers vegna tekur hann þá ekki þátt í því núna og gerist örlítið djarftækur til hinnar viðkvæmu sálar

hæstv. sjútvrh. og flytur með okkur eða samþykkir þá tillögu sem stendur hjarta hans næst? Þá er hann að fara að því sem hann hefur sagt, þá er hann að fylgja sinni sannfæringu.

Herra forseti. Ég skora á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson að fylgja sinni eigin sannfæringu og enginn í þessum sal sem hefur hlýtt á hv. þm. gengur þess dulinn hver hún er. Sannfæring hans felst í því að taka upp róðrardagakerfi þegar í haust með handvirku eftirliti sem hann hefur fulla trú á. Það á hann að gera, þá er hann maður að meiri, góður Vestfirðingur.

[22:00]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill þannig til að í umræðum milli mín og hv. 15. þm. Reykv. um það hvernig hefði staðið á því að hann hefði verið einn af þeim sem samþykktu þessi hörmulegu lög um banndagakerfið þá tjáði hann mér á sínum tíma að það hefði verið af tillitssemi við sjútvrh. Ég er því ekki sá eini sem er með svona stórt hjarta. Hann stóð að þessu en sagði mér líka að hann hefði barist hetjubaráttu svo lengi sem stætt var. Veit ég að þetta er allt satt og rétt. Hitt þykir mér verra ef hann er að hvika frá því sem ég skoraði á hann að við skyldum koma við 3. umr. ...(**ÖS:** Ég hvika ekkert frá því, ég lýsti því yfir að ég mundi taka ...) Nú jæja, þá lítur þetta vel út fyrir krókaleyfismenn því við munum sjá þá á þinginu hvort við eigum einhverja stuðningsmenn eða hvort meiri hlutinn mun fordæma okkur. Það verður þá að reyna á það.

Hitt er annað mál að ég er alveg tilbúinn til þess að styðja það að taka þetta ákvæði út sem hamlar því að sjútvrh. geti á hverjum tíma gripið til viðkomandi aðgerða ef ráðgjöfin er slík. Það held ég að hafi verið mistök en enginn hefur rætt það þessu sinni og einhvern tímann getum við komið að því. Ég er alveg sammála honum.

Ég hef verið að berjast fyrir því að fá annað róðrarkerfi fyrir smábátamenn en samþykkt var hér fyrir ári. Ég sé núna mikla möguleika á að það verði að veruleika innan tíðar.

[22:02]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Umræða um stjórn fiskveiða er tímafrek eins og gefur að skilja þar sem um mesta hagsmunamál þjóðarinnar er að ræða og skiljanlegt að menn hafi skiptar skoðanir. Þær umræður sem hér hafa farið fram eru að mörgu leyti keimlíkar þeim sem fóru fram við 1. umr. frv. Ég hygg að allir þeir sem mæltu hér þá hafi kannski ekki séð allt það rætast í þessu frv. sem þeir óskuðu eftir. Ég er einn af þeim sem lögðu mjög mikla áherslu á það við 1. umr. frv. að lending hv. sjútvn. yrði sú að róðrardagakerfi væri sá kostur sem menn fyndu út að væri fær. Því miður hefur í meðförum nefndarinnar ekki náðst fram sú sannfæring sem menn töldu að væri til fyrir því að menn gætu farið þá leið. Ég verð að lýsa því yfir að ég harma það að það skyldi ekki hafa tekist og lýsi því yfir að að mínu viti sé mjög erfitt og, svo ég segi ekki hættulegt, að fara með stóran hluta af smábátunum inn í svokallað banndagakerfi.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Vestf., Guðjóni A. Kristjánssyni, þegar hann lýsti því yfir að miðað við það blað sem liggur hér fyrir um banndaga sé út af fyrir sig hægt að sjá að hægt væri að nota kerfið fram að áramótum eða jafnvel fram að mánaðamótunum janúar/febrúar. Eftir það má segja að kerfið sé svo þétt að verið sé að bjóða mönnum upp á það að róa jafnvel einn dag í viku. Það er t.d. verið að tala um það að í febrúar megi róa í vikunni 18.–24. bara á mánudeginum 19. Í mars er t.d. í fyrstu vikunni einungis leyft að veiða einn dag og það er mánudaginn 4. Ég hef aldrei getað skilið það hvernig Alþingi getur ákveðið það fyrir sjómenn hvenær þeir eiga að fara á sjó, hvort þeir eiga að fara á sjó á mánudegi eða þriðjudegi algjörlega óháð því hvernig veður er eða hvernig aðstæður eru að öðru leyti. Þess vegna held ég og tek undir með öllum þeim sem hafa gagnrýnt þetta banndagakerfi að það er nánast óverjandi, hefur verið það og verður enn frekar með þessum auknu banndögum sem núna eru. Ég held að þeir þingmenn sem samþykktu þetta á sínum tíma hafi kannski aldrei gert sér grein fyrir því hvernig þessi þróun gæti orðið. Þess vegna verð ég að taka undir með þeim mönnum sem hafa miklar áhyggjur af því ef þetta kerfi mundi ganga veturinn.

Ég lýsi því aftur á móti yfir að ég treysti sjútvrh. og hans orðum um að hann af fullum heilindum mundi vinna að því að róðrardagakerfi yrði komið á og það yrði ekki neinn dráttur af því af hans hálfu. Við sem höfum kannað þá leið erum búnir að sjá að það á ekki að þurfa að taka svo langan tíma að koma þessu kerfi fyrir ef menn setja í það mannafla og peninga. Ég er sannfærður um það að við eigum að geta gert þetta fyrir þann tíma sem ég hef lýst hér.

Hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, mærði mig og fleiri þingmenn áðan og las upp úr greinum sem skrifaðar voru í kosningabaráttunni. Hann er að biðja mig um að útskýra stefnu Framsfl. í sjávarútvegsmálum eða tillögur framsóknarmenna í Reykjanesi. Að sjálfsögðu getur þingmaður ekki ætlast til þess að ég sé að skýra út fyrir honum hverjar tillögur framsóknarmanna eru, þeir eru á þingi til þess að útskýra sínar eigin tillögur og þeir hljóta að standa undir þeim brýningum þar til sú skýring kemur sem hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, telur gilda. Þó svo að slegið hafi í brýnu með okkur framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum í kosningabaráttunni þá er ekki þar með sagt að við getum ekki samræmt okkar sjávarútvegsstefnur þegar kemur að því að vinna saman í ríkisstjórn. Ég ber fullt traust til framsóknarmanna í þessu samstarfi og vil bara minna á það að þrátt fyrir að menn hafi greint á í þessu máli í báðum þingflokkum þá verður það að sjálfsögðu endirinn að við náum þeirri lendingu sem allir — og ég tek fram allir, í þingflokkum beggja flokkanna eru sammála um að stýra þessu sjávarútvegskerfi þannig að krókabátum, trillukörlum og öllum þeim sem í kerfinu þurfa að vinna stafi sem minnst hætta af og náttúrlega að sem bestur árangur náist af þeirra störfum.

Ég ætla ekki að tala mjög mikið um þau atriði sem

eru annars staðar í frv., ég hef áður gert það í þeim umræðum sem hafa farið fram, en ég vil ítreka þá skoðun mína að þetta mál allt saman kemur inn á stutt vorþing en er gríðarlega viðamikið mál og skiptir afkomu þúsunda manna mjög miklu máli. Þess vegna hefði ég óskað þess að þetta mál hefði fengið meiri tíma og hefði kannski frekar átt heima í umræðu á haustþingi eða þegar menn hefðu meiri tíma til að skoða alla þá hugsanlegu möguleika sem eru í stöðunni þannig að við þyrftum ekki að standa uppi með einhvers konar bráðabirgðakerfi. Ég velti því fyrir mér á milli umræðna hvort hægt sé með einhverju móti að koma því inn í hvernig menn muni vinna að framtíðarlausn í sumar þannig að menn geti kynnt hana þegar haustþing byrjar þegar væntanlega verður aftur umræða um sjávarútvegsmál sem munu alltaf verða þau mál sem heitast brenna á landsmönnum. Þetta eru þau mál sem íslenskir alþingismenn ráða alfarið hvernig eru þróuð. Þetta er ekkert EES-mál sem kemur utan úr heimi, þetta er okkar mál. Þess vegna er svo afskaplega mikilvægt að að þessum málum sé þannig staðið að sátt sé um þau í þjóðfélaginu og allir þingmenn geti verið sannfærðir um að rétt sé að þeim staðið.

[22:11]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu er ekki efnismikið. Það eru litlar breytingar í því og einungis tekið á örfáum þáttum í fiskveiðistjórnunni. Það eru kannski tvö atriði sem eru eðlileg í þessu frv. miðað við núgildandi kerfi, þ.e. tvöföldun kvaða við endurnýjun er ekki óeðlilegt fyrirkomulag þegar menn ræða um sóknarmarkskerfi eins og er á þessum afmarkaða hluta flotans. Sömuleiðis að það eru tekin út fyrir sviga 5.000 tonn, aðallega til báta. Þetta er hugmynd sem við í Þjóðvaka lögðum til í kosningabaráttunni. Ég hefði kosið að þessu hefði verið betur komið til smærri báta en gert er ráð fyrir í tillögum meiri hlutans. En það sem er aðalefni þessa frv. eru róðrardagarnir. Það er almennt viðurkennt og það á enginn einkarétt á þeirri hugmynd, að það er mun betra að hafa róðrardaga eða sóknardaga en banndaga ef menn búa á annað borð við sóknarmark. Ég hef ekki heyrt ágreining um það efni hjá neinum af þingflokkunum. Eftirlitsþátturinn er mikilvægastur á þeim vettvangi og eins og við sjáum í minnihlutaáliti sjútvn. þá eru færð sterk rök fyrir því að þessu er hægt að koma á nú þegar.

Það er hægt að hugsa sér útfærsluna á því að hluti flotans færi strax á slíkt kerfi til reynslu eða ef tæknilegir möguleikar eru fyrir hendi að það gerist eins og lagt er til í tillögu minni hlutans. Meiri hlutinn vill hins vegar ekki í reynd taka á þessu máli heldur felur sjútvrh. allar heimildir til að meta þetta fyrirkomulag og koma því á þegar honum sýnist.

Eitt atriði enn í frv. er satt best að segja til skammar fyrir hæstv. ríkisstjórn, að leggja til að sérstök 500 tonn séu tekin út fyrir sviga og ætla að láta Byggðastofnun úthluta slíkum kvóta. Seljavallasjóður hefur þetta verið nefnt og er þetta fullkomlega óeðlileg meðferð á aflaheimildum. Í tillögum minni hlutans segir að þær aðstæður geti vitaskuld komið upp að það þurfi að úthluta við sérstakar aðstæður en þá sé eðlilegt að sjútvrh. standi að því.

Annar þáttur í þessu frv. sem ekki er tekið á og fjölmargir smábátamenn hafa vakið athygli á er að ef þeir eiga kost á því að velja aflahámark, af hverju eiga þeir ekki kost á því líka að bæta við sig aflahámarki, að það sé framseljanlegt innan hópsins? Jafnframt væri hægt að hugsa sér það að menn gætu bætt líka við róðrardögum. Það er ekki tekið neitt á slíkum hugmyndum og engir möguleikar opnaðir fyrir slíkt í frv.

Það sem er hins vegar sérstök ástæða til að vekja athygli á í umræðu um þetta mál eru þær áherslur sem ýmsir núv. stjórnarþingmenn lögðu fyrir kosningar. Hér hefur verið gert að umtalsefni m.a. framganga Framsfl. á Reykjanesi og ég hef hér allar þær greinar og hugmyndir sem þeir lögðu fram í kosningabaráttunni. Það voru fjögur atriði sem þeir lögðu aðaláherslu á. Það var í fyrsta lagi að ýta togurum utar og ekki nær heldur en sem nemur 200 m dýpi. Í öðru lagi að botnfiskkvóti togara yrði 15% af heildarafla. Í þriðja lagi að flottroll yrði takmarkað verulega og í fjórða lagi að framsal aflaheimilda yrði takmarkað verulega. Nokkrir aðrir þættir voru í þeirra hugmyndum en þeir lögðu sjálfir mesta áherslu á þetta.

Nú ætla ég ekkert að ræða í sjálfu sér þessar hugmyndir. Þeir eiga rétt á að hafa allar þær skoðanir á þessum málum sem þeim henta en ég vil vekja athygli á því að ekkert af þessum hugmyndum er í frv. sem hér er verið að afgreiða. Hér er einfaldlega eina ferðina enn staðfest sem almenningur í landinu segir oft: Kosningaloforð eru til að svíkja þau. Þetta sést mjög vel á núv. þingmönnum Framsfl. í Reykn. Því það voru fjölmargir sem kusu þá út á þessar hugmyndir og út á þeirra sannfæringu að þetta væri það sem þeir mundu berjast fyrir og þeir mundu standa og falla með þessum hugmyndum. Þannig töluðu þeir í kosningabaráttunni en þetta er nú allt gleymt.

Því má líka bæta við að það sem mér blöskraði sérstaklega hér var að heyra hv. þm. Hjálmar Árnason, sem er fulltrúi í sjútvn. og stendur að þeim tillögum sem hér eru til umræðu, gefa yfirlýsingar um að það sé matsatriði, hann ætli að hugsa sig um á milli 2. og 3. umr. hvort hann styður þetta mál. Ég minnist þess ekki, það verða þá að segja mér reyndari menn, hvort það sé hefð fyrir því að nefndarmenn standi að tillögugerð til Alþingis um afgreiðslu máls og lýsi því yfir að þeir standi ekki að þeim tillögum, alla vega sé það vafasamt. Auðvitað spyr ég: Hvað er að marka nefndarálit meiri hluta sjútvn. ef þannig er málum háttað?

Það er annar hópur þingmanna sem ekki hefur betri stöðu í þessu máli og það eru þingmenn Sjálfstfl. á Vestf. Þeir lögðu upp með mjög miklar tillögur í sjávarútvegsmálum, voru að hluta til kosnir út á það og gáfu mjög harðorðar yfirlýsingar fyrir kosningar og ég vil vitna, með leyfi hæstv. forseta, í ummæli sem hv. þm., Einar Kristinn Guðfinnsson hafði viku fyrir kosningar í Ríkisútvarpinu. Þar var hann spurður hvort hann styddi ríkisstjórn eftir kosningar sem ekki beitt sér fyr-

ir breytingum á kvótakerfinu. Þá svarar Einar Guðfinnsson orðrétt: „Nei, það get ég alls ekki gert vegna þess að ég er auðvitað þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að breyta þessari fiskveiðistjórnun sem við höfum búið við undanfarin ár."

Hér var skýrt talað, heiðarlega talað. Þarna voru menn sem mættu fyrir sína kjósendur, sögðu hvað þeir vildu og sögðu líka að þeir ætluðu að standa og falla með sínum sjónarmiðum.

Tillögum Vestfirðinga má skipta í fernt. Í fyrsta lagi lögðu þeir til að endurnýjunarstuðlar yrðu hækkaðir. Það er gert í núv. frv. gagnvart smábátunum. Það er ekki tekið tillit til annarra þátta sem þeir vöktu athygli á; vélarstærð, veiðarfæragerð og fleira. Í öðru lagi lögðu þeir til að stækka sóknarmarkið, að öll skip undir 10 tonnum færu á krókaleyfi og síðan í áföngum öll skip undir 100 tonnum. Í þriðja lagi lögðu þeir til að það yrði sóknarmark á rækju, loðnu og skel. Í fjórða lagi að allir mundu verða á sóknarmarki með svæðisstýringu og banndögum. Þetta voru tillögur Vestfirðinga. Það er ekkert af þessum tillögum í frv. sem við erum að afgreiða hér. Það er ekkert af þessum tillögum sem þeir lögðu fyrir þessar kosningar og má viðhafa sömu ummæli um þessa þingmenn og ég sagði um þingmenn Framsfl. á Reykn. Orðin fyrir kosningar eru býsna létt þegar menn eru komnir í ríkisstjórn. Ég er viss um að framganga þessara þingmanna gleymist ekki. Það er mjög óvanalegt hvað menn eru fljótir að gleyma sannfæringu sinni þegar þeir eru komnir í ríkisstjórn og þurfa að standa við bakið á sínum ráðherrum.

Í sjálfu sér finn ég til með þessum þingmönnum, hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, hv. þm. Hjálmari Árnasyni, hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni og ekki hvað síst hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Ég finn til með þessum þingmönnum að þurfa að standa í þessum sporum í dag, tala jafnvel gegn sinni sannfæringu. Að heyra úr ræðustól að afstaða eins þessara hv. þm. byggðist á tillitssemi við ráðherra en ekki af tillitssemi og þeirri skyldu að standa við eigin sannfæringu fannst mér dapurlegt.

Ég heyrði heldur ekki betur en hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson væri fúsastur til að styðja tillögu minni hlutans varðandi róðrardaga. Sömu sjónarmið komu líka fram hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Ég vil skora á þessa þingmenn að styðja tillögu minni hlutans um að taka nú þegar upp róðrardagakerfið. Satt best að segja er það það minnsta sem þeir gætu gert í þessari stöðu.

Hv. þm. verða að hafa það í huga því margir af þessum þingmönnum eiga eftir að vera áfram í pólitík og fara aftur í kosningabaráttu að orð verða að standa. Það er ekki hægt að tala eins og þessir fjórir þingmenn gerðu fyrir kosningar og standa síðan á engan hátt við orðin horfandi upp á það að ekkert af þeirra sjónarmiðum nær fram að ganga.

Það er augljóst að þeir sem unnu sigur í þessu máli voru hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson. Það eru þeirra grundvallarsjónarmið sem koma fram í þessu frv. og í allri málsmeðferð. Það er tekið hér á afmörkuðum þætti og gerðar lítifjörlegar breytingar og það var einmitt það sem þessir hæstv. ráðherrar vildu. Það er fjölmargt sem vantar inn í þetta frv. Það er ekkert tekið á fiskmörkuðum eða verðlagskerfinu en flotinn hefur verið bundinn núna í nokkurn tíma vegna þess að menn vilja ekki með opnum huga skoða m.a. þær tillögur sem þingflokkur Þjóðvaka hefur lagt áherslu á að allur afli fari á fiskmarkaði. Það er ekkert tekið á þessu í frv. og það er í reynd ekkert tekið á þessu í verkefnaskrá sjútvrn. sem er léttvæg yfirlýsing um stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er ekkert tekið á hugmyndinni um veiðileyfagjald, hvorki í frv., í athugasemdum við það né hægt að lesa nokkuð út úr verkefnaskrá eða stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að taka það mál. Það er ekkert fjallað um í þessu frv. brottkast á afla sem er alvarlegt mál í fiskveiðistjórnuninni og það þarf að taka á því máli. Hér ríkir algjör þögn.

Niðurstaðan í málinu við þessa umræðu um frv. er að hér er fjallað um sárafá atriði í fiskveiðistjórnun og hér sést best stefna ríkisstjórnarinnar. Og stefna stjórnarþingmannanna kemur fram í því nál. sem menn standa að. Ekki í einhverjum frómum óskum í ræðustól hvað þeir hefðu viljað sjá öðruvísi. Þeirra stefna liggur ljós fyrir í þeirri afgreiðslu sem þingnefndin hefur kosið að gera í þessu máli. En stefna ríkisstjórnarinnar sést vel í þessu máli. Það skal sem allra minnstu breytt, það er þeirra metnaður.

[22:25]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið nokkuð athyglisverð umræða sem hér hefur farið fram svo sem vænta mátti. Sérstaklega tel ég athyglisverðar ýmsar ræður sem stjórnarsinnar, stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar, hafa flutt hér. Ég á þar til að mynda við ræður eins og þær sem fluttar voru hér af hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Vestf. og hv. 10. þm. Reykn., Kristjáni Pálssyni, þar sem lýst var miklum og afdráttarlausum stuðningi við það að fiskveiðistjórnun gagnvart krókaleyfisbátum ætti að byggja á róðrardagakerfi.

Hv. 10. þm. Reykn. gekk svo langt að harma það að sjútvn. hefði ekki náð að lenda því máli með sameiginlegri niðurstöðu, leggja það til hér og lögfesta það. Ég vil segja við hv. 10. þm. Reykn. að það strandar ekki á sjútvn. í þeim efnum sem slíkri, sem stofnun, að vinna það verk ef vilji er til þess og meiri hluti er fyrir því hér. Við skulum ekki láta það slys henda að við afgreiðum eitthvað annað en það sem meiri hlutinn á Alþingi vill. Við skulum ekki gera það. Þannig að ef það er svo útbreiddur stuðningur meðal stjórnarþingmanna við það að hér verði tekið upp og lögfest róðrardagakerfi strax þá skulum við gera það því stjórnarandstaðan sameiginlega leggur það til. Það er ekki hægt að láta þessa umræðu ganga þannig til og henni ljúka þannig að allmargir stjórnarþingmenn komi upp og lýsi stuðningi við þetta mál, sumir gangi svo langt að harma að sjútvn. skuli ekki hafa náð saman um að leggja það til án þess að farið sé í að kanna hver er hinn raunverulegi vilji meiri hluta Alþingis. Og raunverulegur vilji meiri hluta Alþingis á ekki að stjórnast

af tillitssemi við einhvern einstakan hæstv. ráðherra þó ég sé ekkert að lasta það að menn sýni ráðherrum nærgætni að breyttu breytanda. Þeir eru auðvitað mannlegar verur eins og aðrir og eiga skilið sinn skammt af hlýju og nærgætni en æskilegt er að þeir hafi þann skráp að þeir þoli það sem starfinu fylgir. Auðvitað er það það sem þingræðið snýst um að vilji meiri hlutans nái fram að ganga og ef það er meirihlutastuðningur við það hér á þingi að taka upp róðrardagakerfi nú, lögfesta það og reikna með að á grundvelli þess verði sókn krókaveiðibáta stýrt frá og með haustinu, eða þess vegna frá og með áramótum, þá er það það sem á að gera.

Hæstv. forseti. Ég vil þess vegna í framhaldi af þessum ræðum og orðaskiptum hér láta það koma alveg skýrt fram að það er vilji til þess af okkar hálfu í stjórnarandstöðunni að vinna þetta mál áfram. Okkur er það væntanlega ekki fast í hendi að halda til streitu tillögu okkar við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. málsins. Ég mundi þá leggja það til að við byðum upp á það til að auðvelda frekari vinnu í málinu að draga þá tillögu til baka þannig að ekki komi til þess að hún verði felld í atkvæðagreiðslu ef fyrirkomulag af þessu tagi er raunverulega það sem menn vilja þannig að það þvælist þá ekki fyrir mönnum að búið að sé fella slíka tillögu áður. Það má þá kalla hana aftur eins og sagt er til 3. umr. Æskilegt væri að mörgu leyti að meiri hlutinn gerði þá slíkt hið sama með þann þátt sinna brtt. sem lýtur að sama atriði og menn gætu skoðað það betur yfir helgina hvort hér er raunverulegur meiri hluti og meirihlutavilji til þess að ganga í það að lögfesta breytingar af þessu tagi.

Það eina sem mér sýnist vera hugsanlega óútkljáð og eitthvert vandamál í þessu sambandi er spurningin um eftirlitsþáttinn. Auðvitað látum við ekki málið verða úti hér, lenda í einhverri útideilu út af því einu heldur göngum þá frá því þannig að það sé skilyrt gildistökuákvæði eða heimild til frestunar eða einhver annar slíkur frágangur sem fullnægir málinu.

Mér finnst þetta, hæstv. forseti, ekki ásættanleg niðurstaða út úr umræðunni eftir þann mikla stuðning sem kom fram við þetta í 1. umr. og þegar það svo gerist hér þrátt fyrir brtt. og nál. meiri hlutans að fjölmargir stjórnarþingmenn lýsa stuðningi við þetta sama fyrirkomulag að afgreiða þá málið við þær aðstæður, eins og nú horfir til, að brtt. minni hlutans um róðrardagakerfið verði þá væntanlega felld og málinu lokið á grundvelli tillögu meiri hlutans sem ekki virðist vera nein ánægja með og jafnvel minnihlutastuðningur standa á bak við. Það eru ekki vinnubrögð, ekki efnisleg niðurstaða af því tagi sem við getum látið menn horfa upp á eða horfa framan í. Vitandi svo af þeim afleiðingum sem menn hafa bent á og dregið upp af því banndagakerfið sem þá tekur við og verður hlutskipti manna að sækja eftir, enginn veit í raun og veru hve lengi, hve stóran hluta næsta fiskveiðiárs eða jafnvel allt næsta fiskveiðiár.

Hæstv. forseti. Ég vil því láta þetta koma hér fram. Við sem minni hlutann skipum höfum út af fyrir sig ekki rætt það en ég leyfi mér að trúa því að um það gæti orðið fullkomin samstaða af okkar hálfu að draga þessar brtt. okkar til baka og bjóða upp á það að nefndin starfaði áfram að málinu, t.d. yfir helgina. Ég vil ekki láta sjútvn. liggja óbætta hjá garði sem slíka, að það sé vegna þess að hún hafi ekki klárað þetta verkefni að málið sé ekki í þeim búningi sem menn geti afgreitt eins og ráða mátti til að mynda af ræðu hv. 10. þm. Reykn., Kristjáns Pálssonar. Það er misskilningur hjá þeim hv. þm. að málið strandi þar, þar sé flöskuhálsinn eða erfiðleikarnir liggi þar. Þeir liggja frekar í hinu, því miður, enn sem komið er, að þrátt fyrir fögur orð og mikinn vilja margra stjórnarþingmanna þá hafa menn einhvern veginn ekki náð utan um það að láta hann birtast í verki í stuðningi við og afgreiðslu á róðrardagakerfi ef það er vilji manna.

Kannski yrðu menn með einhverjum hætti að mætast í málamiðlun og að niðurstaðan yrði lögfesting valkosta en þar sem þó a.m.k. róðrardagakerfið, útfært og lögfest, væri annar helmingurinn en ekki það sambland sem hér er á ferðinni samkvæmt tillögum meiri hlutans.

Að öðru leyti, herra forseti, ætla ég ekki að blanda mér í sjálfu sér í þá að mörgu leyti ágætu umræðu sem hér hefur farið fram og orðaskipti stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna. Eðli málsins samkvæmt þá hafa orð og yfirlýsingar manna í kosningabaráttunni nokkuð verið dregin inn í umræðuna og allt í lagi með það. En ég kýs að halda mig við efnisþætti málsins sem hér liggja til afgreiðslu, tel að hv. 15. þm. Reykv. hafi gert hinum þættinum fullnægjandi skil í orðaskiptum sínum við hv. þm., ekki síst þingmenn Reyknesinga og Vestfirðinga og þar verði svo sem engu við bætt.

Að þessu leytinu til þá tel ég ástæðu til að málin lægju skýrar fyrir en þau gera enn þá og það geti ekki verið boðlegur grundvöllur afgreiðslu málsins að menn hafi fallið á tíma við að ljúka mikilvægu verkefni eins og því að fræða endanlega upp og setja í búning efnislega samstöðu sem liggi í loftinu um mál af þessu tagi. Það eru bara ekki boðleg vinnubrögð, það er ekki boðleg frammistaða af okkar hálfu sem löggjafa að ætla að ljúka málinu þannig og þvo hendur okkar með einhverjum slíkum hætti eða bera fyrir okkur tillitssemi við hæstv. ráðherra. Ég held að hæstv. ráðherra sé að sjálfsögðu ekkert að vanbúnaði að sæta niðurstöðu meirihlutavilja Alþingis frekar en annarra manna í landinu. Það er einu sinni svo að þegnum landsins er ætlað að búa við það sem er vilji meiri hluta löggjafans, ekki satt? Hverjum og einum og öllum í senn og þar með talið einnig hæstv. ráðherra. Þeim er ekki vandara um en til að mynda þolendunum, í þessu tilviki smábátasjómönnum, eða hvað? Það held ég ekki.

Herra forseti. Ég lýsi þessum sjónarmiðum og áskil okkur rétt til þess að haga okkar framgöngu í málinu með hliðsjón af þessu án þess að um það þurfi að taka ákvörðun hér og nú hvort við köllum okkar brtt. til baka. Ef þannig er í pottinn búið og það er að verða ljóst í þessari umræðu eða eftir hana að landið liggi öðruvísi en við ætluðum þegar niðurstaða virtist fengin í það að ekki gæti orðið samkomulag um afgreiðslu málsins frá sjútvn. og meiri hlutinn treysti sér ekki til

að víkja frá efni upphaflega frv. í frekari mæli en brtt. bera með sér, ef annað er uppi á teningnum, ef annað er mögulegt, ef hægt er að þræða hér upp, ganga frá og setja í búning efnislega samstöðu um þetta róðrardagakerfi sem virðist liggja í loftinu og hlýtur að verða niðurstaða manna af því að hafa fylgst með umræðunum þá ber auðvitað að gera það.

[22:36]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kann hv. 4. þm. Norðurl. e. bestu þakkir fyrir það boð sem hann gerir stjórnarsinnum í umræðunni en verð um það að segja að ég er þeirrar skoðunar að með þeim ákvæðum sem eru í frv. og í brtt. stjórnarsinna í sjútvn. séu krókaveiðimönnum boðnar fleiri valkostir en með tillögu minni hluta nefndarinnar sem hv. 4. þm. Norðurl. e. vék að í sinni ræðu. Ég er þeirrar skoðunar að þegar sóknardagar, eins og þeir eru orðaðir í brtt. okkar stjórnarsinna í nefndinni, verða komnir til framkvæmda sem við höfum heyrt í umræðunni er fyrirhyggja ráðherra að verði án nokkurs tafa þó ekki sé sýnt að það takist fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs og með tveimur kostum, sóknardögum og þorskaflahámarki þá bjóðist þeim fleiri en einn. Hins vegar gerir tillaga þeirra stjórnarandstæðinga í nefndinni ráð fyrir aðeins einum kosti.

Ég er þeirrar skoðunar að við náum því fram að krókaveiðimönnum bjóðist fleiri valkostir og ég býð stjórnarandstæðingum til þátttöku um þá leið.

[22:38]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vandinn er sá að málflutningur stjórnarliða er ekki mjög samstilltur, svo ákaflega kurteislega og vægt sé til orða tekið. Það verð ég að segja í framhaldi af þessari síðustu ræðu að það sem við höfum verið að hlusta á og það sem ég var að vekja athygli á áðan voru ræður ekki færri en þriggja eða fjögurra stjórnarþingmanna með stuttu millibili, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, Kristjáns Pálssonar, Guðjóns A. Kristjánssonar og jafnvel hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Ætli þurfi að nefna fleiri dæmi? Það var út frá þeim ræðum sem hér voru fluttar sem ég lét mín orð falla af því að ég tek mark á því sem menn eru að segja. Þegar menn ítreka jafnvel við 2. umr. máls það sem þeir sögðu við þá 1. að þeirra vilji standi til þess að taka upp tiltekið fyrirkomulag og ganga frá því og það sem fyrst þá sé ástæða til að taka mark á því.

Varðandi það sem hv. þm. sagði að tillaga meiri hlutans opni krókaveiðimönnum fleiri valkosti þá benti ég á þann möguleika að það mætti hugsanlega sameina það með því annars vegar að taka þessa aflahámarksleið með ef það er mönnum keppikefli að halda henni inni og koma einhverjum hluta af flotanum undir það, eða bjóða mönnum a.m.k. upp á að velja það, en hafa hinn valkostinn, það sem allir eru sammála um að þeir vilji. Það liggur alveg fyrir afstaða sjómanna sjálfra í því efni, þeir vilja róðrardagakerfi. Það liggur fyrir afstaða minni hlutans, við viljum róðrardagakerfi. Og það virðist liggja hér fyrir afstaða fjölmargra stjórnarþingmanna að þeir vilji róðrardagakerfið. Hvers vegna gera menn það þá ekki ef það er það sem menn meira og minna allir vilja? **(Gripið fram í:** Ráðherrann vill það ekki.) Nema kannski ráðherrann af því að honum finnst einhver tilhugsun óbærileg í þessu sambandi að mér skilst, að hafa ekki fullkomið gervihnattaeftirlit í hendi áður en frá því er gengið. Ég held að við eigum bara aðeins að útskýra það betur fyrir ráðherranum að það sé ekki svo skelfilegt og þá sé hægt að ganga frá málinu og menn þurfi ekki að hrökklast frá sannfæringu sinni af eintómri manngæskunni og tillitsseminni við það hvað hæstv. ráðherra er bærilegt og ekki bærilegt.

Þessi orð voru látin falla í fullri alvöru og ég ítreka það að ég tel að það eigi í ljósi umræðunnar, ef menn vilja taka eitthvað mark á því sem hér er sagt og hafa orð manna að einhverju, að skoða þetta mál betur og lýsi yfir vilja til að sjútvn. geri það milli 2. og 3. umr.

[22:41]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Nú er kominn sá tími árs sem segir um í Konungsskuggsjá: „Nú skemmist nótt en tognar dagur". Nóttin er ung, herra forseti, og ég tel að þegar menn ræða annað eins þjóðþrifamál og stjórn fiskveiða þá sé það minnsta sem við getum gert að leggja undir okkur nóttina fyrir þetta góða mál.

Herra forseti. Ég ætla þó ekki að halda langa ræðu en það er ýmislegt sem mér finnst nauðsynlegt að fram komi. Ég segi það til að mynda, herra forseti, að ég sakna þess að hér skuli ekki vera staddir sumir þeirra hv. þm. sem mest hafa haft sig í frammi varðandi sjávarútvegsmál í nýliðinni kosningabaráttu. Til að mynda er hv. þm. Einar K. Guðfinnsson ekki hér en hins vegar virði ég það að hann hefur réttmæta afsökun vegna þess að hann hvarf af þingi af persónulegum ástæðum. Ég verð hins vegar að segja það, herra forseti, og vil láta það koma hér fram að ég sakna þess að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sem fjöldi þingmanna í 1. umr. og við 2. umr. beindi orðum sínum til og vildi fá ákveðnar skýringar á afstöðu hv. þm., er ekki hér. Ég tel það vera afskaplega miður. Ég tel mikilvægt að hennar afstaða til þessara frv. komi fram í umræðunni og jafnframt þau rök sem sú afstaða byggir á vegna þess að enginn allra þeirra 63 hv. þm. sem hér hafa fastan dvalarstað á kristilegum tíma a.m.k. lofaði jafnmiklu gagnvart þeim hluta flotans sem hér er til umræðu og einmitt hún. En ég ætla þó ekki að fjölyrða um fjarveru, herra forseti.

Ég vil hins vegar segja það að ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem skyggnu mannviti stýrir störfum sjútvn. Hann var í sinni ræðu áðan að reyna aðeins að skýra niðurstöður umræðunnar og þær eru ekki mjög flóknar. Það liggur fyrir að nánast allir þeir sem hafa talað hér hafa lýst fylgi við róðrardagakerfið. Menn greinir hins vegar á um hvort það sé hægt að taka það upp af tæknilegum forsendum. Ég taldi eftir umræður í sjútvn. að það væri afskaplega hægur vandi. Ég hegg eftir því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er á sama máli. Hann hefur hins vegar sýnt þá gæsku hjartans sem fáir aðrir hv. þm. búa

yfir að hann er reiðubúinn að slá af sínum ýtrustu kröfum af stakri nærfærni við viðkvæmt sálarlíf hæstv. sjútvrh. Ég virði það. Ég þurfti líka stundum að gera það einmitt af nákvæmlega sömu ástæðum vegna þess að ég veit að það þarf að hafa aðgát í nærveru sálar og sérstaklega ef hún er viðkvæm. Ég ímynda mér að sálarfar hv. þm. Sjálfstfl. sé dálítið viðkvæmt um þessar mundir.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður sjútvn., leggur til að við reynum að leggjast á eitt um að skoða þessi mál milli 2. og 3. umr., býður það fyrir hönd minni hlutans að tillögur hans í málinu verði dregnar til baka. Mér finnst að það væri skynsamlegt og í þágu þess málstaðar sem við flest virðumst bera fyrir brjósti að það verði gert. Er það ekki svo, hv. þm., að það er gerlegt að ná samstöðu um þetta mál? Mér sýnist að ekki sé svo langt á milli manna. Það er eingöngu spurningin um eftirlitið og það hefur enginn sem hér hefur talað í kvöld mælt gegn því nema einn að það sé hægt að leysa þetta vandamál með handvirku eftirliti. Ef það er ekki heldur hægt að ganga frá því fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs þá segi ég fyrir mína parta að ég er reiðubúinn að ná einhverju samkomulagi ef það yrði gert fyrir lok ársins af þeirri einföldu ástæðu að það skiptir krókaveiðiflotann ekki svo mjög miklu eins og kom fram í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Hann dró einfaldlega hér upp plagg þar sem búið var að merkja inn á viðbótarbanndagana og það kemur í ljós að það eru sárafáir dagar sem menn fá að sækja á eftir að líður fram yfir 1. sept. Þannig að það eru fletir á þessu máli, það verð ég að segja.

Síðan, herra forseti, vil ég aðeins ræða það sem kemur fram í frv. og brtt. við það varðandi hinar tæknilegu forsendur fyrir því að taka upp þetta fjareftirlit. Ég vil segja það strax að ég virði skoðanir hæstv. sjútvrh. Ég túlka hans mál núna og á fyrra kjörtímabili þannig að hann vilji miklu frekar sjá þennan krókabátaflota hverfa. Ég veit að hann mun e.t.v. koma hér á eftir og mótmæla þessu en öll hans stefna virðist mér hníga að því og það á að selja framtíð róðrardagakerfisins í hendur honum. Hann er sá sem á að meta fjárhagslegar og tæknilegar forsendur. Muna hv. þm. sem eru í sjútvn. eftir því hvað a.m.k. tveir þeirra sérfræðinga sem til okkar komu, annars vegar til að skýra svokallað landstöðvakerfi og hins vegar þess sem voru sérfræðingar um Inmarsat-gervihnöttinn, bentu á? Þeir bentu á að í báðum kerfunum eru ákveðnir tæknilegir annmarkar. Þeir töluðu um að í djúpum fjörðum vörpuðu há fjöll ákveðnum skuggum sem kæmu í veg fyrir að þessi kerfi virkuðu í öllum tilvikum. Mönnum er í lófa lagið að túlka það svo um langa hríð að það séu einfaldlega ekki tæknilegar forsendur fyrir hendi fyrr en búið er að vinna bug á þessu og það gæti kostað mikla fjármuni og það gæti kostað miklu lengri tíma. Þannig að ég segi einfaldlega: Hvers vegna að vera að setja málið í þá hættu? Hvers vegna ekki að byrja það með þessu handvirka eftirliti?

Ég ítreka það, herra forseti, að það virðist vera samstaða og skilningur á því að það er hægt.

Hv. þm. Árni Ragnar Árnason talaði áðan eins og góðum frjálslyndum sjálfstæðismanni ber að tala. Hann var að tala um valkosti. Hann sagði að hann vildi frekar gefa krókakörlunum kost á að velja á milli. Nú er það svo að ef krókakarlarnir velja veiðar með þorskaflahámarki og viðbótarbanndögum þá er þeirra vali lokið. Þeir komast ekki til baka inn í róðrardagakerfið þegar og ef því verður komið á. Finnst honum ekki skynsamlegt í anda þess valkvæðis sem hann jafnan stendur fyrir og er mjög í stíl við þær frjálslyndu stjórnmálastefnur sem hv. þm. hefur jafnan fylgt að breyta frv. þannig að slíkir menn gætu átt þess kost að fara inn í róðrardagakerfið?

Ef menn líta á þá tillögu sem liggur fyrir af hendi meiri hluta og hæstv. sjútvrh. um róðrardagakerfið þá verð ég líka að segja að hún er stórkostlega löskuð ef maður lítur á hana frá þeim sjónarhóli sem a.m.k. sumir hv. þm. hafa viljað sjá hið „ídeala" róðrardagakerfi. Þar er gert ráð fyrir tímabilum. Einfaldlega þau og þau ein gera það að verkum að sá kostur og ávinningur af róðrardagakerfinu sem hv. þm. Einar Oddur t.d. hefur rætt talsvert um í þessum sal, þ.e. að það dragi úr slysahættu, er varpað fyrir björg með þessu vegna þess að valið er svo takmarkað.

Annað finnst mér líka merkilegt. Þessi tillaga sem liggur fyrir er næsta óljós. Ef ég mundi spyrja hæstv. sjútvrh. um það hvernig þessum róðrardögum á að vera fyrir komið, að ég tali nú ekki um hv. þm. Árna R. Árnason sem vill leyfa mönnum að velja, ef ég spyr hann á hverju val manna á að byggjast þá mun hann ekki geta svarað því af því að hann veit ekkert um það, ekki frekar en ég eða hæstv. sjútvrh. vegna þess að það liggur ekkert á borðinu um það. Það er einfaldlega hæstv. sjútvrh. sem á að setja reglugerð.

Ég held að það væri hægt að vísa í einhver álit frá umboðsmanni Alþingis um það að slíkar reglur beri miklu frekar að setja í lög. Þá er engum vafa undirorpið hvað það er sem menn ganga að.

Það er líka annað, herra forseti, sem ég vildi nefna hér. Sökum þess tímaskorts sem við bjuggum við í sjútvn. þá gafst ekki tóm til þess að skoða hvernig róðrardagakerfið kæmi almennilega út miðað við alla þá viðbótarbanndaga sem það á að taka mið af. Herra herra forseti. Eins og mér sýnist það koma út þá dreg ég í efa að það sé mikill akkur fyrir menn að vera á slíku róðrardagakerfi eða jafnvel á því viðbótarbanndagakerfi sem við búum við í dag. Ég er ekki viss um að ef menn ættu val þá mundu allir velja það. Ég dreg það í efa. Ég fullyrði hins vegar að um það hefur engin efnisleg umræða farið fram, a.m.k. ekki í sjútvn., og ég hef ekki orðið var við það að meiri hlutinn í nefndinni hafi einhverjar sérstakar skoðanir á þessu einfaldlega vegna þess að honum hefur ekki frekar en okkur gefist tóm til þess að skoða útfærsluna á þessu.

Ég veit að hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni gengur einungis gott eitt til þegar hann heldur hér innblásnar ræður um kosti róðrardagakerfisins. Í hvert skipti fellur maður kylliflatur fyrir þeim rökum sem hann hefur fram að færa. En hann hefur ekki skoðað raunveruleikann sem birtist í þeim tillögum sem hann er aðili að af mikilli nærfærni við hæstv. sjútvrh. eins

og fram hefur komið. Ég er því hræddur um að honum brygði talsvert í brún ef hann sæi útfærsluna. Ég er ekki viss um það að sú niðurstaða sem hann telur sig vera búinn að fá a.m.k. vilyrði fyrir í framtíðinni sé jafnhallkvæm þeim mönnum sem hann vill gera vel og hann telur sjálfur. Hv. þm. gat þess að vísu réttilega að hann brysti hæfileikann að sjá fyrir um óorðna hluti. Ég er seldur undir sömu sök en ég þykist samt sjá að það kerfi sem blasir við á pappírunum frá meiri hlutanum í dag boðar ekki smábátamönnum á krókaleyfum góða framtíð. Ef ég má bregða mér í gervi völvunnar og spá inn í framtíðina þá held ég að viðbrögð þeirra verði þannig, herra forseti, að það boði heldur ekki glæsta framtíð fyrir hinn ágæta hv. þm. Einar Odd Kristjánsson á Vestfjörðum.

[22:52]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og Össurar Skarphéðinssonar um þau orð sem ég lét falla um þær tillögur sem hér eru frammi, að við hefðum miklar efasemdir og værum jafnvel komnir á band þeirra minnihlutamanna varðandi úrlausnir þeirra og það helst ekki seinna en strax, vil ég bara segja að það sjávarútvegskerfi sem er til umræðu og hefur verið við lýði síðustu tvö árin er hannað af þeim sömu mönnum sem hér gagnrýna okkur fyrir það að hlaupa ekki frá því sem nú er til umræðu og yfir í alveg nýtt kerfi sem að mati sjútvrn. getur ekki tekið gildi fyrir næsta fiskveiðiár svo þeir treysti sér til að fylgja því eftir að lögum. Ég sagði áðan að þó svo að ég hefði efasemdir um það að hugmyndirnar gengju alveg nógu langt þá er ég samt sem áður fyllilega sannfærður um það að hæstv. sjútvrh. talar þar af þekkingu og samkvæmt ráðum sinna bestu manna um það að róðrardagakerfið geti ekki komist á fyrir 1. sept.

Ég treysti því líka og lýsti því yfir að ég mun styðja það frv. sem hefur verið lagt hér fram og mun að sjálfsögðu beita mér fyrir aðgerðum sem nauðsynlegar eru með sjútvrn. þannig að róðrardagakerfið komist á sem allra fyrst og þá náttúrlega með þeim aðferðum og þeim lausnum sem hæstv. sjútvrh. finnur í sambandi við sína reglugerð og útgáfu reglugerðar þegar þar að kemur. Ég vil ekki að menn fari neinar grafgötur með það að ég styð þær aðgerðir sem ríkisstjórnin og hæstv. sjútvrh. hefur lagt hér til.

[22:55]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta verður alltaf skrautlegra hjá okkur í kvöld. Hv. þm. Kristján Pálsson lýsir því yfir alveg blákalt að hann styðji það frv. sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt til. En hann hefur haldið fleiri ræður í kvöld og þá vill hann allt aðra hluti. Hann er sem sagt enn einn af hv. þm. Sjálfstfl. sem hefur allt aðra sannfæringu en þeir ætla að fylgja í atkvæðagreiðslu á morgun og það þykir mér miður. Það eru líka staðleysur hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að það hafi verið bestu menn hæstv. sjútvrh. sem segja honum það að sé af tæknilegum forsendum ekki hægt að setja upp þetta eftirlitskerfi, það er einfaldlega rangt. Hans bestu menn eru staddir hér í salnum í kvöld þó að þessi ræðumaður sé ekki hér í hópi þeirra. Hans bestu menn eru hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Kristján Pálsson og fleiri góðir slíkir. Allir hinna bestu manna hæstv. sjútvrh. hafa lýst því yfir að þeir telji gerlegt að koma þessu kerfi á, ef ekki fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs þá fyrir lok ársins. En það er af einhverjum allt öðrum orsökum sem hæstv. sjútvrh. kýs að fara ekki að þeirra innblásnu sannfæringu. Hann vill miklu fremur fá lagalega stoð til að að meta sjálfur hvenær róðrardagakerfið á að koma á, hvenær honum þykir það fjárhagslega kleift og tæknilega kleift. Af einhverjum ástæðum sem hæstv. sjútvrh. hefur forðast eins og köttur graut, sem er sjóðandi heitur, þá hefur hann ekki enn þá skýrt fyrir okkur hvers vegna er ekki hægt að taka upp þetta handvirka kerfi. Auðvitað er það svo að hæstv. sjútvrh. er búinn að berja niður sitt lið. Hann er búinn að beygja sannfæringu fjölda góðra manna í salnum og hann biður þess eins að þessari umræðu ljúki og hann geti farið heim að sofa og komið svo hingað á morgun og séð þessa menn greiða atkvæði með frv. sem þeir eru í hjarta sínu langt frá því sammála.

[22:57]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var tvennt í máli hv. 15. þm. Reykv. sem ég ætla aðeins að gera athugasemdir við. Í umræðunni um tæknilegu hlutina er það ekki rétt sem kom fram að það væru svo miklir annmarkar á þessu. Það er vegna þess að gagnvart „shadow-lightinu" höfum við verið að nota austurtunglið og það gefur skugga á Vestfjörðum en færum við yfir á vesturtunglið mun þetta allt saman verða mjög skýrt eins og menn ætla að það verði. Hæstv. ráðherra mun komast að því að það eru ekki tæknileg vandamál í sambandi við þetta. það eru aðeins spurningar um nokkra daga. Hinu vil ég vekja athygli hv. þm. á að þó ég hafi ekki kannað til hlítar hver áhrif banndaganna verða á róðrana býður mér samt í grun að sama hvernig umræðan og lögin verða sett verði allir kostir hörmulegir fyrir sjómenn í þessu kerfi nema til komi það sem við félagarnir, ég og hv. 15. þm. Reykv., höfum boðað að við ætlum að flytja hér brtt. við 3. umr. um að rýmka þetta í nokkur ár þannig að þetta verði bærilegt fyrir þessa sjómenn. Það er aðalatriði málsins að þetta verði rýmkað. Öðruvísi verður róðrardagakerfið eða banndagakerfið óbærilegt.

[22:59]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er ég ekki svo kunnugur þeim reikistjörnum og mánum sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gat um hérna og ég veit lítið um hvar austurtunglið eða vesturtunglið varpa sínum skuggum. Hitt veit ég að sú afstaða sem hann er að boða varpar löngum og varanlegum skugga á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson því að ég get ekki skilið annað en svo að þrátt fyrir allt sem hann er búinn að segja um sína eigin sannfæringu ætli hann samt að fylgja því frv. sem hæstv. ráðherra hefur lagt fram og það þótt hv. þm. sé nánast búinn að segja það berum orðum að hann sé á móti því. Látum það vera. Annað kom fram í máli hv. þm. og það er þetta: Hann er ekki fremur en ég búinn

að gera sér grein fyrir því hvernig róðrardagakerfið muni koma út en honum býður í grun að það komi betur út en viðbótarbanndagakerfið. Þetta felur það í sér, herra forseti, að hv. þm. er ekki viss. Hann er með öðrum orðum ekki viss hvort sú niðurstaða, sem hann er að leiða fram, sé hin farsælasta fyrir umbjóðendur hans. Öðruvísi gat ég ekki skilið mál hv. þm. Það þykir mér auðvitað slæmt og það eru ekki góð vinnubrögð. Ég er ekki að ásaka hann um það frekar en sjálfan mig en ég vek athygli á því, herra forseti, að ég gat þess fyrr í kvöld að sökum skorts á tíma tókst okkur ekki að fara svo glöggt yfir málið. Herra forseti. Gerir þetta ekki það að verkum að það er í rauninni nauðsynlegt að taka því góða boði sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon J. Sigfússon, formaður sjútvn., setti fram áðan að menn reyni í sameiningu að skoða þetta milli 2. og 3. umr. í því augnamiði að ná farsælli sátt sem við getum öll verið sátt við?

[23:01]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að það sé óvart sem hv. 15. þm. Reykv. misskilur mig. Það liggur alveg fyrir í mínum huga að róðrardagakerfið hefur óteljandi marga kosti umfram banndagakerfið. En ég sagði að miðað við þá banndaga eða róðrardaga, sem núgildandi lög gera ráð fyrir, býður mér í grun að hvort tveggja verði óbærilegt fyrir krókaleyfiskarla. Þess vegna er svo brýnt að við rýmkum heimildina í nokkur ár þangað til jafnvægi hefur náðst. Þó að við verðum fordæmdir af einhverjum og sagt að við séum ábyrgðarlausir þá vitum við að við erum það ekki.

[23:02]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram í annars ágætri ræðu hv. þm. er að það er ólíku saman að jafna því róðrardagakerfi sem menn hafa verið að tala um og almennur stuðningur hefur verið við sem og sú útfærsla sem kemur fram í brtt. minni hlutans annars vegar og þeim tillögum sem meiri hlutinn flytur brtt. um hins vegar. Á því þarf að gera skýran greinarmun. Það er sérstaklega af tveimur ástæðum. Það er vegna þess að annars vegar er um að ræða verulega ólíkan fjölda sóknardaga. Þó að af því verði að hægt verði að taka upp það kerfi, sem boðað er í tillögum meiri hlutans, og fyrirætlanir eru um að sögn af hálfu hæstv. sjútvrh. er þar á ferðinni kerfi sem gerir ráð fyrir að sóknardagarnir verði 40% færri en banndagarnir verða að óbreyttu á næsta fiskveiðiári á hverju tímabili. Hvað þýðir það? Það þýðir að miðað við að banndagar verði 234 á næsta fiskveiðiári, það skilur þá væntanlega eftir 131 sóknardag sem menn mega fara á sjó nema um hlaupár verði að ræða, nú man ég það ekki, gott ef ekki er, 132 þá og 0,6 sinnum það eru 78,6 dagar, þó við hækkum það upp í 79 daga. En þessum dögum verður skipt niður á fjögur tímabil og það þrengir mjög valkosti manna til að nota þá þannig að hér er um ósambærilega hluti að ræða. Það róðrardagakerfi, sem við erum að leggja hér til og sem almennur stuðningur hefur komið fram við, er með einhverjum tilteknum lágmarksfjölda daga og með miklu frjálsræði og helst fullkomnu frjálsræði til að velja róðrardagana innan ársins. Þetta tvennt er alveg nauðsynlegt að menn hafi í huga og geri skýran greinarmun á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 23:05.

---

## 17. FUNDUR

föstudaginn 9. júní,
kl. 12 á hádegi.

**Dagskrá:**

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 28. mál, þskj. 32, nál. 56 og 60, brtt. 57 og 61. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Áfengislög, stjfrv., 6. mál, þskj. 6, nál. 45, 58 og 59, brtt. 46. — 2. umr.
3. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 36. mál, þskj. 40. — 1. umr.
4. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 47, 50 og 63, brtt. 48. — 2. umr.
5. Gjald af áfengi, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 49, 51 og 64. — 2. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

**Útbýting þingskjala:**

Áfengislög, 6. mál, nál. 2. minni hluta allshn., þskj. 59.

Gjald af áfengi, 4. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 64.

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 3. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 63

## *Áfengislög, 2. umr.*

Stjfrv., 6. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 6, nál. 45, 58 og 59, brtt. 46.

[12:03]

**Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. meiri hluta allshn. á þskj. 45 og 46, um frv. til laga um breyting á áfengislögum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Ólaf W. Stefánsson og Högna S. Kristjánsson frá dómsmálaráðuneyti, Indriða H. Þorlákssson og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Snorra Olsen, ríkisskattstjóra og formann þeirrar nefndar sem samdi frumvarpið, og Jón Sigurðsson, Kristján Andrésson og Stefán Valdimarsson víneftirlitsmenn. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Verslunarráði Íslands, Kaupmannasamtökum Íslands, starfsmönnum ÁTVR, BSRB, Samtökum iðnaðarins, ÁTVR, ríkisskattstjóra, Kvenfélagasambandi Íslands og áfengisvarnaráði. Nefndin fékk einnig ítarlegar umsagnir frá meiri og minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar um málið og eru þær umsagnir birtar sem fylgiskjal með áliti þessu.

Með lagafrumvarpi þessu, ásamt þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi sem hv. efnahags- og viðskiptanefnd hefur haft til umfjöllunar um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, er lagt til að einkaréttur ríkisins á innflutningi og heildsölu áfengis verði afnuminn. Fyrir efnahags- og viðskiptanefnd liggur einnig frumvarp til laga um gjald af áfengi sem gerir ráð fyrir að tekjur ríkisins af áfengissölu verði framvegis í formi skatts af innflutningi og framleiðslu á áfengum drykkjum í stað þess að fá tekjurnar sem hagnað af starfsemi einkasöluaðila. Þá er í því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, gert ráð fyrir nokkrum breytingum á áfengislögunum sem ekki tengjast sérstaklega afnámi einkaréttarins. Má þar helst nefna breytingu á ákvæði um upptöku sérhæfðra eimingartækja, sem gerir ráð fyrir að hægt verði að gera slík tæki upptæk, jafnvel áður en þau hafa verið tekin til notkunar. Nauðsynlegt er að veita lögreglu aukinn rétt í þessu efni til að stemma stigu við síaukinni sölu á heimatilbúnu áfengi sem helst virðist beinast að unglingum í landinu.

Með hliðsjón af því sem fram kemur í umsögn meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar telur nefndin ástæðu til að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Í fyrsta lagi er lagt til að skilið verði á milli annars vegar þeirra sem flytja inn áfengi og hins vegar þeirra sem leyfi hafa til að endurselja áfengi í heildsölu. Jafnframt er skýrt tekið fram að innflytjendur hafi leyfi til að selja áfengi til heildsala. Þá munu framleiðendur áfengis einnig geta selt framleiðslu sína beint til heildsala. Í frv. eins og það var lagt fram var slík heimild ekki fyrir hendi. Allir þessir aðilar munu einnig hafa heimild til að selja áfengi úr landi.

Í öðru lagi kveða tillögurnar á um að bætt verði inn í áfengislögin ákvæði um að lögreglumenn skuli gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra sem hafa heimild til framleiðslu eða sölu áfengis og er ráðherra gert að kveða nánar á um það eftirlit í reglugerð. Með þessum hætti er reynt að tryggja að sambærilegt eftirlit verði haft með þeim nýju aðilum sem nú fá leyfi til að dreifa áfengi og hingað til hefur verið haft með veitingahúsum. Með þessu vill meiri hluti nefndarinnar einnig benda á að auknar fjárveitingar fáist til slíkra eftirlitsstarfa. Þá er skattstjórum gert skylt að láta lögreglustjórum í té skrá yfir aðila sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 2. gr. laga um gjald af áfengi. Slík skrá hefur að geyma upplýsingar um alla aðila sem flytja áfengi til landsins og er því mikilvægt fyrir lögreglu að hafa aðgang að henni vegna eftirlits hennar bæði með vínveitingahúsum, sbr. 12. gr. laganna, og hinum nýju aðilum sem nú fá heimild til að dreifa áfengi, sbr. hina nýju 2. mgr. 15. gr. Aðgangur lögreglu að þessum skrám skiptir því sköpum fyrir framkvæmd alls eftirlits.

Í þriðja lagi telur nefndin nauðsynlegt að setja inn í áfengislögin þau ákvæði reglugerðar sem gilt hafa um alllangt skeið um áfengisauglýsingar. Lögreglustjórar víðs vegar um landið hafa til þessa talið erfitt að hafa eftirlit með banni við áfengisauglýsingum. Þá hafa nýlega fallið bæði hæstaréttardómur og héraðsdómar sem túlka má svo að núgildandi reglugerð um áfengisauglýsingar þrengi um of framkvæmd þess áfengisauglýsingabanns sem kveðið er á um í 4. mgr. 16. gr. laganna. Meðal annars hefur verið gerð athugasemd um það í áðurnefndum dómum að lögin sjálf tilgreini ekki hvað sé áfengisauglýsing og á það bent að það skuli gert með lögum. Í þeim dómum hefur m.a. verið bent á nauðsyn þess að skilgreina í lögum hvað sé áfengisauglýsing. Meiri hluti nefndarinnar telur umrædda reglugerð þó ekki alveg nægilega skýra og leggur til að jafnframt því sem hún verði tekin inn í áfengislögin verði gerðar tvær breytingar á henni.

Fyrri breytingin lýtur að því að skýra betur hvað er auglýsing og er breytingin gerð til þess að tryggja að almenn umfjöllun um áfengi í fjölmiðlum sé heimil, enda sé hún ekki í markaðssetningarskyni. Síðari breytingin lýtur að breytingum sem gerðar eru á orðalagi um bann við notkun vörumerkis og/eða firmamerkis og er það hér fært til þess vegar sem það var upphaflega í reglugerðinni um bann við áfengisauglýsingum, nr. 62/1989. Breytingin sem gerð var á ákvæði þessu með reglugerð nr. 317/1991 hefur síst gert framkvæmd eftirlits með áfengisauglýsingum auðveldari. Því er talið rétt að færa orðalag til eldri vegar, enda er eldra ákvæðið þá skýrara og þar með auðveldara fyrir lögregluyfirvöld að framfylgja ákvæðinu.

Loks er lagt til að inn í 19. gr. laganna komi viðbótartilvísun til refsiákvæða þeirra. Í 1. mgr. 17. gr. laganna eru ákvæði um öfuga sönnunarbyrði gagnvart aðila sem finnst með áfengi sem er ekki merkt með innsigli ÁTVR. Þessi grein er felld niður í frv. í ljósi þess að ekki verður lengur skylt að merkja áfengi heldur er gert ráð fyrir því að ráðherra verði fengin reglugerðarheimild fyrir auðkenningu áfengis. Sömuleiðis eru ákvæði um öfuga sönnunarbyrði þungbær þeim

sem þau er lögð á og æskilegt er að hafa sem fæst slík ákvæði í lögunum. Þess í stað er kjarni 1. mgr. 17. gr. færður þannig að regluna verði nú að finna í 2. mgr. 19. gr., þ.e. að refsa skuli samkvæmt áfengislögum vörsluaðila ólögmæts áfengis. Af þessu leiðir að breyting sem gerð er á 8. gr. frv. verður ónauðsynleg.

Með þeim breytingartillögum sem hér hefur verið gerð grein fyrir er komið til móts við þau sjónarmið sem fram hafa komið bæði innan þings og utan. Í þessu sambandi er einnig rétt að vekja sérstaka athygli á þeirri brtt. sem fram kemur frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til breytinga á lögum um verslun með áfengi og tóbak, þar sem fjmrh. er gert að setja með reglugerð nánari reglur um veitingu leyfis til innflutnings og heildsölu með áfengi og til framleiðslu á áfengi. Þar skal m.a. kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, gildistíma leyfis, afturköllun þess, um auðkenni á áfengi sem látið er af hendi og um eftirlit með starfsemi leyfishafa.

Undir nefndarálitið rita eftirfarandi nefndarmenn nöfn sín: Sólveig Pétursdóttir, Hjálmar Jónsson, Árni R. Árnason, Magnús Stefánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson og Lúðvík Bergvinsson.

[12:12]

**Frsm. 1. minni hluta allshn. (Ögmundur Jónasson):**

Hæstv. forseti. Hv. formaður allshn. hefur gert grein fyrir áliti meiri hluta nefndarinnar á þeim lagabreytingum sem hér eru til umræðu. Það var gerð grein fyrir þessum breytingum í ítarlegu máli og ágætlega, mikið mál um mjög lítið innihald.

Það sem við erum að fjalla um í grófum dráttum eru breytingar sem verið er að gera á innflutningsverslun með áfengi. Ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa lýst áhyggjum vegna þessara breytinga og þeirra afleiðinga sem þetta kann að hafa í för með sér. Og viðbrögð hjá meiri hluta allshn. og reyndar hjá öðrum nefndum einnig sem hafa vélað um þessi mál eru í grófum dráttum þessi:

Það þarf að búa svo um hnúta að fjmrh. veiti sérstök leyfi til þeirra sem höndla með þessi mál. Gott og vel. En eins og fram kom í máli hv. þm. hér áðan þá á enn eftir að koma fram á hvaða grundvelli slík leyfi verða veitt. Reglugerðin verður smíðuð síðar. Þetta þýðir það í raun og sann að við vitum ekki hvað við erum að tala um. Við erum að fjalla um hugtak sem er stafað l-e-y-f-i, leyfi, en við vitum ekki á hvaða grundvelli þessu hugtaki verður beitt. Umbúðir án innihalds.

Í öðru lagi erum við að tala um aukið eftirlit. Hvernig skyldi því vera varið? Eins og fram kom skulu lögreglumenn gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra sem heimild hafa til framleiðslu eða sölu áfengis. Hvað þýðir þetta? Vakt allan sólarhringinn? Menn með uppbretta kraga og sólgleraugu fyrir utan veitingahús? Hvað er hér verið að tala um? Þetta þarf allt miklu nánari skýringa við.

En hitt er rétt sem fram kom í framsögu hv. formanns allshn. að okkur hafa borist erindi víðs vegar að úr þjóðfélaginu vegna þeirra breytinga sem hér eru til umræðu á áfengisverslun. Ég held að það séu fá mál sem hafa vakið eins mikla athygli og þetta eins víða. Ein slík ályktun var að berast okkur í hendur nú fyrir stundu. Það er ályktun frá Starfsmannafélagi ÁTVR sem samþykkt var á fundi félagsins í morgun. Mig langar til að lesa upp úr þessari ályktun, með leyfi forseta:

„Nú eru til umfjöllunar á Alþingi þrjú frumvörp er snerta rekstur ÁTVR. Þetta er í fjórða skiptið á örfáum árum sem fjmrh. reynir að einkavæða rekstur ÁTVR. Hingað til hafa alþingismenn ekki verið tilbúnir til þess að samþykkja slíkar breytingar en nú skal reynt til þrautar. Starfsmannafélag ÁTVR hefur tekið virkan þátt í umræðunni um þessi mál, mikið af upplýsingum liggur fyrir um mögulegar afleiðingar þess ef einkaaðilar fara að keppa á frjálsum markaði um áfengissölu með tilheyrandi markaðsstarfi. Starfsfólk ÁTVR hefur aldrei hafnað umræðum um breytingar á rekstri ÁTVR en lagt á það áherslu að umræður séu málefnalegar og byggðar á rökum.

Nú hefur verið fjallað um frumvörpin í þremur þingnefndum. Þessar nefndir hafa haft skamman tíma til umfjöllunar um frumvörpin og er augljóst að dagskipunin frá fjmrh. hefur verið að keyra málin eins hratt í gegnum nefndirnar og kostur var. Engin nefndanna var sammála um nefndarálit og skiluðu þær allar tveimur eða fleiri álitum. Fram á síðasta starfsdag í efh.- og viðskn. var verið að leggja fram umfangsmiklar brtt. sem lítill tími var til að ræða. Steininn tók þó úr þegar formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, lagði fram tillögu um að skipa þyrfti stjórn yfir ÁTVR.

ÁTVR hefur starfað í 73 ár í nánu samstarfi við fjmrn. Aldrei hefur borið skugga á það samstarf. Í allan þann tíma hefur fyrirtækið haft með höndum innheimtu á skattfé fyrir ríkissjóð. Fjmrh. hefur látið hafa það eftir sér á fundi með starfsfólki ÁTVR að hann álíti ÁTVR mjög vel rekið fyrirtæki. En nú þegar velta ÁTVR minnkar um 4–5 milljarða þá á allt í einu að skipa stjórn. Hvaða hvatir liggja hér að baki? Starfsfólk ÁTVR getur ekki gleymt því þegar fjmrh. skipaði nefnd til að gera tillögur um hvernig rekstri ÁTVR skyldi hagað í framtíðinni. Í þeirri nefnd sátu fulltrúar þeirra aðila sem mestan hag hafa af því að leggja ÁTVR niður. Starfsfólki ÁTVR finnst kvíðvænlegt að stjórn ÁTVR verði skipuð slíkum aðilum."

Sumir hafa haft á orði núna síðustu klukkustundirnar eða dagana að þessar tillögur að lagabreytingum taki svo örum breytingum að í raun séum við að fást við annað mál en var upphaflega lagt fyrir. Og að sönnu má færa rök að því að svo sé. Hitt finnst mér liggja í augum uppi að það er mjög skýrt samhengi á milli þeirra breytinga sem menn eru að leggja til núna og fyrri breytinga sem gerðar hafa verið á rekstri þessarar stofnunar. Þegar þessi mál komu til umræðu í sölum hv. Alþingis í vor þá rakti ég ýmsa nýlega áfanga í sögu ÁTVR þar sem ég færði rök fyrir því að hæstv. fjmrh. stefndi að því á markvissan hátt að einkavæða þessa starfsemi alla. Ég ætla ekki að endurtaka það en minna á að fyrsta skrefið sem stigið var var að leggja niður framleiðsludeildina eða selja hana, gefa hana

væri meira réttnefni því að eins og fram kom þá var söluverðið minna en nam þeim fjárhagslega ávinningi sem ÁTVR hafði af þessari starfsemi á einu ári. Þetta fékk enga umræðu að heitið getur áður en þetta var framkvæmt enda var þetta ekki framkvæmt í gegnum Alþingi, það var hæstv. fjmrh. sem hafði sjálfdæmi um þetta.

Annað skrefið, og það er að gerast núna, var að leggja niður iðnaðardeildina.

Þriðja skrefið er það skref sem er til umræðu núna þessa dagana, þ.e. að einkavæða innflutningsverslunina.

Fjórða skrefið er núna að koma upp á yfirborðið. Það er að skipa sérstaka stjórn yfir ÁTVR. Er það gert til að lýsa vantrausti á forstjóra ÁTVR eða starfsfólk? Þetta er spurning sem ýmsir velta fyrir er. Ég kann ekki svarið við þeirri spurningu en hitt veit ég að þetta eru ótrúleg vinnubrögð gagnvart starfsfólki og gagnvart þeim sem stýra málum hjá ÁTVR, að þeir skuli frétta það í fjölmiðlum að verið sé að gera grundvallarbreytingar á skipulagi stofnunarinnar. Það er ekki haft fyrir því að ræða við þessa starfsmenn beint. Þeir frétta það í gegnum fjölmiðla hvað stendur fyrir dyrum að gera. En þetta er spurningin sem ýmsir velta fyrir sér. Er verið að lýsa vantrausti á starfsmennina? Þetta er spurning sem starfsmenn velta fyrir sér.

Hitt finnst mér líklegra að það sé verið að undirbúa fimmta skrefið. Og hvað skyldi það vera? Það er tillaga um enn eina lagabreytingu: ÁTVR verði gert að hlutafélagi. Hvers vegna? Vegna þess að hæstv. fjmrh. finnist of bratt að þjóna hugsjónum sínum svo rækilega núna á þessu stigi að Áfengisverslunin öll verði einkavædd heldur þurfi að stíga þetta skref fyrst, gera stofnunina að hlutafélagi og selja hana þá væntanlega á þeim vildarkjörum sem framleiðsludeildin var seld á.

Ég vil vekja athygli á þessu vegna þess að það er mjög mikilvægt að þeir sem fjalla um þessi mál og eiga síðan að taka ákvörðun á endanum geri það opineygir, menn geri sér grein fyrir því hvert þeir eru að stefna og hvað þeir eru að gera.

Mér finnst hægt að líta á þessi mál almennt út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar finnst mér hægt að líta á áfengisverslun eins og hverja aðra verslun með hverja aðra vöru, einfaldlega verslun með drykkjarvörur. Þá mundum við hverfa frá því fyrirkomulagi sem við búum við núna að nota áfengi sem eins konar skattstofn til afla ríkinu tekna, afla samneyslunni tekna, og við mundum fara með vörudreifinguna inn í verslanir alveg eins og annan varning, eins og hverja aðra drykkjarvöru. Þetta hangir saman að því leyti að það er mjög erfitt að fylgja þessu tvennu í senn að einkavæða alla verslunina en halda skattheimtunni áfram. Þar eru svo mikil verðmæti á ferðinni að við getum ekki falið allri verslun í landinu að gerast óbeinir skattheimtumenn þannig að þetta yrði þá að lúta lögmálum almennra viðskipta og mér finnst þetta vera sjónarmið út af fyrir sig. Þetta er fyrirkomulag sem ýmsar þjóðir hafa, t.d. Danir. Ýmsar þjóðir í Evrópu hafa það fyrirkomulag að selja áfengi á skaplegum prís að því er mönnum finnst og hafa áfengi eins aðgengilegt og kostur er hjá kaupmanninum á horninu, í mjólkurbúðinni eða hvar sem er. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig.

Það er bara einn hængur á. Vandinn er sá að þetta eykur neysluna á áfengi mjög mikið og þá erum við komin að hinu sjónarmiðinu sem hefur verið ríkjandi hér á landi og verslun með áfengi hefur byggt á. Það er að við eigum að skipa þessum málum í ljósi áfengisstefnu, að við eigum að búa svo um hnútana að við tryggjum aðgengi að áfengi án þess að hleypa markaðsöflunum að, án þess að ræsa allar auglýsingamaskínurnar, án þess að hagnaðarvonin verði ráðandi, að markmiðið verði það að koma eins miklu brennivíni ofan í eins marga og kostur er á. Þetta eru þessi tvö sjónarmið. Og við eigum að velja á milli þess hvora stefnuna við viljum.

Ýmsir vilja núna hafna þessari síðari leið, Kaupmannasamtökin segja t.d. í sínu áliti að þau vilji ganga enn lengra en nú er og koma léttvínum og bjór inn í matvöruverslanir. Verslunarráðið er mjög ákaft að fá þetta í gegn, Verslunarráðið og starfsmenn þess hafa talað mjög eindregið fyrir því. Með öðrum orðum hafa þeir sem hafa hagsmuni af aukinni áfengissölu og þeir sem búa yfir þeirri hugsjón að brennivín, áfengi, skuli markaðsvætt eins og hver önnur vara viljað hverfa frá þessari stefnu sem við höfum búið við. Ég virði hugsjónamenn. Fólk sem er tilbúið að vaða eld og brennistein til að koma sinni sannfæringu til skila. En maður gerir að sjálfsögðu þá kröfu til hugsjónamanna sem annarra að þeir færi rök fyrir máli sínu og það sé einhver skynsemi sem búi að baki. Þær breytingar sem lagt er til að við gerum eru eiginlega hvorki fugl né fiskur. Það er verið að gera kerfið óhagkvæmara, erfiðara. Það er verið að opna á einhverja sýndarmennsku sem á síðan að reyna að lappa upp á með lögregluaðgerðum, breytingar sem sannanlega eru til þess að torvelda allt eftirlit.

Áður en ég kem að þeim þáttum langar mig að gera þriðja efnisþáttinn að umræðuefni og hann er Evrópska efnahagssvæðið. Ég held að þeir séu nokkrir sem eru reiðubúnir til að fylgja þessum málum vegna þess að þeir telja að við þurfum að gera það vegna EES. Þeir vita og þeim finnst í hjarta sínu þetta vera mjög heimskulegt. Þeir eru jafnvel mjög andvígir þessu og sumir sem mér er sagt að hafi lagt blessun sína yfir þetta í ríkisstjórn komu opinberlega fram, eins og hæstv. viðskrh. og fleiri ráðherrar, og lýstu mjög eindregnum skoðunum eins og hæstv. félmrh. á sínum tíma og sögðust vera mjög andvígir breytingum af þessu tagi. Ég hef grun um það að þessir aðilar telji að við þurfum að gera þetta vegna skuldbindinga okkar út af hinu Evrópska efnahagssvæði.

Við fyrri umræðu rakti ég hvernig utanrrn. hefði á sínum tíma í formlegu svari til BSRB lýst því afdráttarlaust yfir að engar breytingar þyrfti að gera á skipulagi ÁTVR til þess að við stæðum við skuldbindingar okkar gagnvart EES. Mig langar til að vitna í þáv. dómsmrh., Þorstein Pálsson, þegar hann í umræðum á Alþingi 30. apríl 1992 sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt upplýsingum sem dómsmrn. hefur frá fjmrn., þá lítur það ekki svo á að samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið feli í sér neinar kvaðir um það að breyta því einkasölufyrirkomulagi sem nú er við lýði. Samvæmt þeim upplýsingum bendir ekkert til þess að þessir samningar feli í sér neinar skuldbindingar af því tagi gagnvart íslenskum stjórnvöldum."

Svo mörg voru þau orð, mjög afdráttarlaus yfirlýsing. Og allar þær yfirlýsingar sem voru gefnar, hvort sem var á Alþingi eða annars staðar í þjóðfélaginu af hálfu stjórnvalda, voru á þennan veg. Þetta var yfirlýst markmið og þjóðinni var sagt að það markmið gengi eftir. Ef svo væri að það væru einhverjir hnökrar á þessu þyrftum við þá ekki að endurskoða viðkomandi ákvæði í samningnum. Reyndar er það mín trú að fyrirkomulagið eins og það er núna standist fyllilega EES en ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það eru margir sem telja það vera mikið álitamál.

Fyrir efasemdarmennina var við fyrri umræðu komið fram með minni háttar breytingu á lögum sem tæki af öll tvímæli gagnvart EES. Mér finnst það mjög undarlegt að þeir sem eru í hjarta sínu andvígir þessum breytingum skuli ekki vilja gangast fyrir því að sú leið verði farin. Það finnst mér mjög undarlegt ef það verður raunin þegar upp er staðið.

Eins og ég gat um áðan hafa fjölmargir aðilar ályktað um þessi mál og ég ætla ekki að þreyta þingheim á því að lesa þessar ályktanir upp. Mikið af þeim eru birtar með öðrum þinggögnum. En mig langar til að lesa upp úr ályktun sem samþykkt var á trúnaðarmannafundi SFR, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, 24. maí 1994 og er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Starfsmannfélag ríkisstofnana varar eindregið við samþykkt þeirra frumvarpa sem nú liggja fyrir Alþingi um breytingar á verslun með áfengi. Ljóst er að einkavæðing á innflutningsversluninni eins og fyrirhuguð er hefði alvarlegar afleiðingar í för með sér á mörgum sviðum. Þannig hefði breyttur viðskiptamáti með áfengi í för með sér aukna samkeppni um að koma áfengi á markað en ljóst er að slíkt er gert til að örva sölu og neyslu á áfengi. Það væri í hæsta máta óábyrgt að innleiða áfengisstefnu sem hefði slíkar afleiðingar.

Í annan stað er ljóst að erfiðara yrði að hafa yfirsýn yfir áfengisneyslu og allt eftirlit yrði miklu torveldara. Skattfé sem nú er í öruggri innheimtu væri sett í mikla óvissu en til glöggvunar má geta þess að sala á áfengi hefur numið 12–13 milljörðum kr. á ári undanfarin ár. Enda þótt nú sé einvörðungu gert ráð fyrir að einkavæða innflutningsverslunina er ljóst að skilin á milli innflutningsverslunar og smásöluverslunar verða óljósari en verið hefur eða hver mun fylgjast með því að umboðsmenn selji einvörðungu til veitingahúsa en ekki einnig almennra neytenda?

Þá er ljóst að heilbrigðiseftirliti mun hraka. Nú er það fyrirkomulag við lýði að ÁTVR ber ábyrgð á öllum vörum sem fyrirtækið selur og tryggir réttan uppruna þeirra. Þannig er hægt að hindra innflutning af heilbrigðisástæðum. Hætt er við að sú neytendavernd minnki þegar ÁTVR hefur ekki lengur hönd í bagga með innflutningnum og markaðsmál ráða ferðinni.

SFR vekur athygli á því að það er yfirlýst stefna fjmrh. að leggja niður Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ljóst er að þetta á að gilda í áföngum með því að selja frá fyrirtækinu starfsemi sem hefur verið á þess vegum. Þegar hefur framleiðsludeildin verið seld. Ljóst er að með þeim breytingum sem nú eru fyrirhugaðar mun ÁTVR veikjast mjög sem hagkvæm rekstrareining. ÁTVR er þannig gert að draga saman seglin og segja upp fólki.

Fyrirhuguð einkavæðing á innflutningsversluninni hefur þannig ókosti för með sér með tilliti til áfengisstefnu og heilbrigðiseftirlits í landinu, skattheimtu ríkissjóðs og rekstrargrundvallar stofnunarinnar."

Svo mörg eru þau orð. Þetta var úr ályktun frá SFR þar sem á mjög hnitmiðaðan hátt er komið að kjarna þessa máls.

Í minnihlutaáliti frá undirrituðum í allshn. er vakin athygli á því að við höfum fengið álit frá fjölmörgum aðilum í þjóðfélaginu auk þess sem við höfum haft til skoðunar álit frá heilbrigðisnefnd þingsins og að sjálfsögðu meirihlutaálit og minnihlutaálit og það er vakin athygli á því í þessu minnihlutaáliti frá allshn. að það sé ljóst að í þessum viðbrögðum séu tvö meginsjónarmið: Annars vegar að markaðsvæðing innflutningsverslunar með áfengi sé ekki skaðleg, jafnvel spor í framfararátt.

Ég man eftir því að við umræður lét hæstv. forsrh. þau orð falla að hér væri á ferðinni mál sem hann líkti við VISA-kortin á sínum tíma, eða ég man ekki hvort hann líkti þessu við Landssímann eða sjónvarpið, það væru einhver framfaramál sem við værum að véla um. En undir það sjónarmið að hér sé á ferðinni framfaramál, spor í framfaraátt, taka fulltrúar verslunar og viðskipta og vilja sumir reyndar ganga enn lengra og eins og ég rakti áðan, hafa Kaupmannasamtök Íslands ályktað um þetta efni og þau segja í sínu áliti að heimilað skuli að selja bjór og létt vín í almennum matvöruverslunum. Það er sjónarmið Kaupmannasamtakanna. Undir þetta sjónarmið taka aðrir sem sjá hag sínum betur borgið ef þessar breytingar ná í gegn, geta hagnast á þessari verslun.

Hitt sjónarmiðið gengur í þveröfuga átt og er stutt af þeim aðilum sem sinna áfengisvörnum og eftirliti með veitingahúsum. Þannig segir eftirfarandi í áliti frá Áfengisvarnaráði, með leyfi forseta:

„Áfengisvarnaráð hefur leitast við að afla upplýsinga um það hvort einhvers staðar í veröldinni finnist dæmi um að einkavæðing áfengissölu — heildsölu og smásölu — hafi dregið úr drykkju og tjóni af hennar völdum. Slík dæmi höfum við hvergi fundið en mörg um hið gagnstæða."

Hér var vitnað í álitsgerð áfengisvarnaráðs og má reyndar taka fram að álitsgerðir sem hafa komið frá allflestum aðilum sem sinna áfengisvörnum í landinu eru á þennan veg. Á meðal þeirra gagna sem allshn. bárust þegar hún fjallaði um þessi mál var bréf frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Undir það ritar forstjórinn, Höskuldur Jónsson, þar sem hann gerir grein fyrir því hve miklar breytingar verði á starfsemi ÁTVR nái þessi lagafrumvörp fram að ganga. Hann rekur það

í sínu erindi hvernig ÁTVR safni saman og birti ítarlegar upplýsingar um sölu áfengis og hvernig ÁTVR kemur við sögu þegar heilbrigðisþættir eru annars vegar en varðandi fjármálahliðina segir forstjóri ÁTVR eftirfarandi meðal annars, með leyfi forseta:

„Í umræðu um mál það sem hér er um fjallað verður að hafa í huga að ÁTVR er ekki síður skattheimtustofnun en vörusala. Við þær breytingar sem gera á með þeirri lagasetningu sem nú er að unnið verður skatturinn hluti virðis vörubirgða sem geyma má nánast hvar sem er í landinu. Sem dæmi má nefna að áfengisskattur af einu vörubretti af vodka er 1,4 millj. Til viðbótar þessum skatti þarf innflytjandinn að binda 340 þús. kr. í virðisaukaskatti vegna áfengisskattsins að viðbættum virðisaukaskatti af verðmæti vörunnar. Ekki má vanmeta þá þörf sem eigandi þessa varnings hefur til að koma honum í verð. Ástæða væri því til að kanna hvernig því eftirliti, sem skattyfirvöld eiga að hafa með því að innflytjandi selji aðeins til handhafa fastra veitingaleyfa og til ÁTVR, verður háttað. Verði það eftirlit ekki virt má búast við að í raun opni hver og einn innflytjandi verslun fyrir almenning í starfsstöðvum sínum."

Ég ætla ekki að vitna nánar í þessi gögn sem báru st frá ÁTVR þar sem vakin er athygli á ýmsum efnisþáttum þessa máls. Hins vegar vil ég nefna að víneftirlitsmenn sem komu fyrir nefndina bentu á að reyndar væri málum svo komið núna að áfengiseftirlitinu væri mjög ábótavant og það þyrfti að stórbæta það. Þeir sögðu t.d. að forsendan fyrir því að hægt væri að hafa eftirlit með áfengissölunni, og hér erum við að tala um mjög mikla fjármuni og við skulum ekki gleyma því að hér í þessum sal hefur verið mikið talað um skattsvik; það hefur verið talað um að 11 milljarðar kr. skili sér ekki inn í samneysluna vegna skattsvika og við erum að tala um það hér og eigum eflaust eftir að gera það á næstu missirum og árum hvernig hægt sé að búa til reglur sem séu sem skilvirkastar í þessu efni og við erum að gera það líka núna. Víneftirlitsmennirnir bentu á að forsenda þess að hægt væri að hafa eftirlit sem að gagni kæmi væri sú að merkingar á áfenginu væru í mjög góðu lagi. Það er ljóst að þessar merkingar fara núna í gegnum ÁTVR, þar er þetta einfalt framkvæmdaatriði. Menn hafa velt því fyrir sér hvort hægt sé að gera þetta í tollinum núna en við skulum ekki gleyma því að við erum líka að tala um framleiðendur á áfengi innan lands. Við erum að búa til kerfi sem er miklu erfiðara og svifaseinna.

Reyndar fannst mér það skoplegasta sem kom fram við umræðu um þessi mál í einhverri hv. nefndinni að óhagræðið væri svo mikið af öllu þessu skrifstofubatterí, eftirlitsdeildum, nýjum stofnunum hjá skattinum sem þyrfti að setja á fót og það yrði svo mikill tilkostnaðaraukinn við þetta að kannski væri einhver von til þess að í því fælist áfengisvörn. Óhagræðið gæti þrátt fyrir allt orðið til góðs. En allir viti bornir menn sem koma að þessum málum, allir þeir sem þekkja til þessara mála og þeir sem hafa starf af því sjálfir að fylgjast með þessu benda okkur á það að fyrirkomulagið sem við höfum núna sé það heppilegasta. Það sé auðveldast að laga það sem aflaga hefur farið á grundvelli þess kerfis og það deilir enginn um það að ástandið sé mjög slæmt núna. En við þurfum að hyggja að því á hvaða grundvelli best er að laga það og það verður ekki gert með því að keyra í gegn þær lagabreytingar sem hér eru til umræðu því að þær ganga þvert á ráðleggingar þeirra aðila sem sinna eftirliti og hollustuvernd.

Þær minni háttar breytingar sem sagðar eru eiga að koma til móts við þessi sjónarmið gera það engan veginn og mun ég víkja að því í umræðum síðar vegna þess að það á eftir að fjalla um álit frá öðrum nefndum einnig og við erum núna að hefja 2. umr. á þessum lagabreytingum. Svo veit maður náttúrlega ekki hvað gerist á næstu klukkustundum hvort það dúkka upp einhverjar nýjar tillögur, einhverjar skipulagsbreytingar í ÁTVR, einhverjar skipulagsbreytingar varðandi eftirlitið, heilsuverndina. Það getur vel verið að það komi einhverjar nýjar tillögur undir kvöldið því þannig hefur þetta mál verið rekið. Þess vegna spyr ég: Ef allir þessir óvissuþættir eru til staðar, hvers vegna að gefa sér ekki góðan tíma til að skoða málið og vinna það í stað þess að reka það með þessum andateppustíl — liggur mér við að kalla það — og keyra þetta í gegn? Maður hefði talið að önnur mál væru kannski mikilvægari núna, GATT-málin, sjávarútvegsmálin, kjör fjölskyldunnar, í fyrramálið verður fjallað um húsnæðismál. Í rauninni eru það þessi mál, kjaramál almennings, sem hefðu átt að vera hér til umfjöllunar þessa vordaga en ekki einhver sérstök einkavæðingarprógrömm frá frjálshyggjudeild Sjálfstfl.

[12:48]

**Frsm. 2. minni hluta allshn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég geri hér grein fyrir nál. 2. minni hluta allshn. sem er á þskj. 59. Nál. sýnir um leið afstöðu þingflokks Kvennalistans til þessa frv. sem hér er til umræðu.

Í frv. er lagt til að afnuminn verði einkaréttur ríkisins á innflutningi og heildsölu áfengis. Frv. er flutt í kjölfar álits eftirlitsnefndar EFTA frá 22. febrúar 1995 í þá veru að núverandi fyrirkomulag á innflutningi og heildsölu hjá ÁTVR samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins. Sú niðurstaða er í ósamræmi við yfirlýsingar og álit fyrrverandi ríkisstjórnar um að ekki þurfi að breyta áfengislöggjöfinni þó að EES-samningurinn yrði samþykktur. Sú afstaða fjmrh. er formlega óbreytt og því er þetta frv. flutt í þeim tilgangi fyrst og fremst að taka upp frjálsari viðskiptahætti með dreifingu á áfengi og að einkavæða hluta af starfsemi ríkisfyrirtækisins ÁTVR þó að vissulega muni það í leiðinni taka á niðurstöðum eftirlitsstofnunar EFTA varðandi heildsölu og innflutning áfengis.

Fjölmargir aðilar hafa látið í ljós álit sitt á frumvarpinu bæði á fundum í allshn., heilbr.- og trn. og efh.- og viðskn. svo og með skriflegum umsögnum, og er alveg ljóst að um þessar breytingar eru verulega skiptar skoðanir, svo sem vænta má í jafnviðkvæmu máli og áfengislöggjöfin er. Flest almannasamtök gegn

áfengisneyslu vara við að aukin samkeppni og minna eftirlit með áfengisverslun muni leiða til aukinnar neyslu og vaxandi útgjalda í heilbrigðiskerfinu. Það vekur því athygli að SÁÁ gerir ekki athugasemdir við frv. Þingflokkur Kvennalistans lagði mikla áherslu á að frv. yrði sent Kvenfélagasambandi Íslands til umsagnar þar sem áfengisvarnir hafa sögulega verið mál sem konur hafa mikið látið til sín taka. Það vekur því sérstaka athygli að stjórn Kvenfélagasambands Íslands gerir engar athugasemdir við frv. Áfengiseftirlitsmenn og fleiri bentu á að mjög erfitt yrði að hafa eftirlit með áfengi í vínveitingahúsum þar sem fella á niður allar merkingar á áfengi til veitingahúsa, sbr. 6. gr. frv. Þá bendir áfengisvarnaráð á að í Svíþjóð er reynt að hefta aðgang að þeirri atvinnustarfsemi að flytja inn áfengi með því að hafa umsóknarkostnað upp á 30 þúsund sænskar krónur sem er óafturkræft fé jafnvel þótt umsókn sé synjað. Hér virðist ekki gert ráð fyrir að leyfin kosti neitt, en ríkið gerir þvert á móti ráð fyrir að verða af 50 millj. kr. tekjum sem væntanlega fara til einkaaðila. Þessi tala virðist varlega áætluð, ekki síst ef eftirlit með rekstri vínveitingahúsa verður erfiðara, og þar með væntanlega að virðisaukaskattur innheimtist verr, og heilbrigðisútgjöld aukast.

Þingflokkur Kvennalistans er ánægður með 3. gr. frv. sem er nokkuð á skjön við annað efni þess. 2. minni hluti hugleiddi að flytja brtt. við 6. gr. frv. eða 17. gr. áfengislaganna þess efnis að skylda væri að dagstimpla allt áfengi sem áfengisgjald væri greitt af við tollafgreiðslu, en ekki var nægur tími til stefnu til að kanna allar hliðar þess máls.

Það er niðurstaða 2. minni hlutans að sú bylting á innflutningi og heildsölu áfengis, sem hér er lögð til, sé alls ekki nauðsynleg til að fullnægja kröfum eftirlitsstofnunar EFTA. Þó að einhver breyting á núverandi áfengislöggjöf kunni að reynast nauðsynleg, þrátt fyrir álit fyrrverandi ríkisstjórnar, er alveg ljóst að hér er farið mun ógætilegar í sakirnar en æskilegt er miðað við viðkvæmni þessa málaflokks. Sú aðferð, sem hér er lögð til, mun ekki auka líkurnar á því að markmiði umræddra áfengislaga verði náð en þar segir í 1. gr., með leyfi forseta: „Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara.“ Þá vill 2. minni hluti vekja athygli á því að í áðurnefndu áliti eftirlitsstofnunar EFTA er skýrt tekið fram að þó að fyrirliggjandi mat fjalli eingöngu um heildsölu og innflutning á áfengi sé ekki þar með sagt að skipan smásöluverslunarinnar hér á landi sé í lagi. Það mál verði athugað betur síðar. Af þessu dregur 2. minni hluti þá ályktun að skynsamlegast væri að gera mun smávægilegri breytingar á fyrirkomulagi heildverslunarinnar og að fá á hreint strax hvort nauðsynlegt muni reynast vegna EES-samningsins að breyta hér fyrirkomulagi á smásölu áfengis. Í framhaldi af því verði gerð heildarendurskoðun á áfengislöggjöfinni. Þá væri hægt að vinna málið í heild sinni á yfirvegaðan hátt í stað þess að viðhafa þá flýtimeðferð sem því miður hefur verið á þessu máli á yfirstandandi vorþingi. Annar minni hluti leggur því til að þetta mál verði endurskoðað í heild sinni og að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir álit 2. minni hluta ritar Guðný Guðbjörnsdóttir.

Ég vil taka það fram að í 3. gr. frv. sem 2. minni hluti fagnar segir m.a., með leyfi forseta, að bannað sé að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi nema hafa til þess sérstakt leyfi.

Um þetta frv. má hafa mjög langt mál sem ekki er þó ætlunin hér. Til stendur að gjörbreyta mjög viðkvæmri löggjöf án þess að tilefnið sé nægilega skýrt. Er verið að gera þetta fyrst og fremst vegna einkavæðingarhugsjóna fjmrh. og að færa fé frá ríkinu til einkaaðila? Er verið að þessu vegna álits eftirlitsstofnunar EFTA varðandi heildsölu og innflutning á áfengi? Ef það væri eingöngu hið síðarnefnda þyrftu ekki að koma til svo viðamiklar breytingar.

Ég tel óskynsamlegt að bylta þessari löggjöf umfram það sem nauðsynlegt er á meðan ekki er ljóst hvort núv. smásöludreifing á áfengi í gegnum Áfengisog einkasölu ríkisins er heimil samkvæmt EES.

Ég er einnig sannfærð um, eftir þá umræðu sem átt hefur sér stað í allshn. þingsins, að ýmislegt verður að laga varðandi framkvæmd á núverandi löggjöf. Eru nokkrar brtt. meiri hlutans við þetta frv. til bóta varðandi eftirlitsþáttinn að mínu mati. En þrátt fyrir þær brtt. eru of margir lausir endar og í of miklar breytingar ráðist í viðkvæmum málaflokki án nægilegs rökstuðnings eða tilefnis.

Þetta frv. sem hér er til umræðu um breytingu á áfengislögunum er aðeins eitt þriggja svipaðra frv. sem samtímis eru til umræðu í þinginu sem allar taka til þeirrar heildarbreytingar sem fyrirhuguð er á áfengisinnflutningi. Um hin frv. er einnig mikill ágreiningur og því er það von mín að þessum frv. verði öllum vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari vinnslu og að einnig verði tekið betur á framkvæmd núgildandi laga, ekki síst hvað varðar eftirlit, smygl, brugg og forvarnir því augljóst er að víða er pottur brotinn í áfengismálum Íslendinga og vissulega þörf fyrir Alþingi að átta sig á hvaða leiðir eru bestar til að ná markmiði áfengislaganna.

Það er sannfæring mín að þær breytingar, sem lagðar eru til í þessu frv. og hinum sem eru einnig til umræðu hér í þinginu, eru ekki til bóta miðað við núverandi áfengisstefnu. Ef breyta á áfengislöggjöfinni í þá veru sem hér er lagt til væri eðlilegra að breyta markmiðsgrein áfengislaganna og setja fram nýja áfengisstefnu um leið og ganga því hreint til verks. Það má vel vera að tímabært sé að endurskoða þessi mál í heild sinni miðað við núverandi ástand en þetta er ekki rétta leiðin.

[13:00]

**Svavar Gestsson:**

Herra forseti. Satt að segja hafði ég ekki hugsað mér það þegar 1. umr. um þetta mál fór hér fram að blanda mér í umræðuna úr þessum stól en mér finnst að ýmislegt hafi gerst í málinu sem hvetji til þess að farið farið sé nokkuð rækilega yfir það. Það sem ég tel að standi þar upp úr er það að heilbrrn. skilar auðu.

Það er eiginlega alveg ótrúlegt. Heilbrrn. hefur enga skoðun í þessu máli. Í þeim gögnum sem hér hefur verið dreift sé ég að í hv. allshn. og heilbrn. var eftir því gengið að heilbrrn. hefði skoðun. Heilbrrn. hafði enga skoðun. Ég satt að segja fullyrði það, hæstv. forseti, að það hafi aldrei verið gerðar jafnveigamiklar breytingar á áfengislöggjöfinni og hér eru á ferðinni án þess að heilbrrn. hefði skoðun.

Fyrir fáeinum árum þegar við vorum að tala hér um bjórinn og hæstv. núv. landbrh. var heilbrrh. þá var heilbrrn. með skoðun. Það að vísu gekk ekki alveg þrautalaust að fá hana en hún kom. Heilbrrn. gerði grein fyrir því hvernig það vildi taka á þessum málum sem hluta af almennri forvarnastefnu sinni í heilbrigðismálum. Það var farið yfir það og niðurstaða og stefna heilbrrn. var tengd ákvörðuninni um bjórinn á sínum tíma, t.d. með þeim hætti að það var ákveðið að verja tilteknum fjármunum í auglýsingar og kynningarstarf. Það var ákveðið að miða verðlagningu á bjórnum til að byrja með við heilbrigðisforsendur og að reyna þannig eins og kostur er að draga úr neyslu á bjór með því að hafa hann ekki allt of ódýran. Núna, árið 1995, er alveg ljóst að þessi stefna heilbrrn. á sínum tíma bar árangur. Hún bar árangur. Því þó að bjórinn hafi verið innleiddur þá hefur engu að síður tekist að halda verulega í við neysluna, t.d. miðað við það sem gerist með ýmsum öðrum þjóðum. Ég tel að fyrrv. hæstv. heilbrrh. og núv. hæstv. landbrh. eigi þakkir skildar fyrir hvernig hann tók á þeim málum.

Nú er það hins vegar þannig að þegar á að opna fyrir það að svo að segja hver sem er — ég segi hver sem er — geti farið að stunda innflutning á áfengi þá skilar heilbrrn. auðu. Það hefur enga skoðun á því hvernig á að taka á þeim málum sem lúta sérstaklega að forvarnastarfinu í þeim efnum. Ég hef fullan skilning á því að hinn nýi hæstv. heilbrrh. hefur margt að gera, margt að sýsla í því ráðuneyti og ég verð að segja það alveg eins og er að ég kann stundum ekki við þær kröfur sem mér heyrist að séu gerðar til hennar að því er varðar embættisverk á tiltölulega skömmum tíma og ég óska henni alls góðs í starfi en heilbrrn. verður að hafa skoðun í þessu máli. Annað gengur ekki. Annað er í raun og veru brot á starfsskyldum heilbrrn. Þess vegna spyr ég sérstaklega um það og ég vil að hæstv. heilbrrh. geri grein fyrir því hér hvernig þessi afgreiðsla tengist þeirri áherslu á auknar forvarnir sem hæstv. heilbrrh. telur eiga að vera hornsteininn í sinni heilbrigðisstefnu, og ég fagna út af fyrir sig hennar áherslum í þeim efnum. Hvernig tengist það? Þetta er í raun og veru hennar fyrsta ganga sem birtist í þessum frv.

Samkvæmt reglum um Stjórnarráð Íslands er það heilbrrn. sem á að hafa forustu um að móta áfengisstefnuna. Árið 1982 var skipuð mjög fjölmenn nefnd um stefnumótun hins opinbera í áfengismálum. Í henni voru fulltrúar frá þeim ráðuneytum sem þarna er um að ræða, þ.e. heilbrrn., félmrn., dómsmrn., sveitarfélögum og fleiri aðilum, þetta var mjög fjölmenn nefnd, og hún vandaði sig. Starfsmaður hennar var Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri og nefndin skilaði mjög myndarlegu áliti í formi skýrslu sem var lögð fyrir þáv. hæstv. heilbrrh. og hæstv. forsrh. reyndar sérstaklega líka á árinu 1985, Steingrím Hermannsson. Ég man eftir því að fjölmiðlar höfðu þá við orð að þessi skýrsla væri til fyrirmyndar vegna þess að þarna hefðu menn reynt að taka á stefnumótun í áfengismálum út frá veruleikanum eins og hann var en ekki út frá óskhyggjunni eins og hún birtist stundum í þessum efnum. Ég man eftir því að þeir sem fjölluðu um þetta mál á Alþingi á þeim tíma töldu að hér hefði verið mjög vel að verki staðið.

Nú verður að segja eins og er að það er aldrei talað um mál af þessu tagi í samhengi við það sem verið er að gera. Það er sett einhver nefnd eða stofnun í að framleiða stefnu í áfengismálum og að birta hana en svo þegar verið er að gera eitthvað í áfengismálum eins og hér þá er aldrei talað um stefnu. Það er dálítið skrýtið. Og það er dálítið sérkennilegt að Alþingi Íslendinga skuli ekki getað komið sér upp þeim vinnuvana að taka ákvarðanir um mál eins og t.d. áfengismál á grundvelli einhverrar stefnu og taka ákvörðun um stefnu í tengslum við það sem verið er að ákveða að öðru leyti. Þess vegna hlýt ég jafnframt að spyrja hæstv. heilbrrh. að því hvort ekki er ætlunin í heilbrrn. að taka sérstaklega á þessum málum sem lúta að stefnumótun í heilbrigðismálum og áfengismálum vegna þess að það er óhjákvæmilegt að þeir þættir séu samtvinnaðir.

Í nefndarumsögn hv. 15. þm. Reykv., formanns heilbr.- og trn., segir svo, með leyfi forseta:

„Jafnframt er vert að geta eftirfarandi: Fulltrúi heilbrrh. upplýsti að þrátt fyrir að sátt hefði að lokum *náðst innan ríkisstjórnarinnar um breytingartillögur* við upphaflega gerð frumvarpsins hefði heilbrrh. ekki tekist að koma sjónarmiðum sínum um nauðsynlegar breytingar fram að öllu leyti. Það er því ljóst að frá sjónarhóli heilbrrh. má enn gera breytingar á frumvarpinu sem tryggja betur að frumvarpið hafi ekki neikvæð áhrif á heilbrigði landsmanna."

Í beinu framhaldi af þessu hlýt ég einnig að spyrja hæstv. heilbrrh. að því hverjar þessar tillögur eru. Hvaða breytingar hefði hún viljað sjá á frumvörpunum sem ekki eru á þeim? Og að hún leiti þannig bandalags við Alþingi við þær breytingar á þessum frumvörpum sem nauðsynlegt er að gera. Ég vona að það sé alveg skýrt að hér erum við að fjalla um breytingar á áfengislöggjöfinni og vona að það sé alveg skýrt að þar hafa flokkarnir oft skipst og haft mismunandi sjónarmið uppi. Ég vona að það sé ekki þannig að stjórnarflokkarnir séu reyrðir fastir í einhverja sérstaka stefnu stjórnarinnar í þessu máli, að það sé til einhver sérstök áfengismálastefna núv. ríkisstjórnar eða stjórnarflokka sem við höfum þá ekki séð. Hver er áfengisstefna ríkisstjórnarinnar? Hver er brennivínsstefna þessarar stjórnar? Það er nauðsynlegt að fá það upp. Við eigum skilið að fá þá stefnu birta hér.

Það er nokkuð sérkennilegt að það skuli gerast með stjórnaraðild Framsfl. sem reynt var að gera á síðasta kjörtímabili en tókst ekki. „Atburð sé ég anda mínum nær." Mér er sem ég sæi Jón Helgason staddan hér í

salnum núna, hv. fyrrv. þingmann og hæstv. fyrrv. dóms- og kirkjumrh., framsóknarmann. Mér hefði þótt fróðlegt að mega nema orð hans við þær aðstæður sem nú eru uppi ef það rennur ekki blóðið í neinum manni hér í stjórnarliðinu nema hæstv. forsrh. Davíð Oddsson ákveði hvernig það rennur. Eða er kannski ekkert blóð lengur heldur bara tóbak og kaffi og brennivín eins og segir í ljóðinu eftir Jóhannes úr Kötlum. Hvað er? Blaktir hvergi á skari í þessu stjórnarliði, með leyfi að spyrja, hæstv. forseti? Er Framsókn sofnuð svefninum langa í fanginu á íhaldinu? Þurfti ekki nema þrjár til fjórar vikur? Hvar er nú gassagangurinn sem birtist hér í ræðustólnum endalaust á síðasta kjörtímabili? Í glæsilegum málflutningi þeirra sem neituðu að ganga í „Óðáðahrauni spillingarinnar" svo ég vitni orðrétt í hv. þm. Guðna Ágústsson. Eru þeir allir lagðir inn á Óðáðahraun spillingarinnar þessir framsóknarforkólfar sem plötuðu út atkvæðin í síðustu kosningum og unnu kosningasigur út á málflutning gegn spillingu m.a.? En þegar þeir koma hingað setjast þeir makráðir í ráðherrastólana, búa um sig eins og heimiliskettir á púðunum hjá íhaldinu og kunna vel við sig. Og blaktir hvergi á skari. Ja, hérna, hæstv. forseti.

Svo gerist það að hér birtast breytingartillögur frá meiri hluta allshn. Og þær eru satt að segja ákaflega merkilegar. Í fyrsta lagi er það sú tillaga að það skuli skrá sérstaklega þá sem fá leyfi til að selja áfengi með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv. Ég tel að þessi brtt. sé góð svo langt sem hún nær. Þar stendur, með leyfi forseta, eins og það er skýrt í umsögn heilbr.- og trn., ég hygg að það sé sami textinn sem tekinn var upp í hv. allshn.:

„Hér er skerpt orðalag um þá sem framvegis munu hafa heimild til að selja áfengi innan lands. Þannig er í 2. tölul. skýrt tekið fram að um sé að ræða innflytjendur sem leyfi hafa til heildsölu með áfengi og er vísað í lög um verslun ríkisins með áfengi og tóbak. Jafnframt þykir nauðsynlegt að fram komi að þessir aðilar megi selja áfengi úr landi. Í 3. tölul. er gerður greinarmunur á framleiðendum áfengra drykkja og þeim sem hafa leyfi til að endurselja áfengi í heildsölu samkvæmt lögunum um verslun ríkisins með áfengi og tóbak. Skýrt er tekið fram hverjum framleiðendur og þeir sem hafa leyfi til að endurselja megi selja og jafnframt er því bætt við að þessir aðilar geti selt áfengi úr landi. Þá er því einnig bætt við að framleiðandi áfengis hafi heimild til að selja áfengi til aðila sem hefur leyfi til að endurselja áfengi í heildsölu. Í frumvarpinu eins og það var lagt fram var slík heimild ekki fyrir hendi."

Þegar hæstv. dómsmrh. mælti fyrir þessu frv. fyrir nokkrum dögum, þingdögum, þá kom það fram að hann taldi að þetta væri alveg fullkomið frv. og ekki mikil ástæða til að breyta því mikið og væri þess vegna hægt að gera það að lögum á einum degi svo að segja. Og hæstv. ríkisstjórn ætlaði reyndar að klára þetta þing á tíu dögum. Var það ekki? Eru menn búnir að gleyma því? Það átti að klára þetta þing á tíu dögum og rífa hér í gegn GATT-lög og sjávarútvegslög og þessi lög og síðan átti að klára þingið. Við erum í raun og veru í miðjum klíðum enn þá og hæstv. landbrh. ætlar að fara að mæla hér fyrir frv. um breytingar á framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða. Þannig að ríkisstjórnin er heppin að þingið sat þó lengur til að hjálpa henni í þessum málum.

(**Forseti** (RA)**:** Má ég spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi mikið eftir af sinni ræðu?)

Hæstv. forseti. Ég á eftir að fara yfir nokkur atriði þannig að ef það er ætlunin að taka fyrir önnur mál þá væri ég tilbúinn til að gera hlé á ræðu minni um sinn.

(**Forseti** (RA)**:** Það er vel þegið.)

Takk.

Umræðu frestað.

## *Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.*

Stjfrv., 36. mál (verðjöfnunargjald af útflutningi, heildargreiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 40.

[13:15]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forseta og hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að leyfa mér að koma að þessu máli þó annað dagskrármál hafi verið til umræðu og þurfi auðvitað líka að ganga fram og klára en af sérstökum persónulegum ástæðum óskaði ég eftir því ef hægt væri að koma málinu til umræðu og vonandi til nefndar án þess að umræða yrði mjög löng og ég þakka fyrir það.

Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frv. þetta er flutt vegna þeirra vandamála sem blasa við í sauðfjárrækt. Í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna er kveðið á um að taka skuli búvörusamninginn, sem samþykktur var 11. mars 1991, til endurskoðunar, sérstaklega með tilliti til þess mikla vanda sem sauðfjárbændur standa nú frammi fyrir. Auk þess sem tekjugrundvöllur bænda verður treystur skuli losað um framleiðsluhömlur og sveigjanleiki aukinn í framleiðslustjórnun jafnframt sem stuðlað verði að nýsköpun og fjölbreyttari atvinnu til sveita og bændum auðveldaðar breytingar á búháttum og búskaparlokum.

Í samræmi við þessi áform ríkisstjórnarinnar hóf ég samningaumleitanir við Bændasamtök Íslands um að kanna möguleika á að koma áðurnefndri stefnumörkun til framkvæmda. Hlutur sauðfjárræktarinnar kemur fyrst til umfjöllunar við þessa endurskoðun vegna þess bráða vanda sem þar er orðinn. Komi til breytinga á framleiðslustjórnunarhluta búvörusamningsins þarf að fylgja því eftir með breytingu á búvörulögunum. Ákvörðun á greiðslumarki sauðfjárbænda vegna framleiðslu haustið 1996 á að fara fram áður en Alþingi kemur saman í haust, þ.e. 15. september. Verði sú ákvörðun tekin verður ekki unnt að koma til framkvæmda þeim breytingum á framleiðslustjórnun í sauðfjárrækt sem þeir samningar, sem hafnir eru milli

bænda og ríkisstjórnarinnar, kunna að leiða til. Þannig tapast í raun heilt ár í nauðsynlegri aðlögun ef sú breyting á búvörulögum, sem hér er lögð til, verður ekki að lögum á þessu vorþingi. Þær breytingar, sem lagðar eru til með frv. því sem nú liggur fyrir, geta því ekki beðið haustþingsins.

Áður en ég geri grein fyrir þeim breytingum sem frv. felur í sér ætla ég að víkja aðeins að þeim vanda sem sauðfjárræktin stendur nú frammi fyrir. Eins og kunnugt er var með búvörusamningunum frá 11. mars 1991 gert ráð fyrir að draga framleiðslurétt sauðfjárframleiðenda saman um 3.700 tonn og laga framleiðsluna að innlendum markaði sem er áætlaður 8.150 tonn. Jafnframt að hætt yrði afgreiðslu útflutningsbóta við útflutning sauðfjárafurða en framleiðsla umfram það sem innanlandsmarkaðurinn krefði yrði á ábyrgð framleiðenda og sláturhúsa. Gert var ráð fyrir að unnt yrði að styrkja stöðu þeirra framleiðenda sem eftir yrðu í greininni með því að sú aðstoð, sem þeim var ætluð, kæmi til flats niðurskurðar á framleiðslurétti, yrði þeim til hjálpar við að kaupa sér rétt til framleiðslu í stað þess sem þeir töpuðu.

Tvennt er sem hefur einkum orðið til að þessi áform gengu ekki eftir. Í fyrsta lagi hefur þeim sauðfjárbændum sem vilja reka búskap í líkum mæli og áður ekki tekist að bæta upp í þau skörð sem flatur samdráttur myndaði. Minna varð um frjálsa sölu fullvirðisréttar upp í þau 3.700 tonn sem áður eru nefnd en vonast hafði verið til með þeim afleiðingum að grípa varð til skerðingar hjá heildinni með svonefndum flötum niðurskurði. Meginástæða þess er væntanlega sú alvarlega aukning atvinnuleysis sem upphófst á líkum tíma og framkvæmd búvörusamningsins og hefur haft áhrif á þróun samningsins í æ ríkari mæli. Þannig hafa þeir sem vilja bregða búi vegna samdráttar í sauðfjárræktinni og snúa sér að öðrum atvinnutækifærum ekki séð þess nokkurn kost og orðið að sitja uppi með sífellt rýrari afkomu.

Í öðru lagi hefur orðið mjög verulegur samdráttur í sölu kindakjöts á innanlandsmarkaði og alvarlegur fyrir hag bænda. Þessi samdráttur hefur orðið þrátt fyrir að allverulegir fjármunir hafi verið lagðir fram til markaðsstarfsemi af hálfu framleiðenda og sláturleyfishafa. Þessari markaðsstarfsemi var fyrir gildistöku búvörusamningsins sinnt af því opinbera. Í ástandslýsingu í sauðfjárrækt vegna endurskoðunar búvörusamningsins, sem fylgir með frv., er spá um sölu kindakjöts út gildistíma búvörusamningsins. Þar er gert ráð fyrir því að með sömu þróun og verið hefur á samningstímanum megi reikna með því að í stað þeirra 8.150 tonna innanlandsneyslu á kindakjöti, sem voru forsendur samningsins, verði ársneyslan aðeins um 6.500 tonn síðasta ár samningsins. Mögulegar skýringar á þeirri þróun verður ekki farið út í hér svo sem neyslubreytingar sem hver og einn þekkir af sínu eigin heimilishaldi en aðeins drepið á þær afleiðingar sem þessi þróun kynni að hafa á hag bænda að óbreyttu.

Hagþjónustu landbúnaðarins var falið að gera reikningslegar kannanir á því hvaða afleiðingar þróunin hefði á hag bænda. Þær niðurstöður verður að taka með alvöru og kanna allar mögulegar leiðir til að afstýra því að þær verði að raunveruleika. Niðurstöður á könnun Hagþjónustunnar gefa einfaldlega til kynna að til greiðslu launa af sauðfjárbúskap árið 1993 hafi einungis verið 770 þús. kr. og því til viðbótar af öðrum búrekstri 160 þús. Þessi útkoma ein og sér er óásættanleg fyrir bændur og tilefni til endurskoðunar og lagfæringar á búvörusamningnum. Hins vegar verður útkoma könnunarinnar enn lakari þegar horft er til ársins 1996 samkvæmt þeirri markaðsspá sem nefnd var. Þá verða teknar til launa af sauðfjárbúskap einungis 270 þús. kr. eða meira en helmingi minna en árið 1993. Þessa þróun verður að stöðva nú þegar og því mjög áríðandi að tæknilegar hindranir í gildandi lögum eins og tímabundin ákvörðun á greiðslumarki sauðfjár verði ekki til þess að tefja endurskoðun á gildandi búvörusamningi sem má segja að sé þegar orðin of seint á ferðinni vegna þess ástands sem skapast hefur.

Hæstv. forseti. Ég mun nú víkja aðeins að einstökum greinum frv.

Í 1. gr. er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við 19. gr. laganna. Hefur málsgreinin að geyma heimild til sérstakrar verðjöfnunar milli afurðastöðva vegna útflutnings á kindakjöti, þ.e. kjöt sem lagt er inn í afurðastöð en fellur utan efri marka greiðslumarksins. Aðstaða afurðastöðvanna er mismunandi, bæði hvað varðar möguleika til að verka afurðir fyrir erlenda markaði og til afsetningar afurðanna innan lands. Því verður að stýra afurðunum frá einstaka afurðastöðvum sem gefa mishátt verð. Nauðsynlegt er því talið að búvörulög hafi að geyma heimild til að jafna uppgjör við framleiðendur, a.m.k. að vissu marki.

Í 1. gr. frv. er lagt til að heimilt verði að innheimta sérstakt verðjöfnunargjald er nemi allt að 10% af því verði kindakjöts, sem kemur til skila við útflutning hjá hverri afurðastöð, í því skyni að verðbæta þá markaði sem lægstu verði skila.

Í 37. gr. búvörulaganna er kveðið á um að heildargreiðslumark sauðfjárafurða skuli ákveða fyrir 15. september ár hvert vegna framleiðslu næsta verðlagsárs. Ákvæði þetta er óundanþægt. Við ákvörðun greiðslumarks skal byggja á neyslu síðasta almanaksárs og söluþróun fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs. Jafnframt skal tekið tillit til birgða þann 1. september þannig að þær samsvari þriggja mánaða sölu. Verði sala kindakjöts minni en nemur heildargreiðslumarki ársins þannig að þær birgðir aukist skal heildargreiðslumarkið lækka til samræmis við það.

Fulltrúar Bændasamtaka Íslands hafa sett fram þá hugmynd að heildargreiðslumark sem viðmiðun fyrir beingreiðslur til framleiðenda sauðfjárafurða verði fest miðað við tiltekið afurðamagn. Hver svo sem niðurstaðan verður í þeim viðræðum, sem nú standa yfir, er ljóst að núgildandi 1. mgr. 37. gr. búvörulaganna getur staðið í vegi fyrir því að hugsanlegt samkomulag samningsaðila um breytta viðmiðun að þessu leyti nái fram að ganga. Því er lagt til að í 3. gr. frv. að unnt sé að fresta ákvörðun heildargreiðslumarks verðlagsársins 1996–1997 til 15. september nk., þó ekki lengur en til 1. mars 1996.

Í 2. gr. frv. er lögð til breyting á 27. gr. laganna í þá veru að öll gjöld sem heimilt er að innheimta samkvæmt V. kafla laganna séu aðfararhæf þannig að fullt jafnræði verði að því leyti.

Frv. þessu fylgja tvö fylgiskjöl. Annars vegar útdráttur úr skýrslu sem gerð var af landbrn. og Framleiðsluráði landbúnaðarins um ástandið í sauðfjárrækt vegna endurskoðunar búvörusamningsins og hins vegar um kostnaðaráhrif af lögfestingu frv. þar sem staðfest er að samþykkt frv. hafi ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að þessu sinni. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[13:25]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfáar spurningar sem vakna vegna þessa máls sem hæstv. landbrh. hefur hér flutt.

Hæstv. ráðherra færði það sem rök fyrir því að flytja frv. að í gangi væru samningar og viðræður við bændasamtökin um breytingar á búvörusamningnum og sérstaklega þyrfti að fá fram frestun á ákvæði gagnvart heildargreiðslumarkinu til þess að koma til móts við hugsanlegar óskir um breytingar á samningnum.

Ég velti nokkuð fyrir mér hvaða áhrif þetta hefur. Það er í fyrsta lagi varðandi 1. gr. en þar er verið að leggja til að heimilt sé að leggja á verðjöfnunargjald sem má nema allt að 10% af því sem kemur til skila við útflutning hjá hverri afurðastöð. Ég spyr um hvort fyrir liggi einhverjar áætlanir um það hvað þetta gjald þýði í fjármagni og hvaða áhrif það hefur þá á hag framleiðendanna þegar verið er að leggja á slíkt gjald. Mér finnst vanta allar tölulegar upplýsingar um það. Ráðherrann færði þau rök fyrir þessu að það þurfi að stýra afurðunum frá einstaka búvörustöð og það má vel vera. Maður veltir fyrir sér hvaða áhrif þetta hefur hjá bændum og hverju verðjöfnunargjaldið gæti hugsanlega skilað.

Eins spyr ég varðandi 3. gr. um frestun á greiðslumarki til 1. mars 1996 sem þýðir að hægt er að fresta ákvörðun um það hvert heildargreiðslumarkið yrði en samkvæmt búvörulögunum á að taka þá ákvörðun fyrir 15. september. Það eru eiginlega tvær spurningar sem ég spyr í þessu sambandi. Ef ákvörðunin hefði verið tekin eins og búvörusamningurinn gerir ráð fyrir 15. september á samkvæmt búvörusamningi að miða ákvörðun greiðslumarks við neyslu síðasta almanaksárs og söluþróun fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs, hvað má ætla miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um þessar viðmiðanir að þetta hefði breytt greiðslumarkinu? Ef greiðslumarkið yrði óbreytt 1. mars, hvaða áhrif hefur það á ríkissjóðs? Ég held að gott sé að gera sér grein fyrir því hvaða áhrif þetta hefur ef greiðslumarkinu verður ekki breytt.

Ég spyr ráðherrann líka að því hvort það hafi út af fyrir sig einhvern tilgang að draga þetta svo lengi eða fram til 1. mars vegna þess að stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum þarf væntanlega að birtast í fjárlögum og ákvarðanir sem þessu tengjast hljóta að koma fram í fjárlagafrv. sem á að birtast í haust. Ég spyr því um það hvort það hafi nokkurn tilgang að draga þetta svo lengi eða að biðja um þessa frestun fram til 1. mars.

Ég tek undir það sem fram hefur komið í máli ráðherra. Auðvitað vita allir að vandi sauðfjárbænda er mikill og það þarf að taka alveg sérstaklega á máli þeirra en maður veltir því fyrir sér hvort það sem hér er lagt til, sérstaklega varðandi 1. gr., sé til þess fallið að bæta stöðu sauðfjárræktarinnar.

Ég tek fyllilega undir að það er vissulega tímabært að endurskoða búvörusamninginn, ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem við eigum í vændum með innflutningi á landbúnaðarvörum ef af verður. Auðvitað þarf að gera allt sem hægt er til þess að auðvelda bændum aðlögunina og að þeir verði í stakk búnir til að taka þátt í þeirri samkeppni sem þeir mæta núna með þessum innflutningi. Það má kannski út af fyrir sig segja að það hefði mátt koma til fyrr að búa bændastéttina og landbúnaðinn undir samkeppni sem nú kemur af fullum þunga með aðild okkar að GATT-samningnum.

En ég spyr hæstv. landbrh. í lokin, virðulegi forseti: Hverjir taka þátt í þessum viðræðum varðandi endurskoðun á búvörusamningnum og kæmi það til greina af hálfu landbrh. að stjórnarandstaðan ætti með einhverjum hætti aðgang að þeim viðræðum? Þá er ég að tala um sem beinn aðili þannig að stjórnarandstöðunni verði gert fært að fylgjast með viðræðunum áður en þeim lýkur og geti þannig haft áhrif á þá niðurstöðu sem þarna verður. Ég held að það sé mikilvægt að það náist breitt samkomulag um þetta mikilvæga mál milli stjórnar og stjórnarandstöðu og ég hygg að sú leið að stjórnarandstaðan komi með einhverjum hætti að því máli sé til þess fallin.

[13:31]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. skýrði það fyrir þingmönnum í gær hvers vegna þetta mál er komið á dagskrá, en ég get samt ekki látið hjá líða að gera athugasemdir við það hvernig þinghaldið hefur verið þær vikur sem liðið hafa frá því að við komum hér saman. Boðað var að hér yrðu til umræðu 3–4 mál í mesta lagi en þau eru að nálgast 40. Síðast í gær kom fram nýtt mál í efh.- og viðskn. og hér er landbrh. mættur með sitt mál. Þótt ég skilji mjög vel mikilvægi málsins og sé reiðubúin að greiða fyrir því að það fái fljóta og góða afgreiðslu þá er það ekki nógu vel að verki staðið að við skulum mæta hér og verða vitni að því hve mál ríkisstjórnarinnar voru illa undirbúin og síðan er verið að vinna hér í stórmálum viku eftir viku. Það hefði verið nær að ríkisstjórnarflokkarnir tækju sér meiri tíma til undirbúnings þannig að við þyrftum ekki að vera að bíða eftir því að þeir komist að niðurstöðu í sínum málum eins og t.d. í sjávarútvegsmálum. Mér finnst vera illa farið með tímann á þessu fagra vori.

Eins og ég nefndi er ég reiðubúin til þess að greiða fyrir því að þetta mál nái skjótri afgreiðslu. Ég skil mjög vel það sjónarmið hæstv. ráðherra sem er að koma nýr að landbúnaðarmálunum að vilja fá tíma og

frest til þess að skoða þau mál frá grunni. Ég get rifjað það upp í því samhengi að okkur kvennalistakonum fannst það mjög óeðlilegt hvernig var staðið að verki bæði veturinn 1987 og veturinn 1981 þegar gengið var frá búvörusamningum við bændur rétt áður en kjósa átti nýtt þing þannig að nýr landbrh. kom þar að öllu geirnegldu og fékk litlu um þokað. Það er eðlilegt að ný ríkisstjórn geti komið að málum á þann hátt að einhverju verði um breytt ef menn vilja gera það. Þess vegna finnst mér það mjög skiljanlegt að hæstv. landbrh. skuli fara fram á þá frestun sem felst að hluta til í þessu frv.

En þetta mál sem hér er til umræðu leiðir okkur að spurningum um stöðu sauðfjárræktarinnar og því sem kannski skiptir mestu máli í þessu samhengi, þ.e. hvernig ríkisstjórnin og þar með hæstv. landbrh. ætlar að bregðast við því ástandi og hvernig þar verður að verki staðið. Ég vildi biðja hæstv. landbrh. að upplýsa okkur um það hvar sú vinna er á vegi stödd við endurskoðun á búvörusamningnum og jafnframt hvort einhver vinna er komin í gang varðandi sérstakar ráðstafanir eða það hvernig eigi að taka á vanda sauðfjárbænda.

Ég vil rifja það upp að landbn. fór á sl. sumri í ferð um norðvesturhluta landsins og heimsótti helstu sauðfjárræktarhéruð og þau svæði þar sem sauðfjárræktin er alls ráðandi og vandi bænda einna mestur. Það var afar lærdómsríkt að heyra það sjónarmið bænda og lýsingar þeirra á ástandinu. Ég er ekki viss um að fólk geri sér almennt grein fyrir því hversu gríðarlegur samdrátturinn er, bæði í sjálfri framleiðslunni, í sölunni og ekki síst í þeim launum sem bændur eiga að lifa á. Það vill svo til að ég er hér með fundargerðina frá fundi sem við héldum með fulltrúum bænda á Hvammstanga þar sem saman voru komnir fulltrúar bænda úr einum fjórum sýslum. Þar komu fram tölur um samdrátt í framleiðslu á dilkakjöti og reyndar á heimildum til bænda sem eru upp á allt að 47%. Samdrátturinn nam allt að 47% í fyrra og síðan þá hefur ástandið versnað. Það hefur ekkert svipað gerst varðandi mjólkurframleiðsluna og mér finnst, hæstv. forseti, að við sem förum með fjárveitingavaldið og mörkum pólitíska stefnu í landinu hljótum að verða að gera okkur grein fyrir orsökum þessa samdráttar sem að mínum dómi felst annars vegar í því kerfi sem hér er við lýði og sem því miður hefur virkað þannig að þar er sífellt skorið ofan af og fleirum og fleirum þrýst undir hungurmörkin. Á hinn bóginn hafa átt sér og eru að eiga sér stað gífurlegar breytingar á neyslumynstri landsmanna, því hvað við borðum og mér finnst að bændur hafi alls ekki áttað sig nægilega vel á þessum breytingum og hafi ekki komið með nein svör. Það eru einhverjar auglýsingaherferðir öðru hverju og útsölur en ég tel að þarna sé um mikla grundvallarbreytingu að ræða sem felst í því að Íslendingar eru farnir að borða pasta í stórum stíl og því fylgir bæði minni fiskneysla og minni kjötneysla. Þetta er einfaldlega grundvallarbreyting sem kemur mjög hart niður á íslenskum landbúnaði. Mér finnst að bændur þurfi að reyna að svara þessu. Ef þeir ætla að reyna að halda lífi í sínum búum þá verður að reyna að svara þessu. Menn verða að bregðast við markaðnum, það er ósköp einfalt mál.

Annað dæmi um þetta er líka grænmetis- og kartöfluneysla. Það má minnast þess að ef eitthvað hleypti lífi í Íslendinga á 19. öld og kom okkur af braut vannæringar og eymdar þá voru það kartöflur. Menn geta auðvitað velt því fyrir sér hvort svona neyslubreytingar eru til góðs eða ills, en ég held að að hluta til sé þær ekki til góðs og sérstaklega ekki það amerísku fæði sem er að halda innreið sína í stórum stíl og veldur gríðarlegum hjartasjúkdómum í Bandaríkjunum og er það til mikils skaða í heilbrigðiskerfinu. Við verðum að gera okkur grein fyrir svona breytingum, orsökum þeirra og afleiðingum.

Það væri hægt að fara mörgum orðum um stöðu sauðfjárræktarinnar en það er staðreynd að þeir bændur sem hafa orðið fyrir miklum samdrætti hafa ekki haft að neinu öðru að snúa. Það er hluti af vandanum að það hefur nánast ekki átt sér stað nein atvinnusköpun á þessum svæðum þar sem sauðfjárræktin er ríkjandi og menn hafa ekki getað snúið sér að neinu öðru. Og ég beini þeirri spurningu til hæstv. landbrh., hvaða hugmyndir hann hefur um atvinnusköpun í sveitum og það hvernig leysa megi atvinnuvanda bænda þannig að þeir sem vilja geti einfaldlega hætt búskap. Eflaust vill hluti bænda gjarnan hætta búskap þó að þeir segi reyndar sjálfir að það að vera bóndi sé ákveðinn lífsstíll og mikil ósköp, þeir sem hafa alist up við búskap og umönnun á skepnum eru ákaflega bundnir því tilfinningalega. En það breytir ekki því að staða þessarar atvinnugreinar er mjög slæm og það verður að taka á þeim vanda með því að breyta kerfinu, með því að gera mönnum kleift að lifa af búskap, með því að stuðla að atvinnusköpun fyrir þá sem vilja hætta og með því að gefa gaum að markaðnum og þeim breytingum sem eru að eiga sér stað.

Hæstv. forseti. Varðandi þær breytingar sem verið er að leggja til í frv. þá geri ég ekki athugasemdir við þær að svo stöddu. Ég átta mig ekki á því hvað þetta þýðir fjárhagslega, hvort þetta þýðir einhver útgjöld fyrir ráðuneytið eða bændur. Ég hef skilið það svo að það sé verið að fresta því að borga eftir því samkomulagi sem nú er í gildi, en ég óska þess að hæstv. landbrh. skýri það fyrir okkur og tek þar undir spurningar síðasta ræðumanns. En ég ítreka það að ég fæ ekki betur séð en hér sé um brýnt mál að ræða og skil mjög vel það sjónarmið hæstv. landbrh. að vilja koma að þessum málum með hreint borð.

[13:42]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Fáein orð af tilefni þessa frv. Ég vil í fyrsta lagi segja það að ég tel eðlilegt að ný ríkisstjórn og nýr hæstv. landbrh. þurfi einhvern tíma til þess að skoða aðstæður þegar komið er að málum með þeim hætti sem nú gerist þó að þau séu svo sem löngu kunn og hafi verið fyrirsjáanleg. Þeim sem fylgst hafa með málum ætti ekki að koma neitt á óvart í þessum efnum, allra síst þeim sem áttu aðild að síðustu ríkisstjórn eins og á við um meiri hluta þingmanna, stuðningsmanna núv. ríkisstjórnar. Engu að síður er það

eðlilegt að nýr ráðherra þurfi tíma til að meta stöðu mála og ég lýsi þess vegna stuðningi við það að sú frestunarheimild sem 3. gr. frv. felur í sér varðandi ákvörðun greiðslumarks fyrir verðlagsárið 1996–1997 verði veitt þannig að ekki komi til þess að það verði ákvarðað með miklum flötum niðurskurði strax á hausti komanda. Sérstaklega gerir maður það í trausti þess að vilji sé fyrir hendi til þess að taka á því vandamáli sem þar er á ferðinni.

Það verður að vísu um leið að átelja það mjög harðlega að síðasta hæstv. ríkisstjórn horfði á þessi vandamál hlaðast upp án þess að aðhafast nokkurn skapaðan hlut og skildi við málin í því óefni sem komið er.

Að öðru leyti er efni frv. fyrst og fremst það að veita heimild til verðjöfnunargjalda vegna sameiginlegra aðgerða í útflutningi ef ég hef skilið ákvæði 1. gr. rétt og má það sjálfsagt eðlilegt teljast einnig. Hitt væri náttúrlega miklu uppbyggilegra að hér gætu farið fram einhverjar umræður um þennan vanda, hinn efnislega vanda sem að baki liggur og hér lægi eitthvað fyrir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um þau mál og kemur nú hæstv. fyrrv. landbrh. í salinn. (**Samgrh.:** Og fyrrv. landbrh. stendur í stórræðum.) Og er þá orðið mikið af bæði fyrrv. og núv. landbúnaðarráðherrum þannig að það ætti að vera hægt að ræða þessi mál af einhverju viti. Ég tel ágætt að hæstv. fyrrv. landbrh. og núv. hæstv. samgrh. sé viðstaddur því að honum er málið skylt.

Staðreyndin er náttúrlega sú að hér er á ferðinni gífurlega erfitt vandamál sem hefur sársaukafullar afleiðingar úti í þjóðfélaginu fyrir fjölda manna og fjölskyldna. Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt að draga það inn í þessa umræðu að um leið og sölusamdráttur innan lands hefur skapað sauðfjárframleiðslunni mikinn vanda þá hefur hún sparað ríkissjóði peninga. Ég held að það sé rétt að það komi hér fram af því að síðasti hv. ræðumaður var að spyrja um útgjöld í þessu sambandi að það er öðru nær. Staðreyndin er sú að vegna eðlis búvörusamningsins sem tengir stuðning ríkisvaldsins við það magn sem selst á innlendum markaði þá hefur þessi sölusamdráttur haft í för með sér mikla lækkun á útgjöldum ríkissjóðs til sauðfjárræktarinnar. Ég benti á þetta á síðasta vetri og í fskj. með þáltill. þingflokks Alþb. um aðgerðir í landbúnaðarmálum er það reiknað út að miðað við spár sem þá lágu fyrir þá stefnir í að samdráttur í sölu kindakjöts á innlendum markaði umfram það sem forsendur búvörusamningsins gerðu ráð fyrir spari ríkissjóði á samningstímanum 1 milljarð kr. Sá sparnaður er þegar orðinn umtalsverður vegna áranna sem liðin eru. Þetta bætist við það að það standa upp á ríkið verulegar vanefndir á skuldbindingum samkvæmt þessum samningi og er ekki hægt að fjalla í öðru orðinu um mikinn vanda sauðfjárbænda en sleppa því í hinu orðinu að ríkið hefur ekki staðið við sinn hlut. Það hafa ekki verið lagðir þeir fjármunir í aðra atvinnuuppbyggingu í gegnum Byggðastofnun sem samningurinn kveður skýrt á um samkvæmt viðauka I og undirritað er af tveimur fyrrv. ráðherrum. Það hefur ekki verið sýndur litur á því að standa við það átak í landgræðslu og skógrækt sem bókun með samningnum gerði ráð fyrir og sérstaklega var ætlað til að skapa sveitafólki störf, ekki litur, ekki vottur. Ef eitthvað er þá hafa fjárveitingar til þess málaflokks tæplega haldið í horfinu undanfarin ár.

Ég tel þess vegna að hæstv. landbrh. verði að hafa þetta með í farteskinu svo óskemmtilegt sem það er. Hann tekur við þeim arfi frá forvera sínum að þarna er um verulegar vanefndir að ræða. Ég hef lýst þeirri skoðun minni áður að eðlilegt sé að horft sé til þeirra fjármuna sem reiknað var með að gengju til stuðnings sauðfjárræktinni í gegnum búvörusamninginn þegar hann var gerður en hafa núna sparast eða mundu sparast vegna minni sölu innan lands. Þar er á ferðinni milljarður króna og það má gera mikið fyrir slíka fjármuni og þó ekki væri nema einhvern hluta þeirrar upphæðar. Ég held að það hafi aldrei verið ætlunin og ekki verið í neins manns huga sem stóð að gerð búvörusamningsins á sínum tíma að gengið yrði lengra í samdrætti ríkisútgjalda gagnvart greininni en þar var áætlað. Ég minni á í þessu sambandi að búvörusamningurinn er að spara ríkissjóði núna milli 3 og 4 milljarða kr. á hverju ári miðað við útgjöldin eins og þau voru áður í gamla kerfinu. Það hefur engin ein aðgerð í ríkisfjármálum á síðari árum sparað ríkissjóði jafnmikla fjármuni. Þrátt fyrir allt talið um sparnað, aðhald og niðurskurð annars staðar þá er það staðreynd að engin ein aðgerð hefur náð jafnmiklum árangri í þeim efnum eða tekið ríkisútgjöldin jafnmikið niður og þessi samningur eða um fjárhæðir af þessari stærðargráðu og munar um minna. Menn geta þess vegna sett þetta í samhengi við rekstur grunnskólanna eða Ríkisspítalanna eða eitthvað því um líkt og sjá að þetta er fjárhæð af næstum svipaðri stærðargráðu.

Þess vegna finnst mér það þeim mun sjálfsagðari krafa að við samninginn sé að hinu leytinu til staðið af hálfu ríkisins og ég vona að hæstv. núv. landbrh. standi betur í ístaðinu en forveri hans hvað það snertir að brjóta ekki lög og svíkja ekki samninga á bændum með þessum hætti því að búvörusamningurinn hefur lagastoð og hefur verið fullgiltur með margvíslegum hætti hér í formi heimildarákvæða og lagabreytinga. (**EgJ:** Hann er skráður í búvörulögunum.) Já, þess þá heldur að vera ekki að brjóta hann, hv. þm. Egill á Seljavöllum, þar sem hann er skráður í búvörulögunum. Það er ekki rismikil frammistaða þeirra sem studdu síðustu hæstv. ríkisstjórn að væla um vandann á fundum en hafa sjálfir borið pólitíska ábyrgð á því í fjögur ár að þessi samningur hefur verið vanefndur. Menn geta sagt ýmislegt um hann, að hann sé landbúnaðinum erfiður og reynt að kenna honum um hluti eins og þá að neysla á kindakjöti hefur minnkað, sem er ekki merkileg röksemdafærsla að vísu. Ég veit ekki til þess að menn hafi almennt séð hætt við það að kaupa kindakjöt úti í búðunum af því að það er til einhver búvörusamningur. Ætli það sé nú svo? En þetta hefur svo sem verið reynt í pólitísku skyni og ýmsir sem þóttust ætla að slá keilur á því við næstsíðustu kosningar að vera á móti þessum samningi fengu síðan það hlutskipti að standa að framkvæmd hans í fjögur ár með þessum hætti eins og kunnugt er. En þess þá heldur að taka inn

í reikningana, taka inn í umræður um þessi mál stöðuna að þessu leyti, annað er ekki hægt.

Ég hlýt að lýsa hér eins og allir aðrir miklum vonbrigðum með það hvernig þessi þróun hefur orðið. Það er af tveimur ástæðum mjög óhagstætt hvernig það hefur gengið til. Annars vegar er ljóst að stórversnað atvinnuástand í landinu, tilkoma atvinnuleysisins í tíð fyrri ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, fyrsta ráðuneyti núv. hæstv. forsrh., hafði auðvitað afgerandi áhrif á þá aðlögun sem menn höfðu bundið vonir við að yrðu í framleiðslunni vegna þess að bændur áttu ekki að neinu öðru að hverfa frekar en aðrir yfirleitt sem hefðu ella haft hug á því að skipta um atvinnu og urðu að reyna að hanga á þeim framleiðslurétti sem þeir þó höfðu eftir. Og það er enginn vafi á því að þessar óhagstæðu aðstæður og tilkoma atvinnuleysisins hafði mikil áhrif á það að þróunin varð óhagstæðari og öðruvísi en vonir höfðu staðið til.

Hins vegar er svo þessi mikli sölusamdráttur á innanlandsmarkaði þvert ofan í það sem menn höfðu bundið vonir við, að sú kerfisbreyting að hætta að láta ríkið bera ábyrgð á sölunni heldur framleiðendurna og vinnsluaðilana mundi hafa í för með sér örvandi áhrif á aðgerðir framleiðenda og úrvinnsluaðila til að auka söluna vegna þess að þar með væru þeirra hagsmunir orðnir algerlega bundnir við það að varan seldist, en það hefur því miður ekki gengið eftir. Um gamla kerfið þarf ekki að ræða. Það var gersamlega dauðadæmt að þeir sem stunduðu framleiðslustarfsemi væru svo algerlega teknir úr samhengi við gengi vörunnar úti á markaðnum eins og gamla fyrirkomulagið var. Ríkið ábyrgðist fullt verð fyrir tiltekið magn algerlega burt séð frá því hvort það seldist eða seldist ekki og það var löngu tímabært að afnema það. Vonir voru vissulega bundnar við það að með þessari kerfisbreytingu, að færa þetta yfir í eðlilegt horf, væri salan þar með á ábyrgð þeirra sem framleiðsluna stunda og/eða vinna við að vinna úr og dreifa og selja vöruna en þær vonir hafa ekki ræst, a.m.k. ekki að þessu leyti að orðið hefur mikill samdráttur í sölu kindakjöts eftir tímabil í aðdraganda búvörusamningsins þegar salan var tiltölulega stöðug eða 8.000–8.600 tonn og hélst í þeim mörkum samfellt í þrjú ár í aðdraganda búvörusamningsins.

Síðan hefur þetta verið mjög óhagstæð þróun og ég sé í fskj. með frv. að þar er spáð enn meiri sölusamdrætti en spá Framleiðsluráðs gerði ráð fyrir sem var lögð til grundvallar útreikningum í tillögu þingflokks Alþb. um aðgerðir í landbúnaðarmálum á sl. vetri. Þar var þó ekki verið að tala um að salan færi neðar en í 7.000 tonn á árinu 1997 og 7.200 á árinu 1996. En hér eru sýndar tölur á verðlagsárinu 1996–1997 og 1997–1998 upp á 6.700 og 6.500 tonn sem eru í raun og veru ekkert annað en hrun að þessu leyti. Það þýðir hins vegar að útreikningar okkar á því hversu mikið sölusamdrátturinn sé að spara ríkissjóði er vanmat og það stefnir í að ríkissjóður spari enn meiri peninga en ella og þá væntanlega eitthvað á annan milljarð kr. frá því sem forsendur búvörusamningsins gerðu ráð fyrir. Þegar menn ræða um spurninguna um útgjöld eða ekki útgjöld í þessu sambandi þá er rétt að hafa þessar stærðir í huga.

Það er ekki svo eins og stundum hefur heyrst að haldið sé fram, t.d. á fundum á Austurlandi, að búvörusamningurinn bindi hendur ríkisstjórnar gagnvart því að grípa til ráðstafana til stuðnings bændum. Það er ekki svo. Fyrir það fyrsta er það þannig að lögum er hægt að breyta. Í öðru lagi stendur hvergi í búvörusamningnum að ríkisstjórnin megi ekki vera betri við bændur heldur en þar greinir. Það er ekki bannað að víkja einhverju góðu að landbúnaðinum umfram það sem ríkið er samningsbundið til í búvörusamningnum. Það er nefnilega ekki svo. Góðsemi og greiðasemi er ekki bönnuð í búvörusamningnum eins og sumir virðast halda.

En fyrst er ástæða til að efna hann. Fyrst er ástæða til að svíkja ekki það sem þar er samið um vegna þess að landbúnaðurinn hefur staðið við sitt sem hefur verið sársaukafullt eins og kunnugt er. Þar hefur verið reynt að hagræða, þar hefur verið náð tökum á framleiðslunni og þar er horfin sú offramleiðsla sem áður var. Menn hafa sætt sig við það að Ísland er eitt fárra ríkja í heiminum sem hefur hætt með öllu að greiða útflutningsuppbætur. Við höfum algerlega horfið frá því og höfum að því leyti til einhliða og fyrir fram uppfyllt, og miklu meira en uppfyllt, okkar skuldbindingar samkvæmt GATT-samningunum að því leyti. Það er því ekki svo að það standi að mínu mati upp á landbúnaðinn í þessum efnum og hann hafi ekki axlað sínar byrðar og staðið við sitt. Það hefur hann fullkomlega gert og þrátt fyrir það að aðstæður til þess hafa verið miklu erfiðari en menn vonuðu vegna þess að aðrir atvinnumöguleikar hafa ekki verið fyrir hendi, kaupmáttarstigið í landinu hefur farið lækkandi og það á sinn þátt í minni neyslu eins og allir hljóta að sjá og skilja. Það hefur jafnan verið svo að þegar kaupmáttur hefur lækkað í landinu þá hefur dregið úr sölu á dýrari hluta neysluvörunnar og hluti búvörunnar er þar með talinn þannig að það er í sjálfu sér ekkert nýtt eða neitt sem ætti að koma mönnum á óvart.

Ég tel óhjákvæmilegt að grípa til víðtækra ráðstafana og þingflokkur Alþb. mótaði á sl. vetri stefnu í þeim efnum. Við lögðum til í þáltill. að gripið yrði til fjórþættra aðgerða: Í fyrsta lagi að gerð yrði tímasett áætlun um það hvernig staðið yrði að málum landbúnaðarins út það sem eftir lifir gildistíma núverandi búvörusamnings, þar með talið hvernig yrði tryggt að við hann yrði staðið og að fyrirheit og skuldbindingar í samningnum yrðu efnd á samningstímanum. Til þess þarf að verja á því sem eftir lifir samningstímans a.m.k. 300 millj. kr. í framlögum til Byggðastofnunar til atvinnusköpunar í sveitum og í sauðfjárræktarhéruðum og til þess þarf að gera stórátak í landgræðslu og skógrækt eða á því sviði og að bændum eða fólki í sveitum verði veittur forgangur að störfum sem við það verkefni skapast. Um það er fjallað í búvörusamningnum.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að gera tillögur um stuðning við hinar hefðbundnu greinar og þá sérstaklega sauðfjárræktina. Þar er eðlilegt að horft sé til

þeirra fjármuna sem að óbreyttu sparast vegna minni sölu á innanlandsmarkaði en búvörusamningurinn gerði ráð fyrir. Mér finnst það eðlilegt að samningsaðilar taki slíkt mál upp til viðræðna þegar forsendur breytast eins og þar hefur gerst. Það var ekki ætlunin, það var ekki í neins manns huga, eins og ég hef sagt, að ríkið sparaði þarna mikla viðbótarfjármuni vegna þess að mun minni sala yrði á ferðinni en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Inn í þær viðræður er eðlilegt að taka spurninguna um það hvort breyta eigi þessu fyrirkomulagi og klippa a.m.k. að einhverju leyti á tengingu stuðningsins við söluna á innanlandsmarkaði, þ.e. að hverfa í einhverjum mæli frá því fyrirkomulagi, til að mynda gagnvart sauðfjárræktinni, að minni sala þýði sjálfkrafa minni stuðning við greinina eins og var frá þessu gengið. Mér er fullljóst að í ljósi þessara breyttu forsendna er óhjákvæmilegt að skoða það mál þó að það sé að mínu mati markmið og keppikefli að stuðningurinn verði a.m.k. að hluta til áfram á því formi að hann sé stuðningur við raunverulega framleiðslu, við raunveruleg umsvif í greininni en ekki bara föst greiðsla óháð því hvort menn séu að stunda atvinnustarfsemi á þessu sviði.

Í þriðja lagi er óhjákvæmilegt að okkar mati að gera ítarlega úttekt á starfsskilyrðum og samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar í ljósi þeirra miklu breytinga sem hann hefur gengið í gegnum, bæði af innlendum orsökum og vegna þeirra alþjóðasamninga sem við höfum á skömmum tíma gerst aðilar að og koma væntanlega til með að hafa mikil áhrif á starfsumhverfi landbúnaðarins. Er þá átt við bæði viðaukann við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, sem varðar landbúnað, og GATT-samningana.

Í fjórða og síðasta lagi er að okkar mati nauðsynlegt að hefja þegar undirbúning að mótun landbúnaðarstefnu til næstu ára og það hefur hæstv. landbrh. reyndar upplýst að standi til og sé þegar í undirbúningi með upptöku viðræðna við Bændasamtökin. Auðvitað er furðulegt að slíkar viðræður skyldu ekki vera í gangi á síðari hluta síðasta kjörtímabils og enn eitt dæmi um sinnuleysi þeirrar ríkisstjórnar í þessum málum að ekkert talsamband skyldi í raun og veru vera á milli bændastéttarinnar og landbúnaðarins í landinu annars vegar og forsvarsmanna þeirrar ríkisstjórnar í málefnum landbúnaðarins. Auðvitað hefðu þær viðræður átt að vera komnar í gang þó ekki væri nema vegna þess að þá var samningstími búvörusamningsins hálfnaður en einnig vegna þess að forsendur höfðu breyst eins og hér hefur verið farið yfir.

Þessa fjórþættu áætlun teljum við mikilvægt að setja í gang og kæmi auðvitað til greina af okkar hálfu að endurflytja tillögur okkar í þeim efnum en okkur fannst eðlilegt að beðið yrði með það að hæstv. núv. og nýskipaður landbrh. sýndi á spilin í þessum efnum og fram kæmi hvað væri á dagskrá af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur komið fram að það er verið að byrja að vinna að þessum málum. Tíminn er ekki mikill til þess að taka á þessu og er ákaflega nauðsynlegt að unnið verði ötullega að þessu starfi.

Það er afar óhagstætt til að mynda að þurfa að fresta jafnlengi og hér er lagt til ákvörðun um greiðslumark á verðlagsárinu 1996–1997, færa þá ákvörðun langt aftur fyrir næstu sláturtíð því að þeir sem hafa svolitla nasasjón af framleiðsluferlinu í landbúnaði vita að það er langt og stofnað er til tilkostnaðar vegna framleiðslu jafnvel einu og hálfu ári áður en hún fellur til í þessu tilviki. Þess vegna hefðu bændur þurft að vita hvað er í vændum á þessu verðlagsári þegar þeir taka ákvörðun um ásetning sinn á komandi hausti. Sennilega er það samt betri kostur að fresta ákvörðuninni en að láta hana ganga yfir að óbreyttum aðstæðum. Því er ekki um annað að ræða vegna aðstæðna í málinu en að styðja það.

Herra forseti, ég hef lokið máli mínu.

[14:03]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Landbn. Alþingis óskaði eftir því við Ríkisendurskoðun að hún gerði úttekt á búvörusamningnum og framkvæmd hans. Það verk var unnið fyrir landbn. og birt í þskj. árið 1993. Þar kemur fram, og beini ég því m.a. til hæstv. landbrh., að um tiltekin atriði sé ágreiningur á milli samningsaðila, ríkisins og bændasamtakanna, um það hvernig beri með að fara. Þar er sérstaklega átt við bókun 2 í þeim efnum sem síðasti ræðumaður minntist á hér áðan. Ég held að það liggi í hlutarins eðli að nú við endurskoðun á þessum samningi verði leitað leiða til að komast að samkomulagi um það hvernig beri að fá niðurstöðu í þeim efnum sem ágreiningur er um því að enn hafa menn ekki notað sér það ákvæði samningsins að vísa til æðri dómstóla ef um vanefndir er að ræða. Það skulu menn athuga að í samningnum er ákvæði sem veitir mönnum rétt til þess. Það hafa menn ekki enn þá notfært sér. Ég kannast satt að segja ekki við það að því hafi verið mikið haldið fram af bændasamtökunum að um vanefndir hafi verið að ræða hjá fyrrv. ríkisstjórn og að minnsta kosti var ekki undir það tekið á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem var haldinn í ágústmánuði sl., að taka upp endurskoðun á vissum þáttum búvörusamningsins eins og tillögur lágu þá fyrir um frá síðasta landbrh.

[14:06]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað þannig að þegar samningur er til sjö ára og hann felur í sér tiltekna efnislega hluti eins og t.d. stuðning í krónum eða milljónum eða hundruðum milljóna á þeim samningstíma, þá er túlkunaratriði hvort það beri að líta svo á að það sé ekki vanefnd á samningnum fyrr en það verður ljóst á síðustu mínútu samningstímans að ekki eigi að standa við þessa greiðslu. En ætli það liggi ekki nokkuð í hlutarins eðli að tortryggni vakni um að svo sé þegar samningstíminn er meira en hálfnaður og ekkert bólar á efndum á viðamiklum þáttum af þessu tagi. Er t.d. líklegt að ríkið verði svo rausnarlegt að leggja til 2 milljarða í átak í landgræðslu og skógrækt á síðasta ári samningstímans? Er það trúverðugt ef það leggur ekki eina einustu krónu fyrstu sex árin? Ætli það sé ekki þannig að þá megi fara að halda því fram með miklum rökum þegar samningstíminn er hálfnaður og ekk-

ert bólar á efndum af þessu tagi að þar sé að stefna í stórfelldar vanefndir. Bændur sem annar viðsemjandinn eru hins vegar í þeirri vandasömu stöðu út af fyrir sig að meta hvort og þá hvenær það þjóni betur þeirra hagsmunum að leita til dómstóla eða til úrskurðar gerðardóms en að reyna að ná viðsemjanda sínum á sanngjörnum nótum til þess að standa við sitt. Út af fyrir sig er alveg hægt að skilja tregðu þeirra til þess eða hik að beita slíkum aðgerðum. En auðvitað eiga menn fyrst og fremst að leysa svona mál með viðræðum og þá samningum og samningsviðaukum ef svo ber undir.

En varðandi til að mynda fjárveitingarnar til Byggðastofnunar er alveg ljóst að þar eru á ferðinni vanefndir. Það stefndi í stórfelldar vanefndir því samkvæmt öllum venjum mundu menn túlka það sem skuldbindingu um að leggja þeirri stofnun til fé með eðlilegum hætti á samningstímanum til þeirra verkefna sem henni var ætlað að sinna. Það liggur því alveg ljóst fyrir. Til viðbótar eru svo þeir hlutir sem ég hef nefnt um þá fjármuni sem ríkissjóður er að spara vegna breyttra forsendna og að mínu mati er alveg jafneðlilegt að samningsaðilarnir ræði um eins og hina beinu samningsbundnu þætti.

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Eins og hv. þm. er kunnugt hefur verið boðað að fundinum verði senn lokið og nýr fundur settur og leitað afbrigða um tvö mál sem þurfa að komast til meðferðar. Það mál sem er nú til umræðu er ekki á dagskrá næsta fundar þannig að ég vildi freista þess að ljúka umræðunni áður en nýr fundur verður settur í trausti þess að umræðan dragist ekki nema stutta stund.

[14:09]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur orðið um frv. og reyndar ummæli þeirra hv. þm. sem tekið hafa til máls sem hafa lýst því yfir að við mikinn vanda sé að glíma sem nauðsynlegt sé að bregðast við og það kunni því að vera nauðsynlegt að samþykkja frv. eða a.m.k. 3. gr. þess sem fjallar um frestun á ákvörðun heildargreiðslumarks.

Mig langar í upphafi að víkja aðeins að máli hv. 13. þm. Reykv. sem fjallaði einnig um 1. gr. og spurði um þýðingu hennar. Út af því sem hér hefur farið fram í umræðunni vil ég segja að kannski er 3. gr. í raun sú mikilvægasta. Það er sú grein sem ég legg megináherslu á að þingið samþykki ef nokkur kostur er til þess að skapa það svigrúm sem ég hef verið að gera grein fyrir og aðrir hv. þm. hafa tekið undir. En varðandi 1. gr. er hún líka til þess að bæta kjör bænda. Hún hefur ekki þau áhrif að hún þýði aukin útgjöld eða dragi úr þeim fjármunum sem bændur fá fyrir vöru sína heldur er fyrst og fremst um að ræða verðmiðlun eins og greinin kveður reyndar á um. Þó að ég hafi því miður ekki þá upphæð sem gæti verið um að ræða í heildina vegna þess að það er mjög erfitt að reikna hana út eða finna hana fyrir fram þá mætti auðvitað sjá hver hún hefði verið miðað við eitt eða tvö seinustu ár. Árið 1993 var útflutningurinn um 900 tonn og 1994 um 1.100. Síðan mætti sjá, sem ég hef því miður ekki gögn um hér, hve mikið var flutt út af þessu á ákveðnum verðum. Ég hef þó upplýsingar um að verðin sveifluðust frá um 110–120 kr. á kíló upp í 200, 300 eða jafnvel 400 kr., 416 kr., á örfáum tonnum sem flutt voru til Belgíu, reyndar því miður ekki nema 7 tonn. En t.d. voru flutt 200 tonn til Japans árið 1993 og fengust ekki nema 113 kr. fyrir kílóið og 1994 voru flutt þangað 124 tonn og fengust ekki nema 101 kr. fyrir kílóið.

Þetta er vandinn sem við erum að tala um. Greinin raunverulega felur í sér að í fyrsta lagi þurfi ekki allar afurðastöðvar að vera útflutningsstöðvar. Það sé nóg að það séu, tvær, fjórar, fimm stöðvar þannig að hægt sé að miðla verðinu á milli þrátt fyrir það til að sú krafa komi ekki upp að hvert einasta sláturhús sé löggilt til þess að verða útflutningshús. Hins vegar það að sá sem flytur út úr sláturhúsi sínu 100 tonn til Japans fyrir 100 kr. og sá bóndi sem fær það skilagjald eigi möguleika á einhverri verðmiðlun frá þeim aðila sem flytur út fyrir 400 kr. vegna þess að annars er mjög mikill mismunur á því hvað hver og einn bóndi fær fyrir kjöt sitt.

Þetta er hugsunin í greininni. Út af fyrir sig er talað um það að ráðherra setji nánari reglur um innheimtu og ráðstöfun og þetta er hámark sem talað er um hér, 10%, það gæti verið lægri tala eftir því hvernig málin þróast. Auðvitað á ég ekki von á því að menn nái nokkurn tímann fullkominni miðlun þannig að það verði eitt verð sem gengur til allra. Auðvitað getur þetta eftir sem áður verið eitthvað misjafnt en það sé möguleiki á miðlun þarna á milli. Ég vona að þetta hafi svarað fyrstu spurningunni um 1. gr.

Varðandi 3. gr. koma miklu viðameiri spurningar. Þar er spurt um hvaða áhrif þetta kunni að hafa á greiðslumarkið. Hvert verði endanlegt greiðslumark? Í fyrsta lagi, ef ég skildi spurninguna, af því að nú á að taka tillit til neyslu síðasta árs og að hluta til yfirstandandi árs og það er einmitt það sem við erum að biðja um, að fá ofurlítið meira svigrúm til þess að ákveða hvernig á að taka þessa ákvörðun og hvernig hún eigi að hljóða. Á endilega að halda sig við þetta óbreytta kerfi? Ef við fáum frestun, þ.e. að þurfa ekki að taka þessa ákvörðun núna — ég svara kannski að hluta til spurningum hv. 4. þm. Norðurl. e. líka — ef við fáum frestun og þurfum ekki endilega að taka þessa ákvörðun fyrir 15. september þá gætum við hugsanlega verið að fara inn í eitthvert annað kerfi sem miðar ekki við það sem nú ríkir. Um það er of snemmt að segja vegna þess að við erum að hefja þessar viðræður um breytt form. Ég segi hugsanlega breytt form, e.t.v. óbreytt ef menn ná ekki samkomulagi um neitt þá hafa menn þó þennan samning og gætu staðið frammi fyrir því að ákveða greiðslumarkið þó síðar yrði með sömu aðferð og gildir í dag. En við erum að biðja um svigrúm og þá líka að geta teygt það fram á næsta þing.

Ég vil þá líka grípa hér inn í og svara — ég held að tveir hv. þm. hafi spurt: Þarf þetta að vera svona lang-

ur frestur, fram til 1. mars? Ég tel í rauninni að það sé ekki nauðsynlegt. Þetta gæti þess vegna verið um eða upp úr áramótum þegar fjárlagaforsendur liggja fyrir, þegar tími hefur unnist til þess að koma breytingum á búvörulögunum í gegn á haustþingi ef þörf verður á eins og hv. þm. hafa bent á. En 1. mars er kannski fundinn þannig að það eru auðvitað eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. benti á ákveðnir vendipunktar í framleiðslu sauðfjárræktarinnar. Það er sláturtíðin, það er t.d. áburðargjöfin, það er að sjálfsögðu heyskapur og nokkrir slíkir þættir sem ráða úrslitum og 1. mars er ákveðinn að hluta til fyrir það að þá eru menn e.t.v. að taka ákvarðanir um áburðargjöf, áburðarkaup, svo það var sá tími sem fundinn var en hann getur alveg eins verið 1. janúar eða 1. febrúar. Það er ekki aðalmálið. Þessi athugun hefði þurft að vera komin lengra, en svo er ekki og frammi fyrir þeim vanda stöndum við.

Hv. 13. þm. Reykv. spurði einnig um áhrif á ríkissjóð. Eins og frv. lítur út eru í raun engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs fólgin í því. Ekki með svona ákvörðun einni sér og breytir engu um það að gefa þennan frest, gefa þetta svigrúm til nýrra samninga en nýir samningar geta síðan haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs til eða frá. Um það get ég ekki sagt og ætla ekki að segja á þessu stigi annað en að ég minni á að það er fyrirheit ríkisstjórnarinnar eins og reyndar fyrri ríkisstjórna að reyna að draga úr ríkisútgjöldum og reyna að ná hallalausum fjárlögum þannig að glíman verður vafalaust erfið.

Að lokum spurði hv. þm. hverjir væru þátttakendur í endurskoðuninni. Á þessu stigi er það fyrst og fremst samninganefnd sem bændasamtökin hafa tilnefnt og fulltrúar þriggja ráðuneyta. Það eru ekki fulltrúar hinna pólitísku flokka, þ.e. ekki einu sinni stjórnarflokkanna, hvað þá stjórnarandstöðunnar, en ég get vel hugsað mér að taka til vinsamlegrar athugunar hugmyndir hv. þm. um að fulltrúar stjórnmálaflokkanna fái að fylgjast með þessu, hvernig þeirri vinnu vindur fram þegar meira er hægt um það að segja.

Þá vil ég aðeins koma að spurningum hv. 14. þm. Reykv. sem spurði: Hvernig standa málin, hvað er í gangi? Við erum búin að halda þrjá fundi, held ég, það er því miður ekki meira en það þannig að þetta gengur auðvitað of hægt miðað við hvað tíminn flýgur áfram og nauðsynlegt er að taka nú þegar á málum sem varða haustið. Það þarf að liggja fyrir sem allra, allra fyrst en síðan er líka verið að reyna að móta stefnuna til lengri tíma. Auðvitað eru stjórnvöld ofurlítið treg að segja við skulum gera þetta eða við skulum gera hitt í bráðavanda haustsins ef í því felst ekki einhver stefnumótun til lengri tíma þannig að menn standi ekki frammi fyrir því haust eftir haust að þurfa að leysa bráðavandann. Auðvitað þarf að líta lengra.

Orsakir breytinganna og samdráttarins væri hægt að ræða líka í löngu máli en tímans vegna er það varla hægt en eins og hv. 14. þm. Reykv. benti á er þessi flati niðurskurður, sem gripið hefur verið til, ein ástæðan . Ég vil skoða aðrar leiðir í því, ég vil skoða möguleikann á því að beitt sé svæðisbundnum aðgerðum. Byggðastofnun hefur komið að þessu máli og er að vinna með samninganefndinni að hugmyndum sem lúta t.d. að því. Meginástæðan er þó kannski neyslubreytingarnar og það er ekki bara neyslubreyting á sauðfjárafurðum, það er líka samdráttur í heildarkjötneyslunni. Samdrátturinn er í neyslu allra kjöttegunda ef við lítum á það sem heild, að vísu misjafnt aðeins innbyrðis þó að kindakjötið hafi því miður dregist mest saman. Ég held nærri því að það sé að verða að einhverri grýlu sem hefur verið byggð upp í samfélaginu og í umræðunni vegna þess að ef við förum út í verslun sjáum við að það er oft hægt að gera góð kaup í kindakjötinu ekki síður en öðrum kjöttegundum og ég hygg að það sé ekki alltaf dýrasta kjötið. Það er eitthvað annað sem ræður neyslubreytingunni.

Hvað er til ráða? Auðvitað er atvinnuástandið í þjóðfélaginu það sem þarf fyrst að takast á við, þ.e. menn eigi kost á atvinnu og geti breytt til. Það sem hefur valdið erfiðleikum að undanförnu er að menn hafa ekki átt kost á því að fara í aðrar atvinnugreinar. En ég hygg að það sem snýr beint að landbúnaðinum, ef menn eru að tala um innan landbúnaðargeirans sérstaklega, þá þurfi í viðbót við það sem hefur þó verið að þróast í ferðaþjónustunni og hefur verið mikilvæg aðstoð. Það leysir þó ekki allan vanda. Ekki geta allir bændur farið í ferðaþjónustuna. Enda þótt menn hafi talað um fiskeldi sem eitthvað algjörlega óalandi og óferjandi ættu allir Íslendingar að vita það eins og aðrar þjóðir að fiskeldi á framtíð fyrir sér og er mikilvægur atvinnuvegur nú þegar víða um lönd og hlýtur að verða það hér einnig þó það þurfi sinn tíma til þess að rétta úr kútnum aftur. En það sem snýr þó kannski beint að landbúnaðinum er gróðurverndarmálin, landvarslan, hvers konar landgæsla og skógrækt eins og berlega kom fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. Varðandi ræðu hans vil ég kannski fyrst segja að ég hef ekki áhuga á því að brjóta lög eða svíkja samninga en það getur verið erfitt fyrir mig að standa við alla samninga sem aðrir hafa brotið. Þar er erfitt að eiga nú á skömmum tíma að rétta kúrsinn, ef það má nota það slæma orðalag, og bregðast við þeim vanefndum sem kunna að hafa verið en ég ætla ekki að tíunda hér á þessu stigi. Ég hef ekki farið yfir það eða skoðað það sérstaklega en það verður vafalaust eitt af því sem þarf að skoða í þessum samningum við bændastéttina.

Ég vil árétta það með hv. þm. að líklega er engin starfsemi eða enginn þáttur í ríkisútgjöldum sem hefur dregist meira saman á undanförnum árum en stuðningurinn við landbúnaðinn og það eru fyrst og fremst útflutningsbæturnar og svo samdrátturinn í neyslunni sem hefur valdið því. Þess vegna er alveg óhætt að segja að landbúnaðurinn er a.m.k. búinn að leggja mikið af mörkum hvort sem það er komið að því að menn geti sagt að hann hafi lagt sitt af mörkum og eigi ekki að leggja meira af mörkum en hann hefur að minnsta kosti lagt mikið af mörkum og yfir það verður ekki strikað.

Hv. þm. nefndi síðan nokkur atriði sem hann og flokkur hans hefði lagt til og sumt af því er þegar í athugun, við erum að hefja þessa stefnumótun. Ég er sammála honum um það að hún hefði þurft að vera

farin í gang fyrr og þarf að gefa sem fyrst einhverja lýsingu á því hvert stefnir, hvernig menn sjá þennan landbúnað fyrir sér á næstu árum. Því miður er mikil óvissa fram undan m.a. vegna GATT-samninganna, sem við erum nú að ganga frá, og ýmislegt fleira sem inn í það spilar sem erfitt er að sjá fyrir. Við verðum að reyna að gera okkar besta til þess að móta stefnu sem menn geta búið við og þessi samkeppnisskilyrði og samkeppnisstaða greinarinnar kemur auðvitað þar sterklega til athugunar.

Ég legg aftur áherslu á það sem ég nefndi áðan og kom fram í máli hv. þm. að stuðningur við landgræðslu og skógrækt er auðvitað líka stuðningur við landbúnaðinn í heild og því betur er það svo að þær stofnanir landbúnaðarins hafa á undanförnum árum gert samninga og átt gott samstarf við bændur og ég vona að framhald verði á slíku samstarfi báðum til gagns.

Einhver hv. þm. spurði hvert stefndi í líklegu greiðslumarki á næsta ári að öllu óbreyttu — það hefur líklega verið hv. 13. þm. Reykv. Því miður er útlit fyrir að það gæti farið niður fyrir 7.000 tonn. Það er sjálfsagt gott ef það verður eitthvað yfir því en það er a.m.k. eins og við sjáum komið langt frá þeim 8.150 tonnum sem samningurinn gekk út frá í upphafi.

**Útbýting þingskjala:**

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 30. mál, nál. sjútvn., þskj. 66.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 29. mál, nál. sjútvn., þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 1., 4. og 5. mál.

Fundi slitið kl. 14:27.

---

## 18. FUNDUR

föstudaginn 9. júní,
að loknum 17. fundi.

**Dagskrá:**

1. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 29. mál, þskj. 33, nál. 65. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 30. mál, þskj. 34, nál. 66. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

3. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 47, 50 og 63, brtt. 48. — 2. umr.

4. Gjald af áfengi, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 49, 51 og 64. — 2. umr.

5. Áfengislög, stjfrv., 6. mál, þskj. 6, nál. 45, 58 og 59, brtt. 46. — Frh. 2. umr.

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]

Of skammt liðið frá útbýtingu nál. í 1. og 2. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

### *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.*

Stjfrv., 29. mál (gjaldskylda krókabáta o.fl.). — Þskj. 33, nál. 65.

[14:29]

**Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. sjútvn. sem liggur fyrir á þskj. 65.

Nefndin hefur rætt málið og fengið á sinn fund þá sem þar eru nefndir og leggur til eina breytingu við frv., sem birtist í þskj., um að við bætist nýtt bráðabirgðaákvæði sem þar er prentað.

Herra forseti. Ég hef ekki frekar að segja um málið en aðrir þingmenn munu væntanlega gera grein fyrir fyrirvörum sínum við það.

[14:30]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég rita undir nál. sjútvn. með fyrirvara ásamt með fleiri hv. þm. stjórnarandstöðunnar í nefndinni. Sá fyrirvari tengist öðrum þræði afstöðu okkar til frv. hæstv. ríkisstjórnar um málefni sjávarútvegsins sem eru til umfjöllunar og þá einkum og sér í lagi í þessu tilviki þeim þætti þeirra frv. sem lúta að úreldingu á smábátum. Eins og kunnugt er er gert ráð fyrir því í frv. að taka krókaleyfisbáta inn í úreldingarkerfið með því að þeir taki til við að borga gjöld í sjóðinn eins og önnur fiskiskip og eigendur þeirra njóti í staðinn sambærilegs réttar til úreldingar og í öðrum tilvikum.

Það má teljast eðlilegt sjónarmið að sama gildi um allan flotann að þessu leyti en þó verður svo ekki því samkvæmt ákvæðum í frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þá skulu gilda tvöfalt strangari reglur um endurnýjun smábáta þannig að að sjálfsögðu verða ekki sambærilegar reglur að öllu leyti þegar menn bera saman þá kosti sem þeim standa til boða, annars vegar endurnýjun í nýtt skip og hins vegar þann kost að hverfa úr útgerð og eiga þá viðskipti við Þróunarsjóðinn svokallaða sem kaupir þau skip út úr veiðum sem ætla að hætta útgerð.

Við teljum ástæðu til að athuga betur hvaða reglur eigi að gilda um úreldingar eða endurnýjunarmálefni krókaleyfisbátanna að þessu leyti. Það á líka við um innkomu þeirra í Þróunarsjóðinn og okkar fyrirvari er

að nokkru leyti tengdur afstöðu okkar til frv. í heild sinni og í þessu samhengi.

Að hinu leytinu til, hæstv. forseti, vil ég lýsa fyrirvara á um frágang málsins í 5. gr. frv. en þar eru lagamörkin sett og segir þar, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. skulu þó eingöngu taka til styrkloforða sem gefin verða út eftir gildistöku laganna."

Þetta þýðir á mannamáli að ákvæði 4. gr. fela í sér þá grundvallarstefnubreytingu að nú verður ekki frá og með þessu nauðsynlegt að eyðileggja þau skip sem úrelt verða og koma þeim niður á hafsbotn eða á áramótabrennur eða út úr landinu eins og verið hefur. En svo mikið lá við þegar ákvæðin um Þróunarsjóðinn voru sett á sínum tíma að það átti með öllum tiltækum ráðum að afmá fleyturnar af yfirborði jarðar, a.m.k. skyldu þær hvergi finnast innan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Þess vegna hefur sú iðja verið í gangi undanfarin ár að bátar og skip sem fengið hafa úreldingarstyrki og horfið þar með út úr fiskiskipaflotanum hafa verið brotin í spón, borin á bál, söguð í sundur, þeim hefur verið sökkt eða þau flutt út úr landinu.

Þetta hafa margir gagnrýnt á undanförnum árum af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi sem hreina sóun á verðmætum. Í öðru lagi væru í sumum tilvikum þjóðminjar að fara forgörðum þar sem verið væri að eyðileggja ákveðna þætti í okkar útgerðarsögu og afmá þá efnislega. Í þriðja lagi færi þarna forgörðum möguleikar til að nýta þessi tæki til annarrar atvinnustarfsemi svo sem í ferðaþjónustu eða til sportveiðimennsku eða einfaldlega til tómstundaiðkana og yndisauka mönnum. Á þetta hefur ekki verið mikið hlustað og svo meira en það, á sl. vetri flutti hæstv. sjútvrh. frv. um að loka hugsanlegum smugum sem einhverjar fleytur af þessu tagi gætu átt aftur inn í landhelgina. Mönnum hafði borist sú óhæfa til eyrna að einhverjir kynnu að hafa selt skip úr landi og hygðust hugsanlega flytja þau aftur inn í landið og fyrir það þyrfti að girða með því að um aldur og ævi væri óhugsandi að þessi skip kæmu inn í landhelgina.

En nú er aldeilis brotið í blað því 4. gr. frv. gerir ráð fyrir því að gerbreytt sé um stefnu í þessum efnum, 180 gráður, og nú verði það sem sagt bara heimilt og frjálst sem áður var algjörlega bannað og mikið lá við að framfylgja að væri bannað. Frá og með gildistöku laga þessara verður ekki nauðsynlegt að eyðileggja báta heldur má skrá þá sem skip í íslenska flotanum en án veiðileyfa, án leyfa til að stunda veiðar í atvinnuskyni í íslensku efnahagslögsögunni sem eðlilegt er og allan tímann átti náttúrlega að vera. Auðvitað var þetta ofstæki alveg út yfir allan þjófabálk og ekkert því til fyrirstöðu að ganga frá þessu máli eins og öðrum sambærilegum þannig að til að mynda væri þinglýst kvöð á bátunum um að þeir yrðu aldrei framar notaðir til veiða í atvinnuskyni. Þó má auðvitað spyrja hvort ástæða hefði verið til að hafa svo mikið við því ósköp einfaldlega hefði átt að vera fullnægjandi að slík skip hefðu ekki veiðileyfi og væru þar með utan fiskveiðilöggjafarinnar og þess grunns sem veiðar í atvinnuskyni grundvallast á.

Á það var bent og ég man að ég benti á það í ræðum á fyrri þingum að þetta mætti leysa með mjög sambærilegum hætti og hefur verið gert í öðrum úreldingartilvikum. Til að mynda þegar sláturhús hafa verið úrelt og í það notað fé úr sameiginlegum sjóðum þá hefur verið farin sú einfalda leið að það er þinglýst kvöð á húsnæðið um að það verði ekki notað til sömu atvinnustarfsemi. En það er að sjálfsögðu heimilt að nýta það húsnæði til annars og eru mörg ágæt dæmi um það þó það frægasta sé sennilega sláturhúsið á Dalvík því í því húsnæði er nú rekin einhver fullkomnasta neytendapakkningafullvinnslulína í landinu en á því er að vísu sú kvöð að þar megi ekki taka til við að slátra kindum og kálfum á nýjan leik og er sennilega ekki á dagskrá.

Alveg eins á þetta að vera með smábátana enda er það loksins lagt hér til og því ber auðvitað að fagna. En þá er valið að gera það þannig, og það er að mínu mati gagnrýni vert, að það tekur eingöngu til þeirra sem fá úreldingarstyrki eða loforð um þá eftir gildistöku laganna. Með öðrum orðum tekur það ekki til þeirra sem þegar hafa fengið loforð eða fengið útgreidda styrki en eiga eftir sem áður enn óeyðilagða báta, ef svo má að orði komast. Þeir verða annað tveggja að brjóta sín skip eftir sem áður eða sækja um til sjóðsins á nýjan leik en þá fylgir sá böggull skammrifi að sé um að ræða skip sem fengu loforð fyrir síðustu áramót þá lækkar verulega sú upphæð sem eigendur þeirra frá greidd. Það getur orðið allt að 20%, að mér skilst, vegna þess að þar hefur margt gerst í senn. Í fyrsta lagi lækkaði styrkhlutfallið um 5% um síðustu áramót, úr 45% í 40%. Í öðru lagi lækkaði tryggingamatið og í þriðja lagi hafa viðkomandi eignir tekið á sig fyrningu. Samtals telst mér svo til, og hef reyndar fyrir mér dæmi um það, að eigandi báts sem fékk loforð um úreldingu undir lok síðasta árs en hefur ekki enn fengið styrkinn útgreiddan eða grandað sínu skipi stendur frammi fyrir því annaðhvort að eyðileggja bátinn eða falla frá fyrri umsókn, sækja um á nýjan leik og fá þá greidda allt að 20% lægri upphæð.

Ég er óánægður með frágang þessa máls að þessu leyti og hefði viljað að það yrði skoðað hvort ekki væri unnt að hafa gildistökuákvæðið öðruvísi úr garði gert. Ég sé ekki hverjum það þjónar yfir höfuð að vera að stimpast við þetta áfram. Hvers vegna í ósköpunum er þetta ekki einfaldlega þannig úr garði gert að lögin taki þegar gildi og frá og með þeim tíma falli þessi kvöð niður gagnvart öllum um að eyðileggja bátana og þeir geti allir skráð sín skip, hvort sem þeir hafa fengið loforð eða ekki eða fengið styrkinn útgreiddan en ef þeir eiga enn bátinn geti þeir fengið hann skráðan með því að þinglýsa á hann kvöð um að hann verði ekki notaður til veiða í atvinnuskyni innan íslensku efnahagslögsögunnar?

Ég sé engin stórfelld vandamál í þessu og sé ekki að það þjóni neinum tilgangi að láta þá úreldingu sem þarna er í pípunum sæta þessum eldri ákvæðum. En það virðist vera sáluhjálparatriði einhverra því það kom fram hörð andstaða við þá hugmynd í sjútvn. í morgun að breyta þessu ákvæði. Ég áskil mér rétt til þess að

skoða það áfram og flytja þá brtt. um þetta atriði við 3. umr. ef svo sýnist en ástæða getur verið til að afla frekari gagna um það hversu margir gætu átt hér í hlut. Það mun eitthvað vera um það að menn hafi fengið undanþágur frá því að farga bátunum, ef svo má að orði komast, af praktískum ástæðum. Til að mynda mun eitthvað af slíkum fleytum vera undir snjó á ónefndum stöðum á landinu og það hefur einfaldlega ekki náðst til þeirra síðustu mánuði til að tortíma þeim. En nú er tekið að hlýna eins og kunnugt er og sjálfsagt má við því búast að eitthvað af þessum fleytum komi undan fönn á næstunni og þá ber mönnum skylda til að brjóta þær eða brenna nema þeim verði veitt heimild með þannig frágangi í lögunum að falla undir hið nýja kerfi.

Að lokum, hæstv. forseti, bara fáein orð um þennan Þróunarsjóð og þessa úreldingarstefnu í sjávarútvegi sem ræðumaður hefur að vísu áður látið falla. Ég undrast það alltaf meira og meira eftir því sem ég hugsa það mál lengur hvað menn eru að fara með þessum ósköpum öllum saman. Það er nú svo, hæstv. forseti, að það á að heita að aðalstjórnkerfið við stjórn fiskveiða á Íslandi sé aflamark. Það sé tiltekið magn af fiski sem menn megi taka á sinn bát upp úr sjónum og síðan verði þeir að hætta þegar þeir hafa ekki lengur meiri kvóta. Einhverjir mundu halda að þar með væri komið það stýrikerfi sem menn ætluðu sér að nota og styðjast við og ekki væri lengur ástæða til að vera að skipta sér af því af hálfu stjórnvalda hvernig menn gerðu það eða á hvernig skipum. Það væri ekki ástæða til þess að hafa vit fyrir mönnum í þeim efnum hvort þeir gerðu það á litlum skipum eða stórum. En svo furðulega vill nú til að flokkur einkaframtaksins og frelsisins í landinu, Sjálfstfl. — og nú stjórnarflokkurinn, sem mér finnst alveg tímabært, herra forseti, að fara að tala um í eintölu, þ.e. stjórnarflokkinn, þetta er í raun og veru einn flokkur, stjórnarflokkurinn, stóri framsóknarflokkurinn, stjórnarflokkurinn í landinu, — heldur í þessa úreldingarhyggju. Hann heldur í þá forræðishyggju að ríkið eigi að hafa vit fyrir mönnum í þeim efnum hversu stóran flota sé hægt að gera út frá Íslandi miðað við þá veiðimöguleika sem þar eru og/eða annars staðar í heiminum. Það sé eitthvað sem útgerðarmönnum og útveginum sjálfum sé alls ekki treystandi fyrir að meta.

Það er stundum verið að bera hér forræðishyggju upp á ýmsa og þar með talinn ræðumann og flokk hans en ég verð að segja alveg eins og er að ég held að þetta sé mesta forræðishyggja sem síðari tíma stjórnmálasagan geymir dæmi um. Hvers vegna skyldi það ekki mega ráðast annars vegar af aflaheimildunum og hins vegar af rekstrarmöguleikum og hagkvæmnisjónarmiðum hvernig flotinn er samansettur og hvað hann er stór? Hvers vegna þurfa stjórnvöld sérstaklega að hafa vit fyrir mönnum í þeim efnum og ákveða það að flotinn, útgerðin, skuli skuldsetja sjálfa sig til þess að minnka, bera fé á eigendur skipa til að kaupa þá út úr útgerð? Í hvert einasta skipti sem fleyta er endurnýjuð á Íslandi þá keppa menn við hinn opinbera sjóð, þurfa að kaupa tonnin í skipunum á móti honum því hann býður alltaf í á móti þeim í reynd í gegnum þau tilboð sem eru standandi um að úrelda skipin.

Nú er það ekki þannig að þessi forsjárhyggja sé skilgreind með einhverjum hætti, hún byggi á einhverjum markmiðum. Það er t.d. ekki þannig að það liggi fyrir vísindaleg úttekt um að það eigi að minnka afköstin í fiskiskipaflotanum um 10% eða 15% eða einhverja x-tölu, nei, það liggur ekkert fyrir um það. Það liggja engin markmið fyrir um það til að mynda að draga úr afköstum með einhverjum tilteknum hætti. Það er bara sagt: Flotinn er of stór, það á að minnka hann og stjórnvöld ætla að hafa vit fyrir útgerðarmönnum í því hvað sé heppilegt að gera út stóran flota eða hvað sé heppilegt að taka aflann á stórum skipum eða smáum.

Ég hef oft spurt um markmiðin sem á bak við liggja, um stefnumótunina. Til að mynda það að þessi umframafköst eða ofstærð í flotanum sé alls staðar hin sama því uppkaupin eru blind, þau eru ekki bundin við neinn tiltekinn hluta flotans. Það er ekki gerður greinarmunur á því hvort keyptur er smábátur, netabátur, línubátur, togbátur, rækjutogari, frystitogari eða nótaskip. Það er allt lagt að jöfnu. Það eru tonnin, rúmlestirnar, sem eru keyptar út. Þannig gerast til að mynda þau ósköp í þessu kerfi að það er verið að úrelda jafnvel skip úr þeim hluta flotans þar sem allir viðurkenna að afköstin eru orðin of lítil eins og í nótaflotanum. Það er þannig að við höfum ekki náð kvótanum í loðnu og jafnvel fleiri uppsjávartegundum undanfarin ár og nú er norsk-íslenska síldin að bætast við. Það er í öðru lagi þannig að þessi floti er allur meira og minna orðinn úreltur og það er ljóst að það bindur afköst sem nemur 30–40% að endurnýja hann í nútímahorf með kælitönkum og einangruðum lestum o.s.frv. Samt er haldið áfram með úteldingartilboð til þessa hluta flotans sem myndar þröskuld sem hver einasti útgerðarmaður sem ætlar að endurnýja sitt skip þarf að komast yfir af því að hann er alltaf að keppa við sjóðinn.

Ég get ekki annað, hæstv. forseti, en notað þetta tækifæri til að koma aðeins inn á þetta einu sinni enn vegna þess að það er enginn bilbugur á þessu. Nú er verið að setja trillurnar inn í þetta fína kerfi. Þessi sjóðahugsun og þessi forræðishyggja sem þarna er á ferðinni er að mínu mati alveg ótrúleg og að mínu mati skortir verulega rök fyrir að halda þessari vitleysu áfram. Ég hef lengi undrast þolinmæði útgerðarmanna sjálfra til að búa við þetta. Hér er verið að skuldsetja greinina fram í tímann sem nemur mörgum milljörðum króna því þannig er að þessu farið að slegin eru stór lán svo nemur milljörðum og síðan á að leggja á aflagjald og jafnvel vísi að auðlindaskatti á greinina á komandi árum til að fjármagna þær lántökur. Undir þessu sitja menn.

Ég hef leyft mér að halda því fram að ef ekki væri fyrir hendi a.m.k. einhver ónýtt afkastageta í flotanum og hefði verið á undanförnum árum þá hefðu menn misst af ýmsum möguleikum til aukinnar verðmætasköpunar sem menn náðu að höndla vegna þess að floti sem vantar verkefni skapar þrýsting á að þeirra sé leitað. Það er það sem hefur gerst. Þegar draga varð sam-

an þorskveiðarnar í byrjun 9. áratugarins í kjölfar svartra skýrslna um ástand þorskstofnsins, hvað gerðu menn þá? Þá losnuðu afköst í skipum sem áður höfðu haft nóg að gera við að veiða þorsk — og hvert fóru þau? Þau fóru sem betur fer ekki á haugana, þau voru sem betur fer ekki keypt af einhverjum samdráttarsjóði, þau fóru til að veiða rækju. Og á skömmum tíma óx rækjuveiði við Ísland úr 5.000–8.000 tonnum í yfir 40.000 tonn og rækjan varð á örfáum árum næstverðmætasta útflutningsafurð þjóðarinnar.

Hefði það gerst ef menn hefðu jafnóðum úrelt þessi afköst? Svarið er nei. Hefðu menn farið til veiða á Reykjaneshrygg eða í Barentshafið eða á Flæmska hattinn ef jafnóðum hefði öll umframafkastageta verið úrelt út úr íslenska flotanum? Svarið er nei. Menn fara ekki til nýrra verkefna með skip sem búið er að henda. Það er nefnilega þannig. Mér er satt best að segja ekki kunnugt um að það hafi verið svo óskaplega mikil umframafköst í flotanum sem ekki hafi fundið sér að mestu leyti verkefni á undanförnum árum þrátt fyrir mikinn samdrátt sem hefur reynst óhjákvæmilegur, t.d. í þorskveiðum.

Menn geta endalaust sett fram formúlur um að það mætti ná þeim afla sem leyfilegt er að taka innan íslensku efnahagslögsögunnar með minni flota og það geti verið hagkvæmt fyrir þann flota sem slíkan. En er það hagkvæmt fyrir þjóðarbúið? Þýðir það ekki minni heildarverðmæti fyrir þjóðarbúið? Svarið er auðvitað jú. Ég held því að ekki sé heldur mikil efnahagsleg eða þjóðhagsleg skynsemi að öllu leyti á bak við þessa hugsun. Það getur vel verið að menn komist að þeirri niðurstöðu að það sé rétt að hafa möguleika á að draga úr afköstum í einhverjum hlutum flotans og hjálpa útgerðarmönnum sem vilja hætta í því baksi til að gera það með einhverjum sjóði af þessu tagi en ég held að það eigi þá að gera á grundvelli einhverra skilgreindra markmiða og einhverrar stefnumótunar. Þetta er það sem ég hef kallað úreldingarvitleysuna, samdráttarsjóð sjávarútvegsins, sem því miður hefur af einhverjum ástæðum fengið öfugmælið Þróunarsjóður, er ekki þróunarsjóður heldur sjóður sem virðist hafa það eina markmið að draga saman í íslenskum sjávarútvegi, að fækka störfunum, að minnka umsvifin. Eins og það geti verið eitthvert vitlegt keppikefli eða markmið.

Þetta er alveg furðulegt, hæstv. forseti, satt best að segja ef reynt er að nálgast þetta viðfangsefni svona og ræða það og spyrja um rökin og forsendurnar fyrir þessu. Ætli við fáum að heyra mikið af því á eftir? Ég á ekki von á því að það verði breyting á enda hverfa stjórnarliðar, þeir fáu sem hér voru áður, úr salnum. (**Gripið fram í:** Sá síðasti er á leiðinni.)

Ég held að það standi upp á ábyrgðaraðila þessara mála að gera einhvern tímann þó að það verði kannski við annað tækifæri en nú betur grein fyrir hugmyndafræðinni á bak við þetta eins og hún blasir við okkur. Ég get frekar skilið og frekar fyrirgefið þeim mönnum sem glöptust til þess að lenda inn á þessari braut á þeim svartnættistímum í sjávarútveginum áður en menn komust almennilega á skrið við að nýta sér ýmsa ónýtta möguleika í vannýttum tegundum og veiðimöguleikum utan landhelginnar sem nú færa milljarða króna inn í þjóðarbúið á hverju ári. En nú er það búið að sýna sig á síðustu árum að þarna reyndust stórkostlegir vannýttir möguleikar þar sem fundust mikil verkefni fyrir þau afköst sem losnuðu í íslenska flotanum þegar draga varð saman þorskveiðina. Auk þess hefur auðvitað komið í ljós að menn gátu gert ýmsar ráðstafanir til að gera sér meira verðmæti úr þeim afla sem þeir máttu taka og sumar þær ráðstafanir kölluðu á pláss og skip, svo sem bætt meðferð afla, styttri veiðiferðir o.s.frv.

Að einhverju leyti er þessi úreldingarvitleysa arfur af gömlu magnhugsuninni um að þetta snúist um það að veiða sem mest á sem stystum tíma á sem fæst skip. En maður hefði haldið að menn væru komnir það áleiðis á þróunarbrautinni í umræðum um sjávarútvegsmál á Íslandi að þeir áttuðu sig á að það er ekki framtíðin. Það er ekki það sem við eigum að keppa að heldur að gera sem mest verðmæti úr þeim afla sem við tökum, ná þar hæstu mögulegum gæðum og verði og í þeim tilgangi getur einmitt verið nauðsynlegt að hafa eitthvað afkastameiri eða stærri flota en ella því gæðin geta jafnvel kostað það að menn verða að sætta sig við eitthvað minna magn á hvert skip.

Herra forseti. Ég leyfði mér að gera í tengslum við þetta frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins að umræðuefni þetta mál aðeins í almennu samhengi af því að mér finnst það eðlilegt við meðferð þess og á nýju kjörtímabili þegar ný ríkisstjórn er að stíga sín fyrstu skref í málefnum sjávarútvegsins og eitt af hennar frv. eru þessar breytingar á lögunum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, þann mikla forsjárhyggjusjóð sem ótrúleg samstaða virðist ríkja um í stjórnarflokknum að standa vörð um og starfrækja áfram með óbreyttu sniði. Að öðru leyti vísa ég til þess sem ég sagði fyrr í minni ræðu varðandi fyrirvara mína á nál. sjútvn. á þskj. 65.

**Útbýting þingskjala:**

Sjúkraþjálfun í heilsugæslunni, 34. mál, svar heilbrrh., þskj. 55.

Stöðugildi lögreglumanna, 23. mál, svar dómsmrh., þskj. 53.

Vínveitingastaðir, 24. mál, svar dómsmrh., þskj. 54.

[14:57]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég verð að byrja á því að segja að mér þótti ekki gæta nægilega mikillar sanngirni hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni í garð þess frv. sem hér liggur fyrir frá hæstv. sjútvrh. Enn fremur tel ég, herra forseti, að hv. þm. hafi kannski ekki alveg gert sér grein fyrir mikilvægi Þróunarsjóðsins. Það er ekki alveg svo að í honum felist einhver miðstýringarárátta. Staðreyndin er sú að margir telja, og þar á meðal ýmsir í flokki hv. þm., að það sé í því fólgin talsverð hagræðing ef hægt er að sameina aflaheimildir á færri skip. Það muni hafa í för með sér ákveðið hagræði fyrir sjávarútveginn og fyrir útgerðina og þar með auka arðsemi hennar. Það meginmarkmið var lagt til grundvallar Þróunarsjóðnum þegar frv. um hann var sam-

þykkt fyrir tveimur árum að auðvelda mönnum að gera þetta. Mönnum er í sjálfsvald sett hvort þeir nýti sér þann styrk sem felst í gildandi lögum til þess að aðstoða við það að færa aflaheimildir saman á færri skip.

Vegna þess að hv. þm. gat þess að hann sæi ekki alveg tilganginn með þessu þá verður að rifja það upp fyrir hv. þm. að hann á að baki glæstan feril sem landbúnaðar- og samgönguráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem einu sinni var hér á meðal vor í þessum sölum. Sú ríkisstjórn, herra forseti, fékk samþykkt lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og það er sjálfsagt að rifja það upp fyrir þingmanninum, sem ber engin merki þess að hann sé farinn að reskjast og tapa minni af þeim sökum, að þau ákvæði Þróunarsjóðsins um úreldingu sem hann var að deila á hér áðan voru tekin nánast orðrétt upp úr Hagræðingarsjóðnum sem hv. þm. á sínum tíma samþykkti, að mig minnir, sem sitjandi ráðherra þá. Þetta vildi ég bara nefna til þess að hafa söguna í lagi.

Ég vil segja það, herra forseti, að ég tel að Þróunarsjóðurinn og hinn öflugi stuðningur hæstv. sjútvrh. við hann allt frá fyrstu dögum þeirrar umræðu beri gott vitni um framsýni hæstv. sjútvrh. á þessu sviði. Því miður verð ég að segja það að mér þykir þeirrar framsýni gæta í allt of dauflegum mæli í ýmsum öðrum greinum sjávarútvegsins. Til að mynda hefur mér jafnan þótt sem hann sýni ekki nægan skilning á högum krókaveiðiflotans sem við höfum einmitt verið að ræða á síðustu dögum. Þetta frv. tengist því í raun og veru. Meginefni þessa frv. er að það er verið að gefa bátum sem stunda veiðar með línu og handfærum kost á því að greiða þróunarsjóðsgjald og komast inn í úreldingu. Eins og högum krókaflotans er háttað núna þá tel ég að í dag sé ekki efni til að vænta mikillar eftirspurnar eftir þessum styrkjum. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að þegar búið er að samþykkja, ef þingið samþykkir þau vondu lög sem hæstv. sjútvrh. hefur beygt sína menn undir og munu gera það að verkum að krókaflotinn mun kannski ekki gjöreyðast en burðarstöður hans munu veikjast verulega, þá aftur á móti mun að mínu viti stóraukast eftirspurnin eftir þeim styrkjum sem hér er verið að bjóða upp á.

Við vitum það, herra forseti, að það lagafrv. sem við höfðum til umræðu í gær og lýtur að stjórn fiskveiða felur það í sér að krókabátum verður heimilt að velja á milli annars herts viðbótarbanndagakerfis og hins vegar að veiða þorsk með aflahámarki á sérstöku banndagakerfi. Það er líklegt talið af forustumönnum Landssambands smábátaeigenda að þeir sjómenn á krókaleyfi sem líklegt er að fái kvóta yfir 30 tonn af óslægðum þorski, sem er ígildi 24 tonna af slægðum þorski, muni velja sér þetta. Hvað eru þetta margir krókakarlar, herra forseti? Þeir eru í kringum 250. Þeir munu taka u.þ.b. 56% af þeim 21.500 tonna potti sem er fyrir krókaflotann allan. Eftir eru þá 10.000 tonn sem 825 bátar munu slást um. Það er alveg ljóst að lífsmöguleikar þeirra báta munu minnka mjög. Þegar lögin fara að verka þá er alveg ljóst að stoðum verður kippt undan afkomu þeirra. Þá munu þeir sækja sterklega í þá úreldingarstyrki sem hér er boðið upp á.

Á sínum tíma tókst að koma inn í lögin, ekki við mikinn fögnuð sjútvrh., ef ég man rétt, að smábátar á aflamarki ættu líka kost á úreldingarstyrkjum. Það hafa þeir nýtt sér afskaplega vel enda var þá sjávarútvegsstefna hæstv. ráðherra búin að koma niður á þeim af sama afli og líklegt er að hún komi niður á krókaveiðiflotanum á komandi missirum.

Ég segi þess vegna að ég fagna því að þessi breyting er gerð á Þróunarsjóðnum. Ég tel reyndar, eins og áður hefur komið fram í umræðum um frv. hæstv. sjútvrh., að það mætti vel íhuga að reyna að beita markaðslögmálunum í gegnum þennan sjóð með sterkari hætti, jafnvel að beita einhverjum yfirstuðli á úreldingarstyrkina sem krókaflotinn á að eiga kost á. En það er ýmislegt sem má finna að þessu frv. Sá fyrirvari sem ég hef við frv. og kemur fram í nál., eins og reyndar annarra hv. þm. stjórnarandstöðunnar, er við 5. gr. þar sem segir með leyfi, herra forseta: „Ákvæði 4. gr. skulu þó eingöngu taka til styrkloforða sem gefin verða út eftir gildistöku laganna."

4. gr. snýst um það að ekki skuli í framtíðinni setja þær kvaðir á þá sem njóta úreldingarstyrkja að bátar þeirra og skip verði brotin í spón, brennd, fargað eða seld úr landi. Þess í stað verði hægt að nota skipin hér við landi til annarrar atvinnustarfsemi.

Ég er þeirrar skoðunar að með þessu séu menn að reyna að bjarga verðmætum. Nú er það alveg ljóst að það eru tugir manna sem hafa fengið styrkloforð eftir síðustu áramót sem munu þess vegna ekki njóta þess að geta haft sína báta til annarrar starfsemi heldur en fiskveiða. Ég tel, herra forseti, að við eigum líka að bjarga þeim verðmætum og þess vegna tek ég undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að þetta þurfi að skoða betur. Ég held að við ættum að íhuga hvort ekki sé rétt að flytja um þetta brtt. milli 2. og 3. umr. í þá veru að setja dagsetninguna við síðustu áramót þannig að allir þeir sem hafa fengið styrkloforð eftir áramótin njóti líka 4. gr. — Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hægt væri að fá hæstv. sjútvrh. í sal. Að vísu er það svo að mér eru samvistir við hann ekkert afskaplega kærar en ég get ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill upplýsa það að hæstv. sjútvrh. er hér á næstu grösum, raunar á fundi utanrmn. í myndaherbergi, en það er að sjálfsögðu hægt að kalla hann þaðan ef brýn nauðsyn ber til.)

Nú er það svo, herra forseti, að ég á líka sæti í utanrmn. og þar er afskaplega viðkvæmt milliríkjamál til umræðu og ég held að það verði þá að gefa hlé í nokkrar mínútur á meðan ég get sinni þeim fundi með sjútvrh. en ég þarf að spyrja hann einnar spurningar.

(**Forseti** (GÁS): Forseti verður við þessum tilmælum hv. þm. og gerir hlé á fundinum í 10 mínútur.)

[Fundarhlé. — 15:34]

Herra forseti. Ég var í miðri ræðu um framsýni hæstv. sjútvrh. sem ég tel birtast með bestum hætti í öflugum stuðningi hans við Þróunarsjóðinn, bæði í árdögum sjóðsins og ekki síður núna þegar hann reynir enn að freista þess að treysta undirstöður þessa sjóðs. Það er ein sérstök spurning sem ég vildi varpa til hæstv. ráðherra.

Í grg. er áður en kemur að athugasemdum við einstakar greinar frv. talað um að styrkurinn úr sjóðnum eigi að vera hvatning til að sameina aflaheimildir á færri skip og stuðla þannig að betri rekstrarafkomu þeirra skipa sem eftir verða. Þetta er að sjálfsögðu meginhugmyndin að baki Þróunarsjóðnum, sú hugmynd sem laðaði bæði mig og hæstv. sjútvrh. á sínum tíma til fylgis við þessa góðu hugmynd, sem mig minnir að hafi komið fram fyrst hjá formanni Alþfl. En í 4. gr. frv. er jafnframt talað um það að skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar sé eftirfarandi, herra forseti, með góðu leyfi: „ ...að allar veiðiheimildir skipsins“ — og bið ég hæstv. sjútvrh., ef hann getur látið af hvíslingum sínum við einn af leiðtogum stjórnarandstöðunnar, að hlýða á mál mitt. Það segir svo, herra forseti: „ ...allar veiðiheimildir skipsins verði sameinaðar aflaheimildum annarra skipa.“

Spurning mín er þessi: Þýðir þetta ekki ef eigendur krókabáta sem velja þorskaflahámark með viðbótarbanndögum æskja úreldingar fyrir slíka báta að þeir geti þá sameinað veiðiheimildirnar sem felast í þorskaflahámarkinu við annan bát?

Þetta tel ég að sé afskaplega mikilvægt að komi fram. Ég veit að hæstv. sjútvrh. brennur í skinninu að fá að svara þessari mikilvægu spurningu.

[15:55]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að lög um Þróunarsjóðinn voru samþykkt á síðasta kjörtímabili og það er alkunna að það var mikið kappsmál Alþfl. að fá þau samþykkt. Efnisákvæðin eru flest hver tekin úr gömlum lögum frá þeirri ríkisstjórn sem sat þar áður, (Gripið fram í.) ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem hv. 4. þm. Norðurl. átti einnig sæti í. Ákvæðin um úreldingu eru sniðin þaðan. En varðandi spurningu hv. þm. þá leiðir það af sjálfu sér að það fer eftir lögunum um Þróunarsjóðinn að aflaheimildir skulu sameinast aflaheimildum á öðrum skipum, en það gildir ekki það sama um þorskaflahámarkið samkvæmt frv. sem nú liggur fyrir vegna þess að þar er ekki um að ræða framseljanlegan kvóta.

[15:57]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir að það ber vott um fordómaleysi hæstv. sjútvrh. að hann var natinn á að taka upp þær tillögur sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði áður samþykkt fyrir hinn gamla Hagræðingarsjóð. Ég tel nauðsynlegt að hressa talsvert upp á minni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem hefur nokkuð lagst gegn Þróunarsjóðnum. Hann byggir á hans eigin hugmyndum.

Ég skil það svo, herra forseti, að í svari hæstv. sjútvrh. felist að ef slíkur bátur er úreltur sem við erum hér að ræða þá mun það þorskaflahámark sem hann hafði fyrir úreldinguna vera áfram í þeim potti sem krókaflotinn fær að veiða úr.

[15:58]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir hafa nú sameinast um það í miklu bróðerni, hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að rifja það upp að efnisákvæði laganna um Þróunarsjóð séu að stofni til frá gamla Hagræðingarsjóðnum og þar með beri þeir menn sem einhvern tíma hafi komið nálægt því að styðja hann fulla ábyrgð á þessu máli. (**ÖS:** Þú kannast við þinn króga.) Má segja að á þessum degi urðu þeir Heródes og Pílatus vinir þrátt fyrir allt.

En það er þannig að þessu kerfi var stórbreytt á síðasta kjörtímabili með því að tekin var upp ákvörðun um aflagjaldið, að skattleggja greinina í framtíðinni, úreldingarprósentan stórhækkuð og ýmsum fleiri grundvallaratriðum breytt í þessum efnum. En það sem var þó verst var að ákvæðunum úr gamla Hagræðingarsjóði sem mest virði voru var hent, ákvæðum um að Hagræðingarsjóður gæti nýtt heimildir til stuðnings byggðarlögum í vanda. Það var á sínum tíma það ákvæði sem réði mestu um það að Alþb. tók þátt í málamiðlun sem lá til grundvallar afgreiðslu laganna um Hagræðingarsjóð á árinu 1990. Þetta þurfa menn auðvitað að hafa í huga

Varðandi mikilvægi Þróunarsjóðsins sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson styður af miklum ákafa og færir m.a. fram þau rök að það sé hagkvæmt að menn geti sameinað veiðiheimildir þá er það alveg rétt. Meðan menn búa með aflamarkskerfi með framsali veiðiheimilda þá er að sjálfsögðu hagkvæmt að menn geti nýtt sér þá möguleika til hagræðingar að færa saman veiðiheimildir á skip. En það er langæskilegast að þau skip sem þar með missa verkefni sín finni sér verk við annað. Það þurfti engan Hagræðingarsjóð til þegar t.d. togaraútgerðin á Húsavík sem gerði út einn stóran og einn lítinn ísfiskveiðitogara á bolfisk, færði allan bolfiskkvótann yfir á annað skipið, sameinaði veiðiheimildir, hagræddi en sendi hitt skipið á rækjuveiðar. Það hefði ekki farið á rækjuveiðar og væri ekki búið að draga á annan milljarð í þjóðarbúið ef það hefði verið sett á haugana eða keypt af einhverjum úreldingarsjóði á þeim tíma. Í þessu liggur hugsanafeill hv. þm. sem annars er tiltölulega skýr eins og kunnugt er en þarna skýst honum mjög og hefur ekki séð út yfir þetta mál og þarf að hugsa þetta betur.

[16:00]

**Sturla Böðvarsson:**

Hæstv. forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er hér til meðferðar eftir að hv. sjútvn. hefur farið höndum um frv. Þetta mál er eitt af þeim úrbótaatriðum sem stjórnarflokkarnir urðu sammála um að bera upp í þinginu til þess að nokkrar úrbætur mætti gera á stöðu sjávarútvegsmálanna og þetta varðar þann þátt sem snýr að úreldingu minni báta og ég hef lýst stuðningi við. Við 1. umr. lýsti ég þeirri skoðun minni að ég teldi þetta vera til bóta og þetta væri mikilvægt enda liggur það ljóst fyrir að nauðsynlegt er að stuðla að aukinni hagkvæmni með því að þær takmörkuðu aflaheimildir sem eru til staðar hjá okkur geti færst á færri skip og þannig náðst fram nokkur hagræðing.

Auk þess tel ég mjög mikilvægt atriði sem hér er gert ráð fyrir að ekki sé uppi sú krafa að skipi sem fær

úreldingarstyrk sé fargað því að ég tel það sóun sem ekki sé forsvaranleg vegna þess að í mörgum tilvikum er hægt að nýta þessi skip þó smá séu með ýmsum öðrum hætti, svo sem fyrir ferðaþjónustu og siglingar um eyjar og sund o.s.frv. Ég tel því að það sé mjög mikilvægt og til bóta.

En meginástæðan fyrir því að ég vildi taka til máls um frv. eftir umræðu í sjútvn. er að samkvæmt nál. kemur það ekki fram að fulltrúar Landssambands smábátaeigenda eða fulltrúar útgerðarinnar í landinu hafi verið kallaðir til nefndarinnar til þess að fjalla um málið hjá nefndinni og ég vildi spyrja þá hv. nefndarmenn sjútvn. sem hér eru og vænti þess að hv. 4. þm. Norðurl. e., formaður hv. sjútvn., geti skýrt afstöðu sem kann að hafa komið fram af hálfu útgerðarinnar sem þetta snýr jú að. Í nál. segir frá því að kallaðir hafi verið til ráðuneytismenn og hefur væntanlega ekki þurft að spyrja um skoðun þeirra á þessu máli sérstaklega en ég hefði talið eðlilegt að það væru fleiri kallaðir til nefndarinnar til þess að fá fram skýra og klára afstöðu og athugasemdir ef væru um frv., sérstaklega af hálfu Landssambands smábátaeigenda. Ég, virðulegur forseti, vildi fá að heyra frá sjávarútvegsnefndarmönnum og þá hv. formanninum, sem hér er, um þetta atriði.

[16:04]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að fulltrúar Landssambands smábátaeigenda komu ekki sérstaklega á fund sjútvn. út af þessu máli en þeir höfðu hins vegar í tvígang komið fyrir nefndina á undanförnum dögum vegna þessara sjávarútvegsmála og það lá fyrir umsögn frá þeim og hún lá frammi í gögnum nefndarinnar. Það er óhætt að upplýsa, hygg ég, að sú umsögn er ekki sérlega jákvæð, enda hafði áður komið fram að Landssambandið er óánægt með þær takmarkanir sem verið er að gera á smábátaútgerðinni, ef svo má að orði komast, og inn í það mál kemur afstaða þeirra gagnvart þessum úreldingarreglum.

Það var mikill þrýstingur á það að málið fengi afgreiðslu og við töldum að með því að kalla í nánast alla þá aðila sem okkur komu til hugar og alla þá sem óskað var eftir fyrir nefndina út af aðalmálinu, sem er frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og það má segja að þetta sé fylgifrv. þess í þeim skilningi að þetta er hluti af þeim takmörkunaraðgerðum og leiðir af þeim takmörkunarákvæðum sem verið er að taka upp með lögfestingu þeirra ákvæða ef af verður, þá hafi umræðan fyrst og fremst farið fram í umfjöllun nefndarinnar um það mál. Það kom ekki fram nein ósk um að Landssamband smábátaeigenda væri sérstaklega kallað til nefndarinnar út af þessu máli og þar af leiðandi var það látið nægja af okkar hálfu að fá ráðuneytismenn og forsvarsmann Þróunarsjóðs á fund nefnarinnar til að upplýsa um frv. og stöðu sjóðsins. Þar voru lögð fram öll þau gögn sem málið varðar að því leyti til. Sé hins vegar eftir því óskað þá er að sjálfsögðu unnt að verða við því að kalla þá til nefndarinnar þess vegna milli 2. og 3. umr. eða fá þessari umræðu frestað þar sem hún er nú stödd og fá þá fyrir nefndina. Má út af fyrir sig vel rökstyðja að það sé eðlilegt að þeir eigi þess kost að koma sérstaklega fyrir sjútvn. út af þessu máli.

[16:07]

**Sturla Böðvarsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir þessi svör. Ég lít svo á að það hljóti að vera fullnægjandi fyrir nefndina að hafa fengið skriflega greinargerð um þetta mál sem hefur þá legið fyrir hjá nefndinni þannig að hv. nefndarmenn gætu kynnt sér afstöðu Landssambands smábátaeigenda. Ég tel ekki ástæðu til að fresta þessari umræðu hér og nú, heldur gefst e.t.v. færi til þess milli 2. og 3. umr., m.a. fyrir mig, að líta á þá greinargerð sem liggur hjá hv. nefnd. Ég tel eðlilegt að leitað sé umsagnar í þessu tilviki Landssambands smábátaeigenda, en ég efast ekki um það að þegar þeir komu fyrir nefndina vegna annarra mála sem eru hér einnig til meðferðar þá hafi þetta borið á góma þannig að það hafi gefist færi á því að ræða þetta í nefndinni.

Ég þakka fyrir, hæstv. forseti, þau svör sem hér hafa verið gefin og tel þau fullnægjandi og tel ekki ástæðu til að umræðunni verði frestað en vænti þess að ég fái tækifæri til að líta á þessi gögn.

[16:08]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt að þingmönnum gefist kostur á að kynna sér slík gögn og má segja að það hefði ekki verið óeðlilegt að láta álit Landssambands smábátaeigenda fylgja með nál. sem fskj. vegna þess að þetta er mál sem varðar þá einkum og sér í lagi og nánast eingöngu, þ.e. stóra breytingin sem hér er á ferðinni er að taka krókaveiðibáta inn undir þetta úreldingarfyrirkomulag. Það er ekki ólíklegt að sjútvn. muni funda áður en til 3. umr þessa máls kemur. Það eru fleiri atriði sem komið hefur fram að menn hafi áhuga á að athuga, svo sem gildistökuákvæði. Einnig er að mínu mati þörf á að athuga fleira sem tengist bæði tímasetningum og fleiru í þessu sambandi. Ég held að ég geti fullvissað hv. þm. um það að áður en að 3. umr. kemur mun bæði honum og öðrum gefast kostur á að kynna sér þessa umsögn og skoða málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 2. umr.*

Stjfrv., 30. mál (vettvangsathugun eftirlitsmanna EFTA). — Þskj. 34, nál. 66.

[16:10]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon)**:

Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til meðferðar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 93 frá 20. nóv. 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, með síðari breytingum. Nefndin fékk á sinn fund fulltrúa úr sjútvrn. sem veitti upplýsingar um það að þetta atriði væri þannig vaxið að talið væri nauð-

synlegt að breyta ákvæðum í löggjöf um þessi efni hjá okkur til þess að fullnægja öllum skilyrðum eftirlitsstofnunar EFTA vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði til þess að eftirlitsmönnum sé heimilt að koma inn í fyrirtæki og framkvæma eftirlit með þeim hætti að það fullnægi öllum kröfum um aðgang þeirra. Þar af leiðandi er þetta frv. flutt og sjútvn. er einróma sammála um að mæla með afgreiðslu þess.

Það þarf auðvitað ekki að fjölyrða um mikilvægi þess að að þessu leyti gangi hlutirnir snurðulaust fyrir sig og ekki verði um neina árekstra að ræða því að það er ein forsenda þess að við komum okkar vörum hindrunarlaust á markaði að það eftirlit sem með gæðum, hollustu og heilnæmi varanna er haft og á öllum aðstæðum þar sem framleiðslan fer fram sé viðurkennt og gangi snurðulaust og árekstralaust fyrir sig, að okkar framleiðsla fái þá viðurkenningu sem hún þarf að hafa til að komast inn á markaði. Það getur tæplega verið neinn ágreiningur um það að rétt sé að gera þessa breytingu úr því að það er mat fagaðila að nauðsynlegt sé að gera hana til að enginn vafi leiki á um að reglur séu í samræmi við þær skyldur sem við höfum undirgengist að þessu leyti. Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 2. umr.*

Stjfrv., 3. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 3, nál. 47, 50 og 63, brtt. 48.

[16:13]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað allmikið um þetta mál og fengið til sín marga gesti og umsagnir frá allmörgum aðilum. Þeirra aðila er allra saman getið í nál. og mun ég ekki lesa þann lista allan saman upp.

Nefndin gerir tillögur um nokkrar breytingar á frv. og einnig vil ég segja frá því að í tengslum við umfjöllun um frv. til laga um gjald af áfengi sem hefur fylgst að með þessu frv. hyggst meiri hluti nefndarinnar gera tillögu um breytingar sem miða að stofnun sérstaks forvarnasjóðs sem hefur það markmið að efla forvarnir í áfengismálum en sú brtt. verður væntanlega kynnt með framsögu fyrir því máli.

Þær brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. gerir tillögu um eru eftirfarandi:

„1. Við 2. gr. Eftirtaldar breytingar verði á greininni:

a. A-liður orðist svo: 1. mgr. orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning og innkaup á vínanda, áfengi og tóbaki samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Þess skal gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum birgjum."

Það sem hér er á ferðinni er að tekið er fram að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast líka innkaup á vínanda, þ.e. af innlendum framleiðendum og af innlendum heildsölum en ekki einungis innflutning. Enn fremur er það skýrt tekið fram í lögunum að jafnræði gildi gagnvart öllum birgjum, þ.e. að sambærilegir birgjar njóti sambærilegra kjara hjá ÁTVR þegar menn eru að selja fyrirtækinu vöru sína.

„b. C-liður orðist svo: 3. mgr. orðast svo:

Fjármálaráðherra veitir leyfi til innflutnings og heildsölu á áfengi, svo og til framleiðslu áfengra drykkja, enda sé slík framleiðsla, sala eða innflutningur ætluð til sölu samkvæmt ákvæðum áfengislaga. Leyfi til heildsölu á áfengi má veita innflytjanda áfengis, svo og öðrum þeim sem hyggjast endurselja áfengi frá framleiðanda eða innflytjanda."

Hér er í raun ekki um efnisbreytingar að ræða.

„c. Við bætist nýr stafliður, e-liður, er orðist svo:

Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um veitingu leyfis skv. 3. mgr. Skal þar m.a. kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, gildistíma leyfis, afturköllun þess, um auðkenni á áfengi sem látið er af hendi og eftirlit með starfsemi leyfishafa."

Undir tölulið 2 er lagt til að á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:

„a. (3. gr.)

Á eftir 1. málsl. 3. gr. laganna kemur nýr málsliður svohljóðandi: Verð í smásöluverslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á hverri vöru fyrir sig skal vera það sama hvar sem er á landinu.

Þetta hefur í rauninni verið gert en það er hnykkt á þessu í lagatextanum.

b. (4. gr.)

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal starfa í tveimur deildum er séu aðgreindar rekstrarlega og fjárhagslega. Skal önnur deildin hafa með höndum innflutning og heildsölu áfengis en hin skal annast smásölu áfengis. Fjármálaráðherra skal skipa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stjórn og setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hennar."

Hér er um tvennt að ræða. Annars vegar að hnykkja á því að ÁTVR starfi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, sé tvær deildir og reksturinn aðskilinn fjárhagslega, annars vegar á milli smásölunnar, sem er með einkaleyfi á sínum rekstri, og hins vegar heildsölunnar, sem er í samkeppnisrekstri, en samkvæmt samkeppnislögum er ekki gert ráð fyrir því að hagnaður af smásölu af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi geti verið notaður til þess að niðurgreiða þann rekstur sem er í samkeppni. Þess vegna er þessi aðskilnaður lagður til og gert ráð fyrir því að heildsalan standi á eigin fótum og sé ekki niðurgreidd af smásölunni og sé þá ekki að taka þannig þátt í óeðlilegri samkeppni við innlenda verslunaraðila á þessu sviði, hvort sem það eru heildsalar eða framleiðendur á áfengi.

Síðan er lagt til að Áfengis- og tóbaksverslunin fái sérstaka stjórn. Ástæðan fyrir því er sú að það eru að verða miklar breytingar á rekstri þessarar stofnunar. Hún hefur haft það meginhlutverk að þjóna sem skattheimtuaðili. Hún hefur nánast verið hluti af skattheimtustofnunum ríkisvaldsins og þess vegna ekki eðlilegt að um hana giltu aðrar reglur en um aðrar skattheimtustofnanir. Með þessum breytingum er í sjálfu sér ekki neitt skattheimtuhlutverk á ferðinni hjá ÁTVR. Skattheimtan fer fram í gegnum tollinn og hjá skattstjórum þannig að ÁTVR mun starfa eftir þessa breytingu sem hvert annað fyrirtæki. Þess vegna er eðlilegt að stjórnunarhættir í þessu fyrirtæki verði sambærilegir og í venjulegum fyrirtækjum en þar tíðkast að stjórn sé yfir fyrirtækinu og forstjóri og það talið heppilegra fyrirkomulag en annað. (**SvG:** Af hverju á þetta þá að vera undir fjmrh.?)

Það hefur líka verið þannig um hnúta búið í sambandi við þau fyrirtæki sem hafa komið til umfjöllunar á hinu háa Alþingi og lögum hefur verið breytt um að þróunin hefur verið sú að stjórnarskipun hefur færst yfir til framkvæmdarvaldsins og ekki óeðlilegt að það sé þannig með þetta fyrirtæki að fjmrh. skipi stjórnina. Þetta er í aðalatriðum gert til samræmis við það sem almennt tíðkast í rekstri slíkra fyrirtækja, að yfir þeim sé sérstök stjórn og ég hygg að það mundi styrkja mjög faglega stjórn á fyrirtækinu og gera daglega stjórn þess fjarlægari hinu pólitíska valdi í fjmrn. og þess vegna líkur til þess að rekstur fyrirtækisins verði faglegri en annars gæti orðið án þess að það sé neitt verið að halda því fram að reksturinn hafi ekki verið faglega framkvæmdur.

Um þetta mál hefur verið allmikið rætt og mikið fjallað. Ég vil sérstaklega víkja að einu atriði í þessu sambandi. Margir hafa haft áhyggjur af því að eftirlit með starfsemi vínveitingahúsa og heildsala verði erfitt. Ég hygg að það sé þvert á móti þannig að möguleikar til eftirlits með því hvað er að gerast í viðskiptum verði betra en ella. Ég vísa sérstaklega til fréttar sem birtist í, mig minnir, annarri sjónvarpsstöðinni um daginn þar sem sagt var frá því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefði uppgötvað það að eitt veitingahús hafði aðeins keypt eina flösku af vodka á fjögurra mánaða tímabili. Ég held að þetta sýni að það er nauðsynlegt að breyta um fyrirkomulag í þessum málum og það gerist einmitt með því að frelsi er aukið á þessu sviði. Það er einu sinni þannig ef sjálfstæðir framleiðendur og heildsalar geta staðið í því að selja veitingahúsum viðkomandi vörur fylgjast þeir að sjálfsögðu með því á hverjum tíma hvað hvert veitingahús er að kaupa af sinni vöru. Þeir bíða ekki í fjóra mánuði eftir því að athuga hvort eitthvert veitingahús hafi keypt bara eina flösku eða ekki, heldur fylgjast þeir með því dag frá degi hvaða pantanir berast og reyna að sjá til þess að vörurnar gangi út. Ef þær ganga ekki út mundu þeir að sjálfsögðu telja að eitthvað væri að gerast í viðkomandi veitingahúsi og mundu kanna það hvort viðkomandi veitingahús væri í viðskiptum víð einhverja aðra og þá hvaða aðrir birgjar það væru, hvort það væru birgjar sem störfuðu samkvæmt lögum og reglum eða hvort það væru einhverjir aðrir sem gerðu það ekki. Í því að frelsi sé komið á í þessum viðskiptum og samskipti milli innflytjendanna og íslensku framleiðendanna við veitingahúsin verði bein með þessum hætti kemur sjálfkrafa eftirlit sem myndast jafnan við það að menn þurfa að hafa fyrir því að koma út vörum sínum. Þá fylgjast þeir jafnan með því hvort varan er að seljast eða ekki. Menn bíða ekki fjóra mánuði og fletta síðan upp á því að aðeins ein flaska hafi verið seld í veitingahúsi eins og fyrirkomulagið er í dag.

[16:26]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég geri grein fyrir áliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. í tengslum við þetta mál og er nál. á þskj. 50 og hefur verið dreift.

Málið er býsna umfangsmikið og tekur á mörgum þáttum. Það álit sem ég legg fram gengur út á að frv. verði fellt vegna þess að fjölmarga þætti vantaði sem þurfa að koma til skoðunar þegar verið er að afgreiða þetta mál. Málið fjallar um breytingu á fyrirkomulagi innflutnings á áfengi og í tengslum við það er jafnframt 4. dagskrármálið.

Þess er sérstaklega að geta varðandi þetta mál að fjölmargir aðilar, sem hafa unnið að áfengismálum, hafa komið á fund hv. efh.- og viðskn. og tjáð okkur áhyggjur sínar af þessu frv. og telja að það geti stuðlað að aukinni áfengisneyslu og auknum kostnaði við eftirlit. Ýmsir aðilar hafa jafnframt bent á að leynivínsala, brugg og smygl geti aukist í kjölfar samþykktar frv. Sömuleiðis kom mjög skýrt fram hjá öllum þessum aðilum, sem komu á fund nefndarinnar, að það þyrfti að efla forvarnir í áfengismálum til mikilla muna. Þau mál voru skoðuð af hálfu nefndarinnar og tekinn saman í heilbr.- og trn. listi yfir það fé sem af opinberri hálfu er varið til forvarna Samkvæmt þeim lista er hægt að meta að varið sé um það bil 20 millj. til áfengisvarna og bindindismála, einkum í formi styrkja fyrir utan starfsemi áfengisvarnaráðs. Þetta er ekki mikið fé miðað við það umfang sem áfengisviðskipti hafa í þjóðfélagi okkar og miðað við þær tekjur sem ríkisvaldið hefur af sölu áfengis.

Það er augljóst, þó svo að gert sé ráð fyrir í tengslum við þetta frv. að áfengisgjald muni nema um 4,3 milljörðum kr. sem tekjur í ríkissjóð, að útgjöld ríkisins vegna sölu áfengis eru mjög veruleg og endurspeglast m.a. í auknum heilbrigðiskostnaði, ýmiss konar kostnaði í tengslum við bæði slys og sjúkdóma og í eftirmeðferð í tengslum við áfengissjúkdóma. Samkvæmt því yfirliti, sem dreift var í nefndinni frá heilbr.- og trmrn., má draga þá ályktun að um það bil 470 millj. sé varið til reksturs áfengisstofnana hér á landi. Hér er vitaskuld ekki um nákvæma útreikninga að ræða en þetta gefur vissa vísbendingu um umfang efnisins.

Ég lagði í starfi nefndarinnar mjög mikla áherslu á að í tengslum við frv. yrði gert átak í því að efla forvarnir í áfengismálum og vísa þar til bæði þess nefndaráits sem ég er að gera að umtalsefni, svo og til ýmissa ummæla sem komu fram í nefndinni svo og til álita sem hv. efh.- og viðskn. bárust frá heilbr.- og trn.

Ýmislegt í þessu frv. er álitamál eins og það sem snýr að skuldbindingum okkar gagnvart EES-samningunum en það mál hlaut umfjöllun í eftirlitsstofnun og var ritað bréf til Íslands þar sem þeirri skoðun var komið á framfæri að núverandi fyrirkomulag bryti í bága við EES-samningana.

Nú er það svo að íslensk stjórnvöld hafa ætíð talið að núverandi skipulag áfengismála rúmist innan EES-samningsins og ekki er vitað á þessari stundu ef þessi frv. verða ekki að lögum hvort málið fari yfirleitt til meðferðar fyrir dómstólnum sem kveður upp endanlegan dóm í málinu. Réttarstaða okkar virðist því vera traust en benda má á að dómur hefur gengið í sambærilegu máli gagnvart finnsku áfengiseinkasölunni. Það fyrirkomulag sem þar er viðhaft er svipað því fyrirkomulagi sem hér ríkir og féll sá dómur finnsku einkasölunni í óhag. Sá dómur styður því það sjónarmið að það gæti verið tryggara að gera nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi í sölu áfengis til að koma í veg fyrir hugsanlega málssókn á hendur okkur fyrir EFTA-dómstólnum.

Hins vegar hafa ekki verið færð sterk rök fyrir því að þetta breytta fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í frv. leiði til lægri kostnaðar og aukinnar hagkvæmni. Hér endurspeglast einkavæðing ríkisstjórnarinnar á innflutningi áfengis og ekki er að undra þó að fjölmargir aðilar sem tengjast innflutningi og verslun með áfengi sé umhugað um að þessi lagasetning nái fram að ganga. *Hins vegar er líka athyglisvert varðandi málið* sú tillaga meiri hlutans sem gerð var á síðustu stundu, þ.e. að setja stjórn yfir Áfengis- og tóbaksverslunina, tillaga sem kom forstjóra Áfengisverslunarinnar í opna skjöldu. Það hafa ekki verið færð sterk rök fyrir því breytta fyrirkomulagi þótt svo benda megi á fjölmörg dæmi um ríkisstofnanir að þær hafi yfir sér sérstaka stjórn. Frv. var afgreitt frá efh.- og viðskn. og hafði ekki verið tekið tillit til sjónarmiðs míns varðandi auknar forvarnir og legg ég til í nefndaráliti 1. minni hluta að frv. verði fellt. Nú hefur hins vegar komið fram í máli hv. frsm. nefndarinnar, hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, að breyting sé ráðgerð á frv. milli 2. og 3. umr. sem gerir það að verkum að það verði varið verulega meiru fé til forvarna eða tvöfaldað það fjármagn sem nú er varið til forvarna hér á landi í áfengismálum. Ég tel mjög ánægjulegt að það skuli hafa vaknað góður skilningur á mikilvægi þessa máls sem endurspeglast í þeim tillöguflutningi sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson boðaði hér áðan. Ég tel að með þeirri aðferð og þeirri áherslu sem kemur fram við afgreiðslu málsins, þ.e. með tvöföldun fjármagns til forvarna um áfengismál að ástæða sé til þess að endurmeta afstöðu til frv. á þann hátt að miðað við að sú tillaga nái fram að ganga í því formi sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson lýsti áðan og þar sem komið er til móts við það sjónarmið og óskir mínar sem fulltrúa í efh.- og viðskn. sé ekki ástæða til þess fyrir mig að leggjast gegn þessum frumvörpum á þann hátt að greiða atkvæði gegn þeim. Við þær aðstæður, ef sú viðbótartillaga um aukið fé til forvarna og sú breytta áhersla ríkisstjórnarinnar kæmi fram í tengslum við þetta mál, kýs ég að líta svo á að hér hafi verið komið verulega til móts við þau sjónarmið sem hafa endurspeglast í umræðunni og koma líka fram í þeim álitum og umsögnum sem bárust frv. og einnig í anda þeirrar umræðu sem átti sér stað í heilbrn. sem sést best í þeirri álitsgerð sem tveir hv. þm. skiluðu efh.- og viðskn., þ.e. hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur og hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Þar sem komið er það vel til móts við þau sjónarmið og þær áhyggjur okkar þingmanna, sem við lýstum ef frv. yrði lögfest í óbreyttri mynd, mun ég kjósa við þá afgreiðslu málsins að sitja hjá. Ég vænti þess að málið hafi fengið farsælan enda hvað viðvíkur þessum mikilvæga þætti áfengismála þótt vitaskuld séu fjölmörg önnur álitamál sem koma fram við lögfestingu þessara atriða.

[16:39]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 2. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 63. Afstaða 2. minni hluta var efnislega samhljóða afstöðu 1. minni hluta, a.m.k. eins og henni er lýst í nefndarálitinu að það sé ekki rétt að samþykkja frv. eins og a.m.k. var og er í pottinn búið að mínu áliti um efni þeirra. Það er því lagt til í nefndarálitinu að frv. og áfengismálunum sé vísað til ríkisstjórnarinnar eða þau felld ella og engin efni standi til þess að afgreiða þau. Frv. um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf var sent heilbr.- og *trn. til umsagnar og fylgir álit minni hluta fulltrúa* með sem fskj. með nál. þessu, þeirra hv. þm. Ögmundar Jónassonar og Ástu R. Jóhannesdóttur, og verður nánar vikið að því síðar.

Það er mín skoðun, hæstv. forseti, að þetta mál sé allt hið sérkennilegasta ef farið er yfir aðdraganda þess og sögu og einkum sá þáttur málsins sem tengdur er við samningagerðina um Evrópska efnahagssvæðið og svo nú tengsl málsins við þær hótanir sem berast frá eftirlitsstofnun EFTA um að okkur Íslendingum sé ekki lengur heimilt að viðhafa það fyrirkomulag í sambandi við verslun og innkaup og dreifingu á áfengi sem við höfum lengi gert og ætlað okkur að viðhafa, a.m.k. eins og málin lágu fyrir þegar þessi samningur var gerður. Það er fullyrt að fyrir dyrum sé málshöfðun af hálfu eftirlitsstofnunarinnar eða vísun á málinu til dómstólameðferðar ef Íslendingar láti ekki tafarlaust undan og breyti lögum og starfsháttum ríkiseinkasölunnar á áfengi.

Nú skyldi einhver halda að í sjálfu sér mundi ekki himinn og jörð farast þó þannig færi að þetta mál yrði tekið til úrskurðar hjá þessum erlenda dómstóli. Væntanlega er hann til þess að dæma úr því hann heitir dómstóll og þarf að hafa eitthvað að gera og það yrði þá varla öðruvísi en oft oft áður þegar ágreiningsmálum er vísað til úrlausnar á slíkum stað. En því er ekki að heilsa þegar ákæfustu talsmenn þess að afgreiða þessi frv. og gera þessar breytingar flytja hér mál sitt að það gæti orðið um þá leið að ræða að málið fengi einfaldlega meðferð hjá dómstóli. Látið er að því liggja að í því fælist mikill álitshnekkir fyrir Íslendinga að málið yrði tekið til dóms og mikið liggi við að forða

þeirri vá sem að okkur steðji ef dómstóllinn í útlöndum tæki þetta fyrir og dæmdi jafnvel okkur í óhag.

Það væri fróðlegt, hæstv. forseti, að heyra hvort það er almenn skoðun íslenskra stjórnvalda að staða okkar gagnvart þessum samningamálum sé slík að öll ágreiningsmál sem upp koma þar sem hið erlenda vald er okkur ekki sammála þá verðum við að láta undan áður en til þess kemur að við látum reyna á rétt okkar eða stöndum á honum fyrir dómstóli. Ég hef satt að segja ekki skilið þennan málflutning og hann verður enn ótrúlegri þegar farið er yfir forsögu málsins og þau gögn sem liggja fyrir um afstöðu íslenskra stjórnvalda til þessa máls. Ég ætla í fyrsta lagi, hæstv. forseti, að rifja það aðeins upp hver tengsl þessa máls við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði eru.

Það er sem sagt þannig, hæstv. forseti, að þegar hér kom til afgreiðslu og umfjöllunar endanleg gerð samningsins um EES þá var þetta að sjálfsögðu eitt af þeim atriðum sem var til skoðunar og umræðu, þ.e. fyrirkomulag ríkiseinkasölu á áfengi á Íslandi, sem og reyndar á þremur hinna Norðurlandanna en eins og kunnugt er þá hafa öll Norðurlöndin fyrir utan Danmörku lengi viðhaft þetta fyrirkomulag. Þá voru ýmsir sem spurðu hvort ástæða gæti verið til að óttast um það að okkur yrði meinað að viðhafa þetta fyrirkomulag í framtíðinni á grundvelli ákvæða samningsins. Að því var spurt hér og jafnvel við því varað í umræðum á Alþingi að svo væri. En þá var í það vísað að í fyrsta lagi hefði í samningagerðinni sjálfri af hálfu ríkisstjórnar Íslands sem og annarra Norðurlanda verið sett fram sú stefna hinna norrænu ríkisstjórna að þetta þetta tiltekna fyrirkomulag, ríkiseinkasala á áfengi, væri hluti af heilbrigðisstefnu Norðurlandanna. Og þetta fyrirkomulag hygðust menn varðveita og því vildu menn viðhalda, til þess stæði vilji ríkisstjórna Norðurlanda annarra en Dannmerkur. Til þess að tryggja þetta enn betur var gefin sérstök yfirlýsing í tengslum við gerð samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Vísað var í það og fullyrt í umfjöllun um málið hér að Evrópubandalagið gerði ekki athugasemdir við þetta fyrirkomulag. Það var fullyrt að það sem fyrst og fremst þyrfti að tryggja væri að ríkiseinkasalan gerði ekki greinarmun á grundvelli ríkisfangs. Það væri með öðrum orðum ekki um mismunun að ræða. Þá væri því skilyrði fullnægt og þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því meir. Að öðru leyti lagði Evrópusambandið og hinn evrópski réttur, sem verið var að taka upp með samningagerðinni um EES, fyrst og fremst áherslu á það að unnt væri að stunda svonefndan samhliða innflutning og veita einkaréttarhöfunum, í þessu tilviki áfengiseinkasölunum, aðhald. Það er alveg ljóst að í samningaviðræðunum og í samningagerðinni var það sameiginlega afstaða Norðurlandanna fjögurra í EFTA að þau teldu að skuldbindingar samningsins gæfu ekki tilefni til að breyta ríkjandi fyrirkomulagi um áfengiseinkasölu. Ef menn vilja lesa sér til um þetta og sannreyna þetta enn frekar þá vísast í fylgiskjöl með frv. til laga um staðfestingu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem menn geta flett upp á í Alþingistíðindum árið 1992. Það er einkum og sér í lagi umsögn um 16. gr. frv. þar sem um þetta er fjallað.

Þetta voru þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar afgreiðslu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði hér — af hverra hálfu, af hálfu íslenskra stjórnvalda, af hálfu sömu aðila að hluta til og nú bara þetta frv. fram. Því á þessum tíma sat ríkisstjórn hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, fyrra ráðuneyti hans sem vonandi verður ekki nema annað af tveimur, og í þeirri ríkisstjórn var m.a. sami hæstv. fjmrh. og nú starfar.

Til að undirstrika það enn betur að þetta var afstaða íslenskra stjórnvalda á þessum tíma má líka minna á bækling sem utanrrn. gaf út, litprentaðan og skrautlegan bækling, mig minnir að hann hafi verið sendur í hvert einasta hús, herra forseti, með miklum tilkostnaði og ærinni fyrirhöfn. Ég er ekki með eintak undir höndum en það væri fróðlegt að þingið yrði sér út um eitthvert upplag af bæklingnum því þetta er orðið sögulegt gagn og merk heimild. Það er ekki alveg óhugsandi að einhvers staðar í kassa í utanrrn. liggi ónotað upplag af þessum bæklingi og væri ekki verra en hvað annað að því yrði nú dreift á nýjan leik á borð þingmanna. Í þessum bæklingi fullyrti utanrrn. að ekki þyrfti að hrófla við ríkjandi fyrirkomulagi á áfengiseinkasölu á Íslandi þrátt fyrir samninginn um EES. Það var einmitt tekið til marks um blekkingar og áróður andstæðinga samningsins að vera að halda slíku fram. Tekið sem dæmi um ómerkilega útúrsnúninga og áróður þeirra sem væru að gagnrýna þennan samning. Að það væri ranglega verið að halda því fram að áfengiseinkasalan gæti verið í hættu vegna ákvæða samningsins. Svo er ekki, sagði utanrrn. þegar það var að selja þjóðinni ágæti þessa samnings í skrautbæklingum á sínum tíma. (**ÖS:** Hann vissi ekki betur.) Hann vissi ekki betur, kallar hér fram í fyrrv. umhvrh. Þá var að vísu þessi hv. þm. ekki orðinn umhvrh. en sama er, hann ber alla vega þá skömm á herðum sér að vera flokksbróðir hæstv. þáv. utanrrh. og ber að sínu leyti ábyrgð á þessari framgöngu.

Er þetta rismikil staða fyrir þá sem þannig stóðu að málum að þeir tóku akkúrat þetta dæmi til marks um það hvernig andstæðingar samningsins um EES væru með blekkingum og ómerkilegum hætti að tortryggja samninginn og reyna að varpa rýrð á hann, að því væri ranglega haldið fram að við þyrftum að hrófla við áfengiseinkasölunni, svo væri ekki?

Í framhaldi af þessari umfjöllun má síðan vitna til þess að ítrekað á síðasta kjörtímabili staðfestu bæði fjmrn. og utanrrn. þá afstöðu sína að ekki þyrfti að hrófla við ÁTVR. Til marks um það eru m.a. bréfaskriftir fjmrn. við eftirlitsstofnun EFTA og bréfaskriftir utanrrn. til sömu stofnunar og til að mynda til samtaka eins og BSRB. Það liggur fyrir skjalfest í bréfum og greinargerðum frá báðum þessum ráðuneytum á síðasta kjörtímabili ágætur rökstuðningur fyrir því að ekki sé ástæða til að breyta þessu. Ég held að það sé fróðlegt fyrir ágæta þingmenn að fara í fylgiskjöl sem birt eru með nál. 2. minni hluta og lesa þetta fyrir sig sjálfa.

En kannski ættum við fyrst, herra forseti, að staldra aðeins við upphaf þessara bréfaskrifta, hvað það var

sem setti alla hrinuna af stað. Það er nefnilega bréf frá 30. des. 1993. — Nú óska ég eftir því, herra forseti, að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson verði kallaður til stofu og hann leggi það á sig að sitja hér eina stund og taka þátt í umræðu um þetta mál því hann er aðili að málinu, ekki bara sem formaður efh.- og viðskn. og framsögumaður minni hluta heldur líka sem framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands. Því þannig er að sá mikli félagsskapur tók upp úr safni sínu bréfsefni 30. des. 1993 og setti á tvö blöð texta og sendi til Brussel. Það er þannig að Verslunarráðið fór þess á leit með bréfi til ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, að hún fjallaði um starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á Íslandi og athugaði hvort þessi starfsemi samræmdist samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Undir bréfið ritar Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, og sjá nú fylgiskjal XII, hygg ég að það sé í þessu litla nefndaráliti, herra forseti.

Það er rétt að fara aðeins yfir það hvernig þessir atburðir urðu. Með öðrum orðum á mannamáli, herra forseti, Verslunarráðið kærði Íslendinga. Verslunarráðið kærði Íslendinga til eftirlitsstofnunar EFTA og sérstaklega starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Það segir, með leyfi forseta, í þessu bréfi, m.a. svohljóðandi:

„Verslunarráð fer með bréfi þessu fram á að eftirlitsstofnun EFTA fjalli um starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á Íslandi (ÁTVR) og athugi hvort þessi starfsemi samræmist samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði."

Ég vek athygli á orðalaginu „þessi starfsemi". Það er ekki bara verið að tala um innflutningsþáttinn eða heildsöluþáttinn heldur alla starfsemi ÁTVR.

Í 3. mgr. í bréfi Verslunarráðsins er fullyrt:

„Framleiðendur áfengis og tóbaks á Evrópska efnahagssvæðinu hafa ekki jafnan aðgang að íslenska markaðnum."

Hér er í bréfi Verslunarráðsins ÁTVR borið þeim sökum að mismuna mönnum eða óðruvísi er erfitt að lesa þennan texta. Og það gerist á grundvelli þess að verslunin velji tilteknar vörur til að hafa á boðstólum. Með öðrum orðum virðist það vera skoðun Verslunarráðsins að svo lengi sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi ekki allar brennivínstegundir heimsins á boðstólum samtímis þá sé um mismunun að ræða.

Í þriðja lagi segir neðar í bréfinu, hæstv. forseti:

„Verslunarráð Íslands telur að starfsemi ÁTVR geti vart samræmst 16. gr. EES-samnings. Enn fremur efast Verslunarráð Íslands um að einkasalan geti samræmst 31. gr. þar sem fjallað er um rétt manna til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi. Varðandi yfirlýsingu ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar með EES-samningnum þar sem fram kemur að áfengiseinkasala sé starfrækt til að ná félagslegum og heilbrigðislegum markmiðum vill Verslunarráð Íslands taka fram að hin háa skattlagning á áfengi sem er við lýði á Íslandi getur talist framlag til félagslegra og heilsufarslegra markmiða."

Hér virðist Verslunarráðið taka sér það fyrir hendur alveg óumbeðið að útskýra það að í raun og veru sé þessum félagslegu og heilbrigðislegu markmiðum fullnægt með því að hafa brennivínið dýrt og að sölu- og dreifingarfyrirkomulagið eða aðgengi manna eigi að vera því óviðkomandi — hver sem hefur beðið Verslunarráðið að fara að taka faglega afstöðu til þessara áfengispólitísku álitamála.

Verslunarráðið klykkir út í bréfi sínu með svofelldum orðum:

„Verslunarráð Íslands hvetur eftirlitsstofnun EFTA til þess að kanna vandlega lagalegan grundvöll og viðskiptahætti ÁTVR þannig að bæta megi úr ef starfsemi getur ekki talist vera í samræmi við EES-samninginn."

Með öðrum orðum þótti þeim ástæða til þess í kærubréfinu að brýna nú eftirlitsstofnunina á því að fara rækilega ofan í saumana á hlutunum og kanna vandlega bæði lagalegan grundvöll og viðskiptahætti, hvort þarna væri ekki eitthvað verulega bogið á ferðinni.

Undir þetta er ritað, eins og áður sagði, svohljóðandi: „Virðingarfyllst, Verslunarráð Íslands, Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri."

Þarna urðu þau tíðindi sem þóttu nú nokkur í stjórnmálasögunni að þingmaður kærði m.a. sjálfan sig til erlendrar stofnunar því eins og kunnugt er átti hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem alþingismaður þátt í því að afgreiða samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, gera hann að lögum hér og vitandi af því fyrirkomulagi sem hér var um áfengisdreifingu og vitandi af rökstuðningi íslenskra stjórnvalda um að þetta fyrirkomulag stæðist. En eins og ári síðar eða svo eða einhverjum mánuðum a.m.k. síðar er hv. þm., að vísu í gervi framkvæmdastjóra Verslunarráðsins, búinn að skipta um skoðun. Telur greinilega að þetta fyrirkomulag sé óheimilt og kærir Íslendinga til eftirlitsstofnunar EFTA.

Þetta er með miklum ólíkindum og enn þá kostulegri verður sagan og skemmtilegri, mundu kannski einhverjir ábyrgðarlausir menn segja, þegar það bætist svo við að nú á þessu kjörtímabili fáum við frv. til umfjöllunar sem eru að sögn stjórnvalda afleiðing af kæru Verslunarráðsins og þá kemur það í hlut hv. þm. Vilhjálms Egilssonar sem formanns efh.- og viðskn. að stjórna faglegri úttekt þingsins á þeim málum. (**Gripið fram í:** Hefur hann ekki gert það vel?) Ræðumaður ætlar ekkert að ásaka hv. þm. um að hafa ekki reynt að vinna þetta samkvæmt bestu samvisku en ég get hins vegar alveg látið það koma fram að ég tel þetta óheppilegar aðstæður, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Ég lét það sjónarmið mitt koma fram í efh.- og viðskn. og það gerðu fleiri. Forseti vor hæstv. hefur að vísu fellt um það mikinn salómonsdóm að hv. þm. sé hæfur til þess að fjalla um þessi mál þrátt fyrir þessar mjög svo óvenjulegu og sérstöku hagsmunaaðstæður sem þarna myndast og ekki tjáir að deila við dómarann, þ.e. hæstv. forseta, í þessu efni og skal ekki gert. En eftir stendur það að menn hljóta að geta haft skoðanir á því og mega láta þær uppi hvort þeir telji heppilegt að hlutverk manna krossist með þessum hætti.

En þetta er upphaf málsins að þessu leyti til, hæstv. forseti, að bréfaskriftirnar hófust. Með bréfi Verslunarráðsins undirrituðu af framkvæmdastjóranum 30. des. 1993.

Og kærubréfið bar skjótan ávöxt því svarbréf Eftirlitsstofnunar EFTA eða öllu heldur má segja fyrsta bréfið frá eftirlitsstofnun EFTA til íslenskra stjórnvalda þar sem spurst er fyrir um starfsemi ÁTVR er dagsett 7. jan. 1994. Það tók sem sagt rétt liðlega viku og eru þó helgidagar þarna á milli að senda bréf til baka til Íslands og spyrjast fyrir um hvað væri á ferðinni. Þannig að þeir brugðust skjótt við í Brussel eftir að hafa fengið kæruna. Síðan upphófust miklar bréfaskriftir og er ekki ástæða til að rekja þær í einstökum atriðum, það geta menn gert sjálfir því eitt af fskj. með nál. þessu er yfirlit yfir þessar bréfaskriftir en bréfin liggja frammi í gögnum efh.- og viðskn., er mikill doðrantur orðinn og geta þeir sem því nenna eða vilja vafalaust orðið sér úti um þann bunka en verða þá að vera læsir á enskri tungu því hann er þar ekki í þýðingu.

En það sem er kannski öðru fremur áhugavert við þessar bréfaskriftir, herra forseti, og er ástæða til að vekja enn betur athygli á er að í framhaldinu á öllu árinu 1994 eru íslensk stjórnvöld, ráðuneytin, að rökstyðja það að við Íslendingar þurfum ekki að breyta neinu vegna þess að það sé okkar afstaða að þetta fyrirkomulag samræmist ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Fjmrn. rökstyður það ágætlega til að mynda í svarbréfi sínu frá 11. júlí 1994. Þar lýsir fjmrn. sig algjörlega ósammála því viðhorfi ESA að starfsemi ÁTVR samrýmist ekki EES-samningnum. Og utanrrn. hefur sömu afstöðu því í bréfi frá því ráðuneyti, einnig dagsett 11. júlí, er vísað í grg. með frv. um EES-samninginn sem rökstuðning fyrir því að ekki þurfi að breyta þarna neinu, eða a.m.k. að það hafi verið afstaða ráðuneytisins að ekki þurfi að breyta þarna um.

Ég vil vísa í aðra skráða heimild frá utanrrn., sem á þessum tíma var stýrt af hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Þá er utanrrn. að svara Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja sem hafði spurst fyrir um það í framhaldi af samningagerðinni um EES hvort nauðsynlegt væri að gera breytingar á einhverjum opinberum fyrirtækjum, hvort einkavæðing á einhverjum fyrirtækjum mundi fylgja í kjölfar EES-samningsins, hvort ástæða væri til að óttast um starfsöryggi opinberra starfsmanna o.s.frv. í kjölfarið á samningagerðinni. Eðlilega hafði og hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og önnur stéttarfélög opinberra starfsmanna áhyggjur af þessu máli. En hverju svaraði utanrrn. á síðasta kjörtímabili í þessum efnum? Jú, í svari til Ögmundar Jónassonar, formanns BSRB, dagsettu 1. júlí 1992, segir utanrrn.:

„Með vísan til fyrrnefnds bréfs fylgir hér svar ráðuneytisins við þeim spurningum sem þar eru settar fram.

1. Samningurinn krefst þess ekki að ríkisfyrirtæki eða stofnanir verði færð yfir í einkarekstur og skerðir á engan hátt möguleika ríkis eða sveitarfélaga til þess að taka þátt í atvinnustarfsemi." — Og neðar í sama tölulið segir, með leyfi forseta: „Ekkert mælir gegn starfsemi ÁTVR sem í raun hefur haft með hendi einkaleyfi á smásölu fremur en við innflutning sem ekki mismunar á grundvelli þjóðernis."

Svo mörg voru þau orð og þar hafa menn það. Enn ein staðfesting þess að afstaða beggja ráðuneytanna á síðasta kjörtímabili var sú að ekki væri ástæða til að hrófla við neinu. Ekki þyrfti að gera breytingar. Ekki þyrfti að afnema ríkiseinkasölu á innflutningi eða heildsölu og dreifingu áfengis.

Og þá er komið að spurningunni, herra forseti: Hvað hefur breyst? Hvers vegna hafa menn allt í einu skipt um skoðun? Af hverju er allt í einu snúið við blaðinu? Eftir allan þennan rökstuðning sem fram hefur farið ágætlega, eftir allar fullyrðingarnar í tengslum við samningagerðina, eftir alla málsvörnina í bréfaskriftum við eftirlitsstofnun EFTA — af hverju þá ekki að standa á rétti Íslendinga og láta á hann reyna? Af hverju ekki? Vilja menn frekar gera sjálfa sig að ómerkingum með þeim hætti sem hér stefnir í? Vilja fjmrh., fyrrv. hæstv. utanrrh. og í raun og veru allir þeir sem báru ábyrgð á þessum málflutningi frekar dæma sjálfa sig ómerkinga með því að snúa við blaðinu og segja: Nei, þetta var allt í plati. Þetta má ekki, við verðum að breyta þessu? Er ekki skárra að reyna þá að standa í lappirnar, byggja upp okkar málsvörn og málsástæður og fara þá með það fyrir dóm ef svo ber undir og reyna þar að verja sinn rétt?

Þetta, herra forseti, er nauðsynlegt að menn hafi í huga, tengsl frv. við samninginn um EES sem öðrum þræði eru færð fram sem ástæða þess að breyta þurfi þessu fyrirkomulagi.

Það er reyndar mikið tvíeðli í þessu máli því iðulega hefur verið og er blandað saman tveimur óskyldum atriðum. Það er annars vegar þessum tengslum við EES og þessum kærum til Brussel og hótunum þaðan sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kom af stað með kærubréfi sínu 30. des. 1993. (**VE:** Og er stoltur af.) Og er stoltur af, segir hv. þm. Nú er spurning hvort hann er stoltur af því sem þingmaður eða stoltur af því sem framkvæmdastjóri Verslunarráðsins að hafa það sannað bréflega að hann hafi verið í vinnunni 30. des. (**VE:** Hvort tveggja.) Hvort tveggja. Þingmaðurinn er sem sagt stoltur af því að hafa kært sjálfan sig fyrir erlendum dómstóli.

En hitt er svo auðvitað það að á bak við liggur það sem ég vil í öðru lagi gera sérstaklega að umtalsefni: Einkavæðingarstefnan. Því þetta mál er líka hluti af, kannski ekkert síður hluti af einkavæðingarstefnunni. Spurningin er hvort hæstv. ríkisstjórn, sú fyrrverandi a.m.k. og jafnvel þessi sem nú situr, hefði ekki verið að nudda með þessi mál hér hvort sem er þó engin kæra hefði komið frá Brussel. Eða var kannski kæran send til Brussel til þess að fá það vopn í hendur að hægt væri að koma heim og segja: Við verðum að leggja niður ÁTVR? Við verðum að breyta þessu, við verðum að láta þetta í hendur einkaaðila? Var það e.t.v. til þess sem leikurinn var gerður? Var það ekki bara sannleiksástin og ófullnægð réttlætisþörf sem kom mönnum til þessa?

Hæstv. fjmrh. hefur heyrst segja að hann telji að það eigi ekkert að vera að blanda saman EES-þætti málsins annars vegar og hins vegar bara þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að einkavæða. Það er virðingarvert sjónarmið að hafa hreinskilni og uppburði í sér til þess að segja það ef það er það sem er hér á ferðinni. Sem það auðvitað er því þetta er hluti af einkavæðingaráráttunni og -þráhyggjunni.

Það virðist að vísu vera svo að einhver feimni sæki á einkavæðingarpostulana þegar kemur að því að einkavæða brennivínsgróða og koma viðskiptum með brennivín í hendur einkaaðila þannig að þeir geti farið að græða á þeim. Þá fara menn frekar með veggjum og það er ekki alveg eins fínt, það passar ekki alveg jafn vel inn í formúlurnar og að einkavæða lyfjaverslunina og síldarbræðslur og eitthvað því um líkt. Þá kemur sér náttúrlega afar vel að fá svona hótun frá Brussel.

Staðreyndin er sú að það er afar ógeðfelldur hluti af þessu máli ef færa á víglínuna fyrir vígvöll gróðahyggjunnar svo innarlega að hún komi jafnvel inn á svið vímuefnanna. Það hlýtur að leita á mann sú spurning: Hvar vilja menn þá draga mörkin? Hvar ætlar Verslunarráðið að draga mörkin á vímuefnasviðinu? Á hverju eiga menn að mega græða og hverju ekki í þessum efnum?

Fyrrv. ríkisstjórn varð fræg að endemum fyrir framgöngu sína í einkavæðingarmálum. Hún ætlaði að einkavæða og selja ríkisfyrirtæki fyrir á annan milljarð kr. á hverju ári. Það fór upp og ofan því að aðallega var um afhendingu að ræða og gjafir og flest árin var gat í fjárlögunum upp á milljarð þegar upp var staðið af því að einkavæðingaráformin runnu út í sandinn og vantaði þó ekki viljann því að menn voru jafnvel tilbúnir til þess að selja heila banka á hálfvirði ef það mætti verða til þess að koma þeim úr eigu ríkisins.

Það sem verst var við þetta var að það var staðið þannig að þessum málum gagnvart starfsfólkinu að það skapaði mikið óöryggi og mikil leiðindi enda eru bullandi dómsmál í gangi vegna slíkra mála þar sem starfsfólkið telur að brotið hafi verið á réttindum þess vegna þess hvernig fyrrv. ríkisstjórn stóð að málum. Það er mjög dapurlegt, herra forseti, ef það á að verða niðurstaðan að núv. ríkisstjórn feti í sömu slóð því á síðasta kjörtímabili voru margir hv. þm. Framsfl. liðsmenn í því að gagnrýna fyrrv. ríkisstjórn fyrir það hvernig hún stóð að málum. Það er spurning, hæstv. forseti, hvort ekki sé ástæða til þess að lýsa eftir Framsfl., senda eins og eina tilkynningu í útvarpið um það hvar Framsfl. sé. Það hefur lítið sést af honum upp á síðkastið. Það er að vísu sýnist mér einn ágætur hv. þm. Framsfl. til staðar en ég hefði gjarnan viljað sjá eins og þó ekki væri nema einn hæstv. ráðherra. Út af fyrir sig væri bara gaman að hafa eitt eintak til sýnis af þeirri tegund, hæstv. forseti, því að það er enginn ráðherra í þingsalnum, ekki einu sinni hæstv. fjmrh. sem fer með þetta mál. Þetta er ekki bandormur.

(**Forseti** (ÓE): Fjmrh. er í húsinu.)

Hann er að vísu í húsinu. Ég lýsi eftir Framsfl. Ég lýsi eftir því að Framsfl. taki þátt í umræðunni og geri okkur svolitla grein fyrir því hvað hefur breyst. Ætlar Framsfl., eins og halda má af þessu máli, að skrifa upp á einkavæðingardellu og kreddu fyrrv. ríkisstjórnar óbreytta og fara ofan í sama farið í þessum efnum og byrja á brennivíninu, byrja á því að einkavæða brennivínið? Kemur nú annað stykki, hæstv. forseti, hv. þm. Framsfl. og það er fagnaðarefni að það eru þó a.m.k fundnir og fram komnir tveir þingmenn Framsfl. Þetta eru að vísu hvorugt þingmenn sem sátu á síðasta kjörtímabili. Það hefði verið enn fróðlegra að fá inn í umræðuna menn sem tóku þátt í því á síðasta kjörtímabili að gagnrýna fyrrv. ríkisstjórn fyrir ofstæki í einkavæðingarmálum, fautaskap gagnvart starfsfólki o.s.frv. (**Gripið fram í:** Ólafur Þórðarson.) Nú er hv. fyrrv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson fjarri góðu gamni. Það hefði nú verið gaman að hafa hann hér og við söknum hans mjög. En hér mættu ýmsir fleiri góðir menn vera. Hæstv. félmrh. var stundum liðtækur í orðræðum um þetta efni og fleiri.

Auðvitað væri ástæða til að formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., kæmi hér og gerði grein fyrir afstöðu Framsfl. í þessum málum, bæði í þessum brennivínsmálum og einkavæðingarmálum. Var það með þetta eins og fleira að Framsfl. gleypti hrátt það sem að honum var rétt og líka óbreytta einkavæðingarstefnu fyrri ríkisstjórnar sem lætur það verða sitt fyrsta og brýnasta verk að leggja fram frumvörp um einkavæðingu á brennivíninu? (**Gripið fram í:** Breyttar áherslur með nýju fólki.) Já, það er þetta nýja fólk hjá Framsókn, hv. þm. Það hefur vakið mikla undrun, satt best að segja, hvernig framganga þess er hér. Ég fagna því ef menn koma hér og gera sig gildandi í þessari umræðu og rökstyðja það þá að þetta sé hin nýja lína sem komi með nýja fólkinu að einkavæða brennivín o.s.frv. Þá skýtur það fleiri stoðum undir þá skoðun sem hér er að verða mjög útbreidd að það sé orðið ástæðulaust að tala um ríkisstjórnina í fleirtölu, þ.e. stjórnarflokkana, þetta sé bara einn flokkur, stjórnarflokkurinn, stóri Framsfl. og er handhægt t.d. í skammstöfun að hafa þetta þannig.

Herra forseti. Ég ætlaði í þriðja lagi að gera að umtalsefni þær breytingar sem með þessum frumvörpum, ef að lögum yrðu, kæmu þá til á opinberri áfengisstefnu í landinu því það er vonlaust að bera á móti því að breytingar á þessu tagi fælu í sér grundvallarbreytingu á íslenskri áfengisstefnu. Hér á Íslandi sem og reyndar lengst af á hinum Norðurlöndunum öðrum en Danmörku hefur ríkt tiltölulega góð sátt um það að liður í aðhaldssamri áfengisstefnu stjórnvalda væri ríkiseinkasala á áfengi, ríkiseinkasala sem ekki væri drifin áfram af gróðasjónarmiðum, þar sem stjórnvöld hefðu í hendi sér að takmarka með tilteknum hætti aðgengi manna, þar sem hafa mætti fullkomið eftirlit með áfengisdreifingunni o.s.frv. Um þetta hefur ríkt tiltölulega góð sátt, a.m.k. fram á síðustu ár. Og það þarf ekkert að fjölyrða um að það er grundvallarbreyting ef til sögunnar eiga nú að koma tugir og jafnvel hundruð hagsmunaaðila sem eiga persónulega hagnaðarvon í því að auka umsvif sín við sölu og dreifingu á þess-

ari vöru. Það er vonlaust mál að bera á móti því að það er grundvallarbreyting. Og það er mjög dapurlegt ef það á að gerast þannig að menn hverfi frá fyrirkomulagi sem hefur verið viðurkennt að hafi skilað árangri, tölfræðilega þeim að drykkja er með því minnsta sem þekkist í þessum löndum og áfengisvandamál að sama skapi lítil, árangri eins og þeim sem náðist á löngu árabili í Svíþjóð að á sama tíma og áfengisneysla var nánast alls staðar annars staðar vaxandi þá fór hún minnkandi þar, árangri sem er slíkur að alþjóðlegar heilbrigðisstofnanir eins og Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna vísar út um allan heim í fordæmi Norðurlandanna um það hvernig unnt sé að ná árangri, árangri sem hefur þann orðstír að á síðustu árum hafa önnur lönd og einstök ríki, til að mynda í Bandaríkjunum, verið að hverfa aftur til þess að taka upp þetta fyrirkomulag af því að menn hafa einfaldlega fallist á þau rök að með því hafi menn sýnilga náð árangri í glímunni við þetta vandamál sem ofneysla áfengra drykkja er.

Það er ekki bara, herra forseti, að með þessu sé um grundvallarstefnubreytingu að ræða heldur hefur það ítrekað komið fram og liggur fyrir í gögnum þessa máls að mjög margir líta svo á að hér sé einungis um fyrsta skrefið að ræða, hér sé einungis upphafið að þróun sem eigi að ganga lengra í því að losa enn meir um fyrirkomulagið og sleppa alveg tökunum á því hvernig þessi vara er boðin fram.

Það getur vel verið að menn geri bókstaflega ekkert með það að svona sjónarmiðum sé haldið hér fram og ég býst ekki við því, herra forseti, að það þyki í tísku og fínt og sé inni, eins og sagt mun vera í dag, að halda fram svona sjónarmiðum og það sé allt heldur hallærislegt sem þetta ágætisfólk sem starfar að vímuefnavörnum og forvörnum og meðferð áfengissjúkra o.s.frv. heldur fram. En er það virkilega svo að það renni ekki tvær grímur á nokkurn einasta mann hér inni þegar menn fá upp í hendurnar gögn af því tagi sem liggja fyrir að öll þau samtök sem eru að glíma við þetta vandamál úti í þjóðfélaginu, hvort heldur er að sinna forvörnum eða sjá um meðferð áfengissjúkra, eru á móti þessu, þau vara við þessu, þau biðja um að þetta verði ekki gert? Áfengisvarnaráð, Vímulaus æska, samtökin Stöðvum unglingadrykkjuna, samtökin Heimili og skóli og fjölmargir fleiri aðilar hafa sent frá sér ályktanir, gefið yfirlýsingar um það að þeir séu andvígir þessum breytingum.

Reynt hefur verið að toga það út úr heilbrrn. hvaða afstaða ríki á þeim bænum. Það hefur hins vegar ekki gengið vel, herra forseti, eins og kemur fram í áliti tveggja fulltrúa í minni hlutanum í heilbr.- og trn. því að þrátt fyrir mikinn hug sem hæstv. heilbrrh. ku hafa haft á því við 1. umr. að láta til sín taka í málinu hefur ekki tekist að toga skriflega neitt út úr ráðuneytinu um afstöðu þess og ber að harma það. Spurningin er, herra forseti: Hvar ætli hæstv. heilbrrh. sé staddur um þessar mundir? Væri nokkuð hægt að fá hæstv. heilbrrh. til að vera hér viðstaddan umræður þó ekki væri nema ... (Gripið fram í.) Það er mér mikil ánægja að hæstv. heilbrrh. skuli vera hér viðstödd.

Ég óska eftir því að hæstv. heilbrrh. tjái sig þá um það hvernig til að mynda hæstv. heilbrrh. líði gagnvart þeirri afstöðu sem hér kemur fram í fskj. og komið hefur fram opinberlega um viðhorf eiginlega allra þeirra sem sinna áfengisvörnum eða áfengismeðferð í landinu. Mér finnst ekki hægt að afgreiða þennan þátt málsins bara þannig að þarna séu einhverjir léttvægir hlutir á ferð og eitthvað sem ekki þurfi að hafa áhyggjur af.

Það hafa verið að koma fram, herra forseti, allískyggilegar tölur um aukna drykkju og aukin vandamál samfara drykkju hér á Íslandi á síðustu árum til að mynda og ekki síst, því miður, hvernig drykkjan hefur stóraukist í yngstu aldurshópunum og færst neðar og því miður þýðir ekkert annað en horfast í augu við það að varnaðarorð þeirra sem óttuðust að menn myndu missa tökin á þessu að verulegu leyti í kjölfar þess að til sögunnar kæmi áfengur bjór án þess að gripið yrði til mjög sérstakra og harðra ráðstafana á móti hafa reynst á rökum reist. Það geta hlegið ýmsir menn úti í salnum, til að mynda hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, og gert að þessu grín, en tölurnar og staðreyndirnar gufa ekki upp við það, hv. þm. Þar með er ekki sagt að að því hefði ekki komið með einum eða öðrum hætti fyrr eða síðar að Íslendingar hefðu lögleitt þennan vökva eins og aðrar þjóðir og það hefur aldrei verið mín sannfæring að það væri líklegt að til lengri tíma litið hefði það fyrirkomulag orðið öðruvísi hér. En ég held að það sé að koma í ljós að það skiptir miklu máli hvernig að því var staðið og þá var nákvæmlega sama andvaraleysið ríkjandi og virðist ætla að vera upp á teningnum í þessu máli nú. Það var þannig, svo dapurlegt sem það er, að íslensk stjórnvöld gerðu varla nokkurn skapaðan hlut með auknum áróðri, fræðslu og upplýsingum eða öðrum slíkum fyrirbyggjandi aðgerðum að vega upp á móti þeim áhrifum sem var ástæða til að ætla að gæti orðið af þeirri breytingu og því hefur farið sem farið að drykkjan hefur stóraukist á þeim tíma sem síðan er liðinn, að hve miklu leyti sem það er beinlínis því að kenna verður auðvitað aldrei mælt.

Ég kalla menn furðu káta í sér að geta bara hlegið að því að verið sé að reyna að ræða þessi mál. Það gera a.m.k. ekki þeir sem fást við þau úti í þjóðfélaginu og glíma við þau vandamál sem af misnotkun áfengra drykkja stafar.

Einn sá þáttur sem menn hafa einmitt áhyggjur af í þessu sambandi, herra forseti, og ég ætlaði í fjórða lagi að gera að umtalsefni er eftirlitsþátturinn. Það hefur ítrekað verið á það bent og af því hafa menn áhyggjur að það muni torvelda með ýmsum hætti eftirlit á þessu sviði að til sögunnar komi fjöldi nýrra aðila sem verður bundinn hagsmunum í þeim skilningi að menn eiga orðið beinna hagsmuna að gæta að auka umsvif sín við áfengissölu. Þessu mótmæla ýmsir og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, frsm. meiri hlutans, reyndi ef ég heyrði rétt í stuttri og tiltölulega ómerkilegri, leyfi ég mér að segja, herra forseti, framsöguræðu áðan þar sem ekki var farið mjög ítarlega yfir málin, satt best að segja, að gera lítið úr þessum þætti. Ég ætla aðeins að gera hann að umtalsefni. Ég ætla að spyrja að því af

því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson þykist hafa vit á hagfræði og bisness og vinnur við það svona öðrum þræði:

Er líklegt að það hafi ekki einhver áhrif, trúa menn því, finnst mönnum það sennilegt að það hafi engin áhrif þegar tugir einkaaðila fara að eiga hagsmuna að gæta af því að auka umsvif sín í áfengissölu í landinu beint þar sem jafnvel miklir fjármunir geta verið í húfi í allt öðru samhengi en verið hefur, þar sem menn hafa ýmist fengið lítið eða ekki neitt í einhverja þóknun fyrir það að eiga að heita umboðsmenn fyrir erlent áfengi? Þegar menn stofna nú til þess fyrirtæki eða hefja viðskipti í þeim fyrirtækjum sem fyrir eru og fá í sínar hendur fulla verslunarálagningu fyrir sína vöru, og hér er um að ræða verðmæta vöru þar sem stórar fjárhæðir skipta um hendur, er líklegt að það hafi ekki áhrif að tugir eða jafnvel hundruð sjálfstætt starfandi einkaaðila eigi sína afkomu og sína gróðavon undir því að auka sín umsvif? Hvað þýðir að segja mönnum að það hafi ekki áhrif? Auðvitað mun það hafa mikil áhrif. Það er vonlaust mál annað en það muni hafa mjög mikil áhrif. Þar með hlýtur það líka að vera eðli máls samkvæmt þannig að þeim mun fleiri sem þessir aðilar verða þeim mun erfiðara verður að hafa fulla yfirsýn yfir það hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig.

Það hefur verið á það bent að frv. eins og það er fram lagt er algerlega ófullnægjandi hvað varðar hluti eins og merkingar á áfengi og það virðist ekki hafa verið ætlunin þegar frv. var fram lagt að um neinar skyldur yrði að ræða í þeim efnum. Einhverja bakþanka eru stjórnarliðar komnir með út af því máli eins og reyndar líka út af áfengisforvörnunum því að nú var það boðað allt í einu að það ætti að líta á það mál milli 2. og 3. umr. Þá ætti að velta því fyrir sér hvort ekki væri hægt að setja upp einhvern sjóð og sletta í einhverjum peningum til að friðþægja samviskuna. Eins er það með eftirlitsþáttinn að það er ekki lengur hægt að kaupa sér aflausn upp á fornan máta eins og hægt var á sinni tíð þegar slíkt var til sölu í Róm. Það er ekki lengur hægt, þeir viðskiptahættir eru aflagðir að mestu, a.m.k. í vorri kristni. Og þá verður að kaupa aflausnina með einhverjum öðrum hætti eins og þeim að velta því fyrir sér milli 2. og 3. umr. að sletta einhverjum peningum í forvarnir.

Um eftirlitsþáttinn mætti margt fleira segja, herra forseti. Það koma til að mynda upp álitamál eins og þau hvernig eigi í þessu nýja kerfi með tugum eða hundruðum heildsala eða milliliða, því að það er gert ráð fyrir því í frumvörpunum að ekki verði einungis um að ræða innflytjendur sem fái verslunarleyfi heldur geti menn starfað sem hreinir innlendir milliliðir og menn geti orðið farandheildsalar með brennivín, stofnað hér farandsölur, keypt það af öðrum innflytjendum, lagt land undir fót, ferðast um og reynt að selja, hvernig eigi að hafa eftirlit með slíkri starfsemi. Hver ætlar til að mynda að hafa eftirlit með vörurýrnun í þeim viðskiptum? Hver ætlar að gera það, hæstv. heilbrrh.? Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson? Ætlar Verslunarráðið að senda mann á eftir hverjum bíl sem leggur út á hringveginn og fer í farandheildsölu á brennivíni?

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur upplýst að vörurýrnunin nemur um 20 millj. á ári. Það er gölluð vara, það eru flöskur sem brotna, það eru sendingar sem vantar í o.s.frv. og allt þar fram eftir götunum. Um þetta eru færðar nákvæmar skýrslur þar sem gerð er grein fyrir hverju einasta tilviki og auðvelt að halda utan um slíkt í því fyrirkomulagi sem nú er við lýði, en hver ætlar að gera það í kerfi Verslunarráðsins og stjórnarflokksins? Á til að mynda að endurgreiða áfengisgjald af flöskum sem brotna í dreifingu? Á að gera það? Eða á heildsalinn að sitja uppi með það óbætt? Hvernig á að fara með svona mál? Ef í ljós kemur gölluð sending sem búið er að leysa úr tolli og búið að borga fullt áfengisgjald til ríkisins, sem verður tekið við tollun, getur heildsalinn fengið það gjald endurgreitt eða á hann að sitja uppi með það? Sé svarið já, að hann geti mætt og fengið í slíkum tilvikum endurgreiðslu, hver ætlar þá að fylgjast með því að varan hafi raunverulega verið gölluð eða flöskur hafi brotnað o.s.frv.?

Það verða ýmis svona álitamál sem væri fróðlegt að heyra sérfræðingana tjá sig um og svara. Ég efa það ekki að hv. formaður efh.- og viðskn. og frsm. meiri hluta og sérstakur áhugamaður um þetta mál, item framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, geti svarað svona spurningum.

Auðvitað er það svo, herra forseti, að það er hreint ábyrgðarleysi að ætla að knýja fram afgreiðslu málsins í algerlega ófullnægjandi formi eins og hér er lagt til. Frumvörpin eru að þessu leyti mjög illa úr garði gerð, hroðvirknislega unnin og áfengisvarna- og eftirlitsþáttur málsins er allur meira og minna í lausu lofti. Þetta ættu þeir hv. þm. að viðurkenna sem bera málið fram og hæstv. ráðherra og kalla það aftur og reyna a.m.k., þó ekki væri annað en gera það betur úr garði hvað þetta snertir áður en mönnum er boðið upp á að afgreiða það hér.

Í fimmta lagi, herra forseti, ætla ég aðeins að fjalla um stöðu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og árekstra við ákvæði samkeppnislaga ef sú breyting verður gerð að heimila öðrum aðilum að starfrækja innflutning og heildsölu. Ég vakti máls á því í efh.- og viðskn. að mér sýndist alveg augljóst mál að um leið og til sögunnar kæmu sjálfstætt starfandi aðilar á þessu sviði sem yrðu í samkeppni við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem jafnframt héldi áfram innflutnings- og heildsöluumsvifum þá mundu verða árekstrar að þessu leytinu til við ákvæði samkeppnislaga. Og af sjálfu leiðir þegar málið er betur skoðað. Það hlýtur að verða þannig, ef frumvörpin í óbreyttri mynd hefðu náð fram að ganga, sem hefði falið það í sér að ÁTVR hefði haft hvort tveggja á hendi, innflutning og heildsölu í samkeppni við einkaaðila en líka smásölu sem bundin væri einkaleyfi. Nákvæmlega sams konar árekstrar hefðu þá komið upp í samskiptum milli stofnunarinnar og einkaaðila og til að mynda hafa gert í samskiptum Pósts og síma við einkaaðila á því sviði.

Þetta kom á daginn þegar til að mynda fulltrúar Samkeppnisstofnunar mættu til fundar við efh.- og viðskn. þó að þeir séu í sinni greinargerð til nefndarinn-

ar tiltölulega hógværir og verður ekki annað lesið út úr henni en að á þessu sé veruleg hætta. Fskj. XIV með þessu litla nefndaráliti er minnisblað til efh.- og viðskn. frá Samkeppnisstofnun um þetta atriði.

Það lá líka alveg ljóst fyrir og liggur í málinu að það voru og eru ýmsir aðilar sem ætluðu gagngert að nota þetta atriði til að mylja ÁTVR niður. Og ég leyfi mér að ganga svo langt að fullyrða, herra forseti, að það sé alls ekki víst að það hafi verið tilviljun að frumvörpin voru jafnilla úr garði gerð hvað þetta snertir og raun ber vitni vegna þess að fjmrn. hlýtur að hafa vitað betur en svo að það þýddi að bjóða mönnum upp á það að hleypa sjálfstætt starfandi heildsölum af stað í landinu en ætla að láta ÁTVR áfram starfa óskipt í einni deild, annars vegar með einokunarstarfsemi og hins vegar með heildsölu í samkeppni við einkaaðilana. Og var það kannski þannig að það stóð alltaf til að ganga síðan á lagið, kæra stofnunina og brjóta niður innflutnings- og heildsöluþáttinn með Samkeppnisstofnun að vopni ef eftirlitsstofnun EFTA dygði ekki til nema hvoru tveggja væri. Það er nefnilega þannig að í kærubréfi Verslunarráðsins er talað um alla starfsemi ÁTVR. Þar er ekki bara beðið um úttekt á heildsöluþættinum heldur allri starfseminni. Það er alveg ljóst, herra forseti, að það er hugsjónamál hjá ýmsum öflum í landinu að koma þessari starfsemi í heild sinni út úr heiminum og öllum umsvifum með brennivín í landinu í hendur einkaaðila til þess að græða á.

Ofan af þessari blekkingu hefur að vísu verið flett vegna þess að nú hefur meiri hlutinn áttað sig á því að svona einfeldnislega þýðir ekki að bjóða mönnum upp á að afgreiða málið. Við látum ekki plata okkur með þessum hætti hafandi nægа þekkingu á samkeppnislögum til þess að sjá að svona gengur þetta ekki. Nú er komin brtt. sem afrakstur af þessu starfi og þessu nuddi þar sem meiri hlutinn leggur til að stofnuninni verði skipt upp í annars vegar innflutnings- og heildsöludeild sem sé í samkeppni og fullnægi öllum ákvæðum samkeppnislaga um bókhaldslegan og fjárhagslegan aðskilnað og hins vegar smásöludeild sem starfi á grundvelli einkaleyfis og einkaréttar og sé algerlega aðskilin og færi enga fjármuni á milli.

Það er svo saga út af fyrir sig hvernig hin nýju samkeppnislög hafa að þessu leyti til komið út. Ræðumaður átti sinn þátt í þeirri vinnu á sínum tíma og batt miklar vonir við það að hin nýju samkeppnisleg mundu valda verulegum framförum í viðskiptalífinu að því leyti til að hér kæmist á heilbrigðara viðskiptaumhverfi en verið hafði og meiri samkeppni en því miður virðist mestöll orka manna hafa farið í það að beita samkeppnislögunum sem svipu á ríkisreksturinn og ríkisfyrirtækin. (**VE:** Sýnir það ekki bara hvað var að?) Hv. þm. og framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, ég held að það sé flestra manna mat sem eitthvað þekkja til í íslensku viðskiptalífi að stóra vandamálið þar, stóri skorturinn á samkeppni liggi ekki í leigunum af einhverjum atvinnurekstri ríkisins. Hann liggi í fákeppni stóru blokkanna í viðskiptalífinu. Hann liggi í stóru samsteypunum í olíuverslun, tryggingum, bönkum og öðru slíku. (**ÓRG:** Sem fara með atkvæðisrétt í Verslunarráðinu.) Sem eru stærstu atkvæðagreiðendurnir í Verslunarráðinu og borga mest í sjóðina. Og ætli það sé ekki svolítið vandræðalegt fyrir hv. þm. að vera að taka þetta mál upp með þessum hætti? Ætli það sé kannski ónefndur kolkrabbi, 14 fjölskyldur og stóru hagsmunablokkirnar hér, fákeppnin á fjölmörgum sviðum íslensks viðskiptalífs sem sé aðalvandamálið? Þar sé skorturinn á samkeppni. En því miður er það svo að gagnvart þessum aðstæðum hefur Samkeppnisstofnun ekki þorað að hreyfa sig. Stofnunin tók að vísu saman ágæta skýrslu samkvæmt ósk Alþingis þar um og kortlagði þessa fákeppni en í raun og veru hefur ekkert meira verið gert.

Mér finnst, því miður herra forseti, að allt of mikil orka hafi farið í það sem ég get ekki kallað annað en tittlingaskít, með leyfi forseta, í þessum efnum, að rífast um það hvort með sölu Pósts og síma á símtólum eða einhverju því um líku felist stórháskaleg brot á samkeppnisögum á sama tíma og ekkert er gert gagnvart þessari ískyggilegu fákeppni sem hér er viðloðandi til að mynda á fjölmörgum sviðum viðskiptalífsins svo ekki sé minnst á samgöngugeirann þar sem nánst ríkir miðaldaeinokun hvað varðar til að mynda flugsamgöngur og sjósamgöngur. Hv. þm. og framkvæmdastjóri Verslunarráðsins hefur lítið kært í þessum efnum. Það hefur lítið farið fyrir kærubréfunum hvort sem er til Brussel eða Samkeppnisstofnunar út af þessum þáttum. (**Gripið fram í:** Hann er bara rétt að byrja.) Hann hefur kannski ekki átt meira bréfsefni í desember 1993 en þetta eina sem fór til Brussel.

Að lokum, herra forseti, er ástæða til þess að nefna einn furðulegan þátt í þessu máli enn sem kom upp undir lok umfjöllunar efh.- og viðskn. og það er skyndileg hugdetta meiri hlutans um að breyta stjórnskipulegri stöðu ÁTVR. Þau miklu tíðindi gerðust að allt í einu skutu upp kollinum drög að brtt. frá meiri hlutanum þar sem talað var um að það þyrfti að setja stjórn yfir stofnunina, einhvern yfirfrakka yfir forstjórann. Og enn þá kostulegri var sú útfærsla þeirrar hugmyndar sem fyrst leit dagsins ljós. Hún var þannig að það yrði á grundvelli heimildar hægt að setja með reglugerð ef fjmrh. sýndist svo stjórn yfir Höskuld forstjóra eða hvern þann mann annan sem því starfi kynni að gegna. Með öðrum orðum var það virkilega hugsunin, ættuð við einhvers staðar innan úr meiri hlutanum eða ráðuneytinu, að ganga þannig frá löggjöfinni að fjmrh. hefði það í hendi sér ef honum sýndist svo að setja saman einhvers konar stjórn og láta hana setjast inn í stofnunina yfir forstjóra og starfsfólk. Það átti að vera algerlega í sjálfsvald sett ráðherranum, hvort eða hvenær hann beitti þessu heimildarákvæði.

Hvað þýðir þetta á mannamáli? Hvað er þetta á mannamáli? Þetta er hótun. Þarna átti að hanga í loftinu hótun yfir forstjóranum og stofnuninni: Ef þið verðið ekki góðir og gerið það sem ykkur er sagt þá kemur stjórnin. Þetta var mikil snilld og af mörgu kostulegu í þessu máli þá held ég að þetta hafi slegið öll met. Þegar forstjóri ÁTVR kom til nefndarinnar þá hafði hann aldrei heyrt á þetta minnst og kom af fjöllum, kannski í bókstaflegum skilningi, maðurinn er

fjallagarpur, og varð auðvitað næsta fár við, án þess að ég ætli að fara að rekja frekar þau orðaskipti sem þarna urðu.

Það er með miklum ólíkindum hvernig að þessum hlutum öllum er unnið. Ég held að meiri hlutinn skuldi okkur það hér og hæstv. fjmrh. fyrir hönd ráðuneytisins að útskýra hvað er hér á ferðinni. Hvað er hér á ferðinni? Og vera ekki að bera á borð blaður. — Hæstv. fjmrh. sést ekki hér. Hann er ábyggilega lasinn þessa dagana því hann tollir ekkert inni í þingsalnum. — Að við fáum á því útskýringar hvað hér er raunverulega á ferðinni. Ekki bull af því tagi að það sé núna af einhverjum ástæðum eftir 73 ár nauðsynlegt að fara að setja stjórn yfir stofnunina sem enginn veit til að hafi liðið fyrir það hingað til á þessum ágæta mannsaldri sem hún hefur lifað að hafa ekki stjórn. Auk þess er það svo að ef setja á stjórn yfir þetta ríkisfyrirtæki eða ríkisstofnun sem ekki er hlutafélag þá standa engin rök til þess að þar sé þá ekki um þingkjörna stjórn að ræða. Ég fullyrði að það er algjör nýbreytni og mjög óeðlilegt og óvenjulegt að ætla með þessum hætti að setja inn framkvæmdarvaldsskipaða stjórn í ríkisstofnun af þessu tagi. Það er fullkomlega óeðlilegt.

Það má til að mynda benda á í því sambandi að sambærilegar stórar stofnanir eða fyrirtæki, ef menn kjósa að kalla svo eins og við getum sagt Póstur og sími eða Flugmálastofnun eða aðrar slíkar, hafa ekki yfir sér slíkar stjórnir. Í þeim tilvikum að það eru annaðhvort stjórnir eða ráðgefandi ráð þá eru þau þingkjörin sem er lýðræðislegra og eðlilegra. Þess vegna óska ég eftir því að í umræðunum skýri meiri hlutinn út hvað þarna er á ferðinni og reyni ekki að bera á borð fyrir okkur hluti af því tagi eins og reynt hefur verið í þessu sambandi.

Þetta er náttúrlega mjög sérkennilegt og er enn tortryggilegra en ella í ljósi þeirra kringumstæðna allra í málinu sem ég hef hér farið yfir. Það er margt gruggugt í kringum þetta mál, herra forseti, og hvernig það er hér fram borið og um það búið og er þó ekki allt rakið í þeim efnum.

Nei, herra forseti. Það er niðurstaða 2. minni hluta og undir það álit tekur áheyrnarfulltrúi í efh.- og viðskn., hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, að það standi engin rök til þess að afgreiða þetta mál eins og það er hér fram borið. Það sé því eðlilegast að vísa því til ríkisstjórnarinnar eða fella það að öðrum kosti og fela frekar ríkisstjórninni það verkefni, sem hún ætti að vera að sinna, að styrkja með öllum tiltækum ráðum okkar stöðu gagnvart hugsanlegum málaferlum fyrir EES-dómstóli geri eftirlitsstofnun EFTA í kjölfar kæru Verslunarráðsins alvöru úr því að vísa málinu þangað. Fljótt á litið verður ekki séð að nokkuð sé óeðlilegt við að þetta mál gangi þangað og engin haldbær rök hafa komið fram um að það sé Íslendingum í sjálfu sér eitthvað meiri álitshnekkir fyrir fram en öðrum þó að ágreiningsmál af þessu tagi, sem er þá einfaldlega uppi, gangi þangað til úrskurðar. Í ljósi þeirrar afstöðu sem íslensk stjórnvöld höfðu í þessu máli þegar EES-samningurinn var gerður, í ljósi þeirrar afstöðu sem bæði fjmrn. og utanrrn. höfðu á öllu síðasta kjörtímabili um að það væri ekkert að þessu fyrirkomulagi og okkur væri stætt á því að viðhafa það eru engin tilefni til þessara sinnaskipta.

Og ég segi svo að allra síðustu, herra forseti, að óskaplega finnst mér ömurlegt hlutskipti þeirra manna sem ganga fram fyrir skjöldu í því að brjóta þetta fyrirkomulag niður og kæra sjálfa sig jafnvel til útlanda í því skyni. Óskaplega finnst mér það ömurlegt hlutskipti. Ég get tæplega hugsað mér að menn gangi út í vorkvöldið með öllu lágkúrulegra hlutskipti á bakinu en það.

[17:45]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í athugasemdum hjá mér í gær að það væri furðulegt að inn í þetta mál er allt í einu komin tillaga um að breyta 75 ára gamalli stjórnskipan Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og það eftir að sami maðurinn hefur gegnt þar forstjórastöðu með miklum ágætum að dómi allra yfirmanna hans, a.m.k. þeirra sem ég veit til að um það hafi fjallað. Það ber að með þeim hætti að það kemur ekki fram í upphaflega frv. heldur er því skotið inn við 2. umr. sem brtt. frá nefndinni við frv. sem að sögn ráðherrans átti alls ekki að fjalla um slíkt.

Ég vildi því spyrja hv. síðasta ræðumann hvort það sé virkilega þannig að það hafi ekki komið fram í nefndinni nein rök fyrir því hvers vegna nú verði allt í einu að taka upp breytingar á þessari skipan. Fjmrh. taldi enga slíka nauðsyn vera á því þegar hann mælti fyrir þessu frv. í upphafi þings. Satt að segja taldi fjmrh. þegar hann mælti fyrir frv. málið vera svo einfalt og sjálfsagt að hann vildi fá að mæla fyrir báðum frv. í einu og láta þau fá hraða afgreiðslu í gegnum þingið. En nú allt í einu eru málin farin að taka þannig eðlisbreytingum að þau fela í sér rekstrarlega breytingu á einu elsta og traustasta fyrirtæki sem ríkið hefur haft í sínum höndum. Ég vil þess vegna spyrja hv. síðasta ræðumann sem vék nokkuð að þessu hér áðan: Hvaða röksemdir komu fram í nefndinni fyrir þessari breytingu?

[17:47]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að þessi tillaga kom mjög seint fram eða undir lok starfs nefndarinnar. Þau rök sem ég heyrði reynt að færa fram fyrir þessum breytingum voru fyrst þau að það gæti reynst ástæða til þess að setja stjórn yfir stofnunina einhvern tímann. Þess vegna væri rétt að hafa þetta heimildarákvæði. Þegar bent var á að þetta væri kannski ekki mjög geðfelldur frágangur á málinu að láta hanga eins og einhvers konar hótun í loftinu eða svipu þann möguleika að ráðherra gæti ef honum sýndist svo sett einhvers konar stjórn, óforvarandis og allt í einu, yfir svona stofnun þá var þessu breytt yfir í það form að rétt væri að setja stjórn og helst reynt að færa þau rök fram að þar sem ÁTVR væri að lenda í breyttu starfsumhverfi þá væri þetta nauðsynlegt án þess að það væri svo ég heyrði eða tæki mark á frekar útskýrt. Að vísu eru

kannski aðrir betur til þess fallnir að reyna þessa íþrótt en ræðumaður, að svara fyrir þessi ósköp og ég tek undir að það er ástæða til að fá hér fram og inn í umræðuna og helst áður en hún heldur miklu lengra einhvern rökstuðning fyrir þessu merka nýmæli. Auðvitað ætti hæstv. fjmrh. að koma til umræðunnar og standa fyrir svörum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og meiri hlutans hvað þetta snertir. En svona var málið vaxið eins og það kom fram í efh.- og viðskn.

[17:49]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað með ýmsum hætti sem mál getur borið að í þinginu. En venja er að meginefnisatriði máls eru lögð fram í frv. í upphafi og það hefur ekki verið talinn góður siður í þinginu að skjóta algerlega nýjum efnisatriðum sem á engan hátt að dómi flutningsmanna né þingsins tengdust hinu upphaflega frv. inn í frv. við 2. umr. þannig að ekki gefist neinn kostur á að ræða málið við 1. umr. Ef það er virkilega þannig að fjmrh., eins og kom fram í andsvari, hafi beitt sér fyrir því við nefndina án þess að gera þinginu grein fyrir því við 1. umr. að hann væri með í farangrinum grundvallarbreytingu sem að mínum dómi getur ekki þýtt annað en vantraust á núv. forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, þá er þetta mál af því tagi að það krefst alveg sérstakrar umfjöllunar. Það er á engan hátt frambærilegt að Alþingi geti meðhöndlað ríkisstofnanir og stjórnendur þeirra með þessum hætti. Ég vona satt að segja að málið sé ekki þannig vaxið að það sé fjmrh. sem sé að beita sér fyrir þessu. Því ef það er þannig að það er fjmrh. sem er að beita sér fyrir þessu í þinginu, í nefndinni, án þess að greina frá því við 1. umr. þá krefst það sérstakrar umræðu og umfjöllunar hér hvers vegna sá maður sem búinn er að bera stjórnskipulega ábyrgð á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í rúm fjögur ár, núv. hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, telur allt í einu nauðsynlegt að fara að blanda stjórnskipulegri breytingu á valdahlutföllum innan þessa fyrirtækis inn í þess umræðu.

Ég vil þess vegna ítreka það sjónarmið mitt að þeir sem tala hér af hálfu nefndarinnar, eins og síðasti hv. ræðumaður og aðrir, útskýri þetta mál.

**Forseti (Sturla Böðvarsson)**:

Forseti vill að gefnu tilefni vekja athygli hv. þm. á að andsvör eru til þess að gera athugasemdir eða bera fram sérstakar fyrirspurnir til viðkomandi ræðumanna.

[17:52]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að sá sem hér stendur þori að blanda sér í umræður hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og Ólafs Ragnars Grímssonar sem báðir eru í forustu í ákveðnum stjórnmálaflokki hér. Ég er satt að segja feginn að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vill hvorki banna bjór né litasjónvarp. Og ég verð líka að taka það fram að ég er afskaplega stoltur af minni framgöngu í þessu máli, bæði utan þings og innan. Ég tel að það hafi orðið mér til mikils framdráttar meðal minna kjósenda sem hafi kunnað að meta það við mig. (**ÖJ:** Hjá vinnuveitendum?) Ég vil vekja athygli hv. þm. Ögmundar Jónassonar á því að ég er þingmaður fyrir Norðurl. v. og þeir eru vinnuveitendur mínir hér á Alþingi en síðan nýt ég líka mikils trausts meðal ágætra samtaka í viðskiptalífinu og ég er jafnstoltur af því að sjálfsögðu eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson er af að njóta trausts félagsmanna í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

En, virðulegur forseti, ég ætlaði ekki að standa í orðræðum við hv. þm. Ögmund Jónasson. Ég er að svara Steingrími J. Sigfússyni. Ég undrast mjög viðhorf sem kemur fram hjá hv. þm. í garð þeirra sem stunda atvinnurekstur á Íslandi. Ef menn eru sjálfstæðir atvinnurekendur, hvort sem það er í verslun eða viðskiptum, er verið að gera það tortryggilegt. Það er gert tortryggilegt að heiðarlegt fólk vilji stunda viðskipti með áfengi en kannski finnst mér þó einna skrýtnast að hv. þm. virðist ekki hafa tekið eftir því að það eru fjölmargir í þjóðfélaginu sem hafa haft hag af framleiðslu, sölu og dreifingu á áfengi. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja það að sú tillaga sem var gerð um breytingu á stjórn Áfengis- og tóbaksverslunarinnar var að frumkvæði meiri hluta efh.- og viðskn. sem hæstv. fjmrh. féllst á og hefur hjálpað okkur við að gera tillögur um en frumkvæðið kom frá efh.- og viðskn. eða umræðan þar.

[17:55]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kippi mér nú lítið upp við það þó að hv. þm. reyni að stimpla afstöðu mína, ef það var ætlunin, sem eitthvað gamaldags eða útúrborulega í þessu. Ég er alvanur slíkum röksemdum manna sem eru komnir í rökþrot, ekki síst í umræðum um þessi mál. Það er mjög gjarnan reynt að afgreiða alla þá sem vilja aðhaldssama stefnu í þessum efnum einmitt með þessum hætti, gera jafnvel grín að því og reyna að gera það gamaldags og hallærislegt að menn reyni að vera sjálfum sér samkvæmir og hafa einhverja stefnu sem þeir framfylgi varðandi það að í þessum efnum þurfi menn að framfylgja aðhaldssamri stefnu. Það á ekkert skylt við einhverjar nýjungar eins og litasjónvarp eða annað slíkt enda kannast ég ekki við að hafa nokkurn tíma látið eitt einasta hnjóðsyrði falla til tækniframfara af því tagi. Hv. þm. verður því bara að hafa fyrir sig orðalepp af þessu tagi.

Hinu mótmæli ég enn þá kröftuglegar að ég sé með mínum orðum og minni umfjöllun um þetta mál að vega á einhvern hátt að starfsheiðri sjálfstætt starfandi einstaklinga almennt séð. Það er rangt. Ég vísa því til föðurhúsanna að það sé svo. Eða er það þannig að menn þurfi alltaf að taka alla slíka hluti beint til sín? Þó að maður telji eitt fyrirkomulag heppilegra en annað af þessu tagi sé maður þar með að varpa rýrð á þá einstaklinga sem stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi úti í þjóðfélaginu? Auðvitað er það ekki svo. Þetta er bara ekki boðlegur málflutningur. Það er allt annað mál hvort maður er því andvígur að gera viðskipti með til-

tekna viðkvæma og sérstaka vöru af þessu tagi að gróðalind vegna þess að þar með koma ný öfl til sögunnar. Það er alveg greinilegt að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur ekki skilið hugsunina á bak við það að ríkið sem ber kostnaðinn af ofneyslu áfengis annist jafnframt söluna, kannski ekki fyrst og fremst til þess að ná til sín hagnaðinum af henni, því að það er hægt með ýmsu móti, heldur sérstaklega til þess að tryggja að hagnaðarvon einkaaðila drífi hana ekki áfram. Þetta þarf hv. þm. að reyna að skilja. Með því er ekkert verið að vega að starfsheiðri sjálfstætt starfandi einstaklinga, það er bara rangt.

[17:57]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna það að ég tel nákvæmlega ekkert rangt við það að aðilar í viðskiptalífinu geti hagnast af því að selja vöru sem er fyllilega lögleg þótt um hana gildi ákveðnar takmarkanir eins og áfengi. Ég fæ það ekki inn í mitt heilabú. Og ég verð að segja það að hv. þm. ætti betur að lesa ræðu sína áðan og lesa yfir umfjöllun sína um þá menn sem vilja stunda heiðarleg viðskipti á þessu sviði og eins líka um aðra þá í atvinnulífinu sem hann gat um og taldi vera hið mesta vandamál í atvinnulífinu.

Það eru margar leiðir til þess að drepa góðar hugmyndir. Ein leið sem er mjög algeng er að segja að núverandi fyrirkomulag hafi verið svo lengi og það hafi reynst svo vel. Það er aðferð sem hv. þm. notar að segja það að núverandi fyrirkomulag varðandi stjórnunarhætti ÁTVR hafi verið í 70 ár eða meira og þess vegna þurfi að halda því áfram. Sumir aðrir mundu segja að það væri kannski kominn tími til breytinga og vegna þess að það er að verða breyting á þar sem þetta fyrirtæki, ÁTVR, er að breytast úr því að vera stofnun, hluti af skattheimtuarmi ríkisins yfir í það að vera fyrirtæki þá er kominn tími til þess að stjórnunarhættir í fyrirtækinu séu sams konar og í öðrum fyrirtækum. Það styrkir faglega stjórn fyrirtækisins, rekstrarlega, ákvörðunarlega og með öllum hætti skapar það betri starfsaðstöðu fyrir alla þá sem þar vinna.

Ég er eins og sjálfsagt hv. þm. líka, ég skal ekki fullyrða um það, neytandi þessarar vöru sem er fyllilega lögleg og ég hef fyllilega lagalegan rétt til þess að vera það og ég tel að það eigi ekki að skilgreina mig sem eitthvert sérstakt vandamál þrátt fyrir það að ég kaupi þessa vöru löglega.

[18:00]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að við eigum það sameiginlegt sem ræðumaðurinn nefndi síðast og það er líka rétt að þessi vara er lögleg í landinu. En hún er lögleg með mjög sérstökum hætti og það kemur berlega í ljós að hv. þm. hefur allt annan skilning á þessum málum eða allt önnur viðhorf en a.m.k. ég vegna þess að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talar um áfengi eins og það væru strigaskór eða hjólaskautar eða pylsur. Þetta sé bara eins og hver önnur vara sem eigi að meðhöndlast og sæta sömu reglum þar með talið væntanlega og þar af leiðandi sé ekkert athugavert við það að hver og einn versli með þetta eins og honum sýnist. Það virðist vera hugmyndaheimurinn sem á bak við liggur hjá hv. þm. Þó að þessi vara sé lögleg í þeim skilningi að það er ekki alfarið bannað að versla með hana í landinu þá hafa gilt um það mjög sérstök ákvæði — og af hverju? Það er af því að þetta er vímuefni, hv. þm., og um það er víðast hvar í heiminum sátt að um þessa vöru gildi mjög sérstakar reglur og allt aðrar heldur en um aðrar vörur og almennar neysluvörur. Í þessu liggur held ég grundvallarmisskilningur hv. þm. Áfengi er ekki sambærilegt við strigaskó þegar kemur að því að hafa það á boðstólum, að verslað sé með það og hver og einn geti fari með það og grætt á því eins og honum sýnist. Þetta á ekki að vera þannig.

[18:01]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kunni ekki við það að forseti væri að gera athugasemd við beitingu mína á rétti til andsvara áðan. Forseti lýsti því sjálfur yfir að andsvör væru til þess að gera athugasemdir eða koma með fyrirspurnir. Það gerði ég, virðulegi forseti, og ég tel það vera misskilning á eðli þessa þingskapaákvæðis að menn þurfi að vera andstæðingar þótt menn vilji beita rétti sínum til andsvara. Það hefur að vísu tíðkast sú venja í þinginu að það eru aðallega menn úr ólíkum flokkum sem beita andsvarsréttinum hver gegn öðrum.

En andsvarsrétturinn var settur líka fram á sínum tíma að menn gætu borið fram stuttar fyrirspurnir og fengið við þeim svör. Ég gerði það áðan vegna þess að mér fannst mikilvægt upp á framhald umræðunnar að fá að vita hvaðan þessi tillaga um að breyta stjórnskipulagi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins væri ættuð og ég fékk í þessum andsvörum svör við þeirri spurningu. Hún er ekki ættuð frá fjmrh. heldur er hún ættuð frá fulltrúum Framsfl. og fulltrúum Sjálfstfl. í efh.- og viðskn. Það sagði formaður nefndarinnar áðan. Ég tel því að þessum andsvarsrétti hafi verið beitt alveg réttilega í umræðunni til þess að fá þetta mikilvæga atriði skýrt án þess að menn þyrftu að vera að halda langar ræður, virðulegi forseti, og ég bið forseta þess vegna að endurskoða athugasemd sína við það hvernig ég beitti andsvarsréttinum áðan. Ég tel mjög hættulegt ef forsetadæmið ætlar að fara að beita sér fyrir þeirri túlkun að það megi ekki veita andsvör nema menn séu í andstæðum flokkum.

Ég vil svo til viðbótar geta þess að fyrst nú er búið að upplýsa að það hafi verið fulltrúar Framsfl. og fulltrúar Sjálfstfl. í efh.- og viðskn. sem komu með þessa tillögu þá er mjög erfitt að ræða það mál áfram vegna þess að það vantar algerlega þá fulltrúa Framsfl. sem stóðu að þessari tillögu. Hvorugur þessara fulltrúa Framsfl. er við umræðuna og reyndar hvorugur í húsinu. Kannski er annar þeirra með fjarvistarleyfi, látum það vera, en hinn hefur farið af vettvangi. Þetta er að mínum dómi svo stórt atriði að ég tel útilokað að ræða það nánar fyrir okkur, m.a. mig og hæstv. fjmrh. og aðra á þingi sem hafa borið ábyrgð á því að stjórna þessu fyrirtæki um nokkurra ára skeið og hvers vegna

nú er allt í einu talin þörf á því að breyta þessu fyrirkomulagi. Er það vegna þess að yfirstjórn okkar hefur mistekist? Einhverjir gallar á framgöngu hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar í eftirlitshlutverki hans með rekstrinum á sl. fjórum árum eða mínum í þrjú ár þar á undan eða Þorsteins Pálssonar og hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar þar á undan?

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að mér finnst nauðsynlegt að a.m.k. þeir fulltrúar Framsfl. í efh.- og viðskn. sem stóðu að þessari tillögu og þessu nefndaráliti verði kallaðir til umræðunnar og ef þeir koma ekki á vettvang þá verði umræðunni frestað.

**Útbýting þingskjals:**

Gjald af áfengi, 4. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 67.

[18:05]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að það geti greitt fyrir fundarstörfum að taka til máls undir þessum lið með tilliti til ræðu hv. síðasta ræðumanns. Reyndar hefur það verið með ólíkindum hvernig rætt hefur verið um það mál sem hefur verið á dagskrá að undanförnu, bæði af hv. alþm. og reyndar í fjölmiðlum því að ef eitthvað er þá liggur það fyrir að eftirlit t.d. verður betra af sjálfu sér ef frv. fer í gegn en án frv. sem liggur í því að það myndast munur á heildsölu og smásölu og það er mjög auðvelt að rekja hvaðan flöskur koma og mun auðveldar en við núverandi aðstæður.

Það hefur komið fram að frumkvæðið að þeirri breytingu sem hefur verið gerð að umtalsefni á lagafrv. liggur hjá meiri hluta nefndarinnar en ég vil að það komi fram líka að ég samþykkti það fyrir mitt leyti. Það mun hafa verið þannig að í umræðum í nefndinni var bent á að það þyrfti að gera mun á heildsölunni annars vegar og smásölunni hins vegar og niðurstaðan varð sú sem allir þekkja.

Ég vil taka það fram og leggja á það sérstaka áherslu að fjmrh. getur án lagaheimildar sett slíka stjórn og skipt fyrirtækinu upp í deildir eins og honum þykir henta svo framarlega sem hann brýtur ekki lög. Þannig hefur það verið með aðrar stofnanir og fyrirtæki á vegum fjmrn. og ég minni hv. 8. þm. Reykn. á það að þegar hann var fjmrh. fyrir nokkrum árum, þeim fjölgar nú reyndar, þá setti hann stjórn á Lyfjaverslun ríkisins án beinnar lagaheimildar. Það er enginn vandi fyrir ráðherra að gera það um stjórn fyrirtækja sem heyra beint undir hann.

Þetta vildi ég að kæmi fram þannig að ljóst sé að það er ekkert í tillögunum sem liggja fyrir sem gefur tilefni til þess að fresta umræðum og klára ekki þau mál sem hér hafa verið vandlega rædd og fengið eðlilega umfjöllun í nefnd.

Virðulegi forseti. Ég vonast til að þessi skýring dugi fyrir þá sem hafa óskað eftir að gert verði hlé á fundarstörfum til þess að fjalla um þetta mál, en að sjálfsögðu þykir mér eðlilegt, eins og ég heyri að hæstv. forseti er búinn að gera að þetta mál verði hvílt í bili og tekið fyrir næsta mál.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti óskar eftir því að hv. þm. og hæstv. ráðherra hefji ekki efnislegar umræður undir liðnum stjórn fundarins vegna þess að þessi mál eru á dagskrá og meiningin er að taka til við að ræða 4. dagskrármálið, gjald af áfengi. Forseti getur upplýst að það er ákvörðun forseta að gera hlé á þessari umræðu til þess að koma framsöguræðum undir 4. dagskrárlið að þannig að umræðan geti haldið áfram með eðlilegum hætti.

[18:09]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi að það kæmi fram að við óskuðum ekki eftir því að það yrði gert hlé á þessari umræðu og aðdróttanir hæstv. fjmrh. í okkar garð um að við værum að koma í veg fyrir eðlilega umfjöllun á þessu máli eru ekki á rökum reistar enda hefur forseti staðfest það núna úr forsetastóli að það var að frumkvæði forseta sem óskað var eftir því.

En það er nauðsynlegt að fjmrh., þegar hann sést í mýflugumynd í salnum, átti sig á því hvað er hér raunverulega að gerast. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að staðfesta það enn frekar við umræðuna að það er ekki samkvæmt tillögum fjmrn. og það er ekki samkvæmt tillögum fjmrh. sem hér er komin tillaga um sérstaka stjórn á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heldur hafa það verið fulltrúar Framsfl. og fulltrúar Sjálfstfl. í efh.- og viðskn. sem flytja og búa til þessa tillögu. Fjmrh. hefur hins vegar sagt að hann sé ekki andvígur henni. Það er allt annar handleggur. Ég sagði áðan að ég tel ekki hægt að fara að ræða hér algerlega nýtt efnistriði af þessari stærðargráðu í augum margra án þess að tillögumennirnir séu mættir hér á vettvangi. Það dugir mér engan veginn að tala við hv. þm. Vilhjálm Egilsson um þau mál nema Framsfl. sé bara búinn að afhenda honum algera prókúru — ekki bara fyrir Verslunarráðið heldur líka fyrir Framsfl. Ég vil fá að heyra frá fulltrúum Framsfl. í efh.- og viðskn. hvers vegna fulltrúar Framsfl. gerðu allt í einu þá uppgötvun að það þurfi að setja sérstaka stjórn yfir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Enginn flokkur hefur jafnlengi borið ábyrgð á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Framsfl. (**KÁ:** Frá 1917.) Frá 1917. Framsfl. á Íslandsmet í því að bera ábyrgð á stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, bæði hvað snertir ráðherraábyrgðina og forstjóraábyrgðina. Það eru þess vegna nokkur tíðindi þegar fulltrúar Framsfl. uppgötva allt í einu að nú þurfi að setja stjórn yfir þetta fyrirtæki og ég vil heyra þeirra rök fyrir því.

Þess vegna, virðulegi forseti, sagði ég það hér að a.m.k. hvað mína þátttöku snertir í þessari umræðu þá tel ég óhjákvæmilegt að þeir fulltrúar Framsfl. sem standa að þessari tillögu og voru höfundar hennar samkvæmt því sem hér hefur verið upplýst séu á vettvangi svo hægt sé að ræða við þá um málið. Það er sú eina ósk sem ég beini til virðulegs forseta varðandi þessa umræðu. Að öðru leyti hef ég enga athugasemd við það að gera hvernig hún fer fram.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti hefur hlýtt á óskir hv. þm. og mun taka þær til skoðunar.

Umræðu frestað.

### *Gjald af áfengi, 2. umr.*

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4, nál. 49, 51 og 64, brtt. 67.

[18:12]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um gjald af áfengi.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál samhliða frv. um verslun með áfengi og tóbak og gerir í nefndarálitinu tillögu um ákveðna breytingu sem er einungis tilvísanabreyting og tæknilegs eðlis.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur hins vegar verið rætt um það að æskilegt væri að auka framlög til forvarna vegna áfengisneyslu. Má segja sem svo að það sé engin sérstök ástæða til þess í sjálfu sér vegna þeirra breytinga sem hér eru að verða. Þær hafa í sjálfu sér ekki í för með sér neina aukningu á neyslu á þessari vöru svo teljandi sé. Hins vegar er það ágætismál og í rauninni nauðsynlegt af öðrum ástæðum að auka framlög til forvarna og því hyggst meiri hlutinn leggja fram tillögu um það við þessa umræðu eða við 3. umr. að stofnaður verði sérstakur forvarnasjóður sem fái til sín 1% af skatttekjum ríkissjóðs af þessum viðskiptum og að sá sjóður styrki á verkefnagrundvelli ýmis samtök og aðila til forvarna gegn áfengisdrykkju.

Það er nú þannig að þótt ég og hv. þm. Steingrímur Sigfússon séum neytendur þessarar vöru teljum við mikilvægt að hennar sé neytt í hófi og ekki sé verið að halda henni sérstaklega að börnum og unglingum, en það starf á ekki að breyta með nokkrum hætti þeirri viðleitni að viðskiptahættir með þessa vöru séu eins eðlilegir og hægt er miðað við þær takmarkanir sem um þetta gilda. Ég verð að segja það sem mína skoðun að ég tel að það sé alls engin trygging fyrir því að áfengisviðskipti og áfengisnotkun sé verri eða betri í landinu hvort varan er afhent eða seld af ríkisstarfsmönnum eða starfsmönnum einkafyrirtækja. Ég tel að bæði starfsmenn ríkisins og starfsmenn einkafyrirtækja séu jafn vel til þess fallnir og færir að stunda viðskipti með þessa vöru og forræði ríkisins á þessu máli hafi nákvæmlega ekkert að segja um það hvort og hvernig neyslu er háttað. Það eru hinar almennu takmarkanir sem á þessu gilda sem geta haft þýðingu. Það er skatturinn sem á þessa vöru er lagður og verðlagningin á henni sem hefur þýðingu og síðast en ekki síst eru það hin almenna menning sem í landinu gildir á þessu sviði og hin almennu viðhorf almennings og hvernig börn og unglingar eru alin upp sem skipta máli í þessu sambandi.

[18:16]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég geri grein fyrir áliti 1. minni hluta efh.- og viðskn., áliti sem er undirritað af mér sem fulltrúa þingflokks Þjóðvaka í nefndinni.

Þetta mál sem hér er til umræðu er hluti af fyrra dagskrármáli. Þau eiga saman, 3. og 4. þingmál. Hér er fjallað um gjald af áfengi, hvernig það skuli innheimt í tolli í kjölfar breytinga sem verða á fyrirkomulagi innflutningsverslunar. Í nefndarálitinu er lagt til að frv. verði fellt og það er vikið að nefndaráliti um 3. mál þingsins sem ég flutti áðan, en eins og ég gat um þar þá er mjög mikilvægur þáttur í tengslum við áfengismálin að huga að forvörnum og efla þau.

Ég lagði fram í efh.- og viðskn. ítrekaðar óskir um að tekið yrði á þeim málum með sjóðsmyndun og veitt yrði aukið fé til þessara mikilvægu starfa og studdist þar m.a. við ábendingar sem höfðu komið frá ýmsum félagasamtökum sem vinna að þessum málum. Niðurstaða málsins er sú að meiri hluti nefndarinnar kýs að flytja brtt. við frv. sem kemur til móts við þessi sjónarmið en hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði grein fyrir því máli hér áðan.

Þannig er í þessari brtt. á þskj. 67, sem hefur verið dreift í þingslum, gert ráð fyrir að innheimta 1% gjald af áfengisgjaldi og það skal renna í forvarnasjóð. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að áfengisvörnum. Styrki skal veita úr sjóðnum til forvarnastarfa á verkefnagrundvelli. Heilbrrh. skipar fjögurra manna sjóðstjórn en í hana tilnefna fjmrh., menntmrh. og dómsmrh. einn stjórnarmann hver en þann fjórða skipar heilbrrh. án tilefningar og skal hann vera formaður stjórnar. Heilbrrh. setur nánari reglur um sjóðinn með reglugerð.

Þetta 1% gjald gæti numið 45–50 millj. Með þessari sjóðsstofnun eru tvöfölduð framlög hins opinbera til áfengisvarna hér á landi og mun koma hinum fjölmörgu félagasamtökum sem náð hafa verulegum árangri á þessu sviði mjög til góða.

Hér hefur verið komið til móts við þau sjónarmið og óskir sem ég lagði fram í nefndinni og endurspeglast í nefndarstarfinu og í áherslum annarra nefndarmanna, bæði í efh.- og viðskn. og í heilbr.- og trn. Þó svo að málið sé viðameira og snerti mun fleiri mál þá tel ég vera ástæðu til þess þar sem hér hefur verið gerð veigamikil breyting sem horfir mjög til bóta varðandi áfengismál hér á landi að leggjast ekki gegn afgreiðslu málsins og mun því sitja hjá við afgreiðslu frv.

[18:20]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Í fjarveru hv. 4. þm. Norðurl. e. þá mæli ég hér fyrir nefndaráliti um frv. til laga um gjald af áfengi og er álitið á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og jafnframt um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi tóbak og lyf, sem lagt var fram samhliða þessu frv. Annar minni hluti leggur til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Að öðrum

kosti verði það fellt. Um rök fyrir því vísast til nefndaráliits undirritaðs (þskj. 63) um 3. mál.

Alþingi, 8. júní 1995. Steingrímur J. Sigfússon."

Hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir nefndaráliti sínu fyrr í dag þannig að það er í sjálfu sér ástæðulaust að endurtaka það sem þar kom fram í greinargóðu yfirliti um stöðu þessara stóru mála sem hér eru uppi og það hefur komið í hlut hans og fleiri hv. þm. úr okkar þingflokki að fara nokkuð rækilega yfir þau mál.

Nú vill hins vegar svo sérkennilega til að þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi þessi mál fyrr í dag var hæstv. fjmrh. í burtu og hæstv. heilbrrh. var að vísu ekki langt undan. Nú ber hins vegar svo vel í veiði að við höfum tvö sýnishorn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar í salnum og ber að fagna því, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherrar skuli láta svo lítið við okkur óbreytta þingmenn að hlýða á mál okkar og svara kannski einni og einni spurningu frá okkur ef okkur skyldi detta í hug að bera forvitni okkar á borð í þessum virðulega ræðustól.

Það sem ég innti hæstv. fyrrv. heilbrrh. eftir í dag og mér finnst eiga heima í þessu máli út af fyrir sig alveg eins og öðru er þetta: Hver er afstaða heilbrrn. til þess að losa um sölureglur á áfengi eins og gert er ráð fyrir í þessum frumvörpum? Hvaða skoðun hefur heilbrrn. á því? Það er tilefni til að spyrja þessarar spurningar vegna þess að heilbrrn. neitaði að svara henni þegar málið var til meðferðar í nefndum og það er reyndar alveg nýtt í sögunni að heilbrrn. skili auðu þegar kemur að úrslitabreytingum á áfengislöggjöfinni eins og þeim sem hér eru á ferðinni. En heilbrrn. er, eins og kunnugt er, skylt að veita álit á málum af þessu tagi og hafa forustu um áfengisvarnastefnu enda heyrir áfengisvarnaráð undir heilbrrn.

Ég vil sem sagt endurtaka þær spurningar sem ég flutti fyrr í dag undir öðru dagskrármáli við hæstv. heilbr.- og trmrh.: Hver er stefna heilbrrn. í þessu máli? Það er ekki hægt að ljúka þessari umræðu í dag, þó að henni ljúki ekki að fullu í dag, þá er ekki hægt að ljúka henni í dag öðruvísi en fá um það upplýsingar hver sé skoðun hæstv. heilbrrh. á þessum málum. Það er nauðsynlegt að fá það fram, ekki síst vegna þess að vissar breytingar voru gerðar á því máli sem við ræddum fyrr í dag, þ.e. allsherjarnefndarmálinu, sem komu inn á þetta mál líka, sem ég hugsa að hæstv. heilbrrh. telji kannski einhvers virði. Ég veit það þó ekki en þar er gert ráð fyrir því að það þurfi sérstök skilyrði að uppfylla til þess að menn fái leyfi til þess að stunda þessa starfsemi, verslun með vín, sem hér er um að ræða án þess að það komi neitt fram hvaða skilyrði þarf að uppfylla. Í öðru lagi kemur fyrir það ótrúlega orð í brtt. frá hv. allshn. — ég sá það í dag sem ég hef aldrei séð áður í lagatextum að lögreglan, sem er yfirleitt árvökul og passar sitt starf mjög vel, á að hafa „sérstakar gætur" — ég endurtek „sérstakar gætur" á þeim sem flytja inn áfengi og fá það verslunarfrelsi sem verið er að tala um hér og hv. 5. þm. Norðurl. v., leiðtogi verslunarfrelsisins í landinu eða jafnvel í heiminum, er að leggja til. Þannig að það eru sérstakar gætur. Væri fróðlegt að vita hvað þessar sérstöku gætur eru sem hæstv. ríkisstjórn er að leggja til í þessum efnum.

Það tilheyrir út af fyrir sig ekki þessu dagskrármáli heldur kannski frekar það að hér er verið að fjalla um gjald af áfengi sérstaklega og þar með er um að ræða fylgifrv. með frv. til laga um verslun með áfengi, tóbak og lyf, svo að ég noti það heiti sem ætlunin er að nota á lögunum ef þessar tillögur verða samþykktar.

Þá kemur upp spurning um það að fjmrh. á að fara að skipa stjórn fyrir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem er náttúrlega alveg ótrúlegt að setja fram tillögur um slíka byltingu á lokastigi málsins. Það er merkilegt að hæstv. fjmrh. skuli beita sér í málinu með þeim hætti sem kemur fram í textanum vegna þess að auðvitað hlýtur þetta að vera runnið undan hans rifjum. Ég trúi ekki að hv. þm. Framsfl. hafi beitt sér í þessu máli, mér kæmi á óvart að þeir hefðu vaknað til vitundar í áfengismálum á einhverju sviði og í þetta skipti með því að gera tillögu um eina nefndina til. Hefði nú verið líkara þeim framsóknarmönnum að gera þá kröfu um það að þeir fengju a.m.k. mann í nefndina sem á að stjórna brennivíninu, ÁTVR. Nei, hæstv. fjmrh. á að skipa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stjórn og setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hennar. Þetta er afskaplega frumlegt. Víða í lögum eru ákvæði um stjórnir stofnana eins og Húsnæðisstofnun ríkisins. Tryggingaráð hefur sérstöku stjórnarhlutverki að gegna í Tryggingastofnun ríkisins, útvarpsráð í útvarpinu o.s.frv. en hérna er allt í einu gert ráð fyrir að fjmrh. eigi að skipa ÁTVR stjórn og setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hennar. Það stendur ekki hversu fjölmenn hún á að vera. Það stendur ekki hvaða skilyrði þeir þurfa að uppfylla sem í henni eiga að vera og ekkert kemur fram um þessa stjórn. Auðvitað grunar mann að fyrst og fremst eigi að vera Heimdellingar í stjórninni. (**KÁ:** Með vit á vínum.) Með vit á vínum. En hæstv. fjmrh. notaði Ríkisútvarpið til þess að mæra Heimdellinga í morgun og vaknaði margur landsmaðurinn upp með andfælum þegar hæstv. fjmrh. var að lofa Heimdellinga af öllum sortum mannkyns, honum datt það í hug í morgun í rauðabítið, fyrir kl. 8 held ég, og er ástæða til þess að víta hæstv. ráðherra fyrir að taka landsmenn í bólinu með þessum hætti (**Fjmrh.:** Það hefur enginn bannað þingmanninum að sofa fram eftir.) og það er nákvæmlega það sem ég geri ráð fyrir að allir landsmenn taki upp héðan í frá úr því að hæstv. fjmrh. tók upp á því í morgun að rífa morgunsárið upp með þessum hætti. Ég geri ráð fyrir því að þjóðin sofi framvegis fram eftir. Að minnsta kosti opnar hún ekki fyrir Ríkisútvarpið.

En hér ætlar sem sagt hæstv. fjmrh. að skipa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stjórn. Hún getur verið tveggja manna, þriggja manna, fjögurra manna, níu manna, 63 manna. Hversu fjölmenn á sú stjórn að vera sem hæstv. fjmrh. píndi meiri hlutann í hv. efh.- og viðskn. til að gera tillögu um? Hversu fjölmenn á hún að vera? Ætla stjórnarflokkarnir að skipta með sér stjórninni? Hvað fær Framsókn? Er það helmingur?

Fifty fifty, eitt fyrir mig og eitt fyrir þig? Hvernig er þetta? Það er venjan í þessum helmingaskiptastjórnum að það er kosið í part af þessu. (Gripið fram í.) Nú, tvíhöfða nefnd. Tveir formenn Það er góð reynsla af því. Hv. formaður efh.- og viðskn. hefur góða reynslu af því. Hann gæti kannski fengið einhvern annan en Þröst Ólafsson með sér í þetta skiptið. Það er satt að segja ákaflega athyglisvert. Svo stendur hérna: „Fjmrh. á að skipa stjórnina" og svo: „setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag stjórnarinnar", hvernig hún er skipulögð.

Hvað er skipulag stjórnar, hæstv. forseti? Það er ástæða til þess að fara dálítið yfir það? Hvað er það eiginlega, skipulag stjórnar? Það er væntanlega formaður og varaformaður, ritari, gjaldkeri eða hvað? Það væri fróðlegt að vita hvaða reglur á að nota í þeim efnum og hver ætlar að vinna að þessu verki að koma með tillögur um skipulag þessarar stjórnar? Ætlar fjmrh. að gera þetta eigin hendi? Og af hverju er hann að troða þessu inn í lög? Er þetta yfirlýsing um vantraust á forstjóra ÁTVR, Höskuld Jónsson, eða hvað er hann að gera hér? Hvaða voðaleg stjórn er þetta allt í einu hjá hæstv. fjmrh. sem í öðru orðinu þykist vera að einkavæða og gefa allt frjálst eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson yfirleitt orðaði það. En að hinu leytinu til er hann bara að búa til fleiri silkihúfur og stjórnir. Það er afskaplega sérkennilegt. Nema það sé ætlunin kannski að hæstv. heilbrrh. eigi að tilnefna mann í stjórnina til þess að sinna áfengisvörnum. Er það ætlunin? Og væri fróðlegt að vita hvað hæstv. heilbrrh. hefur um það að segja. Er það kannski meiningin? Það er athyglisvert, góð hugmynd og ástæða til þess að skoða hana. En alla vega er þetta hrein munkalatína eins og þetta lítur hér út og ekki nokkur leið að átta sig á þessu fyrir menn sem eru jafnvel með máladeildarpróf í latínu, hvað þá heldur hina.

Ég held þess vegna, hæstv. forseti, að það sé nauðsynlegt að fara nokkuð rækilega yfir þetta og átta sig á því til hvers þessi stjórn er skipuð, hvert hennar hlutverk er. Hvað á hún að gera? Og ég held að það sé nauðsynlegt að hefja um það dálitlar umræður vegna þess að auðvitað er ekki hægt að breyta þessu fyrirtæki í grundvallaratriðum á einum síðdegisfundi á föstudegi. Það þarf að fara nokkuð rækilega yfir málið.

Ég reikna með því að hv. efh.- og viðskn. og meiri hluti hennar hafi talið nauðsynlegt af einhverjum sérstökum ástæðum að setja inn það ákvæði að ÁTVR skuli starfa í tveimur deildum sem séu aðgreindar rekstrarlega og fjárhagslega. Það eru vafalaust einhver rök fyrir því. Ég hugsa að það séu einhver EES-rök og svo vill til að ég mætti á fundi í efh.- og viðskn. á dögunum og heyrði þar í verðlagsstjóra, Georg Ólafssyni, og mér heyrðist að þau rök gætu verið á bak við tillögu af þessu tagi að menn vildu koma í veg fyrir það að þarna yrði um árekstra af einhverju tagi að ræða. Ég skal ekkert um það segja. Það er hugsanlegt. En mér finnst að það vanti miklu ítarlegri rökstuðning fyrir þessu heldur en hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði grein fyrir í framsögu sinni fyrr í dag og hæstv. fjmrh. hefur haft svo lítið við okkur að hann hefur aldrei fjallað um þessi mál í almennilegri ræðu hér. Hann hefur stokkið upp í andsvörum af og til og hreytt, með leyfi forseta, einu og öðru út úr sér í garð annarra þingmanna. En að hann hafi í heildstæðu máli gert grein fyrir því hvað þessi yfirfrakki á ÁTVR á að þýða og hvaða hugmyndafræði er á bak við reglugerðina um skipulag stjórnarinnar og hvernig á að skipta stofnuninni, hvaða hugsun er á bak við það, það er hlutur sem hæstv. ráðherra á alveg eftir að gera þinginu grein fyrir. Ég tel útilokað annað en hæstv. fjmrh. geri Alþingi grein fyrir þessu máli í almennilegri ræðu um leið og hæstv. ráðherrar svara þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram. Með þessum orðum mínum, hæstv. forseti, hef ég mælt fyrir nefndaráliti 2. minni hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um gjald af áfengi.

[18:33]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavari Gestssyni var tíðrætt um þá ágætu hugmynd og tillögu að setja ÁTVR stjórn. Hugmyndin og ástæðan fyrir þessari tillögu hefur verið útskýrð. Það virðist sem ekki hafi komið fram mörg mótrök við þeirri hugmynd, helst þau að núverandi fyrirkomulag hafi gilt í 73 ár, en ég vil vekja athygli hv. þm. á því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verður verslunarfyrirtæki sem stundar smásölu og heildsölu og mun greiða skatta sem innheimtir verða af tollstjóra í gegnum innflutning þannig að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verður ekki deild í Þjóðminjasafninu og ekki eitthvert fyrirbæri sem þarf að varðveita óbreytta í kannski önnur 70 ár eins og manni finnst að hv. þm. sé að ýja að að gæti hugsanlega verið nauðsynlegt.

Það er einfaldlega þannig að það er til mjög víðtækur „litteratúr" sem „jafnlitterer" maður og hv. þm. ætti að vita um sem fjallar um stjórnskipulag fyrirtækja og hvernig því er best fyrir komið og þar er almennt talið að heppilegt sé að það sé stjórn í fyrirtækjum og ég skil satt að segja ekkert í því að hv. þm. skuli ekki hafa fjallað um þetta mál og kynnt sér það sérstaklega með tilliti til þeirrar bókar sem hann hefur nýlega gefið út en í henni var mjög litið til framtíðarinnar í og er ástæða til að óska honum til sérstakrar hamingju með. Ég vil hvetja hv. þm. þegar hann heldur áfram bókaskriftum að kynna sér nú þetta mál sérstaklega því að við gerð síðustu bókar má ætla að hann hafi breyst úr því að vera sósíalisti yfir í sósíaldemókrata og kannski verður hann bara kapítalisti með því að halda áfram bókaskriftum.

[18:36]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir hlý orð um bók sem ég gaf út fyrir nokkrum dögum. Ég játa það að þar er ekki fjallað sérstaklega um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og heldur ekki um hugsanlega stjórn fyrir hana. Það kann að stafa af því að þingmaðurinn sem hér stendur hafi ekki sett sig nægilega vel inn í málin, m.a. afstöðu Verslunarráðs-

ins til þessara mála því að það er dálítið merkilegt þegar maður fer að skoða þann „litteratúr", svo ég noti þau orð sem hv. þm. notaði, sem er á bak við þessa brtt. sem hér kemur fram og hæstv. fjmrh. píndi meiri hlutann til að fylgja, hver hreyfði fyrst þeirri hugmynd að það yrði sett stjórn yfir ÁTVR hér á Íslandi? Hver hreyfði henni fyrst núna að undanförnu, síðustu vikur? Hver var það? Verslunarráð Íslands. Í umsögn Verslunarráðs Íslands sem er dagsett 31. maí 1995 og er send hv. efh.- og viðskn. er beinlínis lagt til að það verði sett svona stjórn. Þar með er það alveg ljóst að það er bæði Verslunarráðið og Sjálfstfl. og fjmrh. hans sem sameinast í málinu að því er þetta varðar. Þess vegna vakna þessar spurningar sem ég rakti áðan um aðild Framsfl. að málinu sem er mjög sérkennilegt ef hann stendur að þessu. Alla vega er alveg ljóst, hæstv. forseti, að hér er verið að gera grundvallarbreytingar á stjórn ÁTVR frá því sem ríkisstjórnin gerði ráð fyrir í upphafi. Hér er ekkert um það að ræða að sá þingmaður sem hér stendur hafi sérstakan áhuga á því að varðveita sama stjórnskipulag og gilt hefur frá alda öðli og ég skora á hv. þm. að tala ekki illa um Þjóðminjasafnið fyrir framan formann Þjóðminjaráðs, hæstv. forseta þingsins. En alla vega er augljóst mál, hæstv. forseti, að hér er um að ræða stórfellda breytingu sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur enga grein gert fyrir í þessari virðulegu stofnun.

[18:38]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það getur vel verið að það sé nokkuð löng leið frá sósíalismanum yfir í sósíaldemokratí. En þannig er að sú grundvallarbreyting sem er að verða núna á fyrirkomulagi þessara mála er að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er að fara úr því að verða stofnun yfir í það að verða fyrirtæki. Og ég vil hvetja hv. þm. Svavar Gestsson sérstaklega til þess að velta því fyrir sér hvaða eðlisbreytingu það hefur á starfsemi fyrirtækisins. Það er eðlilegt að fyrirtæki séu rekin eins og fyrirtæki en ekki eins og stofnanir vegna þess að fyrirtæki sem eru rekin eins og stofnanir verða sjaldnast langlíf nema með einhverjum sérstökum atbeina eða aðgerðum. En það er eðlilegt að þegar farið er að reka Áfengis- og tóbaksverslunina eins og fyrirtæki þá starfi hún með sambærilegum hætti og flest fyrirtæki gera og ég held að það þurfi ekkert sérstaklega flóknar útskýringar eða langar fyrir hv. þm. til þess að hann skilji þetta. En grundvallaratriðið er náttúrlega að hann skilji muninn á stofnun sem er skattheimtustofnun og fyrirtæki.

[18:39]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir þær tilraunir til leiðbeininga sem hann hefur uppi gagnvart mér. En ég held að ég átti mig ekki alveg á því hvernig hann hugsar þessa hluti. Ef hann er þeirrar skoðunar að ÁTVR verði ekki stofnun eftir þessar breytingar heldur fyrirtæki því skyldi þá þetta fyrirtæki verða rekið undir yfirstjórn fjmrn. sem er skattheimtumálaráðuneyti? Því skyldi stofnunin ekki verða flutt t.d. til iðn.- og viðskrn. og af hverju gerist það að á sama tíma og verið er að flytja stofnunina að ekki einasta á hún að vera undir fjmrn. heldur á hún auk þess að fá sérstaka stjórn umfram þann forstjóra sem hefur stjórnað stofnuninni um árabil? Hvers lags þversagnir eru þetta í málflutningi hv. þm. sem bersýnilega þarf að kynna sér betur en hann hefur gert til þessa frumforsendur kapítalismans.

[18:40]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þann mikla áhuga sem menn hafa sýnt hér á áfengisvörnum. Það er góðs viti hvað margir hv. alþingismenn hafa mikinn áhuga á áfengisvörnum. Ég mun bara svara þeim spurningum sem að mér hefur verið beint og snúa að heilbrigðisþættinum. Ég hef verið beðin um skýrslu varðandi þátt heilbrigðismála um þessi þrjú frumvörp. Þau koma að sjálfsögðu fram í þeim tillögum sem hér liggja fyrir, tillögum um eftirlitsþáttinn, tillögur um eftirlit með leyfisveitingum, skráningarþáttinn og nú síðast sérstakt fjármagn til forvarna. Við erum að tala um 25–30 millj. sem sérstakt framlag til forvarna. Ég trúi ekki öðru en hv. þingmenn gleðjist yfir þessu framlagi til forvarna. Og ég ætla að segja það að þó að hv. þm. Svavar Gestsson hafi flutt ræðuna fyrir nokkuð löngu síðan — í morgun hélt hann langa og mjög ítarlega og góða ræðu og óskaði mér alls góðs í starfi og ég þakka honum fyrir það — þá ætla ég að minna hann á það að þegar hann segir að heilbrrn. skili auðu þá er það alrangt. Það er ósatt og ósanngjarnt og þvílík ummæli eru ekki samboðin sönnum jafnaðarmanni.

[18:42]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að fyrr í dag leyfði ég mér að óska hæstv. heilbrrh. velfarnaðar í starfi og það meina ég ærlega. En það er jafnframt rétt að ég spurði hæstv. heilbrrh. nokkurra spurninga, m.a. um þá stefnu sem ráðuneytið hefur í áfengisvörnum andspænis þeim byltingarkenndu breytingum sem eru að eiga sér stað í verslun með áfengi samkvæmt þessum frumvörpum.

Ég verð að játa það að ég skildi ekki svör hæstv. ráðherra áðan þannig að ég teldi þau viðhlítandi.

Ég held að það sé nauðsynlegt líka að hafa það í huga að þau vandamál sem menn standa frammi fyrir hafa farið vaxandi á undanförnum árum, m.a. vegna þess að það hefur verið losað um fleiri þætti í þessum málum en t.d. verslun ríkisins með áfengi og tóbak. Það hefur líka gerst að vínveitingastöðum hefur fjölgað stórkostlega, t.d. fjölgaði vínveitingahúsum á Íslandi á árunum frá 1980 til ársins 1995 úr 42 í 350. Það er ótrúleg breyting á örstuttum tíma. Í Reykjavík einni einni hefur t.d. vínveitingahúsum fjölgað úr 18 31. des. 1980 í 138. Það er augljóst að áfengiseftirlitið og löggæslan ræður ekki við þetta jafnvel þó að hún hafi með málunum sérstakar gætur.

Til viðbótar við þennan vanda sem Reykvíkingar standa frammi fyrir núna og er orðin þannig að fólk þorir ekki að senda börnin sín út á götur á kvöldin eða

nóttunni, til viðbótar við þennan vanda er verið að auka hér við, það viðurkenna allir. Ég spyr hæstv. heilbrrh.: Hvað segir landlæknir í þessu máli? Hver er skoðun hans? Er hann þeirrar skoðunar að það þurfi að losa um þessa hluti — eða hvað?

[18:44]

**Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson las hér upp hina miklu fjölgun sem hefur orðið af vínveitingaleyfum og mig langar að spyrja hv. þm. Svavar Gestsson: Vill hann banna vínveitingahús í landinu og vill hann banna innflutning á áfengi? Ég skil orð hans þannig að honum finnist að það þurfi að fækka vínveitingahúsum og þá eiga menn bara að segja það hreint út. (**SvG:** Hvað vill ráðherrann?) Já, því skal ég svara, hv. þm. Ráðherra hefur ákveðið að leggja fram frv. um áfengis- og vímuefnavarnir í haust og ég vona að hv. þm. muni standa með mér varðandi það frv. og ég hlakka til að heyra í þeim þá þegar það verður lagt fram.

[18:45]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá yfirlýsingu sem fram kemur frá hæstv. ráðherra um að hún muni leggja fram frv. um áfengis- og vímuefnavarnir í haust og ég lýsi því yfir fyrir mitt leyti og vafalaust fyrir hönd okkar þingflokks að við erum tilbúnir til að hjálpa til þess að taka á því máli. Og ég get jafnvel bætt því við að fari svo að þingið sitji fram eftir allri næstu viku, eins og mér sýnist margt benda til, þá erum við tilbúin til að leggja vinnu í málið þegar í stað og það segi ég m.a. í framhaldi af ummælum mínum fyrr í dag.

Varðandi það hvort sá þingmaður sem hér stendur sé að leggja það til að fækkað verði t.d. vínveitingastöðum þá er það náttúrlega ekki verkefni Alþingis en ég get sagt mína skoðun. Hún er sú að ég teldi að það ætti að gera það. Og ég tel að sú hömlulausa útþensla vínveitingastaða, t.d. í Reykjavík, sem borgarstjórnarmeirihlutinn fyrrverandi beitti sér fyrir, hafi verið mjög háskaleg. Og af hverju gerðist þetta? Það er ekki vegna þess að þetta fólk vildi sturta brennivíni yfir þjóðina. Ég tel að þetta hafi fyrst og fremst gerst af sömu ástæðum og við erum að afgreiða þetta frv., af þeim ástæðum að menn hafa ekki mótað sér stefnu að því er þessa hluti varðar, stefnu sem er raunsæ, ég segi raunsæ aftur, ég segi hræsnislausa stefnu, stefnu sem horfist í augu við þann veruleika að áfengi er notað af yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar með tiltölulega reglulegum hætti. Það er hlutur sem menn eiga að horfast í augu við um leið og þeir móta stefnu en menn eiga ekki að sleppa mikilvægasta áfengisvarnatæki landsins úr höndunum á sér sem er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í grófum dráttum eins og hún hefur verið rekin.

Og ég spyr hæstv. ráðherra: Ef ráðherrann fellst á þetta mundi hann t.d. með sömu rökum fallast á það að losa alveg um tóbakið á sama hátt? Ég geri ekki ráð fyrir því. Og ég geri þá ráð fyrir því að ráðherra mundi beita heilbrigðisrökum. Það eru nákvæmlega sömu rökin, heilbrigðisrökin, sem ætti að nota að því er áfengismálin varðar.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 18:48.

---

# 19. FUNDUR

laugardaginn 10. júní,
kl. 10.30 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Atvinnuleysistryggingar, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
2. Útvarpslög, frv., 39. mál, þskj. 52. — 1. umr.
3. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

**Útbýting þingskjals:**

Skipulag ferðamála, 20. mál, þskj. 68.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá bæjarstjórn Vesturbyggðar.

***Umræður utan dagskrár.***

Vandi húsbyggjenda og skuldastaða heimilanna.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Áður en gengið er til dagskrár fara fram umræður utan dagskrár að beiðni þingflokks Alþb. og óháðra um vanda húsbyggjenda og skuldastöðu heimilanna, sbr. 2.

mgr. 50. gr. þingskapa. Málshefjandi er hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, og hæstv. félmrh. verður til andsvara. Samkomulag er milli þingflokka um að umræðan geti staðið í allt að einni klukkustund og 40 mínútum. Hver þingflokkur fær þannig allt að 15 mínútna ræðutíma og málshefjandi og ráðherra 5 mínútur að auki. Þetta fyrirkomulag umræðna byggist á 2. mgr. 72. gr. þingskapa.

[10:34]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Tilefni þess að óskað er eftir þessari umræðu um húsnæðismál með sérstöku tilliti til skuldastöðu heimila er að fólk sem á í húsnæðis- og skuldabasli á heimtingu á því að vita hvaða hugmyndir ríkisstjórnin hefur til lausnar á þeim vanda sem það stendur frammi fyrir og er að verulegu leyti á ábyrgð stjórnvalda eins og ég mun sýna fram á.

Stöðu húsnæðiskaupenda og leigjenda bar mjög á góma í kosningabaráttunni, enda ekki að undra. Ástandið í húsnæðismálum gefur spegilmynd af kjörum og hlutskipti þúsunda fjölskyldna. Það hlutskipti er ekki gott og það hlutskipti hefur farið versnandi. Skuldaklafi heimilanna hefur vaxið stórlega á sama tíma og greiðslugeta þeirra hefur rýrnað. Þetta er hið alvarlega í stöðunni.

Samkvæmt könnun sem birt var á vegum Húsnæðisstofnunar í byrjun mars var fimmta hvert húsbréfalán komið í veruleg vanskil. En vandinn var engan veginn einskorðaður við húsbréfakerfið því að á meðal þeirra sem höfðu lán frá byggingarsjóðunum, bæði í félagslega kerfinu og hinu almenna, voru einnig verulegt vanskil. Þannig var um fjórðungur lántakenda í Byggingarsjóði verkamanna í miklum vanskilum.

Þá er ljóst að margt fólk býr við svo bág kjör að það hefur ekki einu sinni haft efni á því að koma sér í stöðu skuldarans, hefur hreinlega ekki haft aðgang að neinu lánakerfi og enn er að nefna að stórir hópar fólks lenda á milli kerfa, hafa of miklar tekjur til að fá aðgang að félagslega kerfinu, of lágar tekjur til að komast í húsbréfakerfið, of háar tekjur til að fá húsaleigubætur, með öðrum orðum stórir hópar fólks lenda á milli kerfa, fá hvergi inni. Þess vegna segir skuldastaða húsnæðiskaupenda, þótt hrikaleg sé, aðeins hálfan sannleikann um hve ástandið í húsnæðismálum er raunverulega slæmt.

Á undanförnum árum hefur endalaust verið hringlað með húsnæðismálin, vextir hafa verið keyrðir upp og hækkaður aftur í tímann. Í fáti hefur verið hlaupið úr einu kerfi í annað, en allt þetta hefur skapað öngþveiti og óvissu til langs tíma. Og nú til viðbótar ríkir pólitísk óvissa. Á húsnæðismarkaði er spurt hvað ríkisstjórnin ætli að gera, til hvaða ráðstafana hún ætli að grípa.

Að sögn fasteignasala er nú óvenjumikil sölutregða, húsnæði er illseljanlegt og ástæðan sem gefin er upp er að beðið sé eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Nú vil ég taka það mjög skýrt fram að ég er ekki að hvetja til snöggsoðinna, fálmkenndra viðbragða. Þvert á móti vil ég ígrundaðar ráðstafanir því að mikið liggur við að menn skilgreini á yfirvegaðan hátt hvað hægt er að gera þegar í stað til aðstoðar þeim sem eru að missa eigur sínar, en einnig þarf að hyggja að langtímalausnum. Síðast en ekki síst þarf að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða þannig að þeir sem eru að kaupa, selja eða ætla að leigja lendi ekki einnig í vandræðum. Lausnir á vanda húsnæðiskaupenda og leigjenda á ekki að binda við húsnæðiskerfið eitt. Staðreyndin er sú að vandi húsnæðiskaupenda og leigjenda verður ekki einvörðungu leystur með aðgerðum í húsnæðiskerfinu. Þannig birti t.d. hagfræðingur BSRB, Rannveig Sigurðardóttir, mjög athyglisverða útreikninga sl. haust, útreikninga sem fengið hafa staðfestingu í síðari könnunum mjög áþreifanlega eftir að könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands var birt með sundurgreiningu á skuldastöðu og greiðsluerfiðleikum fjölskyldna. Í þeirri sundurgreiningu kom fram að þeir sem áttu í mesta skuldabaslinu voru millitekjuhópar, sömu hópar og orðið höfðu fyrir mestri skerðingu ráðstöfunartekna í millifærslukerfinu, þeir hópar sem höfðu orðið fyrir mestum jaðarskattshækkunum. Útreikningar Rannveigar Sigurðardóttur hagfræðings sýndu fram á að fjölskylda með rúmlega 200 þús. kr. heildartekjur á mánuði, þrjú börn, tvö undir 7 ára aldri, hafði á undangengnum fjórum árum orðið fyrir skerðingu á ráðstöfunartekjum af völdum samtvinnaðra þátta almennrar kaupmáttarrýrnunar, hækkunar á sköttum og lækkunar á barnabótum og vaxtabótum sem nam um 18 þús. kr. á mánuði. Það sem er umhugsunarvert við þessa upphæð, og það benti hagfræðingurinn sérstaklega á, er að þetta er sama upphæð og nemur afborgun af meðalhúsbréfaláni upp á 3 millj. kr.

Lærdómurinn af þessu dæmi er sá að lausnin fyrir umrædda fjölskyldu er ekki einvörðungu úrbætur á sviði húsnæðismála heldur samræmdar aðgerðir á öðrum sviðum einnig. Hækkun barnabóta, vaxtabóta, húsnæðisbóta, lækkun þjónustugjalda o.s.frv. eftir málsatvikum. Á þessu hafa margir hv. þm. sem styðja stjórnina, þar á meðal ráðherrar eins og hæstv. viðskrh., sýnt mikinn skilning. Í prýðilegri ræðu sem hann flutti í tíð síðustu ríkisstjórnar fyrir aðeins fáum vikum benti hann á þetta samhengi hlutanna. Páv. hv. þm., núv. hæstv. ráðherra, Finnur Ingólfsson, fullyrti að neyðarástand væri að skapast á þúsundum heimila vítt og breitt um landið, eins og hann orðaði það að mínum dómi réttilega, og hann skilgreindi vandann meðal annars með því að rekja hann til þeirrar stefnu sem ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. rak almennt í efnahags- og atvinnumálum. Svo að ég vitni orðrétt í ræðu hans, með leyfi forseta:

„Nefna má atvinnuleysi, hærri vexti, hærri skatta, lækkun á barnabótum, hækkun á þjónustugjöldum í heilbrigðisþjónustunni og hækkun á þjónustugjöldum í menntamálum. Þetta hefur orðið til þess að heimilin hafa orðið fyrir meiri útgjöldum heldur en áður. Þetta hefur orðið til þess að þær greiðsluáætlanir sem Húsnæðisstofnun ríkisins og bankarnir lögðu upp með fyrir þessa einstaklinga hafa farið úr skorðum og nú er svo komið að neyðarástand blasir við."

Þetta var rétt fyrir nokkrum vikum og þetta er líka rétt núna. Fulltrúar Sjálfstfl. með hæstv. forsrh. í

broddi fylkingar hafa á sinn hátt tekið undir þessi sjónarmið og viðurkennt að sú gagnrýni af okkar hálfu að jaðarskattar væru orðnir hættulega háir, að sorfið hafi verið um of að fólki með margvíslegum skerðingum, ætti við rök að styðjast.

En það er ekki nóg að viðurkenna vandann og tala um neyðarástand fyrir kosningar ef menn sýna engin viðbrögð að þeim loknum. Við neyðarástandi á að bregðast með aðgerðum en ekki aðgerðaleysi því að þá eru menn að bregðast sjálfir. Í ljósi allra yfirlýsinganna úr kosningabaráttunni kom það óneitanlega á óvart þegar stjórnarsáttmálinn var kynntur því að þar var sagt berum orðum að ekki yrði tekið á skattkerfismálum, jaðarskattar yrðu t.d. ekki lagaðir fyrr en í fyrsta lagi í ársbyrjun 1997, þá væntanlega í tengslum við kjarasamninga sem renna út um áramótin 1996–1997. Og nú er rétt að spyrja: Er það fyrst þá sem á að aflétta neyðinni? Sagði ekki Framsfl. að fólk ætti að vera í fyrirrúmi? Var það ekki eitt af áróðursspjöldum ríkisstjórnarinnar fyrir kosningar, fólk í fyrirrúmi? Er skilningurinn sem menn kváðust hafa á erfiðleikum fólks og neyð virkilega svona léttvægur? Ætla menn sér virkilega að versla með eigin loforð? Stendur til að selja fyrirheitin sem kjósendum voru gefin í kjarasamningum eftir tvö ár? Ef þetta er rétt þá verður það að koma í ljós. Menn verða að koma hreint til dyranna, þó ekki allsberir eins og einn af aðstoðarmönnum fjmrh. gerði í Morgunblaðinu fyrir fáeinum dögum þegar hann sagði að lausnin á háum jaðarsköttum væri ósköp einföld: Afnema millifærslurnar, burt með barnabætur, burt með vaxtabætur, þetta væri tekjutengt og ef við losnuðum við þessar bætur værum við jafnframt laus við tekjutengingar og þar með jaðarskatta. Einfaldasti hlutur í heimi.

Ekki dettur mér í hug að ætla að hæstv. félmrh. skrifi upp á útleggingar eins og þessar. Hins vegar skrifaði hann upp á stjórnarsáttmálann og nú er að vita hvaða skilning hann leggur í hann. Reyndar mega hæstv. ráðherrar vita að sú krafa sem hlýtur að vera reist á hendur ríkisstjórninni er að þegar í haust verði gerðar umfangsmiklar skattkerfisbreytingar þar sem almennu launafólki verður í fyrstu umferð fært til baka það sem af því var tekið á síðasta kjörtímabili með hverri skerðingunni á fætur annarri gegn hörðum og eindregnum mótmælum utan þings og einnig innan. Þetta er skilyrðislaus krafa og hún er siðferðileg á hendur stjórnmálamönnum sem hafa gefið kjósendum sínum fyrirheit í þessa veru. Þessi krafa byggir líka á efnahagslegri nauðsyn gagnvart grunneiningum efnahagslífsins, fjölskyldunum í landinu. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vil heyra hæstv. ráðherra, málsvara ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, upplýsa þingheim og þjóð um. Til hvaða ráðstafana verður gripið til að bæta efnahag fjölskyldnanna þannig að þær séu í stakk búnar að standa við þær skuldbindingar sem þær í góðri trú tókust á herðar við öflun húsnæðis áður en ráðist var á kjör þeirra úr Stjórnarráði Íslands?

Í öðru lagi er ljóst að grípa þarf til sértækra aðgerða í húsnæðiskerfinu. Það þarf að sjá til þess að kerfið svari þörfum einstaklinganna, en einstaklingunum sé ekki þröngvað inn í mót sem engan veginn svara kröfum tímans, eru hreinlega ekki í samræmi við veruleikann, fjárhagslega getu fólks og iðulega einnig óskir. En í stað þess að hanna sífellt ný kerfi þarf að nálgast málin frá einstaklingnum og fjölskyldunni með húsnæðisbótum sem sniðnar eru að óskum fólks um húsnæðisform, tekjum þess og efnahag. Í þetta þarf að ganga á vel yfirvegaðan og ígrundaðan hátt. En þegar í stað þarf að grípa til sérstakra bjögunaraðgerða gagnvart því fólki sem er í bráðavanda.

Lenging húsbréfalána ein og sér eins og rætt hefur verið um leysir engan stóran vanda. Reyndar orkar sú aðgerð nokkuð tvímælis því að hætt er við miklum afföllum og þar af leiðandi aukinni lánsfjárþörf, hærri afborgunum og þannig áfram þar til vítahringnum er lokað. Hins vegar tel ég að stórefld ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunar sem hefði heimildir til skuldbreytinga og lenginga lána eftir atvikum, aðgang að öflugum björgunarsjóði sem settur yrði á fót í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og hugsanlega einnig annarra aðila, svo sem lífeyrissjóða, sem veitti lán með lágum vöxtum jafnframt því sem lög yrðu sett um sveigjanlegar húsnæðisbætur sem yrðu sveiflujafnandi. Einnig á þegar í stað að taka ákvörðun um að nýta heimild til að hækka lánshlutfall húsbréfa í 75%, slíkt væri fyrirbyggjandi aðgerð. Þá þarf þegar í stað að grípa til ráðstafana fyrir leigjendur.

Sérstakur björgunarsjóður, kann einhver að spyrja, enn einn sjóðurinn? Svarið er einfalt. Við erum að tala um fjármuni sem fólk hefur verið svipt með gegndarlausri skerðingu ráðstöfunartekna á síðustu árum. Þessi kjaraskerðing hefur leitt til þess að fjöldi fólks er að missa heimili sín eða býr við mjög erfið skilyrði. Þeir sem hins vegar búa við sæmilegan kost eiga því miður oft erfitt með að skilja hlutskipti hinna sem misst hafa atvinnu sína eða orðið fyrir alvarlegri tekjuskerðingu og búa við þungan skuldaklafa. En hver skyldi vera skilningur hæstv. ríkisstjórnar og hvernig ætlar hún að bregðast við? Þessari spurningu vil ég nú beina til hæstv. félmrh.

[10:47]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vil byrja með því að fagna þessari umræðu. Ég vænti þess að hér komi fram að það sé einhugur um það að vandinn sé mikill og að við verðum að hjálpast að við að leysa hann. Það er alveg rétt sem fram kom frá okkur framsóknarmönnum í kosningabaráttunni og hér hefur verið endurtekið af hv. málshefjanda að það hefur skapast neyðarástand á fjölmörgum heimilum. Við framsóknarmenn lögðum mikla áherslu á það í kosningabaráttunni að við vildum úrbætur í þessu efni og við erum ekkert af baki dottnir. Ef menn lesa stjórnarsáttmálann þá sést á honum að þar er fólk í fyrirrúmi og þar er bæði tekið á greiðsluvandanum og húsnæðismálunum. Vil ég, með leyfi forseta, lesa örstuttan kafla úr stjórnarsáttmálanum:

„Að Lánstími húsnæðislána frá Húsnæðisstofnun verði breytilegur þannig að í stað 25 ára eins og nú er verði hann á bilinu 15–40 ár. Sérstök áhersla verður lögð á að hjálpa ungu fólki til þess að eignast sína

fyrstu íbúð. Þeim sem greiða af eldri fasteignaveðbréfum Húsnæðisstofnunar verður gefinn kostur á lengingu lána. Stuðlað verður að því að einstaklingar, sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum, hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum. Stefnt verður að því að flytja almenna húsnæðislánakerfið frá Húsnæðisstofnun yfir í bankakerfið."

Þarna tel ég að komi fram meginlínur í stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu efni.

Í félmrn. er unnið að þessum málum og ég hef þegar skipað tvær nefndir sem ætlað er að koma með tillögur til úrbóta og úrræði handa fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum. Annarri nefndinni er ætlað að koma með tillögur sem stuðla að því að einstaklingar sem eiga í alvarlegum greiðsluvandræðum hafi möguleika á því að ná tökum á fjármálum sínum, annaðhvort með samkomulagi við lánardrottna eða með aðstoð dómstólanna.

Nefndin er undir forustu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar og hún á að semja frv. um greiðsluaðlögun. Aðrir nefndarmenn eru hv. þm. Kristján Pálsson, Elín S. Jónsdóttir í félmrn., Bragi Gunnarsson í fjmrn., frá Sambandi ísl. sveitarfélaga Garðar Jónsson og frá dómsmrn. Benedikt Bogason.

Ég vænti þess að nefndin vinni sitt starf sem skjótast og unnt verði að koma lagafrv. fyrir þingið strax í haust, í upphafi þings. Hér er um töluvert flókið mál að ræða, m.a. réttarfarslegt, sem krefst úrlausnar.

Verkefni hinnar nefndarinnar er að athuga hvort aðstoða megi fólk í greiðsluvanda með því að gera breytingar á lánafyrirkomulagi. Nefndinni hefur verið falið að athuga kosti þess að lánstími fasteignaveðbréfa verði breytilegur, á bilinu 15–40 ár, og að skuldarar eldri fasteignaveðbréfa sem eiga í verulegum greiðsluvandræðum eigi kost á lengingu lána.

Formaður þessarar nefndar er hv. þm. Magnús Stefánsson og aðrir í nefndinni eru hv. þm. Pétur H. Blöndal, Ingi Valur Jóhannsson frá félmrn., Steingrímur Ari Arason frá fjmrn. og Hákon Hákonarson sem á sæti í stjórn Húsnæðisstofnunar.

Ég vænti þess að þessi nefnd komist að niðurstöðu sem allra fyrst því að hér er um mjög brýnt verkefni að ræða líka.

Í desember sl. var sett á laggirnar samráðsnefnd um greiðsluvanda heimilanna og þátttakendur í því samstarfi eru fulltrúar frá Húsnæðisstofnun, Neytendasamtökunum, Sambandi ísl. sveitarfélaga, verkalýðshreyfingunni, Samtökum lífeyrissjóða, félmrn., Sambandi sparisjóða, frá Íslandsbanka, Búnaðarbanka og Landsbanka. Það er skemmst frá því að segja að ég tel að það sé mjög mikilvægt að þetta samráð sé haft og það sé líklegt til þess að leiða til góðs. Ég hef óskað eftir því að þetta samstarf haldi áfram og ég á von á áfangaskýrslu á næstunni með greinargerð og tillögum um úrbætur sem teknar verða til frekari úrvinnslu eftir því sem við á. Ég hef reyndar séð drög að þessari áfangaskýrslu og ég tel að þar séu margar hugmyndir sem séu skoðunar verðar og eðlilegt að vinna nánar úr.

Þessi greiðsluvandi er náttúrlega mjög margþætt vandamál. Orsakir og afleiðingar eru mismunandi og eðli málsins samkvæmt er mjög mikilvægt að hafa þennan vettvang til að vinna að þessum málum. Ég mun einnig beita mér fyrir frekari viðræðum við lánastofnanir um framhald samkomulags um skuldbreytingar og lengingu lána.

Það er umhugsunarvert að aðgerðir til að leysa greiðsluvanda heimilanna hafa verið viðvarandi í húsnæðiskerfinu frá 1985 að einu ári undanskildu. Því miður hafa þær ekki tekist allar sem skyldi, en ég tel að það sé full ástæða til að reyna að átta sig vel á orsökum vandans þannig að hægt sé að grípa til skilvirkra aðgerða og gera ráðstafanir til að fyrirbyggja vandann.

Það er afar brýnt að grípa sem allra fyrst til úrræða handa þeim sem eru verst settir og það þarf einnig að rannsaka hvort úrræðin duga og vandamálin hafi breyst eða aðstæður. Ég tel að það geti vel komið til greina að koma upp einhvers konar bráðamóttöku á vegum félmrn. t.d. fyrir fólk sem er í miklum greiðsluerfiðleikum og sér ekki út úr þeim. Ég verð mjög var við það í viðtölum við fólk sem kemur í ráðuneytið hve margir eru ákaflega illa settir. Það vekur athygli mína og kom mér reyndar nokkuð á óvart að það er ekki bundið við láglaunahópa. Það eru fjölmörg dæmi þess að fólk sem manni virðist vera í góðum tekjum sé komið í mjög mikinn vanda. Innan bankakerfisins í Danmörku er boðið upp á svona þjónustu og væri svona bráðamóttaka sett á stofn þá þyrfti sú vinna að fara fram í náinni samvinnu við lánastofnanir.

Það er líka spurning hvort ekki þarf jafnframt að efla ábyrgð bankanna á þeim útlánum sem þeir veita almenningi. Mér finnst stundum að ef bankinn getur náð í veð þá sé hann fús að lána þó að fyrirsjáanlegt sé að hlutaðeigandi lántakandi ráði ekki við þær skuldbindingar sem hann er að taka á sig.

Þess vegna held ég að ráðgjafarþátturinn sé líka mjög mikilvægur í þessu. Það þarf að aðstoða fólk við að koma böndum á fjármál sín. Það er mjög auðvelt að eignast skuldir ef svo má til orða taka. Það er stöðugt verið að bjóða fólki lán til kaupa á bílum og neysluvörum ýmiss konar og það geta verið þannig tilboð að það geti verið erfitt fyrir fólk að átta sig á þeim, hver greiðslubyrðin verður og hinn endanlegi fjármagnskostnaður. Þess vegna tel ég að ráðgjafarstarfið sé afar mikilvægt í þessu efni. Síðan þarf náttúrlega að samræma störf þeirra sem veita ráðgjöfina. Og það er nauðsynlegt að mínu mati að athuga möguleika á samstarfi lánastofnana, Húsnæðisstofnunar, Neytendasamtakanna o.s.frv., og Samtaka sveitarfélaga ekki síst, um þetta efni.

Ég get fullvissað hv. málshefjanda um að það er fullur vilji hjá ríkisstjórninni að grípa til aðgerða. Við munum hraða því eftir því sem nokkur kostur er. Sumt af þessu er hægt að gera með reglugerðum, en sumt af þessu þarf lagabreytingar við og af skiljanlegum ástæðum hefur ekki unnist tími til þess að undirbúa frumvörp þar að lútandi. Ég hef hins vegar lagt á það megináherslu að koma málunum í gang og það er farið að vinna að þessum hlutum og ég vonast eftir því að það skili árangri áður en langt um líður og að í haust geti

verið tilbúin þau frumvörp til breytinga á lögum sem nauðsynleg eru í þessu sambandi.

[10:58]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að færa hæstv. ráðherra þakkir mínar fyrir þá vinsemd að láta svo lítið að drepa hér niður fæti á millum erfðra ferðalaga sinna um Evrópu. Ég geri ráð fyrir því að það sé erfitt fyrir hæstv. ráðherra að stýra félagsmálum Íslendinga frá hinum ýmsu höfuðborgum álfunnar og mér finnst þess vegna spurning hvort það sé rétt af okkur að vera að þreyta ráðherrann með fánýtu stagli hér í dag til þess að ræða um vandamál Íslendinga sem vafalítið eru ekki líkt því eins spennandi og hin ýmsu aðkallandi verkefni sem hæstv. ráðherra glímir við dag hvern á ferðalögum sínum erlendis. Miklu nær væri auðvitað fyrir þingheim að leyfa hæstv. ráðherra að hvílast, ekki síst þegar horft er til þess að hann kom úr síðustu ferð sinni í gær og fer í þá næstu á morgun eða hinn.

Herra forseti. Það er rétt að rifja það upp að í síðustu kosningabaráttu háði flokkur ráðherrans kosningabaráttu sem að verulegu leyti gekk út á húsnæðismál og hástemmd loforð Framsóknar um að leysa öll vandamál sem tengdust þeim á snöggu augabragði. Sú barátta snerist ekki síst gegn Alþfl. sem var m.a. ásakaður um að hafa valdið neyðarástandi á þúsundum heimila vegna stórkostlegrar aukningar á skuldum vegna húsnæðiskaupa. Hv. þm. Ögmundur Jónasson rifjaði hér upp góðar tilvitnanir í ýmsar ræður hv. þingmanna Framsfl. á síðasta kjörtímabili og ég ætla ekki að sækja frekar í þann sjóð.

Ég ætla ekki að gera lítið, herra forseti, úr því að það eru margvíslegir erfiðleikar sem steðja að heimilunum en þessi umræða var hins vegar um margt á dapurlegum villigötum. Hún spannst í kjölfar skýrslu Þjóðhagsstofnunar á sl. ári þar sem kom fram að skuldir heimilanna höfðu vaxið hratt. Niðurstöðurnar var reynt að nota í því skyni að sýna fram á að ríkisstjórninni og raunar Alþfl. sérstaklega hefði mistekist í húsnæðismálum, hefði rýrt afkomu heimilanna þannig að þúsundir heimila römbuðu á barmi gjaldþrots. Slík túlkun var auðvitað víðs fjarri öllu lagi. Það kom aldrei fram í umræðunni að Þjóðhagsstofnun sjálf benti á að skýringanna væri að leita í því að í kjölfar verðtryggingarinnar þurfti að endurfjármagna nær allt húsnæði í landinu. Lánstími húsnæðislána var lengdur þannig að skuldir greiðast hægar en áður, horfið var frá skömmtunarkerfi á lánsfé, sem að sjálfsögðu auðveldaði aðgang manna að fjármagni til húsnæðiskaupa og að auki fjölgaði ungu fólki á húsnæðismarkaðnum. Þetta voru að stórum hluta skýringarnar á auknum skuldum vegna húsnæðiskaupa og menn gleyma því jafnan að móti þeim söpuðust vitaskuld miklar eignir.

Þegar horfið var frá húsnæðiskerfi Framsfl. frá 1986 voru 8 þúsund Íslendingar á biðlistum eftir lánum úr skömmtunarkerfi framsóknaráratuganna. Þetta skömmtunarkerfi var raunar hluti þess spillta umhverfis í efnahagsmálum sem fyrir síðustu kosningar var lýst svo að væri skilgetið afkvæmi Framsóknar og rétt flokksskírteini hefði jafngilt boðsmiða í veislunni. Það voru að vísu ekki vinir Framsóknar í Alþfl. sem orðuðu þetta svo smekklega, heldur var það gert í bæklingi sem hæstv. forsrh. og formaður Sjálfstfl. bar ábyrgð á. Biðtíminn einn í þessu úrelta kerfi Framsóknar var mörg ár og ástandið var með öðrum orðum þannig að ungt fólk gat í bókstaflegri merkingu ekki stofnað fjölskyldu, það hafði ekki kost á húsnæði. Þessu kerfi var hrundið með húsbréfakerfinu og á örstuttum tíma var arfi Framsfl. í húsnæðismálum, biðlistunum, gjöreytt.

Herra forseti. Það kostaði tugi milljarða að eyða biðlistum Framsfl. en við það eignuðust að sjálfsögðu þúsundir fjölskyldna þak yfir höfuðið, en um leið stórjukust auðvitað skuldir landsmanna vegna húsnæðiskaupa. Stórkostleg fjölgun íbúða í félagslega húsnæðiskerfinu varð til þess að fjölga verulega í hópi þeirra sem eignuðust sínar eigin íbúðir, en auðvitað uxu við það húsnæðisskuldir þjóðarinnar.

Bara eitt dæmi: Þegar eitt tiltekið sveitarfélag afræður að reisa 100 félagslegar íbúðir, þá aukast húsnæðisskuldir landsmanna á nánast einu augnabliki um 6 milljarða. Tvö þúsund félagslegar íbúðir á síðasta kjörtímabili stórjuku að sjálfsögðu húsnæðisskuldir landsmanna.

Herra forseti. Þegar þúsundum manna var á tiltölulega stuttum tíma gert kleift að koma þaki yfir höfuð sér með húsbréfakerfinu, þá jukust að sjálfsögðu húsnæðisskuldir landsmanna en um leið sköpuðust gríðarlegar eignir. Menn verða að gera sér grein fyrir því að skuldaaukningin ein segir ekki alla söguna. Menn ættu hins vegar að velta því fyrir sér hvort þetta hafi orðið til þess að hækka hlutfall húsnæðisskulda af skuldum heimilanna. Nei, herra forseti. Það varð ekki til þess. Skýrsla Þjóðhagsstofnunar vakti raunar sérstaka athygli á þeirri staðreynd að húsnæðisskuldir sem hlutfall af heildarskuldum heimilanna hafa farið lækkandi. Heimilin skulda hlutfallslega minna vegna húsnæðiskaupa en áður. Þetta varð niðurstaða Þjóðhagsstofnunar.

Mergur þessa máls er nefnilega ekki aukning skuldanna, heldur hvernig mönnum gengur að standa í skilum. Flokkur hæstv. félmrh. hélt því fram statt og stöðugt fyrir örfáum vikum að vanskil heimilanna hefðu stóraukist í tíð síðustu ríkisstjórnar og að sjálfsögðu væri það sérstaklega Alþfl. að kenna. Væri það rétt staðhæfing þá mætti auðvitað segja að það væri fótur fyrir þeirri staðhæfingu að það stefndi í neyðarástand hjá þúsundum heimila af völdum síðustu ríkisstjórnar. En hvað er hið rétta í þessu máli? Hafa vanskilin aukist? Ég tel að eini raunhæfi samanburðurinn til þess að sjá hina raunverulegu þróun í tíð fyrri ríkisstjórnar sé að bera saman vanskilin á síðasta heila ári hennar við síðasta heila ár ríkisstjórnarinnar sem sat á undan en í forsæti hennar sat þáv. formaður Framsfl. og þá kemur í ljós hvort þessar staðhæfingar framsóknarmanna séu réttar eða staðleysur einar. Samanburðurinn á þessum árum, árinu 1990 og 1994, sem voru síðustu heilu ár beggja ríkisstjórnanna, leiðir eftirfarandi í ljós:

Árið 1990 voru þriggja mánaða vanskil af gjaldföllnum skuldum í Byggingarsjóði ríkisins 25,9%. Þau

voru 20,2% árið 1994. Þau höfðu sem sagt lækkað. Arið 1990 voru vanskil við Byggingarsjóð verkamanna 41,7% en þau voru fallin niður 37,7% árið 1994. Þau höfðu líka lækkað. Í húsbréfadeildinni voru þau 25,3% árið 1994. Af þessu er augljóst að það er ekki hægt að halda því fram með réttu að í tíð síðustu ríkisstjórnar hafi vanskilin aukist. Allar staðhæfingar Framsfl. um stórkostlega aukningu vanskila á síðasta kjörtímabili eru þess vegna rangar.

Það er líka athyglisvert að kanna hverjir það eru sem eiga í vanskilum. Það er ekki láglaunafólkið. Nei, herra forseti. Þvert á móti hafa kannanir leitt í ljós að þeir sem eiga í vanskilum eru yfirleitt yfir landsmeðaltali í bæði tekjum og eignum og það er sannarlega athyglisvert. Og það er ekki síður athyglisvert að heyra hæstv. félmrh. segja hér úr ræðustól að þetta hafi honum ekki orðið ljóst fyrr en eftir kosningar, eftir að hann var kominn í ráðuneytið. Herra forseti. Þetta lá fyrir í mörgum skýrslum og var birt aftur og aftur opinberlega. En hæstv. félmrh. sem hafði uppi stór orð um ástand húsnæðismála er í rauninni að staðfesta það hér að hann hafði ekkert fyrir því að kanna staðreyndirnar.

Herra forseti. Það er athyglisvert að skoða nánar það manna sem Framsfl. hét kjósendum að félli af himnum ofan ef hann kæmist í ríkisstjórn. Mörgu fögru lofaði Framsfl. í kosningabaráttunni en ég hygg að hvergi hafi gylliboðin verið jafnstórkostleg og í húsnæðismálunum.

Framsfl. lofaði, eins og segir í stjórnmálaályktun frá síðasta flokksþingi, með leyfi forseta, að láta Húsnæðisstofnun grípa til björgunaraðgerða til að aðstoða fólk við að greiða úr skuldavandamálum heimilanna. Ég efa ekki góðan vilja hæstv. félmrh. en það bólar bara ekkert á þessu.

Framsfl. lofaði líka að setja lög um greiðsluaðlögun fyrir fólk í langvarandi greiðsluerfiðleikum. Hv. þm. flokksins fluttu sérstakt frv. um þetta mál á síðasta þingi. Það bólar ekkert á þessu. Það finnst ekki stafur um þetta í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Framsfl. lofaði að lækka tímabundið vexti af húsnæðisskuldum fólks í fjárþröng. Það gerði hæstv. iðnrh. í Tímanum í lok mars en hann er eins og þjóð veit sérstakur sérfræðingur um vaxtamál. Það bólar ekkert á þessu hjá hæstv. félmrh.

Framsfl. lofaði að frysta skuldir meðan leitað væri lausna fyrir fólk í tímabundnum greiðsluerfiðleikum. Herra forseti. Það bólar ekkert á þessu loforði heldur.

Framsfl. lofaði líka að lækka beinlínis skuldir samkvæmt auglýsingu flokksins í DV frá 3. apríl. Það hefur enginn heyrt um þessar fyrirætlanir síðan. Hæstv. iðnrh., sem endurtók þetta loforð í blaðagrein, er gersamlega búinn að tapa minninu líka. Það bólar ekkert á þeirri lækkun skuldanna sem Framsókn lofaði.

Framsfl. lofaði líka að hækka lánshlutfall ungs fólks sérstaklega upp í 70–75%. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir þurfti að sjálfsögðu að bjóða betur og hún bauð 80% í grein í Tímanum. Það bólar ekkert á þessu heldur.

Herra forseti. Framsókn lofaði að lækka skuldir, lækka vexti, frysta skuldir, koma á björgunaraðgerðum, koma á greiðsluaðlögun og ég spyr: Hvar eru þessi loforð í dag, hæstv. félmrh.? Á að svíkja þessi loforð? Hvað með vesalings fólkið sem trúði þeim, sem byggði upp væntingar? Hvar er trúnaðurinn við það? Hvað ætlar hæstv. ráðherra að segja við þetta fólk þegar það kemur á skrifstofuna hans í viðtöl? Ég verð hins vegar að segja það, herra forseti, að ég hef nokkra samúð með hæstv. félmrh. vegna þess að ég veit að það verður honum gríðarlega erfitt að uppfylla þó ekki væri nema brot af þeim loforðum sem flokkurinn gaf fyrir kosningar.

Maður veltir því fyrir sér: Hvernig stendur á því að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er varla að finna stafkrók um þessi loforð sem ég hef rakið hér? Er það vegna þess að fótleggir hæstv. ráðherra Framsfl. eru úr gúmmíi? Er það vegna þess að í hvert einasta skipti sem það virðist koma upp einhvers konar rimma milli um Sjálfstfl. og Framsfl., þá hefur Sjálfstfl. alltaf betur? Jafnvel í þessu máli, sem var burðarásinn í kosningamálflutningi Framsfl., líka þar hefur Sjálfstfl. tekist að beygja Framsfl. Og ég verð að segja það, herra forseti, að sá sem ég taldi þó að Sjálfstfl. mundi síðast undir hafa, er hæstv. félmrh. sem hefur sýnt það mörg undanfarin ár að hann er vaskur maður og ekki auðvelt að beygja hann. Samt sem áður er það þannig að ekkert af þessum loforðum sem ég hef hér rakið er að finna í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Framsfl. hefur reynst erfitt að svara þegar hann er spurður hvers vegna honum tókst ekki að koma fram þessum stefnumálum sínum. En þeir hafa haft eina viðbáru og hún er þessi: Útfærslan á loforðunum fyrir kosningarnar kemur í verkefnaskrám ráðuneytanna. Þá munu stefnumál Framsfl. koma fram í allri sinni dýrð.

Herra forseti. Nú vill svo til að það liggur fyrir frá hæstv. félmrh. hvernig hann hyggst útfæra stefnu Framsfl. í félmrn. Í afmælisriti Húsnæðisstofnunarinnar er birtur texti, sem er að vísu ekki undir neinu sérstöku nafni, en með textanum er birt mynd af manni sem er ekki í svart/hvítu heldur í lit. Þessi maður brosir og við nánari skoðun kemur í ljós að þetta er hæstv. félmrh. Hann er hér að lýsa því hvernig vinnu hann hefur sett af stað til þess að útfæra stefnu Framsfl. Og, herra forseti, þau loforð sem ég hef rakið í ræðu minni eru ekki nefnd þar. Það er ekki stafkrókur um þau. Til að mynda finnst orðið greiðsluaðlögun ekki í þessu. Það er ekkert um lækkun skulda. Það er ekkert um tímabundna vaxtalækkun fyrir þá sem eru í erfiðleikum. Það er ekkert um fyrstingu skulda, ekki neitt. Það liggur því alveg skýrt fyrir að hæstv. félmrh. ætlar ekki að uppfylla þau kosningaloforð sem flokkurinn gaf, m.a. formaður flokksins, fyrir kosningar.

Herra forseti. Það eru ýmis loforð sem flokkurinn gaf fyrir kosningar sem er að finna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og líka hér. Raunar er það aðallega eitt. Það er sá partur loforða Framsfl. að breyta lánstíma húsnæðislána, gera hann breytilegan. Í stað þess að vera 25 ár þá verði hann 15–40 ár. Ég tel að það sé gott mál til að mynda að gera fólki kleift að borga fyrr til baka ef það getur. Framsfl. lofaði því. Það þarf einfalda reglugerðarbreytingu til þess að stytta lánstím-

ann. Hvers vegna hefur hæstv. ráðherra ekki gert það? Er það vegna þess að honum hefur ekki gefist tóm til þess frá ferðalögum erlendis? Hvers vegna? Ég spyr.

Það er hins vegar fróðlegra að skoða þann hluta þessa loforðs sem lýtur að lengingu húsnæðislána í 40 ár. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var skýrt tekið fram að þeim sem greiða af eldri fasteignaveðbréfum Húsnæðisstofnunar verði gefinn kostur á lengingu lána. Og lenging húsnæðislána í 40 ár kostar sannarlega lagabreytingu. Hvað átti þetta að gera að verkum? Þetta átti að lækka greiðslubyrðina um 25%. Árleg greiðslubyrði af 1 millj. kr. húsbréfaláni til 25 ára er 71 þús. kr. Greiðslubyrði af sama láni til 40 ára eru 60 þús. kr. á ári. Þessi munur er ekki 25%, herra forseti. Þessi munur er næstum því 17%. Þetta er talsvert minna heldur en þau 25% sem formaður Framsfl. lofaði í sjónvarpi tveimur dögum fyrir kosningar.

Það er líka alveg ljóst að fjárfestar munu gera kröfu til hærri ávöxtunar af þeim húsbréfum sem eru til lengri tíma en þeim sem eru til skemmri tíma. Hærri ávöxtunarkrafa þýðir aukin afföll miðað við sömu nafnvexti og því er líklegt að seljendur húsnæðis sem fá greitt í húsbréfum til 40 ára vilji fá það bætt a.m.k. að hluta til í hærra verði. Og það er áætlað af sérfræðingum að munurinn á ávöxtunarkröfu á annars vegar 25 ára bréfi og hins vegar 40 ára bréfi geti orðið 0,2–0,4%. Hvað þýðir þetta í afföllum? Ég er viss um að hv. þm. Pétur Blöndal svarar því fyrir mig hér á eftir. Ætli það sé ekki 6–10%. Þannig er með öðrum orðum afskaplega lítill avinningur af þessu. Lántakinn stæði frammi fyrir þeirri staðreynd að ávinningurinn af því að greiða 15 árum lengur er afskaplega lítill. (**KHG:** Vill þingmaðurinn skipta láninu?) Ég vil eiga kost á því að greiða þau fyrr, já. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Það vakti athygli mína í máli hæstv. ráðherra að hann er að skoða málin. Hann er að búa til nefndir. Hann segir að það þurfi að rannsaka og þess vegna langar mig að lokum, herra forseti, til þess að lesa upp úr grein hæstv. iðnrh. Finns Ingólfssonar um húsnæðismál í Tímanum 29. mars. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Það er mat okkar framsóknarmanna að nú sé tími kannana og skoðana á ástandinu liðinn. Aðstæður fólksins liggi fyrir og aðstæður greiðsluerfiðleikanna séu kunnar. Því sé nú runninn upp tími aðgerða.“ (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég beini því til hæstv. félmrh. að taka upp þessi orð hæstv. núv. iðnrh. og láta þjóðina sjá það að tími aðgerðanna sé runninn upp.

[11:14]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert núna við þessa umræðu um húsnæðismál að það eru ansi þunnskipaðir bekkirnir hér í þingsalnum af framsóknarmönnum og vantar ýmsa þá sem hæst hafa talað um húsnæðismál og nauðsyn á aðgerðum í gegnum árin.

Það er vissulega orðið tímabært að ræða um húsnæðismálin núna þegar Alþingi hefur setið á annan mánuð, en ég hefði óskað að það hefði frekar verið að frumkvæði hæstv. félmrh. og félmrh. væri hér að fjalla um tillögur að lausn málsins, flytja frumvörp inn á þingið þar sem hann væri að leita eftir atbeina þingsins til þess að framfylgja þeim aðgerðum sem Framsfl. boðaði í kosningum. En það er nú öðru nær. Hæstv. ráðherra er dreginn hér upp í ræðupúltið af stjórnarandstöðunni til þess að fjalla um húsnæðismálin. Ég verð að segja að það er ekki lítið sem kemur út úr þessu hjá hæstv. ráðherra miðað við það sem Framsfl. sagði um þessi mál í kosningunum.

Ég hygg, virðulegi forseti, að þegar litið er til nýafstaðinnar kosningabaráttu þá hafi enginn flokkur nokkurn tíma haft uppi eins mikla svikamyllu og blekkingar í húsnæðismálum og framsóknarmenn. Ég sakna þess að ýmsir framsóknarmenn sem hátt hafa haft um húsnæðismál skuli ekki hafa tíma til þess að vera viðstaddir þessa umræðu eins og hv. þm. Guðni Ágústsson sem fyrir aðeins örfáum vikum síðan sagði aftur og aftur í ræðustól að líf, heill og hamingja þúsunda fjölskyldna lægi við að gripið yrði strax til aðgerða, ekki eftir kosningar heldur fyrir kosningar, sagði hv. þm. Vil ég, með leyfi forseta, vitna til hans ummæla vegna þess að hv. þm. sagði: „Líf, heill og hamingja þúsunda heimila ungs fólks um allt land veltur á skjótum aðgerðum. Ríkisstjórnin verður að gera strax nýja þjóðarsátt sem hjálpar fólki í vanda. Málið þolir enga bið,“ sagði hv. þm. „Það verður að ganga í þetta verk strax, það verður að leysa það í vetur. Málið þolir sem sagt enga bið“, sagði hv. þm.

Nú lætur hann ekki svo lítið að vera hér við umræðu um þetta mál. Sama mætti segja um fleiri hv. þm. Framsfl., Stefán Guðmundsson og fleiri sem hátt hafa talað um að það þyrfti að ráðast í aðgerðir í húsnæðismálum.

Það er alveg rétt sem fram kom hjá síðasta ræðumanni að hæstv. iðnrh. talaði mjög um húsnæðismálin hér á þingi og í kosningabaráttunni (Gripið fram í.) og hann var dreginn inn í þingið til að ræða málið. Það þurfti að kalla sérstaklega eftir ráðherranum til þess að fá hann til að hlýða á þessa umræðu. Og hann sagði alveg eins og síðasti ræðumaður hér áðan að tími skoðana og athugana í þessu máli væri liðinn. Greiðsluaðlögun, það var málið sem átti að leysa vanda heimilanna í landinu. Hvað segir hæstv. ráðherra hér við umræðuna? Hann segir að hann þurfi að skoða og athuga málin og hann upplýsir þingið um það að hann sé búinn að skipa tvær nefndir í þetta mál til að skoða það og kanna það áfram. Er ekki tími athugana liðinn? Þolir málið einhverja bið?

Hv. þm. Guðni Ágústsson talaði um að þeir sem bæru ábyrgð á þessu stæðu raunverulega að þjóðarglæpi. Hann sér enga ástæðu til þess að mæta við þessa umræðu.

Og hverjar eru svo lausnir hæstv. ráðherra? Jú, hann segir að það eigi að skipa tvær nefndir í þetta mál. Önnur á að ræða um greiðsluaðlögun. Það liggja fyrir, hæstv. ráðherra, í ráðuneytinu tillögur um þetta efni. Það liggur fyrir frv. frá framsóknarmönnum um hvernig eigi að taka á greiðsluaðlöguninni. Þeir hömuðust á þessu máli nokkrum vikum fyrir kosningar og kröfðust þess að frv. um greiðsluaðlögun yrði afgreitt áður

en þingi lyki nú í vor. Nei, nú þarf að kanna málið, setja það í nefnd og skoða það. Nú þarf að skoða málin. Heimilin mega bíða. Þau þola alveg bið núna þegar bjargvættirnir sjálfir eru komnir í ríkisstjórn sem allan vanda gátu leyst í húsnæðismálum þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Og þeir töluðu um það að ef þeir kæmust að þá yrði ráðist í stærstu skuldbreytingu Íslandssögunnar.

Og það vantaði ekki loforðin í stefnuskrána. Það vantaði ekki loforðin: Endurreisn heimilanna, skuldbreyting aldarinnar, þegar í stað lög um greiðsluaðlögun, lengja lánin í 40 ár, frysta skuldir, lækka skuldir. Og þannig mætti lengi telja. Og barnabætur, vaxtabætur, þær eiga að hækka, sögðu framsóknarmenn fyrir jólin. Það þolir enga bið. — Nú má þetta allt saman bíða. Og það sem verra er, hæstv. ráðherra, að þó að ég sjái það að hæstv. ráðherra sé farinn að hafa heldur meiri skilning á húsnæðismálum eftir að hann tók við þeim málum og hefur kynnt sér þau, þá getur það verið mjög varhugavert fyrir fasteignamarkaðinn, fyrir vaxtamarkaðinn hvernig ráðherrann talar ef hann ætlar svo ekkert að framkvæma í þessum málum. Og því miður tel ég að það sem hann segir hér úr þessum ræðustól núna gefi tilefni til þess að það verði ekkert gert í þessum málum.

Ég spyr: Hvers vegna minnist ráðherrann ekki einu orði á það hér að hann ætli að hækka lánshlutfallið upp í 75% sem hann sagði fyrir tveimur til þremur vikum síðan að hann ætlaði að gera í júnímánuði? Núna er júnímánuður. Og ég spyr hæstv. ráðherra, og inni hann eftir þessum loforðum: Er samstaða við fjmrh. um að hækka lánshlutfallið upp í 75%? Það kostar 1,5 milljarða í aukinni útgáfu húsbréfa. Er samstaða um þetta við Sjálfstfl.? Við verðum að fá að vita þetta áður en þing fer heim vegna þess að það er ekki hægt að hafa fasteignamarkaðinn í svona óvissu áfram. Verður það 75%? Verður það engin hækkun? Verður það 70% kannski? Og fyrir hverja verður þetta? Verður þetta fyrir þá sem eru að koma sér upp húsnæði í fyrsta skipti? Og hvernig verður skilgreiningin á því, hæstv. ráðherra? Verður húsbréfaúgáfan aukin til þess að standa við þetta loforð ráðherrans? Þetta viljum við fá fram, hæstv. ráðherra, í þessari umræðu. Og ef hæstv. ráðherra getur ekki svarað því í þessari umræðu, þá áður en þing fer heim. Hvernig ætlar hann að standa að þessu loforði?

Og 40 ára lánin, af hverju er svona erfitt að fara með húsbréfalánin upp í 40 ár núna? Það átti að leysa allan vanda. Það var ein blekkingin. Ég hygg að Framsfl. hafi fengið nokkur atkvæði út á það í kosningunum að lengja húsbréfalánin úr 25 í 40 ár og það hafi átt að vera lausn á öllum vanda, koma heimilunum út úr skuldastöðunni. Þetta er einföld lagabreyting. Við skulum standa að því hér alveg örugglega, stjórnarandstaðan, með hæstv. ráðherra, að hjálpa honum til þess að koma því máli í gegnum þingið. Hitt er svo annað mál að ég hef miklar efasemdir um að það sé skynsamlegt vegna þess að það liggur fyrir að þetta mun einungis létta greiðslubyrði hjá fólki um 3.000 kr. á mánuði. En hvað kemur líka í staðinn? Það er alveg ljóst að ef við erum með mismunandi lánstíma í húsbréfakerfinu, sveigjanlegan lánstíma eins og það heitir, þá mun verð á íbúðum sem bera 40 ára lán hækka verulega þannig að ávinningurinn í lækkun greiðslubyrði upp á 3.000 kr. verður tekinn aftur í hærra verði á íbúðinni. Ég spái því að á íbúð sem kostar 7–8 millj. muni það um 400 þús., kannski 500 þús. sem sú íbúð verður hærri í verði, þar sem seljendur munu gera kröfu til þess að fá 400–500 þús. hærra verð fyrir slíka íbúð. Og þá er ávinningurinn horfinn. Hvað þurfa svo þeir sem fara út í 40 ára lánin að borga meiri vexti? Ég hygg að ef við tökum meðallán upp á 3 millj. kr. þá séu vaxtagreiðslur af því á 25 árum kannski rúmlega 2 millj. kr. en ef lánið verður til 40 ára þá verða vaxtagreiðslurnar kannski nálægt 4 millj. kr. Hver verður ávinningurinn? Hvað á að teygja fólk lengi á því að fá niðurstöðu í þetta mál hvort þetta skili einhverju fyrir fólkið? Hvað á þessi blekkingaleikur framsóknarmanna að fá að halda lengi áfram? Hvað á lengi að þurfa að skoða málin?

Allar þessar upplýsingar, sem ráðherrann er að biðja um að nefnd setjist nú yfir í allt sumar og kannski næsta haust, liggja fyrir ef ráðherrann gæfi sér eins og tvo til þrjá klukkutíma með sínum ráðgjöfum í húsnæðismálum frá ferðum erlendis til að kíkja á það mál. Þá fengi hann alla vitneskju um hvað það þýðir að lengja lánin í 40 ár. Nei, nei, fólkið má bara bíða. Það er allt í lagi. Nú þolir málið bið. En ráðherrann getur fengið þessa vitneskju strax, hvað þetta þýðir. Og ef svo yrði farið út í þetta með þessum göllum sem ég er hér að nefna, hærra íbúðarverð, hægari eignamyndun náttúrlega hjá fólki sem færi í 40 ára lán, meiri vaxtagreiðslur, meiri afföll sem sjálfsagt eru um 8%, hver á þá að borga kostnaðinn við þessa lánalengingu? Verður það ríkissjóður? Hvað kostar það? Verður það fólkið? Verða þær teknar úr hinum vasanum, þessar 3.000 kr. í lægri greiðslubyrði á mánuði eða hvernig á að standa að þessu?

Það er ótækt að Framsfl. komist upp með það að halda áfram að blekkja fólk í því efni hvernig eigi að koma sér út úr skuldastöðu heimilanna vegna þess að lausnirnar eru engar. Ráðherrann talar um greiðsluaðlögum. Ef hann vill fara í greiðsluaðlögun, þá liggur meira að segja fyrir frv. frá framsóknarmönnum. Það liggur fyrir skýrsla í félmrn. Það hafa farið í þetta menn frá a.m.k. þremur ráðuneytum þannig að ef það er skynsamlegt að fara í það, þá væri hægt að samþykkja það frv. strax. Greiðsluaðlögun mun að vísu leysa vanda nokkurs hóps, ekki stórs hóps, fólks sem er komið í mestu vandræðin, fólks sem er að missa sínar eigur. En síðan kemur hópurinn sem á kannski að fá lánalengingu upp í 40 ár. Hvers vanda leysir það? Ég er ekki viss um að það leysi vanda þeirra sem eru í mestu vandræðum vegna þess að þeirra eignir eru kannski yfirveðsettar þannig að það fólk getur ekki tekið við meiri lánum á sínar eignir.

Síðan ræðir ráðherrann ekki orð um það hér hvort það eigi að hækka lánshlutfallið eða hvernig eigi að gera það, ekki orð um það. Ég held að sú skýrsla sem kom fram og Félagsvísindastofnun gerði á sínum tíma

— mig minnir að það hafi verið bara í mars/apríl sl. — sýni að það séu kannski ekki fyrst og fremst fyrstuíbúðarkaupendur sem eru í vandræðum. Það sé barnafólk, kannski fólk sem er að kaupa sína aðra íbúð með tvö eða þrjú börn. Það á væntanlega ekkert að gera fyrir það fólk ef það á að miða bara við fyrstuíbúðarkaupendur og hækka lánshlutfallið. Þá kæmi til góða að hækka vaxtabæturnar og barnabæturnar og ég hef margviðurkennt í þessum ræðustól, og skal gera það einu sinni enn, að síðasta ríkisstjórn og þar með sú sem hér stendur átti þátt í því að ganga of langt í því að skerða vaxtabætur. En það breytir ekki því að framsóknarmenn sem hátt hafa talað um þetta mál og lögðu fram tillögur um það fyrir jólin ættu að geta beitt sér fyrir því núna að hækka vaxtabætur. Þeir sögðu: 3 milljörðum á að verja til að bjarga heimilunum út úr skuldastöðunni. Hvar eru þessar aðgerðir, hæstv. ráðherra? Hve lengi ætlar hæstv. ráðherra að standa í því að blekkja fólk?

Síðan tala þeir um að flytja húsnæðismálin inn í bankakerfið og þeir eru reyndar ekki sammála um það, hæstv. viðskrh. og hæstv. félmrh. Það hefur komið greinilega fram í fjölmiðlum. Hæstv. ráðherra félagsmála segir að það sé varhugavert, þurfi að skoða það nánar og það sé varhugavert að fella niður ríkisábyrgðina. Ég er honum sammála. En hæstv. viðskrh. segir að þetta verði gert, alveg sama hvað hæstv. félmrh. segir. Og vissulega er það svo að það er að renna upp ljós fyrir hæstv. félmrh. hvað það þýðir að fara út í slíka einkavæðingu.

Það er hlálegt að við höfum hér verið á Alþingi í fjórar til fimm vikur — og hvað höfum við rætt hér? Að einkavæða áfengið. Það er mörgum framsóknarmanninum sem líður illa yfir því að þurfa að gera það. Og að setja ofurtolla á landbúnaðarvörur. En húsnæðismál, nei, nei. Það þarf ekkert að ræða þau. Þau mál mega bara bíða.

Ég vara hæstv. ráðherra við því og treysti honum til þess að standa þannig í ístaðinu að það verði ekki farið út í það að setja lánin í bankana. Það mun hækka vexti um 2%. Það mun mismuna landsbyggðinni og þéttbýlinu þannig að landsbyggðin mun ekki fara vel út úr því.

Við erum núna með lagasetningu sem heimilar að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar með tilliti til markaðsverðs hennar ef markaðsverð er óeðlilega lágt til lengri tíma og það þýðir að landsbyggðin getur staðið jafnfætis þéttbýlissvæðinu og höfuðborgarsvæðinu að því er varðar íbúðarbyggingar. En ef þetta fer í bankana, þá verður allt annarrar veðsetningar krafist. Þá verður miðað við markaðsverð íbúðar úti á landi ef bankarnir eiga að taka við þessu. Hver verður kostnaðurinn? Og á að afnema ríkisábyrgðina ef það á að breyta ríkisbönkunum í hlutafélagabanka?

Það er ýmislegt sem þarf að skoða í þessu máli, virðulegi forseti. Ég vil hvetja hv. þm. til þess að standa saman um það að þetta þing fari ekki heim fyrr en það liggur ljóst fyrir hvað ríkisstjórnin ætlar að gera í þessum málum. Auðvitað þarf að skoða málin en það er búið að skoða þau ansi lengi og það liggja fyrir skýrslur um þetta. Skýrslan um greiðsluaðlögun liggur fyrir og það liggur fyrir hvað þýðir að lengja lánstímann.

Það er staðreynd sem hvað eftir annað hefur komið fram að ástæðan fyrir erfiðleikum heimilanna er fyrst og fremst hin lágu laun í landinu og það umhverfi sem fólki er búið. Vissulega þarf að fara í ýmsar aðgerðir til lagfæringa, bæði varðandi húsnæðismálin og fleiri þætti til þess að auðvelda fólki að komast út úr skuldastöðunni, en það að bíða bara og bíða eins og ráðherrann boðar hér úr ræðustól er ekki boðlegt fyrir heimilin í landinu miðað við þær yfirlýsingar sem hv. framsóknarmenn hafa haft uppi í þessu máli.

[11:31]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég býð hæstv. félmrh. velkominn til landsins, en verð að harma það að ekki skuli vera fleiri þingmenn viðstaddir þessa umræðu um svo mikilvægt mál. Það er aðeins einn þingflokkur mættur 100%. En ég þakka hv. 17. þm. Reykv. fyrir að hefja þessa umræðu sem ekki aðeins snýst um vanda heimilanna í landinu þótt ærinn sé, hann snýst ekki aðeins um vanda húsbyggjenda, húseigenda eða vanda skuldara heldur ekki síður um vanda þeirra kjósenda sem trúðu framsóknarmönnum í aðdraganda síðustu kosninga. Og þeim er nú kannski vorkunn, þ.e. kjósendum, að þeir skyldu trúa framsóknarmönnum því að hér er ekki aldeilis um að ræða neina nýgræðinga í pólitík heldur vana menn í ráðuneytunum því að framsóknarmenn hafa eins og alþjóð veit haldið um stjórnartaumana hér meira og minna undanfarna áratugi þótt þeir sætu að vísu í stjórnarandstöðu síðasta kjörtímabil. En frá sjónarhóli kjósenda eiga slíkir menn að vita sínu viti. Þeir eiga að þekkja kerfið og kunna að lesa í tölur og þeir eiga að hafa vit á því hvaða úrræði eru möguleg. Og það vantaði ekki að þeir greindu vandann á öllum sviðum og byðu úrræði við hvers manns vanda í kosningabaráttunni og þar sem þetta eru vanir menn og þaulkunnugir í stjórnkerfinu þá var ekki að undra þótt margir tryðu loforðunum um öll úrræðin, um fólkið í fyrirrúmi, um öll störfin sem átti að skapa, um bjargráðasjóð heimilanna og hvað þetta hét nú allt saman.

Nú eru framsóknarmenn ekki þeir einu sem buðu vel fyrir kosningar, en ég held að þeir hafi slegið alla út og fyrir það verða þeir að svara fyrr en síðar. Auðvitað er ekki hægt að efna öll loforð á fyrstu vikum í ráðherrastólunum en sum mál krefjast skjótari viðbragða en önnur. Og það eru húsnæðismálin og skuldastaða heimilanna sem við ræðum í dag, mál sem Framsfl. hefur mjög látið til sín taka og fyrir nokkrum mánuðum tók einn hv. þm. Framsfl., eins og hér hefur þegar verið minnt á, hv. 2. þm. Suðurl., upp þetta mál utan dagskrár og hafði þar á orði að þetta væri í fjórða sinn á tveimur árum sem Framsfl. hefði forgöngu um það að taka þetta mál upp á Alþingi utan dagskrár, þ.e. skuldastöðu heimilanna. Þar var ekki síst rætt um húsnæðislánakerfið sem orsök fyrir skuldaaukningu heimila í landinu. Í þeirri umræðu lögðu framsóknarmenn mikla áherslu á nauðsyn skjótra að-

gerða og töluðu um skuldbreytingu aldarinnar sem yrði að fara fram. Þeir töluðu um ráðgjafar- og endurreisnarstöð heimilanna, þeir töluðu um nauðsyn lífskjarajöfnunar, þeir töluðu um hagfræði hellisbúanna sem væri að eyðileggja heimilin í landinu. Hér hefur þegar verið vitnað í ýmis þau orð sem ég undirstrikaði þegar ég renndi yfir þessa umræðu í gær um líf, heill og hamingju þúsunda heimila ungs fólks um allt land sem ylti á skjótum aðgerðum. Þetta sagði hv. þm. Guðni Ágústsson fyrir nokkrum mánuðum eða vikum og hann sagði ýmislegt fleira sem hv. síðasti ræðumaður m.a. vitnaði til um að málið þyldi enga bið. Hann sagði einnig, með leyfi hæstv. forseta: „Við þurfum bæði að keyra á háum ljósum og lágum." Svo mikið lá við.

Nú hefur hv. 2. þm. Suðurl. ekki einu sinni svo mikið við að kveikja ljósin á bifreið sinni og koma til umræðu. Málið þolir greinilega meiri bið núna. Það er eins og það liggi ekki eins mikið á. (**ÓRG:** Hann notar bara bremsuljósin.) Það eru líflega bremsuljósin sem eru bara í lagi á bifreið þingmannsins núna. Hvað er nú orðið um líf, heill og hamingju þúsunda heimila ungs fólks um allt land? Ég er viss um að ég mæli fyrir munn margra hv. þm., a.m.k. þeirra sem sýna þessari umræðu þann sóma að vera viðstaddir, þegar ég segi að við hefðum frekar viljað eyða drjúgum hluta tímans á þessu vorþingi, hæstv. ráðherra, í umfjöllun um þennan vanda en öll áfengismálafrumvörpin sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa lagt ofurkapp á þessa daga. Því miður óttast ég að með þeim lagabreytingum, sem allt útlit er fyrir að verði samþykktar, sé verið að kalla yfir okkur vaxandi vanda á þeim vettvangi og sá vandi snertir svo sannarlega heimilin í landinu og er nú lítt skiljanleg sú forgangsröðun ríkisstjórnarflokkanna að vilja rétta áfengisheildsölum tugi milljóna, en virðast ekki jafnuppteknir af vanda húsbyggjenda og húsnæðiskaupenda.

Maður hefði getað haldið að framsóknarmenn teldu í raun nóg að gert til úrlausnar í þessum málum. Mér fannst ekki orð hæstv. félmrh. hér áðan sýna það að hann væri sama sinnis og framsóknarmenn voru fyrir kosningar um nauðsyn þess að taka strax á þessum málum, nauðsyn björgunaraðgerða fyrir fólkið í landinu.

Nú er sá vandi sem heimilin eiga við að stríða vegna vaxandi skulda vitanlega ekkert einfaldur og á sér margar orsakir, en það er búið að kanna þessar orsakir. Það er búið að kanna þennan vanda mjög mikið og það veldur vonbrigðum þegar hæstv. ráðherra svarar því bara til að það séu nefndir að störfum. Þessar nefndir vinna sjálfsagt ágætt starf, en þetta er svo dæmigert fyrir þær lausnir sem gjarnan er gripið til. Það er settur starfshópur í málið. Eins og hv. síðasti ræðumaður taldi upp þá er búið að kanna þetta og kanna og það ætti að vera nóg kannað.

Hæstv. ráðherra talaði um bráðamóttöku. Hann hefði væntanlega getað gert það strax ef hann var þess sinnis að það þyrfti skjótar aðgerðir. Hann taldi upp punkta úr stjórnarsáttmálanum og taldi það Framsfl. til tekna að hafa komið þessum punktum inn í hann. En það er ekki eins og framsóknarmenn hafi vitað hvað þeir voru að segja, á hverju þeir byggðu öll loforðin í kosningabaráttunni úr því að það þarf að setja nefndir og kanna málin.

Það er fullur vilji til þess að grípa til aðgerða, sagði hæstv. ráðherra, og það þarf að hraða því eins og kostur er, sagði hann. En sér er nú hver hraðinn. Vorþingið hefur staðið miklu lengur en menn bjuggust við. Það hefði örugglega verið tími til að fjalla um þessi mál ef vilji hefði verið fyrir hendi. Það eru enn að koma fram frumvörp um vanda sauðfjárbænda t.d. Það var tími til að taka á því og við erum hvött til að taka á þeim vanda en ekki þessum. Þetta er mjög athyglisvert.

Nú er sá vandi sem heimilin eiga við að stríða eins og ég sagði áðan, margvíslegur og flestir nefna vitanlega fyrst atvinnuleysið sem hefur dottið yfir okkur eins og óviðráðanleg pest og kollvarpað áætlunum einstaklinga og heimila. Og þetta var reyndar sá vandi sem hvað mest var ræddur fyrir kosningarnar og margir frambjóðendur sýndu vilja til þess að taka á og ekki síst framsóknarmenn. Og ég tek undir það. Mér er mjög minnisstætt þegar ég sótti ráðstefnu fyrir 12 árum, held ég að það hafi verið, og hlýddi þar á breskan þingmann ræða vanda ungs fólks og atvinnuleysis. Þá þekktum við varla þennan vanda á Íslandi, ekki fólk á mínum aldri. Þingmaðurinn sagði, og mér er það mjög minnisstætt, að atvinnuleysi fyrir ungt fólk væri hættulegt lýðræðinu. Og ég held að við getum tekið undir það og þennan vanda þurfum við að ræða frekar en vanda áfengisheildsalanna.

Það þarf hins vegar ekkert að minna á að þeir sem verða fyrir atvinnumissi og tekjulækkun af þeim sökum hafa möguleika á skuldbreytingu og greiðslufrestun á húsnæðislánum og sá möguleiki hefur hjálpað mörgum og það ber að virða.

Í öðru lagi er það svo láglaunastefnan sem heldur almennu launafólki í heljargreipum og veldur fjölda fólks geigvænlegum vanda. Við getum mörg okkar sagt sögur úr kosningabaráttunni af vinnustaðafundum og af öðrum tilefnum þar sem fólk tjáði sig um kjör sín því það voru launakjörin sem svo margir vildu ræða. Þið stjórnmálamenn eruð alltaf að tala um bætur, þið viljið leysa allt með bótum, vaxtabótum, barnabótum, sjúkrabótum og hvað þetta allt nú er, sagði við mig kona á einum vinnustaðnum suður með sjó. Ég vil engar fjandans bætur, sagði hún. Ég vil bara almennileg laun og þá þarf ég engar bætur. En auðvitað þarf öryggisnet. Það er blátt áfram ömurlegt hvað vinnukaupendur leyfa sér að greiða fyrir fulla dagvinnu, smánarlaun sem duga ekki fyrir nauðþurftum, hvað þá heldur einhverjum húsnæðisskuldum. Flestir í þessum hópi hafa hreinlega ekki efni á lánum til húsnæðiskaupa og það er þess vegna, hæstv. félmrh., sem þetta fólk kemur ekki til hæstv. ráðherra í viðtalstímum. Þeir hafa ekki efni á lánum til húsnæðiskaupa. Þeirra vanda hefur átt að leysa í félagslega kerfinu sem því miður hefur bilað og verður að endurskoða og endurskipuleggja og þróunin í því kerfi er mikið áhyggjuefni. Það getur aldrei hafa verið ætlunin að byggja svo dýrar íbúðir í því kerfi að fólki endist ekki ævin til að borga þær.

Í því sambandi vil ég minna á vaxtabreytingarnar, þ.e. hækkun vaxta með tilliti til tekna og eignabreytinga, en einn vandinn í þessu kerfi er einmitt sá. Sá vandi er ekki leystur. Það er aðeins ef tekjurnar hækka og eignirnar verða meiri sem vaxtabreytingar eru heimilaðar, en ekki ef þær lækka. Fólk situr eftir í vandanum ef tekjurnar lækka á nýjan leik. Þetta þarf að skoða og Kvennalistinn lagði fram frv. um þetta efni á síðasta þingi sem ekki fékk afgreiðslu. Það er einnig mjög alvarlegt mál fyrir sveitarfélögin hvernig þetta kerfi er að fara með þeirra fjárhag. Þau eru skuldbundin til þess að leysa til sín þessar íbúðir og margir íbúðarkaupendur sjá mun betri kost í því að kaupa á almennum markaði en í félagslega kerfinu og þetta nær auðvitað engri átt.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi ekki miklu fleiri orð um þetta. Það er láglaunastefnan og launakerfið yfir höfuð sem er ein höfuðorsökin fyrir erfiðleikum almenns launafólks og fyrir því hróplega misrétti sem fer vaxandi, bilinu sem sífellt breikkar milli ríkra og fátækra. Efnahagsbatinn, sem margir prísuðu fyrir kosningar og þökkuðu góðri stjórnarstefnu, hefur ekki náð til heimilanna í landinu.

Auðvitað má nefna margt fleira sem veldur vaxandi vanda almenns launafólks og heimilanna, aðgerðir stjórnvalda á undanförnum árum sem hafa þrengt fjárhagsstöðu fólks og hv. málshefjandi taldi einmitt upp hér þaðan, ásamt minnkandi atvinnu og minnkandi tekjur, lækkun vaxtabóta og aukin þjónustugjöld. Það þarf að líta á þetta allt saman í heild sinni, en númer eitt er launastefnan. Ég minni á fjölmargar tillögur Kvennalistans í þeim efnum, nú síðast tillögu um afnám launamisréttis kynjanna, en það byggist að töluverðum hluta á hækkun lægstu launa og félagslegum lausnum sem bæta stöðu almenns launafólks.

Ég vil aðeins að lokum vitna enn einu sinni í ræðu hv. 2. þm. Suðurl. sem hafði áhyggjur af vanda heimilanna fyrir nokkrum vikum, en virðist ekki jafnáhyggjufullur nú. Hann sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er auðvitað hrikalegt að menn skuli sitja aðgerðalausir þegar skuldir heimilanna hækka í hverjum einasta mánuði um 1 milljarð."

[11:45]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Ég fagna umræðu um húsnæðismál. Hún er alltaf nytsöm og sérstaklega þegar við blasir sá vandi sem við horfum á í dag. En hver er vandinn? Samkvæmt nýbirtri skýrslu Félagsvísindastofnunar frá því í apríl 1995 hafa 20–25% íbúðareigenda lent í vandræðum með skil á lánum. Þetta segir okkur líka að 75–80% hafa ekki lent í vandræðum með skil á lánum. Það segir mér að þessi vandi er ekki mjög almennur en engu að síður er hann nógu harður fyrir þá sem lenda í honum. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar kemur enn fremur fram að þessi vandi er nokkuð óháður launum. Það er sem sagt ekki endilega lægst launaða fólkið eins og maður kynni að halda sem hefur lent í þessum vanda heldur er það líka fólk með meðalháar og jafnvel mjög háar tekjur sem lendir í vandanum.

En hverjar eru skýringar á þessum vanda? Það er fyrst og fremst, eins og fleiri hv. þm. hafa nefnt á undan, atvinnuleysið. Atvinnuleysið er mikið böl og ég vil engan veginn líta þannig á að atvinnuleysi sé eitthvert náttúrulögmál. Það er það ekki. Atvinnuleysi er skipulagsvandamál. Og ég vil sjá atvinnuleysið hverfa eins hratt og mögulegt er. Til þess þarf að grípa til nokkurra ráðstafana.

Það er beint samhengi á milli nýrra atvinnutækifæra og fjárfestingar í atvinnulífinu. Þegar fyrirtæki eða einstaklingar fjárfesta, hvort sem þeir byggja hús, byggja vegi eða stunda rannsóknir eða eitthvað því um líkt, þá skapast störf og við þurfum að auka fjárfestingar. Fjárfestingar í íslensku atvinnulífi eru hættulega litlar, hafa sjaldan eða aldrei verið eins litlar og núna og ég treysti á það að hv. þm. muni vinna að því að finna leiðir til þess að auka fjárfestingu í atvinnulífinu. Og ég ætla mér það sérstaka verkefni að auka fjárfestingu í atvinnulífinu. Þá minnkar atvinnuleysið og hverfur vonandi.

Í tengslum við atvinnuleysið er annar vandi húseigenda sem er lág laun eða lækkun launa. Við sjáum núna á Íslandi jafnvel 50 þús. kr. laun sem eru skammarlega lág. Svona laun eigum við ekki að líða. En það er ekki við atvinnureksturinn að sakast að launin eru svona lág. Fyrirtækin mörg hver geta ekki borgað hærri laun. Við þurfum að kanna í sameiningu af hverju fyrirtækin geta ekki borgað hærri laun. Af hverju skila íslensk fyrirtæki svona lélegri afkomu eins og dæmin sýna? Við þurfum að finna út úr því hvaða viðjar hafa verið lagðar á íslenskt atvinnulíf sem gerir það að verkum að það getur ekki borgað hærri laun. Ég treysti hv. þm. til að vinna með mér að því að finna lausnir á þessu.

En það er fleira sem hefur valdið vanda húseigenda. Það eru jaðarskattarnir. Menn hafa farið þá leið til þess að bæta og jafna kjörin að vera sífellt að hækka skatta og skatttengdar bætur. Það er orðið ótrúlega mikið og nánast ekki nokkur leið að finna út úr því hvað jaðarskattarnir eru orðnir miklir. Þessu þarf að linna. Það þarf að gera fólki kleift að ráðstafa sínum eigin peningum sjálft, en vera ekki alltaf að taka af því með skattheimtu og jaðarsköttum úr öðrum vasanum til að setja í hinn. (**ÓRG:** Hver hefur hækkað skattana mest á síðustu árum?) Ég ætla ekki, hv. þm., að fara út í fortíðaruppgröft eins og menn tíðka hérna. Ég kem að því á eftir. (**ÓRG:** Þetta er bara skattastefna Sjálfstfl.)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti biður um hljóð.)

En það er fleira sem hefur valdið vanda húseigenda. Það er verðlækkun á húsnæði, sérstaklega stóru húsnæði sem hefur kippt því út af markaðnum, fólk losnar ekki við stóru húsin, getur þar af leiðandi ekki minnkað við sig og þar af leiðandi stoppar fasteignamarkaðurinn og þetta kemur ungu fólki í koll. Af hverju hefur fasteignaverð lækkað á stórum eignum? Það er vegna ofsköttunar. Það eru fasteignagjöldin, það er nýja skolpræsagjaldið í Reykjavík sem hefur kostað gífurlega mikið og lækkað verð á fasteignum því að menn geta ekki (**ÓRG:** Hvað með skolpræsagjald

Sjálfstfl. í Kópavogi og Hafnarfirði?) Og það eru eignarskattarnir. (**ÓRG:** Alls staðar þar sem Sjálfstfl ...)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti biður hv. þm. um að veita ræðumanni frið til að tala.)

Það eru eignarskattarnir sem einnig hafa lækkað verð á stórum fasteignum og þessu þarf að linna. Það þarf að minnka skattheimtu á húsnæði. Við það hækkar verð á húsnæði og þeir sem hafa lent í mesta vandanum sem er oft og tíðum út af lækkun fasteignaverðs og það er hátekjufólkið sem hefur lent í þeim vanda að íbúðirnar hafa lækkað í verði en lánin hafa haldið sér og þess vegna fer eigið fé undir núll.

En það er fleira sem hefur valdið lækkun á fasteignaverði og sérstaklega úti á landi. Það er nefnilega stefna Íslendinga í húsnæðismálum, verkamanna, í félagslega húsnæðiskerfinu. Félagslega íbúðarkerfið er búið að byggja fullt af verkamannabústöðum úti á landi í samkeppni við eigendur húsa á þeim stöðum. Fólkið losnar ekki lengur við íbúðirnar sínar því að allir sem búa þar geta flutt í félagslegar íbúðir sem eru miklu ódýrari, þ.e. greiðslubyrðin af þeim. Svo er auk þess skuldbinding á sveitarfélagið að kaupa félagslegu íbúðirnar til baka af fólkinu en ekki af þessum venjulega íbúðareiganda á þessum stöðum. Þessi stefna í verkamannabústaðakerfinu og húsnæðiskerfinu hefur valdið gífurlegu verðfalli úti á landi og nánast átthagafjötrum á því fólki sem þar býr.

En það er fleira sem hefur valdið vanda húseigenda. Það er verðtryggingin og háir vextir. Verðtryggingunni var skellt á á sínum tíma af mjög brýnni þörf. Innlendur sparnaður var hruninn 1980 og Íslendingar voru farnir að taka gífurleg lán erlendis sem gat ekki nema endað með ósköpum. Til þess að vinna bug á því var tekin upp verðtrygging. Ég átti minn þátt í því og skammast mín ekkert fyrir það því að lífeyrissjóðirnir væru hryllilega illa staddir í dag ef verðtryggingin hefði ekki verið tekin upp.

En þegar verðtryggingin var tekin upp þá þurfti um leið að fara í stórfellt átak í því að kynna fólki hver er munurinn á verðtryggðu og óverðtryggðu láni. Það var ekki gert. Ég lagði til við fjóra fjármálaráðherra, þar á meðal hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, sem þá var fjmrh., að fara út í átak til að kynna fólki muninn á óverðtryggðum og verðtryggðum lánum. Það var ekki gert.

Þegar Íslendingar skiptu úr vinstri umferð yfir í hægri umferð þá var það kynnt heilmikið til að varast slys. En þegar Íslendingar skiptu úr mínus vöxtum í plús vexti þá var ekkert gert til að varast slys og núna horfum við upp á slysin í stórum stíl og það eru þau slys sem við eigum við í dag, vandi húsbyggjenda sumra hverra.

Hærri vextir sem komu í kjölfar verðtryggingarinnar og reyndar fyrir svona 10–15 árum stöfuðu af eilífum halla ríkissjóðs og ég treysti því að þingheimur muni vinna að því að minnka halla ríkissjóðs, minnka útgjöldin og helst auka tekjurnar, sem er reyndar mjög erfitt því að það þýðir aftur skattlagning á þetta sama fólk sem er í vanda í dag. Það dugar ekki að auka skattana, við verðum að minnka útgjöldin. Það er ekki annað hægt. Halli ríkissjóðs hefur hækkað vextina vegna þess að ríkissjóður er í samkeppni á fjármálamarkaðnum við þetta aumingja fólk sem hefur lent í þessum vandræðum. Þess vegna treysti ég því að þingmenn muni stuðla að því að halli ríkissjóðs verði minnkaður.

En það er fleira sem hefur valdið vanda húsnæðiseigenda. Það kemur fram í þessari könnun Félagsvísindastofnunarinnar að skuldir Íslendinga í námslánakerfinu eru gífurlegar. 12% af öllum skuldum Íslendinga eru í námslánakerfinu. Ég hafði gert mér grein fyrir að þetta væri mikið en ekki svona mikið. Þetta eru 300 þús. kr. á hverja einustu fjölskyldu í landinu, kemur fram í þessari skýrslu. Þetta er mikill vandi og það er spurning hvort við þurfum ekki að huga að því að veita betri ráðgjöf til námsmanna að taka ekki svona há lán. Menn lifa nefnilega í 4 eða 5 ár á námslánum og svo á ævin að duga til að borga það seinna meir. Þarna þarf að veita miklu meiri ráðgjöf um hvað það þýðir að taka námslán og ég vissi að til skamms tíma var fólki ekki einu sinni heimilt að taka hálft lán eða minna lán. Það varð að taka fullt lán þó það vildi það ekki. Það var alveg ótrúlegt. Það var neytt út í neysluna, enda hafa margir sagt mér að þeir hafi sjaldan haft jafnmikil fjárráð og þegar þeir voru í námi. Þegar svo fólk kemur út í atvinnulífið og fær háu launin og fer að borga af því háu skattana þá er nefnilega ráðstöfunarféð minna en áður var.

En það er fleira sem hefur valdið þessum vanda húseigenda. Það er hreinlega vanþekking íslenskra ungmenna og ekki bara ungmenna, Íslendinga yfirleitt á því hvað það þýðir að taka lán. Menn vita ekki hvað það þýðir að taka lán. Þeir halda að lán sé sama og lán í meiningunni heppni. En það að taka lán er ekki það sama og heppni. Þegar maður tekur lán þá er maður að ráðstafa framtíðartekjum sínum og það þarf að upplýsa Íslendinga um að það geri þeir ekki oft. Þeir hafa nefnilega ekki nema ákveðið magn af framtíðartekjum og þeir geta ekki ráðstafað þeim tekjum aftur og aftur og þarna liggur vandinn. Það þarf að upplýsa menn um það að í hvert sinn sem tekið er lán þá ráðstafa þeir framtíðartekjum. Maður sem tekur milljón kr. hærra lán í húsbréfakerfinu er að ráðstafa 70 þús. kr. tekjum í næstu 25 ár eftir skatta. Það þarf að upplýsa lántakendur miklu meira um það hvernig maður rekur heimili o.s.frv. Það þarf hreinlega að upplýsa Íslendinga um fjármál hinnar hagsýnu húsmóður.

En það er fleira sem hefur valdið vandanum og þá er ég að tala um vanda þeirra sem ekki eiga húsnæði. Það hefur nefnilega verið tekið af kerfi sem var ekki slæmt sem er skyldusparnaður. Hann hefur verið tekinn af og sú hjálp sem ungt fólk átti í eina tíð að eiga eitthvað upp á að hlaupa þegar það fór út í fasteignakaup er horfið, skyldusparnaðurinn er horfinn. Ég held að menn ættu að hugleiða að taka það kerfi upp aftur.

En það er líka annar vandi í húsnæðiskerfinu sem menn hafa ekki talað mikið um og það er geigvænlegur vandi og þeir sem lenda í honum skammast sín fyrir hann. Það er vandi þeirra sem hafa lánað ættingjum, börnum sínum, vinum, jafnvel einhverum óskyldum, lán eða veð í húsinu sínu. Þarna hafa menn lent í

óskaplegum vanda. Í bæklingi sem Landssamband lífeyrissjóða gaf út fyrir um það bil 15 árum benti ég á þessa hættu, að menn ættu aldrei að lána veð í húsinu sínu nema vita nákvæmlega hver staða skuldarans væri og reikna ekki með því að hann borgi, reikna með því að þeir þurfi að borga sjálfir lánið. Þessar upplýsingar hafa ekki farið langt.

Ég var í Íslandsbanka og þar stóð ég fyrir því að þar var tekinn upp umboðsmaður skuldara fyrir eitthvað þremur mánuðum. Umboðsmaður skuldara, aðili sem upplýsir alla þá sem lenda í vanda í bankanum hver vandi þeirra er, tekur saman vandann og reynir að greiða úr honum. Það eru hagsmunir bankanna jafnt sem skuldaranna að skuldarinn geti staðið við sitt og jafnvel að minnka greiðslubyrðina á skuldarana og hjálpa þeim, jafnvel fella niður vexti eða dráttarvexti eða kostnað til þess að skuldarinn geti staðið við sitt. Fólk vill nefnilega yfirleitt standa í skilum. Það er nefnilega þannig.

Nú er spurt að sjálfsögðu: Hvar sjáum við lausnir á þessum vanda? Þá vildi ég flokka lausnirnar í tvennt, þ.e. skammtímalausnir og langtímalausnir. Í skammtímalausnum held ég að númer eitt, tvö og þrjú sé ráðgjöf. Að taka saman vanda skuldaranna og finna út hver greiðslubyrðin er, gefa skuldurunum yfirsýn. Ég hef veitt nokkrum óskyldum einstaklingum ráðgjöf, ráðgjöf í fjármálum. Fólkið kemur með hálft kg af óopnuðum umslögum sem eru öll græn og svo tekur maður þetta upp og þegar maður er búinn að leysa vandann þá kemur í ljós að hann er sáraeinfaldur. Þetta er yfirleitt ekki mikill vandi til að leysa. Þegar búið er að ráðstafa tekjunum niður á mánuði og menn eru búnir að sjá hvernig vandinn liggur er það yfirleitt þannig að menn ganga út léttir í spori þegar búið er að kortleggja vandann og þeir sjá að svona tekur maður á honum og menn ráðast á vandann þegar þeir vita hver hann er. En það að fólk sé að vasast með óopnuð umslög og kröfur frá lögfræðingum og vita ekki neitt er slæmt. En það þarf líka að grípa til annarra aðgerða eins og t.d. að fella niður greiðslur. Ég er í þeirri nefnd sem á að fjalla um þetta og mun reyna að koma því að að fella niður greiðslur í eitt eða tvö ár.

En það þarf líka að fara út í langtímalausnir og það er nýsköpun húsnæðiskerfisins sem ég vildi gjarnan að menn hjálpuðu mér við að finna lausnir á.

[12:00]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Ég held að það sé til of mikils ætlast hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, jafnvel þó að hæstv. félmrh. sé kraftaverkamaður, að á þeim sex vikum sem ríkisstjórnin hefur starfað sé búið að leysa þau hrikalegu vandamál sem hæstv. fyrrv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, skapaði í ráðherratíð sinni sem félmrh. Ástæður þessara erfiðleika sem húsbyggjendur og skuldarar heimilanna í landinu standa núna frammi fyrir hef ég margoft farið yfir í þessum ræðustól og þær eru óbreyttar í mínum huga. Vaxtahækkun í tíð fyrrv. félmrh. um 140%, stytting lánstíma í tíð fyrrv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, lækkun vaxtabóta, lækkun barnabóta og hækkun skatta sem allt gerðist í tíð fyrrv. félmrh., núv. formanns Þjóðvaka, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þessar ástæður eru allar klárar, þær þarf ekki að rannsaka, þær liggja fyrir og er viðurkennt af flestum hvernig til eru komnar. Vandamálin eru mikil sem þarf að takast á við og þau eru tvíþætt, þetta eru tveir hópar: Annars vegar sá hópur sem er í langvarandi og viðvarandi greiðsluerfiðleikum sem í raun hefur misst stjórn á fjármálum sínum. Gagnvart þessum hópi á að taka á með greiðsluaðlöguninni.

Hinn hópurinn er fólk sem leggur allan sinn metnað í að standa í skilum, leggur allt undir, er með sínar skuldir að mestu leyti í skilum en getur ekkert veitt sér. Gagnvart þessu fólki á að grípa til lánalenginga og það er það sem hæstv. félmrh. lýsti hér áðan að hann hefði sett af stað öflugt starf til þess að vinna að lausn þessara mála. (**JóhS:** Eftir hverju er hann að bíða?) Hæstv. félmrh. er ekki að bíða eftir neinu. Hann hefur sett af stað öflugt starf. Það er breytingin frá því sem áður var. Nú er tími aðgerðanna runninn upp því að hæstv. félmrh. hefur sett þetta starf í gang og það er breyting frá því sem áður var, þegar fyrrv. félmrh. Alþfl. sögðu: Nei, vandamálið er ekkert, við ætlum ekkert að gera. Þetta er breytingin, tími aðgerðanna, hæstv. fyrrv. félmrh., er runninn upp. (**ÓRG:** Eigum við þá ekki að samþykkja frv. sem þú lagðir fram á síðasta þingi? Það er sjálfsagt að gera það. Það er þingmeirihluti fyrir því.)

[12:02]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann gaf í upphafi. Einnig hafa komið fram ýmsar fróðlegar upplýsingar og hugmyndir í þeim umræðum sem hér hafa farið fram. Hv. þm. Pétur Blöndal vakti t.d. máls á því að það væri þörf á ítarlegri umræðu og ráðgjöf í þjóðfélaginu til að forða okkur frá slysum, forða okkur frá húsbrunanum. Ég vil líka forða okkur frá brennuvörgunum vegna þess að á undanförnum árum, mér liggur við að segja áratugum, hefur lítill hluti þjóðarinnar verið á samfelldu vaxtafylleríi. Það hafa verið stofnuð fyrirtæki sem hafa staðið fyrir einhverjum arðvænlegasta en skaðvænlegasta atvinnurekstri í landinu, en þar erum við kominn í heim sem hv. þm. Pétur Blöndal þekkir mjög vel til í og þar ættu menn líka að líta í eigin barm.

Það er gott ef hæstv. ráðherra Páll Pétursson les það út úr stjórnarsáttmálanum að þar sé fólk haft í fyrirrúmi. Reyndar efast ég ekkert um að hann er heill í þeim ásetningi. En því miður held ég að ráðherrar leggi mismunandi skilning í órætt orðalag sáttmálans og endanlega skiptir það eitt máli hvað ríkisstjórnin framkvæmir. Og nú þarf að framkvæma til að aflétta neyðarástandi í húsnæðismálum sem hæstv. ráðherra tekur undir að sé fyrir hendi.

Það þarf að framkvæma. Í fyrsta lagi þarf samræmdar skattkerfisbreytingar, lækkun jaðarskatta og þetta þarf að gera í haust.

Ég hef vitnað í ítarlega útreikninga frá hagdeild BSRB þar sem sýnt er fram á hvernig blanda kjara-

skerðingar, skattahækkana, lækkana barnabóta og vaxtabóta í tíð fyrrv. ríkisstjórnar skýrir hvers vegna stórir hópar í þjóðfélaginu eru nú í vanskilum í húsnæðiskerfinu. Og það þarf að taka á rótum þessa vanda. En því miður svaraði hæstv. félmrh. engu um þá fyrirspurn mína hvort það væri virkilega rétt að ríkisstjórnin ætlaði að láta þessar skattkerfisbreytingar bíða þar til í kjarasamningum undir áramótin 1997. E.t.v. getur hæstv. félmrh. séð það út úr stjórnarsáttmálanum að þar sé fólk í fyrirrúmi með góðum vilja, en kosningaloforðin eru þar því miður ekki í fyrirrúmi.

Ráðherra tók hins vegar undir það að koma þyrfti á bráðaþjónustu til aðstoðar fólki í bráðavanda. Þetta tek ég undir og fagna þessu. En spurningin er hvaða tæki ráðgjafarnir í bráðaþjónustunni hafa til að leysa úr vanda fólks. Ég tel að hér þurfi að koma til sérstakur björgunarsjóður. Ráðherra minntist ekki á slíkt í sínu svari og væri fróðlegt að fá hans hugmyndir um þetta. Hér þarf að koma til tafarlaus breyting á húsnæðisbótakerfinu sem yrði sveifujafnandi og tæki á vanda einstaklinganna og fjölskyldnanna. Þetta eru hvort tveggja ráðstafanir sem að mínu mati þarf að grípa til þegar í stað.

Þá þurfum við að hafa í huga það sem ég rakti einnig í mínu máli í upphafi að vandi stórs hluta einstaklinganna sem á í vandræðum mælist ekki í vanskilareikningum byggingarsjóðanna eða húsbréfakerfisins. Þetta er fólk sem ekki hefur haft efni á því að stofna til skulda. Þetta eru leigjendur eða fólk sem fellur á milli kerfanna, er utan garðs. Þetta eru hópar sem einnig þarf að huga að og reyndar er ég á þeirri skoðun að það þurfi tafarlaust að taka upp aðgerðir til aðstoðar leigjendum.

Þá er komið að fyrirbyggjandi aðgerðunum. Ég nefndi í því sambandi nauðsyn á því að lánshlutfall yrði þegar í stað hækkað upp í 75%. Hæstv. ráðherra mun hafa lýst því yfir að þetta yrði gert þegar í júní. Nú vil ég biðja hæstv. félmrh. að staðfesta við þingið að það verði gert. „Ef hann getur ekki staðfest það núna þá fæ ég ekki séð hvernig við getum lokið umræðu um húsnæðismál áður en þingi er slitið því það er útilokað að ljúka þingi nú öðruvísi en að ganga frá þessu máli með einhverjum viðunandi hætti.“ Þetta eru ekki mín orð. Þetta eru orð hæstv. félmrh., páv. þm. Framsfl., skömmu fyrir þinglok fyrr á þessu ári.

Þetta eru þær spurningar sem ég vildi fá nánari útlistun ráðherrans á og legg að lokum áherslu á það að ef við ekki fáum staðfestingu á því að þegar í júní verði lánshlutfall hækkað upp í 75%, eins og hæstv. ráðherra hefur lýst yfir í fjölmiðlum, þá fæ ég ekki séð að við getum lokið umræðu um húsnæðismál áður en þinghaldi lýkur.

[12:09]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Mér hafa fundist þetta vera fróðlegar umræður og margar góðar hugmyndir hafa komið fram og ég er þakklátur fyrir það. Það hefur verið misjafn sauður í mörgu fé að vísu.

Ég vil byrja á því að minnast á ræðu hv. 15. þm. Reykv., Össurar Skarphéðinssonar, en frásagnir hans af ferðalögum mínum erlendis eru stórlega ýktar. Ég hef verið fjóra daga erlendis síðan ég tók við starfi félmrh. Ég var við upphaf þings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf nú í vikunni og er kominn heim. Ég fer að vísu til Finnlands á morgun á stuttan fund og verð í tvo daga í burtu. Það er fundur félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra Norðurlanda. Frekari ferðir eru ekki á dagskrá á næstunni þannig að ég get verið til viðtals við hv. þm. Fráveita Alþfl., þ.e. Alþýðublaðið, lastaði mig ákaflega fyrir það að sækja ekki karlaráðstefnuna í Stokkhólmi daginn eftir að ég tók við embætti félmrh. svo að það er vandi að lifa.

Mér fannst undarlegt að hlusta á hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsa því hvað allt hefði gengið einstaklega vel í skuldamálum í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það var eins og þetta væri einhver framúrskarandi viðskilnaður. Það er eins og við værum að taka við einhverju sómabúi í félmrn. Ég get upplýst hv. þm. um það að það er vilji okkar framsóknarmanna að efna okkar kosningaloforð og stjórnarsáttmálinn er samkomulag stjórnarflokkanna og grundvöllur að efndum þessara loforða. Ég get líka upplýst hv. þm. um að það hefur engin rimma verið við Sjálfstfl. þannig að Framsfl. hefur ekkert getað látið undan Sjálfstfl. þó hann feginn hefði viljað vegna þess að við höfum ekki lent í neinni rimmu. Það hefur engin orrusta farið fram. (**ÓRG:** Þetta var merkileg yfirlýsing. Páll er svo mikið í útlöndum. Hann má greinilega ekkert vera að þessu).

Hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, býsnaðist yfir því í ræðustólnum að framsóknarmenn væru ekki viðstaddir þessar umræður. Ég held að hér hafi verið fleiri þingmenn Framsfl. hlutfallslega en þingmenn úr flokki hennar og jafnframt hærri prósenta framsóknarmanna viðstödd þessa umræðu en alþýðuflokksmanna. (**ÖS:** Ég var ekki að kvarta undan þessu.) Og ég vil taka það fram af því að hér hefur þráfaldlega verið nefndur hv. 2. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, að hann hefur fjarvistarleyfi í dag og það var ekki von á honum til þessa fundar. En hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skilur bókstaflega allt eftir sig í rúst og skuldir heimilanna eru geigvænlegar. Og húsbréfakerfið var ekki sú lausn sem hún vildi vera láta á sínum tíma.

Ég ætla að reyna að vanda mig í þessum málaflokki. Ég ætla að reyna að undirbúa sæmilega skynsamlega það sem gert verður, ekki þjösnast eins og hv. þm. gerði þegar hún var ráðherra. Ég nefni t.d. greiðsluerfiðleikalánin. 4 milljarðar fóru í greiðsluerfiðleikalán. 1 milljarður af því fór í afföll. Nú situr sama fólkið sem fékk greiðsluerfiðleikalánin fyrir tilstilli hv. þm. eftir í enn þá sárari neyð en það gerði með þennan extra milljarð sem fór í afföllin. Sannleikurinn er sá að húsbréfakerfið hefur reynst að vissu leyti svikamylla því að afföllin hafa farið upp úr öllu valdi stundum og þá hefur þetta orðið dýrasta lánsfé í heimi í mörgum tilfellum. Hæstv. ráðherra hefði betur hugsað sig um og reynt að ráðfæra sig við einhverja en ekki þjösnast áfram eins og hún gerði áður en hún

greip til aðgerða. Það hefði verið betra fyrir fólkið í landinu og það væri betur sett núna ef hún hefði vandað sig meira og ekki verið að flýta sér svona eins og hún gerði.

Ég hef í undirbúningi, vegna ítrekaðra fyrirspurna, að gefa út reglugerð nú í þessum mánuði um að hækka lánshlutfall upp í 70% til kaupa á fyrstu íbúð. Ég á von á því að geta undirritað reglugerð þar um á næstu dögum. Ég hef hins vegar ekki í undirbúningi að hækka lánshlutfall á stærri íbúðum. Ég vil að það komi skýrt fram.

Það er búið að segja hér margt rétt um vaxtastigið. Auðvitað er vaxtastigið og verðtryggingin verulegur þáttur í því hvernig komið er og það er okkur ákaflega brýnt að reyna að stjórna þjóðfélaginu þannig að vextir fari lækkandi. Vextir eru of háir í dag og þeir þurfa að lækka og þeir verða að lækka, annars fer illa fyrir okkur. Þetta gerist með samræmdum aðgerðum og reyndar hugarfarsbreytingu líka. Það þarf að skoða skattkerfisbreytingar. Ég tel að það hafi verið mikið slys þegar vaxtabæturnar voru lækkaðar á sínum tíma og ég tel að það hafi verið gengið allt of langt í því efni.

Herra forseti. Ég held að ég hafi svarað þeim beinu fyrirspurnum sem fram komu. Ég endurtek þakklæti mitt fyrir þessa umræðu. Það má segja að ég hefði getað haft frumkvæði að henni sjálfur, en ég átti ekki von á þinghaldi í mánuð. Þegar þing var kvatt saman voru menn að tala um örstutt þing og þar af leiðandi hafði ég ekki frumkvæði að þessu. En ég þakka fyrir þessa umræðu og ég treysti á góðan vilja þingmanna til þess að aðstoða mig og ríkisstjórnina við að kippa þessum málum í lag.

### *Um fundarstjórn.*

Framhald umræðu um húsnæðismál.

[12:18]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Herra forseti. Þessari umræðu um húsnæðismál er að mínu viti hvergi nærri lokið og þar nefni ég til ummæli hæstv. félmrh. og ummæli hæstv. viðskrh., sem ég óska eftir að fá að svara hér í sérstökum umræðutíma. Hæstv. ráðherra lætur þau orð falla að húsbréfakerfið sé hrein svikamylla og við þurfum að fá það upplýst hvort hann ætlar þá að beita sér fyrir því að afnema húsbréfakerfið. Það er alveg ljóst af upplýsingum sem hér hafa komið fram að ráðherrann er á flótta undan sínum eigin yfirlýsingum vegna þess að hann boðaði 75% hækkun á lánshlutfallinu en nú ræðir hann um 70%. Þetta þurfum við að ræða, virðulegi forseti, þetta þurfum við að ræða. Það eina sem hefur komið út úr þessari umræðu er um nefndaskipanir ráðherra, það er bráðamóttaka á vegum ráðuneytisins og síðan að ráðherrann sé á flótta þegar undan sínum eigin yfirlýsingum.

Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að því verði komið á framfæri við forseta þingsins að ég óska þegar á mánudaginn eftir áframhaldandi umræðum utan dagskrár um húsnæðismálin og ég óska eftir að viðstaddir þá umræðu verði hæstv. félmrh., hæstv. viðskrh. og hv. þm. Guðni Ágústsson. Og það eru fleiri þingmenn sem ég vil fá inn í þessa umræðu sem ég vil koma á framfæri við forseta og ég óska eftir því að það verði lengri umræða. Við höfum talað hér dag eftir dag um áfengismál og einkavæðingu Sjálfstfl. Hér er búið að eyða einum og hálfum til tveimur tímum í það mikla mál sem eru húsnæðismálin og skuldastaða heimilanna. Hér hefur margt komið fram sem er órætt og ég óska eindregið eftir því að þessi umræða haldi áfram þegar á mánudaginn og bið hér formlega um aðra umræðu utan dagskrár um húsnæðismál.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir og óskir hv. þm. og mun að sjálfsögðu taka þær til athugunar.

[12:19]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Það mál sem hér hefur verið rætt í morgun snýr að vanda þúsunda heimila í landinu, alvarlegasta fjárhagsvanda sem heimilin í landinu eiga við að glíma og hafa átt um langa hríð.

Nú hefur það komið fram í þessum umræðum að hæstv. viðskrh. lýsti því yfir að tími aðgerða væri hafinn og jafnframt lýsti hæstv. félmrh. því yfir fyrir örfáum mínútum síðan að hann óskaði eftir aðstoð þingheims við sig og þá væntanlega ríkisstjórnina til að bregðast við þessum vanda. Hann upplýsti jafnframt að það væri enginn ágreiningur kominn fram við Sjálfstfl. um þessi mál milli stjórnarflokkanna. Ég fagna þessum yfirlýsingum, að þessir tveir hæstv. ráðherrar sem hér hafa talað telja að tími aðgerðanna sé kominn, það strandi ekki á neinum ágreiningi við Sjálfstfl. og menn óski eftir aðstoð.

Nú vill svo til að flutt var á síðasta þingi ágætt frv. um þetta efni, frv. um greiðsluaðlögun. Finnur Ingólfsson, núv. hæstv. viðskrh., var 1. flm. og síðan var allur þingflokkur Framsfl. á þessu frv. Þetta frv. var mjög ítarlega unnið og mig minnir t.d. að það hafi verið sótt í smiðju víða til þess að undirbúa það. Það vill einnig svo til að samkvæmt 28. gr. þessa frv. áttu þessi lög að öðlast gildi 1. júlí 1995. Nú gefst sem sagt tími, hæstv. félmrh., til þess að lögtaka þetta frv. fyrir 1. júlí 1995 og ég vil lýsa því hér yfir og óska eftir aðstoð virðulegs forseta eftir helgi, að ég mun beita mér fyrir því að þetta frv. verði flutt hér strax eftir helgi svo að þingið hafi aðstöðu til þess að afgreiða það fyrir lok þingsins þannig að það megi taka gildi 1. júlí 1995 eins og Framsfl. ætlaði á sínum tíma. Þetta er fullbúið frv., það tekur á þessu vandamáli. Það hefði verið unnið rækilega í því af hálfu Framsfl. Það hefur verið óskað hér eftir aðstoð okkar í þinginu við ríkisstjórnina og það er sjálfsagt að láta hana í té og ég vænti þess að Framsfl. muni þá eftir þessar yfirlýsingar sem hafa verið gefnar í dag taka saman höndum með okkur um að afgreiða þetta frv. áður en þingið fer heim svo að gildistaka megi verða, eins og ætlast var í upphafi, fyrir 1. júlí 1995.

[12:22]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Bara svo að það þurfi ekki að bíða mánudags eða næstu viku, þá get ég upplýst að ég ætla ekki að beita mér fyrir því að afnema húsbréfakerfið, enda er það ekkert einfalt. Það er ekkert einfalt að snúa sig út úr því.

Það er rétt að húsbréfakerfið hefur ekki reynst eins og ætlast var til. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði okkur ekki grein fyrir því og gerði fólkinu í landinu ekki grein fyrir því að afföllin í húsbréfakerfinu yrðu 25%. Það var ekki minnst á það þegar verið var að afgreiða lög um húsbréfakerfið hér ...

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill áminna hv. þingmenn og hæstv. félmrh. um það að hefja ekki efnislega umræðu hér um stjórn fundarins.)

Herra forseti. Ég tek mark á þessum orðum og ég skal láta máli mínu lokið. Frv. framsóknarmannanna verður að sjálfsögðu til athugunar í greiðsluaðlögunarnefndinni.

[12:23]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram að loknum fyrri umræðum sýna að þetta mál er engin veginn útrætt og ég get tekið undir það að við þurfum að ræða þessi mál betur. En ég vil líka koma því á framfæri að ég þykist þess fullviss að þeir sem nú sitja í félmn. þingsins séu reiðubúnir til þess að fara í vinnu í kringum húsnæðismálin og við erum reiðubúin til þess að taka á þeim málum hvort sem þar verður um að ræða frv. framsóknarmannanna sem hér var lagt fram á síðasta ári og er hið besta mál eða hvort um verður að ræða nýjar tillögur. En það er augljóst að það er mjög brýnt að taka á þessum málum þó að menn verði að sjálfsögðu að fara varlega og megi ekki ana út í það að kollvarpa því kerfi sem fyrir er.

[12:24]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Því oftar sem hæstv. félmrh. kemur hér í ræðustól þeim mun brýnni verður þörfin fyrir áframhaldandi umræðu um þetta mál. Og ef hæstv. ráðherra telur að hann sleppi við umræðuna utan dagskrár á mánudaginn með því að lýsa því yfir að hann ætli ekki að afnema húsbréfakerfið, þá er það mesti misskilningur. Síðustu orð ráðherra kalla enn frekar á umræðu um þetta mál og ég mun gera kröfu til þess að hæstv. ráðherra geri þinginu nákvæmlega grein fyrir því hvernig eigi að fjármagna 70% lánshlutfall í húsbréfakerfinu og einnig hvernig hann ætlar að skilgreina þessi fyrstuíbúðarkaup. Það er því ýmsu ósvarað við þessa umræðu þannig að ég ítreka óskir mínar um áframhald á þessari umræðu nk. mánudag.

## *Atvinnuleysistryggingar, fyrri umr.*

Þáltill. JóhS o.fl., 10. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 10.

[12:25]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar og þætti vænt um ef hæstv. félmrh. sæi sér fært að vera við þessa umræðu um málið. Ég tel að hér sé um mjög brýnt mál að ræða sem ástæða er til að fá fram skoðanir ráðherrans á og ég skal ekki hafa langt mál í framsöguræðu minni um tillöguna.

Að efni til felur tillagan í sér að félmrh. skipi nefnd með aðild allra þingflokka sem hafi það verkefni að gera heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar. Við þá endurskoðun verði öryggiskerfi atvinnulausra skoðað frá grunni og lagt mat á mismunandi þarfir einstakra hópa með það að markmiði að leggja fram tillögur til úrbóta er tryggi betur réttindi og framfærslumöguleika atvinnulausra, einkum þeirra sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi. Þetta er meginefni tillögunnar. Síðan er lagt til að haft verði náið samráð við aðila vinnumarkaðarins, Samband ísl. sveitarfélaga og þá sem annast fræðslu fyrir atvinnulausa.

Ég held að það sé öllum ljóst að lögin um atvinnuleysistryggingar eru sett við allt aðrar aðstæður heldur en við búum nú við á vinnumarkaðnum og höfum búið við um langt skeið. Þó að gerðar hafi verið ýmsar lagfæringar á lögunum um atvinnuleysistryggingar þá er ljóst að eftir því sem tíminn líður þá sýnir það sig að það þarf að ráðast í heildarendurskoðun á þessum lögum. Kannski má segja að það vanti í lögin flest úrræði til þess að mæta langvarandi atvinnuleysi og ýmsir hópar standa raunverulega utan atvinnuleysistrygginga og atvinnuleysisbóta og má þar nefna t.d. námsmenn sem koma úr námi og standa uppi atvinnulausir og fá ekki atvinnuleysisbætur. Það má nefna heimavinnandi fólk sem fer út á vinnumarkaðinn aftur eftir að hafa annast uppeldi barna sinna. Það má nefna að það er ýmis brotalöm að því er varðar t.d. sjálfstætt starfandi, svo að dæmi sé nefnt. Og það þarf að skoða einstaka hópa betur. Það voru gerðar úrbætur fyrir nokkru síðan varðandi t.d. smábátaútgerðina, vörubílstjóra og bændur. Þær breytingar hafa að nokkru leyti skilað sér að því er varðar smábátana og bílstjórana en minna að því er varðar bændur. Þannig eru ýmis göt á þessari mikilvægu löggjöf okkar sem þarf að fara að ráðast í að lagfæra. Það er eilífur þrýstingur á það að bæta hér og bæta þar í þessari löggjöf, sem oft hefur verið orðið við, en það vantar alla heildaryfirsýn yfir þessi mál og ráðast í aðgerðir sem taka á því máli að mæta vanda þeirra sem búa við langvarandi atvinnuleysi. Því er alveg ljóst að það er ekki einungis verið að fjalla um það að þeir sem búa við langvarandi atvinnuleysi missi sína framfærslumöguleika heldur erum við einnig að tala um að það brýtur niður viðkomandi einstakling. Þó að atvinna sé ekki fyrir hendi til skemmri tíma á er hægt að byggja upp viðkomandi einstakling með ýmsum menntunarmögu-

leikum sem ættu að vera í boði fyrir atvinnulausa og vera í meira mæli heldur en nú er.

Það er ljóst að það er margt sem bendir til þess að atvinnuleysi verði hér viðvarandi þrátt fyrir ýmsar aðgerðir sem hefur verið ráðist í til þess að draga úr því og ASÍ hefur gert spár til aldamóta um að það þurfi að skapa hér 18–19 þúsund ný störf til þess að takast á við atvinnuleysið og væntanlega fjölgun landsmanna.

Það var skipaður vinnuhópur til þess að fara ofan í þetta mál. Í byrjun árs 1994 skipaði ég, sem gegndi þá starfi félmrh., vinnuhóp til þess að fara ofan í þetta mál í heild sinni. Skoða alla þætti þess vegna þess að þetta snýr ekki bara að Atvinnuleysistryggingasjóði sem slíkum, heldur samspilinu á milli þess sem er í tryggingakerfinu sem slíku, hvaða framfærslumöguleikar atvinnulausir hafa í gegnum tryggingakerfið og í gegnum fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Þessi nefnd skilaði mjög ítarlegri skýrslu. Mig minnir að það hafi verið í maímánuði 1994, ef ég man það rétt, þar sem komu fram ýmsar tillögur til úrbóta í þessu máli. Ég hygg að þetta sé í fyrsta sinn sem reynt hefur verið að fá fram heildarsýn í þessum málaflokki og hvað væri til ráða.

Ég hygg að hv. alþingismenn hafi fengið þessa skýrslu, en hún fylgir sem fskj. með þessari tillögu, en eitt síðasta verk mitt sem ráðherra í ríkisstjórn í júnímánuði 1994 var að leggja fram tillögur fyrir ríkisstjórnina um hvernig taka ætti á þessu máli. Það voru ýmsar tillögur sem fram komu hjá þessum starfshópi sem hægt var að ráðast í strax án lagabreytinga, án reglugerðarbreytinga. Þar voru saman dregin fyrir ríkisstjórnina mál sem tengjast endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar, menntunarmál atvinnulausra og mál sem kalla á endurskoðun annarra laga. Þar erum við að tala um að nefndin skoðaði einmitt stöðu atvinnulausra með tilliti til ýmissa bóta sem koma frá hinu opinbera eins og persónuafsláttar, barnabóta og barnabótaauka, sem nefndin hafði ýmsar tillögur um hvernig mætti breyta fyrirkomulagi til þess að auðvelda atvinnulausum framfærsluna. Síðan var það mál sem sérstaklega þurfti að taka upp við bæði Samband sveitarfélaga og ræða við VSÍ og ASÍ. Þessar tillögur, sem formaður nefndarinnar tók saman fylgja með sem fskj. II, sýna að þetta er stórt og viðamikið mál sem þarf að ráðast í. En meginniðurstaða starfshópsins er þó sú sem efni þessarar tillögu fjallar, þ.e. að það fari fram heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Ég hygg að það taki nokkurn tíma. Það sé kannski ekkert sem við hristum fram úr erminni á þeim dögum sem eftir lifa af þessu þingi. En ég teldi mjög mikilvægt að það væri hægt að nýta sumarið og fram á haustið til að skoða sérstaklega þessi mál og hefði viljað fá fram í umræðunni hvaða hugmyndir félmrh. hafi í þessu máli. Er hann með á döfinni að ráðast í heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar eins og þessi tillaga fjallar um? Það liggja fyrir ýmis gögn í þessu máli, ekki síst sú skýrsla sem ég nefndi frá starfshópi sem skilaði af sér fyrir einu og hálfu ári síðan og lítið hefur verið gert með eftir því sem mér skilst á þeim ráðherrum sem við tóku eftir júní 1994. En þá voru það fulltrúar stjórnarflokkanna og embættismenn ráðuneyta sem komu að þessu máli ásamt Sambandi sveitarfélaga.

Ég hygg að þegar verið er að ráðast í svona mikilvæga löggjöf, sem er heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar, þá sé það mjög nauðsynlegt upp á samstöðu í þessu máli og til að greiða fyrir því hér í þinginu að ráðherrann hafi það í huga hvort ekki sé rétt að skipa nefnd með aðild allra þingflokka til þess að gera tillögur í þessu máli. Þess vegna er það mín spurning nú við 1. umr. um þetta mál hverjar séu hugmyndir ráðherrans í þessu máli.

Það mætti vissulega hafa mjög mörg orð um það sem gera þarf til þess að bæta stöðu atvinnulausra í þjóðfélaginu. Auðvitað hljótum við að leggja meginálhersluna á það að hefja hér öfluga sókn í atvinnumálum til þess að tryggja öllum atvinnu. En meðan þetta ástand varir og við sjáum fram á það að á næstu árum munum við búa við kannski atvinnuleysi upp á 4 eða 5% þá er það það mikið að við þurfum að fara út í önnur úrræði heldur en við höfum boðið atvinnulausu fólki upp á. Og við gætum leitað til annarra þjóða í þessu efni sem hafa búið lengi við viðvarandi atvinnuleysi eins og hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. Ég held að við eigum að ráðast meira í aðgerðir sem mundu skila okkur því að atvinnuleysisbæturnar væru virkar fremur heldur en óvirkar atvinnuleysisbætur. Þá er ég að tala um það sem nokkuð hefur verið skoðað og að einhverju leyti ráðist í, þ.e. frumkvöðlastyrki. Það er að þeir sem hafa hugmyndir fram að færa í atvinnulífinu og vilja láta á það reyna og eru atvinnulausir geti haldið sínum atvinnuleysisbótum í tiltekinn tíma meðan verið er að skoða hvort þær hugmyndir sem viðkomandi hefur um nýja atvinnusköpun eigi einhverja framtíð fyrir sér, það er dæmi um virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Það hefur að nokkru leyti verið farið í þetta í samráði við sveitarfélögin, í átaksverkefni ríkis og sveitarfélaga, og hefur orðið til þess að margir sem ella voru atvinnulausir hafa fengið atvinnu þó tímabundið sé. Ég vil undirstrika að þetta er engin lausn í mínum huga, þessi átaksverkefni ríkis og sveitarfélaga, þó þau vissulega hafi gert sitt gagn. Það væri kannski ástæða til þess að spyrja ráðherrann um það hvernig til hefur tekist nú þegar sveitarfélögin koma ekki inn í fjármögnun á átaksverkefnunum, sem hefur ekki verið á þessu ári, og hvort einhver breyting hafi orðið við þá skipan mála að minna hafi orðið úr þessum átaksverkefnum.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, þó að ég gæti haft langt mál um þetta, að fara mikið lengra út í þetta. Það væri mjög freistandi að ræða um menntun atvinnulausra, starfsmenntun og ýmsa menntun sem nauðsynlegt er að standi atvinnulausum til boða og ekki síst hvaða úrræði hægt er að grípa til varðandi langtímaatvinnuleysi.

Ég vil nefna hér að á 117. þingi var lagt fram frv. til laga um vinnumiðlun sem að hluta til tók á þessu máli. Ég held að það sé ljóst, og allir sammála um það, að við þurfum að fara í aðgerðir sem efla þjónustu við

atvinnulausa gegnum vinnumiðlunina. Í því frv. var tekið á því máli. Þar var heimilt að grípa til ákveðinna ráðstafana sem áttu þá að skylda vinnumiðlanir eða sveitarfélögin til að sinna sérstökum tímabundnum verkefnum vegna atvinnulausra, t.d. var ákveðið að veita ráðgjafarþjónustu fyrir atvinnulausa þar sem mál einstaklinga væru skoðuð í víðara samhengi, sérstaklega með tilliti til atvinnuúrræða, félagslegra úrræða, starfsmenntunar og fleira. Skylda var lögð á vinnumiðlanir og sveitarfélögin að standa fyrir almennum fræðslunámskeiðum um atvinnuskapandi verkefni og atvinnuleysisvandamálið og starfsþjálfun o.fl. Þannig var tekið á virkum vinnumarkaðsaðgerðum sem eru nauðsynlegar gagnvart atvinnulausum. Þetta hefur því miður verið með þeim hætti að vinnumiðlanirnar eru bara stimpilstofnanir þar sem atvinnulausir koma og skrá sig án þess að þeir fái þar nokkra aðra þjónustu, þó vissulega hafi þar nokkuð verið úr bætt, ekki síst í Reykjavík.

Ég vil í lokin nefna það, virðulegi forseti, að ég tel mjög brýnt að ráðast í þessa heildarendurskoðun og við höfum fyrir okkur dæmi um það, svo við tökum bara Reykjavík sem dæmi, að staða atvinnulausra er mjög slæm. Og reyndar ekki bara atvinnulausra vegna þess að það hefur komið fram í nýlegri úttekt sem Félagsmálastofnun hefur gert að meira að segja þeir sem eru í launaðri vinnu, hafa tekjur af atvinnu, þurfa að sækja til Félagsmálastofnunar. Samkvæmt úttekt sem hefur verið gerð á vegum Félagsmálastofnunar þá eru um 22% af þeim sem leita aðstoðar til Félagsmálastofnunar í launaðri vinnu og tæp 11% í stopulli atvinnu. Þannig erum við að tala um að það sé stór hluti af fólki sem þarf á framfærsluaðstoð Félagsmálastofnunar að halda sem er í vinnu. Þetta er náttúrlega mikill áfellisdómur fyrir þjóðfélag okkar þegar málin eru með þeim hætti að jafnvel þó að fólk vinni hér fullan vinnudag þá þarf það til þess að eiga fyrir brýnustu framfærslu að leita til Félagsmálastofnunar. Og það er aldrei nægjanlega undirstrikað hve alvarleg staðan er þegar atvinnuleysisbæturnar samsvara hér eða eru nálægt því að samsvara hér lægstu launum.

En við þurfum, virðulegi forseti, að taka á þessu máli. Ég hygg að það væri út af fyrir sig tiltölulega einfalt að samþykkja þessa tillögu sem felur það í sér að félmrh. skipi þessa nefnd með aðild allra þingflokka sem eiga að gera heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar og hafa þá til hliðsjónar þær tillögur sem nefnd lagði fram sem var að endurskoða öryggis- og þjónustukerfi atvinnulausra. Þær liggja fyrir þannig að það hefur ítarleg vinna farið fram í ráðuneytinu um þetta mál þannig að allar meginlínur í þessu máli ættu að vera ljósar.

En ég teldi feng í því að fá fram skoðun ráðherrans í þessu máli. Það er í fyrsta lagi hvað hann ætlar að gerða varðandi heldarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar. Hvort vinna sé í gangi í því efni, hvort hann gæti fallist á að ef í slíka endurskoðun yrði ráðist, sem ég teldi mjög brýnt að færi í gang strax, að hún yrði með aðild allra þingflokka sem ynnu þá úr þeim tillögum sem liggja fyrir í þessu máli. Ég spyr ráðherrann einnig um það hvort til standi af hans hálfu að leggja fram frv. til laga um vinnumiðlun, sem lagt var fram á Alþingi fyrir, að mig minnir, einu og hálfu til tveimur árum síðan og hefur ekki verið lagt fram eftir það. Það er mikilvægur hlekkur í því að taka á því sem er mjög brýnt, sem er að bæta allt þjónustu- og öryggiskerfi atvinnulausra.

En ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[12:44]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram við þessa umræðu að ég tel að það þurfi að skoða allt atvinnuleysistryggingakerfið upp á nýtt, hugsa málið upp á nýtt og ég hef í undirbúningi vinnu í því efni. Ég verð að játa það að hún hefur tafist vegna þess að ég hef verið að bíða eftir því að Alþingi kysi sína fulltrúa í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég vildi gjarnan vita hvernig stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs yrði skipuð þannig að ég gæti leitað til hennar líka í því efni.

Ég lít svo á að markmiðið sem við eigum að stefna að sé það að þeir fái bætur sem vilja vinna, sem eru að leita sér að vinnu en fá ekki. Það eigi að vera markmiðið án tillits til fortíðarinnar, þ.e. félagsaðildar og aðildar að stéttarfélögum. Ég tel að fólk sem kemur úr námi t.d. eigi að geta haft rétt og einnig tel ég varðandi bændur og aðra einyrkja að það þurfi að sjá fyrir þeirra hlut.

Ég tel líka að það þurfi að líta á það, nú er ég ekki að segja að um misnotkun sé að ræða í íslensku atvinnuleysisbótakerfi, en ég tel að það þurfi alltaf að vera vel á verði og koma í veg fyrir það að kerfið sé misnotað. Ég tel líka mikilvægt að eiga samstarf við Samband ísl. sveitarfélaga. Ég hafði þá ánægju að flytja þar ræðustúf núna í morgun á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem ég einmitt kom inn á þetta efni. Ég tel að það sé mikilvægt að þar sé samstarf á milli því að það þarf að skilgreina mörkin hverjir eiga að fá atvinnuleysisbætur og hverjir eiga að fá félagslega aðstoð. Það er sveitarfélaganna að veita þessa félagslegu aðstoð og það á ekki að vera að halda fólki á atvinnuleysisbótum sem raunverulega er í þeirri stöðu að það þurfi félagslega aðstoð.

Ég tel líka að það verði að leggja sérstaka áherslu á starfsmenntun og endurmenntun. Það sé mjög mikilvægur þáttur. Á ferð minni til Genfar í þessari viku átti ég fund með félagsmálaráðherra Ísraels, að hennar frumkvæði, og mér fannst það mjög fróðlegt að kynnast viðhorfum félagsmálaráðherra Ísraels og þeirri reynslu sem Ísraelsmenn hafa haft af baráttunni við atvinnuleysið. Þeim hefur tekist að slá töluvert mikið á atvinnuleysi og hún þakkaði það fyrst og fremst öflugri starfsmenntun og endurmenntun sem þar var í gangi. Það er reyndar hægt að afla sér fróðleiks víðar. Danir hafa sýslað við þetta vandamál í mörg ár og ýmislegt hefur þeim dottið í hug, eins Norðmenn, Svíar og fleiri. Ég tel að það þurfi að skoða vandlega átaksverkefnin og líka það að reyna að láta vinna gagn-

lega hluti, ef svo mætti segja, í átaksverkefnunum. Ég er að sýsla með hugmynd um breytingar á að opna nýjan lánaflokk til endurbóta á eldra húsnæði, endurbóta sem væru innan við 1 millj. og 80 þús. eins og eru neðri mörk á lánshæfum endurbótum núna. Þetta gæti verið hugsanlega 15 ára lán eða styttri bréf sem látin yrðu út á svona endurbætur. En ég tel að það væri mjög mikilvægt að koma því í gang og koma því í gang sem fyrst til þess að skapa vinnu. Það er mjög atvinnuskapandi starfsemi að gera við húsnæði.

Ég fagna áhuga hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á málinu og ég tel einboðið að skoða þá vinnu sem lögð hefur verið í þessar athuganir í þeirri nefnd sem ég hyggst skipa. Varðandi vinnumiðlunarfrv., hvort það verði endurflutt. Ég hef ég ekki tekið endanlega ákvörðun um það, en það er til skoðunar hvort það verður flutt óbreytt eða ekki, en mér fyndist eðlilegt að vinnumiðlunarþátturinn yrði athugaður sérstaklega.

Að endingu þetta. Ég held að við eigum ekki að ganga að þessari endurskoðun með því hugarfari að við séum að búa okkur undir langtímaatvinnuleysi. Ég held að við megum ekki sætta okkur við það að búa við atvinnuleysi á Ísland. Ég held að við verðum að leita allra leiða til að skapa störf og að fólk hafi atvinnu, að vinnufúsar hendur geti haft verk að vinna og ég tel að við megum aldrei sætta okkur við atvinnuleysisástand.

[12:50]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég segja að á síðasta kjörtímabili var flutt frv. til laga um rétt þeirra sem hafa ekki atvinnu. Þetta var frv. sem var flutt af öllum þingmönnum Alþb. Mjög mikil vinna var lögð í frv. og m.a. voru kallaðir til forustumenn í verkalýðshreyfingunni, fólk úr stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og fleiri. Þarna voru gerðar breytingartillögur við þrenn lög:

1. Lög um Atvinnuleysistryggingasjóð.
2. Lög um vinnumiðlun.
3. Lagaákvæði um vinnumálaskrifstofu félmrn.

Grundvallarhugsun þessa frv. var sú að rétturinn til atvinnuleysisbóta væri almennur réttur og að hann kæmi til viðbótar við þann rétt sem lögin um atvinnuleysistryggingar kveða á um. Mér fannst það koma aðeins fram í máli hv. frsm. og hæstv. félmrh. að það væri nauðsynlegt að umsteypa lögunum eins og þau eru núna. Ég skil þá hugsun í sjálfu sér vel vegna þess að það væri til einföldunar en ég vara við því að menn reyni að umsteypa lögunum vegna þess að þá rekast menn á viðhorf í þessu máli sem er mjög erfitt að eiga við, þ.e. þeirra sem stóðu að stofnun Atvinnuleysistryggingasjóðs eftir verkfallið 1955, sex vikna verkfall, þar sem menn höfðu það eitt upp úr krafsinu að það var stofnaður Atvinnuleysistryggingasjóður. Og þar af leiðandi er það svo, svo undarlegt sem það kann að hljóma, að aðildarfélög Alþýðusambandsins hafi talið sig, mér liggur við að segja, eiga Atvinnuleysistryggingasjóð.

Ég held að menn þurfi sem sagt bæði að gera sér grein fyrir þessu viðhorfi, en um leið að slá því alveg föstu að réttur til atvinnuleysisbóta á að vera almennur réttur til handa öllum þeim sem eru að leita að vinnu hvar svo sem þeir hafa verið í félagi eða ekki í félagi. Þá er ég t.d. að tala um námsmennina, fólkið sem er að útskrifast úr háskólum og gengur atvinnulaust og fær engar bætur af því að það hefur aldrei verið í neinu félagi. Og það er náttúrlega alveg svakalegt að það skuli vera þannig á Íslandi árið 1995 að fjöldinn allur af fólki engar atvinnuleysisbætur. Það er fjöldinn allur af fólki sem fær engar atvinnuleysisbætur. Það er fólk sem er vísað út úr þjóðfélaginu af því að það á hvergi höfði sínu að halla af því að þetta fólk á margt mjög erfitt með að fara til félagsmálastofnananna og biðja þar um stuðning.

Ég held að það væri fróðlegt að fara aðeins yfir þetta mál, m.a. samspil atvinnuleysistrygginga og félagsmálastofnananna og ég get sagt það í tilefni af þessari tillögu að mér finnst sjálfsagt að taka málið upp í heillegu samhengi, en ég verð að segja alveg eins og er að þó að ég sé ekki langrækinn gagnvart afstöðu manna til þingmála þá var ótrúlegt skilningsleysi síðustu ríkisstjórnar á þessum málum. Hrokinn og yfirgangurinn sem kom fram þá hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. varðandi t.d. þetta frv. um atvinnuleysistryggingar sem við futtum var engu líkt. Ég hvet þess vegna til þess að menn reyni að taka á vandanum eins og hann á skilið að við nálgumst hann, þ.e. út frá því að atvinnuleysisvandinn hittir lifandi fólk og atvinnuleysisvandinn verður til vegna ákvarðana sem við höfum tekið, af því að við höfum ákveðið að búa við þjóðfélag þar sem getur orðið atvinnueysi. Þess vegna berum við á þessu ábyrgðina en ekki sá einstaklingur einn sem í því lendir. Og það er grundvallaratriði að menn horfi þannig á þessa hluti.

Að síðustu varðandi þetta mál, án þess að orðlengja það frekar, ég gæti farið mjög ítarlega yfir það en ætla ekki að gera það, en ég vil segja út af orðum hæstv. félmrh. Það sem ég vildi aðeins nefna varðandi endurskoðun laganna, án þess að ég vilji trufla hæstv. ráðherra, eru aðeins nokkur orð sem ég vil koma þar að og það er: Ég fagna því að hann ætlar að hafa samráð við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það þýðir að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar koma þar að, en ég bendi á að eins og stjórnskipan sjóðsins er þá verður í henni aðeins einn fulltrúi frá stjórnarandstöðuflokkunum á Alþingi eins og þeir eru núna skipaðir. Og ég vil bara halda því til haga að það er um að ræða það mikilvægt mannréttinda- og grundvallarmál að ég held að það væri skynsamlegt að kalla þarna fleiri en færri til að þessu verki, bæði faglega og pólitískt, og skora á hæstv. ráðherra, þó að hann hafi komið með óþýtt frv. frá krötunum úr síðustu ríkisstjórn, að temja sér ekki þau vinnubrögð alltaf við skipun allra nefnda að það séu bara menn úr stjórnarflokkunum sem koma að þeim verkum sem á að vinna.

[12:56]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég vil í örfáum orðum lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu sem hér liggur fyrir og hvetja til þess að hún komist til nefndar þannig

að hægt verði að senda hana út til umsagnar þannig að við höfum þá í haust gögn í höndum til þess að vinna út frá þegar hæstv. félmrh., sem vonandi ætlar að taka á þessum málum, kemur með sínar tillögur.

Það er að mínum dómi afar brýnt að fara í gegnum lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð og jafnframt að gera úttekt á orsökum þess atvinnuleysis sem því miður virðist vera orðið viðvarandi hér á landi. Það er því miður ekkert sem bendir til þess að draga muni verulega úr atvinnuleysinu. Það hefur verið nokkuð stöðugt undanfarna mánuði og þó að eflaust minnki það eitthvað í sumar, þá er ég sannfærð um að sá vandi sem við erum að glíma við hér er af öðrum toga en eingöngu þeim efnahagslega samdrætti sem hér hefur átt sér stað á undanförnum 7–8 árum. Það hafa orðið miklar tæknibreytingar í sjávarútvegi, í landbúnaði, í bankakerfinu og víðar og víðar og þetta er einfaldlega að leiða til þess sama og hefur gerst í öðrum löndum að það þarf færri hendur til að vinna verkin og það hafa ekki orðið til ný störf að sama skapi. Þó að á það hafi verið bent að hér hafi vissulega orðið til ný störf á undanförnum árum, hæstv. ráðherrar núv. og fyrrv. ríkisstjórnar hafa nefnt allt að 2.000 störf á undanförnum árum eða jafnvel á ári, þá dugar það ekkert á móti því fólki sem er að missa vinnuna og á móti þeim fyrirtækjum sem hafa farið á hausinn, á móti þeirri fjölgun sem hefur orðið á vinnumarkaði og verður á næstu árum. Við vitum að það verður að skapa hér þúsundir starfa á næstu árum.

Mín spurning til hæstv. félmrh., sem hér er staddur, er sú: Hvernig ætlar hann að beita sér fyrir atvinnusköpun, því að atvinnumálin heyra að vissu leyti undir hann, og fyrir hvaða aðgerðum hann ætlar að beita sér til þess að draga úr atvinnuleysi. Ég vil ekki vera ósanngjörn í garð hæstv. félmrh. en mér finnst að þegar fyrrv. ríkisstjórn fór að prédika um yfirvofandi efnahagsbata þá þýddi það um leið að þar með mætti fara að slaka á aðgerðum til sérstakrar atvinnusköpunar fyrir atvinnulaust fólk. Og mér hefur fundist afar lítil áhersla í umræðunni undanfarna mánuði á það að halda áfram ýmiss konar átaksverkefnum og annarri vinnu varðandi atvinnusköpun. Það hefur verið vísað til þess að það eigi að fara að byrja á Hvalfjarðargöngunum, hugsanlega verði álverið stækkað o.s.frv., en þetta eru mjög takmörkuð verkefni og eins og alltaf er þegar menn eru að horfa á aðgerðir gegn atvinnuleysi þá sjá þeir ekkert annað en vegalagnir og húsbyggingar, en það vill nú svo til, svo ég haldi því enn einu sinni til haga, að atvinnuleysi á landinu öllu er meira meðal kvenna en karla. Og það þarf sérstakar aðgerðir til þess að draga úr atvinnuleysi kvenna.

Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu. Ég minnist þess ekki að í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar sé yfirleitt minnst á slíkar aðgerðir og því vil ég spyrja um þær.

Jafnframt vil ég minna á að það atvinnuleysisbótakerfi sem við búum við er því miður miðað við það að þeir sem eru atvinnulausir séu eiginlega fólk sem nennir ekki að vinna eða fólk sem af einhverjum ástæðum skráir sig atvinnulaust. Bæturnar eru mjög lágar og það eru miklar gloppur í kerfinu þannig að bæði falla ákveðnir hópar fyrir utan og fólk missir bæturnar í ákveðinn tíma nema það eigi kost á námskeiðum. Ég held að við þurfum einfaldlega að hugsa þetta kerfi upp á nýtt, en ég vil líka í því samhengi hvetja hæstv. félmrh. til þess að kynna sér umræðuna sem nú á sér stað á Norðurlöndum um svokallaðar meðborgaratekjur sem fela í sér mjög byltingarkenndar hugmyndir um allt tryggingakerfið og tengist því í hversu miklar ógöngur við erum komin með allt okkar trygginga- og bótakerfi. Ég veit að vísu að krötum í ýmsum flokkum er þetta bótakerfi afar heilagt en það er hins vegar staðreynd að tryggingakerfið er orðinn frumskógur, það er afar flókið kerfi sem erfitt er að rata um og þannig eiga kerfi ríkisins ekki að vera. Að dómi okkar kvennalistakvenna þarf að stokka þetta kerfi algerlega upp, einfalda það og einmitt að kanna hvort ekki séu til betri leiðir til jöfnunar lífskjara og til þess að tryggja fólki framfærslu en það kerfi sem hér hefur verið við lýði rétt eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar og byggðist á hugmyndum Beveridge lávarðar. Sífellt er verið að bæta við og reyna að endurbæta, taka upp nýjar bætur og þær síðan skertar o.s.frv. Þetta er kerfi sem komið er í miklar ógöngur og atvinnuleysistryggingarnar eru hluti af því.

Ég hvet því hæstv. félmrh. til að skoða þetta mál í stóru samhengi og kalla þar til liðs alla stjórnmálaflokka og aðra þá sem eiga hagsmuna að gæta vegna þess að bæði um atvinnuleysistryggingar og tryggingakerfið í heild þarf að ríkja ákveðin sátt. Við þurfum að vera nokkuð sammála um það hverjir eiga að njóta félagslegrar aðstoðar og hvernig.

*Hæstv. forseti. Ég ítreka stuðning minn við þáltill.* sem hér er til umræðu og ítreka það að hér er um mjög brýnt mál að ræða.

[13:03]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):**

Virðulegi forseti. Ég stend upp til þess að þakka fyrir þá umræðu sem hefur orðið um þetta mál. Það er skilningur á því að það þurfi að taka á þessu máli og skoða það í heild sinni og ég vil sérstaklega þakka hæstv. félmrh. sem kom í ræðustólinn og lýsti því yfir að hann tæki undir að það þyrfti að fara fram heildarendurskoðun á lögunum um atvinnuleysistryggingar. Ef ég skildi orð ráðherrans rétt þá hefur hann fullan hug á því að taka á málum þeirra sem standa utan við Atvinnuleysistryggingasjóð og hafa ekki bætur eins og námsmenn og fleiri sem ég held að sé mjög mikilvægt. Auðvitað tek ég undir það með ráðherranum að við megum aldrei setja okkur í þær stellingar að vera að undirbúa okkur undir mjög langvarandi atvinnuleysi. Ég get vissulega tekið undir það. Engu að síður kallar það 4–5% atvinnuleysi sem við búum við í dag og höfum búið við á umliðnum árum á það að við förum í heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar og skoðum málin í heild sinni eins og síðasti hv. ræðumaður sagði og á það bæði við um tryggingakerfið og um framfærsluaðstoðina gegnum sveitarfélögin sem ég held að sé mjög mismunandi eftir sveitarfélögum. Ég hygg að það séu mörg sveitarfélög

sem hafa ekki sett sér reglur um framfærsluaðstoð við sína íbúa. Það séu einungis stærstu sveitarfélögin og sé mikil brotalöm á því að smærri sveitarfélög hafi gert það. Það þarf vissulega að fara ofan í það að skilgreina hverjir eiga að teljast atvinnulausir og á atvinnuleysisbótum. Og hvort við þurfum þá ekki að skoða líka tryggingakerfið í ljósi atvinnuleysis vegna þess að ég hygg að það séu margir sem raunverulega eru óvinnufærir, eru á atvinnuleysisbótum en ættu kannski frekar að vera í tryggingakerfinu.

Þannig þarf að fara í heild yfir þetta mál. En ég skil það svo að ráðherrann ætli nú að skipa nefnd til þess að fara ofan í heildarendurskoðun á lögunum um atvinnuleysistryggingar og þá stendur einungis það eftir sem bæði ég, síðasti ræðumaður og hv. 8. þm. Reykv. vorum nokkuð að kalla eftir, þ.e. spurningin um að hafa samráð um þetta mál við stjórnarandstöðu þannig að hún fái aðild að þessu starfi. Hér er um svo viðamikið starf að ræða og vandmeðfarið að ég held að það sé mjög mikilvægt að breið sátt náist um þetta mál milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það er mín spurning hvort ráðherrann muni sjá til þess að stjórnarandstaðan komi á einhvern hátt að þessu máli.

[13:06]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég tek undir þau orð sem hér var verið að enda við að segja. Ég tel mjög mikilvægt að góð sátt sé um þetta mál. Og ég get fullvissað hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar um það að auðvitað koma stjórnarandstæðingar að þessu máli. Ég hef hins vegar ekki endanlega ákveðið mig um það hvernig nefndin verður skipuð. Það eru ákveðin vandkvæði á því að hafa nefndir of stórar og með því að taka t.d. fulltrúa allra stjórnmálaflokka á Alþingi í nefndina, af því að það þarf líka einhverja sérfræðinga í nefndina eða fólk með sérþekkingu, þó ég sé ekki að gera lítið úr þekkingu hv. þm., — þetta er ekki alveg einfalt.

Hv. 14. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, varpaði fram spurningu um hvernig ég ætlaði að beita mér fyrir atvinnusköpun. Það hefur hugsanlega farið fram hjá henni — ég get sagt það strax að ég hef enga viðvarandi heildarlausn á því máli — en ég sagði rétt áðan frá hugmynd um endurbætur á eldra húsnæði og það er það sem ég vil nefna hér og nú. Ég hygg hins vegar að þetta sé verkefni sem þurfi að sinna af afar mikilli alvöru og festu í framtíðinni.

[13:08]

**Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil einungis ítreka þakklæti mitt til ráðherra að málið skuli vera að fara í þennan farveg. Ég vil þó að það komi fram hér að ég tel rétt, eins og hv. 14. þm. Reykv. nefndi áðan, að málið fari núna til félmn. og verði á þessu þingi sent til umsagnar hinna ýmsu aðila sem um þetta mál eiga að fjalla. Það gæti bæði gagnast í nefndarstarfi hjá hæstv. ráðherra og ég tala nú ekki um ef mál skipast svo að það verði talin ástæða til að flytja þessa tillögu aftur á komandi þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Útvarpslög, 1. umr.*

Frv. menntmn., 39. mál (gerð og notkun myndlykla). — Þskj. 52.

[13:09]

**Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum frá menntmn.

Menntmn. hefur haft til umfjöllunar frv. menntmrh. um bann við gerð og notkun myndlykla til þess að fá aðgang að læstum útvarpssendingum án greiðslu áskriftargjalds sem er 22. mál þingsins. Vegna málsins kom á fund nefndarinnar Þórunn Hafstein deildarstjóri í menntmrn., Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Jafet Ólafsson frá Íslenska útvarpsfélaginu hf. og Hallgrímur Ásgeirsson, lögfræðingur og stundakennari í refsirétti við lagadeild Háskóla Íslands.

Við athugun nefndarinnar kom í ljós að betur færi á því að ákvæði frv. væru felld inn í útvarpslög en að sett væru sjálfstæð lög um málið. Ákvað nefndin því að velja þann kost að flytja sjálfstætt frv. um málið. Er frv. þetta efnislega samhljóða frv. menntmrh. að öðru leyti en því að bætt er inn í 2. gr. frv. að auk tilrauna til brots teljist hlutdeild í brotum jafnframt refsiverð samkvæmt ákvæðum III. kafla almennra hegningarlaga. Ákvæði þessu er bætt inn í frv. þar sem nauðsynlegt var talið að hlutdeild í broti væri lýst refsiverð. Er slíkt í samræmi við ákvæði sérrefsilaga.

Eins og fram kom við 1. umr. um frv. til laga um bann við gerð og notkun myndlykla, hefur Íslenska útvarpsfélagið, sem annast rekstur Stöðvar 2, komið því á framfæri við menntmrh. að félagið hafi orðið fyrir tilfinnanlegu tekjutapi á undanförnum árum vegna þess að einstaklingar hafa komið sér upp búnaði til að ná læstum útsendingum stöðvarinnar án greiðslu áskriftargjalds. Er ljóst að í sumum tilvikum er um skipulagða starfsemi að ræða þar sem myndlyklum hefur verið breytt þannig að ótiltekinn fjöldi manna hefur aflað sér aðgangs að dagskránni gegn greiðslu eins áskriftargjalds. Tilraunir félagsins til að fá umræddа starfsemi stöðvaða með aðstoð lögreglu og dómstóla hafa ekki skilað tilætluðum árangri. Ástæðan er sú að gildandi lög veita takmarkaðar heimildir til afskipta lögreglu og hinnar opinberu réttarvörslu af þessari starfsemi. Hefur það verið talið að útsendingarmerki sjónvarpsstöðva geti ekki verið andlag þjófnaðar eða nytjastuldur, sbr. ákvæði 244. gr. og 259. gr. almennra hegningarlaga.

Auk þessa má nefna að ríkissjóður tapar umtalsverðum fjármunum vegna tapaðs virðisaukaskatts af þessari ólögmætu starfsemi.

Telja verður að sú skylda hvíli á löggjafarvaldinu að það tryggi lögmætri atvinnustarfsemi sem mesta vernd gegn því að hún verði fyrir tjóni af ólögmætri starfsemi. Útvarpsstöðvum er heimilt samkvæmt lögum að afla tekna með áskrift og því verða að vera ótvíræð ákvæði í lögum um að móttaka slíks efnis án heimildar viðkomandi útvarpsstöðvar og án greiðslu áskilins áskriftargjads sé ólögmæt. Gildandi löggjöf veitir ekki

vernd í þessu efni og því er frv. þetta flutt.

Menntmn. er einhuga í afstöðu sinni til málsins og við teljum brýnt að það verði lögfest á þessu þingi.

Virðulegi forseti. Þar sem álit nefndarinnar liggur fyrir með flutningi frv. sem hér er til umfjöllunar legg ég til að málinu verði vísað beint til 2. umr. en fari ekki til nefndar.

[13:13]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Erindi mitt í ræðustól er einungis að þakka hv. formanni menntmn., hv. 4. þm. Reykn., fyrir afgreiðslu þessa máls. Þegar ég kom að málinu í nefnd hafði hv. 12. þm. Reykv., Bryndís Hlöðversdóttir, lagt fram greinargóða skýrslu um málið þar sem hún vakti athygli á því að eðlilegt væri að þetta frv., sem hæstv. menntmrh. lagði fram, félli inn í útvarpslögin og þar var ég henni alveg sammála.

Við bentum á það fleiri hv. þm. í nefndinni og það er ekki allt of oft sem það tekst að stjórnarandstaða hafi afgerandi áhrif á afgreiðslu máls. Í þessu tilviki tók hv. formaður nefndarinnar, hv. 3. þm. Reykn., vel í þessa málaleitun stjórnarandstöðunnar í nefndinni og hún á heiður skilið fyrir það, enda held ég að hér sé á ferðinni miklu eðlilegra frv. en hið upphaflega. Ég hef raunar oft bent á í ræðustóli áður að vanda beri til löggjafar og sérlög um smáatriði sem varða stærri lagabálka eiga auðvitað ekki að sjást í lagasafni.

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. formanni fyrir að hafa tekist að ná samkomulagi um að málið hlyti þessa afgreiðslu og við munum að sjálfsögðu styðja það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

**Útbýting þingskjala:**

Alþjóðaviðskiptastofnunin, 27. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 69; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 70.

## *Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.*

Frv. SvG o.fl., 12. mál (lánsréttur). — Þskj. 12.

[13:16]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka mikilvægi þess að teknar verði upp mánaðarlegar greiðslur til námsmanna eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. þó að ég hafi þegar gert það við upphaf umræðunnar fyrir nokkrum dögum. Þær eftirágreiðslur sem nú tíðkast eru kostnaðarauki fyrir námsmenn sem bankakerfið nýtur góðs af. Það getur ekki verið tilgangur lánasjóðsins að auka lántökukostnað að óþörfu.

Þá vil ég ítreka fyrirspurn mína til hv. flm. um það hvort það sé ætlun hans að eina námsframvindan sem krafist verði sé árangur á fyrsta missiri náms. Ef svo er ekki þá þarf að breyta frv. sem menntmn. getur auðvitað auðveldlega gert að lokinni 1. umr.

Þetta frv. er um afmarkað atriði laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna og ég vonast svo sannarlega til að það verði afgreitt strax þó að vissulega styttist tíminn á vorþinginu. Ef svo verður ekki verður vonandi tekið á þessu málefni við endurskoðun á lögunum sem hæstv. menntmrh. hefur boðað. Í þeirri endurskoðun þarf einnig að taka á því gífurlega vandamáli sem hefur hlotist af því að endurgreiðslur lánanna eru allt of brattar samkvæmt núgildandi lögum eins og Gunnar Birgisson, þáv. stjórnarmaður Lánasjóðs ísl. námsmanna, viðurkenndi á fundi með háskólanemum á sl. ári þegar hann lýsti því yfir að námsmenn þyrftu ekki að láta sig dreyma um það að geta bæði tekið námslán og húsnæðislán fljótlega að loknu námi. Greiðslubyrðin yrði óviðráðanleg. Þetta er að mínu mati brot á mannréttindum og því verður að breyta þessu kerfi sem allra fyrst auk þess að breyta húsnæðiskerfinu sem var til umræðu rétt áðan. Þessi mál, þ.e. húsnæðismálin og lánamál íslenskra námsmanna, virðast mega bíða á meðan áfengismálin og það að veita fé til áfengisheildsala eru talin brýnni mál á vorþinginu.

Ég kom inn á það í minni fyrri ræðu um þetta mál að auðvitað sé hægt að skilgreina eðlilega námsframvindu á mismunandi hátt. Í því sambandi vil ég ítreka mikilvægi þess að auka svigrúm í námi þannig að skilgreining á eðlilegri námsframvindu taki að einhverju leyti mið af aðstæðum fólks. Þar á ég ekki síst við aðstæður námsfólks með lítil börn og þar hef ég sérstaklegar áhyggjur af konum í námi. Þó að háskólamenntun kvenna sé nú aðeins metin 65% til launa miðað við háskólamenntun karla þá má það ekki gerast að konur hrekist enn frekar úr námi vegna barneigna. Það yrði alvarlegt bakslag, bæði í baráttunni fyrir jafnrétti til náms og einnig í baráttunni fyrir jafnstöðu kynjanna. Á meðan eðlileg námsframvinda er miðuð við 100% námsafköst er hætt við að námsfólk, sem t.d. fellur í einni námsgrein, þurfi að vinna með námi til þess að geta séð fyrir sér og náð endum saman og þar með minnka líkurnar á að þetta fólk geti stundað fullt nám næsta vetur.

Að lokum skal á það minnt að Lánasjóður ísl. námsmanna veitir verðtryggð lán og nemar greiða þessi lán að fullu til baka í langflestum tilvikum og þannig vilja námsmenn hafa kerfið enda þarf að taka mið af því við áætlun á ævitekjum háskólamenntaðra manna að þeir hafa bæði styttri tíma til að afla tekna en þeir sem fara í störf strax að loknu framhaldsskólanámi eða grunnskólanámi og þeir hafa einnig þá viðbótargreiðslubyrði sem námslánin eru. Þetta er rétt að ríkið sem einn stærsti vinnuveitandi háskólamenntaðs fólks hafi skilning á.

Að lokum vil ég íteka þá ósk að stjórnarandstaðan fái að fylgjast með þeirri vinnu sem fyrirhuguð er af núverandi stjórn varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna.

[13:22]

**Flm. (Svavar Gestsson):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um Lánasjóð ísl.

námsmanna og þetta frv. sem hér liggur fyrir. Tilgangur þess er sá, eins og fram hefur komið, fyrst og fremst að taka upp samtímagreiðslur lána á nýjan leik og hverfa frá þessu eftirágreiðslukerfi. Það er ekki ætlunin með frv. að breyta neinu öðru, segi ég í tilefni af ræðu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, en þessu eina atriði. Ástæðan til þess að við höfum ákveðið að flytja þetta frv. núna er sú að Framsfl. er kominn í ríkisstjórn og gaf mikil fyrirheit um þetta mál í kosningabaráttunni. Þar fór í flokki fremstur hæstv. iðn.- og viðskrh., m.a. á þeim fundi í Háskólabíói sem hér hefur verið nefndur og hv. síðasti ræðumaður nefndi og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson nefndi á dögunum líka, þar sem það kom mjög greinilega fram að hæstv. iðn.- og viðskrh. vildi taka upp samtímagreiðslur námslána vegna þess að samtímagreiðslurnar eru lykillinn að því að breyta sjóðnum aftur og gera hann að því jöfnunartæki sem hann þarf að vera. Ég viðurkenni að breytingarnar að því er varðar vextina og að því er varðar endurgreiðslurnar eru mjög slæmar og mjög alvarlegt mál en þetta er alvarlegasta málið. Og þetta er málið sem hefur þegar skilað mestum breytingum vegna þess að það hefur komkð í ljós að lánþegum hefur fækkað mjög verulega þó að námsmönnum hafi fjölgað. Ég hef tekið eftir því að hæstv. núv. og fyrrv. menntmrh. hafa reynt að verja sig með því að námsmönnum hafi fjölgað. Af hverju hefur námsmönnum fjölgað? Þeim hefur fyrst og fremst fjölgað á skrá vegna þess að fólk er núna lengur í skólanum en það var áður af því að menn eru að reyna að vinna með námi. Það væri fróðlegt að láta fara fram allítarlega könnun, en ég hygg að þetta sé meginskýringin.

Það hefur einnig komið í ljós að námsmönnum erlendis hefur fækkað mjög verulega. Það hefur komið í ljós að lánþegum úr hópi þeirra sem eru með börn á framfæri hefur fækkað. Einkum á það við um einstæðar mæður þannig að það hefur dregið mjög verulega úr þeim félagslegu jöfnunaráherslum sem lánasjóðurinn hafði. Allt síðasta kjörtímabil var deilt mikið um það mál og ég ætla ekkert að fara að endurtaka það, m.a. vegna þess að ég sé ekki að það sé í sjálfu sér neinn í salnum í fyrirsvari fyrir það mál þar sem hæstv. forseti er bundinn í öðrum verkum að baki mér.

Varðandi hins vegar stöðu málsins núna þá er tilefni til að spyrja hvað ætla þeir hæstv. ráðherrar Framsfl. að gera í þessu máli? Talsmenn allra flokka sögðu: Við ætlum að taka upp samtímagreiðslur hjá LÍN. Og meira að segja er fullyrt að Sjálfstfl. hafi líka lýst því yfir á þessum margfræga fundi í Háskólabíói, að formaður stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna hafi sagt sem svo að samtímagreiðslur yrðu teknar upp. Ég minnist þess ekki en það kann vel að vera. Alla vega held ég að ég telji rétt sanngirninnar vegna að votta það að talsmenn Sjálfstfl. að öðru leyti, eins og fyrrv. hæstv. menntmrh. og núv. hæstv. menntmrh., voru ekki með yfirlýsingar af því tagi fyrir kosningarnar en aftur á móti fulltrúar allra annarra flokka. Þannig að það er greinilegur meiri hluti fyrir þessu máli í þessari virðulegu stofnun. Þess vegna tel ég að það sé í sjálfu sér ekkert að vanbúnaði að afgreiða frv. það sem hér liggur fyrir eða a.m.k. efni þess í nýjum búningi ef mönnum sýnist svo.

Undanfarna daga hefur dálítið verið rætt um, m.a. í þessari stofnun, kosningaloforð. Það hefur verið talað um það í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna. Það hefur verið talað um að Framsfl. hafi gefið þar mikil fyrirheit. Það hefur verið talað um það hér í dag í sambandi við húsnæðismál, m.a. vegna þess að Framsfl. flutti rétt fyrir kosningarnar frv. til laga um greiðsluaðlögun húsnæðislána. Það hefur verið talað um það í sambandi við fiskveiðistjórnun vegna þes að framsóknarmenn t.d. á Reykjanesi leyfðu sér að hafa stefnu, jafnvel aðra stefnu en Halldór Ásgrímsson hæstv. utanrrh., í fiskveiðimálum og er það nýlunda í Framsfl., að ekki sé fastar að orði kveðið. Framsfl. hafði líka þá stefnu fyrir kosningar að það ætti ekki að einkavæða ÁTVR, brennivínsöluna í landinu. Það var alveg skýrt og kom mjög skýrt fram í ræðum t.d. hjá hv. þm. Jóni Helgasyni, forvera sessunautar míns, hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar. Nú hefur þetta allt saman einhvern veginn snúist við hjá Framsfl. Nú má selja brennivínið, einkavæða brennivínið, nú eru menn límdir á kvótann, fastir á kvótanum, nú eru menn hættir að hafa eins miklar áhyggjur af þessum greiðsluvandræðum í húsbyggingum og áður var og nú verður maður ekki mikið var við frumkvæði í þá átt að taka upp samtímagreiðslur námslána. Hæstv. félmrh. nefndi það áðan að hann hefði í huga að taka upp bráðamóttöku fyrir húsbyggjendur. Mér fyndist sniðugt að taka upp bráðamóttöku fyrir kjósendur Framsfl. úr síðustu kosningum. Taka upp sérstaka bráðamóttöku fyrir kjósendur Framsfl. þannig að þeir gætu hitt ráðherrana og spurt þá: Hvað með þetta sem þú lofaðir mér og hvað með hitt sem þú lofaðir mér? Það er spurning hvar þessi bráðamóttaka ætti að vera. Mér finnst hugsanlegt að hún verði í framsóknarhúsinu þar sem myndin var af hæstv. iðnrh. og hæstv. utanrrh., myndin sem gekk undir heitinu hér í borginni Kim Il Sung og sonur hans, og blasti við þeim sem tóku strætó á Lækjartorgi. (**GHelg:** Okkur hefði verið nær að lofa meiru.)

En spurningin er þessi hvort málið er þannig að stjórnmálamenn eigi að umgangast veruleikann með því að lofa og lofa og gefa skít í það við hvað þeir ætla að standa. Það held ég að menn eigi ekki að gera. Ég held að við stöndum frammi fyrir grafalvarlegum hlut. Og ég tel að málið liggi þannig að því miður séu þeir framsóknarmenn um það bil að falla á þessu prófi. En það verður séð um það að þeir verði teknir upp hér aftur og aftur á kjörtímatilinu eftir því sem þörf krefur. En spurningunni var sérstaklega beint til hæstv. iðn.- og viðskrh.: Mun hann beita sér fyrir því að teknar verði upp samtímagreiðslur námslána?

[13:29]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Virðulegi forseti. Það er og hefur verið undanfarin fjögur ár sameiginlegt áhyggjuefni þess sem hér stendur og hv. þm. Svavars Gestssonar þau vandamál sem hafa steðjað að námsmönnum vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna í maí 1992. Einhvern veginn fannst mér á ræðu

hv. þm. fyrr við umræðu, í fyrradag ef ég man rétt, að leiðir okkar væru kannski örlítið að skilja í þeim efnum, vegna þess að það frv. sem hv. þm. flytur hér ásamt fleirum hv. alþýðubandalagsþingmönnum, a.m.k. markaði ég það svo af ræðu hv. þm. þegar hann mælti fyrir málinu að málið væri ekki flutt fyrir námsmenn heldur fyrst og fremst fyrir okkur framsóknarmenn. Það er hins vegar svo að við framsóknarmenn höfum miklu meiri áhyggjur af námsmönnum hvað þetta snertir en framsóknarmönnum í þessu efni. Mér fannst málið fyrst og fremst þurfa að koma hér fyrir vegna þess að það þarf að koma til móts við námsmenn sem eiga að búa við þessi lög.

Í stjórnarsáttmálanum stendur á bls. 5: „Lög og reglur um Lánasjóð ísl. námsmanna verða endurskoðuð.“ Það er ljóst að það mun verða gert. Hæstv. menntmrh. hefur tekið málið upp í ríkisstjórn og kynnt þá vinnu sem hann er nú þegar kominn með af stað. Hann lýsti því úr þessum ræðustól við 1. umr. málsins og það mun koma í ljós hvernig að þessu verður staðið, menntmrh. er að undirbúa það. Ég held að við verðum að bíða örlítið við og sjá hvað út úr þeirri vinnu muni koma. Staðreyndin er hins vegar sú að það er margt annað sem þarf að gera í endurskoðun laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna en bara að horfa til samtímagreiðslnanna. Það þarf að líta á þetta heildstætt enda stendur í stjórnarsáttmálanum „lög og reglur“. Þá eiga menn auðvitað við að úthlutunarreglur og reglugerðin um lánasjóðinn verða tekin til endurskoðunar.

Það er svo hins vegar alveg hárrétt hjá hv. þm. að um þetta mál myndaðist mjög víðtæk samstaða í kosningabaráttunni. Ég held að menn geti ekki gert upp á milli flokka í þeim efnum, hverjir stóðu sig best í því að berjast fyrir hag námsmanna. Ég held að menn hafi verið nokkuð jafnfætis í þeim efnum. Það eru fyrirheit í stjórnarsáttmálanum um þessa endurskoðun og ég treysti á og veit að slík endurskoðun mun fara af stað að tilstuðlan menntmrh., málið er á hans verksviði. Á þessari stundu tel ég eðlilegt að menn doki örlítið við og sjái hvað út úr því muni koma.

Hitt er svo annað mál að það er mjög mikilvægt, og það held ég að hv. 8. þm. Reykv., ásamt hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni 8. þm. Reykn., ætti að vera fullljóst, að standa við kosningaloforð og það gildir jafnt um framsóknarmenn sem aðra í þeim efnum. Þess vegna vil ég nota þetta tækifæri og fara örlítið aftur í tímann vegna þess að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson flutti gagnmerka ræðu fyrr við þessa umræðu þegar hann fór yfir það hversu mikil hætta væri á að kjósendur væru blekktir í kosningabaráttu og væru hugsanlega að kaupa svikna vöru þegar þeir væru að merkja við ákveðna bókstafi í kjörklefanum á kjördag. (**SvG:** Hann vildi meina að þið væruð svikin vara.) Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lét að því liggja, það er rétt hjá hv. þm. Svarvari Gestssyni, en hefði kannski verið nær áður en hann hóf ræðu sína að líta sér örlítið nær í þeim efnum.

Fyrir kosningarnar 1987 gaf Alþb. út gagnmerkt blað sem heitir Verkefni næstu ára. Það er gaman að líta í þetta af því að Alþb. fór nú í ríkisstjórn eftir að þessi verkefnaskrá var gefin út. Tími minn leyfir ekki mjög nákvæma yfirferð yfir þetta plagg en hér eru nokkur atriði sem mér finnst rétt að staldra við og líta á hvernig Alþb. stóð við sín kosningaloforð þegar það kom inn í ríkisstjórnina 1988 og enginn var nú þá betur í stakk búinn en hæstv. þáv. fjmrh., núv. hv. 8 þm. Reykn. Ólafur Ragnar Grímsson, til þess einmitt að takast á við þessi verkefni á þeim tíma.

Hér stendur á 1. síðu hins gagnmerka rits þar sem átti að færa góðærið til fólksins: 35–45 þús. kr. lágmarkslaun“. Ef menn líta til þessa og bera saman, við skulum segja að atvinnuleysisbæturnar væru þau lágmarkslaun sem menn vildu staldra við og segja: Það er þetta sem við viljum tryggja. Þá gerðist það að í september 1988 þegar Ólafur Ragnar Grímsson tók við þá voru atvinnuleysisbætur 31.058 kr. á föstu verðlagi þess árs en þegar hann hætti í apríl 1991 í fjmrn. þá voru þær komnar niður í 28.037 kr. eða um 10% lækkun á atvinnuleysisbótunum sem áttu að vera lágmarkslaunin sem hv. þm. lofaði í kosningabaráttunni 1987 og hafði enginn aðrar eins aðstæður til að berjast fyrir sínum málum og hv. þm. sem þá var sitjandi í fjmrn.

Skattleysismörk, tekjuskattsleysi upp í 50.000 kr. mánaðarlaun var eitt af því sem lofað var, léttum skattbyrði launafólksins, var kosningaloforð Alþb. í þessari kosningabaráttu. Í júlí 1994 höfðu skattleysismörkin, sem þá áttu að vera, lækkað úr 70.281 kr. niður í á föstu verðlagi 44.182 kr. Sennilega hafa skattleysismörkin hvergi og aldrei nokkurn tímann eftir að staðgreiðsla skatta var tekin upp lækkað eins í tíð nokkurs fjmrh. og hæstv. þáv. fjmrh. Ólafs Ragnars Grímssonar. Svona gæti ég í fleiri atriðum farið yfir sviðið og spurt hvað er um þessar efndir. Hvar eru húsnæðisbæturnar til leigjenda, sem hv. þm. Alþb. lofuðu að yrði staðið við ef þeir kæmust til valda? Hvar er styttri vinnutími eins og lofað er líka í þessu ágæta plaggi sem Alþb. gaf út fyrir þessar kosningar?

Þetta vil ég nefna hér vegna þess að ekki eru nema um sex vikur liðnar frá því núv. ríkisstjórn kom til valda og Alþb. finnst vera tækifæri til á þessu stutta þingi að rifja upp þau atriði úr kosningabaráttunni sem framsóknarmenn lofuðu. Ég dreg ekki dul á að það var margt sem Framsfl. lofaði í þessari kosningabaráttu og það var margt sem Framsfl. lofaði að beita sér fyrir og það er líka margt sem Framsfl. ætlar að beita sér fyrir að verði gert í þessari ríkisstjórn og auðvitað að reyna að uppfylla öll þau kosningaloforð sem flokkurinn gaf í kosningabaráttunni. Þess vegna finnst mér það vera ósanngjarnt við þessar aðstæður þegar ekki eru nema sex vikur liðnar og þing hefur starfað í tæpar fjórar vikur að ætlast til þess, eins og ég skil hv. 8. þm. Reykv., að búið sé að uppfylla öll þau kosningaloforð sem gefin voru í kosningabaráttunni. (**SvG:** Ekki öll, heldur eitt.) (**ÖJ:** En brennivínið?) Hv. þm. Ögmundur Jónasson, það voru engin fyrirheit af hálfu framsóknarmanna í þessari kosningabaráttu gefin um að það ætti að koma í veg fyrir að þessar breytingar yrðu gerðar. Ég átti einn ágætan fund með þáv. og núv. formanni BSRB ásamt starfsmönnum ÁTVR í húsakynnum BSRB þar sem ég sagði við það ágæta

fólk sem þar var: Það er alveg klárt að það frv. um það sem menn kölluðu einkavæðingu ÁTVR færi ekki í gegnum það þing sem þá var starfandi. Við myndum berjast gegn því að það gæti farið þar fram. Það eru þau loforð sem þeir hv. þm. Framsfl. hafa gefið í þessari kosningabaráttu.

En það er auðvitað rétt að rifja þetta upp núna og alþýðubandalagsmenn, jafnvel þó þeir séu óháðir, ættu að hafa þessa verkefnaskrá næstu ára í huga þegar þeir fara að tala um hvernig við kosningaloforð hafi verið staðið á undangengnum árum og hvaða vara það er sem hefur verið í boði fyrir kjósendur eins og hv. 8. þm. Reykn. lagði mjög mikla áherslu á í sínu máli fyrr við umræðuna.

[13:39]

**Flm. (Svavar Gestsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir að veita andsvar vegna þess að ég er búinn að tala það sem ég má og hef þar af leiðandi ekki aðstæður til svara hæstv. ráðherra eins og þyrfti. Síðan veittist hann alveg sérstaklega ...(**Gripið fram í:** Þú mátt tala einu sinni til.) Nei, ég hef talað þrisvar samkvæmt skrá forseta.

(**Forseti** (ÓE): Jú, það er búið.)

Auk þess er það þannig, bara út af því sem hæstv. ráðherra vék að hv. 8. þm. Reykn., þá getur hann eins og kunnugt er svarað fyrir sig. Hann er hins vegar fjarri núna. Og í tilefni af árásum ráðherra á þingmanninn áðan þá óska ég eftir því við hæstv. forseta að umræðunni ljúki ekki heldur verði henni frestað þannig að hv. 8. þm. Reykn. geti svarað hæstv. iðn.- og viðskrh. og farið aðeins nánar yfir mál með honum í framhaldi af þessum sérkennilegu árásum sem hæstv. ráðherra flutti hér áðan.

Það er greinilegt hvaða tón hann ætlar að temja sér í umræðunum í þinginu þannig að það er alveg prýðilegt að það skuli liggja fyrir. Það er greinilega nauðsynlegt að íhuga það vandlega sem ég sagði hér áðan og hæstv. félmrh. nefndi í morgun, að menn velti því fyrir sér að stofna bráðamóttöku, ekki bara fyrir kjósendur Framsfl. heldur líka frambjóðendur Framsfl. ef þeir eru svona á sig komnir í sálartetrinu eins og hæstv. iðn.- og viðskrh. áðan því raunin er sú, hæstv. forseti, að hann svaraði engu. Hér var fyrst og fremst um að ræða almenna útúrsnúninga, enga efnislega umræðu um þann veruleika að Framsfl. hefur ekki staðið við eitt kosningaloforð frá því að kosningarnar voru og hann kom í þessa stjórn. Ekki eitt einasta. Það er enginn að tala um öll. Menn eru að tala um að raða hlutunum í forgangsröð, en þeir hafa svikið þetta varðandi samtímalánin, þeir hafa ekki efnt það enn þá. Varðandi húsnæðismálin — þeir nenna ekki að taka á þeim. Síðan kemur að fiskveiðimálunum þar sem kjósendur Framsfl., m.a. á Reykjanesi, sitja eftir með sárt ennið. En þeir hafa hlaupið í skítverkin fyrir íhaldið, í að einkavæða brennivínið og hjúfrað um sig á sessunum í flosstofum Sjálfstfl. og kunna vel við sig en gera ekkert af því sem lofað var. Niðurstaðan er sú að Framsfl. virðist ekki ætla að efna önnur loforð en þau sem Sjálfstfl. þóknast. Til hamingju með reisnina, hæstv. ráðherra.

[13:42]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mér alveg að meinalausu ef menn vilja bíða með þessa umræðu þar til hv. 8. þm. Reykn. getur verið viðstaddur. Það er sjálfsagt. Ég hélt hins vegar að það lægi á að koma málinu til nefndar. Ég hef skilið hv. 8. þm. Reykv. þannig að það lægi á að fá þetta mál sem fyrst til nefndar til að vinna í því.

Svar mitt við spurningu hv. 8. þm. Reykv. er alveg skýrt. Það á að taka lög og reglur um Lánasjóð ísl. námsmanna til endurskoðunar í tíð þessarar ríkisstjórnar. Um það hvernig að því verður unnið munu koma tillögur frá menntmrh. sem fer með forræði málsins. Eigum við ekki að doka við og sjá í hverju þær tillögur verða fólgnar?

[13:45]

**Flm. (Svavar Gestsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað heitir hún þessi vél uppi í Stjórnarráði? Þetta tölvuforrit sem er sett í menn? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það. Prýðilegir drengir Framsfl. umhverfast og umvendast á augnabliki af þessu forriti. Gangast upp í því að vera vinnumenn hjá íhaldinu og skammast sín ekki mjög mikið fyrir það, a.m.k. ekki þessi hæstv. ráðherra. Það sem verra er er að það er engu líkara en stundum verði þeir eins og kratar voru þegar verst var með Alþfl.

Hver er niðurstaðan? Hún er sú að það er engum spurningum svarað. Hlutunum er velt á undan sér og sagt: Málin eru athugun. Málin eru í skoðun. Þó liggur það fyrir að framsóknarmenn sögðu fyrir kosningar í sínum framboðsræðum að þeir ætluðu að breyta hlutunum. Þeir ætluðu m.a. að breyta námslánunum. Nú er komið allt annað hljóð í strokkinn. Spurningin er, hæstv. forseti, eftir þessa umræðu í dag, bæði um þetta mál og um húsnæðismálin reyndar líka, um áfengismálin og um fiskveiðistjórnina: Eru grundvallarþættir lýðræðisins hjá okkur í hættu vegna þess að við höfum fengið til forustu menn sem horfa á völd og stóla fyrir sig en ekki hugsjónir og hugmyndir sem þeir vilja koma í veruleika?

[13:45]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeirri spurningu hv. 8. þm. Reykv. hvað þetta tölvuforrit heitir sem mun vera í Stjórnarráðinu get ég ekki svarað. Það hlýtur hv. þm. að þekkja mun betur heldur en ég þar sem hv. þm. hefur gegnt ráðherraembætti í mun lengri tíma en sá sem hér stendur. Hafi það verið til þarna upp frá þekki ég það ekki en það er gott að hv. þm. skuli vita að það er til.

[13:45]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni þess að hæstv. viðskrh. vék að fundi sem hann átti sem formaður þingflokks Framsfl. í húsakynnum BSRB skömmu fyrir kosningar með mér og nokkrum starfsmönnum ÁTVR um þau lagafrv. sem nú hafa verið til umræðu á Alþingi að

undanförnu og gengið undir vinnuheitinu „brennivínsfrumvörpin“ þá vil ég upplýsa að hann tjáði okkur á þeim fundi að hann teldi að frv. yrðu ekki samþykkt á fyrra þinginu og hann mundi leggjast gegn því. Hvers vegna? Vegna þess að hann væri andvígur þessum frv. Hann væri andvígur þeim lagabreytingum sem hér væri um að ræða. Og nú finnst mér að hæstv. ráðherra sem hefur vélað um þessi frv. í ríkisstjórninni, því það mun vera hún sem stendur að þeim, skuldi okkur, ekki bara þeim sem sátu þennan litla fund, fulltrúum Starfsmannafélags ÁTVR, fulltrúum BSRB, heldur að sjálfsögðu þjóðinni allri skýringu á því hvers vegna hann hefur skipt um skoðun og hvers vegna hann er reiðubúinn að — ég vil varla nota orðið — þjóna hagsmunum Kaupmannasamtaka Íslands sem hafa lagt til við okkur að það verði gengið jafnvel enn lengra í einkavæðingu á brennivínssölunni, en alla vega Verslunarráðinu sem harðast hefur gengið fram til að fá þessar lagabreytingar í gegn. Nú skuldar hæstv. ráðherra þjóðinni skýringu á þessum sinnaskiptum.

[13:47]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnaði í þennan ágæta fund sem ég átti sem formaður þingflokks framsóknarmanna með starfsfólki ÁTVR þar sem gengið var eftir því að vita hvort þessi frumvörp, sem þá lágu fyrir þinginu, m.a. átti ég þá sæti í hv. efh.- og viðskn. sem var með málið til umfjöllunar, færu í gegnum þingið á þeim tíma sem til stefnu var. Ég tjáði þessu fólki að ég teldi að svo væri ekki enda gerðist það ekki. Málið fór ekki í gegnum þingið. Ég lýsti því yfir að það væri andstaða í þingflokki framsóknarmanna við þetta mál eins og það lá fyrir og tilgreindi þar einn ákveðinn þingmann sem hafði við þá umræðu sem hér átti sér stað lýst sinni afstöðu til málsins. Nú er þessi hv. þm. ekki lengur á Alþingi. (**Gripið fram í:** Ertu feginn?) Ég ætla ekkert mat að leggja á það. Hv. fyrrv. þm. Jón Helgason er hinn mætasti maður. Ég sakna þess að mörgu leyti að hann skuli ekki lengur vera í þingflokknum. (Gripið fram í.) Það sæti er hins vegar ágætlega setið, hv. 8. þm. Reykv.

Staðan er hins vegar þessi: Þetta frv. er komið til 2. umr. og ef hv. þm. Ögmundur Jónasson færi í gegnum umræðuna sem átti sér stað í þinginu þegar þetta frv. var lagt fram af Sjálfstfl. og Alþfl. þá finnur hann ekki við þá umræðu eitt einasta orð um þetta mál frá framsóknarmanni öðrum en þáv. þm. Jóni Helgasyni.

[13:49]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvernig skyldi standa á því að allir sem sátu þennan fund stóðu í þeirri trú að þáv. hv. þm., núv. hæstv. ráðherra, væri andvígur þessum frv.? Þá verð ég að segja að mjög óheiðarlega hafi verið að verki staðið. Við stóðum öll í þeirri trú að hæstv. ráðherra væri andvígur þessum frv. því ekkert annað kom í ljós á þessum umræddu fundi og þá er mjög óheiðarlega að verki staðið. En ég hef saknað þess að Finnur Ingólfsson, hæstv. viðskrh., hefur ekki verið í salnum, hann hefur ekki verið í þingsal þegar þessi mál hafa verið til umræðu, og ég leyfi mér að óska eftir því við hæstv. ráðherra að þegar þessi mál koma til umfjöllunar í byrjun næstu viku þá taki hann þátt í umræðunni og geri grein fyrir sínum sjónarmiðum á heiðarlegri hátt en hann virðist hafa gert á umræddum fundi.

[13:50]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að efnisleg umfjöllun af minni hálfu um þetta mál hefur ekki farið fram í þinginu. Það er alveg hárrétt. Ég er alveg tilbúinn til þess að vera við framhaldsumræðu málsins þegar að henni kemur að lýsa þeim sjónarmiðum en það á ekki við undir þessum dagskrárlið sem er Lánasjóður ísl. námsmanna. Ef hv. þm. óskar eftir því er ekkert sjálfsagðara en að verða við þessari ósk og taka þátt í þeirri umræðu þegar þar að kemur.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 13:51.

## 20. FUNDUR

mánudaginn 12. júní,
kl. 3 síðdegis.

**Dagskrá:**

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 28. mál, þskj. 32, nál. 56 og 60, brtt. 57 og 61. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 29. mál, þskj. 33, nál. 65. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 30. mál, þskj. 34, nál. 66. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Útvarpslög, frv., 39. mál, þskj. 52. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Atvinnuleysistryggingar, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 14. mál, þskj. 14. — 3. umr.
7. Skipulag ferðamála, stjfrv., 20. mál, þskj. 68. — 3. umr.
8. Alþjóðaviðskiptastofnunin, stjfrv., 27. mál, þskj. 29, nál. 69, brtt. 70. — 2. umr.
9. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 47, 50 og 63, brtt. 48. — Frh. 2. umr.
10. Gjald af áfengi, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 49, 51 og 64, brtt. 67. — Frh. 2. umr.
11. Áfengislög, stjfrv., 6. mál, þskj. 6, nál. 45, 58 og 59, brtt. 46. — Frh. 2. umr.
12. Einkaleyfi, stjfrv., 40. mál, þskj. 62. — 1. umr.
13. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.
14. Mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar, þáltill., 32. mál, þskj. 36. — Fyrri umr.
15. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

**Lagt fram á lestrarsal:**

Erindi frá Landssambandi smábátaeigenda.
Erindi frá smábátaeigendum og öðrum íbúum á Barðaströnd.
Erindi frá Smábátafélagi Hornafjarðar.
Erindi frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Patreksfjarðar.
Erindi frá hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps.
Erindi frá smábátasjómönnum á Patreksfirði.

### *Athugasemdir um störf þingsins.*

Fyrirvari í nefndaráliti.

[15:01]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að þau þingskjöl sem við höfum við höndina við afgreiðslu mála séu rétt. Það kemur stundum fyrir að mistök verða við prentun og gerð þingskjala og þá eru þau venjulega leiðrétt með því að prenta upp þingskjalið. Þegar við fengum í hendur nefndarálit meiri hluta sjútvn. á þskj. 56 höfðu allir fulltrúar stjórnarflokkanna í sjútvn. skrifað undir nefndarálitið án þess að hafa fyrirvara: Árni R. Árnason, Stefán Guðmundsson, Vilhjálmur Egilsson, Einar Oddur Kristjánsson, Hjálmar Árnason og Guðmundur Hallvarðsson.

Nú hefur mér verið tjáð það af a.m.k. tveimur fulltrúum smábátaútgerðar á Suðurnesjum, þeim Ingimari Sumarliðasyni í Sandgerði og Haraldi Hinrikssyni í Keflavík, að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi tjáð þeim það fyrir helgina að við nafn hans á þessu nefndaráliti hafi átt að standa „með fyrirvara". Við þekkjum það hér í þingsalnum að þegar þingmenn skrifa undir með fyrirvara, hvað þá heldur stjórnarþingmenn, þá er nauðsynlegt að gerð sé grein fyrir þeim fyrirvara þannig að efnisþættir þess máls komi fram. Ég vildi þess vegna spyrjast fyrir um það hér áður en við göngum til atkvæða, hvort þetta þingskjal sem við erum hér með, þskj. 56, sé rétt eða hvort eigi að standa „með fyrirvara" við nafn hv. þm. Hjálmars Árnasonar.

[15:04]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 8. þm. Reykn. fyrir að taka af mér ómakið, því sem ég ætlaði að koma að síðar. Það er rétt sem hann bendir á að það hafa orðið þau tæknilegu mistök — og ég undirstrika tæknilegu mistök — að sá fyrirvari sem ég ávallt hef lýst kemur ekki fram í þingskjalinu. Hins vegar á þetta að vera glöggum þingmönnum nokkuð ljóst því að þeim efasemdum hef ég lýst úr þessum ræðustóli, þeim efasemdum sem minn fyrirvari byggir á.

[15:04]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er krafa okkar þingmanna að þau þingskjöl sem lögð eru fyrir á Alþingi séu rétt og þau tjái afstöðu nefndarmanna sem um mál hafa fjallað. Núna þegar lokið er 2. umr. um þetta mál kemur fram að einum af nefndarmönnum í sjútvn., sem er framsóknarþingmaður og stjórnarþingmaður, hefur

láðst það af tæknilegum mistökum að láta koma fram að hann hafi fyrirvara í því nefndaráliti sem hann skrifar undir. Ég spyr, virðulegi forseti: Eru þetta tæknileg mistök starfsmanna þingsins? Hafa starfsmenn þingsins gert þau mistök að láta dreifa hér þingskjali sem er ekki rétt? Ég bendi líka á það, hæstv. forseti, að þetta gerir okkur öðrum þingmönnum ómögulegt fyrir að spyrjast fyrir um fyrirvara hv. þm. í 2. umr. áður en til atkvæðagreiðslu er gengið.

Ég hef setið á Alþingi í 20 ár og ég man aldrei eftir því að svona hafi gerst. Ég spyr hv. þm.: Er hann að ásaka starfsmenn Alþingis fyrir að hafa gert þau tæknilegu mistök að fyrirvari hans kom ekki fram á þingskjalinu eða er hann að viðurkenna þau tæknilegu mistök sjálfs sín að hann vill ekki að fyrirvari sinn komi fram fyrr heldur en hann gerir og með öðrum hætti heldur en hann gerir nú? Það er með ólíkindum, virðulegi forseti, hvernig hv. þm. stjórnarinnar hafa staðið að þessum málum. Þetta er eitt dæmið þar um.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseta er ekki kunnugt um að hér sé um að kenna tæknilegum mistökum starfsmanna þingsins.

[15:06]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég vil biðja hv. þm. Sighvat Björgvinsson að gæta að því að hv. þm. Hjálmar Árnason er enn þá blautur á bak við eyrun sem þingmaður. Ég man vel eftir því þegar ég hóf hér þingstörf að mér var ekki kunnugt um allar þær reglur og þá siði sem hér gilda. Og það má vel vera að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi einfaldlega af tæknilegum orsökum ekki haft fram sinn fyrirvara og hann hafi ekki gert sér grein fyrir því að þá er siðvenjan sú að þingskjalið er prentað upp. Ég kýs satt að segja, herra forseti, að trúa því vegna þess að það sem hv. þm. Hjálmar Árnason sagði fyrir kosningar er allt annað heldur en það sem kemur fram í því áliti sem hann skrifar nú undir án fyrirvara.

Ég fagna því að hv. þm. skuli lýsa því yfir að hann hafi fyrirvara við afstöðu meiri hlutans, en það er auðvitað nauðsynlegt fyrir okkur sem erum að véla um þessi mikilvægu mál að það komi fram í hverju sá fyrirvari liggur. Ég sit í hv. sjútvn. og ég kannast ekki við það að þar hafi komið fram neinn sérstakur fyrirvari af hans hálfu. Það má vel vera að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður nefndarinnar sem tekur til máls hér á eftir, geti upplýst um það. En ég hef setið hverja einustu mínútu þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað um stjórn fiskveiða, og það er meira en hægt er að segja um suma hv. þm. Framsfl. á Suðurnesjum, og þess vegna spyr ég: Hvar kom þessi fyrirvari fram? Ég gleðst yfir því að þingmaðurinn skuli ekki vera að öllu leyti sammála stefnu meiri hlutans og ég gleðst sérstaklega yfir því ef hann hefur skyndilega munað eftir þeim kosningaloforðum sem hann gaf fyrir kosningar.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Ég bið hv. þm. um að gæta þess að það verið að ræða um störf þingsins og forseta þykir hafa komið fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar hvað hér er á ferðinni.

[15:08]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Ég er eingöngu að ræða um störf þingsins vegna þess að það er lykilatriði í störfum þingsins hvernig gengið er frá þingskjölum og hvaða boðskap þau flytja.

Nú hefur hæstv. forseti þingsins upplýst það hér að honum sé ekki kunnugt um það að starfsmönnum þingsins hafi orðið á nein tæknileg mistök. Þar með liggur það fyrir að hv. þm. Hjálmar Árnason hefur hvergi á vettvangi þingsins tilkynnt það að hann sé með fyrirvara við nefndarálit á þskj. 56. Einhverjir almennir fyrirvarar í málinu eru aukaatriði í þessum efnum. Þeir eru jafnmikið aukaatriði og fyrirsögnin hér á baksíðu sjómannadagsblaðs framsóknarmanna á Suðurnesjum: „Hjálmar stoppaði kvótafrumvarpið." Þetta er boðskapurinn sem framsóknarblaðið á Suðurnesjum flutti í gær, á sjómannadaginn.

Það sem skiptir máli hér í þinginu er hvað stendur á þingskjölum og hvað menn gera í atkvæðagreiðslum. Þess vegna segi ég við hv. þm.: Ef hann er að segja það hér í þingsalnum að hann hafi verið með formlegan fyrirvara við þetta nefndarálit og það sé hans afstaða, þá ber að prenta þingskjalið upp þannig að sá vilji þingmannsins komi skýrt fram með formlegum hætti. Sá er munurinn á því sem gerist hér í þingsalnum og blaðaútgáfu framsóknarmanna á Suðurnesjum eða því sem sagt er í kosningabaráttu, að rétt skal vera rétt, hv. þm., og þess vegna er það lykilatriði að þingmaðurinn svari því hér: Var hann með formlegan fyrirvara við þskj. 56, já eða nei? Ef svarið er já, þá ber að prenta þingskjalið upp áður en atkvæðagreiðslan getur farið hér fram. Ef svarið er nei, þá er það bara marklaus áróður eins og annað sem hv. þm. hefur sagt í þessu máli. En nú er komið að stundinni, hv. þm., þar sem orðin hafa vægi, þar sem ákvarðanirnar hafa ákveðna merkingu.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hefur áður minnt á og gerir það enn einu sinni að þingmenn eiga ekki að ávarpa aðra þingmenn beint úr ræðustól

[15:11]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Mér þykir hart róið hér á Alþingi í dag og hart sótt af hálfu ýmissa stjórnarandstæðinga að mönnum sem hafa staðið við sín orð og náð árangri í sínum störfum hvað það mál sem hér er rætt varðar. Hins vegar vil ég upplýsa það að ég var á fundi með smábátaeigendum á laugardaginn þar sem þeir tjáðu mér það að enginn af stjórnarliðum hefði skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Ég undraðist það dálítið, ekki síður af því að einn þeirra hafði boðað brtt. sem ekki er venja, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Svo þegar ég kom á þingflokksfund í dag, þá kom þar umræddur hv. þm. Hjálmar Árnason þannig að ég spurði hann hvort það gæti verið að hann hefði engan

fyrirvara við málið. Þá kom hann af fjöllum hvað það varðaði og taldi sig hafa fyrirvara.

Eitt sinn voru menn byrjendur hér á Alþingi og þeir eru hér í okkar hópi enn og kunna ekki öll þau störf. Ég hygg að báðir þessir tveir menn hafi enn viljað hafa einhvern fyrirvara og því er það hárrétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að þingskjalinu ber að breyta til samræmis við það. Undir það tek ég. En við þessar mannaveiðar kann ég ekki á þessari stundu. Mér þykja þær ódrengilegar og enn þá ódrengilegri, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, þegar ég hugsa til þess að þetta frv. er nú öðruvísi útlits en það var í upphafi. Hverjum ber að þakka það? Ekki hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni.

[15:13]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að það eru nýjar fréttir fyrir mig að einn af þingmönnum meiri hlutans í sjútvn. hafi ætlað að standa að nefndaráliti meiri hlutans með fyrirvara. Ég get ekki annað sagt en það að ég varð aldrei var við annað í umfjöllun nefndarinnar né heldur þegar okkur voru kynntar brtt. meiri hlutans og drög að nefndaráliti en að því stæðu allir fulltrúar meiri hlutans í sjútvn. og það er væntanlega ástæðan fyrir því að þingskjalið er svona prentað og úr garði gert og það sama á við ágætan og samviskusaman starfsmann sjútvn. að honum hefur ekki verið annað ljóst en að meiri hlutinn stæði sameiginlega að þessum pappírum, bæði nefndaráliti og breytingartillögum, án fyrirvara. Hitt er ljóst að hv. þm. hefur lýst ýmsum sjónarmiðum í málinu og fyrirvörum varðandi einstaka þætti í umræðum við 1. og 2. umr., en það er allt annar hlutur heldur en að fram komi í þingnefnd að einhver nefndarmanna undirriti nefndarálit með fyrirvara, með formlegum nefndarálitsfyrirvara. Sé það afstaða hv. þm. að hann sé með skilyrtan stuðning við breytingartillögur og nefndarálit meiri hlutans er augljóslega nauðsynlegt að prenta þingskjalið upp aftur og ég sé ekki að það sé verjandi að láta atkvæðagreiðslu fara fram fyrr en rétt þingskjöl liggja fyrir í málinu.

Það er auðvitað mjög bagalegt og slæmt að þetta skyldi ekki liggja fyrir strax við upphaf umræðunnar og enn betra ef það hefði komið fram með réttum hætti í nefndinni. En þarna hafa orðið einhver mistök sem e.t.v. skýrist af því að hv. þm. er nýr á þingi og hefur ekki áttað sig á því að nauðsynlegt er að gera grein fyrir því í þingnefnd ef um slíkar aðstæður er að ræða.

En ég fullyrði að við sem stóðum að því að undirbúa afgreiðslu málsins út úr sjútvn. höfðum ekki áttað okkur á því, ekki haft neinar upplýsingar um annað en það að allur meiri hlutinn stæði sameiginlega að nál. Ég beini því til hæstv. forseta sem að sjálfsögðu verður að fella úrskurð um það hvað rétt sé að gera, en sjálfum þykir mér eðlilegast að atkvæðagreiðslunni sé frestað þangað til rétt þingskjöl liggja þá fyrir í málinu.

[15:16]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Fyrir skólamann er gaman að setjast á skólabekk og læra af reyndum þingmönnum. Ég sé ekki hvað blaðaútgáfa af Suðurnesjum kemur máli þessu við sem aðilar ótengdir þinginu standa að. Ég fagna auðvitað því að Suðurnesjamenn skuli hafa trú á sínum þingmanni en ég sé ekki að það komi þessu máli við.

Hér spurði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson um formlega afstöðu. Ef ég man rétt þá var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ekki viðstaddur þá umræðu sem hér fór fram í þingsölum, en þar gerði ég formlega grein fyrir efasemdum mínum um róðrardagakerfið sem ég taldi vanta inn í frv. Það kom skýrt fram hér og hefði hv. þm. Ólafur Ragnar fylgst með þeirri umræðu og sama má segja um hv. þm. Sighvat Björgvinsson þá hefðu þeir mátt heyra í þessum sal hver mín afstaða var og er enn. Þar hafa sem sagt verið flutt efnisleg rök. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon veit hverning í málinu liggur. Þetta eru tæknileg mistök. Ég tel hins vegar að það að hengja sig í formlegheit af þessum toga sé einungis tilraun til útúrsnúninga, en kunni það að valda mönnum sálarró þá er sjálfsagt að verða við því og ég hygg að forseti muni gera það, að prenta þingskjalið upp að nýju, en afstaða mín kom fram hér í umræðu. Aðalatriði málsins snýst ekki um þessi formsatriði.

[15:18]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera svo að það sé mikilvægast hér af öllu að skýr vilji manna komi fram og ef það mætti verða til þess að sá vilji sæist bæði í þingskjölum og kæmi einnig fram hér að öðru leyti, þá vil ég reyna að benda á leið til lausnar með þó þeim fyrirvara að ég er auðvitað ein af þeim sem eru hér blaut á bak við eyrun. En væri það möguleg leið að nefndin kæmi saman á milli 2. og 3. umr. og að þar kæmi fram í þingskjalinu svo að óyggjandi væri sá vilji og þeir fyrirvarar sem menn helst vilja hafa á sínu máli.

[15:19]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Auðvitað geta okkur öllum orðið á mistök og þau er skylt að reyna að leiðrétta eins og kostur er. Þegar hv. þm. Hjálmar Árnason talar hér um tæknileg mistök þá kýs ég að skilja það svo að hann eigi við tæknileg mistök sjálfs sín. Hann eigi við þau tæknilegu mistök að hv. þm. hefur ekki verið ljóst að til þess að nál. meiri hlutans yrði prentað með þeim hætti að hann stæði að því með fyrirvara þurfti hann að láta það koma skýrt fram inni í sjútvn. að hann stæði að nál. þannig. Þar duga ekki einhverjir almennt orðaðir fyrirvarar í umræðum, hvorki við 1. umr. og náttúrlega enn síður við 2. umr. þegar búið er að dreifa nál. Það liggur í hlutarins eðli. Þannig að sé svo að hv. þm. sé hér með að lýsa því yfir að hann hafi ætlað sér að standa að nál. með fyrirvara en ekki verið það ljóst að til þess þyrfti hann að láta það koma fram inni í sjútvn. þá sýnist mér málið liggja ljóst fyrir og það sé ekki um annað ræða en endurprenta þingskjalið og láta þetta koma fram því betra er seint en aldrei og skylt er að hafa það sem sannara reynist og nú virðist það sem

sagt komið á hreint hvað sé hið sanna í málinu. Ég held að það dugi ekki í sjálfu sér að geyma það til 3. umr. Það væri auðvitað hugsanlegur sá möguleiki að skila frhnál. þar sem fram kæmi að hv. þm. stæði að þessu með fyrirvara, en einfaldast er að leiðrétta þetta með því að prenta nál. meiri hlutans upp.

[15:20]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að upplýsa okkur um það að hann standi að áliti nefndarinnar með fyrirvara og ég trúi því að það hafi verið mistök af hans hálfu sakir ókunnugleika að hafa ekki látið þess getið. Hins vegar er það ekki tæknilegt atriði að það liggi ekki fyrir fyrr en í lok umræðu að einn af nefndarmönnum meiri hluta standi að nál. með fyrirvara. Það er krafa sem aðrir þingmenn eiga til hans og til nefndarinnar að það liggi fyrir þegar í upphafi umræðunnar þegar þingskjalinu er dreift.

Ég sé ekki annað, virðulegi forseti, heldur en það sé nauðsynlegt að fresta fundi og dreifa nýju þingskjali og vil þá beina þeim tilmælum til formanns sjútvn., því að það eru fleiri nýir þingmenn í nefndinni heldur en hv. þm. Hjálmar Árnason, að hann láti þá á það reyna á nefndarfundi sem hægt er að skjóta á með snöggum hætti hvort það séu fleiri þingmenn sem hafi formlega fyrirvara þannig að það komist til skila í þingtíðindum með hvaða hætti fulltrúar meiri hlutans í nefndinni standa að nál.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti sér ekki ástæðu til að fresta atkvæðagreiðslu vegna þessa. Afstaða hv. 7. þm. Reykn. liggur fyrir og forseti vill benda á að nál. sem slíkt er ekki hér til afgreiðslu. Það er frv. sjálft og brtt. sem hafa verið fluttar við það og í atkvæðagreiðslu kemur fram afstaða einstakra hv. þingmanna. Forseti vonast eftir samvinnu við þingmenn um að atkvæðagreiðslan geti nú hafist eftir þessa umræðu um störf þingins.

## *Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 28. mál (veiðar krókabáta o.fl.). — Þskj. 32, nál. 56 og 60, brtt. 57 og 61.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]

Brtt. 57,1 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:24]

**Hjálmar Árnason:**

Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu og eftir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað kann kannski engan að undra. Hér er til atkvæðagreiðslu yfir til 3. umr. frv. til laga um fiskveiðistjórn. Ég hef áður lýst því yfir að um ákveðna þætti frv. er ég sammála, en ég hef líka lýst efasemdum um tiltekna þætti, einkum 2. gr. Það er ljóst að í gildi eru lög um fiskveiðistjórn og verði ekkert að gert þá munu taka gildi slíkur fjöldi banndaga að krókabátaútgerð mun ugglaust leggjast af. Frv. felur í sér stefnu að róðrardögum en sem að því er virðist fyrsta skref er leið í gegnum aflahámark og banndaga. Það eru þættir sem ég hef verulegar efasemdir um og hef áður lýst á þessum vettvangi. En til þess að stoppa ekki málið og vísa því til 3. umr., í þeirri von að ná megi fram breytingu á málinu þar sem upp verði tekið róðrardagakerfi, þá finnst mér ástæða til þess að samþykkja, en ég lýsi því jafnframt yfir að náist sú breyting ekki fram milli 2. og 3. umr. þá lýsi ég mig óbundinn af því að greiða frv. endanlegt atkvæði. Ég segi já.

[15:26]

**Siv Friðleifsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég sé einnig ástæðu til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu hér. Það er alveg ljóst að við framsóknarmenn höfum haft veruleg áhrif á þróun þessa máls hér í þinginu. Það er fyrir okkar áhrif að það eru ekki allir settir undir þorskaflahámark. Menn geta þó valið. Valið stendur hins vegar á milli tveggja frekar slæmra kosta að margra mati. Það er ljóst að besta lausnin er róðrardagakerfi.

Ég samþykki frv. núna í trausti þess að á milli 2. og 3. umr. verði m.a. reynt að tryggja nægjanlegt fé til að setja upp eftirlitskerfi sem þarf vegna róðrardagakerfis. Einnig tel ég afar brýnt að þeir sem kjósa nú samkvæmt þessum nýju lögum að velja þorskaflahámark eigi afturkvæmt úr því strax og róðrardagakerfið er komið í gagnið. Ég samþykki þetta frv. í þeirri von að á þessu verði tekið fyrir 3. umr. og áskil mér allan rétt á fyrirvara við lokaafgreiðslu málsins.

[15:27]

**Magnús Stefánsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni við umfjöllun þessara mála að ég tel að svokallað róðrardagakerfi sé sú leið sem fara eigi við sóknarstýringu krókabáta. Ég mun styðja nál. meiri hluta sjútvn. nú við 2. umr. í trausti þess að fyrir 3. umr. og endanlega afgreiðslu málsins liggi fyrir að krókabátar eigi kost á róðrardagasókn og fyrir liggi að sjálfvirkt eftirlitskerfi verði tekið í gagnið innan ákveðins tíma. Ég vek athygli á því að þetta sjálfvirka eftirlitskerfi er gífurlegt hagsmunamál hvað varðar öryggismál sjómanna og því brýnt að það komist í gagnið hið allra fyrsta.

Hvað varðar brtt. minni hluta nefndarinnar þá er hún þannig sett fram að ég er ekki sammála ýmsum útfærslum sem þar koma fram og get því ekki stutt hana. Þá tel ég mikilvægt, eins og ég nefndi reyndar

hér áðan, að fyrir liggi nánari útfærsla en fram kemur í nál. með hvaða hætti og hvenær sjálfvirkt eftirlitskerfi verði tekið í gagnið. En ég lýsi sem sagt stuðningi við áliti meiri hluta sjútvn.

[15:28]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn átti sig á því um hvað er verið að greiða atkvæði hér. Það er verið að greiða atkvæði um 1. tölul. brtt. á þskj. sem meiri hluti sjútvn. flytur og um þá brtt. er alger samstaða í sjútvn. Allir nefndarmenn voru sammála um að leggja til þá breytingu á frv. sem þar er á ferðinni. Hér er ekki verið að greiða atkvæði um 1. gr. sem slíka og enn síður um róðrardagakerfi né heldur um málið eftir 3. umr., sem manni skildist nú jafnvel hér áðan. Það er eingöngu verið að greiða atkvæði um það að falla frá því að þrengja endurnýjunarmöguleika skipa eldri en frá árinu 1986. Um það eru allir sammála og stóð reyndar til að sjútvn. flytti sameiginlega þessa brtt., en svona af praktískum ástæðum var valið að hafa þetta 1. tölul. brtt. á þskj. meiri hlutans. Þannig að að því leyti til voru kannski þessar atkvæðaskýringar sem hér voru fluttar áðan ekki alveg í samhengi við þann þátt málsins sem nú á að fara að greiða atkvæði um.

[15:30]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Mér er sagt að það sé ekki óvanalegt að menn geri grein fyrir atkvæði sínu í upphafi atkvæðagreiðslu um stóran lagabálk þannig að sá fyrirvari gildi yfir allt frv. Þannig að með þær upplýsingar í huga fer ég hér upp, ekki til að gera athugasemd við 1. gr. heldur til að tala lítillega almennt um 2. gr. sem verður til atkvæðagreiðslu hér á eftir. En eins og ég sagði í umræðunum fyrir nokkrum dögum þá hef ég fyrirvara á varðandi róðrardagakerfið og í þingflokki Sjálfstfl. hefur verið rætt um það að reynt verði að finna dagsetningu á það hvenær róðrardagakerfinu yrði komið á. Í trausti þess mun ég greiða atkvæði með þessu frv. í heild sinni, að við munum finna dagsetningu sem menn sætti sig við.

Að öðru leyti vil ég segja um 1. gr. að atriði innan hennar þurfa skýringar sem ég tel að komi á milli 2. og 3. umr. En ég vil svo aftur á móti lýsa yfir þeirri skoðun minni að mér finnst alveg með ólíkindum að menn skuli vera hér, stjórnarliðar, að þakka sér einstaka breytingar í svona frumvörpum. Ég vil bara biðja menn um að átta sig á því.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30:10 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

**nei:** ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, LB, SighB, SvanJ, ÖS.

9 þm. (GAK, GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:32]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Hér er verið að leggja þá kvöð á útgerðarmenn krókaleyfisbáta að ef þeir missa bátinn sinn í sjó þá geta þeir ekki endurnýjað hann nema með því að kaupa annan jafnstóran og leggja honum. Þetta er dæmi um hvílíka hlekki er verið að leggja á síðustu frjálsu sjómenn á Íslandi. Það er ríkisstjórnin og þingmeirihluti hennar sem stendur að því allur, þó að sumir þeirra taki sér í munn orð Biblíunnar: „Hið góða, sem ég vil, gjöri ég ekki, en hið vonda, sem ég vil ekki, það gjöri ég.“ Það er engum til sóma að haga sér þannig. Slíkir þingmenn geta varla öðlast traust.

Ég er á móti þessu ákvæði og greiði atkvæði gegn því.

[15:33]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Við höfum lýst fyrirvara um ákvæði þessarar greinar og einkum og sér í lagi það atriði að þessar stífu úreldingarkröfur eigi að ná niður úr bátastærðinni, alveg niður í minnstu fleytur. Við hefðum talið gegna talsvert öðru máli ef sett hefði verið gólf til að mynda við stærðina þrjú tonn eða þrjár smálestir og bátum þar fyrir neðan hefði verið heimilt að breyta eða endurnýja þá án þess að margfeldisstuðull kæmi til sögunnar. Greinin er hins vegar, eins og hún er nú breytt eftir atkvæðagreiðslu hér áðan, þannig úr garði gerð að hún er til bóta frá því sem frv. gerir ráð fyrir og þess vegna greiðum við ekki atkvæði.

[15:34]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég greiddi þeirri brtt. sem hér var til atkvæðagreiðslu áðan mitt atkvæði, enda var hún til bóta við annars meingallað frv. Inni í frumvarpsgreininni eins og hún var upphaflega voru miklar ofstjórnartilhneigingar, svo vægt sé til orða tekið, og þeirra gætir þar enn. Það á við varðandi aflamarksskipin, þar sem mitt álit er, virðulegi forseti, að útgerðarmenn þeirra eigi sjálfir að ákveða með hvernig skipum sá afli er sóttur sem þeim er úthlutaður. Jafnframt er það svo að menn þyrftu að gefa sér betri tíma til að athuga reglur varðandi endurnýjun eða úreldingu allra minnstu bátanna. Það er varhugavert að beita þeim reglum sem eru í frv. varðandi allra minnstu bátana og það hefði átt að undanskilja báta t.d. undir þrem tonnum vegna endurnýjunar á sams konar báti. Þess vegna, virðulegi forseti, greiddi ég atkvæði gegn frumvarpsgreininni.

[15:35]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég geri grein fyrir atkvæði mínu varðandi 1.–10. mgr. 6. gr., varðandi endurnýjun báta sem stunda veiðar með línu eða handfærum. Ég get engan veginn fallist á að teknar verði upp slíkar nauðaskerðingar sem felast í því að ef eigandi þriggja tonna báts ætlar að endurnýja þá verður hann að kaupa annan þriggja tonna bát á móti svo að hann hafi sömu afköst eða afkastagetu og áður. Ég get ekki fallist á það að ef fjögurra tonna bátur sekkur og eigandi ætlar að end-

urnýja eða kaupa nýjan bát í staðinn þá verður hann að kaupa fjögur tonn að auki til þess að geta haldið sinni afkastagetu. Ég segi, herra forseti: Þeir sem samþykkja þetta ákvæði um endurnýjun krókabáta ætla sér að leggja af 50% krókabátanna á nokkrum árum. Ég segi nei, herra forseti. — [Lófatak á þingpöllum.]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill minna áheyrendur á þingpöllum á að þeir hafa skyldu til að vera hljóðir.

Brtt. 61,1 felld með 29:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS, ÁE, GHelg, GAK, GE, GuðjG, GGuðbj.

**nei:** HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, ÓE.

14 þm. (HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE, ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GMS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:38]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Efnistriði þeirrar brtt. sem hér er verið að greiða atkvæði um eru þau sem hv. þm. Hjálmar Árnason sagðist styðja hér áðan. Þetta eru jafnframt þau efnisatriði sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur lýst stuðningi yfir að hann vilji festa í lög. Þetta eru þau efnisatriði sem fjölmargir þingmenn stjórnarliðsins hér í salnum hafa sagst vilja styðja og var upplýst hér áðan, áður en atkvæðagreiðsla hófst, að fyrirvari hv. þm. Hjálmars Árnasonar snerist um þetta atriði. Þetta væri það sem hann vildi.

Ég fagna því í sjálfu sér að þingmenn Framsfl. hafa lýst því yfir í dag að þeir vilji breyta frv. eins og það mun líta út ef stjórnarliðar ná sínu fram hér í atkvæðagreiðslunni við 2. umr. Það eru auðvitað töluverð tíðindi að slíkur flótti skuli vera kominn í stjórnarliðið og er það nokkur árangur aðgerðanna sem hafa verið hér í dag, að knýja fram þann flótta. Það mun þá koma í ljós við 3. umr. En þessi efnisatriði eru hins vegar þess eðlis að opna í lögunum á þá framkvæmd sem beðið var um fyrir utan þinghúsið í dag. Ég segi því já.

[15:40]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn Framsfl. úr Reykn. hafa lýst því yfir við þessa umræðu að þeir samþykki tillögur meiri hlutans í trausti þess að við 3. umr. verði þessi tillaga samþykkt. Með öðrum orðum, þeir segja nei við tillögunni við 2. umr. í trausti þess að hún verði samþykkt við 3. umr. Þetta kalla ég meira en tæknileg mistök.

Virðulegi forseti. Ég segi já í trausti þess að tillagan verði samþykkt.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill að gefnu tilefni minna hv. þingmenn á að þeir koma hér í ræðustól til að gera grein fyrir atkvæði sínu.

[15:41]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða tillaga okkar um róðrardagakerfi sem felur í sér 100 róðrardaga samkvæmt frjálsu vali innan hvers fiskveiðiárs og taki sá dagafjöldi mið af 150 þúsund tonna heildarafla af þorski. Í síðustu málsgrein er ráðherra falið að semja um eftirlit við hafnarverði, löggilta vigtarmenn eða aðra aðila í sveitarfélögunum eða leysa eftirlitsþátt málsins með öðrum hætti þangað til hið margþráða, sjálfvirka gervihnattaeftirlit getur tekið við. Hér er sem sagt til atkvæða það róðrardagakerfi sem menn hafa unnvörpum lýst sig sammála um og vilja taka upp og þar með fjölmargir stjórnarþingmenn. Þannig að það er auðvitað söguleg upplifun að hlusta svo á þau nei sem hér hafa komið fram og vandræðalegan kattarþvott manna gagnvart því að þeir vilji í raun og veru sjá þetta kerfi verða að veruleika og sem fyrst og helst milli 2. og 3. umr. Þá hefðu menn átt að hugsa sig betur um áður en þeir greiða atkvæði með þessum hætti.

Til að undirstrika það, herra forseti, hér er verið að greiða atkvæði um róðrardagakerfið, já eða nei. Ég segi já.

[15:44]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil gera grein fyrir atkvæði mínu með þeim hætti að frv., ef að lögum verður, þá boðar það nú þá stefnu sem í þessari grein felst hjá minni hlutanum. Því er ég þeirrar skoðunar að á milli 2. og 3. umr. eigi hv. sjútvn. og ég vil segja hæstv. ríkisstjórn, að kanna það virkilega vel með hvaða hraða sé hægt að taka upp róðrardagakerfi. Hvað kostar gervitunglakerfið? Á hvaða tíma er hægt að koma því í gagnið hér og þá fyrir allan flotann og hvernig má að því standa? Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að fá fram sem fyrst því að þá liggur það fyrir, hæstv. forseti, að banndagakerfið heyrir fortíðinni til og róðrardagakerfið hefur tekið við. Ég trúi því að það sé innan seilingar og því sé hægt að koma á ég vil segja um næstu áramót. (**Gripið fram í:** Segðu þá já.) En því miður þá vil ég ekki gera neitt út í loftið eins og stjórnarandstöðunni er tamt og segi nei við þessa atkvæðagreiðslu.

Brtt. 57,2 samþ. með 29:18 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

**nei:** ÁE, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GuðjG, GAK) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:47]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Við 2. umr. kom það fram hjá fjölmörgum hv. þingmönnum stjórnarliðsins að helsti kostur róðrardagakerfisins væri sá að þá gætu menn valið samkvæmt frjálsu vali sína sóknardaga og þess vegna reynt að beina sókninni inn á tímabil þegar veður væru ekki válynd og þar af leiðandi minni hætta á slysum. Í þessari tillögu er hins vegar gert ráð fyrir því að sóknardagarnir skipist í ákveðin veiðitímabil og þar með er fallinn sá rökfræðilegi grunnur sem hv. stjórnarliðar á sínum tíma töldu einmitt jákvæðasta kostinn við róðrardagakerfið.

Ég tel, herra forseti, að þessi tillaga aflagi og skekki róðrardagakerfið svo úr lagi að ég get ekki annað en sagt nei.

[15:48]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég hef uppi sömu andmæli og hv. 15. þm. Reykv. og að auki vil ég vekja athygli hv. þings á því að í þessari grein kemur fram að heimilt er að stunda sjóstangveiði eða veiða til eigin neyslu án fénýtingar. Nú liggur fyrir bréf frá Fiskistofu þar sem sjóstangveiðimönnum er meinað að stunda fiskveiðar nema á þeim dögum sem krókabátar hafa leyfi og nema það reiknist til kvóta á þeim bátum sem þessar áhugamannaveiðar upp á 50–80 tonn hljóða upp á á öllu árinu. M.a. vegna þessa og alls annars sem hér stendur segi ég nei.

2. gr., svo breytt, samþ. með 29:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, ÓE.

**nei:** KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS, ÁE, GHelg, GAK, GE, GuðjG, GGuðbj, HG, JóhS, JBH.

14 þm. (KH, PP, RG, SvG, VS, VE, ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:51]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um 2. gr. frv. eins og stjórnarmeirihlutinn vill að greinin líti út. Það hefur komið fram af hálfu fjölmargra sjómanna í mörgum byggðarlögum, ekki síst í gær á sjómannadaginn, að eins og þessi grein er orðuð er verið að stefna lífi þeirra sem stunda smábátaútgerð í hættu ef þeir reyna að nýta sér þann rétt sem kveðið er á um í lagagreininni. Þá er jafnframt verið að leggja grunn að því að atvinnulíf í heilum byggðarlögum verði lagt í rúst. Þetta er sú lagagrein þar sem fulltrúar sjómanna hafa sagt að verið sé að stilla sjómönnum frammi fyrir tveimur valkostum, hvort þeir vilji heldur láta skjóta sig eða hengja.

Það nær ekki nokkurri átt að ætla að lögfesta á Alþingi með slíkri atkvæðagreiðslu daginn eftir sjómannadaginn ákvæði af þessu tagi. Og ef þeim verður ekki breytt við 3. umr. er stjórnarmeirihlutinn að ganga götu sem getur leitt til slíkra atburða í sjávarbyggðunum kringum landið að enginn þingmaður vill bera ábyrgð á því að stofna lífi og limum sjómanna í hættu. Ég segi nei við þessari grein og skora á stjórnarþingmenn að breyta henni við 3. umr.

[15:53]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Það er verið að festa í sessi lög sem gera ráð fyrir því að það sé refsivert að vera góður fiskimaður. Það er verið að setja í gildi ákvæði sem gera það að verkum að síðustu frjálsu veiðimennirnir á Íslandi verða ekki lengur til. Það er verið að lögfesta ákvæði sem gerir það að verkum að heilu byggðarlögin, og þar nefni ég sérstaklega þorp og bæi í Vestfjarðakjördæmi, munu leggjast í auðn vegna þess að trillukarlar sem þar stunda útgerð eru ekki aðeins að vinna fyrir sjálfa sig og fjölskyldur sínar heldur standa þeir undir allri fiskverkun á flestum þessara staða frá vori og til hausts. Þetta eru daprir dagar, virðulegi forseti. Ég vona það að menn skoði sinn hug á milli 2. og 3. umr. og standi við stóru orðin. Ég segi nei.

[15:55]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það að annaðhvort verða menn að velja aflahámark sem nemur liðlega helmingi af þeim afla sem þeir hafa að meðaltali fengið tvö af bestu þremur árum að undanförnu eða taka á sig stóraukna fjölgun banndaga. Það er það sem valið stendur um og ekkert annað samkvæmt orðanna hljóðan í þessum texta þó að menn tali í allt aðrar áttir þegar þeir eru að réttlæta stuðning sinn við þetta ákvæði. Það stendur hér, með leyfi forseta:

„Fiskistofa skal fyrir 1. júlí 1995 senda útgerðum tilkynningu um reiknað þorskaflahámark hvers báts og forsendur þess og hafa útgerðir mánaðarfrest til að tilkynna um val milli þorskaflahámarks og viðbótarbanndaga og sama frest til að koma athugasemdum að. Velji útgerð ekki fyrir tilskilinn tíma skal bátnum ákvarðað þorskaflahámark."

Það er alveg ljóst hver undirtónn þessa máls er. Það á að þrýsta sem flestum til þess að taka þetta þorskaflahámark og hótunin sem á móti kemur er stóraukinn fjöldi banndaga. Það eru neyðarkosti að þvinga menn til ákvarðantöku með þessum hætti. Ég segi nei herra forseti.

[15:56]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég trúði ríkisstjórninni þegar hún samþykkti verkefnaskrá hæstv. forsrh. þar sem sagði að við stjórn veiða kvótaflotans ætti að leita annarra leiða en fjölga banndögum. Ég trúði líka hv. þm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum og Framsfl. á Suðurnesjum þegar þeir gáfu yfirlýsingar sem eru í allt aðra veru en kemur fram í því sem þeir eru að samþykkja í dag.

Herra forseti. Það sem hér er verið að samþykkja mun leiða til þess að stoðum verður kippt undan fjöl-

mörgum byggðarlögum. Það er líklegt að 400–500 trillusjómenn tapi atvinnu sinni. Þessi grein mun líka leiða til aukinnar slysahættu. Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að samþykkt þessarar greinar marki upphaf þess að krókaveiðar leggist af í núverandi mynd. Þess vegna segi ég nei, nei og aftur nei. — [Lófatak á þingpöllum.]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti hefur þegar áminnt gesti á þingpöllum að hafa hljótt og ítrekar þá áminningu.

[15:58]

**Guðjón Guðmundsson:**

*Hæstv. forseti.* Í 3. *mgr.* þessarar *greinar* segir, með leyfi forseta:

„Krókabátum gefst frá og með fiskveiðiári því er hefst 1. september 1995 kostur á að velja milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4. mgr. og þess að stunda veiðar með viðbótarbanndögum eins og nánar er lýst í 5.–9.mgr."

Hér er stigið fyrsta skrefið til að kvótasetja krókaleyfisflotann. Því er ég andvígur. Ég segi nei.

[15:59]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):**

Herra forseti. Það er laukrétt sem einn þingmaður sagði hér áðan að við stöndum frammi fyrir neyðarkostum, Íslendingar, þegar við verðum að takmarka sókn í fiskstofnana og það er ekki einungis þorskstofninn sem er orðinn tæpur og við höfum áhyggjur af eins og nú standa sakir. Ég get talað um grálúðuna, ég get talað um karfann og það vita þeir ágætu sjómenn sem hér eru uppi á pöllunum.

Við höfum líka áhyggjur af því sem erum í þingsal, sumir hverjir a.m.k., að mjög harkalega hefur verið gengið að þeim trillusjómönnum sem ekki völdu króka heldur eru á aflamarki. Við getum rétt hugsað okkur hvaða möguleika þeir hafi sumir hverjir miðað við þá fiskreynslu sem þeir höfðu og miðað við hvernig þeirra aflaheimildir hafa dregist saman. Hér er verið að reyna að finna viðunandi lausn. Hún byggir á samkomulagi sem gert var í þingsölum og ég vil minna á það að gefnu tilefni að allir gömlu flokkarnir hér á Alþingi og líka flokkur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hafa staðið alla stjórnun á þessum grundvelli sem við erum hér um að ræða. Ég segi já.

[16:01]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Herra forseti. Frá því að tekin var upp kvótastýring sem meginregla í veiðum á Íslandsmiðum hefur það kerfi sem smábátum hefur verið búið verið með fádæmum og nú verið að bæta gráu ofan á svart með þeirri grein sem hér er verið að greiða atkvæði um. Hvar halda menn að atvinnurekstri séu búin slík skilyrði að menn megi ekki stunda hann mikinn meiri hluta ársins, að menn standi fyrir því vali að draga saman afla um helming eða svo eða sitja heima í 234 daga á ári? Það er þessi svarti blettur sem verið er að draga yfir þær byggðir á Íslandi þar sem menn byggja á þessum rekstri og fyrir alla þá sem stunda smábátaútgerð. Það er lítið mark á því takandi, virðulegur forseti, að menn ætli að gera eitthvað seinna og athuga mál en að kemur þá væntanlega í ljós fyrir slit þessa þings. Ég segi nei.

[16:02]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Herra forseti. Það er til marks um frjálslyndi hæstv. sjútvrh. og stjórnarmeirihlutans og örlæti að með þessari grein er verið að bjóða mönnum kosti. Annars vegar mega menn velja skert aflamark og ef þeir kjósa það til þess að bjarga eigum sínum þá eiga þeir ekki þaðan afturkvæmt. Hins vegar geta menn valið að fjölga banndögum sem hamla sjósókn. Þá verður lítið til skiptanna fyrir þá hina frjálsbornu menn sem eftir eru og örvænt um hvað verður um framtíð þeirrar útgerðar. Með öðrum orðum: Gjafir eru yður gefnar.

Maður gæti haldið að þessi frumvarpsgrein væri tæknileg mistök, en svo mun ekki vera. Ég segi nei.

3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, FI, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 57,3 (ný 5. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, GE, GuðjG, GAK, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, FI, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, FI, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:06]

**Guðjón Guðmundsson:**

Hæstv. forseti. Aflamarksbátarnir hafa farið verst allra út úr þorskskerðingu undanfarinna ára. Það er

fagnaðarefni að hér skuli gert ráð fyrir að þessi floti skuli fá viðbótarkvóta strax á þessu fiskveiðiári. Ég tel að vísu að þessum 5.000 tonnum hefði átt að skipta eingöngu á smærri skipin og eingöngu til þeirra sem ætla að veiða þessa viðbótarúthlutun í sumar en ekki til þeirra sem nota þessa viðbót til að versla með. Ég tel þó þessa tillögu betri en ekkert. Ég segi já.

[16:07]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Í þessari tillögu felst viðurkenning á þeim mikla vanda sem bátar á aflamarki hafa tekið á sig á undanförnum árum með stórauknum samdrætti í þorskveiðiheimildum og það er fagnaðarefni, þó í litlu sé, að nú á loksins að koma til móts við þennan hluta flotans. Við þingmenn Alþb. höfum undanfarin ár ítrekað flutt tillögur til úrbóta í þessum efnum sambærilegar við þá sem hér er á ferðinni nema hvað við hefðum viljað ganga lengra. Á síðasta þingi fluttum við sambærilega tillögu sem gerði ráð fyrir tvöfalt meira magni til úthlutunar sérstaklega til að jafna upp skerðingu þess hluta flotans og einkum bátaflotans sem mestan samdrátt hefði tekið á sig í veiðiheimildum. En þó að við hefðum viljað ganga lengra og deila megi um hvaða aðferð ætti að hafa við að úthluta þessu tiltekna magni þá styðjum við þessa tillögu þar sem hún er skref í rétta átt.

Brtt. 61,2 felld með 31:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS, ÁE, GHelg, GE.

**nei:** GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, GAK, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, ÓE.

14 þm. (GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE, ÁMM, ÁRJ, BBj) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:09]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Herra forseti. Þar sem við kvennalistakonur eigum ekki aðild að sjútvn. þá vil ég að það komi skýrt fram að við styðjum þessa tillögu minni hluta sjútvn. og einnig hina sem var greitt atkvæði um hér áðan um róðrardagakerfið. Við eigum sem sagt aðeins áheyrnaraðild og við styðjum þetta minnihlutaálit og ég segi já.

[16:11]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því hvað er hér verið að greiða atkvæði um. Í þessari brtt. minni hluta nefndarinnar er nákvæmlega sama hugsun og er í því ákvæði til bráðabirgða sem í frv. var, þ.e. sú hugsun að í lögunum um stjórn fiskveiða sé viðlagaákvæði sem unnt verði að beita ef upp komi þær aðstæður í sjávarplássi, sem ekki á sér aðra lífsbjörg en smábáta, að við þurfi að bregðast.

Hér er hins vegar gerð sú tillaga að úthlutun þessara veiðiheimilda verði í höndum sjútvrh. eins og önnur úthlutun veiðiheimilda en verði ekki færð til Byggðastofnunar. Byggðastofnun er ekki aðili sem á að úthluta veiðiheimildum. Sú aðferð að ætla að setja úthlutun veiðiheimilda í hendur Byggðastofnunar er vísasti vegurinn til að skapa tortryggni og frekari deilur eða gagnrýni á fiskveiðistjórnunarkerfið. Ef menn eru að biðja um það þá er þetta upplögð aðferð. En ég vek athygli manna á því að stjórnsýsla í þessa veru getur leitt til pólitískrar úthlutunar, getur leitt til þess að hér verði til það sem menn hafa hingað til kallað sjóðasukk og það held ég að sé ekki sátt um fiskveiðistjórnun á Íslandi til framdráttar. Ég segi já.

Ákvæði til brb. II samþ. með 29:4 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GAK, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, TIO, ÞorstP.

**nei:** ÁE, GuðjG, JóhS, SvanJ.

16 þm. (GE, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, StB, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:15]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er á subbulegan hátt verið að blanda saman verkefnum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds þegar úthlutunarvald á fiskveiðiheimildum er falin stjórn Byggðastofnunar þar sem í eiga sæti m.a. þingmenn sem setja þessi lög og fara síðan hinum megin við borðið og úthluta aflaheimildum sem þessi lög kveða á um. Ég segi nei.

Brtt. 57,4 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. III) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, GE, GuðjG, GAK, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 61,3 felld með 30:19 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, EOK, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:18]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég átti á sínum tíma gott samstarf við hæstv. forsrh. og ég tek alla jafnan meira mark á því sem hann segir en ýmsir aðrir menn. Í stefnuræðu sinni sagði hæstv. forsrh. að það bæri brýna nauðsyn til að skapa festu, öryggi og traust í kringum sjávarútvegsinn. Nú er það svo, herra forseti, að í verkefnaskrá hæstv. sjútvrh. kemur fram að það á að bera saman kosti og galla mismunandi stýrikerfa við fiskveiðar Íslendinga. Það er því alveg ljóst að fræðilega er uppi sá möguleiki að menn komist að þeirri niðurstöðu að eitthvað allt annað kerfi en það sem við búum við núna sé betra og sé best fallið til þess að stýra fiskveiðum Íslendinga. Það er með öðrum orðum alveg ljóst að verkefnaskrá hæstv. sjútvrh. skapar mikla óvissu í kringum greinina og til þess að reyna að draga úr henni teljum við nauðsynlegt að það sé sett tímasetning á lok þeirrar endurskoðunar sem hæstv. sjútvrh. hefur í rauninni boðað með verkefnaskrá sinni. Þess vegna flytjum við þessa tillögu um að endurskoðun á fiskveiðistjórnuninni verði lokið fyrir árslok 1996.

[16:19]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er boðað, með óljósu orðalagi þó, í stjórnarsáttmála að til standi að endurskoða sjávarútvegslöggjöfina og einstakir stjórnarliðar hafa jafnvel skotið sér á bak við það hér í umræðum um vandasöm mál að betri og meiri lagfæringar bíði þá haustsins. Á hinn bóginn hafa engin svör komið frá hæstv. ríkisstjórn um það hvernig standa eigi að þeirri endurskoðun og ekki heldur um það hvort stjórnarandstöðunni eða öðrum aðilum verði tryggð einhver aðild að slíku ferli. Sporin hræða mjög í þessum efnum og mátti síðasti ræðumaður gerst um það vita, jafnógæfulega og til tókst á síðasta kjörtímabili í ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. og undir stjórn hinnar margfrægu tvíhöfða nefndar.

Við teljum þess vegna ástæðu til að ganga frá því nú með hvaða hætti þetta verði gert, annars vegar hvað tímasetningar snertir og hins vegar fá það á hreint hvort núv. ríkisstjórn ætlar að veita stjórnarandstöðunni einhvern eðlilegan aðgang að vinnu við þessi mál. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að með því að svara engu til um þetta og fella þessa tillögu sé ríkisstjórnin í reynd að lýsa því yfir að hún ætli að hafna öllu samráði við stjórnarandstöðuna. Ég skora á menn að samþykkja þessa tillögu.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, FrS, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:21]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Það kom fram við atkvæðagreiðslu um 2. gr. frv. að einn hv. þm., Guðjón Guðmundsson, hafði kjark til þess að fylgja sannfæringu sinni í atkvæðagreiðslunni og ber að virða það. (**Gripið fram í:** Tveir.) Já, ég bið forláts á því að þeir voru tveir þingmenn Sjálfstfl., báðir með þessu ágæta nafni, sem höfðu kjark til þess að fylgja sannfæringu sinni hér við atkvæðagreiðsluna. Þingmenn Framsfl., í Reykn. sérstaklega, hv. þm. Hjálmar Árnason og Siv Friðleifsdóttir, lýstu því hins vegar yfir að atkvæðagreiðsla þeirra hefði verið háð því að frv. yrði breytt við 3. umr. Með sérstakri tilvísun til þess að fyrirheit hafa komið hér fram frá þingmönnum Framsfl., um að breyta frv. við 3. umr., tel ég rétt að árétta sérstaklega stuðning við það að frv. fari til 3. umr.

**Útbýting þingskjala:**

Alþjóðaviðskiptastofnunin, 27. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 71; brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 72; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 73; brtt. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 74.

## *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 29. mál (gjaldskylda krókabáta o.fl.). — Þskj. 33, nál. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:24]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, GB, GÁS, GMS, HÁs, HG, IP, JónK, KH, PP, RG, SJS, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. I-II samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 65 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. III) samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

***Meðferð og eftirlit sjávarafurða, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 30. mál (vettvangsathugun eftirlitsmanna EFTA). — Þskj. 34, nál. 66.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

***Útvarpslög, frh. 1. umr.***

Frv. menntmn., 39. mál (gerð og notkun myndlykla). — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

***Atvinnuleysistryggingar, frh. fyrri umr.***

Þáltill. JóhS o.fl., 10. mál (heildarendurskoðun). — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:28]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. með 44 shlj. atkv.

***Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 3. umr.***

Stjfrv., 14. mál (ráðstöfun lausra starfa). — Þskj. 14.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:29]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ.
5 þm. (GHelg, HG, KHG, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, GB, GÁS, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, MF, PP, RG, SighB, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 78).

***Skipulag ferðamála, 3. umr.***

Stjfrv., 20. mál (umboðssala farmiða). — Þskj. 68.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:30]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ.
21 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, GB, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, IP, JónK, KH, MF, ÓRG, PP, RG, SighB, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 79).
[Fundarhlé. — 16:31]

***Alþjóðaviðskiptastofnunin, 2. umr.***

Stjfrv., 27. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 29, nál. 69, 71 og 73, brtt. 70, 72 og 74.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

[16:51]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 69 og brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Í frv. eru lagðar til breytingar á tollalögum, búvörulögum, lögum um varnir gegn dýrasjúkdómum, lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum og öðrum lögum sem varða innflutning og eru nauðsynlegar í framhaldi af staðfestingu Íslands á samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina sem gerð var með þál. á 118. löggjafarþingi. Með lögfestingu frv. komast í framkvæmd þær breytingar á innflutningsmálum sem um var samið í Úrúgvæ-viðræðunum og með þeim verður leitast við að uppfylla þær skuldbindingar sem Ísland tók á sig við staðfestingu samningsins.

Mikilvægustu breytingar frumvarpsins snerta skilyrði til innflutnings á landbúnaðarafurðum sem ekki verður framar stjórnað með bönnum og höftum. Í staðinn verða teknir upp tollar og er meginviðfangsefni frumvarpsins að ákveða þá með þeim hætti að uppfylltar verði skuldbindingar samningsins og tilgangi hans fylgt fram en samtímis gætt hagsmuna innlendra framleiðenda matvöru. Þó að leiða megi rök að því að þegar til lengri tíma er litið falli hagsmunir neytenda og framleiðenda hér á landi að þeirri stefnu sem samningurinn mótar er það fullljóst að langan aðlögunar-

tíma þarf til bæði hér á landi og í alþjóðlegum viðskiptum með landbúnaðarvörur áður en frjáls og eðlileg markaðsviðskipti verða meginreglan í viðskiptum milli landa með þessar vörur.

Heyrst hefur að mörgum þyki þær breytingar á tollalögum í sambandi við skilyrði til innflutnings á landbúnaðarvörum, sem fjallað er um í I. kafla frv., nokkuð flóknar. Því tel ég rétt, herra forseti, áður en lengra er haldið, að gera aðeins nánari grein fyrir efnisatriðum og helstu hugtökum sem þar er byggt á.

Samkvæmt GATT-samningnum þarf að breyta öllum innflutningstakmörkunum og innflutningsgjöldum í tolla. Því er í viðauka I með frv. lögð til breyting á tollskrá þar sem almennir tollar á þeim vörum sem heyra undir samninginn eru tilgreindir. Í viðaukum II–IV eru síðan sérreglur um tolla sem byggjast á samningnum. Veigamikill hluti GATT-samningsins eru skuldbindingar samningsaðila um hámark þeirra tolla sem þeir mega leggja á innflutning, svokallaðar tollabindingar. Þessir hámarkstollar á landbúnaðarvörum og vörum framleiddum úr landbúnaðarafurðum eru tilgreindir í viðauka IIA. Aðildarríkin hafa síðan skuldbundið sig til að tryggja ákveðinn lágmarksaðgang að mörkuðum sínum af þeim landbúnaðarvörum sem enginn eða óverulegur innflutningur var á á viðmiðunartímabilinu 1986–1988 og þá á lægri tollvöxtum en tollabindingar heimila.

Þessi lágmarksaðgangur, sem er tilgreindur í svokölluðum tollkvótum, er miðaður við 3–5% af meðalinnanlandsneyslu áranna 1986–1988 og úthlutar landbrh. tollkvótunum til umsækjenda samkvæmt nánari reglum sem fram koma í 19. gr. frv. Þessir lágmarkstollkvótar eru tilgreindir í viðauka IIIA með frv. Gert er ráð fyrir að þær landbúnaðarvörur sem landbrh. er skylt að úthluta tollkvótum fyrir, samkvæmt viðauka IIIA, þ.e. kjöt, egg, smjör, ostur og kartöflur, munu bera toll sem samsvarar tæpum þriðjungi af þeim grunntaxta sem er upp gefinn í viðauka IIA.

Í viðauka IIIB eru tilgreindir tollkvótar á þær vörur sem fluttar voru inn í meira magni en 5% á framangreindu viðmiðunartímabili, en hafa verið háðar magntakmörkunum, svokallaður ríkjandi markaðsaðgangur. Hér er fyrst og fremst um að ræða blóm og grænmeti. Tollar á vörur samkvæmt þessum tollkvótum mega ekki vera hærri en þeir voru á árunum 1986–1988, en í frv. er gert ráð fyrir að þeir verði mest 30% í stað 40% sem heimild hafði verið til

Þá gerir frv. ráð fyrir að landbrh. sé heimilt að úthluta viðkvótartollkvótum á kjöti, mjólk, smjöri, osti og eggjum annars vegar, sbr. viðauka IVA og á blómum og grænmeti hins vegar, sbr. viðauka IVB. Tollur á þessum kvótum getur verið breytilegur eftir ákvörðun landbrh., allt niður í helming venjulegra tolla á vörur í viðauka IVA og niður í engan toll á vörur í viðauka IVB.

Nefndin fékk fjölmarga aðila á fund við umfjöllun um frv. sem taldir eru upp í nál. Þá fékk hún einnig sendar ítarlegar umsagnir frá landbn., sem þríklofnaði í afstöðu sinni til málsins og eru þær allar birtar sem fskj. með álitinu.

Mun ég nú gera grein fyrir þeim brtt. sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerðar verði á frv., sbr. þskj. 70.

Aðalbreyting sem meiri hluti nefndarinnar leggur til felst í tvennu: Í fyrsta lagi er lagt til að inn í þá grein frv. sem fjallar um tollkvóta verði bætt nýjum valkosti fyrir landbrh. þegar hann ákveður hvaða tollar skuli lagðir á þær vörur sem tilgreindar eru í viðauka IVA, þ.e. hina svokölluðu viðbótartollkvóta sem heimilt er að leyfa innflutning á. Í frv. er gert ráð fyrir tveimur valkostum, þ.e. að annaðhvort skuli þessir tollar vera 75% af þeim magntolli sem lagður er á hluteigandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða að miða við þann toll sem gildir fyrir svokallaðan lágmarksaðgang. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að ef ráðherra kýs að miða við magntollinn geti hann valið milli þess hvort um er að ræða 50% eða 75% af honum í hverju tilviki. Með þessari breytingu er verið að koma til móts við þá gagnrýni sem fram hefur komið, m.a. frá Neytendasamtökunum, þess efnis að þrátt fyrir lágmarksmarkaðsheimildina séu litlar líkur á því að um innflutning verði að ræða þar sem tollar á þennan innflutning verði það háir.

Í öðru lagi er lagt til að nýju ákvæði verði bætt inn í 20. gr. frv. Það felur í sér skírskotun til hvaða atriða landbrh. ber að líta þegar hann tekur ákvörðun um úthlutun viðbótartollkvóta samkvæmt viðauka IVA og B. Annars vegar skal hann hafa til hliðsjónar að nægilegt framboð á hæfilegu verði sé til staðar á hverri vöru á hverjum tíma. Hins vegar skal hann líta til þess hvort þeir lágmarkstollkvótar, sem hann hefur þegar úthlutað samkvæmt viðauka III, hafi verið nýttir af leyfishöfum eða ekki. Með vali á tolltöxtum, samkvæmt 3. og 4. mgr. 3. gr. frv., getur hann haft áhrif í því efni. Tilgangur þessara breytinga er annars vegar að lögin gefi leiðbeiningu um það hvenær og í hvaða skyni úthluta skuli hinum frjálsu kvótum og hins vegar að fram komi í lögunum að tilgangur þessa ákvæðis sé m.a. að stuðla að því að innflutningur verði í samræmi við skuldbindingar samkvæmt GATT-samkomulaginu. Með báðum þessum breytingum er því verið að koma til móts við þau neytendasjónarmið sem fram komu hjá mörgum þeirra gesta sem fyrir nefndina komu og í umsögnum er nefndinni bárust.

Þá er lögð til breyting á ákvæðum 6. gr. frv. um úrræði tollstjóra ef grunur leikur á að innflutningur eigi sér stað á vöru sem brýtur gegn hugverkaréttindum. Annars vegar segir í frv. að rétthafi skuli leggja fram sönnun þess að hugverkaréttindi njóti verndar hér á landi. Fram kom á fundum nefndarinnar að þetta orðalag væri fullstrangt og því er lagt til að talað verði um fullnægjandi gögn sem er líka betur í samræmi við ákvæði GATT-samningsins um hugverkaréttindi. Hins vegar leggur nefndin til að tekið verði út orðalag um að rétthafi þurfi að leggja fram tryggingu fyrir kostnaði tollyfirvalda af frestun tollafgreiðslu. Tollyfirvöld geta krafið inn þennan kostnað eftir öðrum leiðum og því ekki þörf á sérstöku ákvæði þar um í þessari grein.

Einnig leggur meiri hlutinn til að inn í búvörulögin verði tekið nýtt ákvæði um heimild fyrir landbrh. til

að banna fyrir innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaaukandi efni eða ef þessar afurðir kunna að fela í sér leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem eru umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi og geta verið hættuleg heilsu manna. Í raun er verið að gera sömu kröfur til innfluttra afurða og gerðar eru til innlendrar framleiðslu, sbr. m.a. lög nr. 30 frá 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Auk þess sem að framan er greint er lagt til að heimild til að taka eftirlitsgjald lögtaki til að standa straum af eftirliti með plöntum verði felld niður þar sem hún er talin óþörf og að gerðar verði nokkrar breytingar á tollskrá í viðauka I sem eru skýrðar nánar út í nefndarálitinu. Loks eru gerðar nokkrar leiðréttingar á frv. sem snúa ekki að efni þess.

Það er eðlilegt að um frv. sem þetta séu skiptar skoðanir og kom það berlega í ljós í þeim umsögnum sem nefndin fékk og í málflutningi þeirra sem nefndin fékk til viðtals við sig. Kom annars vegar fram að talsmenn framleiðenda eru uggandi og óttast áhrif aukins innflutnings. Hins vegar voru talsmenn verslunar og neytenda á þeirri skoðun að of skammt væri gengið og að ekki væru horfur á neinum verulegum innflutningi á búvörum. Þótt frv. leiði e.t.v. ekki til stórfelldra breytinga í verslun með landbúnaðarvörur á næstunni er það engu að síður mikilvægt og stórt skref. Meginbreytingin sem það felur í sér er að það setur viðskiptum með landbúnaðarvörur nýjar reglur.

Á grundvelli þessara breytinga verður framvegis unnt að stýra innflutningi og hafa áhrif á þróun landbúnaðar innan lands með markaðstengdum aðgerðum sem ættu að tryggja að óskir neytenda komist betur til skila en áður og að framleiðendur eigi auðveldara með að laga sig að þeim óskum og tryggja þannig framtíð sína.

Meiri hluti nefndarinnar telur að með frv. og þeim breytingum sem hér eru lagðar til hafi tekist að samræma með viðunandi hætti þau meginsjónarmið sem uppi eru í málinu. Hann telur fullljóst að þannig sé gengið frá málum að stöðu innlendra framleiðenda verði ekki raskað óvænt og að stjórnvöld hafi með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir, öll nauðsynleg tæki í höndum til að koma í veg fyrir að svo verði.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg fyrir hönd meiri hluta efh.- og viðskn. til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á þskj. 70 og ég hef gert hér nánari grein fyrir.

Undir nefndarálitið rita Sólveig Pétursdóttir, Vilhjálmur Egilsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Einar Oddur Kristjánsson og Pétur H. Blöndal.

[17:04]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum 1. minni hluta efh.- og viðskn. Efh.- og viðskn. hefur haft bandorm þennan til umfjöllunar á mörgum fundum. Leitað hefur verið eftir skriflegum álitsgerðum frá fjölda aðila og fulltrúar mjög margra aðila kvaddir til viðtala. Þrátt fyrir afar nauman tíma til þess að skoða þetta mál ofan í kjölinn af hálfu svo margra aðila brugðust þeir fljótt og vel við þannig að nefndinni bárust margar álitsgerðir auk þess sem fram kom í viðræðum rökstudd sjónarmið bæði frá ýmsum hagsmunaaðilum og eins opinberum stofnunum, svo sem Þjóðhagsstofnun, Hagfræðistofnun háskólans og fleiri aðilum.

Að lokinni þessari ítarlegu umfjöllun var nefndarmönnum það ljóst að áhrif frv. eru fyrst og fremst þau að koma í stórum dráttum í veg fyrir innflutning á landbúnaðarafurðum og þar með fyrir samkeppni. Meginstefna frv. braut þannig í bága við margyfirlýstan tilgang GATT-samninganna sem slíkra, þ.e. landbúnaðarþáttar Úrúgvæ-lotu GATT-samninga. Þetta er ekki bara skoðun þess sem hér stendur. Þetta var margáréttað sem meginniðurstaða í skriflegum álitsgerðum og munnlegum samtölum sem fram fóru í nefndinni af hálfu þeirra aðila sem fyrst og fremst eiga að búa við þetta kerfi.

Hv. 5. þm. Reykv. mælti fyrir brtt. og nefndaráliti meiri hlutans og reyndi í því efni að leggja áherslu á að meiri hlutinn hefði reynt að koma til móts við þessa hörðu gagnrýni á frv. með því að leggja fram breytingartillögur. Breytingartillögurnar eru ýmsar en sú brtt. sem hv. frsm. lagði mesta áherslu á er að mínu mati algerlega ófullnægjandi. Hún snertir ekki meginatriði málsins, þ.e. þá meginstefnu sem er mörkuð með samsettum tollum, verðtollum og magntollum, og þá aðferð sem beitt er til þess að spenna þá upp í hæstu hæðir og útiloka þar með öll viðskipti og samkeppnisáhrif. Hún varðar einungis hinn mjög svo takmarkaða lágmarksmarkaðsaðgang og gerir það með þeim hætti að vafasamt er hver áhrifin verða. Þetta er heimildarákvæði til hæstv. landbrh. Menn ætla með öðrum orðum að leggja allt traust sitt á góðvild landbrh. í þessu efni ef þörf krefur. Í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór hér áðan um aflamarkskerfið er þetta svona ámóta fróm ósk eins og ef þingheimur vildi leggja allt traust sitt á hæstv. ráðherra Þorstein Pálsson og Halldór Ásgrímsson til þess að leggja af aflamarkskerfið. Það eru ámóta miklar líkur á að við því verði orðið eins og það að fela fulltrúa hagsmunaaðila framleiðenda, sem hafa farið offari í undirbúningi þessa máls, að hafa þetta í hendi sér.

Í annan stað er aðferðin aðfinnsluverð því að hún felur í sér heimild til viðbótarúthlutunar á kvótum á breytilegum tollum. Hin rétta aðferð er að sjálfsögðu sú að taka afstöðu til þess hvernig menn vilja stilla tollana. Samkvæmt GATT-samkomulaginu er gamla kerfið, sem var við lýði, þ.e. að hafa breytilega tolla gagnrýnt harðlega. Þeir eiga að vera fastir, birtir, sýnilegir þannig að viðskiptaaðilar geti gengið að því sem gefnum hlut hver kjörin eru en þessi tillaga felur það ekki í sér.

Vera má engu að síður ef landbrh. beitir þessum heimildum að það geti breytt einhverju. Það var mat viðræðuaðila efh.- og viðskn. að 2–3 tegundir gætu hugsanlega vakið áhuga innflutningsaðila í innflutningi í lágmarksaðgangi. Ef þessu væri beitt gæti þetta

hugsanlega haft einhver áhrif en þau eru áreiðanlega mjög takmörkuð. Þetta er þess vegna frekar tilraun til þess að fegra málstaðinn fremur en alvörutillaga um að taka á því máli sem fyrir liggur.

Þess vegna hef ég sem fulltrúi Alþfl. í nefndinni lagt fram breytingartillögur sem taka á þessum málum, bæði að því er varðar magntolla, verðtolla og ákvörðun tolla er heyra undir lágmarksmarkaðsaðgang, sem og breytingartillögur sem fela í sér að því grundvallarskilyrði er fullnægt að sú tollvernd sem ákveðin er í upphafi fari stiglækkandi á aðlögunartímanum. Það er kannski það þýðingarmesta í þessu máli vegna þess að það sem verið er að gera er að stíga fyrstu skrefin í þá átt að stuðla að samkeppni, bæði fyrir framleiðendur, vinnslustöðvar og dreifingaraðila. Það er íslenskum landbúnaði lífsnauðsyn á þessum tíma og athyglisvert að stjórnarliðar hafa í engu svarað því á hvern hátt þeir vilja nota tímann til þess að búa íslenskan landbúnað, sem kominn er í algerar ógöngur og þeir viðurkenna sjálfir, undir breytta tíma. Nógur er tíminn en ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

Að mínu mati stendur það þrátt fyrir þessar lítilfjörlegu breytingartillögur meiri hlutans að frv. er að meginstefnu til óbreytt. Það hefur þann yfirlýsta tilgang í stórum dráttum að útiloka innflutning nema í undantekningartilvikum og að koma þannig í veg fyrir alla samkeppni og þar með svipta menn voninni um það að GATT-samningurinn í framkvæmd gæti orðið tækifæri til þess að innleiða nýja tíma fyrir íslenskan landbúnað og fyrir íslenska neytendur. Þetta tækifæri fer forgörðum með þeirri stefnu sem hér er lýst yfir.

Herra forseti. Það er yfirlýstur tilgangur landbúnaðarkafla Úrúgvæ-lotu GATT-samningsins að aflétta banni á viðskiptum með landbúnaðarafurðir, að afnema viðskiptahindranir hverju nafni sem nefnast, að lækka tolla og stuðla þannig smám saman að samkeppni um verð og gæði í framleiðslu og viðskiptum með landbúnaðarvörur. Hitt er líka rétt að það er jafnframt umsamið í samningnum sjálfum að tryggja megi framleiðendum landbúnaðarvara samkeppnisvernd á sex ára aðlögunartímabili enda er gert ráð fyrir því að verndin minnki í áföngum. Í því felst auðvitað að innleiða verður þessa samkeppni til þess að aðlögunartímabilið nýtist í framhaldinu.

Nauðsyn samkeppni í þessum viðskiptum sem öðrum sést m.a. af því að ríkjandi verndarstefna hefur hvarvetna brugðist, ekki síst hér á landi. Löngum hafa menn deilt um það en nú er svo komið að þeir sem lengst af hafa varið kerfið fram í rauðan dauðann eru á faralds fæti í flótta sínum undan því og skortir nú mjög rök til þess og þær raddir verða æ háværari meðal bænda sjálfra sem kvarta sáran undan afleiðingum þess. Að því er GATT-samkomulagið varðar er það svo að aðeins brot af landbúnaðarframleiðslu heimsins er reyndar í frjálsum viðskiptum á heimsmarkaði. Nefndar hafa verið tölur eins og um eða innan við 3% af heildarframleiðslu landbúnaðarafurða. Afleiðingin af þessu er sú að framleiðni í landbúnaði hefur dregist langt aftur úr þeim greinum sem njóta aðhalds af samkeppni í frjálsum viðskiptum. Þetta hefur með öðrum orðum bitnað bæði á framleiðendum og neytendum þar sem verndarstefnan hefur gengið út í öfgar.

Ísland hefur því miður lengi verið í hópi þeirra þjóða sem lengst hafa gengið í verndarstefnu. Og enn er það svo ef það er mælt á mælikvarða opinbers stuðnings við landbúnaðarframleiðsluna þá koma um það bil þrír fjórðu hlutar af heildarverðmæti hennar frá opinberum aðilum. Ísland var í þriðja, er hugsanlega nú í fjórða sæti af þeim löndum sem lengst hafa gengið í verndarstefnu að þessu leyti. En hefur þetta búið bændum einhver fyrirmyndarskilyrði? Nei, því fer fjarri. Það liggur fyrir af opinberum tölum að tekjur bænda hafa lækkað langt umfram tekjur annarra stétta. Á sama tíma er það svo þrátt fyrir verulega ríkisstyrki í margvíslegu formi hefur verð til neytenda á Íslandi reynst vera að jafnaði eitthvert hið hæsta sem dæmi finnast um á byggðu bóli. Það sætir furðu að flokkur eins og Sjálfstfl. skuli ekki í ljósi reynslunnar nota tækifærið við framkvæmd GATT-samningsins að stíga fyrstu skrefin í þá átt að aflétta þessu kerfi, að koma á samkeppni, að nýta það aðhald sem af henni hlýst, að reyna að gæta sanngirni milli sjónarmiða beggja aðila, annars vegar að tryggja framleiðendum og vinnslustöðvum hæfilega vernd en jafnframt þó að tryggja að árangur af samkeppninni geti farið að skila sér. Sérstaklega er þetta undarlegt í ljósi þess að framleiðni hefur dregist langt aftur úr öðrum sambærilegum atvinnugreinum hér á landi innan landbúnaðarins. Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar, sem hann kom á framfæri við efh.- og viðskn., hefur framleiðni í mjólkurframleiðslu og -vinnslu farið lækkandi sl. 20 ár og að hans mati um 30–35% hvort heldur er mælt á mælikvarða fjármuna eða vinnuafls. Að hans sögn hefur framleiðni í sláturiðnaði á Íslandi staðið í stað í 20 ár og var þó afar lág fyrir og þolir engan samanburð við sambærilegar atvinnugreinar hjá nálægum þjóðum.

Að svo miklu leyti sem stjórnmálamenn fengust til að ræða landbúnaðarmál og kjör bænda í seinustu kosningum vakti það mesta athygli mína að fulltrúar úr bændastétt birtu opið bréf til bændaforustunnar undir fyrirsögninni „Skipulögð fátækt" og lýstu með þeim orðum afleiðingum þess kerfis sem bændavinirnir miklu í framsóknarörmum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, sem hafa stýrt þessum málaflokki áratugum saman, hafa leitt yfir þá.

Þetta eru einkunnarorðin sem bændur sjálfir eru farnir að nota um það ríkisrekna einokunarkerfi sem við höfum búið til og það er stefna þessa frv. að við skulum búa við áfram. Ég lýsi vonbrigðum mínum yfir því að stjórnarflokkarnir skyldu ekki nota tækifærið sem GATT-samningurinn færir þeim upp í hendur til þess að byrja nýja tíma á því að leysa bændur úr viðjum þessa úrelta kerfis og stíga fyrstu skrefin í þá átt að bjóða neytendum sanngjarnari kjör í framtíðinni.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns var það meginniðurstaða, ekki aðeins fulltrúa neytenda heldur einnig fulltrúa verslunar og viðskipta sem nefndin ræddi við eða fékk álitsgerðir hjá, að áhrif frv. væru lítil sem engin. Þótt innflutningsbann sé form-

lega afnumið eru lagðir á svo háir tollar á innflutning að hann er í reynd útilokaður nema í sérstökum undantekningartilvikum. Þrátt fyrir brtt. verður það svo áfram.

Tilgangur frumvarpshöfundanna var að mati þessara viðræðuaðila okkar sá að því er virtist að útiloka samkeppni og viðhalda þar með óbreyttu ástandi. Sumir þessara aðila notuðu hugtakið ofurtollar sem eru skilgreindir á þá leið að það eru tollar sem eru stilltir svo háir að þeir útiloka raunveruleg viðskipti. Sérstaka athygli vekur að það er beitt nokkurri hugkvæmni til að stilla tollana þannig af að þeir lækki ekkert á aðlögunartímanum þannig að aðlögunartíminn nýtist ekki. Þetta eru meginárifir frv. Þetta bar þeim saman um sem við kerfið eiga að búa, samanber umsagnir fulltrúa Hagkaupa hf., Neytendasamtakanna, Íslenskrar verslunar, Sambands veitinga- og gistihúsa, Samtaka iðnaðarins og reyndar fleiri aðila. Það er t.d. athyglisvert að það mun vera nýmæli í þessum málum að fulltrúar Alþýðusambands Íslands, heildarsamtaka vinnandi fólks á Íslandi, lýsa efasemdum sínum, gagnrýni sinni á frv. og telja að of langt sé gengið í þá átt að halda uppi óbreyttri verndarstefnu.

Það vakti athygli mína að forstjóri Þjóðhagsstofnunar vitnaði til álitsgerðar frá Þjóðhagsstofnun frá árinu 1992 og reifaði hvernig Þjóðhagsstofnun hafði reynt að meta áhrif framkvæmdar GATT-samningsins á Íslandi á þeim tíma miðað við gefnar forsendur. En hafandi farið yfir frv. komst forstjórinn að þeirri niðurstöðu að með því væri verið að halda uppi meiri verndarstefnu en Þjóðhagsstofnun hafði gert ráð fyrir, þ.e. allt að 25% umfram það sem Þjóðhagsstofnun hafði áætlað enda ekki gert ráð fyrir neinni lækkun tollverndarinnar á tímabilinu.

Þessi meginárifir frv. að útiloka innflutning og þar með samkeppni koma einna skýrast fram í eftirfarandi umsögn forstjóra Hagkaupa sem er dagsett 7. júní sl. Þar segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Það er okkar skoðun að frv., verði það að lögum, muni ekki ná þeim yfirlýsta tilgangi að opna fyrir innflutningi á landbúnaðarafurðum til Íslands umfram það sem verið hefur. Gildir þá einu hvort um er að ræða innflutning samkvæmt svonefndum lágmarksaðgangi eða innflutning með 30% tollum og krónutölujöfnun. Báðar aðferðirnar leiða til mun hærra verðs á innfluttri vöru en innlendri og er munurinn ekki 30% eins og í fyrstu mátti skilja heldur mun meiri og í raun óviðráðanlegur í flestum tilfellum. Þetta leiðir til þess að við höfum almennt ekki í hyggju innflutning á landbúnaðarvörum þótt vera kunni að einstakar afurðir finnist sem hægt verði að selja á samkeppnisfæru verði á Íslandi.

Svo virðist sem þessi mikli verðmunur stafi m.a. af því að svokallað heimsmarkaðsverð sem miðað er við er allt of lágt borið saman við raunverulegt markaðsverð í dag. Þannig kemur t.d. í ljós að frv. gerir ráð fyrir að „heimsmarkaðsverð“ á svínakótilettum sé 195 kr. pr. kg en það verð sem við getum fengið þá vöru á erlendis er 463 kr. pr. kg.“

Því næst birtir forstjórinn töflu sem fylgir með umsögn Hagkaupa, sem er sú verslun á Íslandi sem stærðar sinnar vegna gæti helst gert hagkvæm innkaup, sem er afar athyglisverð fyrir þá sök að hún sannar með skýrum hætti það sem við höfum haldið fram að þetta svokallaða heimsmarkaðsverð er hvergi virkt viðskiptaverð, það er tilbúningur í raun og veru. Raunverulega virkt viðskiptaverð, sem Íslendingar eiga kost á, er miklum mun hærra. Þetta er auðvitað gert í ákveðnum tilgangi, með öðrum orðum til þess að fá forsendur til þess að auka tollverndina. Innflutningsbannið er að nafninu til afnumið en því er haldið við í reynd með þeim aðferðum sem hér er beitt. Hver er aðferðin, herra forseti? Samkvæmt GATT-samningnum er heimilt að umreikna afnám innflutningsbanns í tolla. Þetta eru svokallaðar tollabindingar sem eru þar með hámarkstollar. Margir virðast halda að þar með sé niðurstaða þessa reikningsdæmis orðið að hinni eðlilegu tollvernd og að það sé skuldbindandi tilboð af Íslands hálfu. Svo er ekki. Þetta eru einungis heimildarákvæði. Þetta er ákveðin aðferð við að reikna út muninn sem var vissulega mikill á innlendu verðlagi og innflutningsverðlagi en hefur ekkert að gera með pólitískar ákvarðanir um það hversu langt menn vilji ganga í verndarstefnuátt.

Tollabindingarnar eru fundnar með því að finna út erlent viðmiðunarverð, reyndar á viðmiðunarárunum 1986–1988, og brúa síðan bilið milli þess og innlends heildsöluverðs eins og það er gefið upp og auglýst af fulltrúum einokunarkerfisins íslenska. En mörg dæmi finnast fyrir því að það verð er reyndar hærra en raunverulegt smásöluverð sem unnt er að ganga að, sérstaklega í stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu. Verðmunurinn er jafnaður með tollabindingunni og það er hinn heimilaði hámarkstollur. Þess vegna er ljóst að höfundar frv. fara þá leið að beita samsettum tollum, annars vegar 30% verðtolli og hins vegar magntolli sem er föst krónutala á kíló eða einingu. Með því að gefa sér þessar óraunhæfu viðmiðanir í báða enda fá þeir út himinháa krónutölujöfnun, þ.e. hinn svokallaða magntoll. Annars vegar er hið svokallaða heimsmarkaðsverð miklum mun lægra en raunverulegt viðskiptaverð sem íslenskir innflytjendur eiga kost á, hins vegar er auglýst innlent heildsöluverð einokunaraðila sem í mörgum tilvikum eru hærri en raunverulegt smásöluverð stórmarkaða. Útkoman er tollur sem er nægilega hár til þess að þjóna settu marki, að útiloka innflutning. En hann er líka hafður ekki nægilega hár til að hann rekist upp í tollabindinguna nema í undantekningartilvikum, þ.e. hámarksheimildina. Tilgangurinn með því er sá að losna við þá skyldu GATT-samningsins að lækka tollverndina um 36% eða 15% að meðaltali á sex ára aðlögunartímabili. Þessi aðferð frumvarpshöfunda er það sem sérfræðingar í þessum málum hafa á erlendu máli kallað „dirty tariffication“, þ.e. eitthvað miður viðfelldin aðferð til að ná settu marki að spenna formlegar heimildir upp úr öllu valdi til þess að koma í veg fyrir viðskipti. Þessari aðferð er skilmerkilega lýst í umsögn Íslenskrar verslunar en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt tollviðauka I, sem lagður er fram með

ofannefndu frv., er hagur neytenda algerlega fyrir borð borinn og íslenskum landbúnaði tryggð einokun um ókomna tíð. Hinir háu verndartollar, eða ofurtollar, sem þar er að finna gera með öllu ómögulegt að halda hér uppi virkri samkeppni milli innlendra og innfluttra landbúnaðarafurða.

Ofurtollar þessir eru réttlættir með því að þeir séu mismunur á heimsmarkaðsverði annars vegar og heildsöluverði innanlandsframleiðslu hins vegar.

Íslensk verslun hafnar þessari skýringu alfarið. Hvort tveggja er að hið svokallaða heimsmarkaðsverð er bæði óskýrt og óskilgreint hugtak. Það brýtur gegn þeirri meginreglu samningsins að miða skuli við viðskiptaverð í tolli. Þá er auk þess tilgreint í viðauka V við landbúnaðarsamning GATT 1994 að miðað skuli við meðaltal cif-einingarverðs í innflutningi við umreikning yfir í tollígildi. Notkun heimsmarkaðsverðs er klárlega í andstöðu við það. Þá hafna samtökin með öllu að til sé nothæft og marktækt heildsöluverð í landbúnaði. Slíkt verð getur aldrei myndast nema í frjálsri samkeppni á markaði sem opinn er jafnt fyrir innfluttum sem innlendum varningi. Slíkt verð getur aldrei myndast í skjóli einokunar og tollmúra."

Herra forseti. Ég hef vitnað í umsagnir fulltrúa viðskiptalífsins um meginstefnu frv. Það er líka sérstök ástæða til að minna á að í skriflegri umsögn Neytendasamtakanna er tekið undir þessi sjónarmið og komist að sömu niðurstöðum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin minna á að tilgangurinn með nýja GATT-samningnum með landbúnaðarvörur er að örva viðskipti og þar með samkeppni með þessar vörur. Ljóst er hins vegar að ef frv. til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (áður GATT) verður samþykkt óbreytt munu neytendur hafa sáralítinn ávinning af þessum samningi."

Ástæða er til að minna á það þegar stjórnarliðar reyna að bera í bætifláka fyrir þetta og reyna að gera meira úr brtt. sínum en ástæða er til. Úthlutun tollkvóta innan ramma lágmarksmarkaðsaðgangs er reyndar undir öllum kringumstæðum ekki líkleg til að skila neytendum neinum ávinningi. Einfaldlega vegna þess að jafnvel þótt það verði af einhverjum innflutningi í undantekningartilvikum er um að ræða skömmtunarkerfi og það var mat manna í umræðum í nefndinni að líklegast myndu aðilar í verðlagningu sinni stilla það af nálægt markaðsverði þannig að neytendur nytu ekki góðs af því. Í því efni er einfaldlega spurningin um hvaða aðferð menn beita við úthlutunina sjálfa. Hvort lottóvinningurinn sem boðaður var í frv. stjórnarliða rennur með þeim hætti í vasa innflytjandans eða hvort efnt verður til auglýstra útboða á þessum innflutningsleyfum þannig að rentan í málinu renni til almenningsþarfa, þ.e. í ríkissjóð, frekar en til heildsala eins og yrði fyrirsjáanlega afleiðingin af þeirri aðferð sem frv. boðar. Brtt. stjórnarliða nær a.m.k. ekki þeim tilgangi sínum hafi það vakað fyrir þeim að skila neytendum ávinningi og þar með fer forgörðum sá yfirlýsti tilgangur að hvetja, svo mark sé takandi á, til samkeppni sem gæti leitt til verðlækkana síðar.

Í umsögn Neytendasamtakanna segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Þær vörur sem leyft verður að flytja inn á lágmarkstollum munu samt bera það háan toll að útsöluverð þeirra verður í langflestum tilvikum mun hærra en á innlendum vörum.

Miðað við þá háu tolla sem íslensk stjórnvöld áskildu sér í GATT-tilboði sínu gætu þeir tollar sem leggja á á samkvæmt frv. á innflutning umfram lágmarksinnflutninginn virst lágir. Engu að síður eru þeir svo háir að það verður ekki um neinn innflutning að ræða." — Ég endurtek að það verður ekki um neinn innflutning að ræða og því enga samkeppni við innlenda vöru.

Í umsögn Neytendasamtakanna segir enn fremur á þessa leið, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin hafa talið eðlilegt að GATT-samningurinn verði framkvæmdur þannig að á lágmarksinnflutninginn verði lagðir það lágir tollar á innflutningsverð vörunnar að neytendur sjái mun á verðlagi þessara vara hér á landi borið saman við önnur lönd. Á innflutning umfram það verði lagðir tollar sem geri innfluttu vöruna jafndýra þeirri erlendu. Á þann hátt verði tryggt að GATT-samningurinn skili neytendum árangri þegar í upphafi og veiti innlendum landbúnaði eðlilega samkeppni og aðhald."

Þess ber sérstaklega að gæta, herra forseti, í þessu efni að jafnvel þótt um það væri að ræða að innflutt vara væri stillt af með tollum þannig að hún yrði sambærileg í verði til neytenda við innlenda vöru þá er það svo að hún sætir að sjálfsögðu fjarlægðarvernd. Þá þarf að taka tillit til heildsöluálagningar til heildsalans í innflutningslandinu, flutningskostnaðar, trygginga og annarrar álagningar við dreifingu innan lands þannig að strax í fjarlægðarverndinni er fólgin umtalsverð tollvernd að því er innflutning varðar.

Herra forseti. Þau dæmi sem ég hef nú nefnt og gæti tíundað fleiri sýna að fyrir höfundum frv., hæstv. forsrh. og ríkisstjórn, vakti að leggja á tolla sem útiloki viðskipti og þar með samkeppni og að viðhalda óbreyttu kerfi í reynd. Stefna frv. er því enn eitt dæmið af mörgum um óbilgjarna hagsmunavörslu í þágu ríkjandi ástands. Höfundar þessa frv. hafna þeirri leið að veita framleiðendum og vinnsluaðilum eðlilega tollvernd í upphafi sem gæti þó opnað fyrir takmarkaðan innflutning. Hefði sú leið verið farin hefði hún orðið hvati til lækkunar kostnaðar til endurskipulagningar og hagræðingar í framleiðslu og vinnslu. En án slíks aðhalds frá samkeppni er engrar hagræðingar eða framleiðniaukningar að vænta. Það kemur skýrt fram að ekkert samráð var haft við samtök neytenda eða fulltrúa viðskiptalífsins þegar þessar ákvarðanir voru teknar að þeirra eigin sögn. Hvað þýðir nú þetta? Annars vegar er það viðurkennd staðreynd að íslenskur landbúnaður og matvælaiðnaður úr landbúnaðarhráefnum geldur kerfisins að því leyti að framleiðni er ekki eðlileg. Tilkostnaður er of hár. Krafa neytenda er í vaxandi mæli lækkun á verðlagi en slíkt gerist ekki, mun ekki gerast í þessu kerfi og gerist ekki nema fyrir að-

hald samkeppni. Bændur hljóta áfram að tapa markaðshlutdeild sinni í þessari samkeppni vegna þess að verðið er of hátt. Það er nákvæmlega þetta sem er að gerast. Þess vegna er það að markaðshlutdeild hefðbundinna landbúnaðarafurða, ekki síst sauðfjárafurða á íslenskum neytendamarkaði, er á hröðu undanhaldi. Hver eru rétt viðbrögð við þessari þróun? Hingað til hafa þau verið að banna innflutning. Ef menn komast ekki lengur upp með það að banna innflutning þá er það að tolla innflutning svo hátt að af innflutningi verði ekki sem breytir engu í reynd. Þetta eru röng viðbrögð vegna þess að reynslan sýnir að áframhaldandi rekstur í svona kerfi skilar ástandi þar sem hlutirnir fara versnandi dag frá degi. Í því er engin framtíð. Rétt viðbrögð væru að sjálfsögðu þau að stíga fyrstu skrefin, fyrstu smáu skrefin í þá átt að koma á eðlilegri samkeppni, a.m.k. samkeppni á grundvelli gæða, að nokkru leyti samkeppni á grundvelli verðs til þess að knýja þannig á um að þessi þróun, þessi öfugþróun með hækkun tilkostnaðar minnkandi framleiðni haldi áfram. GATT var tækifæri til þess. En því miður hefur því tækifæri verið klúðrað af einsýni þeirra sem eru sjálfskipaðir verjendur þessa kerfi. Ósanngirni þeirra gagnvart eðlilegum sjónarmiðum annarra, óbilgirni þeirra í kröfugerð er rauði þráðurinn í þessu. Lítið dæmi en afar upplýsandi um þetta birtist okkur í greinargerð frá Samtökum veitinga- og gistihúsaeigenda. Það snertir nefnilega þann vaxtarbrodd í íslensku atvinnulífi sem margir halda um lofræður á tyllidögum, þá er ég að tala um ferðaþjónustuna. Það vildi svo til í seinustu ríkisstjórn að sami maðurinn gegndi þá embættum landbrh. og samgrh. Hann var bæði ráðherra hins hefðbundna kerfis, einokunarkerfisins og harðsnúinn varðmaður sérhagsmuna þess, ég kalla það nú ekki hagsmuni bænda, kerfisins sjálfs. Og hins vegar var hann líka ráðherra ferðaþjónustunnar sem hann þreyttist ekki á að segja að væri vaxtarbroddurinn, væri framtíðarvonin bæði um sköpun starfa, ný atvinnutækifæri o.s.frv. En hvað segir Samband veitinga- og gistihúsa í umsögn sinni um frv. Í þeirri umsögn segir á þessa leið, með leyfi virðulegs forseta:

„Ljóst er að ef ofangreint frumvarp verður samþykkt óbreytt munu neytendur og þar með íslensk ferðaþjónusta lítinn ávinning hafa af samningnum.

Með þessum tollum er fyrir fram verið að verðleggja erlendar vörur út af markaðnum, en neytendur standa í þeirri trú að tilgangurinn með þessum nýja samningi með landbúnaðarvörur sé að auka viðskipti og samkeppni.

Íslensk veitingahús, sem þjóna bæði hinum íslenska markaði svo og tæplega 200 þús. erlendum ferðamönnum á ári, búa við mjög hátt innkaupsverð landbúnaðarvara eins og allur almenningur í landinu. Matur er mjög stór þáttur í verðlagningu ferða til Íslands og því erfiður samkeppnisþáttur þar sem íslensk ferðaþjónusta á í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.

Veitingahúsin áttu sér þá von að eðlilegur innflutningur landbúnaðarvara myndi leiða til fjölbreyttara úrvals vörutegunda á lægra verði svo og leiða til þess að eðlilegt verð myndaðist á íslenskum landbúnaðarvörum. Með samþykkt þessa frumvarps er sú von orðin að engu."

Virðulegur forseti. Ég endurtek, með samþykkt þessa frumvarps er sú von að engu orðin.

Í efh.- og viðskn. kom fram að í skoðanakönnunum, sem gerðar höfðu verið meðal erlendra ferðamanna, gengi það aftur eins og rauður þráður eitt umkvörtunarefni að því er varðar álit gesta okkar sem sækja landið heim á þeirri þjónustu sem er í boði. Hvað var það? Það var númer eitt, tvö og þrjú endurtekið æ ofan í æ að verðlag á matvælum væri með öllu óboðlegt. Það kom fram af hálfu framkvæmdastjóra sambandsins að nú væri svo komið að til þess að mæta þessari gagnrýni og til þess að forða afturkipp í ferðaþjónustu gripu ferðaskrifstofurnar í vaxandi mæli til þess ráðs að bjóða ekki máltíðir í tilboðum sínum til erlendra umboðsaðila vegna þess að þar með verðleggi þær sig út af markaðnum. Mörgum kann að þykja þetta aukaatriði málsins í samanburði við þau kjör sem verið er að bjóða almenningi í landinu. En ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að í ræðum sínum á tyllidögum segja menn að þeir vilji allt gera fyrir þessa ferðaþjónustu og binda við hana miklar vonir en í reynd nota menn ekki tækifærið þegar það gefst til þess að leggja traustan grundvöll að framtíðarþróun hennar.

Herra forseti. Þá ætla ég að víkja að þeim fyrirheitum sem bundin voru við svokallaðan lágmarksaðmarkaðsaðgang. Samkvæmt GATT-samningnum er Ísland skuldbundið til að heimila svokallaðan lágmarksmarkaðsaðgang eins og menn eru farnir að þekkja, 3–5% af markaðshlutdeild viðkomandi vöru, reyndar eins og hún var á viðmiðunarárunum 1986–1988, en á lágum tollum. Þetta er hugsað upphaflega sem trygging fyrir lágmarkssamkeppnisáhrifum strax í upphafi. Hvað er það sem þeir sem standa að þessu frv. kalla lága tolla? Ástæða er til að rifja það upp að með þeirri byltingu sem gerð var á tollskránni 1987–1988 voru tollar lækkaðir mjög verulega á innflutningi til Íslands, tollflokkum fækkað og hámarkstollar lækkaðir sem er auðvitað meginstefnan bæði hér á landi og annars staðar og meginstefna að sjálfsögðu innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Rauntollar í íslensku tollskránni eru að meðaltali um 3,7%. Hæstu tollar sem fyrirfinnast að ég hygg með einni undantekningu eru um 30%. Þegar í GATT-samkomulaginu er talað um lága tolla er að sjálfsögðu verið að tala um lága tolla í samanburði við þá rauntolla sem tíðkast í viðkomandi landi. En höfundar frv. virðast hafa undarlegar hugmyndir um það því þessir lágu tollar sem skilgreindir eru að hámarki — þeir velja hið fræðilega hámark sem hugsanleg heimild gefur þeim, 32% af grunnverði tollabindingar sem eru himinháir tollar. Reyndar í okkar tilfelli á bilinu frá 60 og upp í 254%. Eins og fram kemur í töflu sem Neytendasamtökin lögðu fram og að ég hygg reyndar í öðru upplýsingaefni frá öðrum viðskiptaaðilum eru tollarnir ofan á innflutning eins og tekin voru dæmi um, t.d. frá Danmörku þess eðlis að heildartollurinn var yfirleitt á bilinu 100–200% og leiddi til mun hærra verðs til neytenda en jafnvel þær vörur sem voru á markaðnum.

Í mati sínu á því hvaða undantekningartilvik gætu samt sem áður komið til greina hafa kjúklingar verið nefndir sem hugsanleg undantekning. En þá er þess látið ógetið hver skýringin á því er. Hún er auðvitað fyrst og fremst sú að verðlag hér á landi á þessari vörutegund er sannarlega óeðlilega hátt. Samanburðartöflur sem birtar hafa verið af ýmsum aðilum, ekki bara Hagfræðistofnun háskólans heldur Samkeppnisstofnun og fleiri, sýna að þessi verðmunur á smásöluverði víðast hvar í grannlöndum og hér á landi þýðir tvöfaldan til þrefaldan verðmun á þessari vörutegund. Það er helst að menn gætu hugsað sér að þessi undantekning stæðist verðsamanburðinn. En að kalla tolla á bilinu 60–254% lága tolla flokkast undir afar sérkennilegt skopskyn. Því næst er auðvitað er þess að geta að fjarlægðarverndin er umtalsverð gagnvart innflutningnum. Hún getur verið frá því almennt séð séð rúmlega 10% að því er varðar þungavöru og upp í yfir 30–35% t.d. að því er varðar blóm og grænmeti.

Þessi stefna, því þetta eru pólitískar ákvarðanir stjórnarflokkanna sjálfra, hefur auðvitað það að meginmarkmiði að þykjast vera að stíga skref í frjálsræðisátt, þykjast vera að afnema bann, en í reynd er búið svo um hnútana að bannið heldur í raun og veru í stórum dráttum nema þá með einstaka undantekningartilvikum. Og svo flytja menn brtt. sem byggja á því að Alþingi framselji vald til landbrh. ef vera kynni að viðskiptaaðilar fyndu ekki hjá sér neinn hag eða hvata til þess að láta reyna á lágmarksmarkaðsinnflutning. Engu að síður eru engar líkur á því að það skili sér til neytenda þótt einhverjar slíkar undantekningar yrðu vegna þess hvernig um hnútana er búið að því er varðar úthlutunina.

Þá kem ég að því, virðulegi forseti. Samkvæmt 19. gr. frv. skal landbrh. úthluta tollkvótum til innflytjenda. Og eins og þar segir: „Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal hlutkesti ráða úthlutun.“ Þetta kom nokkuð til umræðu við 1. umr. og ég leyfði mér í ræðu minni þá að segja að þetta mætti gjarnan ganga undir nafninu spillingarkerfi og virtist koma eitthvað við kaunin á hæstv. forsrh. Þegar menn skoðuðu þetta mál nánar í efh.- og viðskn. var það almenn niðurstaða nefndarmanna, að ég hygg, í umræðum sem og viðmælenda okkar að þetta kerfi gæti ekki skilað neytendum eða myndi ekki skila neytendum neinum ávinningi þótt á það reyndi í einhverjum innflutningi, bæði vegna þess hvernig tollarnir eru ákvarðaðir og vegna þess að hér er um að ræða skömmtunarkerfi. Innflutningsaðilar væru auðvitað líklegir til þess að jafna verðið í undantekningartilvikunum að markaðsverðinu og lottóvinningurinn sem talað var um mundi því koma í þeirra hlut ef einhver væri.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að eðlilegt væri að bjóða þetta út og leita þannig tilboða um hagstæðustu kjör frá innflytjendum. Þegar nánar er skoðað skal ég viðurkenna það hér að það gengur heldur ekki upp til þess að ná því yfirlýsta markmiði að skila ávinningi til neytenda. Þannig að í raun og veru eiga menn engan annan kost en þann að tryggja það a.m.k. að lottóvinningurinn, rentan af þessu veiðileyfagjaldi á neytendur, renni a.m.k. til ríkissjóðs. Og í því er fólgin raunverulega sú brtt. sem fram kemur af minni hálfu og reyndar hv. þm. Ágústs Einarssonar, þingmanns Þjóðvaka.

Herra forseti. Talsmenn þessa frv. og málsvarar einokunarkerfisins yfirleitt reyndu fyrst í stað að halda uppi þeirri málsvörn að þeir væru svo sem ekki að gera neitt sérstakt. Þeirra aðferð við framkvæmdina á GATT-samkomulaginu væri nákvæmlega sú hin sama og tíðkaðist í flestum löndum í kringum okkur. Um þetta var mikið spurt í hv. nefnd og leitað upplýsinga um það og niðurstaðan er einföld. Þessar fullyrðingar standast engan veginn. Þannig beitir t.d. Evrópusambandið, sem nær auðvitað til flestra þeirra þjóða sem líklegt er að gæti látið reyna á innflutning frá, 20% verðtolli að jafnaði sem reglu og magntolli í ECU, en með fjölmörgum undanþágum og þær undanþágur eru mestar að því er varðar þær neysluvörur sem vega þyngst í neyslumynstri almennings í þessum löndum í mikilvægum véruflokkum, t.d. fella þeir niður magntoll á nautakjöt. Svínakjöt ber mjög lágan magntoll og verðtollur er lækkaður niður í 3%, úr 20% í 3%. Kjúklingar, svo tekið sé dæmi, beinlausir, eru að meginhluta til í 0-tollflokki. Sömu sögu er að segja um þær ostategundir sem vega þyngst í neyslu almennings. Og að því er varðar lágmarkaðsmarkaðsaðganginn þá miða þeir ekki við 32% af einhverjum ímynduðum tollabindingum heldur við rauntolla sem að sjálfsögðu eru lágir í þeim löndum. Síðan er verðtollurinn lækkaður á aðlögunartímanum úr 20 í 12,8%. Þá geta menn séð af þessum tölum að við erum að bera saman gjörsamlega ólíka hluti. Þannig að það er fullyrðing sem ekki stenst að þeir sem stýrðu penna stjórnvalda í landbrn. og landbúnaðarkerfinu við að setja saman þennan orm hafi verið að bera sig saman við vinnubrögð hjá viðskiptaþjóðum okkar. Því fer víðsfjarri.

Herra forseti. Það er ástæða til að víkja hér einnig að öðrum þætti þeirra vinnubragða sem haldið er uppi við frumvarpssmíðina sjálfa. Það er ekki nýtt að þeim ósið sé viðhaldið að ætla löggjafarvaldinu að framselja í hendur landbrh. ótæpilegar heimildir til allra handa hluta. Í þessu frv. er því haldið áfram í fjöldamörgum frumvarpsgreinum. Landbrh. á að fá heimildir til úthlutunar á fémæti, þ.e. innflutningsleyfunum. Hann á að fá vald frá Alþingi til að leggja á gjöld. Hann á að fá vald til að ráðstafa fé úr sjóðum. Eru þá bara nefnd þrjú dæmi af mörgum. Allt flokkast þetta í reynd undir lagalegan óþrifnað, en hefur því miður lengi verið einkennandi fyrir landbúnaðarlöggjöf okkar Íslendinga. Þetta viðgengst þrátt fyrir að fallið hafi hæstaréttardómar sem flokka slíkt í sérstökum tilvikum undir stjórnarskrárbrot, þ.e. framsal á valdi Alþingis til framkvæmdarvaldsins til skattlagningar á almenning eða ráðstöfunar almannafjár sem heyrir undir Alþingi. Lærðir lögfræðingar hafa reyndar gefið út viðamikil rit þar sem það er rækilega rökstutt að slíkt flokkist undir lagafúsk og er átalið harðlega.

Sömu sögu er að segja að því er þetta frv. varðar þegar kemur að verkaskiptingu ráðuneyta. Ég hef áður

vikið að því að tollskrá heyrir að sjálfsögðu undir fjmrh. og í raun réttri ætti landbrh. ekkert að hafa með framkvæmd tolla að gera frekar en aðrir fagráðherrar. Þar með er skapað fordæmi fyrir því að tollskráin sé bútuð upp í hluta þannig að einstakir fagráðherrar taki til sín þá hluta tollskrárinnar sem varða álagningu tolla á varning sem að öðru leyti flokkast undir þeirra málasvið. Ætti þá að flytja þann hluta tollskrárinnar sem fjallar um iðnaðarvörur undir iðnrn. eða sjávarafurðir undir sjútvrn. og þannig mætti lengi telja.

Annað dæmi af sama toga varðar það sem hér er sagt um heimildir til landbrh. um úthlutun tollkvóta. Burt séð frá því að kvótakerfi af þessu tagi er óæskilegt eins og öll skömmtunarkerfi þá getur lengi vont versnað þegar landbrh. er ætlað að úthluta þessu fémæti, sem að réttu lagi heyrir undir viðskrn., á að vera þar og er þar eðlilega í höndum viðskrh.

Það vakti athygli mína að í 21. gr. frv., b-lið, eru felld niður ákvæði sem byggðust á samkomulagi fyrrum stjórnarflokka og mæltu fyrir um skipun nefndar þriggja manna landbrh. til ráðuneytis við álagningu verðjöfnunargjalda sem nú hefur verið breytt í tolla. Samkvæmt því áttu fjmrh. og viðskrh. að tilnefna fulltrúa í nefndina. Hugmyndin var auðvitað sú að þessum ráðuneytum væri betur treystandi til að gæta hagsmuna neytenda eða viðskiptaaðila gagnvart landbúnaðarkerfinu að fenginni mjög langri reynslu af þeim samskiptum enda var þar kveðið á um að skjóta mætti ágreiningi til ríkisstjórnar ef upp kæmi slíkur ágreiningur. Þetta er fellt niður. Þess vegna er ein af brtt. þeim sem ég flyt sú að reynt verði að setja þennan varnagla ef upp kemur ágreiningur í þeirri nefnd sem hér er í frv. lagt til að verði sett á laggirnar að þá megi beita málskoti til ríkisstjórnar í þeirri veiku von að það gæti að einhverju leyti orðið til þess að bæta upp fyrir þá vanrækslu að taka ekkert tillit til og hafa ekkert samráð við fulltrúa annarra en framleiðenda og kerfisins sjálfs.

Herra forseti. Að því er varðar þær brtt. sem 1. minni hluti flytur þá er rétt að skýra þær örfáum orðum.

Í fyrsta lagi flytjum við tillögu um breytingar á magntollum í viðauka I. Það er sjálfur kjarni frv., aðalatriðið. Brtt. felst í því að lækka magntollana yfirleitt yfir alla línuna um 23% og verðtollana úr 30 í 20% á þær vörur í þeim köflum í tollskránni sem það á við um. Rökin fyrir þessu eru margvísleg. Í fyrsta lagi hefur verið sýnt fram á að útreikningur magntolla samkvæmt frv. er ekki byggður á réttum forsendum hvorki að því er varðar virkt innflutningsverð né innanlandsverð. Tilgangurinn með þessum brtt. er ekki sá að opna fyrir takmarkalausan og tollfrjálsan innflutning. Það hefur aldrei verið okkar sjónarmið og er ekki, enda hefur margoft komið fram í mínu máli að það er samningsskuldbinding í GATT-samningnum að stjórnvöldum er heimilt að tryggja tollvernd fyrir framleiðendur í upphafi aðlögunarskeiðis. Að sjálfsögðu viljum við virða það, teljum það nauðsynlegt og æskilegt. Þessi tillaga mun að okkar mati þýða að verð innfluttra afurða verði talsvert hærra en innlendrar framleiðslu fyrir nú utan það að við bætist fjarlægðarverndin, mismunandi eftir vörutegundum, 10–30%. En með annarri brtt. gerum við ráð fyrir því að þessi tollvernd, sem gæti verið veruleg í upphafi, 10–15% plús fjarlægðarverndin, lækki síðan a.m.k. um 15% að lágmarki á þeim sex ára aðlögunartíma sem um er að ræða. Og hver eru þá rökin fyrir þessari tillögu? Þau eru þessi: Bændum er tryggð traust og mikil tollvernd í upphafi. Engu að síður er sagt skýrum orðum, í samræmi við GATT-samninginn, í tollskrá að þetta verði trappað niður að hluta til á sex árum. Þar með er verið að móta þá stefnu að það eigi að nota aðlögunartímann til að hvetja til samkeppni. Það mun þýða að vinnslustöðvarnar munu taka málið alvarlega og hefjast handa um að undirbúa sig undir þá samkeppni. En þessu þarf jafnframt að fylgja eftir með pólitískum ákvörðunum um að losa íslenska bændastétt úr fátæktarkerfinu sem hún hefur verið viðjuð í, með öðrum orðum að stíga fyrstu skrefin í þá átt að afnema kvótakerfið og í stað framleiðslutengdra beingreiðslna, sem GATT-samningurinn er reyndar andvígur, eigi að taka upp óframleiðslutengdar greiðslur sem stjórnvöld geta síðan útfært nánar sem jafnar greiðslur eða greiðslur miðað við aðra kvarða um bústærð og jafnframt að hluta til til þess að taka upp starfslokasamninga við bændur sem þess óska. Með þessum hætti er verið að móta stefnu um það hvernig við ætlum að nýta hið nýja GATT-kerfi til að stíga fyrstu skrefin út úr því einokunarkerfi, sem hefur hneppt bændur í fjötra; sem hefur með annarri hendinni hvatt þá til framleiðslu með framleiðslutengdum styrkjum, en með hinni hendinni gert þá framleiðslu sífellt dýrari og óhagkvæmari með því að skerða framleiðsluréttinn, greiðslumarkið, og koma greininni þannig í sjálfheldu sem engar leiðir liggja út frá. Þetta er stefnumótun til framtíðar. Og þarna er verið að leggja fram tillögur sem gefa bæði framleiðendum og neytendum einhverja von um breytingar, lögnu tímabærar breytingar, án þess þó að það sé verið að fara á bak við skuldbindinguna um tollvernd í upphafi, hún er tryggð. Þetta er stefna sem ég hygg að vaxandi skilningur sé á bæði meðal neytenda á Íslandi og framleiðenda.

Önnur meginbrtt. okkar er síðan sú, að því er varðar 2. gr. og varðar svokallaða hámarkstolla, að þegar tollabinding miðast við bæði verð og magn þá miðist hún við þá bindingu sem lægri álagningu leyfir. Þetta getur verið munkalatína fyrir suma en þetta þýðir í reynd að tollverndin muni lækka um 15% að meðaltali á sex ára aðlögunartíma eins og ætlast er til í GATT-samningnum. Þá er tveimur meginmarkmiðum hans fullnægt og stefnan mörkuð til framtíðar í samræmi við skynsamleg langtímasjónarmið.

Að því er varðar lágmarksmarkaðsaðganginn, þ.e. hina meintu úthlutuðu tollkvóta í viðauka IIIA, þá er brtt. okkar í því fólgin að það skuli að vísu miða við 32% en ekki af hinni himinháu tollabindingu heldur af þeim rauntollum sem við höfum skilgreint í brtt. að því er varðar magntollana. Það er mat okkar að þetta mundi þýða í reynd meiri líkur á því að menn sjái sér einhvern hag í innflutningi samkvæmt lágmarksmark-

aðsaðgangi. En þetta mun ekki breyta því að sá innflutningur mun trúlega ekki koma neytendum til góða í lægra vöruverði af ástæðum sem ég útskýrði áðan, einfaldlega vegna þess að rentan mun ekki skila sér til neytenda í þessu skömmtunarkerfi. En þá er í staðinn tryggt með brtt. að almenningur njóti þess þá a.m.k. með því að rentan skili sér í ríkissjóð. Þessi framkvæmd er í samræmi við framkvæmdina um alla Evrópu að undanteknu verndarstefnulandinu Noregi. Hún er miklu skynsamlegri og eðlilegri heldur en að reyna að mæta gagnrýni á frv. með því að samþykkja að nafninu til einhverjar heimildir til landbrh. til þess að grípa til aðgerða ef lágmarksinnflutningur reynist ekki fýsilegur af hálfu innflytjenda.

Ein er sú brtt. við 26. gr. sem er sett fram af grundvallarástæðum. Hún varðar það hvernig eigi að uppfylla skuldbindingu sem við höfum tekist á hendur að því er varðar framkvæmd heilbrigðislaga. Málið er einfaldlega það að við viljum ekki opna dyrnar fyrir því að þetta ákvæði um innflutningsbann verði í reynd notað sem viðskiptahindrun heldur verði tryggt að vísindalegar sannanir verði lagðar á borðið, eins og samningurinn kveður fyllilega á um ef beita á slíku ákvæði.

*Þetta eru meginatriðin í þeim brtt. sem við flytjum,* virðulegi forseti, en ég vil taka það fram að undirritaður styður fjölmargar brtt. sem fram eru bornar af hv. þm. Ágústi Einarssyni, varaformanni efh.- og viðskn. Það á t.d. við um tillögur hans um takmarkanir á heimildum landbrh. sem ég vék að áður og eru óeðlilegar. Þær birtast í 20. gr., 21. gr. og 23. gr. Þær lúta einnig að hlutverki svokallaðrar þriggja manna nefndar, sem samkvæmt tillögum hv. þm. á að gera tillögur til landbrh. um framkvæmdina á þessu frv., t.d. um beitingu viðbótartollkvóta, heimild til innflutnings samkvæmt lögum um varnir gegn dýrasjúkdómum o.fl. Jafnframt segir í nál. okkar að við styðjum að sjálfsögðu þá stefnu sem birtist í ákvæði til bráðabirgða í tillögum Ágústs Einarssonar um skipun nefndar sem í eigi sæti fulltrúar allra þingflokka og hagsmunaaðila til að fylgjast með framkvæmd laganna og vinni að heildarendurskipulagningu á núverandi landbúnaðarstefnu og landbúnaðarkerfi, enda hafa jafnaðarmenn staðfastlega beitt sér fyrir slíkum tímabærum breytingum árum og áratugum saman. Það er ástæða til þess að undirstrika það að þessar brtt., ef þær eiga að koma að gagni til þess að hvetja til nauðsynlegrar samkeppni, til þess að byggja upp rekstrarumhverfi fyrir landbúnaðarframleiðslu og matvælavinnslu á Íslandi þar sem er raunverulegt kostnaðaraðhald og kostnaðargát og þar sem menn eru undirbúnir snemma á aðlögunartímabilinu til þess að mæta samkeppni í vaxandi mæli, sem verður auðvitað óumflýjanleg, kalla á pólitískar ákvarðanir um breytingar á grundvallaratriðum ríkjandi landbúnaðarstefnu nú þegar. Ef menn ætla einfaldlega að ganga fram í þeirri dul að þeir geti með þessum tollaákvörðunum framlengt ævidaga einokunarkerfisins þá er það afar mikil skammsýni. Þeim mun verri verður vandinn viðureignar, þeim mun hærra verður fallið eða hrunið á þessu kerfi þegar þar að kemur. Þess vegna lýsir það engri framsýni, reyndar ótrúlegri skammsýni, ef menn halda að þeir komist upp með það eða ef menn halda að það sé raunverulega verið að gæta hagsmuna íslenskra bænda. Það er reyndar fátt hægt að nefna sem er eins mótdrægt raunverulegum langtímahagsmunum íslenskrar bændastéttar og að framlengja þetta kerfi.

Herra forseti. GATT-samningarnir eru vissulega tímamótasamningar í sögu alþjóðasamskipta og alþjóðaviðskipta, ekki bara að því er varðar landbúnaðarþátt samninganna heldur einnig fjölmörg önnur svið. Það vill gleymast í þessari umræðu að samningarnir tóku til a.m.k. 11 eða 12 samningssviða. Það er hollt fyrir okkur Íslendinga að hugsa til þess að það gætir algjörrar tvíhyggju í viðhorfum manna til slíkra samninga. Annars vegar er það talin heilög skylda íslenskra stjórnmálamanna og stjórnvalda að gæta brýnustu þjóðarhagsmuna með því að tryggja tollfrjálsan markaðsaðgang fyrir íslenskar útflutningsafurðir erlendis. Það hefur verið meginmálið frá því að við gerðumst aðilar að GATT-samningunum undir forustu og að frumkvæði Gylfa Þ. Gíslasonar, formanns Alþfl., árið 1968. Það höfum við gert í þeim viðræðulotum og samningalotum sem síðan hefur verið haldið uppi og fyrst og fremst auðvitað til þess að gæta hagsmuna íslensks sjávarútvegs, þ.e. þeirrar atvinnugreinar sem skilar 20–25% upp í okkar þjóðarframleiðslu, en ekki um grein sem skilar 2,8% upp í þjóðarframleiðslu, svo menn geri nú greinarmun á meiri hagsmunum og minni hagsmunum. Og það hefur verið meginhlutverk utanrrh. og viðskrh. Íslendinga í slíkum samningum að tryggja það.

Það er ánægjulegt til þess að vita að við náðum umtalsverðum árangri að því er varðar slíka samninga í tvíhliða viðræðum við ýmis viðskiptalönd. Ekki bara Bandaríkin og Kanada, þ.e. þau lönd sem við höfum ekki beinlínis fríverslunarsamninga við, heldur einnig Asíuríkin Japan, Suður-Kóreu, Malasíu og fleiri og ekki bara um sjávarafurðir heldur einnig iðnaðarvörur og tæknivörur sem markaður er fyrir hjá þessum þjóðum, bæði varðandi fiskveiðar og fiskvinnslu. Það er m.a. því að þakka, þeim árangri sem við höfum náð við að tryggja tollfrjálsan eða mjög lágan markaðsaðgang á Bandaríkjamarkaði í gegnum GATT, sem við höfum, náð þar fótfestu, náðum þar fótfestu snemma og höfum tryggt markaðshlutdeild okkar á Bandaríkjamarkaði. Mönnum væri hollt að hugsa til þess hvernig væri statt um íslensk lífskjör og um atvinnu Íslendinga og atvinnuþróun alla ef þetta hefði ekki tekist. Þegar við erum að vinna að þessum málum þá vantar ekki að við höfum uppi stór orð og harðsnúinn rökstuðning fyrr því að lítil þjóð, sem byggir alla afkomu sína á útflutningi og flytur lífskjör sín inn, þurfi fyrst og fremst og öllum öðrum fremur á því að halda að hafa greiðan aðgang að helstu viðskiptamörkuðum sínum, að þar séu ekki settir tollmúrar, að þar séu smáþjóðirnar ekki beittar bolabrögðum í viðskiptum með hvers kyns duldum viðskiptahindrunum. Við krefjumst þess að njóta bestu kjara þegar kemur að útflutningsmörkuðum okkar. Og ég bið hv. þm. að hugleiða hvernig væri statt um okkar hag ef við ættum að mæta

sams konar viðhorfum, sams konar óbilgjarnri og einsýnni hagsmunavörslu einokunarkerfa eins og þetta frv. hér er dæmi um þegar kemur að samskiptum okkar við aðrar þjóðir. Þessi tvíhyggja, þessi tvöfeldni, er satt að segja blettur á stjórnmálaumræðunni á Íslandi í dag. Dæmi um óupplýsta umræðu og skaðlega vegna þess að það eru engar þjóðir sem eiga eins mikið í húfi að vel takist til um snurðulausa framkvæmd GATT-samkomulagsins samkvæmt grundvallarreglum þess og smáþjóð sem er jafnháð utanríkisviðskiptum og við erum. Og það sæmir ekki slíkri þjóð að beita öllum hugsanlegum undanbrögðum og leita allra ráða til þess að beita áfram viðskiptahindrunum þótt við að sjálfsögðu reynum af fremsta megni að láta ekki hanka okkur á því að við stígum yfir strikið að því er varðar samningsskuldbindingarnar, sem ég vona í lengstu lög að sé þó þrátt fyrir allt virt, en hef reyndar bent á dæmi um að sé engan veginn tryggt, t.d. að því er varðar framkvæmdina á ríkjandi markaðsaðgangi.

Annað mál er það, herra forseti, til þess að þetta sé sett í eitthvert samhengi, að í innlendri stjórnmálaumræðu eru fá orð sem koma jafnoft fyrir í orðræðum forustumanna stjórnmálaflokka eins og nauðsyn þess að varðveita stöðugleika á Íslandi, stöðugleika í íslensku atvinnulífi, stöðugleika að því er varðar gengi, starfsskilyrði atvinnuvega o.s.frv.

Við horfðum upp á það á undanförnum vikum að það hefur verið efnt til verkfalla. Hver starfsstéttin á fætur annarri er að efna til verkfalla. Þar með er vissulega, þrátt fyrir almenna samkomulagið á vinnumarkaðinum, sem menn gerðu sér vonir um að hefði tryggt stöðugleika í upphafi nýs vaxtarskeiðs, álitamál um hvort verið er að stefna honum í tvísýnu eða ekki. Alla vega er það svo að þessar vinnudeilur eru til marks um að um sig hefur búið langvarandi óánægja með þau kjör sem almenningi á Íslandi eru búin, launakjör eða kaupmátt. Svar þeirra stjórnmálamanna sem boða stöðugleikann er að segja þetta: Í guðanna bænum, förum ekki kollsteypuleiðina sem við þekkjum frá fyrri tíð. Spennum ekki bogann of hátt. Látum ekki teyma okkur aftur inn í vítahringinn verðbólgu með hækkun kaupgjalds umfram það sem atvinnulífið þolir sem síðan leiðir til hækkaðs verðlags og síðan koll af kolli. Við erum búnir að taka út lexíuna af því hvað slíkt kerfi þýðir og þeir sem töpuðu alltaf á því voru launþegar. En ef menn meina eitthvað með þessu þá verða menn líka að svara þeirri spurningu launþega á móti: Hvað ætlið þið, herrar mínir, að gera til þess að afnema þau einokunarkerfi sem við búum við í allt of ríkum mæli, ekki bara að því er varðar landbúnað, landbúnaðarframleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða, heldur einnig í opinbera geiranum og reyndar í vaxandi mæli, eins og umræðan sýndi í dag, að því er varðar skipulag sjávarútvegsins? Hvað ætlið þið að gera til þess að almenningi á Íslandi bjóðist bætt lífskjör í formi lægra verðlags á lífsnauðsynjum? Eða íslenskum atvinnufyrirtækjum verði til frambúðar tryggð samkeppnisstaða í formi lækkandi tilkostnaðar við framleiðslu á þessum dvergsmáa heimamarkaði okkar?

Þeir sem fara offari gegn hagsmunum neytenda að þessu leyti, taka ekki tillit til sjónarmiða þeirra, leita ekki samráðs við fulltrúa þeirra og leggja fram frv. eins og þetta sem eingöngu er sniðið samkvæmt ýtrustu hagsmunakröfum þeirra sem eru í forsvari fyrir þessu gjaldþrota einokunarkerfi landbúnaðarins eru ekki líklegir til þess að skapa þjóðarsátt um stöðugleika á Íslandi. Því miður.

Ég verð að segja það, herra forseti, að ég óttast það þegar ég sé þau mál sem fram eru komin af hálfu núv. ríkisstjórnar á þessu vorþingi að hvert málið á fætur öðru ber þess merki að stjórnarherrarnir telji sig hafa efni á að sniðganga sjónarmið af þessu tagi. Það vantaði ekki að það var talað blíðlega við kjósendur fyrir kosningar um stöðugleika og nauðsyn þess að varðveita hann. Það vantaði ekki að menn sóru af sér fyrir kosningar að fyrir þeim vekti með nokkrum hætti að framkvæma GATT-samkomulagið þannig að það yrði beitt ofurtollum til þess að koma í veg fyrir innflutning og samkeppni. Nei, slíkt stóð alls ekki til. Og fyrir kosningar vantaði það ekki að talsmenn stjórnarflokkanna beggja segðu á framboðsfundum, ekki síst í sjávarplássunum vítt og breitt um landið, að þeir gætu ekki, vildu ekki og mundu ekki fallast á það að seinustu frjálsu sjómennirnir á Íslandi yrðu hnepptir í aflamarkskerfi á bát eða boðnir slíkir afarkostir ella að þessi útgerð legðist af. Það vantaði ekki háspennt loforð í húsnæðismálin. Efndirnar eru engar. Það vantaði ekki háspennt loforð gagnvart íslenskum námsmönnum, um endurskoðun á tilteknum grundvallaratriðum að því er varðar þá löggjöf en upplýst að þau mál eru ekki einu sinni á dagskrá eftir kosningar.

Það er nefnilega kominn tími til að átta sig á því að þeir menn sem raunverulega boða stöðugleika og leggja áherslu á það að við verðum að viðhalda samkeppnishæfni, ekki bara okkar atvinnuvega heldur okkar þjóðfélags í samanburði við þjóðfélögin í kringum okkur verða að fara að verða sjálfum sér samkvæmir. Og í því að vera sjálfum sér samkvæmir felst að hafa skilning á sjónarmiðum neytenda um nauðsyn þess að bæta lífskjör með lækkun á tilkostnaði, með lækkun á verðlagi. Þá er kannski þess að vænta að fulltrúar launþegahreyfingarinnar og almennings í landinu, sem hefur farið í gegnum mikið þrengingarskeið á undanförnum árum, séu fúsari til þess að hlusta á talið um stöðugleika og taki meira mark á því vegna þess að þeir treysti því þá frekar að menn meini eitthvað með því sem þeir eru að segja og segi það sem þeir eru að meina.

**Útbýting þingskjals:**

Alþjóðaviðskiptastofnunin, 27. mál, nál. 3. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 80.

[18:20]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég mun hér gera grein fyrir nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn. en minni hlutinn skilar þremur nál. og gerði hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson grein fyrir áliti 1. minna hluta.

Þetta mál sem ég tel vera stærsta málið sem Alþingi hefur til umfjöllunar á þessu vorþingi snýst um grundvallaratriði. GATT-samningurinn sem við erum að útfæra í frv. er einn merkilegasti áfangi í samstarfi þjóða og hann miðar að frjálsum viðskiptaháttum og aukinni samkeppni. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það að frjálslynd verslunarstefna, eins og hún birtist m.a. í GATT-samningnum, er sú stefna sem hefur framar öðru fært bæði okkur og öðrum þjóðum meiri velmegun en nokkur önnur viðskiptastefna. Það er því mikilvægt þegar við tökum til við að útfæra þá hugsun sem felst í GATT-samningnum að við gerum það í anda samningsins en reynum ekki að líta á hann sem leiðinlega nauðsyn sem við þurfum að lögfesta vegna skyldu okkar við samfélag þjóðanna.

Þegar mælt var fyrir þessu máli minnir mig að hæstv. forsrh. hafi lýst því í einföldum orðum þannig að það sem áður var bannað væri núna heimilt. Það er mikið til í þessari framsetningu. Hins vegar þarf að hafa það í huga að ef útfærsla frv. er með þeim hætti sem kemur fram hjá meiri hluta efh.- og viðskn. þá er í reynd ekkert heimilt.

Það er ákvörðun okkar Íslendinga að útfæra þennan samning á þann hátt að heimila svokallaðan lágmarksinnflutning sem gæti numið 3–5% af markaðnum hér á landi. Síðan er hugsunin sú að umframinnflutningur sé þá tollaður með hærri tollum sem síðan lækka smátt og smátt og þannig skapist landbúnaði sérhvers lands tækifæri að laga sig að breyttum aðstæðum.

Þetta er stefna sem er í sjálfu sér alveg hægt að fallast á, þ.e. að heimila innflutning á tiltölulega litlu magni, 3–5%, en hafa síðan nokkra vernd fyrir innlendan landbúnað að öðru leyti þannig að honum gefist tækifæri á að laga sig að breyttum aðstæðum. Nú er það hins vegar svo að í frv. vantar mikið á að þessi stefnumörkun komi þar fram. Meiri hluti efh.- og viðskn. kýs að gera frv. þannig úr garði að það verður sáralítill innflutningur á landbúnaðarvörum og aðferðin sem er beitt í þessu er einföld: Tollarnir eru hafðir það háir að það mun ekki freista neins að flytja inn vörur.

Ég vil hins vegar taka skýrt fram að það er í okkar valdi að ákveða þessa tolla þannig að þó svo að við mundum lögfesta þetta frv. eins og það lítur út núna þá erum við ekki að brjóta alþjóðlega samninga en við erum að brjóta gegn anda GATT-samningsins. Við erum að brjóta gegn anda verslunarfrelsis.

Það segir m.a. í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Reglur GATT eru jafnréttisreglur sem ætlað er að stuðla að frjálsari viðskiptaháttum og aukinni samkeppni en banna þó ekki vernd fyrir innanlandsframleiðslu.“

Það vantar hins vegar á að frv. sé gert þannig úr garði að þessi stefnumörkun nái fram að ganga. Það er mjög mikilvægt við afgreiðslu þessa máls að það sé skoðað í víðara samhengi, að með því hefjist ferill endurbóta í landbúnaði sem miðar að því að bæta kjör bænda og lækka matarverð. Það er tafla í nál. sem ég er hér að mæla fyrir sem lýsir nokkuð vel þessum mikla verðmun á innlendum og erlendum landbúnaðarvörum og kem ég betur inn á þá töflu síðar.

Það voru nær allir aðilar sem hv. efh.- og viðskn. fékk á fund sinn sem vöruðu við tollaákvæðum frv. Allir þessir aðilar sögðu: Frv. er þannig úr garði gert að það verður enginn innflutningur. Þetta voru ekki einungis aðilar eins og Neytendasamtökin og forsvarsmenn Hagkaupa og Bónus, aðilar sem þekkja vel til mála, heldur kom þetta sjónarmið líka fram hjá fulltrúum Íslenskrar verslunar, aðilum úr ferðaþjónustu og fulltrúum Alþýðusambandsins, svo fáeinir umsagnaraðilar séu nefndir. Og þá spyr maður: Þegar allir þessir aðilar, sem eiga að njóta þeirra kosta sem þetta frv. hefur í för með sér, eru sammála um að frv. hafi ekki neinar breytingar í för með sér til hvers er verið að samþykkja þetta frv.?

Er ástæðan sú að það er verið að samþykkja þetta frv. til að uppfylla lagaskyldu en markmið ríkisstjórnarinnar er einfalt og það er að hrófla ekki í neinu við núverandi landbúnaðarstefnu? Þá eiga menn að segja það skýrt hér í ræðustól. Menn ætla að samþykkja frv. en ekki að breyta stafkrók í núverandi landbúnaðarstefnu og ekki heimila neinn innflutning á landbúnaðarafurðum. Þá er heiðarlegra að segja það hér skýrt því frv. er gert þannig úr garði.

Það hefur verið vitnað í skýrslu nefndar, sem m.a. forstjóri Þjóðhagsstofnunar átti sæti í, frá 1992 þar sem verið var að meta áhrif GATT-samningsins. Þá lágu ekki fyrir drög að frv. sem nú er til umræðu en Þjóðhagsstofnun mat á sínum tíma að áhrif til matarverðslækkunar gætu verið um 1%. Þetta hefði 1% bata í för með sér fyrir neytendur. Í þeim útreikningum var gert ráð fyrir því að allur lágmarksinnflutningur mundi eiga sér stað en lítið af svokölluðum umframinnflutningi. En þá var líka miðað við að erlend vara, miðað við þetta fræga heimsmarkaðsverð, yrði u.þ.b. 5% dýrari hér komin. Að tollarnir yrðu settir þannig að varan yrði 5% dýrari.

Nú er þetta frv. þannig að það segir í greinargerð þess, með leyfi hæstv. forseta, að „tolltaxtar miðast við að vara sem innflutt kann að vera á heimsmarkaðsverði verði 30% dýrari en sem nemur heildsöluverði samsvarandi innlendrar vöru.“

Fyrir þremur árum reiknaði Þjóðhagsstofnun ekki mikil áhrif GATT-samningsins með 5% verðmun. Í þessu frv. er lagt upp með 30% verðmun á heimsmarkaðsverði og samsvarandi heildsöluverði innlendrar vöru. Gott og vel. Ef það væri nú stefna frv. að erlendar vörur væru hér í aðalatriðum u.þ.b. 30% dýrari, það er nokkuð mikið að vísu en þá gæti innlend framleiðsla keppt á grundvelli fjarlægðarverndar og á grundvelli gæða. En frv. fjallar ekki um þennan 30% verðmun. Vegna þess að hér er talað um heimsmarkaðsverð á landbúnaðarafurðum, heimsmarkaðsverð sem er villandi og rangt að því leyti til að það hefur ekkert með innkaupsverð vöru að gera. Þetta er verðlistaverð sem er notað í alþjóðlegum samningum en endurspeglar ekki raunverulegt innkaupsverð vöru.

Til að skýra þetta aðeins nánar er hægt að taka

dæmi. Það komu fram í starfi efh.- og viðskn. upplýsingar, m.a. frá Hagkaupum, um raunverulegt innkaupsverð á nokkrum vöruflokkum. Þar kom m.a. fram að innflutningsverð Hagkaupa á svínakjöti í skrokkum væri 162 kr. á kg. Heimsmarkaðsverð frv. er 86 kr. Hér er tvöfaldur munur og auðvitað sjá allir að það á að miða við raunveruleg verð þegar menn eru að tala um álagningu tolla en ekki tilbúið verð til að hafa verndina sem allra mesta og hindra að nokkur vara komi inn í landið. Til samanburðar má benda á að innlent heildsöluverð á svínakjöti í skrokkum er 364 kr., sem sagt tvöfalt það verð sem hægt væri að kaupa þessu vöru erlendis frá. Svo á eftir að koma á frakt, kostnaður og auðvitað tollar.

Það er samanburður um fleiri svona atriði í nefndaráliti mínu. Ég vil nefna svínakótilettur og hryggi. Innkaupsverð Hagkaupa er þar 463 kr. en heimsmarkaðsverð frv. 195 kr. Þarna munar meira en tvöföldu. Eins er með svínalundir. Þar er fob-verð Hagkaups 637 kr., heimsmarkaðsverð frv. 328 kr. Eina varan sem virðist vera nokkuð nálægt er á heilum kjúklingum. Þar er innkaupsverð Hagkaupa 188 kr., heimsmarkaðsverð 81 kr. og lögmál líkindareikningsins mundi segja okkur að einhvers staðar gætu þessi verð meira að segja fallið saman.

Hér ber allt að sama brunni. Það er ekki hægt að kaupa vöru á þessu svokallaða heimsmarkaðsverði í þeim gæðaflokki sem við óskum eftir ef af innflutningi verður. Þess vegna eru allir tolltaxtar frv. í reynd markleysa. Þess vegna eru allir þeir aðilar sem hafa kynnt sér þetta mál, bæði neytendur og fleiri sem vit hafa á þessum málum, sammála um það að tollana í frv. verður að lækka vegna þess að þeir eru byggðir á röngum forsendum. Og það þýðir ekkert að segja að þessir aðilar hafi ekkert vit á þessu. Við verðum að taka trúanlega alla þessa aðila, bæði neytendasamtök, verkalýðsfélög og aðilar sem hafa vit á viðskiptum og hafa atvinnu af viðskiptum. Við höfum enga ástæðu til að rengja þær tölur sem þeir gera upp um raunverulegt innkaupsverð vöru erlendis frá.

Það er merkilegt með þetta frv. að það var bent á mörg af þessum atriðum við 1. umr. hér á hinu háa Alþingi en það tók nær engum breytingum í umfjöllun nefndarinnar. Það voru ekki gerðar tillögur um tollalækkanir af hálfu meiri hlutans þó svo að ítrekað hafi verið beðið um að reyna að færa frv. til betra horfs af fjölmörgum viðmælendum nefndarinnar, svo og af fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni. Það er satt best að segja alveg með ólíkindum að frjálslynd öfl í Sjálfstfl., og þau munu vera til þar, skuli ekki hafa haft meiri áhrif á gerð þessa frv. en raun ber vitni. Það er greinilegt að framsóknarmenn í báðum stjórnarflokkum, bæði Sjálfstfl. og Framsfl., hafa ráðið gerð þessa frv. og það er miður. Það er miður að menn skyldu ekki grípa það tækifæri sem GATT-samningurinn opnar að hleypa inn lágmarksinnflutningi upp á 3–5% til að auka hér fjölbreytni í matarvali og ekki hvað síst að örva samkeppni í landbúnaðargeiranum.

Það var eitt sem kom skýrt fram þegar við í nefndinni ræddum m.a. við fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. Þá kom það skýrt fram hjá fulltrúa Alþýðusambandsins að ofverndun fyrir landbúnað er ekki af hinu góða. Sú ofverndun sem er í þessu frv. gerir landbúnaðinum engan greiða nema síður sé. Nú er ég ekki að tala um að það eigi að heimila hömlulausan innflutning á erlendum matvörum, síður en svo. Ég er að tala um að það verði heimilaður lágmarksinnflutningur, 3–5%, á raunverulegum tollum, á tollum sem í reynd gera þennan innflutning mögulegan. Í brtt. 2. minni hluta eða brtt. mínum er ekki gert ráð fyrir að lækka tollana á umframinnflutningi. Mínar tillögur ganga út á það að lækka tollana á lágmarksinnflutningnum og að því leytinu gengur hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson lengra í þeim efnum en ég geri vegna þess að í hans tillögum, sem hann gerði grein fyrir áðan, gerir hann ráð fyrir að lækka líka tollana á umframinnflutningnum.

Ég er sannfærður um það og finnst það sanngjarnt að íslenskur landbúnaður búi við vissa vernd því að það eru miklir breytingatímar fram undan. En mér finnst líka sanngjarnt að þessi vernd sé ekki gerð þannig að við fáum ekki einu sinni þennan lágmarksinnflutning inn í landið því að þegar verið er að tala um 3–5% markaðshlutdeild þá skulu menn hafa í huga að íslenskur landbúnaður á áfram að vera með 95–97% markaðshlutdeild. Það er ekki verið að ganga langt í stefnumörkun í þessu frv. með því að heimila þennan smávægilega lágmarksinnflutning á raunhæfum tollum. En þegar menn ganga svo fram með tollana á þennan lágmarksinnflutning og hafa þá yfir 100%, í sumum tilfellum yfir 200%, þá eru menn að beita ákvæðum GATT-samningsins til að hindra öll innflutningsviðskipti.

Þær brtt. sem eru lagðar fram í áliti mínu lúta í meginatriðum að átta efnisatriðum. Það er lagt til að tollarnir á lágmarksinnflutningnum verði lækkaðir um helming. Við þá aðgerð er samt enn þá nokkur vernd fyrir innlenda framleiðslu. Þetta þýðir ekki að erlend vara verði í öllum tilvikum ódýrari en sú innlenda. Það er mjög misjafnt eftir vöruflokkum en með þessu er þó gerð tilraun til að opna möguleika á innflutningi á landbúnaðarvörum en þó aðeins á hinum títtnefnda lágmarksinnflutningi sem nemur 3–5% af heildarneyslunni.

Jafnframt er í tillögum mínum gert ráð fyrir að tollar á viðbótarinnflutningi lækki í þrepum um 15% á fimm árum. Þetta segir í GATT-samningnum að eigi að gera, það eigi að þrepa niður toll, reyndar úr 36% og niður í allt að 15% á einstökum vöruflokkum, á sex árum. Það er hins vegar svo að skuldbinding okkar gagnvart GATT gildir gagnvart tollabindingunum en ekki gagnvart hinum raunverulegu tollum þannig að ef hinir raunverulegu tollar eru lægri en tollabindingin þá þýðir þetta að ekki er víst að þessi lækkun tolla nái fram að ganga á aðlögunartímanum. Þess vegna legg ég til að hinir raunverulegu tollar sé ótvírætt þrepaðir niður um 3 prósentustig á ári næstu fimm árin.

Hér er ekki heldur verið að ganga mjög langt til að létta af vernd fyrir íslenskan landbúnað. Allar þessar breytingartillögur sem ég er að gera grein fyrir miða að

því að losa nokkuð um þau höft og hömlur sem eru í frv. en það er ekki gengið eins langt og ýmsir mundu sjálfsagt vilja. Hér er farið bil beggja vegna þess að það verður að þjóna bæði hagsmunum bænda og neytenda í þessu máli.

Í þriðja lagi gert ráð fyrir í breytingartillögum mínum að þrepa niður heimild landbrh. sem hefur við tilteknar aðstæður heimild til að leggja á 0%, 25%, 50% og 75% toll. Brtt. miða að því að taka af efsta þrepið í þessum heimildum landbrh. Nægar heimildirnar hefur hann nú fyrir í frv.

Það er einkennandi fyrir þetta frv. og hefur verið gert að umtalsefni, bæði við 1. umr. og líka af hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, svokallað forræðismál. Hver á að fara með forræðið varðandi tollamál sem eðlilega ætti að vera hjá fjmrh.? Það var gerð pólitísk sátt um það mál í tíð fyrri ríkisstjórnar að því er mér skilst og hún endurspeglast í þessu frv. eins og það er er lagt hér fram. Hins vegar er landbrh. veittar mjög miklar heimildir í frv. og ein af brtt. sem ég geri er að færa þetta aðeins til betri vegar og þá með þeim hætti að nefnd sem er starfandi samkvæmt frv. og er skipuð þremur aðilum, einum frá landbrn., einum frá fjmrn. og einum frá viðskrh. verði falin aukin verkefni. Í frv. er gert ráð fyrir að þessi nefnd gegni einungis samráðshlutverki. Ég legg til að nefndin eigi að gera tillögur um tiltekna málaflokka, til að mynda varðandi heimildir til innflutnings, úthlutun kvóta og nokkurra annarra atriða, að vald hennar verði ekki samráðsvald eða samráðshlutverk heldur hafi hún beinan tillögurétt. Síðan er landbrh. falið að beita heimildum sínum samkvæmt tillögum nefndarinnar.

Hér er reynt að stíga það skref að tengja inn í þetta mikilvæga mál fleiri ráðuneyti en einungis landbrn. Ég veit ekki hvort landbrh. er mér sammála en ég held að honum væri hollara að fá aðra aðila að þessu máli eins og gert er ráð fyrir í tillögu minni en hann einn fari með allt það mikla vald eins og frv. gerir ráð fyrir. Sömuleiðis er eðlilegt að fjmrn. komi markvisst að álagningu tolla eða beitingu ákvæða í þessu frv. og auðvitað er eðlilegt að viðskrh. komi að þessum málaflokki líka, því að þessi mál snúast ekki eingöngu um verksvið landbrn. heldur verður hér að gæta hagsmuna bæði ríkissjóðs og viðskiptalífsins og því er eðlilegt að önnur ráðuneyti komi að þessu máli.

Jafnframt er lagt til að nefndin skuli hafa samráð við Bændasamtök Íslands, Neytendasamtökin og aðra hagsmunaaðila við mótun tillagna sinna. Það er eðlilegt að í þessum málaflokk sé kveðið á um samráð við þá mikilvægu hagsmunaaðila en óhætt er að segja að þessi tvenn samtök, þ.e. Bændasamtök Íslands og Neytendasamtökin, endurspegli það stóran hluta af þjóðinni sem kemur að þessu máli að skylt væri að hafa samráð við þá. Þess vegna er þetta lagt til.

Í fimmta lagi er lagt til að úthluta ekki kvótum með hlutkesti heldur að selja þá á opinberu uppboði. Málið er það að aðferð hlutkestis sem menn telja kannski í fljótu bragði vera sanngjarna leið er í reynd óframkvæmanleg. Ef einhver áhugi verður á innflutningi — það verður náttúrlega ekki nema tollum í frv. verði breytt en göngum út frá því að áhugi verði á innflutningi á landbúnaðarvörum — þá er mjög líklegt að allir aðilar, sem hefðu heildsöluleyfi hér á landi, mundu sækja um kvóta til að vera þátttakendur í því hlutkesti sem landbrh. stendur fyrir.

Annað mun líka gerast í framhaldi af þessu. Það mun hver einasta verslun sækja um kvóta vegna þess að verið er að úthluta verðmætum. Menn þurfa ekki að borga neitt fyrir að taka þátt í þessu hlutkesti. Síðan er annað sem mun gerast í framhaldi af þessu að sá sem er heppinn í hlutkestinu og fær leyfi, að þessi leyfi munu ganga kaupum og sölum með einum eða öðrum hætti. Þetta er eins og aðrir hlutir sem eru af skornum skammti. Auðvitað öðlast þeir verðmæti og leyfið mun verða verslunarvara. Þá erum við fyrst búnir að taka upp efnahagsstefnu Framsfl. og það rétt fyrir aldamótin, efnahagsstefnu þessa flokks sem var hér um áratuga skeið fyrir 1960, leyfisveitingar, sala á leyfum og öll sú spilling sem því fylgir. Hlutkestið er vond aðferð og það kom skýrt fram í nefndinni að reyndir menn í viðskiptalífinu, sem eiga sæti í hv. efh.- og viðskn., sáu ýmsa meinbugi á þessu, eins og hv. þm. Pétur Blöndal. Hann hafði miklar efasemdir um þetta og lýsti ákveðnum hugmyndum um sölu sem hann gerir vafalítið grein fyrir í umræðunni. Að vísu stendur hann að áliti meiri hlutans sem hér er til umræðu en hugsanlega beitir hann sér fyrir breytingu á þessu ákvæði fyrir 3. umr. (**SJS:** Það kemur kannski í ljós hvort hann setti fyrirvara.) Hann skrifaði ekki undir þetta með fyrirvara en það má vel vera að það komi fram í umræðunni að hann styðji þetta kannski ekki með jafnfúsum og frjálsum vilja og margir aðrir nefndarmenn meiri hlutans.

Þess vegna er hér lagt til varðandi þessi leyfi að kvótarnir séu boðnir upp af hálfu ráðherra og að andvirðið renni þá eðlilega í ríkissjóð. Nú hefur verið nokkur umræða innan kerfisins, m.a. innan OECD hvort hægt sé að fara þá leið að bjóða upp þessa kvóta. Samkvæmt þeim upplýsingum sem komu fram í nefndinni er það víðast hvar þannig að leyfin eru veitt í þeirri röð sem umsóknir berast. Það er matsatriði hvort slíkt uppboð sé heimilt samkvæmt reglum GATT-samningsins. Það hefur ekki reynt á það. Engin þjóð hefur farið þá leið að úthluta kvótum með þeim hætti. Hér þarf einfaldlega að kanna málið mun betur áður en lagt er upp með þessa vonlausu aðferð sem hér er gerð tillaga um í tillögum meiri hlutans, þ.e. þessa hlutkestisleið. Hvort heimilt sé samkvæmt samningnum að bjóða hana upp með þessum hætti eins og gert er ráð fyrir í brtt. minni get ég ekki fullyrt algerlega um en það liggja ekki heldur neinar upplýsingar um að það sé beinlínis óheimilt.

Jafnframt er í brtt. mínum kveðið skýrt á um að landbrh. úthluti kvóta til að tryggja að jafnan sé á markaði nægjanlegt framboð af vörum á hæfilegu verði og stuðla að lágmarksinnflutningi samkvæmt samningum GATT. Hér er ótvírætt kveðið á um það markmið að af lágmarksinnflutningi verður. Hér er sú kvöð lögð á landbrh. að hlutast til um að lágmarksinnflutningur nái fram að ganga. En orðalag meiri hlutans við þessa

brtt. að hafa þetta til hliðsjónar er vitaskuld marklaust ákvæði og hefur enga þýðingu.

Sjöunda efnisatriðið, sem er í brtt. mínum, lýtur að yfirdýralækni eða embætti yfirdýralæknis sem hefur mjög mikil völd samkvæmt frv. Ég legg til að haft verði samráð líka við aðrar sérfræðistofnanir, svo sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins og rannsóknastofnanir Háskóla Íslands á viðkomandi fagsviði og ótvírætt sé kveðið á um í frv. að vísindalegt mat skuli vera lagt á þær vörur sem koma hugsanlega til innflutnings.

Það er svo að ákvæðum um dýravernd og matvælaverndun er í fjölmörgum löndum beitt sem tæknilegri viðskiptahindrun. Það má ekki gerast vegna þess að það brýtur gegn GATT-samningnum. Þess vegna er nauðsynlegt að víkka út þessa möguleika að hafa samráð við alla þá aðila sem bærasta hafa þekkingu á þessum málum og það eru fleiri stofnanir en embætti yfirdýralæknis.

Það má einnig benda á það að þá tillögu, sem meiri hlutinn leggur til, sem var skotið inn í frv. á síðasta fundi, að heimila landbrh. í reynd að banna allan innflutning á dýrum og plöntum ef í þeim finnast aðskotaefni ýmiss konar. Þessi heimild er býsna víðtæk og það er fullkomlega óeðlilegt, herra forseti, að ákvæðið sé hér sett inn í frv. Matvælalög eiga að ná yfir þennan þátt og það er tekið á þeim atriðum þar. Tilgangur meiri hlutans og þar með stjórnarinnar að setja þetta inn í frv. er einungis einn og það er að hafa allar þær heimildir, sem menn hafa getað látið sér detta í hug, til að geta komið í veg fyrir einhvern innflutning. Það á að beita öllum tiltækum ráðum og ekki er sanngjarnt gagnvart neytendum og reyndar ekki gagnvart bændum heldur.

Að lokum er lagt til í breytingartillögum mínum að skipuð verði nefnd sem fylgist með framkvæmd þessara laga og endurskoði búvörusamninginn. Sú nefnd yrði skipuð fulltrúum allra þingflokka og helstu hagsmunaaðila. Þessari nefnd væri falið að gera tillögur fyrir 1. jan. 1996 um að breyta greiðslum ríkisins til bænda þannig að þær verði óháðar framleiðslumagni, þ.e. að taka upp svokallaðar grænar greiðslur í landbúnaðarkerfinu. Líka að undirbúa tillögugerð sem miðar með markvisst að búháttarbreytingum. Jafnframt er lagt til að gerðar séu tillögur um afnám á framleiðslukvóta í sauðfjárrækt. Þetta eru allt mikilvægir þættir í nýrri landbúnaðarstefnu sem GATT-samningurinn átti að vera fyrsta skrefið í og að skattaleg skilyrði íslensks landbúnaðar verði sambærileg og í grannlöndum. Þessi nefnd á að gera tillögur um það, sömuleiðis að markaðsstarfsemi fyrir útflutning landbúnaðarafurða yrði samræmd og efld og að bændur eigi kost á viðunandi og eftirsóknarverðum starfslokasamningum. Þessir hlutir eru allir mjög mikilvægir í nýrri landbúnaðarstefnu og hefði verið betra ef hæstv. ríkisstjórn hefði skilið GATT-frv. þannig að það boðar breytingar í viðskiptum í heiminum en ekki taka það sem einhvers konar skyldu að þurfa að lögfesta hér þætti sem í reynd hafa engin áhrif. Það hefði verið betra ef stjórnin hefði skilið að breytingar á landbúnaðarstefnunni eru nauðsynlegar og ég rakti hér aðeins áðan, og notaði þetta tækifæri með samþykkt frv. að hefjast handa við nauðsynlegar endurbætur á þeirri stefnu.

Með þeim breytingartillögum, sem ég hef hér gert grein fyrir, er frv. gert að markvissri löggjöf í anda GATT-samningsins. Tryggður er lágmarksinnflutningur á eðlilegum tollum en ekki er gerð tillaga um að breyta tollum frv. á viðbótarinnflutningi þótt svo þeir séu mjög háir. Í tillögunum er því tryggð veruleg vernd fyrir bændur en neytendum er jafnframt gert kleift að njóta takmarkaðs magns af erlendum vörum í eðlilegri samkeppni við innlenda framleiðslu. Allar þær breytingartillögur, sem ég hef gert grein fyrir, hefðu gefið þessu frv. líf. Ef það er ætlun hæstv. ríkisstjórnar að afgreiða frv. eins og það kemur fram í áliti meiri hluta nefndarinnar er þetta gagnslaus lagasetning og það er satt best að segja til skammar að við skulum ekki nýta okkur þá hugsun sem kemur ótvírætt fram í hinni breyttu heimsmynd GATT-viðræðnanna.

[19:00]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mjög athyglisvert að heyra hvað fulltrúi Þjóðvaka hefur til þessara mála að leggja og hvernig hann lítur á stöðu landbúnaðarins, íslenska matvælaframleiðslu og dreifbýlisins í þessu samhengi. Eins og þessum hv. þm. á að vera kunnugt og er auðvitað vel kunnugt felur GATT-samningurinn í sér mjög miklar breytingar, grundvallarbreytingar, í sambandi við innflutningsmál landbúnaðarins hér á landi sem auðvelt er að rekja og skýra. Ég hygg að flestir sanngjarnir menn og hógværir séu sammála því að það sé nauðsynlegt, rétt og eðlilegt að fara gætilega til að byrja með meðan verið er að opna íslenska markaðinn fyrir innflutningi á matvörum erlendis frá sem hingað til hefur ekki verið heimilt og er auðvitað tilboð okkar Íslendinga að þessu leyti í samræmi við það sem gerist með öðrum þjóðum.

Eins og ég sagði, herra forseti, var mjög fróðlegt að hlusta á það sem fulltrúi Þjóðvaka hafði um þessi mál að segja og ég geri ráð fyrir því að víða muni afstaða Þjóðvaka vekja mikla athygli.

[19:01]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fara varlega í innflutningi á landbúnaðarafurðum. Allur minn málflutningur byggist á því að fara varlega í þennan innflutning. Hæstv. ráðherra verður að hafa í huga að málið snýst um það að tollarnir í frv. eru það háir að það bendir allt til þess að ekki verði um neinn innflutning að ræða. Þetta heitir ekki að fara varlega. Þetta heitir að misnota raunverulega þá möguleika sem GATT-samningurinn býður upp á. Þess vegna hef ég lagt hér fram tillögur um helmingslækkun á þessum tollum fyrir lágmarksaðganginn. Það er varlega farið og það er engum manni gerður greiði með því að hafa tolla frv. þannig að það kalli í reynd ekki á neinar breytingar.

[19:03]

**Samgönguráðherra (Halldór Blöndal)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nú að segja að það gleður mig að heyra það að hv. þm. telur sig öðrum þræði

kjósa að fara varlega. Ég sé ekki að það sé neinu til kostað þó að við höfum fulla gát á. Það er auðvitað grundvallarbreyting nú, eins og ég sagði áðan, í innflutningsmálum landbúnaðarins. Okkur er kunnugt um það báðum að rekstrargrundvöllur t.d. sauðfjárbúanna, ef ég tek þau sem dæmi, er mjög valtur um þessar mundir og kauphrun hefur hvergi orðið jafnmikið og *einmitt hjá þeim. Ef við viljum rifja upp hvernig* kjötneysla hefur dregist saman nú á þessu ári, kannski um 10%, þá sjáum við auðvitað í hvað stefnir.

En eins og ég sagði þá vekur það athygli mína og eflaust fleiri með hvaða hætti fulltrúi Þjóðvaka opnar þessa umræðu hér í hinu háa Alþingi.

[19:04]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Úr því að hæstv. ráðherra gerði vanda sauðfjárbænda að umræðuefni þá vil ég einungis geta þess sem kom fram eða átti að koma fram í máli mínu að í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir nefndaskipun sem m.a. tekur á vanda sauðfjárbænda. Þar er talað um afnám framleiðslukvóta. Það er ekki hægt að fara hér út í langa umræðu um þetta efni, en mér er fullkomlega ljós sá vandi sem þar er við að etja og beinlínis tengdi ýmis af þessum vandamálum íslensks landbúnaðar bæði inn í þessa umræðu um GATT-frumvarpið en ekki hvað síst með formlegum hætti í þeim brtt. sem ég gerði grein fyrir áðan.

**Útbýting þingskjala:**

Greiðsluaðlögun, 41. mál, frv. ÓRG o.fl., þskj. 82.
Stjórn fiskveiða, 28. mál, brtt. ÁRÁ, þskj. 81.

*[Fundarhlé. — 19:06]*

[20:32]

**Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 3. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 80.

Það er nú svo, herra forseti, að nú er rétt um hálfur mánuður þangað til hér á Íslandi eiga að taka gildi þau ákvæði Úrúgvæ-niðurstöðu GATT-samninganna sem um ræðir í frv. þessu eða nánar tiltekið 1. júlí nk. Þrátt fyrir það eru enn til meðhöndlunar á Alþingi mikilvægar lagabreytingar á tollalögum, búvörulögum og fleiri lögum sem nauðsynlegt er að gera til þess að við Íslendingar getum fyrir okkar leyti fullnægt ákvæðum samningsins sem við höfum hér gerst aðilar að og Alþingi hefur fyrir alllöngu síðan staðfest með þál. En það eru ekki bara lagabreytingar sem í raun og veru felast í þessu máli og verið er að gera heldur kannski miklu frekar pólitísk ákvarðanataka og stefnumótun sem lýtur að því með hvaða hætti við stöndum að okkar skuldbindingum og hvaða stefna verður hér mótuð varðandi það breytta starfsumhverfi landbúnaðarins sem samningarnir fela í sér.

Það er auðvitað óþarfi að fjölyrða um það, hæstv. forseti, hversu ákaflega bagalegt það er og í raun og veru fyrir neðan allar hellar að þessar breytingar skuli vera hér á ferðinni eins og ég segi rétt liðlega hálfum mánuði áður en samningurinn á að koma til framkvæmda og það við þær aðstæður að hér er afar knappur tími til að fjalla um málið. Þetta skýrist að vísu af því að stjórnarskipti hér féllu saman við þann tíma þegar menn við eðlilegar aðstæður hefðu verið að undirbúa framkvæmd samningsins. Fyrri ríkisstjórn, ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl., var í raun og veru óstarfhæf í þessum málum. Það kom ítrekað fram á síðasta kjörtímabili og núv. hæstv. ríkisstjórn er á handahlaupum að plastra hér saman einhverri stefnu og gera nauðsynlegar lagabreytingar til þess að við getum efnt samninginn. Öll þessi vinnubrögð er óhjákvæmilegt að gagnrýna og átelja og ég leyfi mér því miður að spá því að það muni koma á daginn að hér hafi ekki verið vandað til hlutanna eins og nauðsynlegt væri og það sé ekki ólíklegt að menn verði að taka meira og minna upp þessa lagasetningu á næstu missirum af því að ýmsir meinbugir komu í ljós á framkvæmdinni.

Ég held að fyrst sé ástæða til að hafa nokkur orð um það umhverfi sem þessi samningur er í og þá á ég sérstaklega við varðandi starfsumhverfi íslensks landbúnaðar. Það er jú svo að þetta mikla ferli sem hófst fyrir 9 árum síðan hefur fallið saman við mikinn breytingatíma í íslenskum landbúnaði og sérstaklega er það auðvitað sú grundvallarbreyting sem gerð var á starfsumhverfi greinarinnar með búvörusamningnum 1991. Þá var horfið frá greiðslu útflutningsuppbóta sem verið höfðu við lýði hér um áratuga skeið og kostað mikla fjármuni, einkum hin síðari ár eftir að útflutningsmarkaðir þróuðust þannig að einungis brot af framleiðslukostnaðarverði fékkst fyrir útflutninginn. Það var í öðru lagi dregið verulega úr framleiðslunni sem var *umfram innanlandsþarfir og með því náðist mikill ár*angur í að draga úr útgjöldum ríkissjóðs til þessa málaflokks.

Þetta tvennt eru einmitt tveir af meginþáttum GATT-samninganna, en það má segja að þær skuldbindingar sem aðildarlöndin taka á sig séu þríþættar fyrst og fremst, þ.e. þetta sem varðar útflutningsstyrki, það er innanlandsstuðningur og það er aukinn markaðsaðgangur fyrir innfluttar vörur. Hvað þetta tvennt fyrrnefnda varðar þá liggur það ósköp einfaldlega fyrir að Íslendingar hafa þegar sjálfir einhliða gert meira en nóg til að uppfylla ákvæði samninganna sem gera ráð fyrir því að dregið sé úr útflutningsuppbótum og innanlandsstuðningi með tilteknum hætti um ein 30% eða svo samkvæmt tilteknum skilgreiningum og miðað við stuðninginn eins og hann var á viðmiðunartímanum árin 1986 og 1988. Þar höfðum við auðvitað gert miklu meira, samanber það að við höfðum í raun dregið alveg 100% eða óendanlega úr útflutningsuppbótum, við höfðum lagt þær af og innanlandsstuðningur við greinina hefur dregist mun meira saman en þessi viðmiðun felur í sér.

Þá er komið að þriðja þættinum og það er hann sem hér er sérstaklega til meðferðar, þ.e. aukinn markaðsaðgangur innfluttrar vöru á þá markaði sem áður höfðu verið verndaðir eða lokaðir. Grundvallarbreyting GATT-samninganna eins og margoft hefur hér komið fram felst í því að í stað innflutningsbanna eða heim-

ilda til að banna kemur tollvernd og sú almenna regla að innflutningur sé að öðru leyti heimill.

Þá er á það að líta hvernig þetta frv. gerir ráð fyrir að við Íslendingar stöndum við okkar hlut hvað þessa meginbreytingu snertir. Það má segja að að þessu leyti til togist á tvenns konar sjónarmið í málinu, þ.e. annars vegar þau sem eðlilega rísa varðandi það að nauðsynlegt sé að tryggja innlendri framleiðslu og þeirri atvinnugrein sem í landinu er á hennar grundvelli aðlögun og nauðsynlega vernd til þess að hún líði ekki undir lok vegna samkeppni við innflutta vöru á lægra verði. Hins vegar þau sjónarmið sem snúa að því að neytendur fái í sinn hlut ávinning í formi lækkaðs matvælaverðs og aukins vöruúrvals. Ég hygg að engin deila standi um það að eftir sem áður er ætlunin að viðhalda hér ströngum hollustu- og heilbrigðiskröfum og tryggja það að gæði þeirrar matvöru sem hér er á boðstólum séu og verði fyrsta flokks.

Þær aðferðir sem valdar eru í frv. ríkisstjórnarinnar orka að sumu leyti tvímælis og þó einkum og sér í lagi held ég að deila megi um hinar reikningslegu forsendur sem lagðar eru til grundvallar ákvörðun tollverndar. Að sjálfsögðu er það svo að sjálft verndunarstigið, sjálfir tollarnir, geta endalaust verið mönnum deiluefni og örugglega enginn endanlegur og einn sannleikur til í því máli. En heppilegt væri í öllu falli að menn deildu ekki um mikilvægustu undirstöður og grundvallarforsendur málsins og það er kannski það sem er einna lakast hér að um það eru deilur hverjir verði í reynd tollarnir og það eru kannski einkum og sér í lagi misvísandi upplýsingar um innkaupsverð eða heimsmarkaðsverð sem þar kemur til.

Ég hygg að flestir geti verið sammála um það og það er a.m.k. skoðun 3. minni hluta og okkar þingflokks, að það sé ekki nema sanngjarnt og eðlilegt að farið sé gætilega gagnvart upphafsákvörðun tollverndarinnar þar sem í hlut á almenni vöruinnflutningurinn, þ.e. það almenna frelsi með viðskipti á þessu sviði sem ekki er sérstaklega bundið við lágmarksmarkaðsaðgang eða ríkjandi markaðsaðgang, að þarna sé ekki óeðlilegt að byrjað sé með upphafstollum sem tryggi allverulega vernd, enda um mikla breytingu að ræða frá því fyrirkomulagi sem áður ríkti. Gegnum lágmarksmarkaðsaðganginn og ríkjandi markaðsaðgang er hins vegar ætlunin að ná því fram að vöruúrval aukist og möguleikar neytenda til að fá hér fjölbreyttari vöru og að einhverju leyti á lægra verði komi til sögunnar. Þá kemur hins vegar að því sem er langmesta álitamál í þessu sambandi og það er verðlagningin eða tollunin á þeim þætti.

Um heilbrigðis- og hollustuþáttinn vil ég segja það að um það getur sömuleiðis tæplega verið deila, að ekki verði á nokkurn hátt gerðar minni kröfur til hollustu og heilnæmi þeirrar vöru sem leyft verði að flytja til landsins en gerðar eru til innlendrar framleiðslu. Í því sambandi flytur meiri hlutinn brtt. sem er væntanlega að einhverju leyti eða beinlínis tilkomin vegna ábendinga úr landbn. þar sem ráðherra eru færðar sérstaklega heimildir til að beita innflutningstakmörkunum ef gefin hafa verið vaxtaaukandi efni á framleiðsluskeiðinu, svonefndir hormónar, eða varan felur í sér lyfjaleifar eða önnur aðskotaefni umfram það sem leyft er við framleiðslu hér á landi og getur verið hættulegt heilsu manna. Með þeim rökum sem áður sagði sýnist þessi brtt. eðlileg. Það hlýtur að vera sanngjörn krafa að í engu verði gerðar minni kröfur til hinnar innfluttu matvöru en gerðar eru til framleiðslunnar hér.

Á hinn bóginn er ljóst að það er ekki heimilt samkvæmt samningunum, það er grundvallarregla, að beita slíkum eðlilegum heimildum til varnar heilbrigði manna og dýra í tæknilegar viðskiptahindranir og þar á milli verður að draga skýr mörk. Það verða með öðrum orðum að standa skynsamleg rök fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru hverju sinni í þessu samhengi.

Um garðyrkjuna hefur nokkuð verið rætt og þegar athugaðar eru töflur sem máli þessu fylgja varðandi tollunarstig eða tollunargildi þeirra ákvarðana sem hér eru á ferðinni í tilheyrandi viðaukum þá virðist næsta ljóst að garðyrkjan er sú grein landbúnaðarins sem hlutfallslega minnstrar verndar nýtur. Kemur þar til viðbótar að garðyrkjubændur búa við innflutning hluta úr árinu á mörgum mikilvægum framleiðsluvörum sínum á grundvelli landbúnaðarviðauka EES-samningsins, en þar er eins og kunnugt er opnað fyrir umtalsverðan tollfrjálsan innflutning á nokkrum tegundum garðyrkjuafurða hluta úr árinu. En það kemur einnig til að garðyrkjan er í nokkurri sérstöðu hvað það snertir að hún hefur á undanförnum árum verið að auka stórlega hlutdeild sína á innlendum markaði og lengja framleiðslutímann. Þetta hefur gerst í gegnum tækninýjungar og umtalsverðar fjárfestingar sem menn hafa lagt í í greininni. Innflutningur var því meiri á þessum tegundum á viðmiðunartímanum en verið hefur upp á síðkastið. Þetta þýðir einfaldlega að ákvæði um ríkjandi markaðsaðgang koma verr við þessa grein heldur en aðrar. Það er því alveg ljóst, herra forseti, að það er ástæða til þess að huga sérstaklega að stöðu garðyrkjunnar og fylgjast með því hvernig henni reiðir af í þessu sambandi, í þessu nýja umhverfi. Í því sambandi geta stjórnvöld auðvitað gripið til ýmissa aðgerða sem heimilar eru gagnvart starfsgrundvelli og samkeppnisskilyrðum greinarinnar til þess að tryggja að hún fái staðist þessa samkeppni. Þar koma fleiri aðgerðir til greina og er fleira mögulegt heldur en það eitt að veita henni tollvernd gagnvart innflutningi. Það er líka hægt að bæta samkeppnisstöðu hennar innan lands með ýmsum aðferðum sem ekki mundu á nokkurn hátt brjóta í bága við okkar skuldbindingar að þessu leyti.

Þá vil ég víkja aðeins að þeim efnisþætti málsins sem snýr að lágmarksmarkaðsaðgangi, þeirri málamiðlun sem varð að lokum í GATT-samningaferlinu, að til viðbótar því að breyta um kerfi og færa verndina úr beinum innflutningsbönnum og hindrunum yfir í tollígildi þá kom sú viðbót að tiltekinn lítill markaðsaðgangur yrði gerður mögulegur fyrir innfluttar vörur inn á hina lokuðu markaði á grundvelli lægri tolla en ella giltu. Um þennan þátt var lengi togast á í samn-

ingaviðræðunum eins og kunnugt er og þráttað fram og til baka um prósentur. Þarna byrjuðu menn að ræða markaðsaðgang upp á 1–2%, en niðurstaðan varð þessi: 3% í upphafi, síðan hækkandi í 5% á tilteknu tímabili.

Um þennan þátt málsins, varðandi framkvæmdina hér innan lands og efni þessa frv., hefur langmest verið deilt. Það er sömuleiðis þannig að þar ríkir kannski mest óvissa um það hvaða áhrif samþykkt frumvarpanna hafi í för með sér eða jafnvel hvort um einhver áhrif verði að ræða, þ.e. hvort til sögunnar komi á grundvelli þeirra tolla sem þarna eru lagðir til einhver umtalsverður innflutningur eða ekki. Það virðist ljóst af töflum sem fylgja frv. og síðan öðrum gögnum sem efh.- og viðskn. hafa borist frá ýmsum aðilum, svo sem heildsölum og Neytendasamtökum, að flestar vörur muni verða a.m.k. jafndýrar og í mörgum tilfellum dýrari en innlenda framleiðslan er, þ.e. hinn svonefndi lágmarksmarkaðsaðgangur verði hér ekki í boði í verslunum á lægra verði í neinum mæli. Út af fyrir sig má greina á milli þess hvort það hafi verið eðlilegt í sjálfu sér og hins að varan keppti á sambærilegu verði og þá á grundvelli gæða og fjölbreytni. Hitt er væntanlega ljóst að það eru ekki líkur til þess að um mikinn innflutning verði að ræða á tegundum sem liggja þarna langt fyrir ofan í verði. Um þennan þátt málsins ríkir því væntanlega veruleg óvissa, þ.e. hvaða áhugi verður í reynd á því að flytja inn á þessum kjörum og jafnvel þó að það verði reynt af einhverjum, í hve miklum mæli sú vara þá hreinlega selst á innlendum markaði. Það er mat manna að fyrst og fremst muni þessa sjá stað í formi aukins framboðs og aukinnar fjölbreytni í ýmsum lúxusvörum, dýrasta hluta neysluvörunnar. Þar gæti maður hugsað sér dýra og sjaldgæfa osta og annað því um líkt. Einhver sala í slíkum vörum mun þá að sjálfsögðu telja upp í þann lágmarksmarkaðsaðgang sem þarna er á ferðinni, en það er ólíklegt að það verði í þvílíku magni að mikið dragi um það.

Það er að vísu svo samkvæmt því sem ræðumaður hefur helst komist að niðurstöðu um, að skuldbindingar okkar gagnvart þessum ætti málsins snúa í sjálfu sér ekki að því að stjórnvöldum hvers lands sé gert að tryggja að viðkomandi markaðshlutdeild náist, það er í sjálfu sér ekki skylda íslenskra stjórnvalda að sjá til þess með góðu eða illu að tiltekin 3 eða 5% af vöru seljist hér á innlendum markaði. En það er skylda þeirra að bjóða upp á tiltekin hagstæðari viðskiptakjör eða verð með þessa vöru sem gerir það væntanlega að verkum að einhverjir möguleikar séu á því að þetta magn seljist. Væntanlega snúa umræður sem kynnu að rísa í kjölfar þess að ekki yrði um sölu í þessu magni að ræða hér frekar að því hvort með því sé verið að brjóta gegn anda samkomulagsins heldur en hinu að í því felist beinlínis brot á samningsskuldbindingum svo fremi sem það verð sem sett verður á þennan lágmarksmarkaðsaðgang af okkar hálfu samrýmist tilboðinu sem gert var og sé ekki hærra en lögfestar tollabindingar eru að þessu leyti. Komi það hins vegar í ljós að þær séu þannig að af umtalsverðri sölu verði ekki þá mun væntanlega rísa sú umræða sem ég nefndi hér, hvort í því felist brot gegn anda samninganna og enginn vafi er auðvitað á því að á það verður knúið af ýmsum aðilum, innflytjendum og jafnvel innlendum aðilum, að þessi markmið náist.

Og það er væntanlega vegna þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á þennan þátt málsins að í brtt. meiri hlutans er að finna ákvæði sem að þessu lýtur sérstaklega og er þar á ferðinni b-liður 5. tölul. brtt. á þskj. 70, en þar er lagt til að við 20. gr. laganna væntanlega bætist ný málsgrein sem verði 3. efnismgr. og hljóði svo, með leyfi forseta:

„Við úthlutun tollkvóta“ — hér er átt við þá tollkvóta sem unnt er að grípa til til að tryggja viðbótarinnflutning á lægri tollgildum heldur en gilda almennt — „hefur ráðherra hliðsjón af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar og hvort innflutningsmagn í tollkvótum IIIA og IIIB hafi náð þeim mörkum sem þar eru sett.“

Það er að segja, þar er komið að hinum svonefnda *lágmarksaðgangi og með þessu er í raun og veru skilyrt eða a.m.k.* sett inn sú leiðbeining varðandi meðferð landbrh. á þessum heimildum að þar er vísað gagngert í þennan lágmarksmarkaðsaðgang.

Nú væri fróðlegt að fá það nákvæmlega útskýrt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. landbrh. og talsmanna meiri hlutans í þessum efnum, hvernig nákvæmlega það samkomulag er sem liggur að baki flutningi þessarar brtt. Ég hlýt að óska eftir athygli hæstv. landbrh. og gjarnan hefði nú fleiri hæstv. ráðherrar mátt vera þarna með, því að þetta skiptir miklu máli. Liggur á bak við sú niðurstaða hæstv. ríkisstjórnar að hún hafi ákveðið að móta þá pólitísku stefnu að til þessa innflutnings skuli koma og að ætlunin sé beinlínis að beita þessum heimildum þannig eða hvaða stefnumótun er þarna á bak við orðalag þessarar brtt. Það skiptir að sjálfsögðu máli. Ég vísa aftur til þess sem ég áðan sagði að væntanlega er það ekki svo að við séum beinlínis samningsbundin til þess að tryggja þetta magn, að það seljist, heldur tryggja þarna ákveðin viðskiptakjör, þannig að það getur verið pólitískt matsatriði, pólitískt ákvörðunaratriði, hvaða stefnu íslensk stjórnvöld ætla að hafa uppi gagnvart framkvæmdinni að þessu leyti. Er það þeirra afstaða að *láta þetta ráðast á grundvelli þeirra viðskiptakjara* sem sett eru upp í frv. og sjá svo til í einhver ár hvort það seljist 0,5%, 1% eða 3%? Eða er með þessari heimild, sem hér á að setja inn, ætlunin að afla verkfæris til þess að leitast við að tryggja að af þessum lágmarksmarkaðsaðgangi verði? Ég held að það megi auðvitað velta því fyrir sér hvort sé hyggilegri stefna af okkar hálfu að í raun og veru tryggja það fyrir fram að ekki komi til klögumála eða deilna um það að við séum að vanefna okkar skuldbindingar að þessu leyti með því að reisa í reynd háa tollmúra gagnvart þessum hluta einnig að ekki komi einu sinni til þessa lágmarksmarkaðsaðgangs. Við teljum í öllu falli eðlilegt að svona heimild sé höfð til staðar í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir einnig um þetta þannig að það er afstaða okkar að styðja þessa brtt., b-lið 5. tölul., en með þeim

fyrirvara þó að gjarnan mætti liggja ljósar fyrir og skýrar hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar sér með hana, hvaða stefna liggur þar til grundvallar að meiri hlutinn hefur ákveðið að setja þetta inn í brtt. sínar.

Hins vegar varðandi tollunarstigið á lágmarksmarkaðsaðganginum, þ.e. þá aðferð sem hér er valin að halda sig við 32% af viðmiðunartollinum eða grundvallartollinum eins og hann kemur fram í viðaukum II, grunntaxtanum sem þar er á ferðinni, þá sýnist nú sitt hverjum um þann þátt. Það er alveg ljóst að í sumum tilvikum þýðir þetta allverulega hærri verð en hér viðgangast á erlendum markaði, í öðrum tilvikum lítið eitt hærri eða hugsanlega svipuð en í fæstum ef nokkrum tilvikum lægri. Ef innkaupsverð verða í hærri kantinum miðað við þær tölur sem komið hafa fram, þá á ég ekki við það sem útreikningarnir byggja á heldur upplýsingar sem hafa t.d. fengist frá heildsölum á undanförnum dögum, er ljóst að þetta verð getur farið upp fyrir öll þau verð sem hér viðgangast á innlendum markaði. Þá hljóta óumdeilanlega að vakna miklar spurningar um hvort við séum á réttri leið hvað framkvæmdina snertir að þessu leyti.

Það er því niðurstaða okkar að við treystum okkur ekki til að bera ábyrgð á þeirri stefnumótun sem þarna er á ferðinni þó að við höfum stutt aðild að samningunum að öðru leyti og studdum staðfestingartillögu eða frv. á sínum tíma sem og styðjum við það að við fullnægjum skuldbindingum okkar að þessu leyti. En hvað þennan þátt málsins varðar teljum við einfaldlega forsendur of óljósar og of mikla óvissu samfara þeim útreikningum sem þarna eru á ferðinni þannig að við munum ekki greiða þeim ákvæðum frv. atkvæði sem lúta að tollunargildi á lágmarksmarkaðsaðgangi.

Herra forseti. Sama má að mörgu leyti segja um þá vandræðalegu tilhögun sem viðhafa á gagnvart því að ráðstafa leyfum til innflutnings á þeim vörum sem falla undir ákvæði um lágmarksmarkaðsaðgang. Auðvitað er alveg ljóst að þetta fyrirkomulag er allt hið afbrigðilegasta og hlýtur auðvitað að vera keppikefli í sjálfu sér eins og ég lét koma fram við 2. umr. að koma svona bjöguðum viðskiptaháttum ef svo má að orði komast út úr heiminum þannig að innflutningurinn sé á almennum forsendum og einhverjar almennar samkeppnis- og verðlagningarreglur gildi. Þetta getur aldrei talist annað en tiltölulega mjög afbrigðilegur þáttur í viðskiptum að skylda ríkið til að taka inn á sinn markað eitthvert tiltekið lítið magn af vörum sem lúti allt öðrum reglum en almennt gerist um innflutning og bæti nú gráu ofan á svart þegar svo af þessum ástæðum að um einhvers konar skömmtun hlýtur þá að verða að ræða þarf að grípa til aðferða af því tagi sem frv. gerir ráð fyrir, þ.e. að kasta upp teningum og viðhafa hlutkesti til að velja úr hópi umsækjenda um innflutningsleyfi. Þarna hefðu ýmsar fleiri aðgerðir komið til greina og hefði mátt velta því fyrir sér hvort ekki hefði verið eðlilegra að velja einfaldlega með rökstuðningi tiltekna aðila sem eðlilegt teldist að önnuðust þennan innflutning. Þar hefði maður að sjálfsögðu getað hugsað sér að aðilar sem eru í vinnslu og verslun með vörur af þessu tagi hefðu getað sótt um og með einhverjum rökstuðningi eða reglum sem um það hefðu verið mótaðar hefðu þeir aðilar verið valdir úr sem eðlilegt hefði talist að fengju þessi leyfi og önnuðust innflutninginn. Að sjálfsögðu hefði orðið við slíkt val að tryggja að um fullnægjandi samkeppni yrði að ræða og fleiri en einn og fleiri en tveir aðilar gætu stundað slíkan innflutning. Á það hefur verið bent að með því að til að mynda aðilar, sem annast sjálfir vinnslu á sambærilegum vörum innan lands eða eru í sölu á slíkum vörum, fengju jafnframt innflutningsleyfin, kynnu að opnast möguleikar til gagnkvæmra viðskipta. Sömu aðilar hefðu þá getað nýtt sér þau viðskiptasambönd til að koma framleiðslu sinni á markað erlendis á móti í gegnum slík gagnkvæmnissambönd við erlenda framleiðendur eða erlenda söluaðila. Með þessum aðferðum tapast allir slíkir möguleikar til að nýta okkur þó a.m.k. í einhverjum mæli möguleika til gagnkvæmni í þessum viðskiptum og það er einn þáttur sem menn hefðu átt að hyggja að áður en farið var út í þessa aðferð um teningakastið.

Sú hugmynd hefur líka komið fram að hreinlega ætti að bjóða þessar heimildir einhvern veginn út og það er sömuleiðis aðferð sem vel hefði mátt athuga. Við munum ekki að heldur greiða atkvæði með þessu fyrirkomulagi. Enda þótt ljóst sé að þetta þurfi að leysa með einhverjum hætti held ég að þeir sem stjórna framkvæmdinni verði að bera þann kaleik sjálfir að ákveða hvernig staðið verði að þessu.

Það er ljóst, herra forseti, að ekkert kemur til greina að okkar mati annað en að Íslendingar gerist aðilar að þessu alþjóðlega viðskiptaferli og Alþb. og þingflokkur þess hefur stutt það að við yrðum aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og tækjum þátt í þessari lotu eða þessari niðurstöðu í GATT-ferlinu. Að sjálfsögðu á þá það sama við um þetta frv. að tæplega getur orðið um það nein deila að nauðsynlegt er fyrir okkur að uppfylla samningsskuldbindingar okkar sem við höfum undirgengist. Vissulega má deila um margt í framkvæmdinni en það hlýtur að orka mjög tvímælis að standa gegn því að lokum þó að sitt sýnist hverjum um útfærsluna að standa gegn því að lokum að frumvörp verði hér afgreidd til staðfestingar á þessum skuldbindingum okkar samkvæmt samningunum. Ég hygg að ekki sé nein deila um að lögfestingin eins og hún er hér úr garði gerð felur í sér fullnægingu á samningsskuldbindingum okkar. Það hef ég í raun engan heyrt halda fram nema þá helst hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson í einu tilviki, þ.e. varðandi óbreyttan markaðsaðgang, geti verið um einhverja sveigju á sjálfum samningsforsendunum að ræða en að öðru leyti er hér á ferðinni að lögfesta samningstilboð okkar eins og það var samþykkt og binda í lög hámarkstollabindingarnar sem þak og sem aldrei verður upp úr farið. Að því leyti til held ég að það geti ekki orkað tvímælis að við erum að fullnægja samningsskuldbindingunum og getum þar með gerst aðilar að samningnum og látið hann ganga í gildi á tilsettum tíma 1. júlí nk.

Spurningin er fyrst og fremst hvernig að því er staðið að festa þetta í sessi. Þar hlýtur verkefnið að vera eins og allir menn sjá að leita einhverrar sanngjarnrar

málamiðlunar milli ólíkra sjónarmiða og sumir vilja meina andstæðra hagsmuna þó að það sé ekki endilega víst að svo sé þegar upp er staðið, þ.e. annars vegar að tryggja innlendri framleiðslu og úrvinnslu eðlilegan aðlögunartíma að þessum breytingum og samkeppnisskilyrði gagnvart í mörgum tilvikum niðurgreiddri og ríkisstyrktri framleiðslu erlendis. Hins vegar að ávinningur neytenda verði nokkur af þessum breytingum í formi aukins vöruúrvals og lækkandi matvælaverðs á komandi árum. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að okkur hefur orðið þó nokkuð ágengt í þeim efnum innan lands. Mikill árangur hefur náðst í því að lækka tilkostnað fyrir þjóðarbúið vegna landbúnaðarframleiðslunnar og það hefur náðst verulegur árangur í lækkun matvælaverðs innan lands á undanförnum árum. Á sama tíma og matvælaverð umhverfis okkur hefur farið hækkandi og upplýsingar sem efh.- og viðskn. hefur fengið benda m.a. til að þar hafi þróunin verið hröð undanfarna mánuði, matvælaverð almennt sé á nokkuð hraðri uppleið erlendis samanber að tölur sem Neytendasamtökin hafa notast við í útreikningum sínum og eru nokkurra mánaða gamlar virðast þegar þær eru bornar saman við nýjustu tölur frá heildsölum, sem komu fyrir efh.- og viðskn., vera orðnar úreltar og í þá áttina að matvælaverðið eða innkaupsverðið erlendis hafi hækkað talsvert á þeim stutta tíma. Það ætti að þýða að enn sé að draga saman með matvælaverði á Íslandi og því sem raunhæft er að ætla að fáist í innkaupum frá nágrannalöndunum. Sú þróun að þarna minnki bilið ætti að gera okkur auðveldara að ganga í gegnum þessar breytingar ef rétt verður á málum haldið.

Herra forseti. Eins og ég hef gert grein fyrir er margt óljóst í sambandi við reikningslegar forsendur málsins hvað varðar raunverulegt verð eða innkaupsverð á væntanlegum innflutningi erlendis frá og þar með einnig hversu mikil sú tollvernd er sem verið er að setja upp í einstökum tilvikum og skiptir þar alveg sérstaklega sköpum hver verður raunverulega niðurstaðan gagnvart verðlagningunni á lágmarksmarkaðsaðgangi. Með hliðsjón af því er það skoðun okkar, sem standa að áliti 3. minni hluta, að eðlilegt sé að farið verði yfir þetta mál í heild sinni í ljósi reynslunnar að hæfilegum tíma liðnum. Það mætti hugsa sér að eftir 1–2 ár yrði farið í gagngera endurskoðun á því hvernig til hefði tekist, hvert raunverulegt innkaupsverð á innflutningsvörum væri þá erlendis frá og hver tollverndin hefði orðið í ljósi þess. Ég minni á að hér er að sjálfsögðu allt byggt á heimildarákvæðum. Við höfum það sjálf í okkar höndum að breyta þeim ákvörðunum hvenær sem mönnum sýnist svo, a.m.k. til lækkunar þó að hin leiðin kynni að reynast torsótt að breyta til hækkunar tollum sem einu sinni hefðu verið settir á. Við boðum því í nefndaráliti á þskj. 80, í lok þess sem ég er hér að gera grein fyrir, að við munum flytja brtt. um endurskoðunarákvæði í þessa veru við 3. umr. málsins í ljósi þess einnig hvernig afgreiðsla brtt. hefur farið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég held að öllum sé ljóst að við hljótum að þurfa að ljúka afgreiðslu málsins áður en þingið fer heim þannig að við getum fullnægt samningsskuldbindingum okkar að þessu leyti. Við styðjum sum ákvæði þessa frv. en önnur ekki eftir því hvernig útfærslan á þeim hefur til tekist og sama á við um brtt. sem hér eru fram komnar aðrar frá 1. og 2. minni hluta. Þar getum við stutt ýmis ákvæði sem eru á ferðinni en önnur ekki. Ég tel til að mynda að í 1. tölul. brtt. 2. minni hluta sé farið offari gagnvart því að lækka tolla á lágmarksmarkaðsaðgangi um helming. Slíkt mundi væntanlega leiða til þess að sú vara yrði á mun lægra verði í mörgum tilvikum, til mikilla muna lægra verði en innlend framleiðsla og hlyti að valda meira ójafnvægi en ella. Þar með er líka farið langt undir þær samningsskuldbindingar sem við höfum og það tilboð sem var samþykkt af Íslands hálfu og við sjáum nú ekki standa að mér sýnist rök til þess að ganga svo langt í upphafsskrefinu.

Enn er ástæða til þess að undirstrika að þessa hluti er hægt að endurskoða og þeim er hægt að breyta raunar hvenær sem er í ljósi þess hver verður hin raunverulega niðurstaða og sjálfsagt er það svo að að lokum geti ekkert nema reynslan endanlega sýnt fram á það hvert verður hið endanlega verð.

Ég hygg að það verði ýmsum lærdómsríkt sem hafa á undanförnum árum blandað sér í umræður um mismunandi matvælaverð, annars vegar hér á Íslandi og hins vegar úti í löndum, að átta sig á því sem flestir eru nú farnir að viðurkenna að í reynd er ekkert til sem heitir heimsmarkaðsverð á þessum vörum og þau mjög svo lágu verð sem hafa stundum verið notuð til samanburðar og í útreikningum milli innlends vöruverðs og erlends láta á sér standa þegar heildsalar koma með upplýsingar um hvaða raunverulega innkaupsverð á búvörum þeim standi til boða erlendis frá. Þar eru á ferðinni til muna hærri verð en stundum hafa verið nefnd í umræðunni og notuð til samanburðar hér. Að vísu er rétt að hafa í huga að viðurkennt er að verðþróunin hefur verið upp á við en það skyldi nú ekki vera svo að að hluta til hafi umræðan verið á röngum forsendum og eins og stundum er að grasið sé grænna hinum megin við girðinguna þegar menn horfa á það úr fjarlægð en það eigi eftir að koma á daginn að jafnódýrar matvörur erlendis og stundum hefur verið haldið fram að okkur stæði til boða reynast ekki auðfundnar, að minnsta kosti ef þær eiga að vera sambærilegar að gæðum og framleiðsla okkar er.

[21:12]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það líður að lokum þessa þings að því er við höldum en það eru afar stór mál sem við höfum til umræðu. Ég hygg að þegar til lengri tíma verður litið verði útfærslan á GATT-samningnum talin með stærri málum sem komið hafa hér til umræðu.

Ég get auðvitað ekki látið hjá líða að benda á eins og fleiri að afar skammur tími hefur gefist til þess að fara í gegnum þetta mál og að mínum dómi þyrfti efh.- og viðskn. að hittast á milli umræðna til þess að fara fara ofan í brtt. meiri hlutans og einnig að gefa þeim minnihlutafulltrúum, sem lagt hafa fram breytingartil-

lögur, tækifæri til þess að skýra þær og að fá á þeim nokkra útreikninga þannig að við hin værum nokkuð viss á því hvað þær þýða. Það er nú svo, hæstv. forseti, að hér er um býsna flókin mál að ræða og það þarf að liggja yfir því hvað einstakar tillögur þýða í krónum talið, hvað þær mundu þýða í útfærslu ef innflutningur ætti sér stað á viðkomandi vörum.

Ég vil fyrst segja það, hæstv. forseti, að útfærsla ríkisstjórnarinnar á samningnum hefur valdið mér gífurlegum vonbrigðum og ég get ekki annað en lýst undrun minni á því að menn skuli fyrst ganga að því verki að gerast aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og vera búnir að eyða þessum gífurlega tíma í þennan samning, og ég minnist þá allra þeirra umræðna og deilna sem átt hafa sér stað á hinu háa Alþingi, og að leggja svo fram frv. eins og þetta sem öllum þeim sem koma á fund efh.- og viðskn. bar saman um að mundi ekki hafa nokkur einustu áhrif, hvorki á verðlag á almennum landbúnaðarvörum, né á innflutning né þá heldur á íslenskan landbúnað. Við megum ekki gleyma því að tilgangur samningsins, sem menn hafa verið að vinna að svo árum skiptir, er auðvitað sá í fyrsta lagi að auka og auðvelda viðskipti í heiminum, í öðru lagi að draga úr tollum og viðskiptahindrunum og í þriðja lagi að koma á viðskiptum með vörur sem hafa nánast eingöngu verið bundnar við heimamarkaði. Þetta var megintilgangur þessarar samningslotu, það var verið að taka á hlutaframleiðslu sem hafði áður verið utan við GATT-samninginn. Ég get ekki séð að það sé í anda þessa samkomulags að útfæra samninginn með svo háum tollum að það komi nánast ekki til greina að reyna neinn innflutning. Það ber öllum saman um það sem hafa spáð í frv., þeim sem eiga að fást við innflutninginn og jafnframt fulltrúum Þjóðhagsstofnunar og Hagfræðistofnunar háskólans, að áhrifin yrðu engin. Hæstv. landbrh., þarna er auðvitað verr af stað farið en heima setið og þetta er ekki í anda samningsins. Að vísu liggur fyrir brtt. frá meiri hlutanum. Þegar þeim varð ljóst hvað í þessu fólst var reynt að grípa til örþrifaráða eða til einhvers sem duga mætti til þess að auka innflutning og a.m.k. til að sjá til þess að innflutningurinn næði þeim 3–5% sem er þó lágmarksinnflutningurinn. Við megum ekki gleyma því, hæstv. forseti, að samningurinn gengur í báðar áttir. Þetta eru samningar milli þjóða og hann snýr ekki bara að innflutningi til Íslands. Hann snýr líka að útflutningi. Við megum passa upp á þann orðstír sem við fáum ef við útfærum samninginn með þessum hætti, þ.e. að reisa hér endalausar girðingar og maður spyr sig: Hvers vegna erum við að gerast aðilar að alþjóðasamningum, hvort sem það er þessi GATT-samningur eða samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið ef menn ætla svo alltaf að reyna að finna einhverjar leiðir fram hjá? Ekki voru lítil rökin sem komu fram í EES-umræðunum um allar þær girðingar sem hægt væri að reisa. Menn ætluðu að gerast aðilar að samningnum, fá það besta út úr honum en láta ekkert af hendi sjálfir. Ég lýsi þeirri skoðun okkar kvennalistakvenna að við þurfum auðvitað að standa vörð um íslenskan landbúnað og íslenska landbúnaðarframleiðslu en það verður að vera skynsemi í þeirri stefnu og við erum búnir að gerast aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Samningurinn gerir ráð fyrir lágmarksinnflutningi og innflutningi umfram það á hærri tollum. Þá á auðvitað að útfæra þetta þannig að sá innflutningur geti átt sér stað og hann hafi þau áhrif sem til er ætlast. En þau áhrif eru auðvitað annars vegar aðhald að verðlagi hér, koma á örlítilli samkeppni við íslenskan landbúnað og jafnframt vonandi að ýta á nauðsynlegar breytingar sem verða að eiga sér stað á íslensku landbúnaðarstefnunni.

Það sem frv. gengur í rauninni út á er að hér verða settir býsna háir tollar á innfluttar landbúnaðarvörur og útkoman á að sögn frumvarpshöfunda að þýða um það bil 30% hærra verð. Það er að vísu mismunandi eftir vörum og þeir sem hafa farið ofan í þessa útfærslu sjá helst fyrir sér að hér verði innflutningur á ostum, smjöri og hugsanlega einhverjum kjöttegundum. Ég hef alltaf skilið þetta mál þannig, það er best að því koma að því strax, að innflutningur á hráu kjöti yrði ekki heimilaður. Það er auðvitað bundið því að hægt sé að sanna að slíkum innflutningi fylgi einhverjar sjúkdómshættur. En spurningin er sú: Er yfir höfuð hægt að sanna það?

Við fengum yfirdýralækni til okkar í hv. efh.- og viðskn. og hann lýsti því fyrir okkur hvaða tækni er nú viðhöfð og hvernig menn geta fylgst með dýrasjúkdómum en ég get ekki áttað mig á því hvaða vörn er í þeim lögum sem við höfum t.d. gagnvart lambakjöti frá Nýja-Sjálandi. Mér vitanlega eru ekki þar á ferð neinir sjúkdómar sem eru ekki þekktir hér á landi. Þar af leiðandi er ekki gott að átta sig á því hver sá innflutningur yrði í raun og veru en að minnsta kosti hefur ekki nokkur maður nefnt nýsjálenskt lambakjöt í umræðunni og hafa yfirleitt ekki talið nokkrar líkur á því að til slíks innflutnings kæmi. Ég verð að segja það að ég hef nokkrar áhyggjur af þessari hlið málanna, þ.e. því sem snýr að hreinlæti og heilbrigði þeirrar vöru sem yrði hugsanlega flutt inn. Þar er ég ekki sammála hv. þm. Ágústi Einarssyni, sem gerir frekar lítið úr tillögu landbn. sem birtist í 4. lið brtt. meiri hlutans, því að ég er sammála því að við eigum að fara mjög varlega í þessum efnum vegna þess að íslenskir dýrastofnar eru mjög einangraðir og þar af leiðandi í mikilli hættu fyrir einstökum sjúkdómum sem hafa verið óþekktir hér á landi. Það sem skiptir ekki síður máli er það að kröfur til matvæla eru afar mismunandi eftir löndum og eftir heimsálfum og mér finnst mjög mikilvægt að við reynum að verjast því að hér komist á neysla á matvælum sem innihalda mikið af aukefnum, rotvarnarefnum, hormónum, litarefnum og öðru slíku. Í því sambandi hef ég kynnt mér þetta töluvert og ég veit að það er allt aðrir staðlar í Evrópu varðandi matvæli en í Bandaríkjunum. Bandaríkjamenn hafa reyndar gagnrýnt Evrópusambandið og talið að reglur þeirra væru duldar viðskiptahindranir en þá er að minnast þess að Danir áttu í málaferlum, fóru í mál til að reyna að verja matvælareglur sínar innan Evrópusambandsins en þeir töpuðu því máli og urðu að leyfa 90 aukefni í matvælum sem höfðu verið bönnuð í Danmörku.

Þegar Svíar voru að ræða aðildina að Evrópusambandinu var eitt helsta gagnrýnisefni andstæðinga aðildar að Svíar urðu að samþykkja matvæli sem innihéldu miklu meiri aukefni en leyfð höfðu verið í Svíþjóð. Hér er því ekki einfalt mál á ferðinni. Talið er nokkuð víst að ýmsir ofnæmissjúkdómar sem fara mjög vaxandi og einnig krabbamein eigi rætur að rekja til þessara aukefna í matvælum en þessir ofnæmissjúkdómar og vaxandi krabbamein eru fyrst og fremst vestræn fyrirbæri og ber afar lítið á t.d. í þriðja heims löndum. Þetta er atriði sem mér finnst að við eigum að taka mjög alvarlega og reyna að verjast og einmitt að nýta okkur gæði íslenskrar framleiðslu og það hvað þau eru laus við aukefni til þess að sækja út á við því að þar eru möguleikar okkar. Hins vegar vil ég auðvitað taka fram að það skiptir miklu máli hvernig þessi grein og þetta atriði er framkvæmt. Það skiptir auðvitað máli að við séum ekki að beita atriðum eins og þessum sem raunverulegri viðskiptahindrun heldur fyrst og fremst til þess að verja fólk og heilsu fólks og ekki síst barna.

Þegar þetta mál bar á góma niðri í kaffistofunni fyrr í dag fóru ýmsir að rifja upp erlendan barnamat sem hér var á markaði fyrir nokkrum árum en hefur nú verið bannaður einmitt vegna aukefna. Við stöndum frammi fyrir því að hin norræna hefð hefur verið miklu sterkari varðandi bann við slíkum aukefnum í matvælum og tengist því að Norðurlandaþjóðirnar hafa verið meðal fremstu þjóða í hvers konar umhverfisvernd. Síðan má segja að Evrópusambandið sé næst á eftir þó að það leyfi miklu meira en Norðurlöndin hafa gert. Síðan koma Bandaríkin sem eiga við mikil vandamál að stríða og það er ekki að ástæðulausu sem hvers kyns lífræn framleiðsla er gríðarlega vaxandi í Bandaríkjunum. Það er vegna þess að meðvitað fólk í Bandaríkjunum þorir ekki og vill ekki kaupa þau matvæli sem þar eru á boðstólum handa börnunum sínum vegna hormóna og aukefna. Mér finnst því ástæða til þess að við séum mjög vakandi fyrir þessu atriði en ég vil ítreka að það má ekki og á ekki að beita þessari reglu sem viðskiptahindrun.

Þá vík ég að því atriði enn einu sinni sem snýr að meðferð og forræði þessara mála. Ég hef margsinnis gert þetta að umræðuefni og get gert það einu sinni enn. Enda þótt ég hafi mikið álit á hæstv. núv. landbrh. og hafi átt við hann gott samstarf þá er ég mjög ósátt við það að þessi mál skuli öll vera á forræði landbrh. Mér finnst þetta ekki eðlilegt og ekki í samræmi við íslenska stjórnsýslu og með 4. lið þeirrar brtt. sem ég var að gera hér að umræðuefni á hæstv. landbrh. meira að segja að fara að hafa eftirlit með matvælaiðnaði og matvælainnflutningi. (**Gripið fram í:** Hann er umhvrh. líka.) Já, nú vill svo til að hæstv. landbrh. er líka umhvrh. og málið heyrir undir umhvrh. Það er verkefni Hollustuverndar ríkisins að hafa eftirlit með matvælum og þetta er í hæsta máta óeðlilegt. Ég veit ekki hvers konar rugli er eiginlega verið að koma á í íslenskri stjórnsýslu og menn mega ekki láta svona, að treysta ekki öðrum ráðuneytum fyrir sínum verkefnum bara af því að landbúnaður og innflutningur á landbúnaðarvörum á í hlut. Þetta er algerlega út í hött og ég skora á þann meiri hluta, sem flutt hefur þessar tillögur, að breyta þessu. Það segir hér í þessari tillögu, með leyfi forseta:

„Landbrh. ákveður með reglugerð á hvern hátt haga skuli eftirliti með innflutningi afurðanna, sýnatöku og rannsóknum."

Það er ekki yfirdýralæknir, sem heyrir undir hæstv. landbrh., sem á að sjá um þetta matvælaeftirlit. Það hlýtur að vera Hollustuvernd ríkisins sem fer með matvælaeftirlit og við erum einmitt með til meðferðar í hv. umhvn. frv. um matvæli sem tengist einmitt þessu. Ég minni enn á hvers konar stjórnsýslurugl þetta er. Það er í hæsta máta óeðlilegt að landbrh. sé farinn að sýsla með innflutning, tolla, matvælaeftirlit og ég veit ekki hvað ekki heyrir orðið undir hann og þetta gildir ekki þegar innflutningur á öðrum vörum á í hlut.

Hæstv. forseti. Mjög margar breytingartillögur liggja fyrir við þetta frv. og eins og ég nefndi teldi ég fulla ástæðu til þess að hv. efh.- og viðskn. gæfist tími til þess að fara nánar ofan í þær. Mér hefur ekki gefist tími sjálfri til þess að smíða tillögur við þetta frv. eins og ég vildi sjá það. Við kvennalistakonur eigum eftir að fara ofan í þessar breytingartillögur og taka afstöðu til þeirra. Ég get tekið undir margt sem hér kemur fram og mér finnst að menn eigi að ganga nokkru lengra en hér er gert í því efni að lækka þessa tolla og að sjá til þess að lágmarksinnflutningur eigi sér stað og jafnframt að það verði staðið eðlilega að honum. Ég tek undir það sem hefur komið fram að úthlutun á þessum umframtollkvótum með hlutkesti þegar umsækjendur verða fleiri en einn eða tveir sem eru að slást um tollkvótana, þetta finnst mér afar sérkennileg aðferð sem þarna á sér stað, en það verður þó að nefna að þeir sem koma á fund efh.- og viðskn. gerðu ekki allir athugasemdir við aðferðina þannig að kannski er réttast að láta á það reyna hvernig þetta gefst. En ég get í sjálfu sér líka tekið undir að ekki væri óeðlilegt að fara útboðsleiðina eins og minni hlutinn hefur lagt til og a.m.k. hefði mátt kanna betur hvað það hefur í för með sér.

Hæstv. forseti. Maður hlýtur að velta því fyrir sér við skoðun á þessu máli hverra hagsmuna er verið að gæta, hverjum er verið að þjóna með þessari útfærslu á samningnum og ég held að við getum fullyrt að ekki er verið að þjóna hagsmunum neytenda með útfærslunni. Ef það er rétt mat sem fram kemur hjá þeim sem hafa lagt mat á samninginn að þessi aðferð muni hafa sáralítil áhrif á verðlag og innflutning er ekki verið að ýta undir viðskipti og það er ekki verið að hafa áhrif á verðlag. En forstjóri Þjóðhagsstofnunar sagði einmitt á fundi efh.- og viðskn. að hann gæti ekki séð að þessi útfærsla mundi setja neinn þrýsting á verðlag. Þegar hann bar saman þá útfærslu sem Þjóðhagsstofnun gerði 1992 eins og þeir bjuggust við að málið yrði útfært þá og svo þessa aðferð hér er alveg ljóst að áhrifin eins og menn reiknuðu þau fyrir þremur árum verða miklu minni.

Er verið að þjóna hagsmunum íslensks landbúnaðar? Ég dreg það stórlega í efa. Ég dreg stórlega í efa

að það þjóni hagsmunum íslensks landbúnaðar að reisa í kringum hann þessa virkisveggi sem hér er enn einu sinni verið að reisa þegar við vitum öll að það þarf að fara út í uppstokkun á landbúnaðinum. Það þarf að fara í rækilega skoðun á stöðu hans, ekki bara stöðu sauðfjárbænda heldur líka mjólkurframleiðslunnar og garðyrkjunnar. Afar athyglisverðar upplýsingar komu fram í máli Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, um framleiðni í íslenskum landbúnaði en hún hefur dregist mjög mikið saman á undanförnum árum og dregist aftur úr öðrum greinum. Þær upplýsingar komu fram hjá honum að framleiðni í mjólkurframleiðslu og -vinnslu hefur lækkað um 30–35% á undanförnum 20 árum og framleiðni í sláturiðnaði hefur staðið í stað í 20 ár en var þó lág fyrir. Þetta finnst mér vera afar athyglisverðar tölur og segja okkur að við þurfum virkilega að fara ofan í ástandið í íslenskum landbúnaði. Við vitum að þar hefur auðvitað verið fjárfest um of. Sláturhúsum hefur ekki fækkað. Það er rétt núna sem mjólkurbúum er að fækka og kostar mikil átök. Auðvitað kostar þetta allt mikil átök þegar er verið að skera niður og stokka upp en ef svo heldur fram sem horfir endar þetta með ósköpum. Ég ítreka það sem ég sagði við 1. umr. um þetta mál og reyndar í umræðum um breytingar á búvörulögunum að það verður að finna leið til þess að skapa vinnu fyrir bændur þannig að þeir geti hætt framleiðslu og hægt sé að reka búskap hér af einhverju viti. Ég held að sé ekki af hinu góða að nýta ekki þetta tækifæri til þess að skapa aukinn þrýsting á breytingar í íslenskum landbúnaði sem bændur verða auðvitað að stýra sjálfir.

Hæstv. forseti. Ég lýsti því hér áðan að útfræsla ríkisstjórnarinnar á GATT-samningnum hefði valdið mér miklum vonbrigðum. Mér finnst hún ekki vera í anda samningsins þó að meiri hlutinn hafi aðeins reynt að draga úr því. Ég get tekið undir einstakar breytingartillögur meiri hlutans og eins minni hlutans. Ég ætla að sleppa því tímans vegna að fara ofan í einstaka tillögur. Mér finnst að meginatriðið og það sem skiptir mestu sé að standa við gerða samninga og að við útfærum okkar hlið með þeim hætti að við getum haft af því sóma og að við stöndum við samninginn og við nýtum okkur þá möguleika sem hann gefur. Við skulum ekki gleyma því að við erum ekki bara að tala um innflutning á landbúnaðarvörum Við erum líka að tala um kost á útflutningi og ég vil jafnframt beina því til ríkisstjórnarinnar að kanna fleiri hliðar á þessum samningi, m.a. það sem snýr að vefnaði eins og vefnaðarvöru. Eins og ég nefndi við 1. umr. eru Íslendingar algerlega utan þess hluta samningsins og ég kann reyndar ekki skýringu á því hvers vegna svo er en ég skora á hæstv. landbrh. að kanna hvort ekki felast möguleikar t.d. fyrir íslenskan ullariðnað í þeirri hlið samningsins. Ráðuneytisstjóri forsrn. upplýsti mig um það að menn hefðu á sínum tíma talið að þessi hluti samningsins sem er reynar mjög stór og viðamikill þáttur í Úrúgvæ-lotunni eða þeim samningi sem þar var til. Það er mjög stór hluti samningsins sem fjallar um vefnaðarvöru og mér kemur nokkuð spánskt fyrir sjónir að sá hluti samningsins skuli ekkert koma okkur við og ég spyr: Er þar ekki hluti sem við getum nýtt okkur?

Hæstv. forseti. Það er ljóst að þessi samningur og Alþjóðaviðskiptastofnunin og hennar hlutverk er allt að skríða af stað og það liggur á því að við komum okkar útfærslu í lög. En það er ekki sama hvernig það er gert og eins og ég hef nefnt þá treysti ég mér og við kvennalistakonur, til þess að styðja ákveðna hluta þessa frv., en þegar á heildina er litið þá er ég afar ósátt við þessa útfærslu.

Umræðu frestað.

## *Mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar, fyrri umr.*

Þáltill. umhvn., 32. mál. — Þskj. 36.

[21:42]

**Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar. Þetta er 32. mál þingsins á þskj. 36 og er flutt af umhvn. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega þeirri ákvörðun breskra stjórnvalda að veita Shell-olíufélaginu leyfi til að sökkva olíupallinum Brent Spar með margvíslegum eiturefnum í Atlantshaf og gerir kröfu til að leyfið verði afturkallað þegar í stað."

Í greinargerð með þáltill. kemur m.a. fram að í febrúar 1995 veittu bresk stjórnvöld Shell-olíufélaginu leyfi til að sökkva úreltum olíupalli, sem ber heitið Brent Spar, í hafið milli Skotlands og Íslands. Áætlað er að vinna verkið á næstu dögum. Þessi ákvörðun breskra stjórnvalda er í ósamræmi við nútímaviðhorf til umhverfisverndar. Einnig brýtur hún í bága við ákvæði um anda alþjóðasamninga. Um borð í olíuborpallinum er að finna umtalsvert magn eiturefna sem ljóst er að eru umhverfinu hættuleg. Þar á meðal eru PCB og þungmálmar fyrir utan olíuefni og lággeislavirk efni.

Við skoðun þessa máls verður að hafa í huga að innan skamms þarf að úrelda fjölda olíupalla sem nú eru starfræktir í Norðursjó. Mundi áætluð förgun Brent Spar í hafið skapa viðsjárvert fordæmi. Jafnframt væri með því verið að gera að engu það starf sem farið hefur fram á alþjóðavettvangi til að koma í veg fyrir mengun sjávar. Í stað förgunar í sjó ber að draga úrelta olíupalla að landi og eyða þeim þar og endurvinna efni þeirra. Þannig hafa mörg hundruð olíupallar í Mexíkóflóa verið dregnir að landi til förgunar, þar af ekki færri en 20 í eigu Shell. Svipaðar hugmyndir eru uppi um förgun norskra olíupalla.

Íslendingar sem byggja efnahag sinn á fiskveiðum gera kröfu til að ekkert verði aðhafst sem spillt geti vistkerfum Norður-Atlantshafs. Því hlýtur Alþingi að mótmæla harðlega áformum um förgun Brent Spar, sem og annarra olíupalla í hafið.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

[21:44]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það vekur mikla undrun aftur og aftur hvernig bresk stjórnvöld nú hin síðari ár leyfa sér að umgangast alþjóðlegar samþykktir í sambandi við verndun umhverfis og brjóta a.m.k. gegn anda þeirra og í raun gegn ákvæðum þeirra einnig og storka nágrönnum sínum við Norður-Atlantshaf, eins og við höfðum allt of mörg dæmi um og Alþingi Íslendinga hefur vakið athygli á og gert ályktanir gegn. Hér er komið að máli sem er síst betra heldur en sitt hvað af því sem við höfum verið að fjalla um af þessum toga síðasta áratuginn. Ég minni á ályktun Alþingis, líklega 1987, varðandi endurvinnslustöðina í Dounreay, endurvinnslustöð á kjarnorkueldsneyti í Norður-Skotlandi, sem enn er í gangi. Síðan hefur bæst við endurvinnslustöðin nýja og stækkaða við Sellafield, kennd við THORP, sem Alþingi hefur einnig látið til sín taka eins og fjölmargar þjóðir við norðanvert Atlantshaf, ekki síst Norðurlöndin sem hafa ítrekað reynt að hafa áhrif á bresk stjórnvöld til þess að veita ekki starfsleyfi fyrir THORP-endurvinnsluna, en þau mótmæli og þær óskir og viðræður við bresk yfirvöld báru því miður engan árangur.

Hér erum við komin að máli sem sannarlega gæti dregið dilk á eftir sér ef það verður niðurstaðan, ef það verður framhald á af hálfu breskra stjórnvalda og aðrir kynnu að sækja í sama farið ef þeim líðst það sem nú er lagt upp með, að farga olíupöllum sem skipta hundruðum, eins og hér hefur verið rakið af framsögumanni tillögunnar, í Norðursjónum og með þeim ófyrirsjáanlegu afleiðingum sem slíkt hefur fyrir umhverfi sjávar og lífríki þar á meðal, vegna þeirra efna sem þarna er að finna, fyrir utan það að auðvitað ætti það að vera með öllu úr sögunni að farga skipsskrokkum, hvað þá stórtækum mannvirkjum af þessum toga, eins og þessir olíupallar eru.

Ég tel það því mjög góðra gjalda vert að það tókst um það gott samkomulag í hv. umhvn. að flytja þessa tillögu sem hér hefur verið mælt fyrir og er viss um það að hún mun hljóta góða afgreiðslu í þinginu. Hér er í raun verið að styðja við stefnu af hálfu Alþingis, stefnu sem hæstv. umhvrh. lét koma fram skriflega til starfsbróður síns í Bretlandi áður en þessi tillaga var flutt og ég tel sjálfsagt að geta þess vegna þess að það er mjög góðra gjalda vert hversu fljótt hæstv. umhvrh. brást þar við. En það breytir því ekki að samþykkt Alþingis í máli sem þessu hefur sérstakt gildi, eykur þungann og auðveldar íslenskum stjórnvöldum að flytja sitt mál og geta vísað í samþykktir þingsins að þessu leyti.

Nýafstaðinn er fundur umhverfisráðherra Norðursjávarríkjanna sem hittust um helgina í Esbjerg í Danmörku og fjölluðu þar á meðal um umhverfi Norðursjávar og raunar fyrst og fremst um umhverfi Norðursjávar því að það voru umhverfisráðherrar þessara landa sem þarna voru saman komnir. Á þessum fundi sem er lokið náðist árangur á vissum sviðum þrátt fyrir andstöðu Breta og breskra stjórnvalda. Hvað varðar það mál sem hér er til umræðu þá sameinuðust langflestir í því að fordæma þetta framferði, gagnrýna það harðlega. Þar var ekki síst framarlega í flokki sænski umhvrh. Anna Lind, sem þótti kveða mjög fast að orði í þessum efnum, og þykir okkur vænt um það þegar Svíar beita sér með þeim hætti því að því miður er það ekki alltaf svo að þeir séu fremstir í flokki í sambandi við umhverfismál og einkum þegar kemur að kjarnorkunni og minni nú á það að hver virðist vera helst til sjálfum sér næstur í sambandi við málflutning af þessum toga. En sá sem leiddi þessa ráðstefnu, danski umhvrh. Sven Åken, sagði m.a. í sínum málflutningi, að þetta gæti með engum hætti fallið undir varúðarreglluna sem reynt er að ýta fram á alþjóðlegum vettvangi, að menn gæti sín og hafi valið fyrir neðan sig í málum sem þessum.

Það ætti ekki að vera ofætlan að gera þá kröfu til þeirra sem standa fyrir olíuvinnslu og þar á meðal velmegandi, svo að ekki sé nú fastar að orði kveðið, olíurisa eins og Shell-olíufélagsins, að stunda nútímaleg vinnubrögð að þessu leyti með því að draga þessi mannvirki að landi, endurvinna þau og koma þeim fyrir með eðlilegum hætti. Það er margt sem styður þá stefnu, ekki aðeins umhverfissjónarmið heldur einnig atvinnusjónarmið í strandríkjum, nýting efnis og annars þess háttar og að koma í veg fyrir mengun.

Á fundinum í Esbjerg um helgina tókst gott samkomulag um það að hætta innan einnar kynslóðar, það er nú reyndar ekki meiri hraði á málinu, innan 25 ára, að útiloka með öllu að varpa eða leiða þrávirk eiturefni og hættuleg efni af þeim toga í hafið frá landstöðvum. Þannig að þar náðist einnig góður árangur.

Að því er snertir afstöðu Norðmanna þá voru þeir ekki alveg eins brattir á þessum fundi, t.d. Thorbjørn Berntsen, umhverfisráðherra Noregs, eins og menn hefðu kosið. Einnig horfandi eitthvað á sína hagsmuni, en gengu þó lengra eða voru með allt aðra stefnu uppi heldur en Bretarnir sem gengu þar lengst að segja að þeir mundu skoða málið frá einu tilviki til annars að því er varðar borpalla og lofuðu sem sagt engu í þessum efnum. Norðmenn nefndu aðallega að þeir áskildu sér rétt til þess að sökkva pöllum hugsanlega sem innihéldu steinsteypu og annað þess háttar.

Við skulum vona að sú ályktun sem hér hefur verið mælt fyrir verði til þess að við leggjum myndarlegt orð í belg í gagnrýni á framferði Breta og að hegðun af þessu tagi verði fyrr en seinna úr sögunni á alþjóðavettvangi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, fyrri umr.*

Þáltill. SJS o.fl., 19. mál. — Þskj. 19.

[21:54]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um endurskoðun viðskiptabanns á Írak. Þetta er þskj. 19 og

flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Össur Skarphéðinsson. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður eða þannig að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum."

Tilefni þessarar tillögu er kunnugt. Það er kunnara en frá þurfi að segja að almenningur, a.m.k. verulegur hluti almennings í Írak, býr nú við hinar hörmulegustu aðstæður og athygli umheimsins hefur í vaxandi mæli dregist að því ástandi.

Nú er það óumdeilt að ráðstafanir stjórnmálalegs og viðskiptalegs eðlis geta skilað og hafa iðulega skilað miklum árangri í alþjóðastjórnmálum og tillöguna ber alls ekki að skoða sem svo að hún leggist gegn slíkum aðgerðum. Þvert á móti ber auðvitað jafnan að leita friðsamlegra aðferða við lausn deilumála, þ.e. nota allar aðrar aðferðir en beitingu vopnavalds fyrst. Sem dæmi um mikinn árangur slíkra viðskiptalegra og pólitískra aðgerða og pólitískrar einangrunar má nefna þátt þeirra hluta í afnámi hinnar illræmdu aðskilnaðarstefnu í Suður-Afríku. Aðgerðir á viðskiptasviðinu, svo sem vopnasölubann eða ákvarðanir um viðskiptakjör, hafa iðulega reynst áhrifaríkar, en hitt er staðreynd að aukin umræða er nú orðin um það að nauðsynlegt sé að beiting slíkra aðgerða verði þó ávallt að samræmast viðurkenndum mannúðarsjónarmiðum. Menn mega ekki ganga svo langt í þeim tilgangi að ná einu markmiði fram að aðrar reglur séu þverbrotnar. Hörmulegar afleiðingar viðskiptabannsins á Írak og sú staðreynd að Saddam Hussein er þar einn við völd sýna að þörf er á að taka meðferð slíkra aðgerða eða ráðstafana í alþjóðasamskiptum til endurskoðunar.

Fljótlega eftir að Flóastríðinu lauk fóru að koma fram skelfilegar upplýsingar um ástand mála í Írak. Ljóst er að lífskjör þar eru afar bágborin og aðstæður alls þorra almennings hörmulegar. Fer þar allt saman, langvarandi vígbúnaðarkapphlaup, harðstjórn, óstjórn og styrjaldarrekstur, fyrst í langvinnu stríði við Íran og síðan í Flóastríðinu. Að lokum hefur svo hið alþjóðlega viðskiptabann leitt til vöruskorts og efnahagshruns í landinu.

Fórnarlömb þessa ástands eru því miður ekki valdhafar, því að harðstjórn landsins virðist fastari í sessi en nokkru sinni, það er almenningur og ekki síst börn. Viðskiptabannið er því ekki að skila neinum sýnilegum árangri varðandi það að knésetja harðstjórn Saddams Husseins eða knýja íröksk stjórnvöld til að bæta framferði sitt. Írakar þverskallast enn við að veita fullnægjandi upplýsingar um kjarnorku- og eiturefnaumsvif sín, eins og kunnugt er. En afleiðingar viðskiptabannsins eru fyrst og fremst enn sem komið er ólýsanlegar hörmungar almennings, vöruskortur og hungursneyð. Algjör skortur er á lyfjum og læknishjálp og það hlýtur að koma að því að hið alþjóðlega samfélag geti ekki horft upp á slíkt ástand sem jafna má við það versta sem þekkist í nokkrum ríkjum, hvað þá heldur borið ábyrgð á því með viðskiptabanni.

Hvað okkur Íslendinga varðar þá var ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um viðskiptabann fullgilt með auglýsingu frá utanrrn. Sú sem nú er í gildi er dags. 28. apríl 1992 og er birt sem fskj. I með þáltill. þessari. Það er því alveg ljóst að við berum fulla ábyrgð á þessu ástandi til jafns við aðra. Þó að Íslendingar eigi að sjálfsögðu ekki fulltrúa í öryggisráðinu og hafi ekki tekið þar, á þeim vettvangi, þátt í efnislegri afgreiðslu málsins þá höfum við fullgilt þær ákvarðanir með auglýsingum á heimavettvangi.

Sem fskj. með þessari tillögu fylgja, eins og áður sagði, áðurnefnd auglýsing um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661/1990 og einnig blaðagreinar úr Morgunblaðinu eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur blaðamann þar sem er að finna nýlegar og hrollvekjandi upplýsingar um ástand mála í Írak, en höfundur hefur kynnst því af eigin raun og verið þar á ferð oftar en einu sinni síðan Persaflóastríðinu lauk. Einnig var dreift á borð þingmanna allmiklum gagnabunka um ástand mála. Er þar að finna ýmis gögn frá aðilum eins og Rauða krossinum Til að mynda stöðuskýrslu frá því á fyrri hluta árs 1994, sem unnin er af svæðisskrifstofu Rauða krossins í Miðausturlöndum, í Amman. Þar er að finna skýrslu unna af sérfræðingum á vegum UNICEF þar sem reynt var að meta hvaða áhrif afleiðingar af stórminnkuðu matvælaframboði hefði haft á almenning og þá sem veikastir væru fyrir, þ.e. börn og gamalmenni, ófrískar konur o.s.frv. Þar kemur m.a. fram að líklegt er talið að meira en 2,5 millj. barna, ófrískra kvenna og mæðra með börn á brjósti líði nú beinan skort sökum ástandsins. Í öðrum heimildum kemur fram að talið er að allt að hálf milljón barna hafi þegar látið lífið vegna fæðuskorts eða hungurs, vegna skorts á lyfjum og læknishjálp.

Í grein í enska læknatímaritinu New England Journal of Medicin, sem einnig er birt sem fskj. eða var í þessum upplýsingabunka sem þingmenn fengu á sín borð, hafa nokkrir af færustu sérfræðingum Bretlands á þessu sviði í læknastétt reynt að meta ástandið og komast að svipuðum niðurstöðum. Sú grein er að vísu nokkru eldri, en þeirra niðurstaða var á þeim tíma, síðari hluta árs 1991, að fleiri tugir þúsunda barna hefðu þá þegar látið lífið.

Það var mat aðila í Jórdan á síðari hluta ársins 1994, þ.e. fyrir um hálfu ári síðan eða svo, að hálf milljón írakskra barna hefði þá látið lífið frá því að Persaflóastríðinu lauk. Sumir ganga svo langt að fullyrða að það horfi til þess að heil kynslóð þurrkist út í landinu.

Að lokum eru þarna birt með sem fskj. bréf fyrrv. dómsmrh. Bandaríkjanna, Ramsey Clark, til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Hann hefur látið þessi mál mikið til sín taka, skrifað bæði framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og öryggisráðinu og skorað eindregið á þessa aðila að taka viðskiptabannið til endurskoðunar. Einnig mætti nefna fjölmargar blaðagreinar, forustugreinar í virtum blöðum, eins og helstu stórblöðum austan hafs og vestan, þar sem þessi mál hafa

verið til umræðu upp á síðkastið og almennt virðist umræðan leggjast á þá sveif að við núverandi ástand verði ekki lengur unað. Hið alþjóðlega samfélag geti ekki horft á það ástand sem skapast hefur í Írak í kjölfar viðskiptabannsins, allra síst í ljósi þess að aðgerðirnar eru ekki að skila neinum sjáanlegum stjórnmálalegum árangri.

Auðvitað mætti ræða þessi mál einnig út frá svipuðum afleiðingum af sambærilegum aðgerðum víðar og væri nærtækt að taka áhrifin af viðskiptabanni á Haiti, sem fyrir var eitthvert fátækasta ríki veraldar og bjó um skeið við viðskiptabann með tilheyrandi afleiðingum. Einnig má auðvitað velta fyrir sér afleiðingum langvarandi viðskiptabanns eða þvingunaraðgerða einstakra ríkja gegn öðrum, svo sem áhrif af viðskiptabanni Bandaríkjanna á Kúbu. Þar gegnir þó öðru máli heldur en í þessu tilviki þar sem um er að ræða viðskiptabann sem sett er af Sameinuðu þjóðunum og framfylgt er af velflestum, ef ekki öllum, aðildarríkjum þess. Þar með ber umheimurinn og heimurinn allur í reynd sameiginlega ábyrgð á því ástandi sem þarna er að skapast og það er mín niðurstaða af nokkurri skoðun á þessum málum að það sé óumflýjanlegt að taka beitingu slíkra viðskiptalegra tækja eða ráðstafana í alþjóðasamskiptum til endurskoðunar út frá þessu sjónarmiði, að beiting þeirra verði á hverjum tíma að samræmast viðurkenndum mannúðarsjónarmiðum og megi ekki brjóta í bág við þau grundvallarmannréttindi sem það eru að hafa til hnífs og skeiðar og að almenningur geti lifað mannsæmandi lífi eftir því sem aðstæður eru til í hverju landi fyrir sig.

Það er von mín að hv. utanrmn. taki mál þetta til velviljaðrar skoðunar. Gjarnan hefði ég viljað heyra eitthvað frá íslenskum stjórnvöldum um þeirra afstöðu í þessum efnum og gjarnan hefði hæstv. utanrrh. mátt vera viðstaddur umræðuna eða tjá sig um þetta mál. En það verður sjálfsagt ekki á allt kosið og hæstv. ráðherra fjarstaddur, sem oftar að undanförnu, erlendis, sjálfsagt og án efa við mikilvæg skyldustörf. En eftir stendur að Alþingi gæti, ef því sýndist svo, látið eitthvað frá sér fara eða beint tilmælum af þessu tagi, sem í raun og veru eru aðalefnisatriði þessarar ályktunar. Flm. er það að sjálfsögðu vel ljóst að við höfum það ekki ein í okkar höndum að ráða miklu um lyktir eða niðurstöður þessa máls á alþjóðavettvangi, en það hlýtur að skipta máli í sjálfu sér, okkar sjálfra vegna, hvaða afstöðu við tökum til hluta af þessu tagi og einnig munar um hverja rödd sem bætist í hópinn í samfélagi þjóðanna sem mælir með því að þetta ástand verði tekið til endurskoðunar.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, sem ég vel að merkja þakka fyrir að komst hér á dagskrá, legg ég svo til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

**Útbýting þingskjals:**

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, 42. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 83.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Alþjóðaviðskiptastofnunin, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 27. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 29, nál. 69, 71, 73 og 80, brtt. 70, 72 og 74.

[22:07]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Við erum hér að ræða eitt af stærri málum sem fyrir Alþingi hafa komið að mínu mati og hér er um að ræða mjög róttæka breytingu. Ég vil benda mönnum á það. Hér er nefnilega verið að opna það sem áður var bannað og það er náttúrlega alltaf mikið rót og veldur ugg í brjóstum margra. Menn óttast nýjungar því þeir vita hvað þeir hafa. Hér er auk þess um mjög flókinn málaflokk að ræða.

Það kom fram í umræðum áður að menn voru að efast um það að ég hefði skrifað undir meirihlutaálit efh.- og viðskn. án fyrirvara. Ég skrifaði undir án fyrirvara og ég hef engan fyrirvara á minni afstöðu. Það er nefnilega þannig að ég get ekki vænst þess að aðrir 62 þingmenn taki upp mínar skoðanir hráar og menn þurfa alltaf að leita að málamiðlunum og ég tel að hér hafi fundist málamiðlun sem er svoleiðis margfalt betri heldur en sú staða sem við höfum í dag að ég samþykki þær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram.

Staða bænda er mjög slæm, hún er verulega slæm, sérstaklega sauðfjárbænda og ég skil vel ugg þeirra og ótta við innflutning á landbúnaðarvörum í þessari stöðu. Það er nauðsynlegt að gera langtímaáætlun um aðlögun bænda að markaði. Ég aftur á móti held að það sé líka nauðsynlegt að þeir fái einhverja samkeppni til þess að þeir fái þessa aðlögun fyrr en seinna. Þau 3% sem gert er ráð fyrir að flutt verði inn eru nægilega lítið til þess að staða bænda ætti ekki að versna neitt mikið við þennan innflutning, en þau eru líka nægilega mikið til þess að neytendur og bændur verði varir við nýjar erlendar vörur og bændur finni fyrir þeirri samkeppni sem af þessu leiðir sem mun hvetja þá til dáða og gera þeim kleift að standa upp úr þeirri öskustó sem langvarandi styrkir hafa komið þeim í.

Á fundi efh.- og viðskn. komu margir umsagnaraðilar og þeir voru allir sammála um það að þetta frv. hefði engin áhrif og mundi ekki leiða til neins innflutnings. Það var áður en meiri hluti efh.- og viðskn. kom með þá brtt. sem liggur fyrir á þskj. 70 og ég vil lesa hér, með leyfi forseta:

„Við úthlutun tollkvóta hefur ráðherra hliðsjón af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegu verði er til staðar og hvort innflutningsmagn í tollkvótum IIIA og IIIB hafi náð þeim mörkum sem þar eru sett."

Þetta er mjög veigamikið atriði. Þarna er nefnilega gert ráð fyrir því að tollurinn fari niður í 50% eða helming af þeim magntolli sem getið er um í viðauka I. Síðan er það spurning sem ég hef nokkuð mikið velt fyrir mér hvort þessi heimild til ráðherra sé nægilega sterk. Að mínu mati getur landbrh. ekki sniðgengið vilja löggjafans sem kemur fram í þeim orðum að það eigi að hafa hliðsjón af því að innflutningsmagn í tollkvótum IIIA og IIIB hafi náð þeim mörkum sem þar

eru sett. Hann getur ekki horft fram hjá þessu þannig að vörur munu verða fluttar inn með 50% afslætti af magntolli. Ég hef reiknað nokkrar út og mér segir svo til, ef ég nefni egg sem dæmi, en samkvæmt upplýsingum forstjóra Hagkaupa, sem kom fyrir nefndina, kosta þau 79 kr. á kg og 50% af magntolli á þau mundi verða 121 kr. og 50 aurar, samanlagt 200 kr. og 50 aurar. Samkvæmt upplýsingum Neytendasamtakanna er innlent verð 263 kr. og samkvæmt upplýsingum Framleiðsluráðs landbúnaðarins er innlent verð 291 kr. Hvort tveggja er umtalsvert yfir því verði sem ég er búinn að reikna út, að heildsöluverðið innflutt með tollum yrði 200 kr. rúmar. Ef við tökum ost sem dæmi er innkaupsverð sem Neytendasamtökin nefna 360 kr. en ég hef upplýsingar og hef séð verðtöflu frá Bandaríkjunum sem segir mér að verðið þar sé u.þ.b. 200 kr. á kg og 50% af magntolli á ost, magntollurinn er 430 kr., eru 215 kr. þannig að verðið yrði 415 kr. með tolli. Samkvæmt upplýsingum Neytendasamtakanna, sem lagðar voru fyrir nefndina, þá er innlent verð 545 kr., þ.e. þó nokkuð yfir, og samkvæmt upplýsingum Framleiðsluráðs landbúnaðarins er innlent verð 445 kr. Hvort tveggja yfir þessum verðum sem við erum að tala um. Ef við nefnum svínakótilettur þá er innkaupsverð samkvæmt Neytendasamtökunum 453 kr., samkvæmt forstjóra Hagkaups 463 kr. 50% af magntollinum, sem er 775 kr., eru 388 kr. Að því gefnu mundi heildsöluverð komið til landsins verða 840–850. Samkvæmt upplýsingum Neytendasamtakanna er heildsöluverð á Íslandi núna 824 kr. og samkvæmt Framleiðsluráði er það 825 kr. Þar liggur erlenda verðið reyndar yfir um 2%.

Herra forseti. Það sem mun gerast að mínu mati er það að duglegir innflytjendur munu finna lægri verð en hér hafa verið nefnd. Það er nefnilega þannig að þessi verð sem bæði forstjóri Hagkaupa gaf upp og Neytendasamtökin eru verð sem hafa fengist með einföldum fyrirspurnum. En þegar menn fara að huga að því að ná fram viðskiptum þá geri ég ráð fyrir að duglegir innflytjendur muni ná fram verðum sem eru enn lægri. Það mun leiða til þess að það verða vonandi og væntanlega flutt inn þau 3% sem gert er ráð fyrir. Auk þess eru þeir tollar sem hér eru nefndir fastir í krónutölu en ekki verðtryggðir og þar sem gera má ráð fyrir einhverri, reyndar veikri, verðbólgu þá mun þessi tollur hægt og bítandi lækka.

Afstaða mín í þessu máli eins og ég gat um áðan er sú að ég skrifa undir þetta nefndarálit án fyrirvara. Að sjálfsögðu byggir það á þeim upplýsingum sem komu fram í nefndinni, bæði frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Neytendasamtökunum o.fl.

Hér kom fram áðan í umræðu að einn nefndarmanna gat um þær umræður sem fram hefðu farið í efn.- og viðskn. og er þar um að ræða hv. þm. og frsm. 2. minni hluta, Ágúst Einarsson. Hann hefur eflaust ekki gert sér grein fyrir því hvaða afleiðingar slíkar upplýsingar um umræður hafa því ef umræður í efh.- og viðskn. eiga að vera ræddar opinberlega á Alþingi þá er náttúrlega ljóst að það verða engar umræður í efh.- og viðskn. Ég treysti því að hv. þm. muni gæta þess í framtíðinni að koma ekki með svona upplýsingar. Ég geri ekki mikinn ágreining um þetta og skil vel að menn átti sig kannski ekki alveg á þessu. En það er náttúrlega ljóst að í efh.- og viðskn. eru menn að leita að bestu lausninni og þar af leiðandi hljóta menn að velta upp öllum þeim lausnum sem þeim dettur í hug og geta þá væntanlega fundið bestu lausnina allir saman með því að hver komi með sínar hugmyndir.

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan þá er þetta eitt af stærri málum og þetta er mjög róttæk breyting og ég skil vel ótta þeirra bænda og annarra framleiðenda á landbúnaðarvörum við þessa breytingu. Ég held að við þingmenn verðum að taka tillit til þessa ótta og að við verðum að fara mildilega í þessu máli og ég held að frv. eins og það er orðið með breytingum sé skref í þá átt.

[22:17]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýddi með athygli á ræðu hv. þm. Péturs Blöndals og skýringar hans á því hvers vegna hann hefði þrátt fyrir allt ekki skrifað undir tillögur og nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara. Það gerði hann með þeim rökstuðningi að það væri hans mat að breytingartillögur meiri hlutans, sem fram komu undir lok umfjöllunarinnar, dygðu til þess að auka líkur á innflutningi undir lágmarksmarkaðsaðgangi. (**EgJ:** Hann sagði nú meira en þetta.) Nefndi til sögunnar egg, sem trúlega verður ekki innflutningur á einfaldlega vegna þess að þar mun verða beitt heilbrigðisákvæðum, en síðan osta og svínakótilettur jafnvel þótt svínakótilettur yrðu samkvæmt hans eigin dæmi ögn yfir innanlandsverðinu eins og það er.

Miðað við það sem ég þekki til skoðana og sjónarmiða hv. þm., og reyndar kom fram í hans ræðu, þykir mér hann heldur lítillátur og ekki gera miklar kröfur því á sama tíma sagði hv. þm. að hann vildi sérstaklega hvetja bændur til dáða til þess að búa sig undir samkeppni. En það er nákvæmlega það sem þeir geta ekki gert bundnir á höndum og fótum af gildandi kvótakerfi þar sem þeir eru annars vegar styrktir til að auka framleiðslu en hins vegar bannað að gera það með framleiðslutakmörkunum. Það er staðreynd að framleiðnin hefur farið minnkandi og að í óbreyttu kerfi mun það halda áfram. Það er einmitt nákvæmlega þetta sem vantar í tillögur stjórnarliða. Því það væru þó alla vega einhverjar málsbætur fyrir því viðhaldi á 97% markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu, sem hér er verið að gera ráð fyrir, ef fyrir lægju einhverjar tillögur, einhverjar yfirlýsingar, einhver stefnumörkun um breytingar á því kerfi sem bindur bændur á höndum og fótum.

[22:20]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Hér er fjallað um stórt mál, viðskipti milli landa og útfærslu okkar Íslendinga á GATT-samningnum. Útfærslu okkar á GATT-samningnum kallaði hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson blett á þjóðinni í ræðu sinni og segir að ekki sé sæmandi íslenskri þjóð að stilla sig af í samningunum um Alþjóðavið-

skiptastofnunina eins og við gerum á hinu háa Alþingi á þessu sumri. En við erum að gera nákvæmlega það sama og aðrar þjóðir. GATT-tilboð Íslendinga og fyrirkomulag er mjög svipað tilboði Norðmanna. Meginhluti máls fyrrnefnds hv. þm. og reyndar fleiri úr stjórnarandstöðu snerist um það að nú væri tækifæri til að gera breytingar í íslenskum landbúnaði, ná niður verði til hagsbóta fyrir neytendur. Samningurinn um GATT er ekki hugsaður til þess að vera stjórntæki hjá okkur í landbúnaði sérstaklega. Honum er ekki sérstaklega ætlað að valda röskun byggða í aðildarlöndum og þó er vissulega ljóst að hann dregur úr landbúnaðarframleiðslu á harðbýlli svæðum og þar með hjá okkur auðvitað. Vissulega verða breytingar vegna samningsins. Garðyrkjubændur hafa áhyggjur, blómaræktendur og bændur í hefðbundnum greinum einnig og tek ég þar undir orð hv. þm. Péturs Blöndals að við förum varlega og hvetjum þá til dáða að laga sig að því sem fram undan er.

Herra forseti. Þess hefur lítt verið getið að Íslendingar flytja inn meira magn af landbúnaðarvöru en flestar aðrar þjóðir, nánast öll kornvara landsmanna er flutt inn. Það sem mér heyrist að fundið hér er einkum það að ekki skuli vera þjarmað að bændum landsins eins og þeir búi ekki við nógu rýran kost. Það er því miður rétt að ytri umgerð íslensks landbúnaðar hefur ekki breyst til batnaðar nema í fáu, því miður. Minnkandi markaður og minni sala hefur orsakað það að minna þarf að framleiða og með hinum flata niðurskurði hefur verið óhagrætt, ef svo má segja, á búunum sjálfum. Bústærðin verður óhagkvæmari, bændur geta ekki nýtt húsakost sinn, tækjakost, ræktarland og beitiland, framleiðnin sem sagt minnkar.

Við höfum rætt á sumarþinginu töluvert mikið um sjávarútveg, einkum um krókaveiðar. Hér hafa hv. þm. komið og látið liggja að því að flatar kvótaskerðingar séu slæmar, þeir sem eigi styst á miðin eigi að njóta þess í hærri kvóta jafnvel. En hvað þá með þau héruð sem búa við einhæfni í atvinnulífi fyrir utan landbúnað? Á öðrum vettvangi, þ.e. við annað tækifæri er fyllilega orðin þörf á að endurskoða flatar skerðingar í íslenskum landbúnaði, byggðanna og landsins vegna.

Hér hefur verið talað um ofverndun íslensks landbúnaðar. Hv. þm. Ágúst Einarsson vitnaði til orða forstjóra Þjóðhagsstofnunar að íslenskur landbúnaður hefði gott af meira aðhaldi. Vissulega heyrði ég nefndan mann segja þetta og hann sagði meira. Þórður Friðjónsson sagði að hann reiknaði með að við mitt tímabilið yrði markaðshlutdeild erlendrar búvöru á Íslandi 3–4% og yrði u.þ.b. 6% við lokin, þ.e. árið 2000, það voru hans orð á fundi landbn. Sem áður sagði ef stjórnvöld, Alþingi, vill þjarma að bændum og innlendri matvælaframleiðslu þá þarf að setja sérstök lög um það. Það er pólitísk ákvörðun að búa atvinnugreinum í landinu skilyrði. Og ég á erfitt með að trúa því, herra forseti, að ábyrgir aðilar í okkar nágrannalöndum vilji feigan landbúnað sinna þjóða. Íslenskir bændur hafa haft svo mikið aðhald á síðustu árum að þeir eru við það að drepast upp til hópa og nú vilja ýmsir nota tækifærið og eyðileggja möguleika íslenskrar matvælaframleiðslu með innflutningi á ríkisstyrktum, niðurgreiddum landbúnaðarvörum annarra þjóða, þ.e. þjóða sem eru ekki komnar eins langt og Íslendingar í að laga sig að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Við stöndum við okkar hlut og fyllilega það. Við höfum lagt niður útflutningsbætur, við höfum dregið úr innanlandsstuðningi, en af hálfu Neytendasamtaka, þeirra manna þar sem telja sig talsmenn landsmanna sem neytenda, finnst mér einhvern veginn að þeir hafi ekki alveg skilið GATT. Þannig talaði áðan hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir. Samningurinn hefði því miður ekki áhrif og mundi ekki þvinga okkur til að breyta landbúnaðarstefnunni.

Herra forseti. Okkur hefur ekki tekist að selja lambakjöt sem skyldi og enn er samdráttur fyrirsjáanlegur og vissulega í fleiri greinum. Verð hefur lækkað og bændur hafa tekið á sig þær verðlækkanir. Ég skil ekki hvernig fólk getur talið landsmönnum til hagsbóta að ætla að rústa sauðfjárræktinni. Hvar eru atvinnutækifærin sem eiga þá að koma í staðinn og hver er sá iðnaður sem á að koma í staðinn fyrir úrvinnslugreinarnar? Því miður er atvinnuleysið þegar nokkurt í landinu.

Hverra hagsmuna er verið að gæta, spurði hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og svaraði sér sjálf: Ekki neytenda. Hún efast líka um það að tollmúrar séu til hagsbóta fyrir landbúnaðinn, sú sama tollavernd sem aðrar aðildarþjóðir að GATT setja. Hv. þm. taldi að markaðurinn gæti breytt landbúnaðarstefnunni ef ekki væru tollar. Þetta þætti nú hrein og ómenguð frjálshyggja á sumum öðrum bæjum er ég hræddur um. En hverra hagsmuna er verið að gæta með GATT? Mitt svar er að það er verið að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar. Þess vegna erum við að stilla okkur af í kerfinu. Með lagasetningu okkar á hinu háa Alþingi fer af stað þróun, aðlögun og árið 2000 lýkur þessum áfanga. Hver verður næsti áfangi? Við getum ekki svarað því núna. Við vitum það ekki. Það fer eftir aðstæðum. Fólki fjölgar í heiminum. Hefur e.t.v. orðið alvarlegur fæðuskortur árið 2000? Verður eftirspurn meiri eftir landbúnaðarvörum? Hvernig næsti áfangi GATT-samningsins lítur út fer eftir reynslunni af þessum, en við skulum fara varlega í breytingarnar eins og aðrar þær þjóðir sem eru aðilar að GATT. Hitt vil ég ræða við annað tækifæri hvernig við á næstu árum gerum íslenskan landbúnað hagkvæmari með aukinni framleiðni og með minni milliliðakostnaði, millilíða milli framleiðenda og neytenda.

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar við ræðu hv. þm. og verður því forseti að stytta ræðutíma skv. 2. mgr. 56. gr. og verður þá mínúta í senn.

[22:29]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. Hjálmars Jónssonar er það rangt að ég hafi vitnað í minni ræðu til Þórðar Friðjónsson varðandi það að landbúnaður

hefði gott af aðhaldi. Honum hefur þá misheyrst líklega þegar ég ræddi um að einn forsvarsmanna úr verkalýðshreyfingunni talaði um að ofverndun væri ekki heppileg fyrir íslenskan landbúnað.

Annað vil ég leiðrétta hjá þingmanninum. Þegar Þórður Friðjónsson ræddi um áhrif GATT-samnings, þá var hann að lýsa skýrslu frá árinu 1992, en ekki að meta það frv. sem nú liggur fyrir. Og eins og ég benti á í minni ræðu, þá er þetta frv. allt öðruvísi en þær forsendur voru sem menn lögðu upp með þegar sú skýrsla var unnin 1992.

Í þriðja lagi var rangt hjá þingmanninum að við séum að setja okkar tolla eins og aðrar þjóðir. Við erum að setja hér miklum mun meiri tollvernd en langflestar aðrar þjóðir.

Í fjórða lagi er rangt hjá þingmanninum þegar hann talar um að GATT-samningurinn sé að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar. Þetta frv. er að gæta hagsmuna lélegrar landbúnaðarstefnu.

[22:30]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessari stuttu ræðu hv. þm. tókst honum að fara með þó nokkuð harðan áfellisdóm yfir landbúnaðarstefnu flokks síns og reynslu bænda af framkvæmd landbúnaðarstefnu hæstv. fyrrv. landbrh., Halldórs Blöndals. Hann sagði að bændur hefðu verið að drepast upp til hópa á undanförnum árum, á væntanlega við síðasta kjörtímabil undir dyggri forustu hæstv. páv. landbrh., um óbreytt kerfi. Hann sagði: Vilja menn rústa sauðfjárrækt? Veit ekki hv. þm. hvernig búið er að fara með sauðfjárbændur í óbreyttu kerfi? Hann sakaði stjórnarandstöðuna um það að vilja þjarma að bændum. Heyr á endemi! Er ekki hv. þm. kunnugt um það hvernig þjarmað hefur verið að bændum undir einokunarkerfinu og þeir ánetjaðir í viðjar þar sem þeir mega sig hvergi hræra?

Það er alrangt hjá hv. þm. þegar hann segir að þetta frv. feli í sér lausn á framkvæmd á GATT-samningum eins og með öðrum þjóðum. Það er röng fullyrðing og hefur þegar verið borin til baka. Og af því að hann talaði um innflutning frá þjóðum sem hefðu ríkisstyrktan landbúnað. Hv. þm., viltu nefna mér þær þjóðir sem hafa gengið lengra í ríkisstyrkjum við landbúnað en Ísland. Ísland er reyndar númer fjögur í heiminum, með 75% framleiðsluverðmætis landbúnaðar sem styrki frá skattgreiðendum.

[22:32]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir síðasti ræðumaður hafa hlustað illa og skáldað ýmsu upp, m.a. því að ég hefði nefnt að það ættu ekki að vera neinir tollar á innflutningi. Það hefur ekki einu sinni hvarflað að mér að slíkt ætti að eiga sér stað heldur finnst mér að það sem skipti máli í þessari umræðu sé það að í því frv. sem hér liggur fyrir er gengið of langt í tollavernd, tollarnir eru of háir. Við höfum margítrekað það í þessari umræðu að öllum þeim sem hafa skoðað þetta frv. og komið á fund efh.- og viðskn. bar saman um það að þessi útfærsla mundi ekki hafa nokkur einustu áhrif. Það hafði þau áhrif að meiri hlutinn í efh.- og viðskn. ákvað að koma með brtt. sem vissulega mun hafa einhver áhrif og vonandi verða til þess að ná þeim lágmarksinnflutningi sem stefnt er að. Aðalmálið er það, hv. þm., að við stöndum við gerða samninga, að við séum ekki að gerast aðilar að samningum og ætla svo ekki að standa við þá.

[22:34]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir ábendingar og hafi verið missagt eitthvað þá er að sjálfsögðu gott að fá leiðréttingar á því. Um álitamál hljótum við að geta verið ósammála og verður svo að vera.

Ég stend við það að okkar tilboð er, ég nefndi einkum Norðmenn og að okkar tilboð væri sambærilegt þeirra tilboði. Ég hef ekki séð neitt sem hrekur það og enginn hefur hnekkt því hér. Við stöndum líka við okkar hlut með því að við erum búin að leggja niður útflutningsbætur á íslenskan landbúnað. Því miður gerðum við það of fljótt. Við áttum að nota þá aura til þess að markaðssetja erlendis frekar en að leggja bæturnar bara niður. Við höfum dregið verulega úr stuðningi innan lands og það mætti svo sem fleira telja, en ég hirði ekki um og þakka einfaldlega fyrir umræðuna.

[22:35]

**Egill Jónsson:**

Virðulegi forseti. Þó að þessar umræður hafi verið nokkuð víðfeðmar þá sé ég ekki ástæðu til þess að fara ítarlega yfir þær og sérstaklega með tilliti til þess sem hefur komið fram í ræðum tveggja síðustu hv. ræðumanna sem ég er að sjálfsögðu alveg samþykkur og hefði reyndar getað gert flest þar að mínu máli.

Það eru einungis þrjú atriði sem ég sé hins vegar ástæðu til þess að árétta við þessa umræðu. Það er í fyrsta lagi það sem hefur komið fram um tollabindingarnar og með hvaða hætti þær eru tilkomnar og hvernig þær annars eru. Þá vil ég leyfa mér að minnast á í þessum efnum stefnu fyrrv. ríkisstjórnar sem kynnt var á Alþingi þann 10. jan. árið 1992 og varð raunar stefna Alþingis í þessu máli. Bókun ríkisstjórnarinnar var þá kynnt á þingfundi þar sem fóru fram umræður um GATT-málið. Eftir að þessi yfirlýsing var gefin var gert hlé á þingstörfum og ekki komu fram á þinginu frekari áherslur í sambandi við GATT-samningana en komu fram í þessari bókun ríkisstjórnarinnar þannig að það verður að líta svo á að þar hafi verið um að ræða skoðun og niðurstöðu Alþingis Íslendinga í heild sinni. Þessa bókun ætla ég ekki að lesa alla heldur einungis það sem varðar sérstaklega GATT-bindingarnar. Það segir í a-lið þar sem verið er að taka málin saman og leggja fram skoðanir:

„a. Ríki sem skuldbindur sig til þess að afnema allar útflutningsbætur hafi rétt til þess frá þeim tíma sem slík aðgerð kemur til framkvæmda að grípa til magntakmarkana á innflutningi á vörum sem útflutningsbætur eru afnumdar á."

Með öðrum orðum gerir íslenska ríkisstjórnin þann 2. jan. árið 1992, með vitund alls Alþingis, kröfu til þess að þeirri ákvörðun að fella af útflutningsbætur

verði mætt í samningunum um GATT með því að heimilt verði að taka upp sérstakar ákvarðanir um að þær vörur skuli óheimilt að flytja til landsins. Innflutningsbann áfram. Í b-liðnum segir enn fremur, með leyfi virðulegs forseta, og nú bið ég hv. alþm. að taka vel eftir því að þetta var samið og afgreitt í fyrrv. ríkisstjórn, er hennar bókun um málið:

„Þá fjárhæð sem útflutningsbætur eru skornar niður um, umfram hina almennu umsömdu prósentu, 36%, skal heimilt að reikna til góða sem sérstakt álag við tollígildum fyrir þær vörur sem í hlut eiga og/eða sem sérstakar niðurskurðarfríar innanlandsgreiðslur sem bætist við græna boxið."

Með öðrum orðum, sá niðurskurður á útflutningsbótum sem samningsbundinn er á aðlögunartímabilinu sex ár, þ.e. það sem er skorið niður umfram 36%, skuli koma sem viðbótartollabindingar, sem viðbótarvörn fyrir innflutninginn. Þetta er bókun fyrrv. ríkisstjórnar sem Alþingi gerði engar athugasemdir við. Þetta er stefna Alþingis eins og hún var áréttuð hér 10. jan. árið 1992. Það er náttúrlega algert grundvallaratriði þegar fjallað er svo um þróun þessara mála síðan að menn hafi það í huga hvaða ákvarðanir voru teknar við upphaf þessara samninga.

Annað atriði sem ég vil svo líka minnast á og er líka í samræmi við ákvörðun Alþingis er sú ákvörðun frá því í desember sl., þegar aðildin var samþykkt hér með formlegum hætti og skýrlega tekið fram og ég hygg atkvæði greidd af flestum alþingismönnum á þann veg, að fyrir því yrði séð að landbrh. færi með forræði þessara mála. Það er því eðlilegt að við þær lokaafgreiðslur, sem hér fara nú fram, sé þessu fylgt. Þetta er sem sagt í einu og öllu í beinu samhengi við þær ákvarðanir sem hafa verið teknar, upphæð tollabindinganna og síðan forræðismálin og þarf auðvitað engum að koma á óvart þó að þeim áherslum sé fylgt við lokaafgreiðslu málsins hér á Alþingi.

Þriðja atriðið sem ég vildi svo aðeins minnast á er lágmarkstollurinn, sem hér hefur verið nokkuð ræddur. Væri auðvitað hægt að fara þar mörgum orðum um. En þá er það fyrsta og það er það eina sem ég ætla að segja sérstaklega til varnar fyrir landbúnaðinn. Þá er það fyrsta í þessum efnum að frá því og þetta kemur reyndar fram í áliti meiri hluta landbn. til hv. efh.- og viðskn., að þar er sagt skýrum orðum að á þessu tímabili sem liðið er frá því að GATT-umræðan hófst hér hafa landbúnaðarvörur lækkað hér á landi um 20%. Þær hafa lækkað um það sama og er skuldbindandi fyrir Ísland að verða muni á öllu samningstímabilinu. Þessi 20%, þessa verðlækkun upp á einn fimmta af búvöruverðinu, minnist enginn maður hér á, enginn hv. ræðumaður minnist á þetta. Menn tala bara um að það þurfi að fá innflutning til þess að lækka búvöruverðið. En hvernig fóru menn þá að því að lækka verðið á íslenskum landbúnaðarvörum um einn fimmta á þessum áratug með þeim takmarkaða innflutningi sem um er að ræða? Og það er reyndar mikill misskilningur að það sé ekki samkeppni í sambandi við landbúnaðarframleiðsluna hér á landi. Ég veit ekki betur en það sé bullandi samkeppni á milli kjötgreinanna. Ég veit ekki betur en það sé bullandi samkeppni á milli margháttaðra drykkjarvara sem framleiddar eru og mjólkurvara þó að þetta séu út af fyrir mjög ólíkar vörur. En auðvitað erum við með samkeppni í allri þessari framleiðslu. En aðalatriðið er það að þessi árangur hefur náðst nú á fjórum eða fimm árum, að verðlag á landbúnaðarvörum hér á landi hefur lækkað um einn fimmta. Þetta er hins vegar gagnstætt því sem hefur gerst erlendis. Þar hefur landbúnaðarvöruverðið verið að hækka og því er það að það kemur mörgum nokkuð spánskt fyrir þegar verðlag á mjög mörgum skyldum landbúnaðarvörum hér og erlendis er mjög svipað.

Þá vil ég að lokum aðeins minna á það í þessari umræðu um lágmarksaðganginn og þörfina á því að gera breytingar á tollum í þeim efnum, jafnframt því sem ég vil líka minna á út frá þeirri samanburðarumræðu sem hér hefur farið fram og ýmsir aðilar í þjóðfélaginu eru bornir fyrir, að þessi innflutningur, sem verið er að tala um, nýtur útflutningsbóta. Útflutningsbætur hafa ekkert verið afnumdar í Danmörku eða í Noregi eða í Evrópu. Og það fer auðvitað eftir því hvernig menn stýra þeim útflutningsbótum hvert verðið á vörunni verður, m.a. hingað til lands. Það er auðvitað margt óuppgert í þessu máli, m.a. það að útflutningsbætur hafa verið teknar af íslenskum landbúnaði langt á undan því sem GATT-samkomulagið gerir ráð fyrir. Verðlækkanir á landbúnaðarvörum hér á landi hafa þegar orðið þannig að þær fullgildi skyldum samningsins og auðvitað eru það þessar staðreyndir sem skipta máli í þeirri umræðu sem fram undan er í sambandi við íslenskan landbúnað.

[22:49]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vitnaði í bókun í ríkisstjórn frá 10. jan. 1992 um það að ríki sem afnæmi útflutningsbætur áskildi sér rétt til þess að beita magntakmörkunum í innflutningi á vörum sem útflutningsbætur hefðu verið afnumdar á. Mikið rétt. Menn áskildu sér rétt, lýstu þessu yfir, en niðurstaðan er einfaldlega sú að það er óheimilt samkvæmt GATT-samningnum. Það er óheimilt með öllu að beita magntakmörkunum.

Sama máli gegnir um það sem hv. þm. nefndi að því er varðaði þá fjárhæð sem mundi sparast við afnám útflutningsbóta, að áskilja sér rétt til þess að leggja það sem álag á tollígildi. Tollígildi eru einfaldlega reikningsdæmi og skilgreind sem hámarksheimild til tollálaganna og þessar hugmyndir hv. þm. sem ganga nú aftur og hann hefur áður birt Alþingi með óskum um 50% álag ofan á t.d. verðjöfnunartolla fá einfaldlega ekki staðist. Það eina sem væri rétt eru hinar grænu greiðslur. Það er okkur í sjálfsvald sett og það er ein af tillögum sem fram koma af hálfu stjórnaandstæðinga að afnema beingreiðslur framleiðslutengdar og beina þeim í vaxandi mæli í græna boxið, þ.e. að hafa greiðslurnar óframleiðslutengdar.

Hv. þm. sagði að enginn hefði minnst á verðlækkun á afurðum íslensks landbúnaðar og nefndi töluna 20%. Ég ætla hvorki að staðfesta né rengja þá tölu, en

vek hins vegar athygli hv. þm. á eftirfarandi spurningum: Þrátt fyrir þessa lækkun, hvað er að gerast á íslenskum neytendamarkaði að því er varðar þessar vörur? Hvernig stendur á því, þrátt fyrir þessa lækkun, að það er samdráttur í sölu, það er minnkandi eftirspurn og aðrar staðkvæmdarvörur eru í vaxandi mæli að taka yfir? Hvernig stendur á því að hagur bænda fer stöðugt versnandi? Það er vegna þess að við því verði sem þessar vörur eru til sölu á þá seljast þær ekki og að kostnaðurinn í kvótakerfinu, sem hv. þm. ver alla daga, er allt of hár.

[22:52]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki í minni ræðu að lýsa því hvað hefði gengið fram í samningum í GATT-málinu. Ég var að lýsa því hver hefði verið stefna íslensku ríkisstjórnarinnar og ég var að vitna til bókunar hennar sem slíkrar alveg án tillits til þess hvort slík niðurstaða hefði fengist eins og þar var sett fram og Alþingi Íslendinga áréttaði í heild sinni. Að því leyti þurfti ekki að vera að leiðrétta neitt af því sem ég sagði. Ég setti það einfaldlega hér fram úr þessum stóli hver hefði verið skoðun ríkisstjórnarinnar og Alþingis og hvað mönnum hefði þótt réttlætanlegt í þeim efnum. Og það ætti ekki að misskiljast þegar farið er yfir þessa bókun ríkisstjórnarinnar sem fyrrv. utanrrh. hefur kannski samið.

En um annað það sem kom fram í ræðu hv. 9. þm. Reykv. verð ég að láta bíða betri tíma að ræða.

[22:53]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Sólveig Pétursdóttir)**:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd meiri hluta efh.- og viðskn. vil ég koma hér að athugasemdum vegna þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað og minnihlutaálitum og brtt. Ég vil byrja á að segja það að málflutningur hjá sumum hv. þm. finnst mér hafa verið nokkuð sérstakur. Þannig hefur því verið haldið fram að meginstefna frv. sé að koma í veg fyrir innflutning á landbúnaðarvörum og að brtt. meiri hlutans séu ófullnægjandi. Það er hnýtt í sjálfstæðismenn fyrir að nota ekki þetta tækifæri til breytinga í landbúnaðarframleiðslu og tryggja samkeppni.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson benti m.a. á þessi atriði, en honum var reyndar einnig tíðrætt um nýafstaðna kosningabaráttu og kosningar og yfirlýsingar manna þar. En það var engum blekkingum beitt af hálfu sjálfstæðismanna í þessu máli. Það er alveg óþarfi að gera meðferð þessa máls tortryggilega og það er reyndar furðulegt þar sem Alþfl. kom fullkomlega að þessu máli um GATT-samninginn og allri meðferð þess. Og varðandi gagnrýni á forræði landbrh. að málinu þá var það samþykkt í þáltill. á síðasta þingi og allir flokkar stóðu að þeirri tillögugerð, eins og raunar hv. þm. Egill Jónsson gat um hér áðan. Það er því hæpið að koma með slíka gagnrýni eftir á þar sem um það hafði náðst pólitísk sátt á Alþingi.

Hv. þm. hafa talað um tilefni til breytinga á starfsumhverfi landbúnaðar. GATT-samningurinn og þetta frv. gefur okkur einmitt tækifæri til þess, en það þarf aðlögunartíma. Það hafa allir viðurkennt í þessari umræðu að landbúnaðurinn á við gríðarleg vandamál að stríða, enda hafa ýmsir hv. þingmenn sérstaklega tekið fram sterka fyrirvara á því að þeir vilja ekki opna fyrir hömlulausan innflutning á landbúnaðarvörum. Þeir hafa heldur ekki haft þær væntingar að GATT eða þetta frv. mundi tryggja innflutning á lægra verði. Hitt er aftur annað mál að vera má að aðilar úti í þjóðfélaginu hafi haft aðrar væntingar í þessu máli og það er e.t.v. skiljanlegt. Þetta endurspeglast einna helst í þeim umsögnum sem bárust til efh.- og viðskn.

Það er eins og ég sagði afar skiljanlegt að menn vilji lækka verð á matvælum hér á landi. Sem betur fer hefur matvælaverð lækkað, m.a. fyrir tilstuðlan síðustu ríkisstjórnar, en þetta frv. breytir því ekki í sjálfu sér hér og nú. Hins vegar gefst tækifæri til innflutnings sem mun væntanlega leiða til samkeppni og fjölbreyttara vöruúrvals. Með leyfi virðulegs forseta langar mig til þess að vitna til orða hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar við 1. umr. þessa máls er hann sagði:

„Það þarf að koma fram í þessum umræðum, virðulegi forseti, að það hefur enginn haldið því fram eða byggt upp þær væntingar að stofnaðildin að GATT eða þetta frv. mundi tryggja innflutning á lægra verði. Því hefur enginn haldið fram og enginn byggt upp þær væntingar vegna þess að það er skuldbinding við bændur um að tryggja þeim vernd í upphafi. Deilan snýst ekkert um það. Hin stóra spurning er sú hvort það verður yfirleitt nokkuð af innflutningi."

Það er atriði sem við veltum einmitt fyrir okkur í hv. efh.- og viðskn. og því kom fram þessi brtt. frá meiri hlutanum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði m.a. sérstaklega um þessa brtt. meiri hlutans varðandi heimildarákvæði landbrh. til að tryggja að af lágmarksaðgangi verði. Ég hygg að það hafi komið fram er ég mælti fyrir nál. meiri hlutans að þetta er skilningur okkar nefndarmanna og tilgangur með flutningi brtt., eins og raunar hv. þm. Pétur Blöndal gat um hér áðan.

Það má vel vera að hv. þm. hefðu viljað sjá meiri breytingar í þessu frv. og að það hefði haft í för með sér meiri breytingar. Það má líka vera að það þurfi að endurskoða ýmis ákvæði í ljósi reynslunnar því að það er auðvitað ekki allt ljóst í þessu máli. Ég vil bara ítreka það fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar að við teljum að þetta frv. feli í sér málamiðlun og það hafi tekist að samræma með viðunandi hætti þau meginsjónarmið sem uppi eru í málinu.

Virðulegi forseti. Ég ætla nú að víkja nokkuð að þeim nál. minni hlutans og brtt. sem fyrir liggja. Aðalatriði þessa máls er það að með frv. er lagður grunnur að nýju viðskiptakerfi með landbúnaðarvörur. Sú mikla breyting er í raun miklu meira virði en það hvort einstaka tolltaxtar eru hærri eða lægri en einhverjum kann að þykja æskilegt. Það er því ánægjulegt að heyra í þessum umræðum að talsmenn allra flokka virðast sammála um þetta meginatriði. Engar raddir hafa heyrst þess efnis að óráðlegt sé eða rangt að stíga þetta skref eða að rétt hefði verið að gera breytingarnar

þannig úr garði að jafngilt hefði innflutningsbanni og skömmtunarkerfi, eins og vissulega hafa heyrst raddir um og mögulegt hefði verið innan þess formlega ramma sem GATT-samningurinn setur.

Ágreiningur sá sem birst hefur í þessum umræðum hefur ekki snúist um þetta meginatriði frv. og er það vel. Ágreiningurinn er hins vegar um það hversu langt skal farið. Enn fremur er nokkur ágreiningur um einstaka fyrirkomulags- og framkvæmdaratriði. Brtt. minni hluta efh.- og viðskn. draga mjög skýrt fram þann ágreining sem að framan getur og eðli hans. Megintillaga 1. minni hluta er sú að lækka almenna tolla um rúmlega 20% frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Tillaga 2. minni hluta er sú að ganga út frá tollum frv., en láta þá lækka um rúmlega 15% á næstu fimm árum. Hér er því ekki um að ræða grundvallarágreining við frv. sem miðar við að almennir tollar leiði til um 20% hærra verðs á innfluttri vöru. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir tollvernd fyrir hina innlendu framleiðslu, en tillögurnar greinir á um hversu mikil hún á að vera. Vissulega er það álitamál og reynslan ein fær úr því skorið hver áhrifin verða. Með tilliti til þess að með frv. er verið að taka upp hér á landi nýtt kerfi og gerbreytt frá því sem verið hefur, verður að teljast rétt að fara hóflega af stað en þrepa sig síðan áfram í ljósi þeirrar reynslu sem fæst. Á það skal bent að Alþingi hefur það í hendi sér á hverjum tíma að breyta þessum tollum eins og öðrum og tel ég rétt og eðlilegt að tollar þeir sem frv. fjallar um verði endurskoðaðir að nokkrum tíma liðnum þegar reynsla er fengin.

Önnur megintillaga minni hluta efh.- og viðskn. er að lækka verulega tolla á svokallaðan lágmarksmarkaðsaðgang með þeim rökum að tillaga meiri hlutans sé ófullnægjandi til að mæta þeirri gagnrýni að ekki geti orðið af innflutningi þessum vegna hárra tolla. Þetta mat þeirra er ekki rétt. Brtt. meiri hlutans um lækkun tolla á lágmarksaðgang getur haft veruleg áhrif. Sýna má fram á það með dæmum að vara, svo sem ostur, sem að óbreyttu hefði verið dýrari innfluttur en innlendur, miðað við öll líkleg innflutningsverð, verður með brtt. ódýrari en innlend framleiðsla, jafnvel þótt innkaupsverðið sé allt að tvöfalt hærra en viðmiðunarverð frv. Vitað er að hægt er að kaupa ost bæði í Evrópu og Ameríku á lægra verði en hér um ræðir. Hið sama gildir um ýmsar aðrar vörutegundir. Þannig má benda á eftirfarandi dæmi:

Dæmi 1. Osta má kaupa erlendis á um það bil 200 kr. kg. Innlent heildsöluverð er um 445 kr. kg, verð með lágmarksaðgangstolli yrði um 570 kr. kg, verð með 75% magntolli yrði um 522 kr. kg og verð með 50% magntolli yrði um 415 kr. á kg.

Dæmi 2. Svínakjöt keypt og það er samanberdæmi Hagkaups, á um 160 kr. kg. Innlent heildsöluverð 364 kr. kg, verð með lágmarksaðgangstolli, þ.e. 32%-reglan, 440 kr. kg, verð með 75% magntolli 430 kr. kg og verð með 50% magntolli 340 kr. kg.

Eins og þessi dæmi sýna er ekki rétt að ganga lengra í þessu efni að sinni. Ekki ætti að vera keppikefli fyrir talsmenn minni hlutans að hafa tolla á lágmarksaðgang lægri en svo að innflutningur náist.

Önnur atriði í tillögum minni hlutanna snúa að formlegum atriðum, svo sem verkefnaskiptingu milli ráðherra og framkvæmdaratriðum. Í þessum efnum endurspeglar frv. fyrirkomulag sem sátt er um milli handhafa framkvæmdarvaldsins og hefur ekki verið með nægjanlegum rökum sýnt fram á nauðsyn þess að breyta því.

Virðulegi forseti. Ég hef í máli mínu sýnt fram á að ekki standa rök til þess að fallast á brtt. minni hlutanna. Ég hef jafnframt bent á að talsmenn allra flokka eru sammála um meginatriði þessa frv., þ.e. að koma hér á tollstýrðu innflutningskerfi í stað hafta. Sá mikilsverði árangur má ekki gleymast eða glatast í ágreiningi um minni atriði. Ég ítreka því tillögur meiri hlutans um breytingar og legg til að frv. verði vísað til 3. umr. að þeim gerðum.

[23:04]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði: „Ekki beittu sjálfstæðismenn blekkingum í kosningabaráttunni út af þessu máli.“ Má ég minna hv. þm. á að hæstv. samgrh., hæstv. fyrrv. landbrh., vitnaði sérstaklega í kosningabaráttunni um það að ekki vekti það fyrir honum eða fyrir Sjálfstfl. að grípa til tolla sem samkvæmt skilgreiningu útiloka innflutning, þ.e. ofurtolla. Sei sei, nei. Þetta sagði hann gegn betri vitund, enda var það vitað að þetta var meginsjónarmið hæstv. fyrrv. landbrh. í þeirri nefnd fimm ráðuneyta sem að málinu vann. Enda er það svo að því er varðar frv. sjálft að meginstefna þess varðandi 97% markaðshlutdeild er að koma í veg fyrir innflutning. Það eru ekki mín orð, það eru orð allra þeirra sem hv. efh.- og viðskn. fékk umsagnir hjá eða gaf kost á að skýra sjónarmið sín.

Forræði í málinu er að sjálfsögðu minni háttar mál, en það samkomulag sem gert var í tíð fyrrv. stjórnarflokka var byggt á ákveðnum forsendum og á rætur að rekja til ársins 1993 og var háð skilyrði um ráðgjafarnefnd og úrskurðarrétt ef upp kæmi ágreiningur til ríkisstjórnar. Þetta hefur verið þurrkað út. Það samkomulag er ekki fyrir hendi lengur. Við erum hér með nýja ríkisstjórn þar sem heldur er ekki flokkur í ríkisstjórn sem gætir hagsmuna neytenda, svo að málið er í allt, allt öðrum farvegi.

Það er að sjálfsögðu alrangt mat að hér sé um að ræða minni háttar ágreiningsmál vegna þess að meginstefnan, sú að hindra innflutning með ofurtollum er aðalatriðið. Að því er varðar spurninguna um lágmarksmarkaðsaðganginn, þá leggja hv. stjórnarsinnar allt of mikið í þessa brtt. sína. Hún er skilyrt, hún er valkvæð, hún er heimildarákvæði og hún byggir á gömlu forsendu Framleiðsluráðs landbúnaðarins, þ.e. það má kannski grípa til hennar ef ekki er nægilegt framboð á innlendum markaði fyrir osta. Hvenær verður það? Og hvenær var það að landbrh. Framsfl. nýtti sér slíkar heimildir?

[23:07]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)**:

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að lengja ekki mjög þessa umræðu, en það hefur auðvitað komið fram í

umræðunni ýmislegt sem ástæða væri til þess að fara nokkrum orðum um. En þar sem hv. frsm. meiri hluta efh.- og viðskn., bæði í framsöguræðu sinni og nú í samantekt sinni í ræðu hér áðan, gerði ítarlega grein fyrir stöðu málanna og viðhorfum meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar, þá get ég stytt ræðu mína. Ég vil þó þakka fyrir þessar umræður sem hafa farið fram í dag og ég tel að séu gagnlegar mjög fyrir málið í heild sinni og fyrir þá sem þurfa að fylgja þessu máli fram, ráða úr því og stjórna málinu, þ.e. framkvæmd þess, þegar og ef þetta frv. verður að lögum, sem ég vonast auðvitað til og vænti að verði áður en þetta þing fer heim.

Menn hafa í umræðunum hér rætt töluvert mikið um landbúnaðarstefnu og efni þessa frv. sem tvo óaðskiljanlega hluti og það sé eins og að útilokað sé og muni ekki verða framkvæmd nein breyting á landbúnaðarstefnu sem ríkir eða ríkt hefur vegna þess að þetta frv. geri ekki ráð fyrir því eða taki ekki á þeim málum og opni ekki fyrir innflutning á þann hátt sem a.m.k. sumir hv. þm. hefðu viljað sjá og því sé það einhver árekstur við landbúnaðarstefnuna. Ég lít ekki svo á og vil leyfa mér að segja það við hv. þm. að ég tel að það sé ekki leið til þess að gerbylta hér landbúnaðarstefnu að neyða með breytingum á þessu frv. fram ómældan innflutning á landbúnaðarvörum. Ég held að það sé ekki leiðin til þess að bregðast við þeim vanda sem nú ríkir í landbúnaðinum, sérstaklega þó auðvitað í sauðfjárræktinni, og þannig séu aðstæður þar nú að það sé ekki hægt að knýja fram breytingar á stefnunni með þeim hætti.

Ég vil hins vegar undirstrika það og segja það alveg skýrt að ég tel að það sé nauðsynlegt að þar verði breytingar. Ég hef þegar greint hv. þingi og hv. þm. frá því að umræður um breytingar á búvörusamningi og breytingar á stjórnarháttum í landbúnaðarkerfinu okkar eru nú til umræðu í landbrn. og við fulltrúa í samninganefnd bændastéttarinnar.

Ég tel að með frv. þessu, og segi það sem ég hef áður lýst skoðun minni á, að við höfum möguleika með því að ná fram ásættanlegri niðurstöðu og ég vil a.m.k. leggja mig fram um það, eins og ég hef áður sagt, að reyna að ná sátt milli landbúnaðarins annars vegar og neytenda hins vegar sem ég tel að eigi meira sameiginlegt en þar sem er ágreiningsefni og að þessir aðilar verði að vinna saman og það séu hagsmunir landbúnaðarins ekki síður en neytenda að þau sjónarmið séu ekki alltaf að reka sig hvað á annað með miklum ágreiningi.

Ég vil líka segja það hér að ég hef ekki áhuga á því að misbeita valdi mínu sem landbrh. eða misnota aðstöðu mína. Og ég vil leyfa mér að vísa því á bug ef í máli sumra hv. þm. hefur falist ásökun í því efni til mín eða fullyrðingar um að það muni verða gert. Ég held að við verðum að láta á það reyna áður en slíkar fullyrðingar koma fram.

Mér finnst að hafi verið nokkuð um mótsagnir í máli manna þó að ég skilji það vegna þess að málið er afar flókið og erfitt og það verður ekkert auðvelt að leiða framkvæmdina fram, mér dettur það ekki í hug. Mótsagnir eru m.a. í því fólgnar að menn segja: Það verður að ná út úr þessu máli innflutningi. Það verður að gera breytingar sem leiða til þess og tryggja að það verði fluttar inn landbúnaðarvörur. Við skulum segja að að hluta til sé það markmið samningsins. Ég ætla ekki að draga neitt úr því sem hefur komið fram hjá hv. þm. en svo segja menn á hinn bóginn: Það verður líka að verja landbúnaðinn. Menn vilja í raun ekki ganga svo langt að það leiði til árása eða umtalsverðra erfiðleika fyrir landbúnaðinn. Þetta hefur komið fram í máli flestra hv. þingmanna.

Menn segja líka: Það verður að koma í veg fyrir að dýrasjúkdómar berist til landsins og við verðum að hafa löggjöf sem tryggir það og treystir. Það hafa a.m.k. margir hv. þm. sagt en segja svo líka á hinn bóginn að við megum ekki misnota sjúkdómavarnir og nýta þær sem viðskiptahindrun. Það er líka rétt. En þetta er enn eitt dæmi um það hvað þetta, eigum við að segja, einstigi, getur verið vandratað en ég mun a.m.k. og vil leggja mig fram um það að reyna að leiða málið fram eftir þeim vegi þannig að sem ásættanlegast verði.

Enn ein mótsögnin er kannski sú að segja fyrst að frv. sé þess eðlis í dag að það verði ekki um neinn innflutning að ræða. Það geri ráð fyrir svo mikilli tollvernd að það verði enginn innflutningur en gera síðan á hinn bóginn ráð fyrir því að innflutningskvótinn sé svo mikils virði að menn séu mjög viljugir til að bjóða hátt fyrir þennan sama innflutning sem rétt áður var búið að segja að yrði væntanlega enginn af því að frv. væri þannig.

Ég segi aftur að þetta sýnir auðvitað fyrst og fremst vanda málsins og þau erfiðu viðfangsefni sem eru fram undan.

Ég ætla ekki að eyða löngu máli heldur, hæstv. forseti, í að fara yfir ræður einstakra þingmanna þó að það mætti auðvitað margt um það segja. Það hefur komið fram hjá sumum hv. þingmönnum mjög hörð gagnrýni á frv. og þeir telja það ekki fullnægjandi til þess að leiða til einhvers innflutnings. Ég held hins vegar að við verðum að láta reynsluna skera úr um það og leyfi mér að taka undir orð bæði hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur og hv. þm. Péturs Blöndals um það að auðvitað munu heildsalar, innflytjendur, leita að vöruverðum sem eru ásættanleg. Við höfum séð verð núna og fyrir hv. efh.- og viðskn. hafa verið lagðar upplýsingar um það að verð á landbúnaðarvörum erlendis sé með þeim hætti að ekki sé líklegt að neinn innflutningur verði. En kann ekki að vera að á þessu stigi séu menn ekki að gefa upplýsingar um lægstu vöruverðin? Nú ætla ég ekki að fullyrða um það af því að ég hef ekki þessar töflur fyrir framan mig, en mér dettur það í hug meðan menn eru að leita eftir því að knýja á um breytingar á frv. en við nánari skoðun þegar frv. er orðið að lögum og innflutningurinn stendur fyrir dyrum þá leggi menn sig fram um það að finna vöruflokka sem þeir telja að sé mögulegt og hagstætt eða skynsamlegt að flytja inn frá þeirra sjónarhóli séð.

Mig langar aðeins að grípa niður í nefndarálit frá 1. minni hluta efh.- og viðskn. sem er undirritað af hv.

þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Þeim ósið er viðhaldið í þessu frv. að ætla löggjafarvaldinu að framselja í hendur landbrh. ótæpilegar heimildir til úthlutunar fémæti, ákvörðunar á gjöldum, ráðstöfunar fjármuna úr sjóðum o.s.frv. Allt flokkast þetta undir lagalegan óþrifnað ...“

Ég verð að segja það við hv. þm. að ef það er skoðun hans nú þá er það í nokkru ósamræmi við það sem hann samþykkti sjálfur um áramótin þegar hann samþykkti þáltill. sem Alþingi samþykkti þá um það að landbrh. yrði tryggt forræði um allar efnislegar ákvarðanir í því stjórnkerfi sem varðar landbúnað og innflutning á landbúnaðarvörum svo sem margsinnis hefur verið árétta hér og ítrekað. Ég vildi aðeins minna á að þetta er ekki krafa sem nú er uppi, t.d. af hálfu þess sem hér stendur þó að hann hafi talið eðlilegt að fylgja þeirri ályktun eftir eins og hún var samþykkt í hv. þingi.

Tveir hv. þm., hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og hv. 11. þm. Reykv., Ágúst Einarsson, eru líka búnir að ræða það að þetta form sem hér er hugsað í sambandi við úthlutun þessara kvóta sé eitthvað sem þeir kalla, eigum við að segja uppvakning á einhverju gömlu skömmtunarkerfi sem þeir þar að auki eigna Framsfl. ef ég skildi hv. 11. þm. Reykn. rétt. Ég vil líka frábiðja mér þann uppvakning vegna þess að í fyrsta lagi er það skömmtunarkerfi sem a.m.k. sá sem hér stendur man ekki eftir og hefur ekki haft nein afskipti af síðan hann hóf afskipti af stjórnmálum, það er eitthvað sem er eldra en það. (**Gripið fram í:** Það er nú svo nýlega.) Nei, það er orðið nefnilega býsna langt síðan.

Í öðru lagi vil ég líka rifja það upp að þegar ég kom að þessu máli eftir ríkisstjórnarmyndunina og sá fyrstu drög að fyrirliggjandi frv. þá var þar gert ráð fyrir því að innflutningurinn eins og segir, með leyfi forseta, í þeim drögum:

„Berist umsögn um meiri innflutning en tollkvóta nemur skal hlutkesti ráða úthlutun.“

Ég hygg að það sé texti sem hefur orðið til í tíð embættismannanefndar sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hefur átt einhverja aðild að sem þáv. hæstv. utanrrh. Þetta er ekki texti sem hefur komið inn í frv. að mínu frumkvæði. Ég býst við að bak við það séu einhverjar röksemdir af hálfu embættismannanefndarinnar og hún hafi skoðað aðrar leiðir, en það hefur ekki verið sérstaklega til umfjöllunar eða neitt ágreiningsefni í tíð þessarar ríkisstjórnar hvernig að þessu ætti að standa.

Ég hef engan áhuga á því að standa fyrir einhverju úreltu úthlutunarkerfi, en þetta er út af fyrir sig ein leiðin til þess að úthluta þessum kvótum. Önnur leið, sem hefur verið bent hér á, er að framkvæma þá með útboði, þ.e. láta gera tilboð í þessa kvóta. Ég held að við höfum rætt það við 1. umr. um málið að það væri út af fyrir sig hætt við því að slíkt form leiddi til aukins kostnaðar innflytjandans við innflutninginn og sá kostnaður hlýtur að lenda inn í vöruverðið á einhverju stigi og þar með til neytandans þannig að það er líklegt til þess að hækka vöruverðið. Þetta voru a.m.k. þau viðbrögð sem mér sýnist liggja í augum uppi hvað þetta mál varðar og e.t.v. rétt eins og kom fram hjá hv. þm. áðan, líklega hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, að láta þetta form sýna sig. Ef það gengur ekki þá er ekkert sem kemur í veg fyrir það að menn breyti um og leiti annarra leiða.

Hv. þm. Ágúst Einarsson talaði um nýja landbúnaðarstefnu og undirstrikaði að það þyrfti að nýta þetta frv. og GATT-samningana til að hjálpa okkur til að knýja það fram. Ég hef áður lýst því og ætla ekki að fara fleiri orðum um það. Hann taldi líka að samþykkt þessa frv. væri nánast blekking og marklaust að samþykkja það ef það leiddi ekki til neins innflutnings. Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég held nú reyndar að hafi komið fram einnig í upphafi máls hv. þm., að frv. eins og það liggur fyrir er uppfylling á þeim samningum sem við höfum undirritað og gerst aðilar að. Samningsferlið var það að við gerðum ákveðið tilboð sem samningsaðilar gátu gert athugasemdir við. Að þeim athugasemdafresti loknum er þetta samningstilboð okkar samþykkt og við höfum þannig í sjálfu sér fullnægt öllum skuldbindingum.

Nú er það svo að við höfum valið aðferð þar sem frv. gerir ráð fyrir því að við nýtum okkur ekki þetta samningstilboð til hins ýtrasta þannig að við höfum nú þegar gert ráð fyrir því að ekki sé gengið eins langt og samningstilboðið gerði þó kleift. Mér finnst því dálítið óásættanlegt að menn tali stöðugt um það að hæstv. ríkisstjórn sé að misnota aðstöðu sína og búa til frv. sem sé sýndarmennska. Ég leyfi mér að fullyrða að svo er ekki.

Þá langar mig aðeins að koma að orðum hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, sem ræddi reyndar eins og við 1. umr. um málið um stöðu garðyrkjunnar og hennar sérstöðu vegna þess að hún hafði búið um mikinn innflutning en síðan hafa aðstæður í garðyrkju innan lands breyst mjög. Hún hefur aukið mjög markaðshlutdeild sína, en við erum auðvitað bundnir af þessum samningum og höfum ekki mikið svigrúm. Sjálfsagt er hins vegar að leita leiða, eins og bent hefur verið á, til að tryggja það að þeirra starfsgrundvöllur sé með þeim hætti að þeir geti staðist þessa samkeppni eftir því sem íslensk stjórnvöld hafa möguleika á að hafa afskipti af slíkum þáttum, en þá er það óháð sjálfu frv. og sjálfum GATT-samningunum.

Hv. þm. spurði um brtt. meiri hlutans við 20. gr. frv. og er tölul. 5.b á þskj. 70 sem hefur verið nokkuð til umræðu. Þar er gert ráð fyrir því að ráðherra skuli við úthlutun tollkvóta hafa hliðsjón af því hvort nægilegt framboð af viðkomandi vörum á hæfilegum verði sé til staðar og hvort innflutningsmagn í tollkvótum IIIA og IIIB hafi náð þeim mörkum sem þar eru sett. Hv. þm. spurði hvort hér væri um pólitíska stefnumótun og breytingu af hálfu ríkisstjórnarinnar að ræða. Ég held að mjög gott svar við þessu hafi komið fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal og ég þarf ekki miklu við það að bæta annað en það sem ég sagði hér upphafi að ég vil leggja mig fram um það að ná sem

bestri sátt um þetta mál og reyna að feta það einstigi sem er á milli þess annars vegar að hér komi inn eitthvað af landbúnaðarvörum á verði sem sé ásættanlegt fyrir íslenskan landbúnað og að íslenskum landbúnaði sé eftir sem áður, eins og ég held að flestir hv. þm. hafi rætt, tryggður ákveðinn aðlögunartími að þeim breytingum sem í hönd eru að fara og eru óumflýjanlegar og engum dettur hug annað en við stöndum frammi fyrir og þurfum að horfast í augu við. Við þurfum hins vegar að gefa okkur tíma í það. Þessi brtt. er því flutt í fullu samkomulagi við ráðherra landbúnaðarmála sem fer, eins og margsinnis hefur komið fram, með framkvæmd þessara mála. Það er ekki önnur pólitísk stefnubreyting í því en sú sem ég hef hér reynt að gera grein fyrir að við teljum að í frv. sjálfu sé þessi stefna mótuð og það sé eðlilegt að reyna að fylgja henni eftir.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. talaði líka um að það væri vandræðalegt hvernig ætti að standa að úthlutun á þessum leyfum. Ég hef áður gert grein fyrir viðhorfi mínu til þess og hef út af fyrir sig ekki meira um það að segja og e.t.v. ekki fleira sem kom sérstaklega fram í hans ræðu sem hann beindi beinlínis til mín heldur var það fyrst og fremst um breytingar á 20. gr. skv. 5. tölulið brtt. meira hlutans sem vörðuðu það hvernig ráðherra hugsaði sér að nýta þessa heimild.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hafði eins og aðrir þingmenn áhuga á því að það yrði lítil breyting, en hún nefndi einnig annað sem ég held að við þurfum virkilega að gefa gaum. Hún sagði: Málið snýr líka að útflutningi. GATT-samningarnir eru líka þess eðlis að þeir opna hugsanlega fyrir útflutning. Það kann að vera mikilvægt líka fyrir þá erfiðleika sem sauðfjárræktin stendur frammi fyrir í augnablikinu, þ.e. það að í þeim gæti falist að það opnaðist á ný útflutningur á lambakjöti til Noregs og þá eru það mikilvægir hagsmunir og undirstrikar það að við þurfum auðvitað að nýta þessa samninga á allan þann hátt sem þeir geta nýst okkur. Það var út af fyrir sig ágætis áminning að láta það koma hér fram.

Hún spurði nokkuð um innflutning á hrávörum og hvernig stjórnvöld hugsuðu sér að takast á við það mál. Ég hef reyndar áður vitnað til þess sem lagt var fyrir fyrri ríkisstjórn um það að GATT-samningarnir gerðu ráð fyrir heimild til að viðhalda innflutningsbanni af heilbrigðisástæðum, en það bann yrði að byggjast á mun strangari skilyrðum um vísindalegar sannanir fyrir þeim ástæðum sem bannið byggðist á og því þyrfti að gera breytingar á íslenskri löggjöf hvað þetta varðaði sem gert er í frv. En við höfum líka velt fyrir okkur framkvæmdinni, hvernig eigi að leiða málið fram og það er ljóst að aðstöðu til þess að sinna þessu innflutningseftirliti hér á landi þarf að styrkja. Það kom reyndar fram í framsöguræðu hæstv. forsrh. að hann taldi það nauðsynlegt. Ég held að hann hafi nánast lokið sinni framsöguræðu á því að benda á að það þyrfti að styrkja innflutningseftirlitið.

Í þeirri vinnu sem þegar hefur verið lögð í þetta mál, reyndar bæði af hálfu landbrn. og af hálfu umhvrn., verður reynt að samræma eftir megni starfsemi rannsóknastofnananna og bæta bæði tækjabúnað og möguleika þeirra til þess að fylgjast með tilteknum varnarefnum í grænmeti, ávöxtum og sláturafurðum, lyfjaleifum og vaxtaaukandi efnum sem öll eru hér til umræðu í þessu sambandi og gildir einnig um aukefni. Í þeim athugunum sem við höfum gert segir að aðstaða til örverurannsókna sé þokkaleg og er t.d. hægt að bæta við verkefnum á því sviði hjá Hollustuvernd ríkisins án mikils stofnkostnaðar eða verulegrar fjölgunar starfsfólks. Þá segir einnig að lögð verði áhersla á að innfluttum matvælum fylgi ávallt vottorð um efnainnihald, örverufræðilega þætti og eftir því sem við á framleiðsluaðferðir. Tryggt verður eftir megni að eftirlitsaðili geti sannreynt vottorð í vissum tilvikum, en meginreglan verði þó að vottorðin verði tekin trúanleg. Það hefur komið í ljós hjá innflutningseftirlit Hollustuverndar ríkisins að þörf er á að sannreyna vottorð sem fylgja matvælum og má ætla að þörf fyrir rannsóknir vegna þessa aukist með breyttum áherslum á innflutningi.

Síðan höfum velt fyrir okkur því viðhorfi að það er landbrn. og yfirdýralæknir sem fara með yfirstjórn mála er varða innflutning og útflutning búfjárafurða. Þar er gert ráð fyrir óbreyttri skipan í frv. til laga um matvæli sem liggur fyrir þinginu, eins og hv. þm. vita, og hefur verið óskað að það frv. færi í gegn m.a. vegna tengsla við þetta frv. og vegna tengsla við GATT-samninginn. En samkvæmt frv. sem hér liggur fyrir og brtt. frá hv. efh.- og viðskn. er gert ráð fyrir að landbrh. verði heimilt að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaaukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna umfram það sem leyft er í framleiðslu hér á landi eins og hefur verið rakið hér í umræðunum.

Hliðstætt ákvæði er enn fremur lagt til í því frv. til laga um matvæli sem áður hefur verið til vitnað. Umhvrn. og landbrn. munu því þurfa samræma framkvæmd mála að því er varðar innflutningseftirlit með búfjárafurðum til þess að tryggja hagkvæmt og virkt eftirlit og að það sé einfalt en ekki flókið og erfitt í framkvæmd. Framkvæmdin verður þá væntanlega á þann veg að yfirdýralæknir mun fara með fyrir hönd landbrn. leyfisveitingar og kröfur um vottorð og önnur gögn áður en kemur til innflutnings búfjárafurða og gerir tillögur um sýnatökur og rannsóknir. Framkvæmd innflutningseftirlits eftir að varan er komin til landsins til dreifingar verður hins vegar í höndum Hollustuverndar ríkisins eins og gildir í dag.

Það er sjálfsagt tímans vegna ekki hægt að fara mjög mörgum orðum um þetta í viðbót, hæstv. forseti, og ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að það er e.t.v. ekki ástæða til. Það er búið að gera það af hálfu hv. frsm. meiri hluta nefndarinnar en ég vil aðeins segja að lokum og ítreka það sjónarmið mitt að ég tel að með þessu frv. séum við að stíga mikilvægt skref til opnunar, til innflutnings. Við erum að afnema bönnin og það er það sem skiptir mestu á þessu stigi. Við þurfum að fóta okkur á framkvæmdinni. Við megum ekki fara þannig í hana að við hlaupum okkur um koll og

við gerum það hugsanlega á þann hátt að landbúnaðurinn okkar sem atvinnugrein bíði af því varanlegan skaða en njóti þess ekki til þess að endurskipuleggja sig. Ég tel því að við megum ekki rasa um ráð fram en höfum alla möguleika á því að breyta síðar til. Það er ekkert sem heftir okkur í því í ljósi fenginnar reynslu þegar við höfum búið við frv. um tíma eða lögin, eins og frv. lítur út, verði það að lögum.

**Útbýting þingskjals:**

Viðlagatrygging Íslands, 43. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 84.

[23:33]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. hafði uppi góð orð um vilja sinn til þess að breyta landbúnaðarstefnunni sem er merkileg yfirlýsing út af fyrir sig og verður fylgst með efndum. Hann lýsti einnig yfir vilja sínum að reyna að stuðla að sátt milli bænda og neytenda, betri en verið hefur hingað til. Ég vil gjarnan að hæstv. landbrh. njóti velvildar vafans. Ég get hins vegar ekki að því gert að mér þykir byrjunin ekki lofa góðu þegar fyrsta frv. er um að fresta ákvörðun um greiðslumark í stað þess að gefa skilmerkilega til kynna hvernig ráðherrann hyggst leiða bændur út úr fátæktargildru einokunarkerfisins. Í annan stað er hin tillagan að taka á ný upp útflutningsbætur sem er óskynsamlegasta form á stuðningi við landbúnað sem hugsast getur og vandfundin og reyndar ekki finnanleg rök fyrir því.

Til þess að stuðla að sátt milli bænda og neytenda hefði hæstv. landbrh. gjarnan mátt gera það í undirbúningi þessa máls með því að hafa taumhald á þeirri sígildu óbilgirni landbúnaðarkerfisins í garð neytenda sem birtist í því að undirbúa svona frv. án alls samráðs við samtök neytenda, án nokkurs samráðs við viðskiptaaðila sem eiga við þetta að búa og með því að fara einhliða algerlega eftir málsvörum og hagsmunavörslumönnum þessa einokunarkerfis.

Það er mikill misskilningur að það sé mótsögn í því fólgin að vilja gefa landbúnaðinum umsamda vernd í upphafi, en jafnframt stuðla að innflutningi. Það er engin mótsögn í því fólgin. Þvert á móti verða engin skref stigin í þá átt að auka framleiðni og lækka tilkostnað í þessu kerfi nema fyrir aðhald frá samkeppni. Þeim mun fyrr sem hæstv. landbrh. gerir sér grein fyrir því þeim mun fyrr verður honum eitthvað ágengt í því að rétta hlut bænda í þessu fátæktarkerfi sem þeir hafa verið hnepptir í.

[23:35]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst þakka hv. þm. fyrir góð orð og það að vilja leyfa mér að njóta vafans og gefa mér tíma til þess að sýna hvað mögulegt er að gera. Þá vil ég segja við hv. þm. þegar hann minnir á frv. um frestun á ákvörðun greiðslumarks hinn 15. sept. í haust að fyrsta skilyrðið til þess að geta komið fram þessum breytingum er að fá fram þessa frestun á ákvörðun greiðslumarksins. Ef lögin gilda óbreytt sem eru fortakslaus um það að ráðherra skuli ákveða þetta greiðslumark samkvæmt gildandi lögum, samkvæmt búvörusamningi, þá gerir hann það eins og þau ákvæði hljóða í dag og það held ég að sé ekki góður kostur. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá frest til breytinga á þessu og til þess þurfum við tíma, vinnu fram á sumarið og e.t.v. fram á haustið og hugsanlega möguleika á að leggja fyrir þingið breytingar á búvörulögunum í tengslum við hugsanlegar breytingar á endurskoðuðum búvörusamningi þegar þing kemur saman í haust sem ekki liggur fyrir núna. Þess vegna er ósk um það að frv. um þessa frestun verði samþykkt á þessu þingi.

Varðandi útflutningsbætur er mér ekki alveg ljóst hvað hv. þm. átti við. Ef hann er að velta fyrir sér hugmyndum í frv. um 10% verðmiðlunargjald sem geti verið jöfnun milli hærra og lægra verðs sem fæst fyrir útflutninginn þá eru engar útflutningsbætur í því fólgnar.

Varðandi óbilgirni um samráð við neytendur eða hagsmunaaðila þá er hv. þm. alveg fullkunnugt um það hvernig staðið var að undirbúningi þessa frv. og átti aðild að því á sínum tíma sem hæstv. utanrrh. þá. Það það var embættismannanefnd fimm ráðuneyta sem vann að undirbúningi málsins og lagði það fyrir ríkisstjórn og þannig liggur það fyrir hér til umræðu.

[23:38]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. segir: Frestur er á illu bestur, frestur er nauðsynlegur fram í september. Hæstv. ráðherra er, eins og hann tók fram sjálfur, reyndur maður í stjórnmálum. Hann veit það að nú er júnímánuður og hann talar um september. Á þeim tíma sem fram undan er er t.d. unnt að setja fjárlögum ríkisins fjárlagafrv. sem kostar mikla vinnu, viðamesta frv. þingsins. Ég fullyrði af minni litlu reynslu í stjórnmálum að ef hæstv. landbrh. hefur einhverjar mótaðar hugmyndir um það hvernig hann hyggst breyta landbúnaðarkerfinu og hefur lagt það niður fyrir sér með rökstuddum hætti, þá er tíminn nægilegur til þess að bæði setja þær hugmyndir fram, láta vinna þær til framkvæmdar og vinna þeim fylgi ef vilji er fyrir hendi. Það er ekki nóg fyrir forustumenn Framsfl., hæstv. ráðherra, að hafa það að mottói á hverjum vinnudegi að fresta ákvörðunum sem hefur verið einkennandi fyrir þá hingað til.

Að því er varðar forræði á þessum málum í tíð fyrrv. ríkisstjórnar er rétt að það komi fram, af því að ég er margbúinn að svara þessu: Sú nefnd fimm ráðuneyta sem vann að þessu máli frá því snemma árs 1993, ef ég man rétt, var á forræði forsrh., pólitískri ábyrgð hans og þeir embættismenn sem þarna unnu að málinu sátu lon og don yfir þessu máli. Það kom ekki til ríkisstjórnar. Það var í pólitískri gíslingu og ekkert pólitískt samráð um þann undirbúning.

[23:40]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt. Ég á greinilega

erfitt með að gera mig skiljanlegan eða tjá mig þannig að hv. þm. skilji hvað ég er að biðja um þegar ég er að tala um að það þurfi að fresta þessari greiðslumarks-ákvörðun í september. Ég er ekkert að biðja um frest á því að við förum í þessa vinnu. Ég er ekkert að biðja um frest á því að það verði unnið að tillögum sem geta leitt til breytinga og vonandi leitt til annarrar niðurstöðu fyrir sauðfjárræktina í landinu en er í dag. En ég er bundinn af gildandi lögum um þessa ákvörðun í september og það er það sem ég er að biðja um að losna undan.

[23:40]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu ráðherrans hefur mikið verið rætt um fyrri ríkisstjórn, núverandi ríkisstjórn, embættismannanefndir, ályktun Alþingis og margt fleira. Í mínum huga var þetta mál og er mjög einfalt, hæstv. ráðherra, og mig langar til að spyrja ráðherrann að því hvort hann er ekki sammála þeirri lýsingu. Það sem talið var að samkomulag væri að nást um á Alþingi á sínum tíma var sú stefna að 95–97% af íslenskum landbúnaði mundi áfram njóta slíkrar tollverndar að þeir hefðu sterka stöðu á markaði sem framleiddu slíka vöru. En ætlunin væri að örlítið brot, 3–5%, kæmi hér inn á markaðinn á mun lægra verði í trausti þess að slíkt verð byðist innflytjendum. Það er röng lýsing, hæstv. ráðherra, að það hafi verið kjarninn í því breiða samkomulagi sem var að myndast að hvað þessi 3–5% snertir væri það ljóst að tollastefnan yrði á þann veg að verðið á þeim vörum yrði mun lægra. Aftur á móti nytu 95–97% áfram verulegrar verndar. Það var einmitt réttlætingin sem var gefin fyrir því að veita 95–97% af framleiðslunni þessa miklu vernd að 3–5% væru opin á markaði á betri kjörum. Mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann væri ekki sammála þessari einföldu almennu lýsingu og geti lýst því með helst jái eða neii án þess að fara í mikinn stjórnkerfisleik í kringum svarið.

[23:43]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki klókur í stjórnkerfisleikjum. Ég býst við að stjórnmálafræðingar séu mér klókari í því að fara í slíka leiki á Alþingi og ég get þess vegna sagt í stuttu máli að ég er efnislega sammála þeirri hugsun sem fram kom í andsvari hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar.

Mig langar hins vegar í viðbót, ef ég má, án þess að það sé nokkur stjórnkerfisleikur að benda á að íslenskur landbúnaður er sennilega með lægri markaðshlutdeild en landbúnaður víðast hvar á Evrópumarkaðinum. Enda þótt við framleiðum kjöt og mjólkurafurðir erum við þrátt fyrir allt með mikið af innfluttum landbúnaðarafurðum. Það á ekki síst við í grænmetinu og græna geiranum, sem stundum hefur verið kallaður svo, og hv. þm. sumir hafa borið fyrir brjósti. Við flytjum einmitt inn mikið af grænmeti, auðvitað ávexti, korn og slíka hluti eins og allir hv. þm. þekkja og svo þennan 3,5% viðbótarmarkaðsaðgang.

Ég vil líka minna á tilboð okkar einu sinni enn sem hljóðaði upp á að 3–5% markaðsaðgangurinn væri á 32% af hámarkstollabindingunni. Það er eins og tilboðið hljóðaði upp á. Ég segi aftur eins og ég sagði áðan, eigum við ekki að gefa þessu tíma, láta reynsluna skera úr um það hvernig þetta verður í framkvæmd?

[23:44]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að landbrh. hefur lýst því yfir að hann sé sammála þeim skilningi að þessi 3–5% hafi átt að vera á hagstæðari kjörum. Þá vaknar sú spurning, hæstv. landbrh., ef það kemur í ljós á fyrsta ári GATT-samningsins að slíkt gerist ekki er þá ekki rökrétt niðurstaða að það frv. sem verið er að afgreiða í þeim búningi sem stjórnarliðar eru að ganga frá því sé ekki í samræmi við almennan skilning okkar allra á því hvernig átti að framkvæma GATT-samkomulagið? Þess vegna er alveg nauðsynlegt, hæstv. ráðherra, að ganga alveg skýrt frá því að þegar lögin fara að virka sé þetta tryggt. Auðvitað getur hver og einn haft skoðun á því hvað mun gerast í veruleikanum en veruleikinn mun þó koma í ljós innan ákveðinna tímamarka. Ég vil þess vegna ítreka þá spurningu til hæstv. ráðherra hvort ekki sé rökrétt að tafarlaust verði farið í það að breyta þeim lögum sem ætlunin er að afgreiða.

[23:46]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég lauk ræðu minni áðan á því að minna á að auðvitað hefði löggjafarsamkoman okkar, Alþingi Íslendinga, alla möguleika á því að breyta þeim lögum, sem nú er verið að samþykkja, þess vegna strax á næsta þingi. En ég minni aftur á að við höfum gert ákveðið tilboð. Við skulum láta á það reyna eins og hv. þm. sagði. Ef það gerist ekki, eigum við ekki að láta það koma í ljós hvað gerist? Við skulum láta það koma í ljós og þá höfum við reyndar möguleikann á því að laga okkur nokkuð að markmiðunum með þeirri brtt. sem flutt er af meiri hluta hv. efh.- og viðskn. sem fjallar um það að ráðherra skuli við ákvörðun sína um úthlutun tollkvóta hafa hliðsjón af því hvernig þróun mála verður.

[23:47]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)**:

Herra forseti. Það eru örfá atriði sem mig langar til að koma að í umræðunni. Ég vil í fyrsta lagi taka fram út af ummælum hæstv. landbrh. sem lét að því liggja að við, sem myndum minni hluta efh.- og viðskn., værum að tala um hömlulausan innflutning. Það er fráleit framsetning. Ég vil benda á að aðalbreytingartillaga mín byggir á því að lækka tollana fyrir lágmarksinnflutninginn. Hv. frsm. nefndarinnar, hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, ræddi um að tollarnir væru eðlilegir hér og hv. þm. Pétur Blöndal ræddi um að hér hefði viss málamiðlun átt sér stað. Þetta er fjarri sanni. Tollar á þennan lágmarksinnflutning eru samkvæmt upplýsingum frá Neytendasamtökunum og þær hafa verið stað-

festar líka af öðrum innkaupaaðilum eins og Hagkaup og Bónus, sem hafa góð tækifæri á að kaupa inn ódýra vöru, eru t.d. á svínaafurðum um 168%, á nautaafurðum 115%, á eggjum og kjúklingum 149%, 159% á kalkún, tæp 190% á osti, yfir 200% á smjöri. Auðvitað er þetta háð innkaupsverðinu þannig að við megum ekki taka þessar tölur allar bókstaflega. En aðalmálið er að við erum að tala um að tryggja lágmarksinnflutning upp á 3–5%. Ég styð það að íslenskur landbúnaður hafi vernd fyrir hin 95–97%. Ég lagði ekki til lækkun á þeim tollum. En mér finnst þessi uppsetning á frv. ósanngjörn eins og hér er sett fram. Hún er engin málamiðlun vegna þess að hver einasti aðili, sem kom á fund nefndarinnar, hvort sem voru neytendasamtök, forsvarsmenn verslana, forsvarsmenn atvinnulífsins eða verkalýðshreyfingarinnar sögðu allir það sama. Það verður enginn lágmarksinnflutningur á þessum tollum. Það er þetta sem er ámælisvert við frv. að þannig skuli gengið frá því að ekki sé einu sinni loftað aðeins út í þessu kerfi með því að heimila lágmarksinnflutninginn. Síðan er hin aðlögunin að viðbótarinnflutningi. Það er eðlilegt að það taki nokkurn tíma og verði endurmetið í ljósi reynslunnar.

Hæstv. landbrh. gat reyndar um að þetta væri staðfesting á samningi, uppfylling á samningi, og það er alveg rétt. Þetta finnst mér vera meginatriðið í stefnu stjórnvalda gagnvart þessu máli. Það er verið að uppfylla formskröfuna um að staðfesta samninginn en það sem lagt er til er að í stað banns koma heimildir. En í staðinn fyrir bönnin, sem voru hér áður, halda bönnin áfram með of háum tollum. Það er það sem er ámælisvert við afgreiðslu málsins. Það ríkir ekki sátt og málamiðlun um slíka afgreiðslu. Það átti að tryggja lágmarksinnflutninginn inn á eðlilegu verði. Það var sanngirnin og hugsunin á bak við GATT-samninginn. Það var það sem ríkisstjórnin og meiri hlutinn vill ekki framkvæma við afgreiðslu málsins.

[23:52]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla síðasta ræðumanns, hv. alþm. Ágústs Einarssonar, gat ég þess í ræðu minni fyrr í kvöld að þessi ummæli og þessar skoðanir umsagnaraðila fyrir nefndinni komu fram áður en meiri hluti nefndarinnar gerði sínar breytingartillögur á frv. Eftir að þessar brtt. hafa komið fram tel ég að innflutningur verði í flestöllum vörutegundum sem um er rætt í III. og IV. viðauka við lögin þannig að ég held að mikið hafi breyst eftir að þessi brtt. kom fram.

[23:53]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki vil ég draga úr trú hv. þm. Péturs Blöndals en mikil er hún því að meiri hlutinn lagði ekki til miklar breytingar á þessu frv. Einni viðbótarheimild var bætt inn að það væri hægt að fara niður í 50% hlutdeild úr 75% og það er gefin yfirlýsing um að það skuli hafa hliðsjón af lágmarksinnflutningi. Þetta eru allar þær breytingar sem gerðar voru á þessu frv.

Hv. þm. veit ósköp vel að þegar við erum að tala um viðskipti og innflutning á vörum eru það hinar raunverulegu stærðir sem skipta máli eins og tolltaxtarnir. Hvaða tollar eru það sem gilda um innflutning vörunnar og það er engin breyting gerð á því máli. Ég er sannfærður um að ekki verður af þessum innflutningi og þær breytingar, sem meiri hlutinn gerði, eru alveg marklausar þótt einstakir þingmenn stjórnarliðsins kjósa nú að skjóta sér á bak við þær og segja að hér sé um einhverja efnisbreytingu að ræða. Það er það ekki.

Hæstv. landbrh., velviljaður maður, gat um áðan að laga sig að breyttum aðstæðum, láta reynsluna tala, og þetta er mælt af sanngirni. Ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Ef kemur í ljós að ekki verður af lágmarksinnflutningi ætlar landbrh. að beita sér fyrir því á haustdögum að fram komi frv. sem lækki tollana?

[23:55]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er akkúrat munurinn á milli 75% og 50% sem skiptir sköpum. Tollurinn á eggjum lækkar um 60 kr. Á ostum lækkar tollurinn um 100 kr. og það er einmitt það sem skiptir sköpum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–12. og 15. mál.

Fundi slitið kl. 23:56.

---

## 21. FUNDUR

þriðjudaginn 13. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**

1. Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. desember 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. desember 1969 og þingsályktun frá 17. nóvember 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

2. Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

3. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar, þáltill., 32. mál, þskj. 36. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Alþjóðaviðskiptastofnunin, stjfrv., 27. mál, þskj. 29, nál. 69, 71, 73 og 80, brtt. 70, 72 og 74. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Útvarpslög, frv., 39. mál, þskj. 52. — 2. umr.
7. Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, stjfrv., 42. mál, þskj. 83. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Viðlagatrygging Íslands, stjfrv., 43. mál, þskj. 84. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
9. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 47, 50 og 63, brtt. 48. — Frh. 2. umr.
10. Gjald af áfengi, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 49, 51 og 64, brtt. 67. — Frh. 2. umr.
11. Áfengislög, stjfrv., 6. mál, þskj. 6, nál. 45, 58 og 59, brtt. 46. — Frh. 2. umr.
12. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 28. mál, þskj. 76, brtt. 81. — 3. umr.
13. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 29. mál, þskj. 77. — 3. umr.
14. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 30. mál, þskj. 34. — 3. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

**Útbýting þingskjala:**
Eftirlit með innflutningi matvæla, 18. mál, svar umhvrh., þskj. 75.
Stjórn fiskveiða, 28. mál, þskj. 76.
Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 29. mál, þskj. 77.

***Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. desember 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. desember 1969 og þingsályktun frá 17. nóvember 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.***

[13:35]

Fram komu tveir listar, sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Geir H. Haarde (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Sturla Böðvarsson (A),
Siv Friðleifsdóttir (A).

*Varamenn:*
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Guðni Ágústsson (A),
Árni Johnsen (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

***Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.***

[13:37]

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Árni Johnsen,
Ísólfur Gylfi Pálmason,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir.

*Varamenn:*
Guðmundur Hallvarðsson,
Stefán Guðmundsson,
Svavar Gestsson,
Gísli S. Einarsson,
Svanfríður Jónasdóttir,
Guðný Guðbjörnsdóttir.

***Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, frh. fyrri umr.***

Þáltill. SJS o.fl., 19. mál. — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar, frh. fyrri umr.***

Þáltill. umhvn., 32. mál. — Þskj. 36.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

***Afbrigði um dagskrármál.***

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**
Til þess að 8. dagskrármál megi koma til afgreiðslu þarf að leita afbrigða og verður þeirra nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

***Alþjóðaviðskiptastofnunin, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 27. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 29, nál. 69, 71, 73 og 80, brtt. 70, 72 og 74.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 72,1 felld með 34:10 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, LB, SighB, SvanJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP.
3 þm. (KH, ÓRG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RA, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 74,1 felld með 29:9 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, SighB, SvanJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.
10 þm. (GGuðbj, GHelg, HG, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.
12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, ÓRG, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 72,2 felld með 28:11 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.
9 þm. (GGuðbj, GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:44]
**Jón Baldvin Hannibalsson:**
Herra forseti. Sú brtt. sem hér er flutt varðar svokallaðan lágmarksmarkaðsaðgang og er í því fólgin að tollurinn er ákveðinn 32%, ekki af tollabindingu eða grunntaxta heldur af þeim tolli sem lagður skal á viðkomandi vörulið, þ.e. rauntolli. Lágmarksmarkaðsaðgangurinn ber því toll sem er ákveðið hlutfall af rauntolli en það er sú aðferð sem viðgengst í langsamlega flestum aðildarríkjum GATT. Þetta þýðir í reynd að vonir standa til að menn sjái sér hag í innflutningi samkvæmt lágmarksmarkaðsaðgangnum, en því miður eru litlar líkur á að það komi neytendum til góða samkvæmt ákvæðum frv.

Brtt. 74,2.a felld með 38:9 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, SighB, SvanJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.
16 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RA, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:46]
**Ágúst Einarsson:**
Herra forseti. Í staflið a er fjallað um að lækka tolla á lágmarksinnflutningi. Með þessari brtt. er mögulegt að landbúnaðarvörur verði fluttar inn á sanngjörnu verði, en eins og fram hefur komið í umræðunni eru tollar frv. það háir á lágmarksinnflutningi sem nemur

3–5% af magni að ekki er gert ráð fyrir raunverulega neinum innflutningi. Þess vegna legg ég mikla áherslu á að það komi skýrt fram í atkvæðagreiðslunni að þeir sem eru á móti þessari tillögu eru í reynd að koma í veg fyrir að hér verði lágmarksinnflutningur sem nemur 3–5% af heildarmagni.

[13:46]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þessi stafliður varðar tollun eða tollunarstig á svonefndum lágmarksmarkaðsaðgangi. Eins og komið hefur fram tökum við ekki afstöðu til þess tollunarstigs sem lagt er til í frv. en þessi brtt. gengur hins vegar að okkar mati allt of langt í þá átt að lækka þetta frá því sem samningstilboð Íslands gerði ráð fyrir. Eins og sjá má mundi brtt., ef samþykkt yrði, fela í sér helmingslækkun á tollunarstigi á lágmarksmarkaðsaðgangi eða sem sagt helmingi lægra tollstig heldur en samningstilboð Íslands fól í sér. Það teljum við of langt gengið og leggjumst því gegn þessum hluta brtt. en sitjum hjá við stafliði b og c, sem koma hér til atkvæða á eftir.

Brtt. 74,2.b–c felld með 28:9 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, SighB, SvanJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

10 þm. (GGuðbj, GHelg, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RA, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 70,1 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 70,2 samþ. með 47 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 70,3 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.

8 þm. (ÁE, GE, JóhS, JBH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

8.–13. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (GE, JBH, SighB) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

14.–17. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 70,4 samþ. með 41:4 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

**nei:** ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ.

3 þm. (LB, MF, ÓRG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:52]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að ákvæði af þessu tagi sé í þessum lögum, en ég vil halda því til haga að ég hef gert athugasemdir við það að landbrh. skuli fara með þessi mál. Hér er um eftirlit með matvælum að ræða og það heyrir undir Hollustuvernd ríkisins.

Ég vil líka taka það fram að það er mjög brýnt að þessu ákvæði sé ekki beitt sem viðskiptahindrun en vegna þess hve mikið nauðsynjamál er hér á ferð, þá styð ég þessa grein.

[13:53]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þessi brtt. gengur út á það að heimila landbrh. að banna innflutning við sérstakar aðstæður. Ég leggst gegn þessari brtt. vegna þess að ég tel að ákvæði af þessum toga eigi heima í almennri matvælalöggjöf en ekki í tengslum við innflutning á matvælum.

18. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JóhS, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 72,3.a og c-liðir felld með 35:9 atkv. og sögðu

**já:** GE, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LMR*, LB, SighB, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 72,3.b kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 74,3.a felld með 28:11 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, SighB, SvanJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

9 þm. (GHelg, HG, KHG, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 74,3.b kölluð aftur til 3. umr.

19. gr. samþ. með 36:7 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.

**nei:** GE, JóhS, JBH, LB, SighB, SvanJ, ÖS.

4 þm. (ÁE, GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 72,4 felld með 34:9 atkv. og sögðu

**já:** GE, GGuðbj, HjálmJ*, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HG, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SJS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 74,4 felld með 29:12 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

8 þm. (GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 70,5 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

6 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

20. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 74,5 felld með 29:11 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

8 þm. (GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

21. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JBH, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, KH, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JóhS, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

22. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ.

5 þm. (GE, JBH, LB, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 74,6 felld með 29:11 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

9 þm. (GGuðbj, GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

23. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BBj, FI, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, ÓRG, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 74,7 felld með 27:11 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

8 þm. (GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, EgJ, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, KPál, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 72,5.a–b felld með 33:11 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SJS, SvanJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

3 þm. (JóhS, ÓRG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 72,5.c felld með 31:13 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, ÓRG, SighB, SvanJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.

4 þm. (HG, MF, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:01]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Virðulegi forseti. Hér eru greidd atkvæði í framhaldi af þeirri ákvörðun að skipa þriggja manna nefnd fulltrúum þriggja ráðuneyta, landbrn., fjmrn. og viðskrn. Í c-lið er gert ráð fyrir málskotsrétti ef ágreiningur kemur upp, að vísa megi málinu til ríkisstjórnar. Það er varnaglaákvæði og byggir reyndar á samkomulagi sem gert var milli fyrrv. stjórnarflokka á sinni tíð. Með því er gerð tilraun til að tryggja að neytendur og aðrir en beinir hagsmunaaðilar framleiðenda hafi einn málskotsrétt í álitamálum sem upp kunna að koma.

24. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 70,6 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ.
6 þm. (GE, JBH, KH, LB, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

25. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ.
7 þm. (GE, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, ÓÖH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 72,6 felld með 29:10 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, SighB, SAÞ*, SvanJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.
8 þm. (GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 74,8 felld með 30:9 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, SighB, SvanJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.
8 þm. (GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

26. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.
10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RA, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

27.–29. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Ákv. til brb. I–II samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 74,9 (1. efnismgr.) felld með 27:19 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 74,9 (2.–4. efnismgr.) felld með 27:11 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, LB, SighB, SvanJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, ÞorstP.
8 þm. (GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, KH, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 72,7 felld með 34:5 atkv. og sögðu
**já:** GE, JBH, LB, SighB, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.
8 þm. (ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, ÓRG, SvanJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:07]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í umræðum og staðfest var af skriflegum greinargerðum og munnlegum umsögnum Neytendasamtaka og viðskiptaaðila eru hinir samsettu tollar, verð- og magntollar stilltir svo háir að það var mat allra sem við var rætt að ekki yrði af innflutningi. Það er meginatriði þessa mikla frv. Hér er gerð brtt. sem kveður á um að magntolla í viðauka I skal lækka um 23% og verðtolla úr 30 í 20% á þeim tollum sem ákveðnir eru í viðeigandi köflum. Eins og sýnt hefur verið fram á eru útreikningar magntolla í frv. ekki byggðir á réttum forsendum, hvorki að því er varðar virkt innflutningsverð né innanlandsverð. Þrátt fyrir breytingar sem er gert ráð fyrir er ljóst að verð innfluttra afurða verður almennt séð hærra en innlendrar auk þess sem við bætast áhrif fjarlægðarverndar á bilinu frá 10–30%. Brtt. mundi samt sem áður tryggja að fyrstu skrefin yrðu stigin í þá átt að tryggja eitthvert aðhald gegnum samkeppni að einokunarkerfinu sem við búum nú við. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 70,7 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ.
4 þm. (GE, JBH, LB, SighB) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Viðauki I, svo breyttur, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 70,8 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (LB*) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Viðauki IIA, svo breyttur, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Viðauki IIB samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, PP, RG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 70,9 samþ. með 47 shlj. atkv.
Viðauki IIIA, svo breyttur, samþ. með 47 shlj. atkv.
Viðaukar IIIB, IVA og IVB samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

***Um fundarstjórn.***

Mál á dagskrá.

[14:13]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Ég sé að á dagskrá þessa fundar hefur verið tekið frv. sem dreift var síðdegis í gær og flutt er af ríkisstjórninni og snertir nýja skattlagningu. Hins vegar er ekki tekið á dagskrá frv. sem einnig var dreift í gær um greiðsluaðlögun sem við flytjum fjórir þingmenn jafnmargra þingflokka, frv. sem við flytjum til þess að koma til móts við þær óskir sem voru settar fram fyrir helgina að brýnt væri að greiða úr gíf-

urlegum vanda þúsunda heimila í landinu vegna húsnæðisskulda, frv. sem við höfum ástæðu til að ætla að meiri hluti sé fyrir í þinginu.

Við teljum þess vegna mjög brýnt, virðulegi forseti, að þetta frv. fái hér a.m.k. jafnræði á við önnur frumvörp til umfjöllunar og afgreiðslu í þinginu. Það á ekki bara að vera verkefni þessa sumarþings að auka skattlagninguna í landinu þvert ofan í yfirlýsingar stjórnarflokkanna um að auka ekki skattana, heldur á það einnig að vera verkefni þessa sumarþings að greiða úr fjárhagsvanda heimilanna í landinu.

Ég vil þess vegna í fyrsta lagi mótmæla því að þetta frv. sé ekki á dagskrá líkt og önnur frumvörp sem dreift var hér í gær og tekin á dagskrá og leggja fram þá formlegu ósk að frv. um greiðsluaðlögun, sem ásamt mér er flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Kristínu Ástgeirsdóttur, fái framvegis jafnræði á dagskrá þingsins á við önnur frumvörp.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Það er sjálfsagt að taka það til athugunar hvort þetta frv. verður tekið á dagskrá, ef það verður annar fundur í dag. En forseti kannast ekki við að það hafi verið beðið um afbrigðilega meðferð, en samkvæmt þingsköpum þurfa að líða tvær nætur frá útbýtingu.

[14:16]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Hæstv. forseti. Ég vonast til að því frv. sem nefnt var í þessu samhengi verði ekki blandað inn í svona almenna pólitíska leikfimi hér í þinginu. Stjórnarandstaðan og til að mynda þingmenn Vestfirðinga, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hafa gengist eftir því að við brygðumst við vanda Vestfirðinga varðandi það ólán sem upp kom þar og við lykjum ekki þinginu án þess að menn sæju fyrir með hvaða hætti það fólk, sem lenti í hörmungunum þar á sl. ári, gæti nýtt sumarið. Þannig að ég óska eindregið eftir því að þrátt fyrir pólitíska leikfimi, sem menn auðvitað þurfa að hafa uppi, þá blandi menn ekki slíkum málum saman. Ég vonast a.m.k. til þess að þingið sem heild taki ekki þátt í því.

[14:17]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hefja hér efnisumræðu um 8. dagskrármálið, en ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það óviðurkvæmilegt af hálfu hæstv. forsrh. að taka þannig til orða hér að þótt við kynnum að hafa einhverjar athugasemdir við það hvaða leið ríkisstjórnin hefur valið til þess að koma til móts við einstaklinga sem orðið hafa fyrir miklum áföllum, en einnig til þess að koma til móts við vanda byggðarlaga sem ekki hafa orðið fyrir þeim áföllum, þar með séu menn að leggja stein í götu þess að greitt sé úr vanda viðkomandi fólks. Ég tel að slíkar athugasemdir hæstv. forsrh. séu á engan hátt við hæfi nema hæstv. forsrh. hafi ætlað sér að ganga hér fram í því skjólinu. Það hlýtur auðvitað að koma til álita þegar frv. kemur til umræðu hvaða leið er farin. Það hefur komið fram í óformlegri athugun á þessu máli hér utan við ræðustólinn, að það muni vera um 5 milljarðar til ráðstöfunar í sjóði sem þjóðin hefur safnað í og það hlýtur að vera álitamál hvenær og með hvaða hætti þeir peningar eru notaðir eða hvort ný gjaldtaka sé hafin. Ég mælist til þess að við getum átt hér efnislega umræðu um málið án þess að vera að gera þannig athugasemd við það, eins og hér kom fram hjá hæstv. forsrh.

Þau eru mörg brýn verkefnin í okkar þjóðfélagi. Það eru verkefni í heilbrigðismálum, það eru verkefni í fangelsismálum og fjölmörgum öðrum málaflokkum, sem eru mjög brýn en við höfum ekki fundið fjármagn til að leysa og það er verkefni okkar hér í þinginu að ræða það hvernig við finnum fjármagnið. Ég vona að það verði ekki sá bragur á umræðunni um 8. dagskrármálið að þótt við hér ýmis kynnum að hafa aðra skoðun á því hvernig fjármagnið sé fundið þá séum við að leggja einhvern stein í götu þess að greitt sé úr vanda fólksins. Það er ekki þannig sem málið er vaxið, en það kann að vera einhver ágreiningur um það hvernig fjármagnið er fundið.

[14:19]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að skilja ræðu hv. þm. þannig að það væri misskilningur minn að hann hygðist út af pólitískri leikfimi hér í þingsölum taka þetta mikilvæga mál í gíslingu og ég vonast til þess að sú samstaða sem var í þinginu um að bregðast við vanda fólks á Vestfjörðum verði ekki fórnarlamb pólitísks leikaraskapar á síðustu dögum þessa vorþings. Ég trúi því ekki að aðrir þingmenn og til að mynda þingmenn Vestfirðinga, geri þetta mál að máli sem gæti goldið pólitísks leikaraskapar hér í þinginu. Ég vona að okkur beri gæfa til þess að sýna sömu samstöðu um þetta mál og við höfum gert hingað til.

[14:20]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að ég held að það sé vilji allra þingmanna stjórnarandstöðunnar að afgreiða þetta mál sem hæstv. forsrh. hefur nefnt hér í umræðunni við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson. Það er með engu móti hægt að láta að því liggja að stjórnarandstaðan eða einhverjir þingmenn ætli sér ekki að taka höndum saman við stjórnarliðið í þessu máli þó að nefnd sé sú staðreynd að hér var í gær dreift máli sem ýmsir þingmenn stjórnarandstöðunnar bera fyrir brjósti og reyndar helft stjórnarliðsins líka vegna þess að þar er um að ræða sama frv. og þeir fluttu á síðasta kjörtímabili.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég tel að það sé með engu móti hægt að láta að því liggja, eins og hæstv. forsrh. er að gera, að menn ætli að búa til einhvern pólitískan leikaraskap í kringum þetta mál. Það er alveg ljóst að það er samstaða heillar þjóðar í kringum það án tillits til þess í hvaða pólitíska flokka menn hafa skipað sér. Þannig var tekið á þessu á síðasta kjörtímabili og þannig mun þetta þing líka taka á málinu núna.

### *Útvarpslög, 2. umr.*

Frv. menntmn., 39. mál (gerð og notkun myndlykla). — Þskj. 52.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

### *Viðlagatrygging Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 43. mál (álag á iðgjöld, ofanflóðasjóður). — Þskj. 84.

[14:24]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. jan. sl., strax eftir snjóflóðið í Súðavík, segir m.a. að ríkisvaldið muni gera sitt ýtrasta til að bæta það tjón sem orðið er og í mannlegu valdi er að bæta. Í upphafi miðaði starf stjórnvalda í þessu máli aðallega að tvennu: Annars vegar aðstoð við þá sem urðu fyrir skaða eða eignatjóni og hvernig greiða skyldi kostnað við björgunarstarf og hins vegar undirbúningi að frv. til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Einnig var nefnt að síðan þyrfti að huga að tillögugerð varðandi framtíð byggðar og atvinnulífs í Súðavík.

Fyrirsjáanlegur kostnaður ríkissjóðs vegna snjóflóðsins í Súðavík er nú nær 54 millj. kr. og þar hafa þegar verið greiddar 34 millj. kr. Stærstu liðirnir eru vegna uppsetningar á bráðabirgðahúsnæði í Súðavík og ýmis kostnaður vegna björgunarstarfa.Í þessari tölu er ekki lagt mat á kostnað ríkissjóðs vegna sölutaps, sem væntanlega myndast þegar sumarhúsin verða seld, en ríkissjóður hefur ábyrgst að greiða sveitarsjóði það tap. Einnig er hugsanlegt að fleiri kröfur um greiðslur vegna kostnaðar tengdar björgunarstörfum eigi eftir að koma fram.

Breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum voru afgreiddar á 118. þingi, 25. febrúar sl. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sé hagkvæmara talið, til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu um að kaupa húseignir í stað annarra varnaraðgerða ...“

Ofanflóðasjóður greiðir 90% af kostnaði við slík kaup eins og vegna annarra varnaraðgerða. Félmrh. ákveður úthlutun úr ofanflóðasjóði að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins. Að því er varðar framtíðaruppbyggingu í Súðavík þarf annars vegar að huga að því að nauðsynleg lög og reglugerðir vegna ákvarðanatöku séu fyrir hendi og þeim verði fylgt í hvívetna og jafnframt þarf að kanna kostnað og fjármögnun framkvæmda. Allar ákvarðanir varðandi Súðavík munu hafa fordæmisgildi fyrir aðra staði landsins. Nauðsynleg lög eru fyrir hendi með lögunum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Ofanflóðanefnd hefur samið drög að reglum um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða. Þessar reglur verða væntanlega gefnar út af félmrh. nú alveg á næstunni.

Nefnd nokkurra ráðuneyta, félmrn., umhvrn. og dómsmrn., og ofanflóðanefndar mun semja reglugerð um framkvæmd laganna um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Fyrsta verk nefndarinnar verður að gera tillögur að reglugerð um varnarvirki og/eða kaup húseigna á hættusvæðum vegna ofanflóða. Þar verður m.a. tekið á því hvernig ákvarða skuli greiðslu fyrir hús sem keypt verða. Skipulag fyrir „nýja Súðavík“ hefur ekki verið staðfest en það verður væntanlega í þessum mánuði. Til þess að unnt verði að taka ákvarðanir um flutning og/eða kaup húsa og uppbyggingu á nýju svæði þarf að liggja fyrir í fyrsta lagi nýtt hættumat fyrir núverandi byggð. Þetta getur væntanlega legið fyrir skömmu eftir að nýja reglugerðin um hættumat verður gefin út. Í annan stað: Tillögur sveitarstjórnar um flutning og kaup á húsum. Kostnaður við gatna- og lagnagerð í Súðavík er áætlaður allt að 150 millj. kr.

Sveitarsjóður getur lítið greitt af þeim kostnaði. Sveitarstjórn hefur farið þess á leit við stjórn landssöfnunarinnar vegna Súðavíkur að eftirstöðvum sjóðsins verði ráðstafað til þessa verks. Hér er um að ræða nálægt 70 millj. kr. Sjóðstjórn hefur ekki tekið afstöðu til þessarar óskar. Sveitarstjórn hefur sótt um framlag úr Bjargráðasjóði vegna þessa kostnaðar. Stjórn sjóðsins mun fjalla um þetta erindi í næstu viku. Hér gæti verið um að ræða 15–20 millj. kr. í þessu tilfelli. Sveitarstjórn mun væntanlega leita til Viðlagatryggingar um að hún leggi fram fé til þessara framkvæmda sem bætur fyrir núverandi gatnakerfi sem ekki hefur verið unnt að nýta, en afstaða stjórnar Viðlagatryggingar til þessa máls liggur ekki fyrir.

Um kostnað vegna flutnings og kaupa á húsum í Súðavík liggja engar beinar tölur fyrir. Á staðnum voru 69 íbúðir. Þar af eyðilögðust 14 í snjóflóðinu. Eftir standa 55 íbúðir. Þar af er e.t.v. unnt að flytja 16 hús. Eigendur flestra þeirra húsa sem þá eru eftir munu ætla að búa áfram á staðnum og vilja byggja ný hús. Við þetta bætast síðan hús í eigu opinberra aðila og fyrirtækja.

Ofanflóðasjóður hefur nú til ráðstöfunar innan við 200 millj. kr. Árlegar tekjur hans næstu 5 árin eru um 80 millj kr., að meðtöldu sérstöku lögbundnu framlagi Viðlagatryggingar.

Ljóst er að hörmungunum í Súðavík mun fylgja mun meiri kostnaður en ráð var fyrir gert er ákveðið var að leggja 10% álag á iðgjöld vegna viðlagatryggingar með lögum nr. 36/1995. Að auki hefur víðar orðið tjón þennan vetur eins og öllum er í fersku minni. Því er talið nauðsynlegt til þess að mæta þessum aukna kostnaði að leggja til við Alþingi að breytt verði lögum um Viðlagatryggingu Íslands og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum á þann veg að næstu fimm árin verði lagt álag á viðlagatryggingariðgjald sem nemur 20% í stað 10% áður, auk þess sem hlut-

ur Viðlagatryggingar Íslands í ofanflóðasjóði verði aukinn úr 5% af heildariðgjaldatekjum í 35%. Þarna tekur sem sagt viðlagatryggingarsjóður mikinn þátt í þessu átaki.

Er gert ráð fyrir að fyrirkomulag verði með þeim hætti að næst þegar innheimt verður samkvæmt nýjum vátryggingarsamningum, sem eru andlag iðgjalda viðlagatryggingar eða eldri samningar komi til endurnýjunar, verði álag jafnframt lagt á. Standi iðgjaldaauki vegna álagsins í fimm iðgjaldaár. Er vonast til að þessar auknu álögur komi til með að skila rúmlega 500 millj. kr. á næstu fimm árum.

Miðað við þá atburði sem áttu sér stað sl. vetur sýnist ekki óeðlilegt að Viðlagatrygging Íslands leggi aukið fé í ofanflóðasjóð. Bæði er sérstaklega kveðið á um það í 21. gr. um þá tryggingu að heimilt sé að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni af völdum náttúruhamfara og eins virðist mega lesa það út úr þeim upphaflegu hugmyndum sem lágu til grundvallar setningu laganna frá 1975, að hlutverk Viðlagatryggingar Íslands væri ekki einungis að bæta tjón sem þegar er orðið, heldur einnig að reyna að koma í veg fyrir að tjón eigi sér stað. Til þess að efla þannig snjóflóðavarnir og minnka líkur á því að greiða þurfi tjónabætur síðar vegna snjóflóða er ekki talið óeðlilegt að hlutur ofanflóðasjóðs í heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands sé aukinn eins og gert er ráð fyrir í frv.

Miðað við núverandi heildariðgjaldatekjur Viðlagatryggingar Íslands er gert ráð fyrir að hlutur ofanflóðasjóðs í þeim verði um 177 millj kr. á ári eða sem nemur 885 millj. kr. næstu fimm árin. Þannig er alls gert ráð fyrir að ofanflóðasjóður hafi til ráðstöfunar á næstu fimm árum um 1.400 millj. kr. miðað við að bein framlög úr ríkissjóði haldist óbreytt.

Með breytingu á lögum um snjóflóðavarnir sl. vetur, reglugerðum sem settar verða á grundvelli þeirra laga og þeirri tekjuöflun sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er tryggt að unnt verður að bregðast við afleiðingum náttúruhamfaranna á sl. vetri. Jafnframt hefur þar með verið lagður grundvöllur að framtíðarskipulagi þessara mála.

Eins og áður sagði liggja ekki nú fyrir nákvæmar áætlanir um kostnað vegna uppbyggingar í Súðavík og aðgerða á öðrum stöðum. Með þeirri fjáröflun sem hér er lögð til á hins vegar að vera unnt að sinna því sem þarf til uppbyggingar í Súðavík og það geti miðað áfram eins og óskir heimamanna standi til. Það er mikilvægt að við þetta verði staðið. Í ríkisstjórn á sl. kjörtímabili var hæstv. þáv. viðskrh. manna fremstur í flokki að tryggja það að hart yrði brugðist við í þessum efnum. Og hann var einnig fyrstur manna hér á vorþingi að taka þetta mál upp til að tryggja að frá þingi yrði ekki gengið án þess að þessi mál lægju nokkuð ljós fyrir. Og það er líka gleðiefni að í hv. efh.- og viðskn. tóku stjórn og stjórnarandstæðingar vel í þessa tillögu og þá ekki síst hv. þm. Kristinn Gunnarsson og reyndar aðrir góðir þingmenn einnig. Þannig að ég vonast til að þrátt fyrir ýmis átök eins og verða vill þá sjái menn málum þannig borgið að þetta mál lendi ekki á milli þils og veggjar eða milli steins og sleggju í kannski næsta ómerkilegum átökum hér í þinginu.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu máli verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:35]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sannfærður um það að hæstv. forsrh. verður að ósk sinni um það að þetta mál mun ekki lenda milli pólitískrar sleggju og steins hér í þinginu. Það er enginn í þessu þingi sem ég tel að muni vilja gera neitt til þess að draga úr möguleikum ríkisstjórnarinnar á því að hefja uppbyggingu í Súðavík eins fljótt og auðið verður.

Hæstv. forsrh. veit að ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að gerbreyta allri uppbyggingu á snjóflóðaeftirliti og snjóflóðavörnum á Íslandi. Ég veit að það er einhver vinna í gangi varðandi það. Ég tel nauðsynlegt að sú undirstaða sem við leggjum núna sé sem traustust og best útfærð. Ég held að ég hafi skilið hæstv. forsrh. rétt þegar ég sagði að það lægju ekki fyrir nákvæmar áætlanir um hvernig ætti að taka á eflingu snjóflóðavarna í framtíðinni. Ég tók líka eftir því að hann var ekki alveg viss um það hversu mikinn kostnað ríkisstjórnin mun bera af tjóninu í Súðavík. Ég skil það út af fyrir sig mjög vel. En mig langar hins vegar til þess að spyrja hæstv. forsrh., til þess að greiða fyrir þessari umræðu, á hvaða áætlunum er talan 1.400 millj. kr., byggð? Er til einhver gróf áætlun um það hvers konar snjóflóðavarnir og á hvaða stöðum á að ráðast í á þessum næstu fimm árum sem 1.400 millj. eiga að nægja til framkvæmda á?

[14:36]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. undirtektir hans. Hann er afskaplega vel að sér um öll þessi mál og tók mjög virkan þátt í þeim eins og kunnugt er. Það er rétt hjá honum, það stendur yfir vinna núna og þá sérstaklega til þess í fyrsta lagi að samræma skipan þessara mála vegna þess að það orkar nokkuð tvímælis um ráðuneytaskiptingu eins og hv. þm. þekkir afskaplega vel. En vegna þessara fjármuna sem hv. þm. nefndi vil ég ítreka að í þessu falli eru menn fyrst og fremst að horfa til uppbyggingar vegna húsnæðis sem menn verða að yfirgefa. Það stóð þannig á að á öðrum stöðum heldur en í Súðavík urðu menn að vera fjarri heimilum sínum í 50–100 daga á sl. ári. Við í sælunni hér í Reykjavík eigum bágt með að skilja það að vera hrifin burt af okkar heimilum, ekki dögum saman, ekki vikum saman heldur mánuðum saman. Þetta fólk vill ekki þurfa að leggja í nýjan vetur með þessum hætti. Og ég hef tekið undir með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að við getum ekki frá þinginu gengið án þess að þetta fólk viti nokkurn veginn hvar það stendur.

[14:38]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðulaust að hafa mörg orð um þetta frv. Það er óþarfi því að þingmenn þekkja

svo vel og muna svo vel þá atburði sem urðu aðdragandinn að því máli sem hér er flutt.

Þá hefur hæstv. forsrh. einnig rifjað upp yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hún gaf um loforð um stuðning við þá sem misstu líf og eignir í snjóflóðunum á sl. vetri, ekki aðeins í Súðavík heldur einnig annars staðar þar sem þau flóð féllu. Einnig tók ríkisstjórnin síðasta ákvörðun um það að hefja víðtækan undirbúning að endurhættumati á snjóflóðasvæðum sem er ljóst, eins og hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að mun verða mjög viðamikið og sjálfsagt taka einhvern tíma og mun kalla á mjög mikil útgjöld ef við á að bregðast eins og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar gaf tilefni til. Þannig er alveg ljóst og rétt hjá hæstv. ráðherra að þarna eru miklir fjármunir sem verið er að ræða um, fjármunir sem íslenska ríkisstjórnin og Alþingi með afstöðu sinni á sl. ári hafa skuldbundið sig til þess að útvega.

Það eru um það bil þrjár vikur síðan ég hóf máls á því hér á hv. Alþingi að nú væri framkvæmdatíminn að hefjast og þeir sem urðu illa úti í snjóflóðum á sl. vetri hefðu miklar áhyggjur af því ef tíminn liði, framkvæmdatímabil þessa árs liði, án þess að hægt væri að hefjast handa og fólkið þyrfti því að horfast í augu við þann möguleika að þurfa e.t.v. að flytja inn í hús sín aftur sem það hefði orðið að yfirgefa sakir hættuástands, eins og hæstv. forsrh. rakti í ræðu sinni hér áðan. Ég hef út af fyrir sig ekki neinu við það að bæta. Ég óskaði eftir því við hæstv. forsrh. að hann beitti sér fyrir því að aðgerðir yrðu gerðar sem allra fyrst til þess að taka af allan vafa um það að hægt yrði að nýta framkvæmdatímann í sumar til að hjálpa þessu fólki þannig að það þyrfti ekki að horfast í augu við annan vetur við svipaðar aðstæður og þann síðasta. Þetta er nauðsynlegt skref til þess að það sé hægt og ég lýsi yfir stuðningi mínum við þennan málatilbúnað og treysti forsrh. til þess að sjá svo til að þegar Alþingi hefur afgreitt þetta mál, sem ég efast ekki um, þá verði undinn bráður bugur að því að hægt verði að nýta þessa fjármuni til þess að ljúka þeim framkvæmdum sem brýnastar eru nú í sumar.

Auðvitað má um það deila hvaðan á að taka féð. Menn geta vísað til þess að það séu miklir peningar í Viðlagasjóði, en ég vil biðja hv. þm. að huga að því að þeim fjármunum sem þar eru hefur verið safnað saman, ef svo má segja, til þess að bregðast við atburðum sem kunna að gerast og menn óttast að geti gerst, þ.e. Suðurlandsskjálfta, án þess að ég ætli að fara að vera með neinar illspár um það, en Viðlagasjóður endurtryggir ekki. Það hefur farið fram athugun á því hvað það kostar. Það er svo óhemjudýrt að það hefur verið tekin sú ákvörðun af stjórn Viðlagasjóðs og í samráði við heilbr.- og trmrn. að Viðlagasjóður endurtryggði ekki. Þannig að þó að mönnum finnist 5 milljarðar vera mikið fé þá er það ekki svo mikið fé ef einhverjir alvarlegir atburðir gerast. Ég vil einnig minna á að það er ástæða til þess að ætla að sú breyting kunni að vera á veðurfari hér að við gætum átt von á meiri ofanflóðum en verið hafa á undanförnum 2–3 áratugum og minni ég í því sambandi á þá atburði sem nú hafa verið að gerast. Þessi hætta er því ekki bara bundin við vetrarmánuðina og út af fyrir sig óeðlilegt að menn afli fjár með þeim hætti sem hér er gert, þ.e. að andlag fjáröflunarinnar séu þau verðmæti sem eru í tryggingu hjá Viðlagasjóði og ætlast er til að sjóðurinn bæti ásamt með þátttöku ofanflóðasjóðs í tilteknum verkefnum ef erfiðleikar koma upp eða hamfarir í líkingu við það sem varð í vetur. Þannig að þó svo að mönnum finnist vera hér miklir peningar á ferðinni, 1.400 millj. kr. á fimm ára tímabili, þá býst ég við að áður en upp verður staðið og lokið öllum þeim viðfangsefnum sem þarf að ljúka í samræmi við þá stefnumótun sem stjórnvöld hafa tekið þá verði þetta ekki fé sem verði mikill afgangur af, kannski miklu fremur hið gagnstæða, að það vanti meira fé heldur en þarna er um að ræða.

Ég ítreka það að ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þennan málatilbúnað. Ég lýsi fylgi mínu við þetta frv. Ég er ekki í nokkrum vafa um að Alþingi mun afgreiða það bæði skjótt og vel og ég ítreka þau tilmæli mín til hæstv. forsrh. að hann vinni með sama hætti og áfram að því að hægt verði að nýta framkvæmdatímabilið þegar þessi afgreiðsla hefur átt sér stað frá Alþingi.

**Útbýting þingskjals:**
Veiðileyfagjald, 44. mál, þáltill. ÁE o.fl., þskj. 85.

[14:44]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Fyrir réttum 10 árum voru samþykkt lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Í framhaldi af þeirri lagasetningu var farið að vinna að því að gera hættumat fyrir byggðir á landsbyggðinni sem ætla mætti að byggju við hættu af ofanflóðum, hvort sem þau voru snjóflóð eða skriðuföll. Þessu verki hefur miðað nokkuð áleiðis undanfarinn áratug og er vel á veg komið hvað landið í heild varðar þó að því sé ekki lokið og vantar reyndar nokkuð á. En fyrir mjög mörg byggðarlög liggur fyrir hættumat og einnig tillögur um úrbætur til að mæta þeirri hættu sem menn hafa komist að raun um að er fyrir hendi. Það var því ljóst fyrir nokkru að sá sjóður sem leggja átti til megnið af fjármagni til úrbótanna hvort sem það voru varnarvirki eða annað var býsna vanmegnugur til þess að standa undir hlutverki sínu og greiða sinn hlut eða 80% af kostnaði á móti 20% hlutdeild sveitarfélags. Því brá ég á það ráð fyrir 2–3 árum ásamt tveimur öðrum þingmönnum Alþb. að flytja frv. sem jók hlutdeild sjóðsins í kostnaði úr 80% í 90% til þess að gera sveitarfélögunum það bærilegra að standa undir sínum hluta af kostnaði og jafnframt að koma með tillögu í frv. að tekjuöflun fyrir sjóðinn þannig að hann mætti fá auknar tekjur frá því sem þáverandi lög gerðu ráð fyrir.

Mál þetta var í vinnslu í þinginu um tveggja ára skeið og tókst má segja gott samkomulag um það og varð úr að það var flutt sem stjfrv. á síðasta þingi og varð að lögum fyrr á þessu ári. Það frv. miðaði útreiknaða tekjuþörf ofanflóðasjóðs við allt annað landslag en við horfðum síðan framan í eftir veturinn sem liðinn er. Frv. gerði ráð fyrir framkvæmdum í ljósi

þess mats sem fyrir lá á þeim tíma. En eftir snjóflóðin í vetur hefur mönnum orðið ljóst að menn þurfa að endurskoða hættumatið og breyta um forsendur og mönnum er líka ljóst að þær breytingar leiða til þess að hættan er að jafnaði meiri en menn ætluðu og aðgerðirnar sem grípa þarf til til varnar verða því dýrari og meiri í sniðum en menn ætluðu fram til þessa. Það var þannig ljóst strax í vetur þegar við vorum að afgreiða stjfrv. að það mundi þurfa meira fé til þessa verkefnis en frv. gerði ráð fyrir. Það kemur því ekki á óvart að flutt er frv. um það efni að styrkja fjárhagslega stöðu sjóðsins. Reyndar var nauðsynlegt að gera það strax á vorþinginu til þess að menn mættu leysa úr þeim brýnustu verkefnum sem uppi eru í þessu efni í nokkrum byggðarlögum og mönnum er ljóst að verður að gera fyrir næsta haust.

Þar sem ég þekki best til veit ég að eru nokkuð mikil verkefni sem menn þurfa að leysa núna í sumar, a.m.k. í þremur sveitarfélögum, þ.e. í Súðavík, í Hnífsdal og á Flateyri og kynnu þau að verða fleiri bæði á Vestfjörðum og annars staðar ef menn athuga það nánar. Þetta er þó vitað um og þessi verkefni ein og sér eru það viðamikil að núverandi tekjustofnar ofanflóðasjóðar duga ekki til að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum núna. Því þarf auknar tekjur. Ég fagna því þessu frv. Það kemur til móts við þá þörf sem er og leysir væntanlega úr henni fyrsta kastið.

Menn skulu hins vegar gera sér grein fyrir því að hér getur verið um að ræða afar fjárfrek verkefni. Í dag er álitið að um 500–600 íbúðarhús séu innan hættusvæða eins og þau eru þekkt í dag. Það er líka álitið að þau muni verða fleiri þegar búið er að gera nýtt hættumat samkvæmt þeim reglum og forsendum sem er verið að móta um gerð slíkra mata. Áætlun er upp á að það geti verið allt að 1.000 hús sem verði innan endurskilgreindra hættumata. Auðvitað liggja ekki fyrir neinar áætlanir um hvað varnarvirki eða úrlausnir kosta í öllum þessum tilvikum. En ef við gefum okkur þann möguleika að öll húsin yrðu keypt og við gefum okkur meðalverð á íbúðarhúsi þá sjá menn strax að hér er um að ræða mjög háar fjárhæðir. Og það er ljóst að menn verða að eyða mörgum árum í að leysa úr þessu verkefni. Við munum ekki leysa það á 4–5 árum.

Hins vegar er jafnljóst að við þurfum að fara að byrja að vinna að þessu verki strax og vinna það eins hratt og við getum. Og þessi fjáröflun í frv. nú er áfangi á þessari leið. Hún gefur ofanflóðasjóði allt að 1.400 millj. kr. úr að spila á næstu fimm árum og ég held að það sé alveg fullnægjandi fé á þeim tíma. Við munum vita betur að þeim tíma liðnum hvernig mál standa og væntanlega hafa menn þá nákvæmari áætlanir um kostnað við þær úrbætur sem menn þurfa að grípa til.

Þegar aflað er nýrra tekna í sjóð eins og þennan þá þarf einhvers staðar að taka peninga. Það er ekki hægt að búa til peninga úr engu. Og í þessu tilviki hafa menn brugðið á það ráð að sækja fjáröflunina í tvo staði. Annars vegar með því að hækka álögur á fasteignaeigendur að mestu leyti og hins vegar með því að taka fé sem annars hefði runnið í annan sjóð, Viðlagasjóð, og færa það um fimm ára skeið yfir í ofanflóðasjóð. Ég lýsi mig fylgjandi þessum tillögum. Ég tel að þær séu skynsamlegar. Nýjar álögur á almenning eru ekki háar af þessari fjárhæð sem er í heild um 1 milljarður kr. sem er viðbótarfjáröflunin í ofanflóðasjóð. Lítill hluti viðbótarinnar kemur af nýjum álögum á fasteignaeigendur, en mestur hlutur kemur úr því sem annars hefði runnið í Viðlagasjóð.

Ég tek undir áhyggjur síðasta ræðumanns um það að menn gangi um of á Viðlagasjóð því að honum er ætlað ákveðið verkefni sem geta komið til fyrr en varir í kjölfar eldgosa eða annarra slíkra stórra atburða. Við megum ekki falla í þá gryfju að taka það fé sem í honum er nú, ganga á þann höfuðstól til þess að ná í aura fyrir önnur verkefni. Reyndar er ekki skynsamlegt að mínu mati að taka af Viðlagasjóði tekjustofna hans til frambúðar, en ég get fallist á að taka hluta af tekjustofni hans um fimm ára skeið meðan menn eru að koma þessu verkefni af stað.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum ítreka stuðning minn við þetta mál og láta það koma fram enn einu sinni að það er afar brýnt að málið nái fram að ganga fyrir lyktir vorþingsins.

[14:53]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu var kynnt í efh.- og viðskn. fyrir nokkrum kvöldum og urðu um það miklar umræður og þá ekki síst það atriði sem snýr að snjóflóðavörnum og það hvert gagn væri í rauninni í slíkum vörnum. Það vildi svo til að á fundinum voru þá staddir tveir Vestfirðingar sem þekkja þessi mál af eigin raun og var mjög merkilegt að hlusta á þeirra frásagnir og þá ekki síst hv. þm. Einar Odd Kristjánsson sem lýsti reynslu Flateyringa og þeim mikla ótta sem hefur skapast í hugum fólks vegna sífelldrar hættu sem vofað hefur yfir íbúunum sérstaklega nú í vetur en þeir þekkja reyndar frá fyrri árum. Það er alveg ljóst eftir veturinn í vetur að við Íslendingar þurfum að skoða mjög rækilega hvernig við stöndum að snjóflóðavörnum og hvar byggingar eru leyfðar. Og við getum ekki annað en horfst í augu við það að stór svæði sérstaklega á Vestfjörðum eru hættusvæði. Það hafa komið upp efasemdir í mínum huga varðandi enduruppbygginguna á Súðavík, hvort þar sé í rauninni verið að færa íbúabyggðina inn á svæði sem einnig er í hættu. Ég gat ekki skilið þær upplýsingar sem við höfum fengið öðruvísi en þannig að í rauninni sé svæðið allt í ákveðinni hættu. En við vitum að það er ákaflega erfitt mál fyrir íbúana að horfast í augu við það að búa á hættusvæði. Það eru miklar eignir í húfi og ég get vel skilið það að menn vilji halda í sína byggð. En maður hlýtur þó að velta því fyrir sér hvort ástæða kunni að vera til þess að hreinlega banna byggð á stærri svæðum en nú er gert vegna þessarar miklu hættu sem kom svo rækilega í ljós í vetur. Ég held að við þurfum að skoða þessi mál í víðu samhengi, en jafnframt að reyna að átta okkur á því hvaða varnir duga og hvort einhverjar varnir duga.

En inntakið í því sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði, hann er því miður ekki viðstaddur þessa

umræðu, var í rauninni það að óttinn væri orðinn svo mikill að það dygðu engar varnir vegna þess að fólk einfaldlega flytti úr húsunum þegar hættuástand skapaðist og tryði ekki á þessar varnir og þetta er mjög umhugsunarvert.

Frv. sem hér er til umræðu gengur út á það að leggja sérstakan skatt á fasteignaeigendur, sérstakt álag, til þess að standa undir þeim kostnaði sem fram undan er vegna uppbyggingar á Súðavík og væntanlega vegna aukinna snjóflóðavarna. Þetta er skattur og fram hjá því verður ekki horft og er enn einu sinni verið að bæta ofan á þá sem eiga fasteignir og er auðvelt í því samhengi að rifja upp harða gagnrýni á meiri hlutann í Reykjavíkurborg fyrir sérstakt gjald sem lagt var á fasteignagreiðendur í borginni. En það er ljóst að það verður að útvega peninga í þessa uppbyggingu og ég fæ ekki séð að þessi leið sé verri en hver önnur þó að það hefði hugsanlega mátt velta því fyrir sér hvort ekki hefði átt að leggja þá ákveðið gjald á alla landsmenn til þess að standa undir þessum kostnaði og þessari uppbyggingu sem fram undan er.

En ég skil það þannig að ástæðan fyrir því hve mikið liggur á að afgreiða þetta frv. sé það að lögin verði gengin í gildi áður en næsta rukkun verður send út þannig að hluti af þessu gjaldi náist þá inn í haust.

Þetta mál er þannig vaxið að það er ekki hægt annað en styðja það. Það verður að ná í þessa peninga, en eins og ég segi hefði gjarnan mátt gefast meiri tími til að velta því fyrir sér hvort aðrar leiðir hefðu verið færari. En í þessu samhengi vil ég beina því til hæstv. forsrh. að við sem nú skipum stjórnarandstöðuna fáum að fylgjast með framgangi þessa máls og hvernig fyrirhugað er að verja þessu fjármagni og einnig að við fáum öll að taka þátt í umræðu um hvernig staðið verði að snjóflóðavörnum og skipulagi byggðar vegna þess hve brýnt mál það er og vegna þess hvernig það í rauninni snertir alla landsmenn. Þetta er mikið og stórt mál fyrir alla þjóðina.

Ég er áheyrnarfulltrúi í efh.- og viðskn. og við munum fara í gegnum þetta mál í kvöld, en að svo komnu máli sé ég ekki ástæðu til annars en lýsa yfir stuðningi við þetta mál.

[15:00]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir við frv. Ég tek undir með hv. þm. að það er eðlilegt til að tryggja þá samstöðu sem verið hefur með þjóðinni um þessi mál að talsmenn stjórnarandstöðunnar og fulltrúar þeirra fái möguleika á að fylgjast náið með framvindu málsins og skal leitast við að tryggja það.

Varðandi skattahugtakið þá vek ég athygli á því að stærstur hlutur þessarar fjármögnunar er þannig fundinn að menn taka fjármagn sem ella hefði farið í að byggja enn upp Viðlagasjóð, sem ég held að veiti ekki af að gera, gengur til þessa verkefnis núna sem um leið léttir skyldum af Viðlagasjóði vegna þess að gera má ráð fyrir ef hættumat er vísindalega grundað mat að þegar húsum er forðað af svæðum sem lúta hættumati þá minnki skylda Viðlagasjóðs sem því nemur, kannski ekki nákvæmlega í föstu hlutfalli en a.m.k. að nokkru leyti til. Ég tel því að segja megi að verulegur hluti þessarar fjárhæðar sé ekki skattur og hinn hlutinn sé tryggingaraukaiðgjald og ég held að Íslendingar séu þannig saman settir að þó við greiðum slíkt iðgjald til ofanflóðasjóðs og við sem eigum húseignir hér í Reykjavík eigum kannski ekki beint von á ofanflóði af þeim völdum, þá kynnum við sjálf, eins og hefur nýverið í umræðunni, að geta lent í því síðar meir að hér yrðu stórir atburðir á þessu svæði þá ætlumst við til þess að landar okkar annars staðar taki þátt í þeim vanda sem þá kæmi upp. Ég held að hér sé farinn millivegur. Menn eru að horfa til framtíðar. Menn eru að taka málefnalega á málum og ég vonast til þess og ég finn það reyndar á þeim umræðum sem hér hafa orðið nú að þingmenn ætla sér að taka þannig á málum.

[15:02]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Eins og hefur komið fram í umræðunni þá er það mál sem hér er til umfjöllunar fyrst og fremst flutt vegna þeirra hörmulegu atburða sem urðu á liðnum vetri og þeirra nýju viðhorfa til úrlausna í snjóflóðavörnum sem sprottið hafa fram á opinberan vettvang vegna þeirra atburða.

Ég vil hins vegar nota tækifærið við þessa umræðu til þess að vekja athygli á því að mér finnst við að ýmsu leyti vera á erfiðri braut þegar við erum að fylgja þeirri stefnu að grípa til sérstakra aðgerða vegna atburða. Ástæðan er að sú stofnun, Viðlagasjóður og Viðlagatrygging, sem sett hefur verið upp í landinu til þess að vera eins konar sameiginleg trygging okkar Íslendinga vegna náttúruhamfara, er of veikburða.

Meginástæðan fyrir því að ég nefni þetta sjónarmið er að sé fylgt þeirri aðferð sem hér er gert og hefur verið fylgt áður þá lendum við í þeim vanda að vera að vega og meta í hvert sinn hver sé stærðargráða vandans og taka þá kannski gildisbundna, svæðisbundna og tilfinningabundna afstöðu en vandamál sem eru kannski jafnerfið fyrir fjölskyldur, einstaklinga og byggðarlög eru látin liggja án þess að á þeim sé tekið af því að þau ná kannski ekki þeim samanburði sem önnur tilvik fela í sér.

Ég er þeirrar skoðunar, þó ég eigi erfitt með að sanna það, að í hugum flestra landsmanna sé það ætlunarverk Viðlagatryggingar og hliðstæðrar starfsemi að tryggja almenning, byggðarlög og heimili í landinu gagnvart náttúruhamförum af hvaða tagi sem er. Hér hafa verið nefnd eldgos, snjóflóð, en því miður er það einnig þannig að í sumum byggðarlögum hefur ágangur sjávar skapað mikið tjón og víða skortir á að sjóflóðavarnir við byggðarlög séu nægilega tryggar. Það eru ekki nema að mig minnir ein fimm ár síðan gífurleg flóð urðu í nágrenni höfuðborgarinnar á Suðurlandsundirlendi sem olli miklu tjóni í byggðarlögum eins og Stokkseyri, Eyrarbakka og Grindavík og mikill fjöldi einstaklinga beið við það tilfinnanlegt tjón á eignum sínum og það var mjög flókið og erfitt úrlausnarefni að greina á milli hvað skyldi bætt af hinum sameiginlega sjóði landsmanna, hvað skyldi bætt af tryggingafélögum og hvað viðkomandi einstaklingar

þyrftu að bera. Jafnframt stóð þá í nokkra daga umræða um mikilvægi þess að efla sjóflóðavarnir og þótt nokkurt átak væri gert í þeim efnum, þá er það því miður enn þá þannig að ýmis byggðarlög á Suðurlandsundirlendi og Reykjanesskaganum eru enn þá það vanbúin að vörnum í þessum efnum að með samspili vinda, veðra og háflæðis geta orðið þar mjög tilfinnanleg áföll. Þess vegna vil ég í tilefni frv. vekja athygli á því verkefni að efla Viðlagasjóð eða annan slíkan sameiginlegan sjóð með svo skýrum hætti að hann geti tekið á hvers kyns áföllum sem náttúruhamfarir leiða yfir þjóðina, hvort sem uppspretta þeirra er eldur, fannfergi eða hafið.

Það er því miður nokkuð erfitt að lenda hér í þinginu í þeim vanda að gera upp á milli byggðarlaga, einstaklinga og fjölskyldna og bæta sumt tjón og annað ekki og vera að ganga þá braut að efna til sértekjuöflunar í einstökum tilvikum. Mér finnst mikilvægt að *það komi fram við þessa umræðu en ég tók ekki eftir* því að það kæmi fram við ræðu hæstv. forsrh. en kannski getur það komið fram við meðferð nefndarinnar hverjar eru eignir Viðlagasjóðs um þessar mundir og hvaða áform eru uppi um aukningu þeirra á næstu árum miðað við að engin alvarleg áföll komi til.

Einnig held ég að það sé nauðsynlegt að af þessu *tilefni tjái stjórnvöld sig um það hvort þau eru reiðubúin* til víðtæks samstarfs um að breikka grundvöll verkefna sem þessi sameiginlegi sjóður okkar Íslendinga og trygging á að fjalla um.

Ég tók ekki heldur eftir því að það kæmi fram í framsöguræðu hvort ætlunin er að verja þessu fjármagni einnig til fyrirbyggjandi aðgerða í byggðarlögum sem á liðnum vetri urðu kannski ekki fyrir miklum áföllum en urðu fyrir mjög alvarlegum áföllum og mannskaða fyrir allnokkrum árum síðan. Ef við ætlum að ráðast í sameiginleg verkefni af þessu tagi, bæði á Vestfjörðum, Austfjörðum og einnig á syðri hluta landsins, eins og ég vék að áðan, þá er ljóst að sú sérstaka tekjuöflun, sú viðbótargjaldtaka sem í þessu frv. felst, mun á engan hátt duga til þess að standa straum af þeim verkefnum. Engu að síður held ég að bæði með flutningi þessa frv. og almennri umræðu sem farið hefur fram í landinu þá hafi verið skapaðar ákveðnar væntingar um aðgerðir á þessu sviði. Við þingmenn Reykjaneskjördæmis t.d., þó að ég ætli ekki að gera neinn efnissamanburð á erfiðleikum sem þar eru vegna ágangs hafsins og þeim miklu hörmungum sem urðu á Vestfjörðum, þá verðum við þingmenn Reykn. ærið oft þátttakendur í umræðum byggðarlaga á Suðurnesjum þar sem þó nokkurs ótta gætir að atburðir frá því fyrir nokkrum árum, sem ég vék að áðan, kunni að endurtaka sig á komandi árum. Og það er alveg ljóst að það eru þó nokkur byggðarlög á suðvesturhluta landsins sem eru í nokkurri hættu vegna þess möguleika að verulegt eignatjón og kannski mannskaði verði vegna þess að varnir gegn sjóflóðum, háflæði og ofviðri hafa ekki verið nægilega tryggðar. Ég tel þess vegna mikilvægt að umfjöllun um öll þessi mál sé með þeim hætti að menn skoði þau í heild sinni en lendi ekki í þeirri stöðu að þurfa að vega og meta í hvert sinn hvort farið er fram með málið á grundvelli sérstakrar tekjuöflunar. Mér finnst að við ættum að reyna að sameinast um þá almennu stefnu að sá sameiginlegi sjóður og það tryggingakerfi sem við byggjum upp vegna náttúruhamfara sé það öflugt að við getum sameiginlega tekið þátt í því að bæta byggðarlögum, fjölskyldum og einstaklingum það tjón sem þau verða fyrir án þess að þurfa að fara í sértækar aðgerðir af þessu tagi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál að þessu sinni, en vona að bæði við athugun nefndarinnar og eins við nánari skoðun þessa máls í sumar íhugi menn það að skapa nægilega víðtækan grundvöll svo að þegar í stað þegar tjón verður sé hægt að fullvissa íbúa og forsvarsmenn byggðarlaga og einstaklinga og fjölskyldur um að ekki þurfi að hafa áhyggjur af fjármálum vegna þeirra atburða sem orðið hafa. Það er nægileg byrði fyrir fólk að bera þau áföll sem verða vegna atburðanna sjálfra þó að einstaklingar og fjölskyldur þurfi ekki að búa *mánuðum* og jafnvel árum saman við þá óvissu sem skapast af götum eða togstreitu í tryggingakerfi landsmanna um það hver eigi að greiða hvað.

Ég hef t.d. á undanförnum árum oft átt samræður við einstakling sem býr og hefur búið á undanförnum árum á Suðurnesjum en lenti í snjóflóðum á Patreksfirði *fyrir mörgum áratugum síðan* og varð fórnarlamb kerfistogstreitu í landinu þar sem opinber yfirvöld, tryggingafélög og aðrir hentu á milli sín boltanum um það hver ætti að greiða hvað. Sú togstreita varð til þess að viðkomandi einstaklingur og fjölskylda hans flosnaði upp og hefur satt að segja aldrei náð sér eftir þá erfiðu lífsreynslu sem varð árin á eftir. Þess vegna hefur *mér orðið enn frekar hugleikið á síðari árum að við* þyrftum að ganga frá þessu kerfi á þann veg að slíkt komi ekki upp og setja Viðlagatryggingu eða öðrum slíkum aðila þannig starfsreglur og skapa nægilegt fjármagn svo að hægt sé að taka fyrir hvert og eitt tilvik um leið og það á sér stað.

[15:14]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að aðeins hafi gætt annars tóns í ræðu hv. þm. heldur en nokkurra annarra þingmanna hér þá var þó tónninn betri heldur en búast mátti við miðað við aðdraganda umræðunnar þar sem engu var líkara en hv. þm. teldi að hægt væri að ganga algerlega í Viðlagasjóð og þar væru nægar eignir og ekki þyrfti neitt að grípa til annarra aðgerða.

Það sem við þurfum að horfast í augu við sem stjórnvöld í landinu sameiginlega að við berum ábyrgð, ekki persónulega heldur sem stjórnvöld. Vegna þess að fjöldi íbúðareigenda, íbúa á tilteknum svæðum, byggði hús sín í góðri trú um að þau hús væru samkvæmt því mati sem þá lá fyrir ekki á hættusvæðum. Ég er ekki að tala um neina sök í þeim efnum en nú liggur fyrir nýtt mat, ný þekking miðað við nýja, erfiða og harða reynslu um það að það sem áður var talið öruggt er ekki jafnöruggt og fyrr. Fólk sem byggði í góðri trú með leiðbeiningum eða samþykki yfirvalda er skyndilega komið með húseignir á stöðum sem nú eru innan hættusvæða og húseignir verða því í einu vetfangi

verðlausar eða verðlitlar. Við erum að bregðast við þessu. Við erum að bregðast við sameiginlegri ábyrgð stjórnvaldanna okkar. Þó við berum ekki persónulega sök höfðu stjórnvöldin miðað við þá þekkingu sem þá var nærtækust gefið þessu fólki vottorð um það að þar væri því óhætt að byggja. Við erum sem framhandleggur þessara fyrri stjórnvalda að bregðast við, að rétta hlut og sem betur fer virðist vera og ég vona að hv. þm. ætli ekki að skerast úr leik í þeim efnum, góð sátt um það í þinginu að það beri að bregðast við, að stjórnvöldum, okkur, beri að bregðast við og leiðrétta það sem hér hefur kannski staðið tæpt.

[15:16]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leiða hjá mér orðalag hæstv. forsrh. um að einhverjar líkur séu á því að ég ætli að skerast úr leik einhverrar samstöðu um að taka á vanda þess fólks sem varð fyrir miklum þjáningum og erfiðleikum á liðnum vetri. Sumt af því fólki hefur nú staðið það nærri mér, hæstv. forsrh., að það er satt að segja ekki við hæfi að fara að ýja að því hér úr ræðustól.

Hins vegar tel ég fyllilegt tilefni til þess þegar þetta mál kemur til umfjöllunar að vekja athygli á því að hér er nú eins og áður gengin sú braut að efna til sérstakrar gjaldtöku í tilefni af einstökum atburðum. Vandamálið er því miður víðtækara. Það eru ekki aðeins þeir sem byggt hafa á svæðum þar sem nú er talin snjóflóðahætta þótt ekki væri talin áður heldur hefur komið í ljós á ýmsum öðrum svæðum að íslensk náttúruöfl eru svo grimm að þau geta skapað þar tjón með nánast engum fyrirvara þótt þar hafi líka verið byggt á grundvelli mats um það að ekki væri talin nein hætta. Við sem erum fulltrúar fyrir byggðarlög þar sem þetta hefur gerst höfum tekið þátt í viðræðum við einstaklinga og fjölskyldur þar sem þessir misbrestir í kerfi okkar milli opinberrar ábyrgðar, ábyrgðar tryggingarfélaga og ábyrgðar viðkomandi einstaklinga eru því miður ekki skýr. Ég tel nauðsynlegt að lýsa hér því almenna sjónarmiði mínu að það beri að stefna að því að leggja heilsteyptan grundvöll að sameiginlegri tryggingu okkar landsmanna í þessum efnum án þess að það þurfi að vega og meta hvert einstakt tilvik út af fyrir sig eins og þingið er að gera nú og hefur gert nokkrum sinnum á undanförnum áratugum.

[15:19]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki ætlað mér sérstaklega að taka til máls vegna þessa frv. sem hér er flutt og ég er efnislega samþykkur. Það eru viss atriði í sambandi við umræðuna sem hér hefur farið fram sem fékk mig til þess að biðja um orðið.

Ég ræddi þessi mál allítarlega þegar til umræðu var á síðasta þingi frv. til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 339. mál síðasta þings, og get vísað til þess sem þá kom fram af minni hálfu varðandi efni þess frv. og það viðfangsefni sem hér er einnig verið að fást við með því að tryggja tekjuöflun til Viðlagatryggingar Íslands (**Gripið fram í:** Og til ofanflóðasjóðs.) og til ofanflóðasjóðs vegna þeirra atburða sem orðið hafa og sem geta orðið í sambandi við snjóflóð.

Það kom m.a. fram í máli hv. 4. þm. Vestf. Sighvats Björgvinssonar að aðstæður væru þannig á þeim svæðum á landinu þar sem talin var snjóflóðahætta á síðasta vetri að mjög brýnt væri fyrir einstaklinga og fjölskyldur að fá sem skýrust svör varðandi stöðu sína og möguleika á að fá keyptar húseignir þannig að hægt væri að ganga frá málum á þessum mánuðum sem nú eru fram undan og hv. þm. nefndi framkvæmdatíma. Ég skil út af fyrir sig mjög vel að þær aðstæður eru uppi sem knýja á um að svör séu veitt eins fljótt og verða má af hálfu stjórnvalda varðandi sem flesta þætti þess vanda sem hér blasir við.

Ég vil hins vegar vísa til umræðna sem fóru fram um frv. um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum á síðasta þingi þar sem lögfest voru ákvæði sem heimila að keyptar séu fasteignir og um það gildi 4. tölul. 11. gr. laganna svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki. Kostnaður við kaup á löndum, lóðum og húseignum auk kostnaðar við flutning þeirra vegna varna telst með framkvæmdakostnaði."

Þetta er lagastoðin sem þarna er og vísað er til í sambandi við kaup á húseignum og þetta er efnislega hliðstætt því sem var í frv. þó að smávægileg orðalagsbreyting hafi verið gerð í meðförum þingsins á ákvæðinu. Í nefndaráliti félmn. vegna þessa máls var að finna hugleiðingar um það hvaða reglum bæri að fylgja í sambandi við það atriði að húseignir væru keyptar fremur en reist yrðu varnarvirki og það er að finna í nefndaráliti á þskj. 792 frá síðasta þingi varðandi 339. mál. Af því tilefni voru ábendingar af minni hálfu og fleiri sem blönduðu sér í umræðuna um að brýnt væri að gera þessar reglur sem skýrastar og setja sem ljósust ákvæði hvernig vinna skuli að þessu leyti að málum og í því sambandi kom fram af hálfu páv. hæstv. félmrh. að hann hefði skilning á þörfinni og unnið yrði að því að setja reglur á grundvelli heimildarákvæða um reglugerðir á grundvelli laganna.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fara að ræða þessar reglur eins og þeim var lýst í nefndaráliti félmn. en aðeins inna hæstv. forsrh., sem mælir fyrir því máli sem hér er rætt og fylgist vafalaust mjög grannt með málum þó að þau heyri að formi til undir hæstv. félmrh., hvað líði setningu reglna, fyllri reglna eða ákvæða en er að finna í gildandi lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, m.a. að því er varðar þetta vandasama efni.

Ég vil líka nefna það að þó að ég hafi fullan skilning á þörfinni að veita skjót svör þá fæ ég ekki séð það sé almennt svo auðvelt að gera það með mjög skjótum hætti þar sem sveitarstjórnunum er ætlað að móta stefnu sem varðar skipulag þeirra byggða sem í hlut eiga, viðkomandi byggðar í hlutaðeigandi sveitarfélagi og jafnhliða hlýtur að þurfa að taka mið af hættumati sem sumpart er til endurskoðunar og ekki fullfrágengið. Ég átta mig því tæpast á því að það sé auðvelt verk

hér og nú á þessum vikum og mánuðum fyrir stjórnvöld að veita svör í samráði við sveitarstjórnir. Kannski væri réttara að orða það svo að það væri vandasamt verk fyrir sveitarstjórnir að veita sínum umbjóðendum, sínu fólki, sem í hlut kann að eiga, skýr og ákveðin svör þannig að hægt sé að taka þær ákvarðanir sem um er að ræða.

Á þetta vil ég benda og tengja það því að það er auðvitað nauðsynlegt að menn átti sig á því að hve miklu leyti menn ætla að leggja áherslu á varnarvirki gegn snjóflóðum til að verja húseignir og fasteignir, einnig atvinnuhúsnæði og að hve miklu leyti menn ætla að velja hina leiðina að kaupa upp fasteignir á svæðum sem að vel athuguðu máli eru metin sem hættusvæði. Ég óttast dálítið þá undiröldu, sem er í umræðu um þessi mál, þó að ég skilji hana vel, um að það sé tæpast önnur leið raunhæf en að kaupa eignirnar upp og að fólkið flytji og e.t.v. vinnustaðirnir einnig. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að vanda ákvarðanir að þessu leyti. Auðvitað eru þær fjárhagslegs eðlis. Auðvitað varða þær áhættumat en auðvitað eru þær einnig huglægar og það er kannski sá þátturinn sem erfiðastur er viðfangs. Mér finnst að við Íslendingar, sem búum við hættu, margvíslega hættu eins og fram hefur komið í þessum umræðum vegna hugsanlegra náttúruhamfara, eigum að gæta okkar þegar við erum að leggja mat á það og reynum að átta okkur á því hvaða viðbrögð séu skynsamlegust og tiltæk í hverju tilviki. Ég er þeirrar skoðunar að í sumum tilvikum kunni að mega ná viðunandi öryggi með varnarvirkjum á meðan í öðrum tilvikum sé skynsamlegt að horfast í augu við vandann og að hugsanlega sé ekki hægt að koma við varnarvirkjum sem tryggi viðunandi öryggi og þá verði að leggja af viðkomandi byggð og flytja hana til með einhverjum hætti.

Þetta er kannski aðalatriðið sem ég vildi koma hér að, að ég vil hvetja til skilmerkilegrar vinnu og efast ekkert um að hún er í gangi að þessu leyti. En ég vil jafnframt vara við því að það séu skapaðar of sterkar væntingar varðandi þann stóra og mikla vanda sem ýmsar byggðir á landinu búa við vegna hættu á snjóflóðum og þar fari menn ekki lengra í orði og yfirlýsingum heldur en raunsætt getur talist miðað við alla þætti máls. Það mat sem fram fer tekur tíma og þær ákvarðanir sem sveitarstjórnir þurfa að taka varðandi sitt skipulag taka einnig sinn tíma sem og það að tryggja fjármagn til ofanflóðasjóðs, eins og hér er stefnt að með því máli sem hér er til umræðu og ég tek heils hugar undir að er þarft mál og brýnt.

[15:31]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Hæstv. forseti. Ég vildi leyfa mér að þakka hv. þm. undirtektir við málið, sem er í samræmi við fyrri umræður um það. Ég hef þegar svarað í stuttum andsvörum ýmsum atriðum. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem hér talaði síðastur vakti athygli á því hversu vandmeðfarið málið er og margslungið. Það á auðvitað rót að rekja til atburða sem snertir þjóðina mjög djúpt og það sveitarfélag sem lenti í hremmingunum og ýtti umræðunni af stað lendir í því að vera sundurtætt sveitarfélag. Miðjan á sveitarfélaginu er eiginlega hrunin eða horfin og þar með er sveitarfélagið orðið sundurlaust og á ekki framtíð jafnvel óháð hinni dimmu fortíð sl. árs á þeim stað. Jafnvel þó að hættumat mundi leiða til þess að einhver slíkra húsa gætu staðið ein og sér, sem ég hygg reyndar að hættumat mundi ekki leiða til, en jafnvel þó svo færi, þá hlytu menn að sætta sig við það eða samþykkja að uppbygging fyrir þetta byggðarlag yrði að eiga sér stað á einum stað og í nokkru öryggi. Ég held að það séu út af fyrir sig allir sammála því að öðruvísi er ekki hægt að taka á málum varðandi þetta sveitarfélag. Þetta sveitarfélag lendir þá í því að það þarf að byggja upp undrafljótt á nýjum stað sem ekki hefur gengið undir hættumat vegna þess að þar hafði enginn gert ráð fyrir því að yrði byggt með þeim hætti. Það hættumat þarf síðan að liggja fyrir.

En alveg eins og hv. þm. sagði þá er þetta mál ekkert auðgert eða auðleyst og þó að erfitt sé að ræða það án þess að tilfinningar liðinna atburða hræri hugsunina þá engu að síður verða menn að fjalla um það af hæfilegri, ég vil nú ekki segja kulda, mig vantar rétta orðalagið fyrir það efni, (Gripið fram í.) hæfilegri yfirvegun varðandi það efni sem um önnur atriði.

Nú vill þannig til að innan sveitarfélags til að mynda eins og á Hnífsdal liggur fyrir að út af sameiningu sem þar hefur átt sér stað, geta menn flutt til á svæði sem menn þekkja og örugg eru innan sveitarfélagsins ef fyrir liggja fjármunir og reglur að öðru leyti.

En rétt eins og hv. þm. nefndi þá er tryggt í lögunum, og reyndar með þeim breytingum sem á þeim voru gerðar á síðasta þingi, að hlutverk sveitarfélagsins er í fyrirrúmi og ábyrgð sveitarfélagsins er í fyrirrúmi. Vegna þess að þar segir að sveitarstjórn sé heimilt að gera tillögu um það að menn fari ekki í varnarvirki eða almennar varnir heldur byggi upp húsnæði eða kaupi húsnæði annars staðar og þeirri tillögu sveitarstjórnar, ef á hana verður fallist, fylgir kostnaður vegna þess að ofanflóðasjóður mun aldrei greiða nema sem nemur 90% af þeim kostnaði og sveitarstjórnin hlýtur að lenda í kostnaði vegna almennra mannvirkja og hugsanlegrar þátttöku í þeim flutningi.

Varðandi þær reglur sem hv. þm. nefndi þá er það alveg rétt að þrjú ráðuneyti, félmrn., umhvrn. og dómsmrn., hafa undirbúið vinnu og reyndar var sú vinna farin af stað í tíð síðustu ríkisstjórnar en hefur haldið áfram, um samningu reglna og reglugerðar um framkvæmd þessara ákvæða og þar gera menn mun og *ég vænti þess að það standist lögfræðilega, menn gera* mun á því varðandi greiðslur, eða hugmyndin er sú a.m.k., hvort húsnæði sem keypt er sé endurbyggt innan sveitarfélags eða hvort menn hyggist flytja algerlega á brott. Þetta er vandmeðfarið lögfræðilegt álitaefni. En hugmyndin er sú að þarna sé forsvaranlegt að gera á nokkurn mun. Annars vegar geta menn þá litið til þess að mannvirki yrði keypt á fasteignamatsverði og hins vegar á brunabótamatsverði og þar með ýtt undir það að þessar reglur knýi ekki á um byggðaflótta, heldur þvert á móti til byggðauppbyggingar á óruggari svæðum. En það er hárrétt hjá hv. þm. að þess-

ar reglur eru vandmeðfarnar. Væntingarnar sem kannski hafa verið byggðar upp, vegna þess að menn hafa verið að bregðast við heilmiklum ótta og angri, skiljanlegum ótta og skiljanlegu angri fólks eftir erfiðan vetur, það kann að vera erfitt að uppfylla þær væntingar. En ég tel þó að þingið, með því að gera frv. að lögum, sé að bregðast með raunhæfum hætti við stöðunni. Þingið sé að kynna raunhæf úrlausnarefni við vandamálum. Það sé ekki aðeins verið með vangaveltur, hugmyndir, velviljað orðalag o.s.frv. heldur séu lagðir til hliðar verulegir fjármunir, kannski ekki nægir en verulegir fjármunir og þá sér fólkið í byggðarlögunum sem hefur mátt búa við þennan vanda, að þinginu er full alvara. Ég held að það hefði verið algerlega í ósamræmi við okkar sameiginlegu viðbrögð við þeim atburðum sem urðu, ef við hefðum ekki brugðist við með þessum hætti, eins og þingið vonandi og ég skil þingið þannig, mun bregðast við nú.

Ég endurtek að ég færi þingmönnum þakkir fyrir þær undirtektir og þær málefnalegu umræður sem hafa orðið um þetta mál hér á þessum þingfundi nú.

[15:38]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þau svör sem fram komu í máli hæstv. forsrh. Ég sé ekki að það sé neinn ágreiningur uppi í sambandi við efni máls. Ég vil aðeins taka það fram að athugasemdir og ábendingar í ræðu minni áðan vörðuðu málin almennt, út frá almennu sjónarhorni, ekki eitt tiltekið byggðarlag. Byggðarlögin eru mörg sem í þessum vanda standa. Ég þekki til í nokkrum þeirra sem um er að ræða, þar á meðal í minni heimabyggð, og þar er þessi vandi til staðar og hefur reyndar verið um langan tíma og verið ljós. Eitt af stóru málunum í þessum efnum er auðvitað að tryggja framtíðina með skynsamlegum skipulagsákvörðunum að því er varðar framhald byggðar, nýrrar byggðar. Það er einn þáttur þessa máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

## *Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 3. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 3, nál. 47, 50 og 63, brtt. 48.

[15:43]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér eru til umræðu þau þrjú áfengisfrv. sem liggja nú fyrir þinginu, þ.e. breyting á áfengislögum, sem hefur verið til meðferðar í allshn. og svo þau tvö frumvörp sem hv. efh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar, þ.e. annars vegar um sölu á áfengi og hins vegar um gjald af áfengi.

Það eru liðnir allnokkrir dagar síðan þessi mál komu síðast til umræðu hér á Alþingi og það er alveg ljóst og vita allir sem hér eru inni, að um þessi mál er engin samstaða og finnst mörgum að það sé óþarfi að vera láta þessi mál tefja þingstörf. En það má öllum ljóst vera að um þau verður veruleg umræða á næstu dögum. Ég vil hefja þessa umræðu á því að skora á stjórnarflokkana að láta þessi mál bíða haustsins og sjá hverju fram vindur hjá eftirlitsstofnun EFTA. Ég fæ ekki séð hvað það væri verra fyrir okkur að fá einfaldlega dóm eftirlitsstofnunarinnar og dómstólsins og fá endanlega niðurstöðu í það hvernig sú stofnun telur að áfengismálum skuli vera háttað á hinu Evrópska efnahagssvæði, hvað er leyfilegt og hvað ekki. Því eitt mikilvægasta atriði þessa máls er það að þegar verið var að fjalla um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið þá var því haldið fram að það þyrfti ekki að gera hér breytingar varðandi verslun með áfengi en annað hefur komið í ljós. Ég held að það væri réttara að við fengjum einfaldlega niðurstöðu varðandi smásöluna. Stenst smásölufyrirkomulagið, eins og því hefur verið fyrir komið, samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða eigum við von á því að fá breytingar á því líka. Ef svo er þá þurfum við að taka upp þá opinberu áfengisstefnu sem hér hefur verið við lýði. Það hlýtur að vera ljóst. Það kallar auðvitað á mikla endurskipulagningu, bæði á öllum forvörnum og eftirliti og meðferð löggjafans á áfengismálum. Þannig að mín skoðun er sú að það hefði einfaldlega verið rétt og ég veit að það eru margir hér innan dyra sem eru þeirrar skoðunar að við eigum bara að láta þessi mál bíða og fá álit dómstólsins.

En þessi mál tengjast öðrum stefnumálum ríkisstjórnarinnar og reyndar fyrri ríkisstjórnar líka sem eru einkavæðingaráformin. Nú getum við deilt um það hvort verslun og viðskipti með áfengi eigi að lúta öðrum lögmálum heldur en verslun með aðrar vörur, en við byggjum hér einfaldlega á sögulegum arfi og mikilli hreyfingu, bindindishreyfingunni, sem var mjög sterk hér upp úr síðustu aldamótum og teygði arma sína vítt út um þjóðfélagið. Sú hreyfing kom því til leiðar á sínum tíma að allur innflutningur og sala á áfengi var bannað eins og ég nefndi við 1. umr. um þessi mál. Síðan urðu ýmsar ytri aðstæður til þess að slakað var á því banni, enda var það mjög umdeilt. Ég hef lýst því sem minni skoðun að ég held að slík innflutningsbönn séu einskisnýt og ýti bara undir brugg og smygl eins og reyndin varð. Reyndar þekkjum við það frá Bandaríkjunum, hve áfengisbannið sem þar var ýtti gríðarlega undir glæpastarfsemi. En við byggjum samt sem áður á þessum arfi og það var undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar og reyndar eftir stofnun fyrstu íslensku ríkisstjórnarinnar sem ákveðið var að fyrst tóbak skyldi háð einkaleyfum, þ.e. innflutningur á tóbaki skyldi háður einkaleyfum, og 1922 var Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stofnuð. Þannig að við erum hér að tala um mjög gamalt fyrirkomulag og við erum hér að tala um varning sem tengist mjög lifnaðarháttum Íslendinga og leiðum þeirra til þess að skemmta sér eða drekkja sorgum sínum eða hvernig sem við viljum nú orða það og máli sem er nátengt ákveðnum hugmyndum um lífið og tilveruna.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að sú leið sem við ættum að fara hér á landi til þess að draga úr neyslu áfengis sé annars vegar forvarnastarf en hins vegar það að reyna að breyta drykkjumunstri Íslendinga, reyna að beina neyslunni meira yfir í léttvín og þá ekki síst með verðlagningu. Þetta var aðeins reynt á tímabili en eftir því sem ég fæ best séð þá hefur lítið borið á slíkri stefnu á undanförnum árum og léttvín er hér óhóflega dýrt. Það er óhóflega dýrt ef maður hugsar verðlagninguna út frá því sjónarmiði að reyna að breyta munstrinu.

Eins og ég var að koma hér inn á þá tengjast þessi frv., sem ættuð eru úr húsum hæstv. fjmrh., hugmyndum Sjálfstfl. fyrst og fremst um einkavæðingu. Alþfl. sætti sig við þá stefnu á síðasta kjörtímabili, reyndar voru ýmis áform þar afar umdeild, og nú fæ ég ekki betur séð en að Framsfl. sé að gleypa þau áform líka. Nú vil ég taka það skýrt fram eins og ég hef reyndar gert oft áður að það þarf auðvitað að skilgreina hvert er hlutverk ríkisvaldsins og í hvers konar ríkisrekstri það eigi að vera, hvers konar rekstri á fyrirtækjum. Við getum spurt okkur þeirrar spurningar hvort það sé yfir höfuð eðlilegt að ríkið stjórni innflutningi á áfengi. En við höfum valið þessa leið m.a. til þess að geta fylgst með innflutningi, til þess að geta stýrt verðlaginu og til þess að reyna að koma í veg fyrir óhóflega neyslu. Og það ber öllum saman um það að eins og rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hefur verið háttað þá hafi verið gætt þar fyllstu hagkvæmni í innkaupum og rekstri og að þar sé um afar vel rekið ríkisfyrirtæki að ræða.

Þess vegna finnst mér ein meginspurningin varðandi þetta mál vera sú: Er ástæða til að breyta þessu fyrirkomulagi? Hefði verið hægt að fara aðra leið en valin er í þessum frv.? Hvað er það sem aðrar þjóðir við svipaðar kringumstæður, t.d. Norðmenn, Svíar og Finnar, hafa gert? Við höfum reyndar fengið upplýsingar um það bæði frá Svíþjóð og Noregi hvað þar hefur gerst. En mér finnst ég ekki hafa fengið svar við því þrátt fyrir þá umfjöllun sem verið hefur um þessi mál í hv. efh.- og viðskn., hvort það hefði verið möguleiki að fara aðra leið, þ.e. að breyta lögunum og sjá til þess að innflutningurinn væri áfram í höndum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Því hefur verið haldið fram að það hefði mátt ganga skemmra, en við þessu hefur einfaldlega ekki fengist svar.

Það sem verið er að gera með þessum breytingum er að það er verið að koma á frjálsum innflutningi og frjálsri samkeppni í innflutningi á áfengi. ef við gefum okkur að það sé ekki hægt að ganga skemmra, sem er vissulega umdeilt, þá er stóra spurningin sem við stöndum frammi fyrir: Hvaða áhrif hefur það að gefa innflutninginn frjálsan? Það er ákaflega umdeilt. Ég held að í sjálfu sér þá þurfi sú breyting ekki að fela í sér breytingar á því ástandi sem hér ríkir og sem margir telja reyndar að sé afar slæmt. Þá er ég að tala um forvarnir, um eftirlit og um sölu og það hvaða áhrif mjög hátt verð á áfengi hér á landi hafi á smygl og brugg, að það að gefa innflutninginn frjálsan þarf í sjálfu sér ekki að hafa nein áhrif ef rétt er að málum staðið. En það sem hefur verið bent á í þessu samhengi, þeir aðilar sem láta sig þessi mál varða, er í fyrsta lagi að með því að gefa innflutninginn frjálsan þá er verið að ýta undir það að innflytjendur grípi til ráða til að koma sinni vöru á framfæri. Það er ekki nema eðlilegt. Þannig er verið að ýta undir kynningar og auglýsingar, innan leyfilegra marka að sjálfsögðu, en jafnframt gerist það að ef eftirlitsþátturinn verður ekki því sterkari þá kann það að gerast að þessi breyttu viðskipti með áfengi hafi það í för með sér að menn eigi auðveldara með að komast fram hjá lögunum. Það er reyndar eitt af því sem hefur mikið verið rætt í þessari umræðu og við meðferð í nefndum, hvort hægt sé að koma því við að merkja vínflöskur á einhvern hátt þannig að það sé ljóst hvað er leyfilegt og hvað er ekki leyfilegt. En það er með það eins og annað að ef menn hafa vilja til þess að fara fram hjá þeim reglum þá er það auðvelt. Þegar vínið er komið á veitingastaðina þá er hægt að blanda það með vatni eða setja landa á flöskurnar. Það er svo sem allt hægt.

En meginspurningin er hvort þessi breyting hefur það í för með sér að aðgangur t.d. unglinga að áfengi verði auðveldari og þá verðum við hreinlega að gefa okkur það að það er ekki meiningin með þessum breytingum að hér verði einhver breyting á ástandi heldur er það þá skylda okkar að grípa til nauðsynlegra aðgerða til þess að koma í veg fyrir að þessi breyting verði á einhvern hátt til þess að auðvelda aðgang barna og unglinga að áfengi, sem er sá hópur sem okkur ber að hugsa um fyrst og fremst og að efla forvarnir.

Eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið þá hafa bæði Svíar og Norðmenn gripið til þess ráðs að stórauka eftirlitið, að koma upp sérstökum eftirlitsstofnunum sem eiga að fylgjast með gangi mála. Svíar fara þá leið, sem reyndar er farin í þessum frv., að taka nokkuð hátt gjald fyrir leyfin til innflutnings á áfengi og að menn þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að mega flytja inn. Þessar upplýsingar frá Norðurlöndunum hafa haft þau áhrif hér að það hefur aðeins verið tekið á þessum málum í brtt. meiri hlutans.

Norðmenn fara þá leið að gefa innflutning frjálsan, en jafnframt að skipta sínu einkafyrirtæki upp í þrjár deildir eða þrjú aðskilin fyrirtæki, þ.e. framleiðslu á áfengi, heildsölu og svo smásöluverslun. Þessi skref er svo sem verið að stíga hér líka.

En það sem er enn ein stórspurningin sem snýr að þessum málum er auðvitað að ef við ekki fáum niðurstöður dómstólsins um það hvernig þessum málum skuli vera háttað er þá nokkuð annað að gerast hér en það að hér er verið að stíga annað skrefið í átt til algerrar einkavæðingar á innflutningi og sölu á áfengi? Fyrsta skrefið var að selja framleiðsludeild ÁTVR, annað skrefið er núna það að einkavæða innflutninginn og verður ekki næsta skrefið að smásalan verði tekin fyrir? Verður það ekki næsta skrefið? Ég get ekki svarað því á þessari stundu hvort það er eitthvað sem við hreinlega ráðum við. Ráðum við við það að halda smásölunni í því formi sem hér hefur verið við lýði eða ganga tilskipanir Evrópusambandsins hreinlega í þá

átt og niðurstaða dómstólsins að því formi verði að breyta líka? Það verður ekki annað séð á því plaggi sem kom frá eftirlitsstofnuninni en að það eigi í framhaldinu að skoða það eða eins og kemur fram í nál. hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur við málið um breytingu á áfengislögunum, að hún vitnar þar í þetta plagg frá eftirlitsstofnuninni, en þar er skýrt tekið fram að þó þetta mat, þ.e. mat eftirlitsstofnunarinnar, fjalli eingöngu um heildsölu og innflutning á áfengi sé ekki þar með sagt að skipan smásöluverslunarinnar hér á landi sé í lagi. Þetta kemur fram í áliti eftirlitsstofnunarinnar og í rauninni erum við bara komin að því að ræða það hver áfengisstefnan eigi að vera hér á landi. Hvaða form viljum við hafa á þeim málum? Eins og ég nefndi hér áðan, ef það er meiningin að með áfengi skuli farið eins og hverja aðra vöru þá verðum við að bregðast við því og taka á öllum þeim hliðarverkunum sem það hefur og efla þar með forvarnir og eftirlit.

Ég vil minna á það í þessu samhengi að þeir sem komu á fund efh.- og viðskn. höfðu ýmsar athugasemdir fram að færa. Það eru margar hliðar á þessu máli og ein þeirra er sú sem snýr að starfsmönnum ÁTVR. Það má nokkuð ljóst vera að verði af þessari einkavæðingu eða þessum breytingum á heildsölunni þá þýðir það breytingar á starfsemi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Starfsmennirnir hafa bent á að þetta geti þýtt allt upp í 15 manna fækkun á starfsliði og ég hlýt í því samhengi að nefna það enn einu sinni að það hafa verið miklar deilur um þá einkavæðingu sem átt hefur sér stað á ríkisfyrirtækjum og þar standa yfir málaferli. Þar er engin niðurstaða komin varðandi réttindi starfsmanna. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., sem er yfirmaður Áfengis- og tóbaksverslunarinnar: Hvernig sér hann þessar breytingar fyrir sér? Hvaða áhrif telur hann að þessar breytingar muni hafa á starfsemi ÁTVR? Sér hann það fyrir sér, sem starfsmennirnir hafa haldið fram, að starfsmönnum muni fækka? Nú er meiningin samkvæmt þessum tillögum sem hér liggja fyrir að breyta allverulega skipulagi Áfengis- og tóbaksverslunarinnar. Það á að skipta fyrirtækinu upp í heildsölu og smásölu og ég vil taka það fram að ég er því fylgjandi. Ég tel að það sé rétt að gera það, ekki síst í ljósi þessara breytinga og hugsanlega ef það gæti orðið til þess að koma í veg fyrir frekari skref í þá átt að smásala verði tekin fyrir og okkur gert að breyta henni þannig að það megi selja áfengi hvar sem er. Ég vil taka það fram að ég er á móti slíkri breytingu vegna þess að ég verð að viðurkenna það eins og fleiri þingmenn sem hafa búið erlendis, að ég veit að það leiðir til aukinnar neyslu á áfengi. Það er bara staðreynd. Þannig að ef okkar stefna er sú að draga sem mest úr áfengisneyslu þá er ein leiðin sú að reyna að gera fólki heldur erfiðara fyrir að nálgast vín. En sjálfsagt kemur það ekki í veg fyrir það að þeir sem ætla að fá sér í glas gera það. Ég kannast við það frá þeim tíma þegar ég bjó í Danmörku að það er ákaflega mikil freisting þegar maður fer að kaupa í matinn og gengur fram hjá rauðvínshillunum að taka eina flösku með.

Nú hristir klerkurinn sem hér á sæti höfuðið og hugsar til sálmaskáldsins sem orti: „Við freistingum gæt þín." En það er oft erfitt að standast freistingarnar og það getur komið að falli. Það er aftur annað mál.

Það sem ég er að reyna að segja með þessum hugleiðingum mínum er það að mér finnst við í rauninni standa frammi fyrir því að skoða það og ræða í mikilli alvöru hver stefnan eigi að vera í áfengismálum. Því þó ég segi að ég vilji ekki gera breytingar á því smásölufyrirkomulagi sem hér er þá verð ég jafnframt að viðurkenna að mér er óskaplega illa við að vera að hafa vit fyrir fólki. Fólk á að hafa vit fyrir sér sjálft og ráða sínum gjörðum. Hins vegar er það annað mál að þegar það snertir heilsu fólks og heilsu annarra, framkomu við annað fólk og félagsleg vandamál, þá ber okkur skylda til að taka á þeim málum. Við vitum að við erum hér að ræða um efni sem hefur í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir heilsu fólks, sem hefur áhrif á sálarástand einstaklinganna, sem leiðir af sér ofbeldi og kostar þjóðfélagið gríðarlegt fjármagn. Þannig er ákveðinn tvískinnungur í þessu. Annars vegar erum við, ríkið, að flytja inn áfengi sem við vitum að er heilsuspillandi, þó því fylgi nú oft á tíðum líka nokkur gleðiauki, og ríkið leggur mikinn skatt á þessa vöru, en verður jafnframt að verja miklu fjármagni til þess að taka á afleiðingum þessa innflutnings.

Við öfluðum okkur upplýsinga um það í efh.- og viðskn. hversu miklir peningar færu hér í forvarnir og meðferð á áfengissjúklingum. Það kemur fram í minnisblaði sem við fengum frá heilbrrn. að það er hvorki meira né minna en tæplega hálfur milljarður kr. sem fer í áfengisvarnir sérstaklega. Þetta er engin smáupphæð, en ef ég man rétt þá eru tekjurnar af Áfengis- og tóbaksversluninni margir milljarðar. Þar er reyndar tóbakið inni í, sem að mínum dómi er mikið verra mál og algert skaðræði.

Það hafa komið fram ákaflega athyglisverðar upplýsingar um það að á meðan dregið hefur verulega úr áfengisneyslu í ýmsum löndum Evrópu, m.a. löndum Evrópusambandsins, þá hefur áfengisneysla aukist bæði hér á Íslandi og eins í Finnlandi. Það hefur orðið veruleg aukning á neyslu áfengis. Og það er stór spurning hvernig á þessu stendur. Hvað er það sem veldur? Eru það forvarnirnar eða er það menntun fólksins sem hefur brugðist eða erum við t.d. að horfa þarna á afleiðingar atvinnuleysisins sem hér hefur herjað nú um nokkurra ára skeið? Er verið að halda áfengi beint og óbeint að fólki hér eða hvað er það sem veldur? Mér fyndist ástæða til þess fyrir hv. heilbrrh., sem er ekki viðstaddur þessa umræðu, að kanna þessi mál rækilega, hvernig á þessu stendur. Í því samhengi vil ég minna á að nú um helgina bárust þau tíðindi að landlæknir varaði við þessum breytingum, hann teldi að hér gæti verið um breytingar að ræða sem hefðu aukna áfengisneyslu í för með sér og það er, eins og ég hef áður nefnt, sú stóra spurning sem við stöndum frammi fyrir. Hvaða afleiðingar hafa þessar breytingar og hvernig getum við brugðist við fyrir fram til að koma í veg fyrir að þær verði alvarlegar?

Ég vil aðeins víkja að þeim brtt. sem liggja hér fyrir og ganga sem betur fer flestallar í þá átt að reyna að

ýta undir forvarnir og eftirlit. Þar er verið að bregðast við þeim athugasemdum sem fram hafa komið við þessi frv. Þar er fyrst að nefna þær brtt. sem koma frá allshn. og snúa að því að herða reglur um innflytjendur eða réttara sagt að gera kröfur til innflytjenda. Það er ljóst að menn verða að hafa leyfi til innflutnings, þ.e. heildsöluleyfi, til að mega fara út í innflutning á áfengi og tóbaki. En eins og frv. birtust hér fyrst þá varð ekki annað skilið en að það gæti nánast hver sem er farið út í innflutning á áfengi.

Það er tekið hér á ýmsum öðrum hlutum eins og framleiðslunni og auknu eftirliti á veitingastöðum og heimild til lögreglumanna. Það er verið að festa í lög heimild til lögreglumanna til að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra sem heimild hafa til framleiðslu eða sölu áfengis. *Það var nefnt hér í umræðunni að slíka* heimild hefði skort. Ég veit nú svo sem ekki hvaða gildi slíkar heimildir hafa. Á það hefur verið bent í meðferð þessa máls að það sé eins og allar kærur stoppi hjá lögreglunni, strandi hjá lögreglunni, málum sé ekki fylgt eftir. Þetta er mál sem hæstv. dómsmrh. þarf að fara ofan í. Er það staðreynd að lögreglan fylgi ekki eftir kærum sem henni berast um brot á áfengislögum? Er það staðreynd? Ef svo er: Hvernig stendur á því? Er það vegna skorts á mannafla hjá lögreglunni eða er þar eitthvað annað á ferð? *Mér finnst þetta vera* nokkuð sem við þurfum að fá upplýst í þessari umræðu, hvernig stendur á þessum, en gefur auðvitað auga leið að það er ekkert auðvelt verk að hafa eftirlit með öllum þeim gríðarlega fjölda veitingastaða sem eru t.d. hér í Reykjavíkurborg. En það þarf að gera það hvort sem er og það sem hefur einmitt verið bent á í þessari umræðu er það að með því að hafa eitt sölukerfi ÁTVR þá hafa menn getað fylgst miklu betur með þessu eftirliti. Menn taka eftir því þegar einhver ákveðinn kaupandi, sem er í reglulegum viðskiptum við áfengisverslunina, hættir allt í einu að kaupa vodka og þá vekur það einmitt ákveðnar grunsemdir.

Í brtt. allshn. er einnig tekið á auglýsingamálum. Þar er reynt að herða á auglýsingamálum. En mér þætti gaman að vita hvort þetta bann okkar við áfengis- og tóbaksauglýsingum muni standast til lengdar. Eftir því sem ég best veit þá er þetta alveg einstakt fyrirbæri. Ég veit ekki til þess að áfengisauglýsingar séu bannaðar í nokkru öðru ríki. Það kann að vera í Noregi, ég þekki það ekki, en mér vitanlega er þetta býsna sérstakt. Það verður gaman að sjá hvort eftirlitsstofnun EFTA á ekki eftir að gera athugasemdir við þetta. Stenst þetta? Ég einfaldlega geri mér ekki grein fyrir því. Teljast það ekki óeðlilegir viðskiptahættir og brot á eðlilegri samkeppni að mönnum sé bannað að auglýsa? Vegna þess að við vitum að það sem er að gerast hér og veldur því að *það verður löng umræða um þessi mál hér á landi* eru ekki bara hagsmunir starfsmanna ÁTVR heldur er hér að eiga sér stað ákveðinn menningarárekstur. Það eru að mætast hér ólíkir heimar norðurs og suðurs og þeir sem byggja Suður-Evrópu geta ekki með nokkru einasta móti skilið svona reglur og lög eins og hér gilda, að það sé t.d. bannað að auglýsa rauðvín og hvítvín, sem ósköp einfaldlega bara tilheyrir daglegum mat hjá íbúum í stórum hluta Evrópu. Þannig er það gildismat Mið- og Suður-Evrópu sem ræður ríkjum hjá Evrópusambandinu og væri fróðlegt að sjá hvort þetta auglýsingabann, þó það sé rökstutt með svona heilsufarslegum rökum, muni standast til lengdar.

Eins og ég hef komið hér inn á hefur öll þessi umræða leitt til þess að hér liggur fyrir brtt. frá hv. efh.- og viðskn. um sérstakan forvarnasjóð. Sá sjóður hefur þann tilgang að stuðla að áfengisvörnum. Að mínum dómi er hér verið að stíga skref í rétta átt og samkvæmt því sem fram kom við vinnslu þessarar tillögu þá þýðir þetta að samtals verði varið u.þ.b. 50 millj. kr. til forvarna. Það eru ekki miklir peningar, en það er hægt að nýta þá vel og þetta er alla vega skref í rétta átt *og ég lýsi yfir stuðningi mínum við þessa tillögu.*

Þá ætla ég aðeins að koma að enn einni brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn., sem snýr að því að breyta skipulagi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og setja henni stjórn. Eins og ég nefndi áðan þá tel ég rétt skref að skipta þessari ríkisstofnun upp í deildir og ég held að það sé eðlilegt og muni auðvelda skipulag og vinnu í þeirri stofnun. En það er þetta með stjórnina. Að mínu mati er hér um mjög ófullkominn lagatexta að ræða, svo maður skoði nú bara fyrst textann svona tæknilega séð. Og það að hér er ekkert kveðið á um hlutverk stjórnarinnar, hverjir skuli skipa hana og hvernig hún skuli starfa eða hversu fjölmenn hún á að vera, mér finnst þetta mjög ófullkomin lagasetning og óviðunandi og, eins og reyndar hefur verið bent á, að ráðherra á að setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag stjórnarinnar, ekki um hlutverk stjórnarinnar heldur um skipulag. Ég held að við verðum að breyta þessu orðalagi, hvort sem við erum sammála því að setja stjórn yfir stofnunina eða ekki.

Ég held reyndar að við hljótum að þurfa að skoða þetta í samhengi við aðrar ríkisstofnanir. Er eðlilegt að setja stjórn yfir stofnun af þessu tagi og hvaða ríkisstofnanir eru þarna sambærilegar? Á það hefur verið bent að verið sé að gera verulegar skipulagsbreytingar á þessu fyrirtæki og það sé verið að gera ríkisstofnun að fyrirtæki sem annast verslun og viðskipti í stað þess að vera fyrst og fremst við innheimtu skatta. Það er alveg ljóst að það er verið að gera slíkar breytingar. Þá kemur spurningin: Er eðlilegt að slíkt fyrirtæki hafi yfir sér stjórn? Í sjálfu sér held ég að það kunni að vera eðlilegt í ljósi þessara breytinga.

En það sem er gagnrýnivert er það að koma með svona tillögur algjörlega fyrirvaralaust án þess að það sé á nokkurn hátt rætt við þá sem stjórna þessari stofnun og í rauninni algerlega óviðunandi að forstjórar ríkisstofnana skuli frétta það í fjölmiðlum að þeir séu að fá yfir sig stjórn. *Mér finnst mjög slæmt* að það skyldu ekki eiga sér stað viðræður við Höskuld Jónsson, forstjóra ÁTVR, áður en þessi tillaga kom fram, því eins og hann sagði á fundi efh.- og viðskn. þá kom þetta honum mjög á óvart og hann spurði eðlilega: Hef ég brotið eitthvað af mér? Er einhver ástæða til að setja stofnunina núna undir eftirlit? Þetta er mjög gagnrýnivert hvernig hér er að verki staðið. En í ljósi þeirra

breytinga sem verið er að gera á stofnuninni þá kann það að vera eðlilegt að skipa slíka stjórn. Okkur hefur bara einfaldlega ekki gefist tækifæri til þess að skoða þetta atriði betur. Þessi tillaga kom fram fyrir nokkrum dögum og það kom öllum mjög á óvart.

Ég vildi gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Sér hann þetta svona eins og ég hef hér lýst, að það sé verið að gera þessar breytingar á þessu ríkisfyrirtæki, í rauninni að breyta stofnun í fyrirtæki, sem eigi þá að hafa yfir sér stjórn eins og önnur sambærileg fyrirtæki eða er þetta bara skref til einkavæðingar? Það gefur auga leið að við það að setja stjórn yfir Áfengis- og tóbaksverslunina þá verður náttúrlega næsta skef, að breyta fyrirtækinu í hlutafélag, mun auðveldara. En við sitjum uppi með það að við verðum að standa við EES-samninginn, en eins og ég hef margoft komið inn á þá er það umdeilt hvort hér sé ekki verið að ganga óþarflega langt.

Hæstv. forseti. Ég held að ég sé búin að koma inn á flest það sem mér finnst skipta máli í þessu samhengi. Það sem veldur mér ákveðnum erfiðleikum í þessu er það hversu illa gengur að fá svör við spurningum eins og þeim hvort það hefði verið hægt að ganga skemmra og hvers vegna eigum við þá ekki að stíga skrefið til fulls og fá einfaldlega á okkur dóm eftirlitsstofnunarinnar þannig að við getum skoðað þetta mál allt saman í samhengi? Ég verð að segja að mér finnst ekki ástæða til að vera að afgreiða þessi mál hér á þessu þingi heldur, eins og ég segi enn og aftur, einfaldlega að fá það á hreint hvert skipulag þessara mála má vera samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins, sem við neyðumst til að segja okkur undir og þá jafnframt hvort hugsanlegt er að ná fram einhverjum breytingum á því. Ég á nú ekki von á að það sé hægt.

Ég vil ítreka það að ég held að sú breyting ein og sér, að gefa innflutninginn frjálsan og að menn þurfi einfaldlega heildsöluleyfi til að stunda innflutning, þurfi ekki að hafa nein óæskileg áhrif ef rétt og vel er staðið að eftirliti að öðru leyti og ef við tökum nú það verkefni alvarlega að efla forvarnir og reynum að ná því markmiði sem alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur sett, að draga úr áfengisneyslu í stað þess að auka hana eins og hér hefur verið gert. Þetta er ákveðið þjóðfélagslegt vandamál sem við eigum þarna við að glíma. Það er umdeilt hvernig að þessum málum skuli staðið, en það hlýtur að vera hlutverk ríkisvaldsins og þar með talið Alþingis, að sjá til þess að heilsa þjóðarinnar sé sem best og að fólk viti hvað það er að gera. Að öllum sé ljóst hvaða hættur fylgja ofneyslu áfengis eða óæskilegri neyslu áfengis. En jafnframt verðum við að beygja okkur undir það að standa við þá alþjóðasamninga sem við höfum gert. Það er ósköp einfalt mál.

En enn og aftur, herra forseti, mér finnst að við eigum að fá niðurstöðu eftirlitsstofnunarinnar og dómstólsins varðandi það hvernig þessum málum skuli og megi vera háttað hér á landi.

[16:26]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins örlítið sem mig langaði til að ræða hér í andsvari. Það var margt ágætt og skynsamlegt sem kom fram í ræðu hv. þm. sem verður að bíða betri tíma að ræða. Það er þó einkum eitt atriði, það snertir stjórn fyrirtækisins og skipulag. Ég vil taka það sérstaklega fram hér og nú, að frumkvæðið að þessu var hjá nefndinni sjálfri, nefndarmeirihlutanum sjálfum. Ég féllst á að sett yrði í lögin ákvæði sem heimilaði að setja stjórn á fyrirtækið. Síðar var ákveðið að gera þetta að skyldu og út af fyrir sig tel ég það ekki vera stórt mál. Það er að mínu mati jafnvel eðlilegt að fyrirtækinu sé sett stjórn og stefnumótunin sett með ákveðnum hætti inn í framtíðina af því að eðli fyrirtækisins breytist óneitanlega.

Ég vil taka það fram að fjmrh. hefur og hefur alltaf haft heimild til að setja þessu fyrirtæki stjórn og að setja fyrirtækinu skipulag. Það hafa fjmrh. gert við önnur fyrirtæki sem eru mjög svipuð eins og t.d. Lyfjaverslun ríkisins sem heitir nú Lyfjaverslun Íslands. Þar setti fjmrh. stjórn, löngu áður en ég kom í fjmrn., þar á meðal forveri minn, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, án þess að það væri nokkur bein lagaheimild. Það er enginn vandi að gera það eða setja fyrirtækinu skipulag. Þetta vil ég að komi skýrt fram þannig að menn séu ekki að gera of mikið úr því þótt fyrirtækinu sé sett stjórn hér með lögum. Ég hef aflað upplýsinga um það hvort talað hafi verið við forstjóra fyrirtækisins og mér er sagt, ég sel það ekki dýrara en ég keypti það, að hann hafi verið látinn vita af þessari tillögu áður en hún kom fram í nefndinni.

[16:28]

**Kristín Ástgeirsdóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gat ekki skilið þær umræður sem urðu í hv. efh.- og viðskn. öðruvísi en þannig að þessar tillögur hefðu alla vega komið forstjóra ÁTVR mjög á óvart, þó það kunni að vera að hann hafi fengið að vita um þær eitthvað, ja alla vega á undan okkur í nefndinni.

Það sem ég vil gera athugasemdir við er í fyrsta lagi hvernig þessi tillaga var upphaflega orðuð. Meiri hlutinn gerði reyndar breytingar á því. Mér finnst samt sem áður að lagatextinn eins og hann lítur út núna sé ekki nógu ákveðinn og það sé ekki ljóst um hvað hæstv. ráðherra á að setja reglur.

Ég vil líka rifja það upp í þessu samhengi að það kom fram að stjórnir áfengisverslananna á Norðurlöndum þykja með allra fínustu stjórnum og halda helst ekki fundi nema í köstulum á Norðurlöndum og það eru yfirleitt fyrrv. forsetar þinga og slíkar persónur sem sitja í þessum stjórnum. Ég ætla að vona að það eigi ekki að fara að búa til neitt slíkt apparat hér.

En ég vil bara ítreka það að með þeim breytingum sem verið er að gera á stofnuninni, ef þær ná fram að ganga, þá er alls ekki óeðlilegt að fyrirtækið fái yfir sig stjórn.

[16:30]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einungis vegna þessarar stjórnar að þá tel ég mér það skylt að taka það fram að með þessari tillögu tel ég að ekki sé verið að halla á forstjóra fyrirtækisins, sem ég álít að hafi staðið sig mjög vel og hefur mitt traust. Ég vil taka það sérstaklega fram. Ég vil einnig mótmæla því sem kemur fram hjá starfsmönnum aftur og aftur, að núv. ráðherra hafi alltaf verið að skipa einhverja andstæðinga fyrirtækisins í þau störf að breyta fyrirtækinu eða að koma með frv. um fyrirtækið því að forstjóri fyrirtækisins hefur setið í þeim tveimur nefndum sem hafa fjallað um málefni fyrirtækisins, bæði strax við upphaf fyrra kjörtímabils og nú aftur þegar gerð var breyting á lögunum, þá var hann einn þriggja manna sem samdi það lagafrv. sem hér er til umræðu.

Þetta vil ég að komi fram vegna þess að mér hefur stundum heyrst eins og það sé verið að gera lítið úr störfum Höskuldar Jónssonar. Ég nefni sem dæmi ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar hér um daginn þar sem hann taldi þetta einhverja aðför að einhverjum besta embættismanni þjóðarinnar, að þá er það auðvitað alrangt því að þessi ágæti embættismaður, fyrrv. ráðuneytisstjóri fjmrn., hefur mitt traust að sjálfsögðu.

[16:31]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég á eftir að tjá mig nánar um þessi mál við síðari umræður og mun þá kanna nánar forsendur fyrir þeirri yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. var með hér áðan, þar sem hann kvað starfsmenn ÁTVR fara með rangar staðhæfingar. Þetta er hlutur sem ég mun grafast nánar fyrir um, en ég tel að það eigi ekki við rök að styðjast. Þá vil ég upplýsa það sem útvarpshlustandi, og ég held að það hafi verið í fréttum Ríkisútvarpsins, að forstjóri ÁTVR upplýsti að hann hefði fengið að vita um þessar skipulagsbreytingar hjá ÁTVR í Ríkisútvarpinu. Það hafi verið fréttamaðurinn sem upplýsti hann um þessar breytingar.

Annars vil ég byrja á að fagna því að hæstv. fjmrh. skuli vera viðstaddur þessa umræðu og ég leyfi mér að óska eftir því við hæstv. forseta að heilbrrh., ef hann á kost á því, komi og verði við umræðuna. Það hafa komið hér fram mjög mikilvægar upplýsingar yfir helgina frá landlækni sem nauðsynlegt er að fá viðbrögð hæstv. heilbrrh. við. Í annan stað þá fagna ég því að hæstv. viðskrh. skuli vera hér til að taka þátt í umræðunni. En ég sakna átakanlega formanns efh.- og viðskn., þeirrar nefndar sem hefur vélað um þessi mál öll, og leyfi mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta þingsins hvort ekki er kostur á að fá hv. þm. Vilhjálm Egilsson til að vera hér í salnum og taka þátt í umræðunni.

**(Forseti** (StB)**:** Forseti vill vegna fyrirspurnar hv. þm. geta þess að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er með fjarvistarleyfi og er að gegna skyldustörfum erlendis þannig að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að hann komi hér til fundar. Starfandi hæstv. heilbrrh. er hér til staðar þannig að forseti vonast til þess að það sé fullnægjandi.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessar upplýsingar. Mér finnst það hins vegar afar miður að formaður efh.- og viðskn. skuli ekki hafa verið viðstaddur þessar umræður. Hann var ekki viðstaddur umræðurnar á fyrri stigum málsins, þá var hann við skyldustörf í Brussel, og eins og frægt varð ávarpaði hann þjóðina hér í útvarpsávarpi á enskri tungu og sagði að þingstörfum yrði ekki lokið fyrr en allt brennivín væri búið. Ég veit ekki hvort þetta mun ganga eftir, en hitt vitum við mætavel að þetta er krafa sem hefur komið mjög eindregið fram frá Kaupmannasamtökum Íslands, sem í sínu áliti óskuðu eftir því að við gengjum enn lengra í lagabreytingum og létum ekki staðar numið fyrr en við værum búin að koma áfengi inn í smásölubúðir á Íslandi.

Hitt var mjög merkilegt í þessari umræðu hér um daginn og eftirminnilegt, að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson upplýsti okkur um það að þetta mál hefði orðið sér mjög til framdráttar, eins og hann orðaði það og margendurtók. Það sem við vitum hins vegar er að þessar breytingar sem verið er að gera á lögum um áfengissölu í landinu eru mjög umdeildar í þjóðfélaginu. Annars vegar eru almannasamtök sem hafa látið þessi mál til sín taka, samtök sem hafa sinnt áfengisvörnum, og hins vegar eru margvísleg hagsmunasamtök sem hafa beina hagsmuni af því að selja varning og vilja helst komast yfir brennivínið líka, Kaupmannasamtök Íslands, eins og ég vitnaði til, en Verslunarráðið hefur einnig gengið mjög hart fram í því að fá þessar lagabreytingar samþykktar hér á þingi.

Ég skal ekki efast um það að framganga hv. þm. Vilhjálms Egilssonar hafi orðið honum mjög til framdráttar hjá þessum aðilum. Þessum aðilum hefur verið einkavæðing mjög að skapi og margir hafa orðið til að lofa og prísa hvernig til hefur tekist í þeim efnum á undanförnum árum. Að vísu hafa aðrir komið til sögunnar sem hafa gert athugasemdir við einkavæðingu ríkisstjórnarinnar á liðnum missirum og árum og má þar nefna Ríkisendurskoðun, en hún gerði eins og kunnugt er mjög alvarlegar athugasemdir við sölu á ýmsum fyrirtækjum og má þar nefna Íslenska endurtryggingu og SR-mjöl, fyrirtæki sem er metið og var metið upp á marga milljarða kr. en var selt langt undir raunvirði.

Ég hef áður vikið að því hér í ræðustól hvernig framleiðsludeildin hjá ÁTVR var nánast, mér liggur við að segja gefin. En ég benti á að tekjutap ríkissjóðs, ÁTVR í þessu tilliti, nam 17 millj. kr. á ári. Ég færði rök fyrir því á sínum tíma hvernig þessu væri farið og ætla ekki að endurtaka það. En eins og kom fram í upphafi þegar þessi frv. voru kynnt hjá hæstv. fjmrh. þá telur hann að þær breytingar sem verið er að boða nú muni þýða tekjutap fyrir ÁTVR upp á 50 millj. kr. Ýmsir aðrir aðilar ætla að tapið muni verða miklu meira en þessu nemur, auk alls hins sem fylgir með. Þar erum við að tala um skattheimtur ríkissjóðs og allt eftirlit með áfengissölu í landinu.

Ég var að telja upp fyrirtæki sem hefðu verið seld.

Það mætti nefna fleiri til sögunnar, t.d. Lyfjaverslun ríkisins, sem skilaði árlega í ríkissjóð tugum millj. kr., en þessir fjármunir voru m.a. notaðir til að fjármagna bólusetningu í landinu. Fjármunir sem ríkissjóður verður nú af og verður að leita annað, leita ofan í vasa skattborgarans eða draga úr þjónustunni ella. Ég nefni þetta einvörðungu til þess að menn skilji hvað það er sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson á við þegar hann talar um að þetta mál hafi orðið sér til framdráttar. Að sjálfsögðu eru margir aðilar í samfélaginu sem hagnast á þessari stefnu og telja hana aðdáunarverða.

Spurningin er hins vegar hvaða sjónarmið það eru sem stjórnmálamenn vilja gefa gaum. Í þessari umræðu hefur verið vitnað í umsagnir sem hafa komið frá fjölmörgum aðilum sem til þessara mála þekkja. Það hefur verið vitnað í ályktanir sem komið hafa frá Starfsmannafélagi ÁTVR, frá SFR, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, og fleiri samtökum launafólks. Það hefur verið vitnað í yfirlýsingar og greinargerðir sem hafa komið frá fjölmörgum almannasamtökum. Hér á dögunum boðuðu samtökin Heimili og skóli, Stöðvum unglingadrykkju og Vímulaus æska til fréttamannafundar þar sem fulltrúar þessara samtaka kynntu afstöðu þeirra til þessara lagabreytinga. Sú afstaða var mjög á einn veg. Það var mjög eindregið varað við þessum lagabreytingum en það er umhugsunarefni hver urðu örlög þessa blaðamannafundar í fjölmiðlaheiminum íslenska. Að vísu var ágætlega gert grein fyrir þessum fundum í Morgunblaðinu og í blaði Þjóðvaka sá ég. Ég veit ekki hvað gerðist í Ríkisútvarpinu eða hljóðvarpi, en ég held að ég geti fullyrt að hvorug sjónvarpsstöðin sá ástæðu til að segja frá þessum fréttamannafundi. Alla vega voru ekki sendir fréttamenn á þennan fund sem helstu almannasamtök í landinu, sem eru að beita sér gegn áfengisvandanum og reyna að koma einhverjum böndum á áfengisbölið, stóðu fyrir.

Hins vegar vakti það athygli að þegar yfirlýsing kom frá Kaupmannasamtökum Íslands þá var það mjög rækilega tíundað í fréttum Ríkissjónvarpsins og eitthvert kvöldið fór fram umræðuþáttur á milli fulltrúa Kaupmannasamtaka Íslands og fulltrúa frá áfengisvarnaráði, ágætar umræður, en fulltrúar samtakanna sem stóðu að þessum fundi voru virtir að vettugi að því er ég best veit. Mér finnst skipta mjög miklu máli að umræða af þessu tagi þegar verið er að gera grundvallarbreytingar á viðskiptaháttum fái sanngjarna umfjöllun í samfélaginu.

Auk þessara almannasamtaka hefur áfengisvarnaráð einnig ályktað um þessi mál. Það hefur áður verið vitnað í þær samþykktir og ætla ég ekki að gera það aftur, þetta er skráð í þingræður, annað en segja að það er mjög eindregið lagst gegn þessum breytingum.

Síðan gerist það að landlæknir sendir frá sér yfirlýsingu — og að nýju leyfi ég mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta hvað líði komu hæstv. heilbrrh. hingað á fundinn.

(**Forseti** (StB): Forseti gat þess að hæstv. iðn.- og viðskrh. gegnir störfum sem heilbr.- og trmrh. þannig að hann er hér til staðar.)

Ég vil biðja hæstv. forseta þingsins velvirðingar, þetta fór fram hjá mér.

Í yfirlýsingu sem kom frá landlæknisembættinu og hefur verið vitnað í af hv. 14. þm. Reykv., Kristínu Ástgeirsdóttur, í ræðu fyrr í dag, þá tíundar landlæknir í sinni greinargerð áhrif af áfengisneyslu og bendir á það hvernig Vestur-Evrópuþjóðir hafi á undanförnum árum tekið þessi mál til alvarlegrar athugunar. Hann bendir á að í þessum löndum almennt líkt og á Íslandi sé heilbrigðisþjónustan í fjárhagskreppu og þess vegna erfiðleikum bundið að bæta og auka þjónustuna og í því samhengi er landlæknir að fjalla um fyrirhugaðar lagabreytingar, en í niðurlagi bréfsins frá landlækni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef samþykkt framangreinds frv. verður til þess að auka framboð og neyslu áfengis, sem margt bendir til að verði, leggst landlæknisembættið á móti samþykkt þess."

Samkvæmt lögum, eftir því sem ég veit best, er landlæknir helsti ráðgjafi heilbrrh. og mér finnst ástæða til þess að spyrja hvort þessi niðurstaða sem landlæknir, Ólafur Ólafsson, hefur komist að og hans embætti, verði mönnum ekki tilefni til þess að endurskoða afstöðu til þessara mála. Þess vegna vil ég taka undir þau sjónarmið sem hafa verið viðruð hér og tillögur sem hafa verið fram settar að þessum málum verði aftur vísað til ríkisstjórnarinnar.

Það er ýmislegt að athuga í sambandi við þessar lagabreytingar og einnig þær breytingatillögur sem hafa komið fram í þessu máli. Eins langar mig t.d. til að gera að umræðuefni breytingartillögu sem hefur komið fram frá meiri hluta efh.- og viðskn. þar sem segir:

„Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning og innkaup á vínanda, áfengi og tóbaki samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjmrh. Þess skal gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum birgjum."

Ég hefði áhuga á því að fá það upplýst í þingumræðu hvað þetta merkir. Þarna er ekki einvörðungu verið að skírskota til áfengissölunnar heldur tóbaksins líka. Nú er það vitað mál að í sambandi við verslun með tóbak þá er á ferðinni tóbak í viðskiptalífi heimsins sem er sannarlega skaðlegt og það mun hafa verið svo að ÁTVR hafi einmitt fylgst með þessum þætti málsins mjög rækilega. (**Fjmrh.:** Hvaða tóbak er ekki skaðlegt?) Hvaða tóbak er ekki skaðlegt, bendir hæstv. fjmrh. réttilega á. En hitt er annað mál að til eru tóbakstegundir sem hafa verið til sölu í ýmsum ríkjum þriðja heimsins t.d. sem eru sannanlega miklu skaðlegri en gerist almennt. Og ég vildi fá það upplýst hvað menn eru eiginlega að fara með þessu. Hér er verið að setja í lagabreytingu ákvæði sem ekki hefur fengið neina umræðu. Hér er á ferðinni heilbrigðismál sem hefur ekki komið til umræðu í heilbrn. sem fjallaði um þá þætti málsins og ég vil spyrja hvort hæstv. viðskrh., starfandi heilbrrh., sé fjarri undan vegna þess að ég er að tala um þætti sem snerta heilbrigðiseftirlit. Ég mun gera hlé á mínu máli þangað til hann er kominn aftur í salinn.

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera ráðstafanir til þess

að hæstv. iðn.- og viðskrh. komi í salinn. Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hæstv. iðn.- og viðskrh. komi í salinn og hefur fengið upplýsingar um það að *hann komi innan stundar. Vill forseti biðja hv. þm. að* sýna biðlund.)

Ég þakka fyrir. Hæstv. viðskrh. Ég vék í máli mínu að ýmsum þáttum sem snerta sérstaklega heilbrigðiseftirlit og ræddi sérstaklega um brtt. sem fram er komin við þetta frv. þar sem segir m.a.:

„Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning og innkaup á vínanda, áfengi og tóbaki samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjmrh. Þess skal gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum birgjum."

Hér er ekki einvörðungu verið að fjalla um áfengissöluna heldur einnig tóbakssölu. Þetta er þáttur sem ekki kom til umræðu í heilbrn. þegar hún var með þessi mál til umfjöllunar, enda var þetta þá ekki komið inn, en mér finnst þetta vera þess eðlis að það þurfi að fá athugun og umfjöllun þar vegna þess að eins og ég benti á áðan, þá er það svo að í dreifingarkerfum heimsins er á ferðinni tóbak sem er sannanlega miklu skaðlegra heldur en almennt gerist með tóbak. Þetta er tóbak sem fátækum þjóðum víða um heim er selt eins og við höfum oft haft fréttir af og ég vil bara spyrja án þess að ég hafi komist sjálfur að nokkurri niðurstöðu um þetta mál: Hefur verið fjallað um þetta í heilbrrn.? Hefur verið fjallað um þetta af hálfu heilbrrh.? Hitt veit ég að landlæknir hefur fjallað almennt um þessi frumvörp og ég vitnaði áðan í greinargerð sem frá honum *er komin og las upp úr niðurlagi hennar þar sem* hann leggst mjög eindregið gegn því að þessi frumvörp verði samþykkt. E.t.v. er of fast að orði kveðið að segja að hann leggist mjög eindregið gegn því, en hann *segir í sinni álitsgerð að verði þetta til þess að auka* áfengisneyslu, en margt bendir til þess að svo verði, þá leggist embættið gegn því. Eitthvað á þessa leið var þetta orðað.

Menn hafa verið að gæla við þá hugmynd að kaupa einhvers konar syndaaflausn í þessu máli með því að grípa til einhverra forvarna. Ég styð heils hugar tilraunir til að efla forvarnastarf. Ég styð það heils hugar að látið sé meira fjármagn til slíkra hluta. En ég spyr: Er ekki jafnframt rétt að reyna að koma í veg fyrir slysin? Þetta minnir mig pínulítið á það að menn kveikja í húsi en setji jafnframt upp eldvarnatæki. Ég vil forvarnir sem koma í veg fyrir húsbruna, sem koma í veg fyrir að slysin eigi sér stað, en hins vegar tek ég að sjálfsögðu heils hugar undir að það séu látnir fjármunir í auknar forvarnir. Ég styð það að sjálfsögðu mjög eindregið að slíkt sé gert. En það á ekki að tengja við þessi mál. Menn eiga ekki að kaupa sér syndaaflausn með þessum hætti. Það er mjög ódýr lausn fyrir menn að ganga þannig fram.

Það sem mig langaði annars mest til að gera og ég sannast sagna hlakkaði mest til þessarar umræðu var rúsínan í pylsuendanum sem ég ætlaði að fá hæstv. fjmrh. til að svara. Ég er nefnilega búinn að velta vöngum yfir því hvað hann átti við með því á dögunum þegar hann sagði við umræðu í þinginu fyrir helgina að með samþykkt þessara laga yrði allt eftirlit með áfengissölu miklu auðveldara en nú er. Og nú lýsi ég eftir hæstv. fjmrh. Menn eru mjög vakrir á stólunum *þó að hæstv. ráðherra þurfi að njóta sannmælis því að* hann hefur setið hér og hlustað á þessa umræðu, en ég bíð eftir því að hann komi og hlusti á þær spurningar sem ég ætla að beina til hans. Í millitíðinni langar mig til að vitna í ágætt nefndarálit sem er reyndar minnihlutanefndarálit efh.- og viðskn. þar sem segir m.a. í áliti Ágústs Einarssonar, með leyfi forseta:

„Ekki hafa verið færð sterk rök fyrir því að samþykkt frumvarpanna sé nauðsynleg til að uppfylla skyldur okkar gagnvart EES-samningunum. Íslensk stjórnvöld hafa ætíð talið að núverandi skipulag áfengismála rúmist innan EES-samninganna.

Ekki er vitað hvort eftirlitsstofnun EFTA, sem gert hefur athugasemdir við núverandi fyrirkomulag, vísar málinu áfram til EFTA-dómstólsins. Dómstóllinn er ekki bundinn af áliti eftirlitsstofnunarinnar og réttarstaða okkar virðist vera traust.

Samþykkt frumvarpanna skapar einnig óöryggi hjá starfsmönnum ÁTVR og ekki hefur verið sýnt fram á að breytt fyrirkomulag leiði almennt til lægri kostnaðar og aukinnar hagkvæmni við innflutning áfengis.

Frumvörpin lúta þannig fyrst og fremst að þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að einkavæða innflutning á áfengi. Slíkt skapar vissulega aukin viðskipti hjá umboðsaðilum og birgðastöðvum en hefur jafnframt í för með sér fjárhagslega áhættu fyrir ríkissjóð.

Dreifing birgðastöðva vítt og breitt um bæinn mun auka hættu á misnotkun og skapa ýmiss konar öryggisvandamál."

Tilvitnun lýkur í þetta ágæta nefndarálit frá hv. þm. Ágústi Einarssyni, en það sem ég vildi segja í sambandi *við þetta er að þótt hv. þm.* Ágúst Einarsson telji að okkar réttarstaða sé traust gagnvart EFTA-dómstólnum, og ég tek undir það sjónarmið að ég tel að við búum við lög núna sem eiga að tryggja að við stöndum við okkar skuldbindingar gagnvart EES, þá vil ég boða það nú að verði það ekki samþykkt að vísa þessum frumvörpum aftur til ríkisstjórnarinnar, eins og tillaga hefur verið gerð um, þá mun ég ásamt Steingrími J. Sigfússyni flytja brtt. við 3. umr. sem er á þessa leið:

„Í stað 1.–6. gr. komi ný grein er orðist svo:

Við 2. gr. laganna bætist við ný málsgrein er orðast svo:

Komi fram ósk um að tiltekin tegund áfengis eða tóbaks verði flutt til landsins má eigi synja þeim tilmælum nema með vísun til annarra laga en þessara enda hafi sá er tilmælin bar fram tryggt að Áfengis- og tóbaksverslunin fái andvirði vörunnar greitt."

Aðeins þessu til skýringar er það svo að eftirlitsnefnd EFTA með framkvæmd EES-samningsins hefur gert athugasemdir við fyrirkomulag það sem Íslendingar hafa á sölu áfengis í landi sínu. Gagnrýni nefndarinnar hefur aðallega beinst að því að því að samkvæmt ákvæðum gildandi laga um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé unnt með ákvörðun stjórnvalds að hindra innflutning áfengis til landsins með sama

hætti og væri ef bannlög giltu. Við íhuguðum það á einhverju stigi málsins að flytja þetta sem frv. en munum gera það sem brtt. við þau lagafrumvörp sem liggja frammi. Með brtt. okkar er tryggt að einkarétti til innflutnings á áfengi verði ekki beitt sem banni. Framvegis yrði ÁTVR að flytja inn vöru væri hennar óskað. Þessi breyting hefur þó ekki áhrif á umboð annarra aðila, t.d. Hollustuverndar, til að banna innflutning á vöru innihaldi hún efni sem eigi má nota í áfenga drykki.

Ég er með ítarlegri greinargerð og skýringar á brtt. sem við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon munum flytja ef ekki verður fallist á tillögu okkur um að vísa þessum lagafrumvörpum algerlega til ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar.

Annars ætla ég ekki að halda þessum málflutningi lengi áfram að sinni vegna þess að við eigum eftir að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra þar sem þeir greina okkur frá viðbrögðum við nýjum upplýsingum sem eru að koma fram um jafnræði gegnvart birgjum t.d. og heyra hvaða viðbrögð það hefur fengið hjá hæstv. heilbrrh. að landlæknisembættið skuli snúast gegn því að áfengisfrumvörpin verði samþykkt. En það sem ég ætlaði að koma að og finnst vera rúsínan í pylsuendanum og ég var farinn að hlakka mikið til er að heyra röksemdir hæstv. fjmrh. sem upplýsti okkur um það hér um daginn að með þessum lagabreytingum yrði auðveldara að framkvæma eftirlit með áfengissölunni en verið hefur.

Ég skil mjög vel þá sem eru mjög áfram um það að stíga þessi einkavæðingarskref annaðhvort af hagsmunaástæðum eða vegna hugsjóna sinna, að þeir vilji breyta þessu af pólitískum ástæðum og þá reyni þeir að lappa upp á kerfið ef það er til óþurftar á einhverjum sviðum eða hefur einhver vandræði í för með sér. Þá leiti menn leiða til að gera við það sem bilað er en hitt finnst mér nýstárlegra þegar því er haldið fram núna að þessar breytingar verði beinlínis til að bæta eftirlitið. Þetta stríðir þvert gegn því sem þeir aðilar sem um þetta mál hafa fjallað segja að sé raunin og þar er ég að tala um áfengiseftirlitsmennina t.d. sem eru sjálfir á staðnum og fylgjast með þessum hlutum. Ég er að tala um þá sem hafa sinnt þessari skyldu hjá ÁTVR og þá aðila yfirleitt sem um þessi mál hafa vélað. Mér er fullkunnugt um að það eru ýmsir sem telja að hægt sé að finna einhverjar leiðir til þess að draga úr óhagræðinu. Menn hafa talað um það að setja upp sérstaka deild hjá skattinum t.d. Menn eru að velta vöngum yfir því hvort hægt sé að láta tollinn stimpla og brennimerkja allar flöskur og þá spyr maður sjálfan sig hvort hugmyndin sé sú að einhver sérstök deild í tollinum kalli inn allar vínflöskur, hvort sem þær eru framleiddar innan lands, taki upp alla kassa sem koma erlendis frá. Ég hlakka reglulega til þess að heyra útskýringar hæstv. fjmrh. á þessari staðhæfingu sinni að þetta sé auðveldara.

Hitt finnst mér annað sjónarmið að segja að það sé hægt að draga úr skaðseminni og draga úr vandræðunum með ýmsu móti. En ég veit að þeir sem hafa verið jákvæðastir gagnvart þessum breytingum og hafa komið nálægt skatti eða eftirliti á einn eða annan hátt hafa verið að velta vöngum yfir ýmsu. Þeir hafa ekki neinar afgerandi lausnir á takteinum, en ef hún er fyrir hendi og satt best að segja er þetta engin tilraun til útúrsnúninga heldur meina ég þetta alveg fullkomlega heiðarlega að mér finnst að hæstv. fjmrh. þurfi að skýra þetta. Það sem er hættulegast í svona umræðu allri er að hún fari fram, að menn séu búnir að gefa sér allar lausnir fyrir fram, að sá sem framkvæmir breytingarnar sé búinn að ákveða fyrir fram hver niðurstaðan eigi að vera og láti enga gagnrýni eða ábendingar hafa nokkur áhrif á sig. Þá má spyrja hvort það gildi ekki á báða bóga. Ég tek alveg undir það. En það sem við erum að gera hér er að bregðast við tillögum um breytingar og þá náttúrlega hvílir sönnunarskyldan á þeim sem stendur fyrir breytingunum. Og hann verður að færa rök fyrir sínu máli. Ég er t.d. sannfærður um það að margt af því sem ég hef gert að umræðuefni hérna, t.d. að framleiðsludeild ÁTVR skuli hafa verið seld fyrir minna en sem nemur fjárhagslegum ávinningi ÁTVR á einu ári, fékk aldrei rækilega umfjöllun hérna. Og það gildir um marga hluti sem menn hafa verið að taka ákvarðanir um á liðnum árum að þeir fengu ekki rækilega umfjöllun áður en ákvarðanir voru teknar, t.d. í sambandi við einkavæðinguna alla. Þess vegna segi ég og legg áherslu á að áður en ráðist er í þessar breytingar, þá hvílir sú skylda á þeim sem standa fyrir breytingunum að gera mjög rækilega og rökstudda grein fyrir því hvernig þeir ætla að standa að þessu og þeir verða að svara þeirri málefnalegu gagnrýni sem fram hefur verið sett.

[17:08]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umræðum um þetta mál hefur nokkuð borið á því að menn segja að það verði erfiðara að fylgjast með og hafa eftirlit með sölu á áfengi eftir að frv. hefur verið samþykkt. Ég hef mótmælt því og haldið hinu gagnstæða fram. Samt sem áður er búið að flytja hér brtt. um að það þurfi leyfi, það verði sett gjald á leyfishafana og til viðbótar verði myndaður sjóður eins og kemur fram í brtt. Það er þannig í dag að það eru ekki allar flöskur merktar ÁTVR, ekki þær sem eru sérpantaðar, ekki þær sem eru fluttar af einstaklingum til landsins, ekki þær sem eru keyptar í fríhöfn. Hins vegar er límt á flöskur sem fara til vínveitingahúsa og það er auðvitað hægt að halda því áfram. En það er auðveldara að fylgjast með eftir að þetta frv. verður að lögum vegna þess að það myndast heildsöluverð vegna þess að það verður munur á því verði sem vínveitingahúsin fá og smásalinn fær og því verði sem er selt út úr búð í smásölu. Fyrir vikið gerist það að sá sem ætlar að svindla og kaupa í smásölu til þess að selja út úr vínveitingahúsi verður að greiða meira en ella.

Nú er það svo að sá sem selur úr vínveitingahúsi verður að borga sama verð og sá sem gengur í áfengisverslunina og kaupir þar. Þetta hljóta allir að sjá að leiðir til þess að það má búast við því að minna verði um svindl. Til viðbótar má svo geta þess að það er

mjög auðvelt að fylgjast með því hvað er keypt inn af þeim sem hafa heildsölu- og innflutningsleyfi og hvert þeir afhenda vöruna því að það eru aðeins smásalar sem mega við henni taka og með því verður fylgst. Í dag er það svo að það er mjög erfitt fyrir ÁTVR að fylgjast með því hvað gengur til vínveitingahúsa nema þegar selt er beinlínis til þeirra en ekki þegar t.d. þriðji aðili fer í útsölu og kaupir síðan til endursölu til þeirra sem hafa vínveitingaleyfi.

Þetta vona ég að skýri að nokkru leyti það sem ég hef verið að fjalla um og ef það gerist ekki þá held ég að mér sé mjög örðugt að gefa þær skýringar sem duga.

[17:10]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef hæstv. fjmrh. getur ekki skýrt þessi mál betur en þetta þá skortir mikið á. Í fyrsta lagi talar hæstv. fjmrh. um þær breytingar sem verið er að gera og segir: *Nú þarf fjmrh. að gefa leyfi. Hér hefur* komið fram við umræðuna hvað eftir annað að leyfi án þess að við þekkjum reglugerðina sem fylgir frv. og er ekki til staðar, er bara marklaust tal. Við vitum ekkert á hvaða grundvelli slík leyfisveiting fer fram.

Í annan stað er talað um það í lagafrv. að lögreglan eigi að gefa veitingahúsum auknar gætur. Ég fer ekki alveg orðrétt með lagatextann, en þetta er hugsunin. Það var spurt við umræðu: Hvað er raunverulega átt við með þessu? Þetta eru þær breytingar til eftirlits sem hæstv. fjmrh. vitnaði í, auk þess sem hann talaði um forvarnagjaldið sem kemur í rauninni þessu máli ekki við. En hæstv. ráðherra kom hins vegar inn á kjarna málsins, sem er spurningin um merkingarnar.

Í fyrsta lagi, og ég ætla reyndar að byrja aftan frá, talar hann um að nú sé ekki lengur hægt að kaupa og fara með það úr smásölunni inn í veitingahúsin. Verður ekki smásalan enn hjá ÁTVR? Heldur hæstv. ráðherra að það verði ekki enn möguleiki á að gera þetta? Það verður möguleiki á að gera þetta. Það sem vínefteirlitsmennirnir tjáðu okkur var að til þess að ná betri böndum á þetta þurfi traustari merkingar, helst dagbundnar merkingar. Og það segir sig sjálft að þegar þú ert með þetta á einni hendi en ekki mörgum þá er miklu auðveldara að sinna því hjá ÁTVR en að sinna því annars staðar. Ég gæti haldið áfram lengur, en þessar upplýsingar sem hér eru að koma fram eru í raun engar upplýsingar.

[17:13]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get auðvitað ekki gert neitt við því þótt hv. þm. skilji ekki eða vilji ekki skilja eða telji ekki skýringar nægilega góðar. En það liggur í hlutarins eðli að það er hægt að fylgjast með og verður fylgst með því hvað heildsalinn tekur mikið af vínföngum til sín og hvert hann selur þessi vínföng. Það er mjög auðveldlega hægt að fylgjast með því. Og þegar við erum að bera saman einhverja hluti þá verðum við að bera saman þá kosti eins og staðan er í dag og hvernig hún verður eftir breytinguna og það var það sem ég gerði. Ég var ekki að bera það saman sem væri hægt að auka við frá deginum í dag, eins og hv. þm. virtist vera að gera þegar hann gaf sér að það ætti að fara fram miklu meira eftirlit heldur en er í dag.

Það sem skiptir máli er að það myndast heildsöluverð og sá aðili sem ætlar að kaupa í smásölu til endursölu verður þá a.m.k. að greiða hærra verð heldur en ef viðskiptin eru með eðlilegum hætti. En í dag er það svo að vínveitingahús og þeir sem hafa vínveitingaleyfi verða að greiða smásöluverð rétt eins og sá sem er venjulegur kaupandi að áfengi. Þannig að það má halda því fram með fullum rökum að það sé auðveldara og það sé meira eftirlit og minni líkur til þess að menn svindli í nýja kerfinu heldur en því gamla. Það er það sem liggur að baki mínum ummælum. Og ég vil endurtaka það að merkingar á flöskum með merkinu ÁTVR eru ekki á öllum flöskum heldur einungis á þeim flöskum sem ÁTVR flytur inn til sölu í sínum búðum en ekki það sem fer fram með sérpöntunarkerfi *eða áfengi sem er flutt inn með öðrum hætti*, t.d. í gegnum Fríhöfnina í Keflavík. Það er misskilningur sem ég heyri allt of oft sagðan hér úr ræðustóli á hinu hv. Alþingi.

[17:15]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hið almenna er að áfengi er merkt. Hið almenna er í verslun með áfengi að þar er hver flaska merkt. Það sem kom fram hjá vínefteirlitsmönnum er að það þyrfti að auka og herða á þessum merkingum. Það þyrfti jafnvel að brennimerkja dagstimpla inn á það. Það sem við höfum verið að benda á er að það er auðveldara að gera þetta á einni hendi heldur en dreift. Ég spurði t.d. áðan hvort hæstv. ráðherra væri að tala um að fá alla áfengisframleiðendur í landinu til að senda birgðir sínar inn til tollsins eða hvar á að gera þetta? Mér er spurn.

Það sem menn hafa sagt jafnframt er að upplýsingar sem hafa komið til skattsins, þegar misbrestur hefur orðið á eða þegar um svindl er að ræða, eru til orðnar iðulega vegna þess að ÁTVR hefur yfirsýn yfir öll viðskipti í viðkomandi veitingahúsum. ÁTVR hefur yfirsýn yfir öll viðskiptin og sér þegar ein tegund dettur út eða minnkar í hlutfalli við neyslu á öðrum drykkjum. Þannig hafa menn sagt að kosturinn við að hafa þetta dreifingarkerfi í höndum ÁTVR sé einmitt þessi miðstýring. Það sé auðveldara að hafa yfirsýn yfir það sem er að gerast. Í annan stað hefur verið bent á það að skilin á milli smásöluverslunar og heildsöluverslunar kunni að verða óljósari að ýmsu leyti. En hinu hafa menn kvartað yfir líka að það hafi verið brögð að því að þeir sem eru með veitingarekstur hafi farið í áfengisverslanir og keypt þar í smásölu og farið síðan með þetta inn á barina og selt með álagningu. Þetta er nokkuð sem breytist í rauninni ekki við þetta.

[17:17]

**Sólveig Pétursdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera athugasemd við það hvernig hv. þm. talaði um og vitnaði í hv. þm. Vilhjálm Egilsson, sem er fjarverandi og getur því ekki svarað fyrir sig. Ég tel a.m.k. rétt að það komi skýrt

fram að hann er erlendis og gegnir þar störfum á vegum Alþingis.

Ég vil líka taka undir það sem hæstv. fjmrh. benti á áðan, að það kemur hér brtt. á eftir með næsta máli um sérstakan forvarnasjóð sem verður mælt fyrir í brtt. við frv. til laga um gjald af áfengi. Hv. þm. spurði líka sérstaklega um brtt. varðandi jafnræði um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Það segir í lok brtt. að þess skuli gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum birgjum. Ég held að þar sé átt við það að ÁTVR geti ekki mismunað aðilum, þ.e. að jafnræðisreglan sé í heiðri höfð, en auðvitað á jafnræðisreglan að gilda hvort sem er gagnvart sérstaklega settum stjórnsýslulögum. En hér er það greinilega ítrekað í brtt.

[17:19]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að spyrja hv. þm. hvað hv. þm. átti við með tilvitnun minni í ummæli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar og hvað var óviðurkvæmilegt við það í minni ræðu. Ég hef bent á að við erum að fjalla um mál sem efh.- og viðskn. þingsins hefur haft til umfjöllunar og ég hef kvartað yfir því að formaður þeirrar nefndar, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, skuli ekki vera á staðnum til að taka þátt í umræðu um þetta. Ég vitnaði einnig til þess að hann hefði sagt í útvarpsviðtali á dögunum frá Brussel, að hann teldi ekki koma til greina að þinghaldi lyki fyrr en búið væri að samþykkja þessi brennivínsfrumvörp. Þetta er bara staðreynd máls, sem er ekkert óeðlilegt að sé reifuð og rædd hér. En ég óska eftir því að þingmaðurinn geri nánar grein fyrir því hvað hér er um að ræða.

Í annan stað segir hv. þm. að hún haldi að jafnræðisreglan varðandi birgjana og nú erum við ekki bara að tala um áfengið, við erum að tala um tóbakið líka, þýði eitthvað tiltekið. Mér finnst ekki nægilegt að halda eitthvað um þessi efni. Þess vegna ítreka ég fyrirspurn mína til hæstv. starfandi heilbrrh., Finns Ingólfssonar: Hefur þetta fengið umræðu í heilbrrn.? Hver er afstaða heilbrrh. til þess?

[17:20]

**Sólveig Pétursdóttir** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég man rétt þá talaði hv. þm. m.a. á þann veg að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafi haft ávinning af þessu máli, þ.e. um breytingu á áfengislögunum, og vitnaði fleira til hans í því sambandi. Þess vegna vildi ég að það kæmi hér fram í þingsölum að hv. þm. væri fjarverandi og væri að sinna störfum á vegum þingsins. Því að hann er að sjálfsögðu formaður efh.- og viðskn. og hefði að öllu jöfnu verið að fylgjast með umræðum í þessu máli.

Varðandi jafnræðisregluna þá þarf ekkert að halda um það í sjálfu sér, þó að ég hefði tekið þannig til orða, vegna þess að jafnræðisreglan er lögfest í stjórnsýslulögum og gildir um svona viðskipti.

[17:21]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég eiginlega fer að spyrja sjálfan mig þegar mér er fullkunnugt um það að við erum búin að gera þennan nýja mannréttindasáttmála um markaðsvæðingu Evrópu og eigum ekki annarra kosta völ en að hlíta ýmsum tilskipunum sem arkitektum markaðarins þóknast að senda okkur hingað. En ég spyr hvort þetta taki virkilega til alls heimsins, um alla hluti? Ég er ekki að tala bara um Evrópu, ég er að tala um tóbak í þessu tilviki og ég er að spyrja hvort þetta hafi fengið einhverja umfjöllun hér í heilbrrn. Eða er það kannski bannað líka? Er kannski bannað að ræða yfirleitt um þessa þætti alla vegna þess að það samrýmist ekki markaðslögmálum? Mér er bara spurn.

Síðan vil ég ítreka það að ég sagði í upphafi míns máls og vitnaði þar í ummæli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, þar sem hann sagði að hann teldi að þetta mál hefði orðið sér til framdráttar, ef ég man það rétt, og ég gerði þau ummæli hans að umræðuefni hér.

[17:23]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að fá að nota þetta tækifæri til andsvars til þess að reyna að svara hér þeim spurningum sem hv. þm. spurði um. Það kann að vera að síðar í umræðunni geti ég komið frekar inn í það og svarað nánar ef hv. þm. sættir sig ekki við svarið.

Það er rétt, eins og fram kom hjá hv. þm., að landlæknir leggst ekki gegn frv. sem slíku. Hann varar hins vegar við afleiðingunum sem af því geti hlotist, sé um aukið framboð að ræða. Þetta kemur fram í greinargerð landlæknis til hv. heilbr.- og trn. frá 7. júní. Nú er það hins vegar svo að talsvert hefur gerst í þessum málum síðan þessi greinargerð var send frá embættinu og m.a. það, og kom fram í máli hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur áðan, að hér munu verða lagðar fram tillögur um stofnun forvarnasjóðs sem gert er ráð fyrir að hafi til ráðstöfunar 25–30 millj. kr. Það eru meiri fjármunir, held ég að mér sé óhætt að fullyrða, heldur en nokkurn tíma fyrr hafa verið settir í forvarnir á þessu sviði áður. Menn eru því að stíga mjög mikilvægt skref í þeim efnum.

Ég átti samtal við landlækni fyrir nokkrum mínútum. Hann sagði mér þá að þegar þessi grein hans var skrifuð og þessar athugasemdir hans voru fram settar þá hafi þetta ekki legið fyrir. Hann sagði mér jafnframt að hann hefði látið hafa það eftir sér í fjölmiðlum að þetta breytti talsverðu í þessum efnum.

Varðandi annað atriði er spurt var um, um tóbaksvarnirnar og vímuefnavarnirnar, þá hefur komið fram hjá heilbr.- og trmrh. að ráðherrann hyggst flytja frv. um áfengis- og vímuefnavarnir á haustþingi.

Einnig hefur komið fram að það er meiningin að flytja hér frv. um tóbaksvarnir með svipuðum hætti og fyrri ríkisstjórn flutti og barðist fyrir og munaði litlu að hér yrði samþykkt. Þannig að það er margt, hv. þm., sem menn eru að vinna að í þessum efnum til þess að spyrna við fótum, til að draga úr tóbaksnotkun og eins til að draga úr áfengisneyslu. En eins og ég segi, hv. þm., ég er tilbúinn til að reyna að svara frekar, ef þetta er ekki fullnægjandi svar, síðar við umræðuna.

[17:25]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hans svör. Hins vegar held ég að það þurfi miklu ítarlegri umræðu um þessi efni og ekki síst þær mótsagnakenndu upplýsingar sem okkur eru að berast af afstöðu landlæknis. Það er rétt að aðstoðarlandlæknir kom á fund heilbrn. þegar hún fjallaði um þessi mál almennt og svo að ég vísi í umsögn Ögmundar Jónassonar og Ástu R. Jóhannesdóttur um þessi frumvörp, með leyfi forseta, þá segir þar um hlut aðstoðarlandlæknis orðrétt:

„Aðstoðarlandlæknir taldi frv. ekki til bóta, enda væri hér verið að stíga „fyrsta skrefið" og opna fyrir „duldar auglýsingar". Tók fulltrúi landlæknisembættisins undir það sjónarmið að með lagabreytingunum væri áfengi gert að verslunarvöru í ríkari mæli en verið hefur og þar með mundi aukast áhersla á að koma áfengi á markað." — Tilvitnun lýkur í umsögn minni hluta heilbrn.

Síðan vil ég taka það fram að í þessu bréfi sem heilbrn. var skrifað frá 7. júní talar landlæknir um áfengisvarnir almennt, segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef samþykkt framangreinds frv. verður til þess að auka framboð og neyslu áfengis, sem margt bendir til að verði, leggst landlæknisembættið á móti samþykkt þess."

Ég á hins vegar erfitt með að sjá hvernig forvarnasjóðurinn kemur inn í það mál. Það er annað og óskylt mál. En mér finnst að þessar upplýsingar, sem eru að koma hér inn núna, þurfi miklu frekari umræðu. Mér fyndist eðlilegt að þeir þættir sem eru núna að koma upp, bæði með tóbakssöluna og afstöðu landlæknisembættisins, séu tilefni þess að fara með þetta aftur inn í heilbrn. og fá nánari útlistanir frá heilbrrn.

[17:28]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt og má ekki skilja orð mín hér áðan með þeim hætti að landlæknir hafi verið að draga í land með sínar viðvaranir hvað þetta snertir, um aukið framboð á áfengi. Hann sagði hins vegar að það væri svo að þessar upplýsingar um forvarnasjóðinn, sem þarna um ræðir, hefðu ekki legið fyrir þegar greinargerðin var skrifuð og landlæknir hefði látið hafa það eftir sér að hann fagnaði því að þessi forvarnasjóður væri að koma fram og hann skipti mjög miklu máli í þessu sambandi. Þannig að ég vil að það sé alveg á hreinu. Landlæknir er ekki að draga sína umsögn um frv. til baka, síður en svo, miðað við það ástand sem var þegar hún var gerð.

[17:29]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta skuli vera á þennan veg, að það stendur sem áður hefur komið fram, að landlæknir leggst gegn samþykkt þessa frv. (**Gripið fram í:** Hann varar við.) Ja, við skulum hafa það svo, svo að það fari ekkert á milli mála, ef samþykkt framangreinds frv. verður til þess að auka framboð og neyslu áfengis, sem margt bendir til að verði, leggst landlæknisembættið á móti samþykkt þess.

Ég veit að það eru ýmsir sem hlæja að þessu. Menn hlæja líka kannski að Vímulausri æsku, Heimili og skóla, áfengisvarnaráði. Öll helstu almannasamtökum í landinu sem láta þessi mál til sín taka eru bara virt að vettugi. En Kaupmannasamtök Íslands og Verslunarráðið, menn bugta sig í duftið fyrir þessum aðilum og skjálfa í hnjáliðunum yfir skipunum og tilskipunum frá Brussel. Ég vek athygli á því að fyrir þá sem hafa efasemdir um að það kunni að vera einhver álitamál uppi í þessum efnum gagnvart þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem við höfum tekist á herðar þá mun koma fram brtt. frá mér og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þar sem tekið verður á þeim málum. En heppilegustu leiðina teldi ég að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar aftur þannig að hún endurskoðaði þessi mál og reyndi að vinna heimavinnuna sína svolítið betur, en stæði ekki hér á gati í öllum efnum.

[17:31]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Umfjöllunin um þetta mál sem hér er á dagskrá hefur verið mjög lærdómsrík. — Virðulegi forseti. Ef starfandi heilbrrh. getur ekki verið hér við umræðuna þá held ég að það sé óþarfi að halda henni áfram.

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. iðnrh., starfandi heilbrrh., verði hér við.)

Sú umræða sem hér hefur farið fram og meðferð þingsins á þessu máli hefur verið mjög lærdómsrík. Hún hefur ekki síst verið lærdómsrík fyrir hæstv. heilbrrn. og þá sem þar bera ábyrgð. Þegar hæstv. fjmrh. kom með þetta mál í þingið og reyndar tvö sem hér eru á dagskrá, þá var viðhorf stjórnarflokkanna til frumvarpanna á þann veg að þessi frumvörp bæri að afgreiða með einföldum hætti í þinginu. Svo mikið lá við að hæstv. fjmrh. óskaði eftir því að fá að mæla fyrir báðum frv. í einu, vísa þeim með hraði til nefndar og afgreiða málin sem skjótast.

Hæstv. heilbrrh. áttaði sig þá allt í einu á því í þingsalnum að líklegast væri þetta mál sem heilbrrn. ætti lögum samkvæmt að láta til sín taka um. Nú þegar málið kemur frá nefnd þá er komið í ljós að þessir sömu stjórnarliðar og þessir sömu ráðherrar, sem fyrir fáeinum vikum síðan töldu að engu þyrfti að breyta, eru að hæla sér af veigamiklum brtt. sem hafa verið lagðar fram um þetta mál. Í þeim brtt., m.a. stofnun forvarnasjóðsins, sem starfandi hæstv. heilbrrh. var að gera að umtalsefni áðan, felst viðurkenning á því að þegar hæstv. ríkisstjórn kom með málið inn í þingið var það á engan hátt í þeim búningi að það væri hægt að afgreiða það. Ég tel þess vegna að eins og málið liggur hér fyrir við 2. umr. og þær brtt. sem stjórnarflokkarnir flytja hér og ráðherrar hafa gert að umtalsefni, staðfesti að sú gagnrýni og kannski það andóf sem einstaka þingmenn hafa haft uppi um þetta mál í þinginu hafi verið byggt á fullum rökum. Hver eru rökin? Þau eru tengd því að áfengi hefur tvíþætt eðli í okkar þjóðfélagi: Það er annars vegar verslunarvara og lýtur þess vegna lögmálum viðskipta, bæði í alþjóðlegum samningum um það efni sem og öðrum lögmál-

um sem um viðskipti fjalla, en í öðru lagi er áfengi vímuefni. Áfengi er vímuefni sem sannanlega skaðar þá sem neyta þess í óhófi til lengdar, sem sannanlega er orsök fjölmargra slysa og sjúkdóma í okkar þjóðfélagi, sem sannanlega er orsök fjölmargra fjölskylduvandamála og persónulegra harmleikja í okkar þjóðfélagi, sem sannanlega er ein meginorsök unglingavandamála í okkar þjóðfélagi.

Þessi seinni þáttur málsins hafði á engan hátt verið skoðaður, ræddur eða undirbúinn þegar ríkisstjórnarflokkarnir komu með þetta mál hér til þings. Sérstaklega var þáttur Framsfl. ámælisverður í þeim efnum vegna þess að hv. fyrrv. þm. Jón Helgason rakti á síðasta þingi mjög rækilega þessa þætti málsins og benti á það með skýrum rökum í nokkrum ræðum á síðasta þingi, að ef ætti að afgreiða þessi frv. þá yrði að taka þann þátt sem snertir áfengi sem vímuefni, áfengi sem vandamál heilbrigðiskerfisins til miklu rækilegri umfjöllunar. Ég tel þess vegna að það beri að fagna því að nokkru leyti hér við 2. umræðu, að vegna málflutnings nokkurra þingmanna stjórnarandstöðunnar, vegna vinnu nokkurra þingmanna í nefndum, hefur tekist að klæða málið í búning sem er þó í áttina að því að menn með opnum augum átti sig á því að áfengi er ekki bara eitthvað sem tengist EES-samningnum, þó að margir hafi talið að verslun með áfengi væri undanþegin EES-samningnum.

Áfengi er vandamál. Víðtækt, þjóðfélagslegt, heilbrigðislegt og fjölskyldulegt vandamál. Viðurkenning á því sjónarmiði hefur ekkert með það að gera hvort einstaklingar neyta þess eða ekki sjálfir, heldur tel ég að þingið, sérstaklega nú á tímum, þegar fjölskyldustefna, persónuvernd og heilbrigði einstaklinga og þjóðfélagsheilda eru æ ríkari þáttur í umfjöllum þjóðþinga og stjórnvalda víða um heim, þá beri að horfa á þennan þátt málsins mjög rækilega.

Mér hefur verið tjáð t.d. og er nú vont að hæstv. fjmrh. skuli vera fjarri, en vonandi heyrir hann það. (**Fjmrh.:** Hann hlustar.) Mér hefur verið tjáð að fram hafi komið á vettvangi heilbrn. að fulltrúi heilbrrn. hafi kvartað undan því að heilbrrn. hafi gengið mjög illa að fá fjmrn. til þess að viðurkenna þessa þætti málsins. Það er auðvitað mjög slæmt ef fjmrn. áttar sig ekki á því að um áfengi gilda önnur lög en þau sem snerta verslun með áfengi.

Ég vil einnig segja það, virðulegi forseti, út af orðum hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur — það er nú líka vont að þessi eini fulltrúi Sjálfstfl. í efh.- og viðskn., sem hér er þó til andsvara, skuli ekki vera viðstaddur umræðuna samfleytt. — Ég vil líka segja það við hv. þm. að það er ekki hægt að halda þannig á málum af hálfu stjórnarliðsins í þinginu að þeir sem bera ábyrgð á málinu í nefndum séu eiginlega aldrei til viðtals í þingsalnum um tillögugerð nefndarinnar. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur metið þær skyldur sínar að vera erlendis mikilvægari en þær skyldur sínar að vera hér, vegna þess að þingmanninum ber líka skylda til að vera hér. Hann er formaður nefndarinnar sem um þetta mál fjallar og það kom fram á þeirri stuttu stund sem hann var viðstaddur umræðu um þetta mál í síðustu viku, að hann upplýsti það hér að hann var höfundur, ásamt fulltrúum Framsfl. í nefndinni, að m.a. þeirri breytingu á stjórnskipulagi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem lagt er til að hér verði gerð. Báðir fulltrúar Framsfl. sem stóðu að þessari tillögugerð, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir og hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, eru líka fjarverandi, ekki bara í dag heldur líka í síðustu viku. Við höfum þess vegna ekki átt neinn möguleika til þess að ræða við þá fulltrúa Framsfl. sem samkvæmt upplýsingum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar eru höfundar tillögunnar um það að breyta stjórnskipulagi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þá er verið að setja okkur í þá aðstöðu samkvæmt kenningu hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur að við megum ekki tala um málið vegna þess að hv. þm. séu fjarverandi í skyldustörfum sínum erlendis og þess vegna megi ekki tala um þá, orð þeirra, verk og tillögur. Það gengur auðvitað ekki upp, hv. þm. Það er ekki hægt að setja þinginu þær skorður að fyrst einstakir þingmenn sem unnið hafa að málum meta skyldur sínar erlendis meira en skyldur sínar hér þá verðum við hinir að afneita rétti okkar til að fjalla um málið.

Ég segi það alveg skýrt að mér finnst hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafa umgengist þetta mál af ótrúlegri léttúð og þau svör sem hann gaf í þingsalnum í síðustu viku og hv. þm. Ögmundur Jónasson vék m.a. að í sinni ræðu gefa til kynna að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson líti alls ekki á þetta mál sem alvörumál heldur eitthvað sem hann getur svarað í hálfkæringi og flimtingum þegar menn eru að setja fram rökstudda gagnrýni á bæði tillögugerð og sjónarmið sem fram hafa komið.

Mér finnst líka vera fullkomlega óeðlilegt að af hálfu Framsfl. skuli það ekki vera útskýrt í þingsalnum af einum einasta manni hvaða rök eru fyrir því að í tengslum við þetta mál skuli eftir rúmlega 70 ára sögu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fulltrúar Framsfl. í efh.- og viðskn. allt í einu að komast að þeirri niðurstöðu að nú verði að breyta stjórnskipulagi fyrirtækisins, nú verði að setja því stjórn. Það má vel vera að það geti verið rök fyrir því að setja fyrirtækinu stjórn. Þau hafa bara ekki verið borin fram í þingsalnum af hálfu þeirra sem flutt hafa um það tillögu, hvað þá heldur að tillaga um að setja stjórn yfir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins snerti eitthvað það mál sem hér er verið að fjalla um.

Upphaflega var þetta mál kynnt þannig að beint eða óbeint væri upphafs þess að leita í EES-samningnum. Það er ekkert í EES-samningnum sem segir að það eigi að skipa stjórn yfir Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Hvert á að vera verkefni þessarar stjórnar. Hvaða hagsmunir eiga að eiga þar fulltrúa? Hvaða starfsháttum á stjórnin að fylgja? Á hún að skerða eitthvað valdsvið forstjórans? Á hún að gæta almannahagsmuna? Á hún að gæta hagsmuna innflytjenda? Á hún að gæta hagsmuna neytenda? Á hún að gæta heilbrigðishagsmuna? Hvert er verkefnið?

Við höfum aðra ríkisstofnun, Ríkisútvarpið. Þar kýs þingið stjórn yfir ákveðnum þætti í starfsemi útvarpsins, þ.e. dagskrárgerðinni, útvarpsráð. Það er ekki fjár-

málastjórn. Útvarpsráð er ekki fjármálastjórn yfir Ríkisútvarpinu. Sú stjórn er í höndum embættismanna Ríkisútvarpsins. Það liggur ekkert fyrir í þeirri tillögugerð sem hér er lögð fram hvert á að vera verksvið þessarar stjórnar. Og það sem er verra er að hæstv. fjmrh. á að hafa algerlega opna heimild um það að velja einstaklinga í þessa stjórn. Hæstv. fjmrh. vék að því í andsvari fyrir helgina að það mætti með vissum hætti líkja þessu við Lyfjaverslun ríkisins. Hæstv. fjmrh. veit auðvitað að þessi tvö fyrirtæki eru jafnólík og frekast getur verið.

Áfengis- og tóbaksverslunin fjallar um eitthvert viðtækasta svið í okkar þjóðfélagi, sinnir því erfiða verki að sækja tekjur fyrir ríkið án þess að auka neysluna, og ég legg áherslu á þetta síðasta atriði, án þess að auka neysluna, því það hefur ávallt verið tengt markmiðum verslunar með áfengi á Íslandi að sá hluti markaðslögmálanna sem felst í því að selja sem mest gilti ekki um verslun með áfengi. Mér finnst mjög mikilvægt að hæstv. fjmrh. geri okkur grein fyrir því hvort með einhverjum hætti sé verið að feta sig frá þeirri braut að reyna að halda sölunni og þar með neyslunni á áfengi innan hóflegra marka.

Þegar opnað er á þá möguleika sem gert er í þessum tillöguflutningi þá segir það sig sjálft að það er búið að skapa fjömarga nýja möguleika fyrir umboðsaðila og innflytjendur að auka neysluna og satt að segja er það þannig að 30–40 millj. eða hvað það er sem á að vera í þessum forvarnasjóði er satt að segja ansi lítið fé.

Hér var t.d. fyrir nokkrum árum síðan reglulega haldið uppi fræðslustarfi í grunnskólum og framhaldsskólum um reykingar. Það fræðslustarf var að margra dómi veigamikill þáttur í því að draga úr reykingum í okkar landi, minnka þannig tilkostnað heilbrigðisstéttanna og auka heilbrigði og hamingju einstaklinganna. Ég held að ég fari rétt með að þetta fjármagn hafi verið skorið það rækilega niður á undanförnum árum að slík fræðslustarfsemi hafi ekki farið fram um langt árabil, a.m.k. ekki í sama mæli og áður, í grunnskólum eða framhaldsskólum. Sé ætlunin með forvarnastarfi að taka upp fræðslu í grunnskólum og framhaldsskólum um þá hættu sem felst í áfengisneyslu unglinga þá er alveg ljóst að 30–40 millj. í þeim efnum eru litlir peningar.

Við heyrðum af því fréttir fyrir nokkru síðan að þegar prófum í framhaldsskólunum og jafnvel grunnskólunum lauk hafi það leitt til verulegrar unglingadrykkju á götum höfuðborgarinnar. Því miður er það þannig að á síðari árum hafa komið fram fjölmörg dæmi um það að unglingadrykkja í okkar þjóðfélagi hefur færst í vöxt með þeim hætti að sívaxandi hópur drengja og stúlkna er um tvítugsaldur orðnir alvarlegir áfengissjúklingar. Það var *nánast óþekkt í landinu* fyrir 25–30 árum síðan, en í dag búum við við víðtækt þjóðfélagsvandamál sem felst í því miður allt of stórum hópi drengja og stúlkna sem eru samkvæmt skilgreiningu læknisfræðinnar orðnir áfengissjúklingar um tvítugsaldur.

Við höfum kannski rætt allt of lítið um þennan þátt málsins hér á Alþingi og ég heyri það t.d. á einstaka þingmönnum í hliðarsölum að menn gera létt grín að þessari umræðu og segja: Eru hér einhverjir bindindismenn að tala? Eða af hverju er verið að tala um þessa vitleysu, eins og heyrðist í frammíkalli frá einum þingmanni áðan. Ég vil spyrja þingmenn: Vita menn um einhverja neysluvöru á Íslandi sem skapar meiri heilbrigðisvandamál, meiri fjölskylduvandamál, meiri einstaklingsvandamál í okkar þjóðfélagi en neysla á áfengi? Geta menn nefnt einhverja eina vörutegund sem fer fram úr áfenginu hvað þetta snertir? (**KH:** Sykur.) Sykur, segir hv. þm. Kristín Halldórsdóttir. Það getur vel verið, hv. þm., að það megi nefna sykur í þessu sambandi. Ég veit ekki um mörg umferðarslys sem verða vegna neyslu á sykri. Ég veit ekki um marga unglinga sem eru orðnir ósjálfbjarga vegna sjúkdóma líkt og áfengisneysla er vegna neyslu á sykri um tvítugt. Ég vara satt að segja við því að vera að flytja þessa umræðu niður á það plan að það megi nefna sykur eða einhverjar slíkar vörutegundir og þar með sé umræðunni vísað út af borðinu. Það má vel vera að hægt sé að rekja einhverja langvarandi sjúkdóma sem ég held að komi flestir fram miklu síðar á ævinni til neyslu sykurs en þeirra harmleikja sem við erum hér að ræða um og snerta áfengisneyslu beint og óbeint.

Þau frumvörp sem við erum hér að ræða um hafa skapað þessa umræðu í þinginu vegna þess að með þeim er verið að stíga fyrsta skrefið út úr þeim þrönga viðskiptaramma sem í ártugi hefur gilt um verslun með þessa vöru á Íslandi. Við erum satt að segja mörg hver þeirrar skoðunar að réttara hefði verið að þrengja viðskiptarammann enn frekar en að rýmka hann. Það væri hægt að færa fyrir því víðtæk rök, hæstv. fjmrh., að það mundi leiða til verulegs sparnaðar í ýmsum útgjaldaþáttum ríkisins að minnka neyslu á áfengi, sérstaklega hjá ákveðnum þjóðfélagshópum á ákveðnu aldursskeiði. En sú umræða fæst aldrei í gang vegna þess að það ríkir ákveðið tabú í kringum þetta, nákvæmlega sams konar tabú og ríkti gagnvart umræðunum um reykingar fyrir svona 10–15 árum síðan. Nú er það viðurkennt að reykingar séu slíkur sjúkdómavaldur að það sé réttlætanlegt að skerða persónufrelsi einstaklinga varðandi neyslu þessa efnis. Og það sem meira er að læknisfræðilega hefur það verið talið sannað að reykingamaður sem reykir á vinnustað innan um fólk sem ekki reykir, t.d. barnshafandi konur, sé að valda þeim sem eru á sama stað og fóstrinu verulegu tjóni. Þess vegna hafa jafnvel í landi frelsisins, Bandaríkjunum, verið teknar upp reglur og sett lög um það sem banna ekki aðeins reykingar t.d. í flugvélum og á veitingastöðum heldur banna líka reykingar á vinnustöðum. Svo hörð er löggjöfin í New York t.d., *háborg viðskiptafrelsisins*, að *í skýjakljúfunum á* Manhattan, í skýjakljúfunum á Wall Street, þekktasta götunafni viðskiptafrelsisins í heiminum, er samkvæmt löggjöf bannað að reykja á hverri einustu hæð skýjakljúfanna. (**GHelg:** Þetta er kolvitlaust fólk.) Hv. þm. getur haft sínar skoðanir á því, eins og þekkt er. Það breytir ekki því að löggjafinn í Bandaríkjunum hefur

talið nauðsynlegt vegna heilsusjónarmiða og annarra sjónarmiða að banna með lögum reykingar á öllum skrifstofum í háborg heimsviðskiptanna á Wall Street á Manhattan. Og svo standa menn hér, hæstv. fjmrh., hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og segja að neysla vímuefna verði að vera frjáls í nafni viðskiptafrelsisins. Eru þau lög eitthvert brot á viðskiptafrelsi sem yfirvöld í Bandaríkjunum, bæði þjóðþingin, ríkisþingið og borgarstjórnirnar hafa sett um neyslu áfengis og tóbaks á opinberum vettvangi, á vinnustöðum og annars staðar? Er það eitthvað brot á einstaklingsfrelsinu, viðskiptafrelsinu? Á hvaða braut erum við þegar hér á Íslandi er verið að opna starfshætti í verslun með áfengi, þetta vímuefni, á sama tíma og í háborg viðskiptanna í Bandaríkjunum eru menn að ræða hvernig sé hægt að takmarka þessi viðskipti vegna þeirrar hættu sem í þeim felst.

Þess vegna er ég þeirrar skoðunar, hæstv. fjmrh., að væru íslensk stjórnvöld, hæstv. heilbrrn. og hæstv. fjmrn., með sannfæringu fyrir því að þær skoðanir sem íslensk stjórnvöld sannanlega lýstu á sínum tíma, að vegna heilbrigðis- og félagssjónarmiða áskildum við okkur rétt í EES-samningnum að hafa áfram forræði á þeim viðskiptaháttum sem við vildum hafa um þessi efni í okkar landi, þá væri réttara að sækja þetta mál fyrir EES-dómstólnum ef eftirlitsnefndin vill þá höfða mál eða einhver annar. Ég tel sérstaklega, hæstv. starfandi heilbrrh., að það hafi átt að vera skylda heilbrrn. að knýja á um að það yrði gert. Það hafi verið röng ákvörðun hjá heilbrrn. að beygja sig undir það að þessum þætti, sem var kjarninn í fyrirvara Íslands, væri bara ýtt til hliðar hér heima og farið í þann leiðangur sem menn eru í hér nú með þessi stjfrv. Vegna þess að þegar íslensk stjórnvöld ýta því til hliðar nú þá tel ég að þau hafi ekki möguleika til að taka upp vörnina þegar kemur að smásölunni.

Með því að beygja sig undir það að gera þessar breytingar fyrir fram bara út af áliti eftirlitsstofnunarinnar, en án þess að dómstóllinn hafi fellt úrskurð, er ríkisstjórn Íslands, Sjálfstfl. og Framsfl. og þeir sem standa að þessum breytingum, að mínum dómi að stíga skrefið í áttina að því að smásalan verði líka gefin frjáls. Ég held því miður að það sjónarmið sem hæstv. utanrrh. lýsti hér við 1. umr. málsins, að ef það gerðist að eftirlitsstofnunin léti í ljós þá skoðun að ríkisskipunin á smásölu áfengis samrýmdist ekki EES-samningnum hér á Íslandi þá bæri að fara í mál, þá ætti ekki að beygja sig fyrir áliti eftirlitsstofnunarinnar, sé rangt mat, í grundvallaratriðum rangt mat. Að varnarlínan liggi ekki milli smásölustigsins og heildsölustigsins, eins og hæstv. utanrrh. vildi vera láta, heldur liggi varnarlínan um málið í heild sinni út frá grundvelli heilbrigðissjónarmiða og félagslegra sjónarmiða, en ekki út frá viðskiptamismun milli heildsölu annars vegar og smásölu hins vegar. Það er hættan sem heilbrrn. og ríkisstjórnin er búin að setja íslenskan málstað í, að beygja sig undir það að viðskiptarökin séu æðri í málinu.

Ég vil segja það hér alveg skýrt að ef það kemur að því að EFTA-stofnanirnar dæmi að lokum á þann veg að það verði líka að gefa smásöluna frjálsa þá liggur orsökin í afstöðu þess meiri hluta sem stendur að þessum málum hér.

Mér finnst líka mikilvægt að ræða það hér og mér finnst merkilegt að það fæst ekki um það umræða af hálfu hvorugs stjórnarflokksins og alls ekki ráðherranna, að þeir telji það eitthvað óeðlilegt að mál gangi til dóms innan EES-svæðisins. Það er sjónarmið sem ég skil ekki. Hvað sem líður afstöðu manna til EES-samningsins þá var sett upp sú skipan að þar væri eftirlitsstofnun og þar væri úrskurðaraðili, hliðstætt því sem við erum með í okkar landi. Við erum með eftirlitsaðila eins og lögreglu og margar aðrar eftirlitsstofnanir og svo erum við með dómstóla. Er eitthvað óeðlilegt að aðili sem telur að eftirlitsstofnun eða t.d. lögregla hafi rangt fyrir sér biðji um úrskurð dómstóls? Felst einhver ósigur í því, felst eitthvert tap eða vanmat í því? Nei alls ekki.

Það er alveg ljóst að við erum að fjalla hér um atriði — og ég fullyrði að allir þeir sem komu að EES-samningnum á undirbúningsstigi, á umfjöllunarstigi og allt fram undir kannski síðasta áfangann voru þeirrar skoðunar að við þyrftum ekki að gera breytingar á þessu atriði vegna EES-samningsins. Þá er réttara og skynsamlegra að láta dómstólinn virka. Og að gefa það til kynna hér í meðferð þessa máls að það sé álitshnekkir, eins og sumir hafa talað, að það sé álitshnekkir fyrir Ísland að mál gangi til úrskurðar hjá EES-dómstólnum. Það er enginn álitshnekkir. Er það einhver álitshnekkir fyrir hv. þm. Stefán Guðmundsson ef einhver lögreglumaður telur að hann hafi brotið eitthvað af sér og hv. þm. er ósammála lögreglumanninum og fer í mál, neitar að borga sína sekt og lætur málið ganga til úrskurðar héraðsdómara í sinni heimabyggð? Auðvitað er það enginn álitshnekkir. Réttarríkið byggir á því að menn láti mál ganga í úrskurð. (**StG:** Af hverju settir þú mitt nafn í ...?) Það er engin sérstök ástæða fyrir því. Ég tók bara dæmi af sómakærum alþingismanni, sem menn vita að vill ekki vamm sitt vita og myndi ekkert beygja sig undir það þótt einhverjir með derhúfu eða stimpil eftirlitsstofnunar væru að láta í té einhverja skoðun sem þingmaðurinn væri ósammála. (Gripið fram í.) Já.

Mér finnst þess vegna í þessu máli vera falin ansi alvarleg hætta á upphaftíma EES-samningsins að hér tala ráðherrar og ýmsir aðrir á þann veg að það væri í sjálfu sér tap fyrir Ísland að láta mál ganga í úrskurð. Þess vegna er ég eindregið þeirrar skoðunar að þessu máli sem hér er til umfjöllunar eigi að haga á þann veg að íslensk stjórnvöld eiga að neita að viðurkenna álit eftirlitsstofnunarinnar. Íslensk stjórnvöld eiga að neita að viðurkenna álit eftirlitsstofnunarinnar og búa sig í málflutning við dómstólinn þar sem, hæstv. heilbrrh., heilbrrn. hefur forustu. Ekki fjmrn. sem ber ábyrgð á viðskiptaþætti áfengismálanna á Íslandi, ekki utanrrn. sem að forminu til fjallar að vísu um samskipti við útlönd heldur það ráðuneyti sem ber ábyrgð á því starfssviði þar sem fyrirvarinn var. Að við vildum í milliríkjaviðskiptum af þessu tagi halda því til streitu að áfengi hefði tvíeðli. Annars vegar er það vara og hins

vegar er það fíkniefni.

Ég vil líka segja það hér til að fyrirbyggja misskilning að ég tel þetta mál ekki vera flokkspólitískt. Ég tel þetta ekki vera mál sem eigi að reyna að knýja fram til úrslita eftir því hvernig flokkar raða sér í ríkisstjórn undir ýmsum sjónarmiðum og tilviljunum frá einum tíma til annars. Eins og menn hafa heyrt í frammíköllum má vel vera að ég og hv. þm. Guðrún Helgadóttir séum ekki alveg sammála um alla þætti í þessu máli og við erum örugglega ekki sammála um alla þætti hvað snertir tóbaksvarnir. (**GHelg:** Ég er sammála formanninum í einu og öllu.) Ég þakka fyrir það. En það er bara ekki þátturinn í þessu máli. Það hefur tekist hér á Íslandi þangað til núna að hafa breiða flokkspólitíska samstöðu um það að annars vegar værum við með ákveðna viðskiptahætti um áfengi og hins vegar mundum við reyna að efla forvarnastarf og tryggja áfengisvarnir. Mér finnst þetta mál satt að segja vera sótt af slíku kappi að menn eru að slíta þá samstöðu í sundur. Einn þátturinn í því er það atriði í brtt. meiri hluta nefndarinnar að nota frv. til að gera breytingar á stjórnunarháttum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta hér og nú. Hins vegar árétta ég að mér finnst það ekki góðir starfshættir á Alþingi að þeir nefndarmenn, í þessu tilviki þingmenn Framsfl. í efh.- og viðskn., sem standa hér að ákveðinni tillögugerð hafa aldrei verið viðstaddir 2. umr. um málið. Hvorki hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir né hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson hafa verið viðstödd 2. umr. málsins þannig að okkur hefur ekki gefist nein aðstaða til þess að ræða við þingmennina um tillögur sem þau flytja. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst að hann er ekki frumkvæðisaðili að þeim tillögum heldur hafi það frumkvæði komið frá hv. þm.

Ég tel einnig, hæstv. starfandi heilbrrh., að brýn nauðsyn sé að heilbrrn. geri sig með myndugum hætti gildandi í þessu máli. Ekki bara á þinginu heldur líka gagnvart þeim erlendu stofnunum sem eru hluti af EES-kerfinu. Ég tel að það hafi komið rækilega í ljós í þessu máli og ég ætla ekki að segja að það sé sök núv. heilbrrh., hún er ný í því starfi, en það hefur tvímælalaust komið í ljós við meðferð málsins að heilbrrn. hafði af einhverjum ástæðum ekki staðið vaktina. Annaðhvort vegna andstöðu fjmrn. sem heilbrrn. beygði sig undir eða af einhverri annarri ástæðu. Ég vona satt að segja að innan heilbrrn. muni menn áður en þetta mál verður tekið hér til endanlegrar afgreiðslu vega það og meta að nýju hvort það er ekki skynsamlegra út frá þeim hagsmunum sem heilbrrn. ber að gæta um meðferð áfengis að afgreiða ekki þessi frv. heldur láta málið ganga ef eftirlitsstofnunin kýs svo til úrskurðar viðkomandi dómstóls á EES-svæðinu.

Ég ítreka það sjónarmið sem ég lét í ljós hér áðan að ég held að málatilbúnaðurinn í þessu máli geri það að verkum að Ísland muni engar varnir hafa þegar einhver kærir út af smásölunni — ég segi ekki ef — þegar einhver kærir út af smásölunni.

[18:09]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þingfundir hafa staðið yfir nokkuð stíft síðustu daga, m.a. var þingfundur sl. laugardag og síðan í gærkvöldi fram undir miðnætti og augljóst að það stefnir í það að áform eru uppi hjá forseta að halda kvöldfund að nýju í kvöld. Ég tel nauðsynlegt að gefa svigrúm til að ræða um þinghaldið næstu klukkustundirnar og vil mælast til þess við forseta að fljótlega verði gert hlé á þessum fundi þannig að það gefist tóm til þess að ræða saman um framhald þingstarfanna.

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Ég býst við að það gefist hlé um kvöldmatartíma til þess að fara yfir stöðuna, hvernig mál horfa þá.

[18:11]

**Guðrún Helgadóttir:**

Hæstv. forseti. Mér hefur nú gefist kostur á að sitja hér á aðra viku og hlýða á margar og langar umræður um það mál sem hér er til umræðu, sem er verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum, eins og þar segir. Hvaðan formanni mínum hv. og þm. Ólafi Ragnari Grímssyni kemur það að ég sé ósammála honum um áfengismál eða tóbaksmál og aðgerðir í þeim efnum veit ég ekki. Við erum sammála í einu og öllu í þeim efnum.

Margt ágætt hefur vissulega verið sagt hér um þau mál en ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég hef aldrei hlýtt á sérkennilegri umræðu en hér hefur farið fram þessa dagana. Vegna þess að allar þessar ræður eru utan við umræðuefnið. Þær hefðu átt að fara fram áður en samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var samþykktur. Það sem er kannski enn þá sérkennilegra er að nú drífa hér inn frá hinni nýju ríkisstjórn mál eftir mál sem koma Íslendingum í opna skjöldu og nægir að nefna mál sem hér bar að ekki alls fyrir löngu um að banna börnum að vinna sem er jafnfráleitt íslenskri þjóðarsál og hugsast getur. Það sem er kannski sérkennilegt er að það má ekki á milli sjá hvort er ruglaðra þjóðin eða þingið. Þeir tveir stjórnmálaflokkar sem unnu stórsigur í síðustu kosningum höfðu unnið sér það til ágætis, annar að samþykkja Evrópska efnahagssvæðið, hinn að vera á móti því. Síðan gengu þessir ágætu stjórnmálaflokkar í eina sæng og Sjálfstfl. verður nú að draga Framsfl. með sér í að berja hér í gegn mál sem flokkurinn var á móti þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var á dagskrá. Þeir eru ekki öfundsverðir framsóknarmenn, það verð ég að segja.

Ég veit ekki hvað hefur komið því inn í höfuðið á Íslendingum að þeir geti jafnan tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi, undirritað og staðfest samninga um alla skapaða hluti milli himins og jarðar og halda svo að þeir geti svo farið sínu fram eins og þeir helst vilja án þess að taka tillit til þess samnings sem þeir voru að undirrita. Ég vil minna á hvalveiðibannið góða forðum sem, sem betur fer, hæstv. núv. menntmrh. hefur tekið að sér í minn stað eftir að þjóðin hafði tekið það

mjög illa upp að ég gagnrýndi framgöngu manna í því máli. Þar var undirritaður samningur og staðfestur en síðan þverbrotinn um leið og Íslendingum sýndist svo. Það sama halda menn að þeir komist nú upp með varðandi Evrópska efnahagssvæðið og samninginn um það.

Það hefur komið hér fram og menn hafa saknað ákaflega hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálms Egilssonar, að það fáránlega í þessu máli er að það var akkúrat hann sem ýtti þessu máli af stað og kom því í raun og veru af stað núna. Ég er ekkert viss um að það hefði verið til umræðu á þessu þingi nema af því að hann, í krafti embættis síns sem framkvæmdastjóri Verslunarráðs, kærði Íslendinga fyrir að ætla að fara sínu fram í þessum málum. Nú veit ég ekki betur en að hann og hv. þm. Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv., séu í Bergen eða hafi verið þar fyrir nokkrum dögum einmitt á EFTA-fundi. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Voru þeir ekki beðnir um að taka þessi mál upp þar og biðja Íslendingum vægðar í þessum málum? Hvað voru þeir að gera þar?

Ég sakna ekkert hv. þm. 3. þm. Norðurl. e., Valgerðar Sverrisdóttur, vegna þess að hún var ein af fáum framsóknarmönnum sem hleypti samningnum í gegn með hjásetu sinni, ef ég man rétt.

Þessi umræða öll er allt of seint fram komin svo ágæt sem hún er. Ég verð að segja alveg eins og er þegar menn bjóða manni upp á að svo eigi að stofna einhvern forvarnasjóð og það er verið að þvæla vesalings hæstv. heilbrrh. inn í þetta mál að ósekju. Þetta mál snýst ekkert um velferð Íslendinga. Þetta snýst um samkeppni og viðskipti, þetta snýst um bissness, eins og allur samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið snýst um. Hann er enginn góðgerðastarfsemi, hann er ekkert til þess að bera fyrir brjósti hag Íslendinga né annarra þjóða. Hann snýst um fjármagn. Þetta er alveg undarleg umræða, ég verð að segja það alveg eins og er.

Auðvitað get ég svo sem fallist á það og skal ekkert hafa á móti því að við þumbumst hér eitthvað fram eftir sumri í þessu máli þannig að þetta fari fyrir dómstól í Brussel en ég get hins vegar sagt ykkur alveg strax að við töpum því máli að sjálfsögðu. Það vill nefnilega svo til, hæstv. forseti, að ég átti sæti í EFTA-nefndinni á síðasta kjörtímabili og EES-nefndinni og ég man aldrei eftir því, hæstv. forseti, að það kæmi nokkurn tímann fram, ekki á þeim fundum sem ég sat og þóttist ég fylgjast allvel með, að einhverjar sérþarfir yrðu virtar á Íslandi varðandi sölu á áfengi, ég hef aldrei heyrt það. Og hafi hæstv. fjmrh. og hæstv. fyrrv. utanrrh. sagt þinginu það, sem mig minnir að þeir hafi gert, þá voru þeir ósköp einfaldlega að segja ósatt.

Það er það sem menn eiga að ræða hér. Voru þeir að segja ósatt? Þess í stað eru menn farnir að hanga í símanum og tala við landlækni. Ég veit ekki hvernig í ósköpunum hann kemur inn í þetta mál. Stefna manna í heilbrigðismálum er allt annað mál og þessu öldungis óviðkomandi. Það er engin efi í neins manns hjarta hér inni að það ber að uppfræða börn og unglinga um hættuna af ofnotkun áfengis og hættuna af þeim ósið að nota tóbak. Það er skylda foreldra og kennara, það á ekki að stofna neinn sjóð til þess. Það er bara skylda kennara að fella það inn í öll samskipti við börn og unglinga að vara þau við slíku.

Ég held jafnframt að það séu ekki allar syndir guði að kenna, eins og einhvern tímann var sagt. Kannski gætum við spurt okkur hér: Er kerfið sem við höfum, sem ég vil gjarnan hafa áfram — en ef ég væri spurð — finnst þér það svona gott? Þá mundu nú koma á mig vöflur. Ég sé ekki að stýringin á neyslu áfengis í landinu sé til fyrirmyndar og ég held að eftirlitið með blessuðum unglingunum sé ekki til þess að hrópa húrra fyrir. Hitt er annað mál að ég er ekki í nokkrum vafa um að slæmt er það fyrir en verra yrði það þegar þessi ósköp yrðu að lögum.

Hitt er svo annað mál að menn eru óskaplega tilbúnir til að einfalda hluti. Það skyldi nú aldrei vera að það væru fleiri þættir sem orsökuðu ofdrykkju og hvers kyns óhamingju. Það skyldi nú aldrei vera að atvinnuleysi þúsunda manna í landinu, fátækt þúsunda manna og hvers kyns erfiðleikar væru eins mikill valdur að áfengisdrykkju og það hvað auðvelt er að ná í það. Ég held að manneskja sem er í sæmilegu jafnvægi geti yfirleitt notað áfengi af einhverju skynsamlegu viti og alveg eins held ég að barn sem er sæmilega hamingjusamt og á gott heimili geti forðast að fara allt of snemma að neyta áfengis, löngu áður en barnið ræður nokkuð við það. Þannig að ég held að það geti verið allflókið mál.

En hv. 8. þm. Reykn., ég verð að skjóta því að, lýsti því fjálglega áðan hvað Bandaríkjamenn væru komnir langt í að banna alla skapaða hluti og m.a. tóbaksnotkun og tók sem dæmi að á allri Manhattan væri bannað að reykja og í helstu höfuðstöðvum fjármálanna. Hefur hv. þm. séð verðbréfamarkaðinn í Wall Street? Hafi ég nokkurn tímann séð samkomu sem minnti mig ekki á neitt nema geðveikrahæli þá er það nákvæmlega verðbréfaþingið í Wall Steet. Ég ætla að vona til guðs að það sé ekki af því að þeir séu hættir að reykja að þeir láta eins og þeir láta þar. (**ÓRG:** Þeir reyktu enn þá þegar þingmaðurinn heimsótti þá.) Nei, það er ekki rétt. (**Gripið fram í:** En hættu snarlega eftir það.)

En grínlaust. Það sem ég hef við alla þessa umræðu að athuga er sem sagt þetta: Þetta mál er bara eitt af mörgum og við eigum eftir að fá þau fleiri þar sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hentar ekki á nokkurn hátt fyrir þetta þjóðfélag sem við erum að reyna að stjórna. Og það sem verra er, verði þessum samningi ekki sagt upp þá ráðum við minna og minna yfir okkur sjálfum og þetta veit hvert mannsbarn hér inni. Þess vegna verð ég að segja það að mér finnst það að fara undan í flæmingi að eyða hér tíma í að vera svo að þvæla um alls kyns hluti sem koma þessu máli raunverulega ekkert við, ekki nokkurn skapaðan hlut. Allra síst hefur ESA minnsta áhuga á heilbrigðismálum Íslendinga ef þið haldið það, hæstv. forseti, og bið ég afsökunar á að ég ávarpaði ekki forseta.

Ég held þess vegna að þetta verði afskaplega ótrúverðug umræða. Menn eru farnir að tala hér um stjórn

Áfengisverslunar ríkisins. Hún er allt annað mál. Við getum rætt um hvernig á að stýra þeirri stofnun en hún kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við. Ég held að við séum einfaldlega komin að því að gera upp við okkur: Ætlum við að vera áfram aðilar að Evrópsku efnahagssvæði? Ég býst við að hv. framsóknarmenn séu nú orðnir ákveðnir í því og við höfum séð sorglega tilburði hæstv. félmrh. til að tala fyrir málum hins Evrópska efnahagssvæðis sem bara hefur orðið þannig að það var ekki þurrt auga í salnum. En þessi mál munu streyma hér yfir okkur. Frá þessari sérkennilegu ríkisstjórn þar sem helmingurinn af henni er með samningnum og hinn á móti en báðir verða að tala fyrir málunum. Og hvernig á nú vesalings íslenska þjóðin að botna í svona fólki? Ímyndar sér einhver að Íslendingar hætti að láta börnin sín upp að 15 ára aldri hafa eitthvað fyrir stafni? Ég held að það detti bara ekki nokkrum lifandi manni í hug, hvað sem yrði samþykkt hér á hinu háa Alþingi. Og þannig munu mál ganga á þessu kjörtímabili.

Ég bið menn þess vegna að vera ekki að blanda landlækni og hæstv. heilbrrh. og alls kyns samtökum eins og Vímulausri æsku og alls kyns góðum samtökum sem eru að koma í veg fyrir ofnotkun áfengis og vímuefna í þetta mál. Þau koma þessu máli nákvæmlega ekkert við. Ég hlaut, hæstv. forseti, að taka mér það bessaleyfi að segja þetta um leið og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvar maðurinn er staddur nú, hv. 5. þm. Norðurl. v., fyrrverandi formaður minn í EFTA-nefndinni og núv. hv. formaður efh.- og viðskn., sem kærði málið svo að þetta yrði keyrt í gegnum þingið vegna þess að honum finnst ekki að við eigum að hafa það sölukerfi sem við höfum nú? Hvað var honum falið að gera í þessu máli? Ég býst við að hæstv. fjmrh. hafi beðið hann um að sjá svo til að við fengjum að hafa þetta alveg eins og okkur sýnist þar sem hér sé ekki nokkur friður með þetta. Ég vil gjarnan vita hvaða niðurstöðu þeir hafa komist að þar úti.

Að öðru leyti er ég sammála hverju orði sem hefur verið sagt í þessum umræðum. En ég verð að segja það alveg eins og er að það þreytir mig þegar menn vita ekki lengur um hvað þeir eru að tala. Þetta er spurningin um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Við greiddum atkvæði gegn honum, við vildum hann ekki og við viljum hann ekki enn. Hann kemur aldrei til með að valda okkur öðru en vandræðum. Þeir sem vilja halda honum verða að gera svo vel og sætta sig við að Evrópusambandið skipar okkur fyrir verkum hvernig við eigum að haga okkar málum. Svo einfalt er þetta. Og hafi ekki hv. þm. Framsfl. minnst á þetta á þingflokksfundum undanfarið þá held ég að þeir ættu að setjast niður og gera upp við sig hvernig þeir ætla að standa að öllu því málaflóði sem yfir okkur á eftir að dynja.

[18:25]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði áðan í ræðu minni þá er það mál sem hér er nú til umfjöllunar ekki flokkspólitískt í eðli sínu. Og eins og hér kom (**GHelg:** Jú, það er það nefnilega.) fram hjá hv. þm. þá vék ég að því að við höfum ekki alltaf verið sammála, ég og hv. þm., um tóbaksvarnir eða annað í þeim þætti. Ég tel hins vegar að hv. þm. hafi algerlega rangt fyrir sér varðandi tengsl þessa máls við EES-samninginn. Satt að segja er það dálítið áhyggjuefni að þeir ágætu þingmenn sem við veljum úr öllum flokkum til þess að sitja í EFTA og EES-nefndinni virðast hafa vissa tilhneigingu til að verða katólskari en páfinn í þeim efnum. (**Fjmrh.:** Á það við um Svavar líka?) Hann er nú svo nýbyrjaður að það á eftir að koma í ljós. Því var lýst yfir formlega í viðaukum við EES-samninginn (**GHelg:** Já, já.) að íslensk stjórnvöld áskildu sér fyrirvara varðandi verslun og viðskipti með áfengi vegna heilbrigðis- og félagssjónarmiða. Það er af þeim forsendum sem við höfum haldið því fram alveg stíft og skýrt að vörn Íslendinga í þessu máli væri byggð á því að halda þeim þættinum til streitu.

Sá málflutningur sem hv. þm. hafði hér uppi felur það í reynd í sér, þó þingmaðurinn hafi ekki sagt það, að smásöluna verði líka að gefa frjálsa. (**GHelg:** Auðvitað.) Auðvitað segir hv. þm. Það er akkúrat það sem ég var að benda á í minni ræðu. Þeir sem nálgast þetta mál, hvort sem það er eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir eða hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, út frá því að viðskiptaþættir EES-samningsins séu meginorsök og höfuðeðli þessa máls eru að segja við þingið í reynd: Smásöluna verður líka að gefa frjálsa. Ég vek athygli hæstv. heilbrrh. á því að ætli hann sér að hafa vörn í málinu út frá fyrirvara Íslands, sem settur var á sínum tíma, þá beri ekki að breyta málunum hér heldur fara dómstólaleiðina og láta reyna á málflutninginn út frá heilbrigðissjónarmiðunum.

[18:28]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 8. þm. Reykn. að íslensk stjórnvöld gerðu fyrirvara. Ég minnist ekki að undir þann fyrirvara væri tekið af stjórnvöldum í Evrópusambandinu. Og það er ein blekkingin sem hæstv. fyrrv. og núv. ráðherrar hafa gengið með að þeirra yfirlýsingar skiptu einhverju máli. Auðvitað gerðu þær það ekki neitt nema undir þær væri tekið. Og ég minnist ekki að undir þetta hafi nokkurs staðar verið tekið. Ég held að menn haldi stundum að þeir skipti meira máli en þeir gera. Við urðum nú illilega vör við það stundum þegar við komum suður til Genfar eða suður til Brussel og menn höfðu nýverið verið heima með yfirlýsingar um alla skapaða hluti, að það hafði ekki nokkur lifandi maður hlustað á þetta þar suður frá.

[18:29]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var eðli samningaferilsins um EES að báðir samningsaðilar, Evrópusambandið og EFTA-ríkin, gátu lýst viðhorfum sínum og væri þeim ekki mótmælt af gagnaðilanum höfðu yfirlýsingarnar gildi. Yfirlýsingu Íslands um fyrirvarann varðandi verslun með áfengi út frá heilbrigðis- og félagssjónarmiðum var ekki mótmælt af hálfu Evrópusambandsins. Þess vegna fór fyrirvarinn inn í textann, þess vegna er hann hluti af EES-samningaferlinu og þess

vegna birtist hann þjóðþinginu með þeim hætti sem hann gerði á sínum tíma. Það er almenn regla í gerð alþjóðlegra samninga að yfirlýsingum sem ekki er mótmælt ber að halda til haga og gefa meira gildi en sjónarmiðum sem er mótmælt.

Hv. þm. getur staðið hér og fullyrt út frá innsýn sinni í EFTA og störfum í Genf og Brussel o.s.frv. að ekkert mark sé takandi á þessu eða hinu o.s.frv. Hvorki hv. þm. né ég getum fullyrt um það hvað er rétt eða rangt í þeim efnum út frá EES-samningnum. Það var settur upp úrskurðaraðili, dómstóll, innan EES-samningsins til þess að kveða upp úr með deilur af þessu tagi. Og það er það sem við höfum mörg sagt á þinginu að í þessu máli vegna eðlis þess, vegna sögunnar, vegna yfirlýsingar Íslands sem liggur fyrir formlega og ekki var mótmælt, þá eigi að láta á það reyna formlega innan EES-samningsins hvaða gildi slíkt hefur. Þeir sem ekki eru að gera það eða hafa þá skoðun eins og hv. þm. eða hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, eru í reynd, eins og ég var að lýsa hér í fyrri ræðu minni, að varða veginn í það að eftirlitsstofnunin geti knúið til breytinga á smásöluversluninni með áfengi á Íslandi.

[18:31]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn mótmæla ekki því sem þeir heyra ekki. Aðeins eitt dæmi um slíkt er að hér var fullyrt aftur og aftur af hæstv. fyrrv. ráðherrum að menn mundu verja norræna módelið, það skyldi ekki hróflað við gagnkvæmu tryggingalöggjöfinni, Norðurlöndunum skyldi sýnd sú virðing að láta hana í friði. Það liðu fjórir mánuðir frá því að samningurinn gekk í gildi þangað til norræni tryggingasamningurinn var rifinn í sundur og er núna ógildur fyrir löngu síðan. Þannig að það stendur auðvitað ekki stafur á bók í þessu máli. Hæstv. ráðherrar hafa gert sig seka um að segja þinginu ósatt í öllum greinum. Það er ekkert sérstakt við þetta mál frekar en önnur og ég vænti þess að hæstv. heilbrrh. geti staðfest það að norræni tryggingasamningurinn gekk úr gildi, ef ég man rétt, 1. apríl, fjórum mánuðum eftir að EES-samningurinn gekk í gildi þrátt fyrir að hér hefði þráfaldlega verið spurt hvort svo yrði. Því var neitað jafnharðan.

Ég tek þess vegna ekkert mark á yfirlýsingum íslenskra stjórnvalda í þessum efnum enda veit ég ósköp vel að þegar um er að ræða þennan margumtalaða samning þá er það Evrópusambandið sem ræður. Við verðum bara að sætta okkur við það. Ég verð því miður að hryggja hv. 8. þm. Reykn. með því, já, ég held að þó við gætum bjargað smásölunni núna þá verður það næsta atriði sem verður kært og við töpum því máli líka. Þannig er það, hæstv. forseti, og við fáum engu um það breytt. Við getum hins vegar gert eitt. Við getum sagt upp samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þá færi kannski að verða líft í landinu.

[18:34]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sjónarmið hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði er fyrst og síðast samningur um markaðsvæðingu. Ég tek undir það sjónarmið. Ég tek undir það að þjóðin hafi að ýmsu leyti verið blekkt í umræðunni um hið Evrópska efnahagssvæði. Og ég tek undir að hér eru að koma á færibandi tilskipanir um aðlögun á þessum forsendum. Hins vegar er um það deilt hvort samningurinn, þessi markaðssáttmáli Evrópu hinn nýi, taki til þátta á borð við þá sem hér eru til umræðu. Og ég hefði kosið að menn reyndu að ræða það efnislega en flengja sér ekki út í alhæfingarumræðu af þessu tagi. Þannig hef ég sett fram tillögu í upphafi umræðunnar og síðan ítrekað aftur í dag að hægt sé að gera lítils háttar lagabreytingar til þess að taka af öll tvímæli gagnvart EES fyrir þá sem telja að þessir hlutir orki tvímælis. Og ég hefði kosið að þeir þingmenn sem ætla á annað borð í þessa umræðu taki efnislega á henni og ræði hvort umrædd tillaga að lagabreytingu kæmi til með að standast EES-samninganna að þessu leyti.

Hitt verð ég að segja að umræðan var kynnt í upphafi á þá lund að annars vegar þyrfti að hafa hliðsjón af því sem gerðist í Evrópu en einnig sagði hæstv. fjmrh. þegar hann talaði fyrir þessum lagabreytingum að það væri stefna íslenskra stjórnvalda, alveg burt séð frá þessum málum, að það væri hagkvæmt fyrir íslenska ríkið að breyta viðskiptaháttunum eins og hér er lagt til. Þetta sagði hæstv. fjmrh. í umræðunni þegar hún var upphaflega kynnt. En ég leyfi mér að auglýsa eftir efnislegri umræðu um hinn lagalega þátt. Að menn reyni að fara að komast út úr þessari alhæfingarullu og fari í efnislega umræðu.

Hér hefur margt fléttast inn í þessi mál. Menn hafa verið að gera að umræðuefni einkavæðingarprógrömm ríkisstjórnarinnar fyrr og nú. Það er athyglisvert að ekki skuli koma nein viðbrögð og ég vil bara vekja athygli á því af því að við erum að tala um ÁTVR að breytingar sem voru gerðar fyrir nokkrum missirum, salan á framleiðsludeildinni, hafa skilað minna í sölu en nemur fjárhagslegum ávinningi fyrir ÁTVR á einu ári. Mér finnst þetta umhugsunarefni. Og mér finnst umhugsunarefni þegar farið er yfir sögu þessara einkavæðingarmála á liðnum missirum: Íslensk endurtrygging, SR-mjöl, Lyfjaverslunin og svo mætti áfram telja; um hvað er hér eiginlega á ferðinni og hvað iðulega hefur skort á umræðuna í þjóðfélaginu almennt þannig að menn gerðu sér grein fyrir því hvað er að gerast. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði að menn ættu ekki að blanda almannasamtökum í þessa umræðu. Þessi samtök hafa blandað sér í þessa umræðu. Þau hafa verið að koma saman til funda, hafa verið að álykta um þessi mál, hafa boðað til fréttamannafunda og skýrt sín sjónarmið og hið sama gildir um landlæknisembættið og aðra sem láta heilbrigðisþættina til sín taka. Með öðrum orðum auglýsi ég eftir efnislegum rökum.

Ég innti hæstv. fjmrh. eftir því áðan hvernig hann skýrði það að eftirliti yrði betur fyrir komið eftir þessar lagabreytingar en fyrir þær. Eitt af því sem hann nefndi áðan var að eins og málum væri nú fyrir komið þá væru ekki allar flöskur merktar. Hann nefndi Fríhöfnina í því sambandi sérstaklega og einhverjar sér-

pantanir en vísaði sérstaklega til Fríhafnarinnar, ef ég tók rétt eftir. Ég spyr: Þegar við erum að tala um eftirlit almennt með áfengisverslun í landinu er í alvöru verið að færa það á borð hér að kaup farþega í Fríhöfninni í Keflavík sé orðin röksemd í umræðu um hvernig eftirliti sé háttað, það sé tekið sem dæmi um að ekki allar áfengisflöskur séu merktar?

Ég verð að játa það að ég varð svo kjaftstopp yfir þessu að ég átti erfitt með að ná áttum í þessu, svo að ég noti svona orðbragð. En ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Var hann að vísa til Fríhafnarinnar í Keflavík sérstaklega og þess sem farþegarnir sem fara þar í gegn kaupa?

Ég var að fullyrða áðan að almennt væri það ríkjandi í verslun með áfengi að varan væri merkt, það væri hið viðtekna, og ég var að færa rök fyrir því að það væri auðveldara að sinna þessum merkingum þegar það væri einn aðili sem annaðist þær og hefði yfirsýn yfir þessa hluti og þetta væri á einni hendi. Ég auglýsi sem sagt eftir nánari upplýsingum um þetta og ítreka að eins og málum er fyrir komið núna þá er mjög auðvelt að verða við þeim ábendingum sem koma frá vínefirlitsmönnum sem um þessi mál fjalla. Það er mjög auðvelt að svara þeim kröfum sem þeir gera til þess að þetta eftirlit verði bætt.

Í annan stað talaði hæstv. fjmrh. um það að annars vegar væri um heildsöluálagningu að ræða og hins vegar smásöluverslun. Ég ræddi hins vegar um það að skilin á milli smásöluverslunar og heildsöluverslunar gætu orðið ógleggri. Þannig verður það svo að veitingahúsin munu fá vöruna, áfengið, á lægra verði en útsöluverðið verður í smásölunni. Þess vegna langaði mig að biðja hæstv. fjmrh. um að skýra betur út fyrir okkur hvernig þessi þáttur verður til þess að auðvelda eftirlit og á hvern hátt. Og mig langar sérstaklega til að óska eftir svari við því hvað er það nákvæmlega í núverandi fyrirkomulagi sem verður auðveldara. Hvað er það sem ekki er hægt að gera núna en verður hægt að gera þá? Það er þetta sérstaklega sem ég vil fá að vita. Hvað er það sem verður auðveldara eftir þessa breytingu?

Síðan ræddi hæstv. fjmrh. um tengsl. Hann kvartaði yfir því að starfsmenn ÁTVR sökuðu sig um hlutdrægni, ef ég man rétt, ég ætla að fara varlega í þessar yfirlýsingar þ.e. að hann skipaði menn í nefndir sem væru þeim andsnúnar, ef ég skildi þetta rétt, og var þá verið að tala um tilvonandi yfirstjórn ÁTVR. Ég vil leyfa mér að segja það að iðulega þegar ríkisstjórnin og þar með hæstv. fjmrh. eiga að skipa nefndir sem eiga að gera tillögur um breytt rekstrarfyrirkomulag, einkavæðingu, þá eru þær nefndir iðulega skipaðar aðilum sem annars vegar hafa hagsmuna að gæta eða eru mjög hlutdrægar. Og mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. í því sambandi t.d. hvort það sé ekki rétt mat hjá mér að við breytingu á innflutningsversluninni, og þá er ég ekki síst að hugsa um þær hugmyndir sem voru uppi á árinu 1991 og 1992 um breytingar á fyrirkomulagi verslunar með tóbak, hvort það er ekki réttur skilningur hjá mér að sá aðili sem hefði hagnast mest á þessu hefði verið Tollvörugeymslan. Og mig langar til að biðja hann um að upplýsa hver hafi verið stjórnarformaður á þessum tíma þegar hann skipaði nefnd til að fjalla um þessi mál og upplýsa hverjir voru í umræddri nefnd sem gerði tillögur um breytingar á þessu fyrirkomulagi með verslun á tóbaki.

Ég nefni þetta sem dæmi og ég get nefnt fjölmörg önnur dæmi þar sem hafa verið settar á fót nefndir. Mér kemur í hug t.d. einkavæðingarnefndin sem hefur verið skipuð aðallega einstaklingum sem eru mjög eindregið á þeirri pólitísku skoðun, þó að þeir eigi ekki neinna persónulegra hagsmuna að gæta, að það eigi að einkavæða, þeir hafa starfað á slíkum grundvelli. Annar kostur hefði verið að fá óhlutdrægar nefndir til þess að gera úttekt á því hvar heppilegt væri að gera tillögur um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi opinberra stofnana. Það er háttur sem er miklu eðlilegri að hafa á.

Mér er minnisstætt í þessu samhengi, og þarf þetta náttúrlega ekki að koma neinum á óvart, að þegar einkavæðingarveiran herjaði sem mest á ríkisstjórnina á sínum tíma þá man ég eftir því að hæstv. forsrh. birtist einhverju sinni í fjölmiðlum og var spurður um einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar. Hann sagði þá að það væri ráðgert að einkavæða fyrir milljarð á árinu. Síðan spurði fréttamaður hvað það væri sem fyrirhugað væri að einkavæða. Ákvörðun hafði ekki verið tekin um það enn þá.

Ég nefni þetta sem dæmi um pólitíska stefnu sem er gersneydd að mínu mati einhverju vitrænu inntaki og það er þetta sem átt er við þegar menn eru að segja að það sé iðulega skipað í nefndir á vegum stjórnvalda sem hafi fyrir fram gefnar lausnir skrifaðar á ennið á sér, en séu ekki að kanna eitt eða neitt. Og svo einnig hitt að það séu dæmi þess að í nefndir sem séu að gera úttekt á hlutum séu aðilar sem eigi beinna pólitískra hagsmuna að gæta.

Þetta eru atriði sem mig langar til að fá hæstv. fjmrh. til að ræða nánar. Það er á hvern hátt það verði auðveldara að koma við þessu eftirliti sem ég hef vikið að. Ég óska eftir því að hann skýri þetta nánar.

[18:48]

**Guðrún Helgadóttir** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Einungis örfá orð til þess að fyrirbyggja misskilning. Ég er jafnmikið á móti þessu frv. og hv. 17. þm. Reykv. og það veit hann vel sjálfur. Ég skil líka mjög vel áhyggjur almannasamtaka eins og samtakanna Vímulaus æska, ég skil áhyggjur landlæknis og heilbrigðisyfirvalda. Það er ekki málið og það er alveg rétt að vissulega komu þau og lýstu þessum áhyggjum sínum. Vandamálið er bara það að Evrópusambandið hefur engan áhuga á þessu fólki. Það vill selja sem allra mest áfengi og sem allra mest tóbak hvarvetna innan samningssvæðisins og gefur ekkert fyrir áhyggjur manna af afleiðingunum. Um það snýst þetta mál. Þetta er ekki spurning um, eins og ég hef áður sagt, velferð samningsþjóðanna, heldur er þetta spurning um fjármagn, vöru og þjónustu.

Ég vil bara að það komi fram að ég skil vel áhyggjur þessara samtaka. En ég held að þau geti afar lítið

gert nema kannski ef vera skyldi að það góða fólk hefði átt að gera sér ljóst fyrir kosningar hvað þessi samningur fæli í sér og taka afstöðu til stjórnmálaflokka eftir því. Það er of seint að iðrast eftir dauðann.

[18:50]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í örstuttu máli þá er ég sammála hv. þm. um ýmislegt sem snertir hið Evrópska efnahagssvæði, en þetta mál snýst líka um lagatexta. Við höfum kynnt það að við hyggjumst flytja brtt. við þessi lagafrumvörp og ég auglýsi eftir umræðu um efnisinntak þeirrar tillögu.

[18:51]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki mikill tími hér til þess að fara nákvæmlega ofan í saumana á fyrirspurn hv. þm. aftur. Ég minni þó á að þetta snýst ekki um Fríhöfnina, þó að þar sé ekki um merkingar að ræða, heldur um það m.a. að í sérpantanakerfi ÁTVR eru flöskurnar ekki merktar og það hafa í vaxandi mæli verið þær flöskur sem fara til smásölu í vínveitingahúsum.

Í öðru lagi er minni vandi að fylgjast með því hvernig kaupin gerast á eyrinni og hverjir kaupa og selja þegar gerður er munur á annars vegar heildsölunni og hins vegar smásölunni.

Varðandi starfsfólkið, þá ætla ég að lesa hérna fréttatilkynningu frá starfsfólkinu, með leyfi forseta:

„Starfsfólk ÁTVR getur ekki gleymt því þegar fjmrh. skipaði nefnd til að gera tillögur um hvernig rekstri ÁTVR skyldi hagað í framtíðinni. Í þeirri nefnd sátu fulltrúar þeirra aðila sem mestan hag hafa af því að leggja ÁTVR niður."

Þetta er það sem starfsfólkið sagði. En það sagði hins vegar ekki að í nefndinni sat forstjóri ÁTVR. (**ÖJ:** Hverjir voru hinir?) Ég man að formaður nefndarinnar var Júlíus S. Ólafsson. (Gripið fram í.) Ég man það ekki nákvæmlega, það hefur hann sjálfsagt verið á þessum tíma. Hann er núverandi forstjóri hjá ríkisfyrirtæki og er alls ekkert lengur formaður Tollvörugeymslunnar.

Svo ætla ég að bæta við: Það var þriggja manna nefnd sem samdi þau lagafrumvörp sem við erum nú að fjalla um. Hverjir voru þessir menn? Það var í fyrsta lagi Snorri Olsen, núverandi ríkisskattstjóri. Í öðru lagi Ari Edwald, aðstoðarmaður dómsmrh. Hann flutti eitt frv. hér inn á þingið. Og í þriðja lagi Höskuldur Jónsson, forstjóri fyrirtækisins. Og ég segi: Menn geta ekki leyft sér þrátt fyrir það að vera starfsmenn í þessu fyrirtæki að láta líta svo út sem það sé eingöngu verið að skipa fólk sem fari gegn hagsmunum starfsmanna fyrirtækisins þegar í báðum tilvikum forstjóri fyrirtækisins á sæti í nefndunum.

[18:53]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir byrjun á svari að því er mér fannst. Sérpantanakerfið. Nú er það ekki svo upplýsir hæstv. fjmrh. að hann hafi átt við Fríhöfnina, að hún skipti einhverju verulegu máli. Mér heyrðist hann í umræðum áðan tala um hana. (**Fjmrh.:** Ég nefndi hana líka.) Já, sem sagt það sem túristar koma með í gegn og við erum að tala um sölu til áfengishúsa almennt.

Í öðru lagi talar hann um að sérpantanakerfið gangi í auknum mæli til veitingahúsa. Þá er hann að tala almennt um söluna til veitingahúsa. Er það rétt skilið hjá mér? Gæti ég fengið upplýst um hvað hann er að tala? Nú er hæstv. fjmrh. að gefa okkur upplýsingar á Alþingi um að það sé að færast í vöxt að sala á víni í veitingahúsum sé í gegnum sérpantanakerfið. Ég óska eftir nákvæmum upplýsingum um þetta og á hverju hæstv. fjmrh. byggir þetta.

Í öðru lagi varðandi forstjóra ÁTVR og aðra embættismenn sem eru skipaðir í vinnunefndir á vegum ríkisins. Mér finnst það ekki nógu gott, hæstv. fjmrh., eins og reyndar var gert þegar talað var fyrir þessum frumvörpum í upphafi, að reyna að setja pólitíska ábyrgð á menn sem eru fengnir sem embættismenn til að vinna ákveðin verk. Menn eiga að gangast við pólitískri ábyrgð sjálfir.

Hæstv. fjmrh. upplýsti ekki hverjir eru í þessari nefnd. Ég spurði tiltekinna spurninga um það og ég færði rök fyrir því að í ýmsum nefndum sem hefðu verið skipaðar og véluðu um einkavæðingu á vegum ríkisins væru menn sem ættu sínar pólitísku lausnir tilbúnar. Ég vitnaði í ákveðna nefnd líka sem var umdeilanleg eða möguleikar á hættu á hagsmunatengslum.

[18:56]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég býst við að hv. þm. geti aflað sér upplýsinga betur utan þingfundarins um það sem hér hefur verið sagt en ég skal reyna enn einu sinni að endurtaka þetta.

Í vaxandi mæli hafa vínveitingahús verið að kaupa í gegnum sérpöntunarþjónustu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þetta eru fyrst og fremst léttvínstegundir, rauðvín og hvítvín til að mynda, sem keyptar eru beint frá framleiðanda og þær flöskur eru ekki, að mér er sagt, merktar ÁTVR heldur sérpöntunarþjónusta. Þetta er einn þáttur málsins.

Síðan er hinn þátturinn sem var minnst á. Það er verið að gefa það í skyn, og því miður hafa starfsmenn ÁTVR gefið það í skyn, að ég sé að velja sýknt og heilagt fólk í nefndir sem hafi hag af því að leggja fyrirtækið niður en geta þess hvergi að í þeim nefndum sem fjallað hafa um þetta fyrirtæki hefur forstjórinn setið. Sá hinn sami forstjóri sem hefur traust mitt og hefur verið kallaður einn mikilvægasti forstjóri í íslensku fyrirtæki af hálfu fyrrv. fjmrh. Mér finnst að með þessu sé verið að gefa í skyn að verið sé að ráðast að starfsfólkinu og fyrirtækinu sem auðvitað er ekki verið að gera eins og ég tel mig hafa sýnt hér fram á.

Ég held að það sé ekki hægt, virðulegi forseti, að vera að skakast um þetta hérna. Hér er krafist svara. Þetta eru upplýsingar sem hv. þm. getur fengið væntanlega hjá fyrirtækinu þegar honum sýnist.

[18:57]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að taka trúanlegar þær yfirlýsingar sem hér koma fram frá hæstv. fjmrh. um að sérpantanir til veitingahúsa séu ekki merktar (**Fjmrh.**: ÁTVR.) séu ekki merktar ÁTVR. Þetta eru upplýsingar sem hér eru að koma fram. Í annan stað segir hann að þetta hafi færst mjög í vöxt. Þetta eru fullyrðingar hæstv. fjmrh. á þinginu. Það er alveg rétt, það getur hver sem er kannað það líka og það verður að sjálfsögðu gert, en ég sé ekki ástæðu á þessu stigi að draga í efa að þarna sé farið rétt með. En hitt finnst mér óviðurkvæmilegt að blanda í sífellu embættismönnum ríkisins, sem eru beðnir um að setjast í tilteknar nefndir, í nefndir sem hafa mjög umdeilanlegt pólitískt hlutverk. Ég var að benda á áðan að það væru skipaðar nefndir til þess að gera tillögur um einkavæðingu, sölu á fyrirtækjum og formbreytingar sem væru skipaðar mjög einsleitum hópi pólitískt, menn sem ættu sér þá hugsjón heitasta að einkavæða sem mest. Síðan nefndi ég tiltekna starfsnefnd þar sem mætti færa rök að því að það væri hætta á alvarlegum hagsmunaárekstrum. Þessu hefur hæstv. fjmrh. ekki svarað. En hæstv. fjmrh. segir hins vegar að hann sé sífellt að endurtaka einhverjar upplýsingar. Það er ekki svo. Það er verið að reyna að draga fram upplýsingar og það er verið að þröngva mönnum út í rökræður um efnisþætti þessa máls.

**Forseti (Guðni Ágústsson)**:

Nú hagar svo til að komið er að kvöldmatartíma og ýmsar nefndir munu vera með fundi einnig á þeim tíma sem fram undan er þannig að forseti vildi fara að gera hlé.

[19:00]

**Kristinn H. Gunnarsson** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vakti athygli á því fyrr í dag að þinghald hefði verið nokkuð stíft undanfarna daga og nauðsyn bæri til þess að menn reyndu að semja um það þinghald sem eftir er. Viðræður hafa ekki farið mikið fram um það efni og ég vil vekja athygli á því að engir samningar hafa verið gerðir um að halda kvöldfund í kvöld. Ég minni á að það var kvöldfundur í gær og það var viðtekin regla fyrir nokkrum árum þegar Sjálfstfl. var síðast í stjórnarandstöðu að hann þoldi ekki að haldnir væru kvöldfundir tvö kvöld í röð, svo að ég nefni nú fordæmi sem þeir gáfu meðan þeir sátu utan ríkisstjórnar. Ég vísa til þeirrar hefðar sem þá var og fer fram á það, virðulegi forseti, að forsetar beiti sér fyrir því að viðræður verði teknar upp í kvöldmatarhléi um þinghaldið og að samningar verði gerðar um það hvernig því verður háttað í kvöld og á morgun. Ég tel óviðunandi að ekki skuli vera rætt við stjórnarandstöðuna af neinni alvöru um hvernig þinghaldinu verði háttað á næstu klukkutímum eða næsta sólarhringinn.

**Forseti (Guðni Ágústsson)**:

Vegna þessarar ræðu vill forseti segja það að í kvöldmatartímanum mun forseti hitta formenn þingflokka og fara yfir þinghaldið. Mér var það alla vega ljóst eftir þingflokksfundi í dag og reyndar í gær og sem einum af forsetum þingsins að það yrðu kvöldfundir bæði í gærkvöld og í kvöld. Það er stefnt að því að ljúka þessu þinghaldi sem allra fyrst og ég vona að það náist samstaða um það. En þetta verður rætt í kvöldmatartímanum og skýrist þá um hálfníuleytið. Mun því forseti nú fresta þessum fundi og hefst fundur aftur kl. 20.30.

[Fundarhlé. — 19:03]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson)**:

Forseti vill geta þess áður en dagskrá verður fram haldið að þingflokksformenn hafa verið boðaðir til fundar við forseta í þingflokksherbergi um níuleytið. Þar verður rætt um framhald umræðna í þinginu.

[20:33]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)**:

Hæstv. forseti. Ég sætti mig prýðilega við það að enn hafa menn ekki náð að funda um framhaldið. Það skýrist þá væntanlega á næstunni hvernig því verður fram haldið en ég tek undir það sem hér var rætt í orðaskiptum forseta og starfandi þingflokksformanns míns að auðvitað þarf að vera einhver niðurstaða í því hvernig þessu verður háttað. Menn hafa átt annríkt og fundað linnulaust ýmist í þinginu eða í nefndum þess á milli og til að mynda var efh.- og viðskn. að funda allan kvöldmatartímann þannig að menn hafa ekki haft margar næðisstundir til að sinna öðrum verkefnum. Ég ætla ekki fara að ræða um það hvað var á matseðlinum en hér er til meðferðar mál sem varðar aðra hluti fæðuhringsins, þ.e. drykki.

Ýmislegt hefur komið upp í þessari umræðu, herra forseti, sem ástæða er til að staldra lítillega við og sífellt er að bætast í málin því að það líður ekki svo dagurinn og varla svo klukkustundin að ekki berist ný gögn og nýjar upplýsingar í málinu, nú bréf eða nýir þættir sem það varðar. Er ég að vitna nú síðast til bréfaskrifta Áfengis- og tóbaksverslunarinnar og fjmrn. sem ég fékk í hendur og dagsett er í dag og í gær. Verður að telja til nokkurra tíðinda að menn skuli þurfa að standa í stórfelldum bréfaskriftum á milli þessara stofnana, verslunarinnar og fjmrn. sem eru í margra hugum nánast eins og eitt og hið sama.

Það sem mér finnst sérstaklega umhugsunarvert, herra forseti, er sú staðreynd að þetta skuli vera jafnmikið forgangsmál hjá hæstv. ríkisstjórn og raun ber vitni. Þetta var eins og kunnugt er fyrsta málið sem hin nýja ríkisstjórn lagði fram. Fyrsta stórmálið sem hún hafði fram að færa á þessu nýbyrjaða kjörtímabili var einkavæðing á brennivíninu. Það er skaði að hæstv. viðskrh. má ekki við bindast hér, herra forseti, því að það er eiginlega ómögulegt að ræða þetta mál alveg til loka óðruvísi en það sjáist einhverjar leifar af Framsfl. í salnum. Eins og kunnugt er hefur formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., verið allmikið erlendis og virðist hann ætla að verða ekki síðri ferðagarpur en forverinn og er þá langt til jafnað því að eins og kunnugt er þá dvaldi

hæstv. fyrrv. utanrrh. svo missirum skipti í útlöndunum, hafði sér það til afsökunar að hann væri að breyta heiminum, gera mikla samninga og umskapa Evrópu á stjórnmálasviðinu, en núv. hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., er líka greinilega nokkuð liðtækur í þessum málum og hefur nánast ekki sést hér heima á Íslandi síðan hann tók við utanrrn. (**KHG:** Er hann nokkuð að breyta heiminum?) Nei, hins vegar mun hann ætla að fara mjög hægt að því að breyta heiminum eins og öðru, fara sér í engu óðslega í þeim efnum enda ekki vani hæstv. ráðherra.

En ég held að það sé ástæða til þess að ræða það aðeins við Framsfl. hvort þetta sé það sem koma skal í stefnu þess flokks og við eigum að taka það svo sem að einkavæðing á brennivíni sé sérstakt forgangsmál Framsfl. og það sé þannig að í öðrum tilvikum megi búast við því sama, að á borðum þingmanna birtist, óbreytt og hrá, einkavæðingarfrumvörp fyrri ríkisstjórnar.

Þá langar mig líka til að ræða það aðeins við framsóknarmenn, hæstv. forseti, hvort þetta sé í samræmi við kosningaloforðin og í samræmi við það sem flokkurinn ætlaði að beita sér fyrir þar alveg sérstaklega. Satt best að segja er svipurinn sem er að dragast hér upp af hlutskipti Framsóknar í þessari ríkisstjórn með miklum ólíkindum. Glöggir menn tóku strax eftir því að þegar stjórnarsáttmálinn var settur saman og fyrstu hlutirnir komu á prenti frá hæstv. ríkisstjórn, þá vottaði ekki fyrir því að þar eimdi eftir af kosningaloforðum Framsfl., það vottaði ekki fyrir því.

Næsta ásjóna Framsóknar í ríkisstjórinni var hinn rauðeygði hæstv. félmrh. þegar hann mælti fyrir póstinum frá Brussel. Það var innkoma Framsfl. á sviði númer tvö. (Gripið fram í.) Svo eru það hér þessi brennivínsmál, einkavæðing á brennivínsverslun. Nei, það er ekki þannig, hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem labbar hér fram hjá og er alltaf gaman að sjá hv. þm., herra forseti, að það er ekkert verið að minnast á 12 þús. störf í þessum frumvörpum. Ég er búinn að lesa þetta allt saman. Það er ekki minnst á það einu orði í þessum frumvörpum að það eigi að skapa 12 þús. störf á næstu árum. Það er ekkert verið að tala hér um húsnæðismál, stendur ekki neitt um neyðarástand í húsnæðismálum í þessum frumvörpum né heldur um nokkurn skapaðan hlut af því sem Framsfl. var að lofa hér fyrir kosningar. Það er ekki á dagskrá. Það er hvergi í þinginu. Er það þá þetta? Er það í þessu sem efndir á loforðunum felast? (Gripið fram í.) Að einkavæða brennivín? Að koma því í hendurnar á einkaaðilum að græða á brennivíni? Var það til þess sem ungir menn komu á þing fyrir Framsfl. að standa að því sem sínum fyrstu og mikilvægustu málum? Láta hæstv. fjmrh., sem er frægur stuttbuxnamaður úr Sjálfstfl., teyma sig út í svona ógöngur? (**Gripið fram í:** Hæstvirtan.) Hæstv. fjmrh., já, ég sagði það.

Það er athyglisvert að þetta skuli vera ekki bara fyrstu málin þessi brennivínsfrumvörp, þau eru víst frekar þjrú en fjögur, heldur einu málin sem Framsókn er hér með og það algert forgangsmál. Iðnrh. er ekki með snifsi á þessu þingi.(**Gripið fram í:** Jú, eitt mál.) Eitt mál, jæja. Það hefur lítið farið fyrir því. (**Gripið fram í:** Slifsi, jú.) Hann er með slifsi, já, en ekki snifsi. Það er gott að framsóknarmenn geti glaðst yfir einhverju, þeir hafa ekki af mörgu að má þessa daga.

Þetta metnaðarleysi Framsóknar í stjórnarsamstarfinu hefur auðvitað vakið mikla athygli, herra forseti, og bætir gráu ofan á svart þegar formaður flokksins stoppar varla dagstund í landinu, liggur í ferðalögum og liðið gengur laust hér heima við þetta ástand. (Gripið fram í.) Já, ég get alveg unnt hæstv. iðnrh. þess að reyna að gleðjast yfir þessu, sjá á þessu broslegu hliðarnar. Hæstv. ráðherra veitir ekki af, en svona er þetta samt. Það er eiginlega óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að fara yfir þessa stöðu, hún er svo með ólíkindum hreint.

Þess vegna er það, herra forseti, sem þetta furðulega hlutskipti er okkur skapað að sitja hér eða standa yfir þessum umræðum eins og þetta sé það sem mest ríður á á Alþingi Íslendinga á þessum vordögum þegar óðum styttist í Jónsmessuna. (Gripið fram í.) Já, það er ekki þannig að menn séu að leggja á sig stíf fundahöld og langar vökur til að koma fram einhverjum áætlunum í atvinnumálum. Nei, það er ekki svo. Ég býst við því að menn hefðu ekki talið það eftir sér og gera það kannski út af fyrir sig ekki að heldur, en alla vega ekki ef hér hefðu verið á ferðinni einhverjar tillögur sem máli hefðu skipt fyrir land og þjóð, eitthvert átak í atvinnumálum, einhver vísir að því að skapa þessi 12 þús. störf sem Framsókn lofaði. Ef menn væru með eitthvert átak á ferðinni varðandi neyðarástand í húsnæðismálum sem framsóknarmenn af miklum þrótti útlistuðu fyrir kosningar og tókst það bara mjög vel að draga upp verulega dökka mynd af því ástandi enda út af fyrir sig tilefni til. Nei, það er ekki svo heldur láta þeir framsóknarmenn hafa sig í að að styðja frv. um mál sem er algert aukaatriði í þessu samhengi öllu og þeir töluðu gegn á síðasta kjörtímabili, ágætlega margir hverjir, til að mynda hæstv. núv. félmrh. sem hefur lítið ómakað sig inn í þessa umræðu af einhverjum ástæðum. Það er kannski svo að kompásinn hjá honum hafi eitthvað verið stilltur upp á nýtt í þessu efni eins og fleirum.

Það er líka, herra forseti, ástæða til að staldra við í þessu máli vegna þess að það tengist þessari einkavæðingarumræðu allri saman. Þetta er auðvitað öðrum þræði og kannski miklu meira en hitt einkavæðingarmál. Mér er vel kunnugt um það að hæstv. fjmrh., og hæstv. ráðherrann getur staðfest það ef svo ber undir á eftir, hefði gjarnan kosið að þetta mál væri rekið á hreinum forsendum sem einkavæðingarmál. En menn hafa verið að blanda tengslum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði í málið af og til og mjög óskýrt.

Það sem okkur stjórnarandstæðingum og þeim sem voru í stjórnarandstöðunni á síðasta kjörtímabili þykir merkilegt er þetta metnaðarleysi Framsóknar að skrifa upp á þennan þátt málsins alveg hreint hráan. Hæstv. félmrh. hefur lent í miklar skógarferðir þegar hann hefur verið að útskýra þau örlög sín að flytja frumvörp til staðfestingar málum sem hann var á móti fyrir nokkrum mánuðum, þáv. stjórnarandstæðingur.

Framsóknarmenn gætu reynt að fara með þá röksemdafærslu, jafnbeysin og hún var, gagnvart þessu máli, þ.e. þeim hluta þess sem tengist Evrópsku efnahagssvæði en ekki hinn þáttinn sem er bara spurningin um það að einkavæða. Ég tel að það eigi að fjalla um þetta mál algerlega tvíþætt. Annars vegar það álitamál, sem menn geta vissulega rökrætt um, hvort líklegt sé að í óbreyttu ástandi að þessu leyti felist brot á skuldbindingum okkar gagnvart EES. Það er sjálfstætt *mál og hvernig menn taka þá á því*, hvort menn vilja láta það ganga til dómstóla eða beygja sig fyrir fram, gefast upp fyrir fram, jafnmikill metnaður og er nú fólginn í því. Hitt er svo þetta með einkavæðinguna. Vilja menn einkavæða þennan þátt í starfsemi hins opinbera? Er það svo að það sé orðin stefna Framsfl. að einkaaðilar eigi að græða á brennivínssölu á Íslandi? Er það svo? Getur ekki Framsfl. — þessar leifar sem eru hér eftir af honum, herra forseti, svarað því? Er ekki hægt að fá svar við því? Er Framsfl. búinn að taka upp þá stefnu? Er Framsfl. með þessu fordæmi að skrifa upp á þá einkavæðingarstefnu sem var rekin á síðasta kjörtímabili og Framsfl. í nefndaráliti eftir nefndaráliti, í máli eftir máli barðist gegn? Er það svo? Þetta mál er flutt á *nákvæmlega sömu forsendum og önnur slík* hvað þetta snertir.

Það er ekki hægt, herra forseti, að ræða um þessi mál þannig að annar helmingurinn af stjórnarflokknum, að vísu minni helmingurinn af stjórnarflokknum, sé bara í felum eða í útlöndum. Það verða að gera svo vel að koma hér upp einhverjir talsmenn þessa flokks og svara fyrir það hvaða pólitíska ábyrgð Framsfl. ber á þessu máli. Hitt er kunnuglegt. Við þekkjum umræðuna við Sjálfstfl. Hana höfum við farið í gegnum áður og hæstv. fjmrh. sem hefur átt sér þessa miklu hugsjón allt frá því að hann var í stuttbuxna- og eimreiðarhópnum að allur ríkisrekstur sé af hinu illa og hlutunum sé ævinlega betur komið í höndum einkaaðila, líka það að græða á sölu vímuefna.

Nú er það svo að áfengi er eina vímuefnið sem sala er lögleidd á á Íslandi. Samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum er áfengi vímuefni, sambærilegt við kannabisefni eða önnur slík, „per definition", að skilgreiningu til. Það er vímuefni, en það er löglegt að versla með það með tilteknum hætti. Fáum mönnum hefur að vísu dottið í hug að draga þar með samasemmerki milli verslunar með þessa vöru og einhverjar almennar *neysluvörur eins og hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, en* hann virtist í umræðunum um daginn leggja að jöfnu verslun með brennivín og strigaskó eða eitthvað því um líkt eins og um það gilti alveg það sama. En hann er sérstaklega hugnæmur eins og kunnugt er og hefur víðfrægar skoðanir í þessum málum en er nú í Noregi, því miður. Við þekkjum að öðru leyti afstöðu Sjálfstfl. í þessu efni.

Hitt er miklu fróðlegra að fá upp á yfirborðið og til umræðu tengsl Framsfl. við þessi mál. Það er algerlega nauðsynlegt vegna þess sem koma skal vegna þess að það eru mjög margir sem segja að hér sé að yfirgnæfandi líkindum til einungis upphafið á lengra ferli á ferðinni. Það skein í gegn í mörgum viðtölum og *umsögnum í efh.- og viðskn.* að ýmsir aðilar hyggjast fylgja þessu skrefi eftir. Er Framsfl. líka að skrifa upp á það ferli sem ýmsir telja sig vera að setja í gang með þessum breytingum?

Það kemur til að mynda fram í umsögn Verslunarráðsins að þeir telja að ekki bara innflutnings- og heildsöluumsvif ÁTVR séu til skoðunar hjá ESA heldur öll starfsemi ÁTVR. Reyndar hljóða bæði kærubréfið fræga og svarbréf ESA upp á það. Menn verða því að átta sig á því að þeir eru ekki endilega að ræða einangrað um þennan þátt heldur hluta af stærra ferli sem þarna getur verið í gangi.

Herra forseti. Varðandi tengsl þessa máls við samningagerðina um Evrópskt efnahagssvæði þá held ég að það sé nauðsynlegt að fara aðeins betur yfir það mál, m.a. vegna ummæla sem ágæt flokkssystir mín lét falla fyrr í dag. Það virðist ekki vera svo að allir muni alveg hvernig þeir hlutir standa. Sem sagt þannig að það var fullyrt af íslenskum stjórnvöldum einmitt þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var gerður að akkúrat þessu fyrirkomulagi þyrftum við ekki að breyta. Mönnum var seldur samningurinn m.a. út á það að hann skerti ekki á nokkurn hátt fullveldi okkar og *réttindi til að hafa svona fyrirkomulag á.* Þar gekk meðal annarra fram fyrir skjöldu hæstv. þáv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson.

Til að tryggja stöðu okkar enn frekar var gefin út yfirlýsing í samningagerðinni um það af hálfu allra ríkisstjórna Norðurlandanna, þ.e. EFTA-ríkjanna fjögurra, að þessi tilhögun væri hluti af félagsmála- og heilbrigðisstefnu Norðurlandanna og þetta fyrirkomulag yrði varið sem slíkt. Hver er rökstuðningur utanrrh. í greinargerð með frv., eins og það var fram lagt, fyrir því að þessi yfirlýsing sérstaklega sé sett fram? Hver er hún? Jú, það er sagt: Þetta er til að styrkja væntanlegar málflutningsástæður Íslands ef til málaferla skyldi koma engu að síður. Það verður ekki hægt að ráða annað af því orðalagi en þar með hafi menn á þeim tíma verið ákveðnir í því að verja sig fyrir dómi ef ætti að sækja að þessu fyrirkomulagi. Og ég segi það alveg eins og er, herra forseti, að ég tel að þetta séu svik, þetta séu brigður af hálfu þeirra manna sem báru samninginn fram með þessum rökstuðningi þar sem þetta mál var sérstaklega tekið fyrir og gefin voru fyrirheit um það að yfirlýsing ríkisstjórna Norðurlandanna hefði verið sett til þess að styrkja málflutningsástæður þjóðanna ef til dómstólameðferðar kæmi. Er þá einhver ástæða til að gefast upp fyrir fram og breyta þessu án þess að á það reyni fyrir dómstólunum? Er það svona hræðileg hótun, hæstv. fjmrh., að eitt einasta mál færi fyrir þennan dómstól? Sefur hæstv. fjmrh. ekki út af því á nóttunni að það gæti hugsast að dómstóllinn fengi eitthvað að gera? Til hvers er hann ef eitt og eitt mál má ekki lenda þangað til endanlegrar meðferðar?

Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki svona röksemdafærslu. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. fjmrh. að vera að veifa þessum draug nema menn séu að segja yfirleitt að Íslendingar muni ævinlega gefast upp fyrir fram. Í hvert einasta skipti sem einhver er-

lendur aðili, eftirlitsstofnun EFTA eða einhver slíkur aðili, gerir athugasemdir þá muni Íslendingar hrökkva allir í baklás og kuðung og gefast upp fyrir fram, biðjast afsökunar á tilveru sinni og í öllum bænum forða því að nokkurt einasta mál lendi fyrir dómstól. Er það eitthvað til að skammast sín fyrir að láta reyna á það fyrir þessum dómstóli hvort okkur er stætt á því að viðhalda hér skipulagi á þessu sviði sem menn hafa lýst yfir að sé hluti af félagsmála- og heilbrigðisstefnu þjóðarinnar og sérfræðingar á þessu sviði telja að hafi gefist vel og nánast allar almannahreyfingar í landinu sem eitthvað koma nálægt vímuefnavörnum, meðferð slíkra sjúklinga eða uppeldis- og fræðslumálum hafa mælt með að verði viðhaldið? Er það svo voðalega ljótt að láta á það reyna hvort okkur sé stætt á því að hafa þetta fyrirkomulag? Og er það virkilega þannig að mönnum finnist betra að gera sjálfa sig að ómerkingum fyrir fram með því að gefast upp í málinu heldur en láta á þetta reyna? Hvar er hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson? Er ekki hægt að fá hann hér til umræðu og ræða aðeins við hann um bækling sem hann gaf út á kostnað þjóðarinnar? Og hvað stendur í þessum bæklingi? Herra forseti. Hvar er hv. þm.? Er hægt að kanna hvort hann sé í húsinu?

(**Forseti** (StB)**:** Forseti hefur þær upplýsingar að hv. þm. sé ekki í húsinu.)

Já, hann gæti verið í einhverjum nálægum húsum er mér kunnugt um. En spurningin er hvort hægt er að reyna að hafa upp á hv. þm. og gera honum viðvart um það að nærveru hans sé óskað því að ég tel að það sé réttmætt að óska eftir því, af því að svo vel vill til eða illa, það verður hver og einn að gera upp við sig hvaða orð hann notar, að hv. þm. og hæstv. fyrrv. utanrrh. er hér enn á þingi. Þá er hægt að eiga við hann orðastað. Það er nefnilega þannig að eitt gagnið sem fylgdi afgreiðslu þessa máls var þessi bæklingur, herra forseti. Þetta er mikill og fallegur litprentaður bæklingur, hefur örugglega verið fokdýr, hæstv. iðnrh. og var gefinn út á kostnað þjóðarinnar og undir hann ritar á fyrstu blaðsíðu Jón Baldvin Hannibalsson, þáv. hæstv. utanrrh. Það segir í upphafsorðunum, með leyfi forseta:

„Þriggja ára erfiðum samningum um stofnun hins Evrópska efnahagssvæðis er lokið.“ — Maður heyrir hæstv. fyrrv. utanrrh. dæsa eftir allt erfiðið. „Samningurinn tryggir okkur aðgang að stærsta markaði veraldar“ — og bíðum nú við: „samfara fullu forræði í eigin málum.“ Já. Eru það þá ekki eigin mál lengur hvernig brennivíni er dreift í landinu eða hvað? Það ætti að vera í lagi miðað við það sem hér var sagt að við réðum því sjálfir úr því að við hefðum fullt forræði í eigin málum.

En það er ekki allt búið enn, herra forseti, því að í bæklingnum er með fjálglegum orðum lofað ágæti þessa samnings og er nú ekkert dregið úr því hversu mikill búhnykkur þetta allt saman verði fyrir okkur. Það er t.d. sagt að þetta muni stórlega auðvelda útflutning á fiski og öðrum sjávarafurðum frá Íslandi. Þrem vikum eftir að samningurinn gekk í gildi lokuðu Frakkar fyrir allan innflutning á ferskum fiski frá Íslandi. Það var í fyrsta skipti sem eitthvað reyndi verulega á þetta, þá lokuðust frönsku landamærin um skeið eins og kunnugt er. Síðan er farið yfir það hvað EES þýði og hvað það þýði ekki og þó að það komi ekki fram í þessum bæklingi þá kom fram í umræðum um þessi mál að hæstv. þáv. utanrrh., núv. hv. þm., fór mikinn þegar hann skammaðist út í hræðsluáróður og gagnrýni andstæðinga EES-samningsins og taldi að þar væru menn að fara með blekkingar og einmitt eitt dæmið væri það að menn væru að reyna að ljúga því í þjóðina að EES þýddi að það yrði að leggja niður ríkiseinkasölu á áfengi. Til þess að fullvissa þjóðina um að þetta væri misskilningur, hvað gerði þáv. utanrrh.? Hann gaf út bækling og rakti það að EES þýddi þetta og þetta og þetta, sameiginlegan vinnumarkað, samkeppnisreglur og fríverslun með flestan fisk. En svo þýddi EES ekki aðild að Evrópubandalaginu — ég vissi ekki til þess að neinn hafi haldið því fram en fyrrv. utanrrh. hefur talið rétt að ganga alveg afdráttarlaust frá því að svo væri ekki — ekki sameiginlega landbúnaðarstefnu, ekki varnarsamstarf, ekki sameiginlegan gjaldmiðil, ekki tollabandalag, ekki samræmda skatta, ekki aðild að Maastricht-samkomulaginu, ekki afnám ríkiseinkasölu á áfengi. Það var síðasta atriðið sem hæstv. utanrrh. taldi ástæðu til að undirstrika. Og það kom iðulega fram og ítrekað að í þessu fælist að okkur væri stætt á því að viðhalda óbreyttu fyrirkomulagi að þessu leyti.

Er nú eitthvað að undra, hæstv. forseti, þó að menn vilji aðeins fara yfir þessi mál í ljósi þess sögulega bakgrunns í málinu að það liggja hér fyrir skjalfestar blekkingar borið saman við það sem nú er sagt af hálfu stjórnvalda að nú sé okkur nauðugur einn kostur að breyta lögum og skipulagi þessara mála í hvínandi hvelli ella verðum við dæmdir ómerkingar úti í hinum stóra heimi og allt sé í havaríi og voða. Það sé ekkert annað í húfi.

Það er ekki bara það að menn segðu þetta meðan verið væri að gera samninginn og menn seldu mönnum hann á þessum forsendum, legðu þessi gögn fyrir Alþingi og vonandi þarf ekki að líta svo á að menn hafi a.m.k. ekki vitandi vits dreift röngum upplýsingum, að ég trúi því ekki að nokkur maður hafi í raun og veru gert það eða verið að þessu gagngert í blekkingarskyni. Við skulum vona ekki. En það er ekki allt búið þar með vegna þess að þessi sama skoðun var við lýði mestallt síðasta kjörtímabil. Þá hélt til að mynda fjmrn., sem hæstv. fjmrh. stýrir, uppi kröftugri málsvörn í bréfaskriftum við EES þar sem fullyrt var trekk í trekk og rökstutt að við þyrftum ekki að breyta þessu fyrirkomulagi. Það stæðust öll ákvæði samningsins um EES. Að vísu hefði kannski mátt gagnrýna vissa framkvæmdaþætti varðandi viðskiptahætti ÁTVR sem varðaði það að tryggja öllum fullkomið jafnræði og sjá til þess að ekki gæti verið um mismunun að ræða á grundvelli þjóðernis, en nú væri búið að kippa því í liðinn með breyttum starfsreglum varðandi innkaup og dreifingu á áfengi og þar með væri það alveg ótvírætt að í þessum viðskiptaháttum fælist ekki mismunun og ekki brot á samningsskuldbindingum okk-

ar. Og þegar hv. þm., að vísu í gervi framkvæmdastjóra Verslunarráðsins, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafði kært Íslendinga og sjálfan sig þar með sem einn af þeim sem stóðu að lagasetningunni á sínum tíma þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var lögtekinn og bréfsefni Verslunarráðsins hafði verið notað til að skrifa eftirlitsstofnuninni 30. des. 1993, hvað gerðist þá? Þá brást eftirlitsstofnunin hart við og spurði Íslendinga snúðugt hvað hér væri eiginlega á ferðinni, hvers konar eiginlega tilhögun þetta væri sem hefði verið kærð. Fyrir svörum varð fjmrn., ráðuneyti hæstv. fjmrh. Og svo merkilegt sem það nú er liggur það skjalfest fyrir að allt árið 1994, sl. ár, stóð fjmrn. undir forustu hæstv. fjmrh. í linnulausum bréfaskriftum við ESA þar sem inntakið var rökstuðningur á því að við þyrftum ekki að breyta neinu. Þetta fyrirkomulag stæði. Er hæstv. fjmrh. ekki sammála? (**Fjmrh.:** Fram á þetta ár.) Allt fram á þetta ár. Ég þakka. (Gripið fram í.) Hvað hefur breyst? Er þá nokkur ástæða til þess að vera banginn? Ekki hafa menn verið að skrifa þetta bréf bara út í loftið. Það hlýtur að hafa verið einhver sannfæring á bak við. Ekki skrifa bréfin sig sjálf í fjmrn. og ekki er fjmrn. að senda út bréf, svona ábyrg stofnun öðruvísi en það sé með samþykki fjmrh. enda bréfin sjálfsagt undirrituð ef ekki af ráðherra sjálfum þá a.m.k. f.h.r.

Ég verð að segja alveg eins og er að þess vegna skil ég ekki að menn skuli vera svo feimnir við að láta reyna á þá afstöðu sem þeir hafa haft, höfðu við samningagerðina og hafa síðan linnulaust varið og rökstutt allt fram á þetta ár. Hvað er þá að því að láta þetta ganga fyrir dóm? Ég tel að við eigum alveg hiklaust að verja okkur eins og við getum í þessu máli og gera þá frekar einhvern tímann síðar meir og í rólegheitum breytingar á þessu fyrirkomulagi á okkar eigin forsendum ef okkur sýnist svo, en láta ekki hóta okkur til þess. Þetta er ekki bara sagt vegna þessa máls hér, herra forseti, án þess að lítið sé gert úr því vegna þess að hér er á ferðinni prófmál að þessu leytinu til. Þetta er fyrsta meiri háttar klögumálið af þessu tagi sem kemur fram af hálfu þessara eftirlitsaðila varðandi atriði sem við höfum talið að okkur væri stætt á að hafa með öðrum hætti.

Hvað gerist nú ef sambærilegir árekstrar koma upp til að mynda varðandi, við skulum segja, þær takmarkanir sem við höfum ætlað okkur að viðhafa í okkar sjávarútvegi, til að mynda að þeir verði ekki sammála okkur í sambandi við túlkun á því hvað skuli teljast frumvinnsla sjávarafla? En það er sá fyrirvari sem við höfum að við getum takmarkað umsvif eða komið í veg fyrir umsvif, eftir því sem okkur líkar, útlendinga í veiðum og frumvinnslu sjávarafla. Segjum nú svo að þetta væri klögumál út af einhverju slíku — því hver veit hvað Verslunarráðinu dettur í hug að kæra næst, hver veit það, nóg er til af bréfsefninu — mundi þá afstaða íslenskra stjórnvalda vera sú sama að um leið og við fengjum athugasemdir og einhverjar aðfinnslur frá eftirlitsstofnuninni, þá gæfumst við upp og þyrðum ekki að láta reyna á málstað okkar fyrir hinum erlenda dómstóli?

Það eru þessar grundvallarspurningar í málinu sem við erum að ræða hér, herra forseti. Þetta er nefnilega stórmál. Þetta getur orðið verulegt fordæmi fyrir því hvernig síðari samskipti af þessum toga þróast. Og ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það alveg yfirgengilegt metnaðarleysi af íslenskum stjórnvöldum að ætla að bogna í hnjáliðunum fyrir fram og gefast upp í máli sem ætti ekki að vera erfiðara að verja en þetta, að menn væru að verja það sem þeir teldu vera mikilvægan þátt í félagsmála- og heilbrigðisstefnu þjóðarinnar. Og það er ekki eins og við séum að þessu af einhverri taumlausri eiginhagsmunagræðgi eða öðru slíku heldur er hér á ferðinni samkvæmt okkar skilgreiningu félagslegt mál og heilbrigðismál. Hvað þora menn að reyna að verja ef ekki slíka þætti?

Ég held að menn eigi ekki að komast upp með það að fela þetta mál á bak við einhverjar svona umbúðir eins og hefur verið reynt að gera heldur að setja það í það samhengi sem það verðskuldar. Þessi sögulegi bakgrunnur málsins er mjög stór og hlutur ýmissa aðila í því efni er náttúrlega með miklum endemum, svo sem hæstv. fyrrv. utanrrh. sem skrifar upp á álit meiri hlutans fyrirvaralaust, eðlilega, hafandi þó selt mönnum samninginn og rekið áróður fyrir honum á kostnað hins opinbera í bæklingaútgáfu og með öðrum hætti segjandi hið gagnstæða, að engin ástæða standi til að breyta þessu fyrirkomulagi.

Síðan er það svo, herra forseti, að þrátt fyrir tilburði til að halda því fram í byrjun að þetta mál breytti engu um stefnu okkar Íslendinga í áfengismálum þá er meiri hlutinn kominn heldur betur á flóttann í því efni. Og nú er boðað að til að friða samviskuna þá eigi að setja einhverja aura í forvarnasjóð og skal ekki lítið gert úr því að fjármunir séu settir í það verkefni en heldur er samhengið nöturlegt. Eins og til að friða samviskuna þá hefur talsmönnum meiri hlutans tekist að særa út úr hæstv. fjmrh., sem er ekki laus á aurana eins og kunnugt er, einhverja fjármuni sem boðað er að verði kynntir við seinni umræðu um annað frv. og eigi að ganga í einhverjar forvarnaaðgerðir.

Ég vil gjarnan taka hæstv. fjmrh. og hv. meiri hluta á orðinu og samþykkja það í hvínandi hvelli, þess vegna strax í kvöld, að Íslendingar setji eins og 25 millj. á ári til viðbótar í forvarnaaðgerðir gagnvart vímuefnum og þó fyrr hefði verið og meira, en við þurfum ekkert að vera að blanda því saman við þetta mál, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er með öllu ástæðulaust nema menn vilji hafa það þannig, þeir vilji að þetta sé bundið við afgreiðslu þessa máls, sem vonandi er ekki, herra forseti. Það er til ákveðið orð á íslensku yfir slíkt, ef það væri það sem væri þarna á ferðinni. Nei, ef menn telja ástandið í þessum efnum úti í þjóðfélaginu vera þannig að ástæða sé til að gera átak þá er það gott og ég fagna þeim sinnaskiptum. Hæstv. fjmrh. hefur ekki verið mikið á þeim buxunum þau fjögur ár eða á fimmta ár sem hann hefur stjórnað ríkiskassanum og menn telja sig naumt haldna sem eru að sinna starfi á þessu sviði eins og kunnugt er. Frægur er mikill niðurskurður til félagasamtaka sem fara með veigamikið hlutverk í þessum efnum eins og

til að mynda SÁÁ sem hafa á undanförnum árum mátt berjast fjárlagagerð eftir fjárlagagerð fyrir, mér liggur við að segja lífi sínu, til að halda sínum meðferðarstofnunum opnum. Það var örlætið hér á undanförnum árum. En nú er allt í einu fundnir aurar til að reyna að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls með mjög, mér liggur við að segja, ósmekklegum hætti.

Ég tel að langgáfulegasta afgreiðslan á þessu máli, herra forseti, væri sú að vísa því í heild sinni til ríkisstjórnarinnar eins og reyndar er lagt til í okkar nefndaráliti og fela ríkisstjórninni það sem hún er bersýnilega að gefast upp við af miklu metnaðarleysi að verja málstað Íslands út á við í þessum efnum, að verja hann eins og upphaflega var ætlunin og menn settu sér sérstaka fyrirvara í sambandi við og allt hvað er. Ef það kynni að verða niðurstaða manna, eins og ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson höfum verið að kynna, að einhverjar laga- og/eða skipulagsbreytingar væru innlegg í það mál af okkar hálfu gagnvart t.d. því að undirstrika það í löggjöf að öll mismunun gagnvart einstökum aðilum í innflutningi sé ómöguleg að lagaboði þá er sjálfsagt mál að skoða slíkt. Ef hinar nýju reglur, sem reyndar hafa verið samþykktar af fjmrn. og bornar undir eftirlitsstofnun EFTA eru ekki nógu fullkomnar þrátt fyrir það þá má skoða það mál, hvernig sem menn ætla að fara að því að allar heimsins brennivínstegundir geti alltaf verið hér á boðstólum hverju sinni. Það er sjálfsagt nokkuð langsótt að svoleiðis geti það verið. En a.m.k. að tryggja að sambærilegir aðilar fái sambærilega meðhöndlun. Það ríki jafnræði og ekki séu fólgnir í viðskiptaháttunum sjálfum möguleikar á mismunun. Þá er alveg sjálfsagt mál að gera slíkt en annað ekki. Að öðru leyti eigum við að standa á því að við viljum ráða þessum málum sjálf og hafa þau eins og við teljum heppilegast og hyggilegast. Við töldum okkur á sínum tíma hafa rétt til þess og við eigum ekki að láta þann rétt eftir baráttulaust. Það er með miklum ólíkindum ef menn ætla að snúa þannig við blaðinu.

Herra forseti. Það er að vísu búið að fara ágætlega yfir þann þátt málsins sem snýr að þeim breytingum sem mundu leiða af þessu frv. og þeim sem fylgja. Það hefur verið gert og ég hef svo sem ekki miklu þar við að bæta. Ég vil þó undirstrika að það þýðir ekki fyrir menn að horfa fram hjá tölulegum staðreyndum í umræðum um mál af þessu tagi. Það ber dálítið mikið á því að menn vilji ýta öllu slíku til hliðar. Það að reyna að vitna í það hvernig til að mynda hafi gengið hjá öðrum þjóðum miðað við mismunandi fyrirkomulag að þessu leyti er stundum afgreitt sem eitthvert bull, eitthvert templarakjaftæði sem ekkert eigi erindi inn í málið, eitthvað sem ekki sé í tísku. Það má helst ekki minnast á það til að mynda að árangur Norðurlandanna fjögurra sem hafa viðhaft tiltekið fyrirkomulag og rekið aðhaldssama stefnu í þessum málum, stendur alveg upp úr. Nærtækt er auðvitað að bera saman mismuninn í ástandi áfengismála annars vegar á Norðurlöndunum fjórum sem hafa haft aðhaldssama stefnu og rekið ríkiseinkasölu og hins vegar til að mynda í Danmörku og á Grænlandi. Halda menn að það sé einhver tilviljun að drykkjan er til muna meiri og mest í þessum tveimur Norðurlandanna þar sem miklu meira frjálsræði ríkir og þessi vara er á boðstólum út um allt og í almennum búðum? Það er væntanlega ekki tilviljun vegna þess að þessi reynsla fellur saman við það sem er að finna alls staðar annars staðar í veröldinni liggur mér við að segja.

Annað mjög gott dæmi er mismunandi ástand þessara mála í Bandaríkjunum þar sem fylkin hafa sjálfræði. Þau eru ekki í neinu EES, þau hafa sjálfræði og þurfa ekki að hlíta neinum boðum ekki einu sinni frá Washington. Þau ráða sér sjálf í því hvaða áfengisstefnu þau hafa innan sinna landamæra. Þannig er það að einstök fylki Bandaríkjanna hafa tiltölulega mjög mismunandi löggjöf í þessum efnum og sum þeirra hafa meira að segja prófað mismunandi fyrirkomulag. Það er því hægt að fara yfir það og bera þau saman, annars vegar þau sem hafa til langs tíma haft eina tilhögun eða aðra og það er líka hægt að fara yfir reynsluna af því hvernig breytingar hafa komið út í einstökum ríkjum, til að mynda í Virginíu, Iowa og víðar þar sem menn hafa farið út í að opna viðskipti með vín og setja þann varning í almennar matvörubúðir. Niðurstaðan er sú að þar hefur sala stóraukist, víndrykkja aukist til mikilla muna. Reyndar svo risavaxið að maður trúir því varla fyrr en maður skoðar það betur.

Í þeim tilvikum sem menn hafa tekið skref í hina áttina sem eru líka til dæmi um þá hefur það skilað árangri, þ.e. horfið aftur til aðhaldssamari stefnu.

Þeir eru að vísu að burðast með það að þjóðin fær að ráða þar yfirleitt, það er hægt að kalla fram atkvæðagreiðslur um það hvaða tilhögun menn vilja hafa, fólkið ræður því sjálft. Það fékk ekki hljómgrunn hér þegar EES-samningurinn var kynntur, þjóðin mátti ekki ráða því sjálf í almennri atkvæðagreiðslu því það var beitt hér af fantaskap naumum meiri hluta til að koma í veg fyrir að sá samningur yrði borinn undir þjóðaratkvæði. Manni verður að vísu hugsað til þess að hefði það gerst þá hefðu málskjölin að hluta til verið fölsk sem lögð hefðu verið fyrir því meðmælendur samningsins, ef til þjóðaratkvæðagreiðslu hefði komið, hefðu væntanlega haldið fram þeim málflutningi að ekki þyrfti að hrófla við áfengiseinkasölunni þó við gerðumst aðilar að samningnum. En nú er annað upp á teningunum. Kannski hefðu varnaðarorðin mátt sín einhvers og a.m.k. sýndu skoðanakannanir á þeim tíma að oftast var helmingur og reyndar meiri hluti þjóðarinnar andvígur samningnum. En það mátti ekki koma fram, menn máttu ekki kjósa um þetta.

Ég held að það þýði ekkert annað, herra forseti, enda má segja að meiri hlutinn sé á flótta undan því að reyna að selja okkur það að í þessu frv. felist ekki grundvallarbreyting á áfengisstefnu okkar Íslendinga og til marks um það er nú hinn nýtilkomni áhugi meiri hlutans á forvarnamálum. Þeir átta sig á því að málið er komið í það samhengi sem því ber.

Herra forseti. Ég nefndi það í byrjun að það væru miklar bréfaskriftir þessa dagana. Þar á meðal er svo komið að það ganga á linnulausar bréfaskriftir milli Áfengis- og tóbaksverslunarinnar og fjmrn. Bréfin eru

örugglega boðsend, ég spái því því þau eru fljót í förum. Áfengisverslunin skrifar 12. júní fjmrn. og segir þar, með leyfi forseta, að athygli forstjóra ÁTVR hafi verið vakin á því að meiri hluti efh.- og viðskn. hafi lagt fram tillögur um breytingar á 1. mgr. 2. gr. laganna um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Í tillögu nefndarinnar segi: „Þess skal gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum birgjum." Þeim finnst þetta nokkuð undarlegt hjá Áfengisversluninni vegna þess að þeir vita ekki betur en að þeir starfi samkvæmt reglum sem staðfestar eru einmitt af fjmrn. og þær hafi verið birtar hvorki meira né minna en í B-deild Stjórnartíðinda, nr. 158/1995. Þar eru þessar reglur eins og kunnugt er um val á áfengi til sölu í reynsluflokka, kjarna og mánaðarflokka og hvað það nú er. Allt saman samkvæmt föstum reglum og svo ræður markaðurinn því hvaða tegundir veljast í hvaða flokka og er það nú ekki markaðurinn sem á að ráða? Ég hélt það. Svo koma að vísu þessar reglur um vín í sérvalsflokki sem er afar flókin vísindi og samkvæmt huglægu mati. Það er talið nánast útilokað að rökstyðja veru einstakra tegunda í þeim flokki með jafnræðisreglu.

Það kemur jafnframt fram í þessu bréfi að þessar reglur voru bornar undir eftirlitsnefnd, sem gæti átt að vera eftirlitsstofnun EFTA, og voru þar engar athugasemdir gerðar. Spurningin er því sú hvort árétting Alþingis um jafnræði umfram þessar reglur beri að skiljast þannig að reglurnar séu eigi fullnægjandi. Þeim finnst eðlilegt að farið sé betur yfir þessa hluti og út af fyrir sig má taka undir það. Síðan eru í bréfinu lagðar fyrir sérstakar spurningar varðandi aðra þætti sem þeim finnst ástæða til að fá á hreint.

Varðandi þann þátt málsins hvort þessar reglur séu ekki fullnægjandi þá má sjálfsagt deila um það hvort einhvers staðar sé hægt að finna á þeim veikleika. Eins og ég sagði áður þá teldi ég í sjálfu sér ekkert að því ef menn kæmust að þeirri niðurstöðu að það væri hægt að ganga enn þá tryggilegar frá þessu með lagaákvæðum, með enn þá fortakslausari ákvæðum en nú eru í gildi, að gera það. Það getur aldrei sakað að ganga þannig frá því. Með því er ekki verið að segja að fyrri reglur hafi ekki verið góðar og þess vegna fullnægjandi en það má náttúrlega lengi reyna að valda hlutina enn þá betur.

Síðan er spurt um þátt sem ég gerði lítillega að umtalsefni fyrr í þessum umræðum eða við 1. umr. og mig langar til að fara aðeins betur yfir. Það er spurningin um þá fjárbindingu sem stofnunin getur orðið fyrir með gildistöku þessara breytinga ef af yrði. Það er að vísu spurt sérstaklega um það hvort ÁTVR geti við einhverjar aðstæður lent í því að binda fé vegna vínandagjalds af spíra. Og hvort við mat á rekstrarfjárþörf sé gert ráð fyrir fé til þeirrar greiðslu. Enn fremur er spurt hvort afhending úr tollvörugeymslu sé talin jafngilda því að fá sent áfengi erlendis frá.

Síðan vekur forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, sem undir þetta ritar, athygli á því í bréfi þessu, sem ljóst má vera, að hér séu á ferðinni miklar breytingar fyrir fyrirtækið, fyrir tollstjóra og fyrir skattstjóra og það sé ógætilegt að ætla að 2–6 vikur um hásumarleyfistíma þær nægi til nauðsynlegra breytinga. Er þá enn einn þáttur þessa máls kominn hér upp til umræðu sem lítið hefur verið ræddur. Það er gildistakan og það að menn ætla að skella þessu til framkvæmda strax.

Þegar ég spurðist fyrir um þessi fjárbindingarmál þá fékk ég þau svör, m.a. í efh.- og viðskn., að þessum hlutum væri ætlað að mætast í einum punkti 1. ágúst nk. þegar lögin tækju gildi þannig að þá hæfist innheimta áfengisgjalds og félli niður í staðinn skil Áfengis- og tóbaksverslunarinnar á þeirri álagningu á áfengi sem hefur verið jafngildi áfengisgjaldsins hingað til. Lagerinn á fullu útsöluverði yrði þá væntanlega eign Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Nú veit ég ekki hvort hæstv. fjmrh. heyrir þetta, herra forseti, honum er margt til lista lagt, hæstv. ráðherranum, en að tala við tvo í einu og hlusta jafnframt á þriðja ræðumann er spurning hversu vel tekst hjá hæstv. ráðherra. En ég teldi ástæðu til að hæstv. ráðherra færi aðeins betur yfir þá þætti í svörum einhvern tímann síðar í umræðunni sem varða fjárbindinguna og fjárhagslega útkomu stofnunarinnar í þessu samhengi. Þeir spyrja um einn tiltekinn þátt, sem er möguleg fjárbinding vegna spírainnflutnings, en hitt er auðvitað miklu stærra mál að verðmæti lagersins sem er á hverjum tíma að rúlla í gegn hjá stofnuninni með fullu áfengisgjaldi er væntanlega mældur í milljörðum kr. Og til þess að ekki þurfi sérstaklega að koma til fé vegna fjárbindinga á lager sem er þá kominn með fullt áfengisgjald eftir að hafa verið leystur út úr tolli þá þarf stofnunin með einhverjum hætti að hafa sambærilega fjármuni á móti. Ég hef skilið málið svo að þeir eigi að myndast með því að lagerinn, eins og hann stendur við gildistöku laganna, verði þá eign fyrirtækisins á fullu verði og þar standi þá þau verðmæti á bak við sem til þarf. Þannig verði síðan fært úr útsölu af lager jafnóðum fjármunir yfir í það að innleysa úr tolli nýjar birgðir með fullu áfengisgjaldi. Það getur vel verið að þetta gangi allt upp og standist nokkurn veginn á og þá gott og vel. Að hinu leytinu til vísar svo fjmrn. í svarbréf dags. í dag í þau miklu vísindi að ÁTVR sé að vísu í fullri eigu ríkisins og því á færi fjmrn. að ákveða henni rekstrarfé.

Nú vissi ég ekki til að þeir hefðu sjálfstætt fjárveitingavald í fjmrn. með þeim hætti í sjálfu sér að þeir gætu lagt einstökum ríkisstofnunum til rekstrarfé eftir „behag", en það mætti helst halda það af texta bréfsins. Auðvitað mundi það ekki ganga þannig heldur yrði þá að afgreiða hér væntanlega fjáraukalög eða afla heimilda til fjárveitinga til fyrirtækisins ef til slíks þyrfti að koma.

En um þennan þátt málsins, sem er nú býsna stór því þarna eru á ferðinni, eins og áður segir, milljarðaviðskipti og lager til að mynda sem sjálfsagt er eitthvað á annan milljarð króna að verðmæti eins og hann stæði á hverjum tíma með fullri álagningu eða fullu áfengisgjaldi, hef ég enga útreikninga séð um það hvernig þetta eigi að mætast eða parast. Það væri þess vegna ástæða til og fróðlegt, herra forseti, ef hæstv. fjmrh. færi betur yfir þennan þátt málsins og upplýsti

þetta sérstaklega með tilliti til þess að — Herra forseti. Ég er aðeins að spekúlera í því hvort við eigum ekki að gera hlé á fundinum þannig að hæstv. fjmrh. geti lokið sínum fundi í hliðarsalnum. Ég er alveg tilbúinn til þess að gera hlé á ræðu minni, fara niður og fá mér kaffi og slappa af og koma hér svo aftur endurnærður þegar hæstv. fjmrh. hefur lokið sínum fundi. (Gripið fram í.) Þá verður hæstv. fjmrh. kannski svo vinsamlegur að koma í salinn og sitja undir þessari umræðu (**Fjmrh.:** Maður er ekki skyldugur að horfa í ...) Nei, herra fjmrh. Þú mátt gjarnan horfa ofan í gaupnir þínar.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er of viðkvæmt mál að fara út í það að þetta sé alveg sérstakt prívat áhugamál hæstv. fjmrh. að koma þessum málum í gegnum þingið og það jafnvel svo að hæstv. fjmrh. hafi uppi um það stór orð að hér skuli menn sitja dag og nótt hvað sem tautar og raular yfir þessum málum þangað til þau eru komin í gegn. Það væri fróðlegt að hæstv. fjmrh. upplýsti okkur einnig um hvort það sé rétt að þetta sé sérstakt persónulegt áhugamál hæstv. fjmrh., honum sé þetta eiginlega hugsjónalegt kappsmál að koma þessari einkavæðingu á brennivínsversluninni hér í gegn. Eitthvað hlýtur a.m.k. að valda því að þetta ofurkapp er lagt á málið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að hér eru látnir standa kvöldfundir og guð má vita hvað dögum oftar til þess að reyna að mjaka þessu áfram. Ég held að hæstv. fjmrh. skuldi okkur a.m.k. einhvern rökstuðning á því að svona mikið liggi við, að það sé slíkt ógurlegt áfall ef þetta mál kæmi til einhverrar dómstólameðferðar af hálfu EFTA-dómstólsins að við mundum ekki þola það í sumar. Nú er það væntanlega þannig fyrir þessum dómstóli eins og öðrum að hægt er að gera dómsátt ef mönnum sýnist svo, draga málið út á síðari stigum ef niðurstaða fæst eða samkomulag eða eitthvað því um líkt. Án þess að ég viti nákvæmlega hvernig þetta apparat starfar þá gef ég mér að að þetta hljóti að lúta einhverjum starfsreglum og siðum af því tagi sem algengir eru í slíkum tilvikum þannig að ég get a.m.k. ekki séð að það væri tekin slík óskapleg áhætta þó menn létu á það reyna hvort þeir gerðu alvöru úr hótunum sínum í Brussel.

Herra forseti. Sá grunur hefur læðst að mér að við séum að einhverju leyti fórnarlömb þeirrar stöðu sem er uppi í þessu Evrópska efnahagssvæði, að þetta átti að verða tveggja stoða kerfi sem átti að standa um langan aldur. Svo gufaði þetta meira og minna upp því að öll ríkin nema tvö gengu inn í Evrópusambandið. Eftir sátu menn með fínar stofnanir, vel mannaðar með hámenntuðum og sprenglærðum eftirlitsmönnum og dómurum á háu kaupi, feiknalegu kaupi og margir íslenskir kratar komust þarna í góð embætti. Síðan hafa menn setið úti í Brussel og meira og minna nagað neglurnar. Þeir hafa ekkert haft að gera. Kærubréfið frá Verslunarráðinu hefur því örugglega komið eins og himnasending enda brugðust þeir skjótt við og voru þó áramót og margir helgidagar þegar erindið kom. En nokkrum dögum seinna var svarið komið um hæl frá Brussel. Það bendir ekki til þess að það hafi legið það langir listar af ofangreindum erindum frá eftirlitsstofnun EFTA þegar kæran kom.

Herra forseti. Þess vegna hefur læðst að mér sá grunur að við séum fórnarlömb, þessar fínu stofnanir Evrópska efnahagssvæðisins hafi ekkert að gera og þess vegna hamist þær svona á okkur. Þær þurfa að hafa eitthvað fyrir stafni og menn þurfa að sanna tilverurétt sinn á einhvern hátt og þá er upplagt að standa í svona bréfaskriftum og skaki við Íslendinga út af þessu stórmáli. Er þá ekki allt í lagi að láta það bara hafa sinn gang og láta reyna á þennan dómstól o.s.frv.? Ég veit ekki betur en við höfum sent þangað út þekktan fyrrverandi hæstaréttardómara, gott ef ekki kúplað honum út úr Hæstarétti til að manna plássið vel og í eftirlitsstofnun EFTA er einhver sprenglærðasti ráðuneytisstjóri og opinberi embættismaður þjóðarinnar um langt skeið, stórættaður maður úr Alþfl. Það er því aldeilis ekki í kot vísað hvað varðar mönnun okkar þarna úti. Við skyldum því ætla að við værum sæmilega í stakk búnir til að taka á svona málum þegar þau koma upp. Ég held að það sé þá ágætt að láta á þetta fyrirkomulag reyna.

Herra forseti. Ég ætla þá að fara að ljúka máli mínu og hef í sjálfu sér að mestu leyti tæmt umræðuefnið að því leyti sem ég ætlaði að fara yfir hluti í þessari ræðu, annarri ræðu í umræðunni, en ég sakna þess alveg sérstaklega að ekki skuli hafa tekist að hafa upp á hæstv. fyrrv. utanrrh., núv. hv. þm. Reykv. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Ég get flett upp á númerinu, hann mun vera 9. þm. Reykv. um þessar mundir. Mér finnst eiginlega ómögulegt að láta umræðunni ljúka þannig að við getum ekki náð orðaskiptum við hv. þm. um ábyrgð hans og aðild að málinu á fyrri stigum og þá sérstaklega þessa bæklingaútgáfu.

Ég hefði líka óskað eftir því, herra forseti, að forseti kannaði hvort ekki væri hægt að fá upplag af bæklingnum og dreifa á borð þingmanna og það er ósk mín til forseta að bæklingnum verði dreift sem fylgigagn með umræðunni. Ég gerði lauslegar athuganir á því hvort hann væri að finna á svæðinu og varð að endingu að fá lánað eintak frá Bókasafni Alþingis. Nú er ekki alveg útilokað að bæklingurinn hafi verið prentaður í það ríflegu upplagi að eitthvað sé afgangs uppi í utanrrn. og þá veit ég að þeir mundu gera það alveg eins og skot að senda okkur 63 eða 62 stykki þannig að það mætti dreifa þessu merka gagni á borð þingmanna. Ég held að það sé ástæða til þess að það liggi fyrir.

Ber að skilja það svo að hæstv. forseti hafi ekki neinar fréttir af hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni þannig að ekki líti út fyrir að ég geti átt við hann orðastað að þessu sinni?

(**Forseti** (StB)**:** Samkvæmt upplýsingum forseta er hv. þm. ekki í þinghúsinu en það er sjálfsagt að kanna hvort hann er nærri þannig að hann geti komið í salinn. En eins og er þá er hv. þm. ekki í þinghúsinu.)

Þá verður að sæta því en ég vona að reynt verði að gera gangskör að því að hafa upp á hv. þm. þannig að ég geti átt þess kost að eiga við hann orðastað síðar í umræðunni. Eins er það ef svo skyldi fara að þessi

umræða ætti eftir að standa einhvern tíma að fróðlegt væri að vita um ferðalög hæstv. utanrrh., hvort hæstv. forsetar hafa upplýsingar um það hvenær þess sé að vænta að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. verði kominn til þingstarfa. Mér finnst sömuleiðis mjög mikilvægt — án þess að ég sé að lasta nærveru til að mynda hæstv. iðnrh. og alls ekki að segja að hann sé ómyndugur á nokkurn hátt til þess að svara fyrir Framsfl. — að forseti mundi góðfúslega kanna undir umræðunni hvað væri að frétta af ferðalögum hæstv. utnarrh. og hvenær hann yrði væntanlegur til þingstarfa. Aldrei er að vita nema þannig stæði þá á að umræðunni væri ekki lokið eða henni væri þá frestað þangað til hann kæmi heim þannig að við gætum átt þess kost að eiga einnig orðastað við hv. formann Framsfl. um þetta mál.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Forseti hefur hlýtt á óskir hv. þm. og mun gera ráðstafanir í samræmi við þær óskir.

[21:34]

**Hjörleifur Guttormsson:**

Virðulegur forseti. Það er eins og stundum vill verða þegar verið er að fjalla um mál sem tengjast hinu Evrópska efnahagssvæði að þessi ræðustóll verður heldur lítilfjörlegur til að koma fyrir þeim málsgögnum sem menn þurfa að hafa þó að aðeins sé tekið lítið brot til þess að styðja mál sitt og er það nokkurt óhagræði. Í rauninni, virðulegi forseti, ætti það að vera verkefni forsætisnefndar þingsins að endurhanna aðstöðu fyrir þingmenn eftir að þeir eru komnir inn í þær aðstæður sem meiri hluti á Alþingi setti menn í á sínum tíma þegar við vorum sett inn í hið Evrópska efnahagssvæði og gert að skyldu að ræða mál á Alþingi út frá Rómarrétti öllum saman og þeim gögnum sem ungað hefði verið út á vegum Evrópusambandsins í gegnum árin, stofnana þess, framkvæmdastjórnar, ráðherraráðs, ekki síst dómstóls sem í rauninni er eitt mest afgerandi löggjafarvald Evrópusambandsins eins og kunnugt er. Það er ekki aðeins svo að það séu embættismenn sem einir mega gera tillögur að lagafrumvörpum, 17 embættismenn, sem kallaðir eru kommissarar í Brussel, sem eiga að gera tillögur að lagafrumvörpum, aðrir eru það ekki og ráðherraráð aðildarlanda sem um það fjallar og þingið hefur ekkert um það að segja nema aðeins fjárlög sambandsins og getur sett inn bænaskrár eins og við Íslendingar máttum gera áður en við fengum fullveldi á sínum tíma og áður en það var skert. Þessum aðstæðum hefur nú verið þröngvað upp á Íslendinga. Við höfum nú verið njörvuð við kerfi með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði sem gerir það að verkum að sú virðulega stofnun, sem við erum kjörnir til, Alþingi Íslendinga, hefur misst sjálfræði sitt á þýðingarmikum sviðum þjóðmála, svo ekki sé sagt þýðingarmestu sviðum þjóðmála, því að ég held að það megi gild rök færa fyrir því að það sem heyrir undir samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði sem er eins og kunnugt er í um 130 greinum en síðan studdur af um 20 þúsund blaðsíðum af efni sem hefur ígildi laga og við erum bundin af. Við þyrftum í rauninni, virðulegi forseti, að geta haft fyrir okkur þegar við erum að ræða mál af þessu tagi, mál sem snertir sjálft dómskerfi Evrópusambandsins, að geta haft aðgang að dómasafni þess vegna þess að það eru túlkanir á dómum sem eru síst þýðingarminni en hin skrifuðu lög. Dómstóll eins og í Lúxemborg, dómstóll Evrópusambandsins eins og ég gat um, þróar réttarkerfi Evrópusambandsins, hann setur í rauninni lög eða ígildi laga með dómum sínum þannig að ekki verður fram hjá gengið eins og við þekkjum úr dómskerfinu og hann dæmir ekki út frá bókstaf. Það er einkenni þeirrar stofnunar. Hann dæmir ekki út frá bókstaf heldur út frá markmiði og það er eitt af því sem gerir réttarkerfi Evrópusambandsins allt annars eðlis en það réttarkerfi sem við erum vön á Íslandi. Við erum vön því að dómstólar dæmi út frá skráðum texta, út frá lögum, út frá hlutlægum lagabókstaf en dómstóll Evrópusambandsins dæmir út frá markmiðum þess, markmiðunum um samruna, markmiðunum um að greiða götur fjórfrelsisins og þróa það. Það er eðli þessa kerfis sem við höfum verið sett undir með aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði.

Virðulegi forseti. Í rauninni er ekki hægt að hugsa sér öllu vesælla hlutverk þjóðar, sem vill telja sig sjálfstæða, en að vera bundin inn í slíkt kerfi, dregin þar varnarlaus á asnaeyrunum án þess að menn hafi í rauninni hugmynd um það fyrir fram og geti vörnum við komið svo lengi sem þeir ætla að hlýða. Nú er svo komið að ríkisstjórn Íslands sem bar það fram, hin fyrri og hefur nú verið endurnýjuð af Sjálfstfl. með Framsfl. innan borðs, sem virðist una sér allvel í þessu samkvæmi enda sá minni hluti sem var og sat hjá við gerð samningsins um Evrópskt efnahagssvæði nú orðinn meiri hlutinn í forustu Framsfl. og algerlega ráðandi í forustu Framsfl. Þeir aðilar sem voru efnislega sammála því að við færum inn í þetta kerfi og greiddu götu þess með því að sitja hjá við endanlega afgreiðslu á Alþingi Íslendinga eru nú orðnir hluti af ríkisstjórn landsins og ég held að það sé ekki ósanngjarnt að telja að þeir séu samstæðari um það í þeim flokki en þingmenn þingliðs Sjálfstfl. að fylgja í hólf og gólf út í æsar því reglukerfi sem sett hefur verið í kringum samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég held að það megi orða það svo að hin nýja forusta Framsfl. sé kaþólskari en páfinn ef Sjálfstfl. ætti að teljast páfinn í þessum efnum en það væri nú betur að Sjálfstfl. væri páfinn. Svo er því miður ekki. Páfinn er nefnilega í Róm og það tengist í raun Rómarréttinum sem er stjórnarskrá Evrópusambandsins og okkur er ætlað að fylgja.

Virðulegur forseti. Þetta tel ég rétt að rifja upp í upphafi máls míns í sambandi við 2. umr. um þau frumvörp sem hér hafa verið lögð fram og gera ráð fyrir breytingum á stjórnkerfi Áfengisverslunar ríkisins og starfsemi Áfengisverslunar ríkisins vegna þess að meginástæðan fyrir þessum málum fyrir einlægan vilja núv. hæstv. fjmrh. og skoðanabræðra hans í Framsfl. að einkavæða sem flest fyrirtæki í landinu alveg án tillits til afleiðinga þess. Það er einfaldlega trú á þeim bæ hjá þeim hluta af Sjálfstfl. að standa þannig

að máli. Þess vegna liggja fyrir þau mál sem nú eru komin til 2. umr. um breytingar á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins þrátt fyrir það sem fylgdi samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði af hálfu þeirra sem báru hann fram og við ræddum hér, virðulegi forseti, við 2. umr. málsins. Yfirlýsingum, bókunum og staðhæfingum var m.a. dreift inn á hvert heimili í landinu á kostnað ríkisins á vegum hæstv. þáv. utanrrh. þess efnis að ekki væri hin minnsta ástæða til þess að ætla að hrófla þyrfti við því sölukerfi á áfengi sem hér hefur verið túlkað.

Ég rifjaði það upp, virðulegur forseti, við 1. umr. málsins og vil nefna það aðeins sér að þær yfirlýsingar, sem íslenska ríkisstjórnin lét sig hafa að gerast aðili að með hinum ríkisstjórnum Norðurlanda, kunna að hafa skipt sköpum um það að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði komst á. Það er auðvelt að sýna fram á það eins og staðan var í Noregi í þessu máli þar sem þurfti mjög aukinn meiri hluta norska Stórþingsins til þess að samþykkja málið. Á norska Stórþinginu gátu 42 þingmenn brugðið fæti fyrir samninginn og þar var norski kristilegi flokkurinn í lykilstöðu og sá flokkur hefur mjög ákveðna og einarða stefnu í áfengismálum. Það verður að teljast ólíklegt og ég vil segja útilokað, það er mitt mat, að sú niðurstaða hefði fengist í kristilega flokknum í Noregi að styðja samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði ef það hefði legið fyrir sem mat aðila og verið viðurkennt að líkur væru á því að breyta þyrfti í grundvallaratriðum stjórnkerfi og sölukerfi áfengis þar í landi. Ef Noregur hefði skorist úr leik þá geta menn leitt að líkum hvað orðið hefði um afdrifin af þessum dæmalausa samningi um hið Evrópska efnahagssvæði. Þá værum við ekki að ræða málið á grundvelli þeirra frumvarpa eins og þau eru rökstudd af hæstv. ríkisstjórn. Þá værum við kannski að fjalla um frv. frá einkavæðingarákafri ríkisstjórn sem vildi breyta þessu ríkisfyrirtæki af hugmyndafræðilegum ástæðum í einkafyrirtæki en ekki með svipu EFTA-dómstólsins yfir höfði sér eins og málið er borið fram og rökstutt.

Virðulegur forseti. Með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði liggja fyrir bókanir ríkisstjórna varðandi áfengiseinkasölurnar í löndunum og í frv., sem ríkisstjórnin fyrrv. bar fram um samninginn, liggja fyrir skýlausar staðhæfingar um að ekki þurfi að hrófla við þessu kerfi. Samt eru ekki liðin tvö ár frá því að þetta kerfi gekk hér í garð eftir að samningurinn gekk í gildi og við ræðum þessi þingmál á grundvelli allt annars mats af hálfu stjórnvalda. Blaðinu hefur verið snúið við. Nú er talið líklegt af talsmönnum að ekki sé annað ráð en lúta þeim kröfum og því mati sem komið hefur frá eftirlitsstofnun EFTA og þeim forúrskurði sem kveðinn hefur verið upp í málum í Finnlandi gagnvart finnskum aðilum, að ráðlegast sé fyrir Íslendinga að leggja niður skottið strax og breyta kerfi sínu til þess að fá ekki yfir sig dóm.

Það leggst heldur lítið fyrir þá sem gáfu yfirlýsingar um þessi efni á sínum tíma og í þeim hópi var hæstv. fjmrh. sem heldur fundi í hliðarsölum en á yfirlýsingum hans byggði hæstv. dómsmrh. yfirlýsingu sína þegar hann svaraði fyrirspurn frá mér á síðasta kjörtímabili á þinginu 1992 ef ég man rétt og prísar sig sælan fyrir það. — Virðulegur forseti. Ég hefði áhuga á því að hæstv. fjmrh., sem ég held að sé einnig aðili að þessu máli og gott ef hann beri það ekki fram hér, hlýði á mál mitt. Hæstv. dómsmrh. svaraði fyrirspurn, sem ég bar fram í sameinuðu þingi og hæstv. ráðherra byggði svar sitt á bréfum og upplýsingum frá fjmrn. og frá viðskiptadeild utanrrn. Þær yfirlýsingar sem hann fékk þaðan voru mjög skilmerkilegar og alveg ótvíræðar. Það var ekki nokkur minnsta ástæða til þess að ætla að breyta þyrfti um þetta kerfi og þannig liggja eiðarnir fyrir af hálfu þessara ráðuneyta. Ég hef auðvitað grun um og hef látið það koma fram enda þótt það verði ekki sannað að þessar yfirlýsingar, og það er mjög alvarlegt mál, séu fram bornar af ekki mjög mikilli sannfæringu svo að ég orði það ekki grófar en það og segi ekki gegn betri vitund. Ég vil ekki viðhafa það hér við virðulegt stjórnvald. En í öllu falli án þess að mikill hugur fylgdi máli og það verður a.m.k. að ætla í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi að málið liggi þannig. Nógir vitnisburðirnir af hálfu stjórnvalda í þessu efni eru reiddir fram á Alþingi Íslendinga og það hlýtur að vera mikið áhyggjuefni manna sem hafa gert ráð fyrir því að í þeim yfirlýsingum, sem fylgdu samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og þeim upplýsingum, sem tengdust máli manna sem báru þann samning fram, væri eitthvert hald þegar niðurstaðan er sú sem hér blasir við að þeir hafa snúið við mati sínu.

Við erum að vísu að fjalla um mál út frá þeirri forsendu að verið sé að breyta hér sölufyrirkomulagi að því er varðar innflutning og heildsölu á áfengi en ekki að það þurfi að breyta kerfinu með þeim hætti að smásöluna þurfi að einkavæða þó að ég efist ekki um það að hæstv. fjmrh. mundi standa að slíkri breytingu strax í dag, í síðasta lagi á morgun, ef hann mætti ráða ferðinni. Svo mikill er hugur hans í sambandi við einkavæðingu og að auðvelda einstaklingum að stunda áfengissölu með ágóða burt séð frá allri áfengisstefnu eins og hún hefur verið mörkuð af stjórnvöldum sem hér er vegið mjög ákveðið að.

Hins vegar hef ég ekki trú á því að það kerfi, sem menn ætla að byggja nú upp og stefnir að því að viðhalda áfengisdreifingunni í höndum ríkiseinkasölu, fái staðist til neinnar frambúðar. Síst af öllu þegar það stjórnvald, sem heldur um þræðina, er í rauninni með önnur sjónarmið uppi a.m.k. að hluta til. Ég tel miklar líkur á því að ekki líði mörg ár þangað til smásalan verði dæmd af ef menn ætla að halda áfram þeirri vegferð sem þeir hafa bundið sig hér í að undirgangast dóma kerfis Evrópusambandsins, dóma EFTA-dómstólsins sem bindur mat sitt við dóma sem Evrópusambandið kveður upp eins og kunnugt er. Þetta er 6. gr. samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og ástæða er til þess vegna þessara orða, virðulegi forseti, að minna á hana hér en hún kveður sem kunnugt er á um það að dómunum, sem Evrópudómstóllinn kveður upp, beri að fylgja og taka mið af þeim. Ég hef greinina fyrir framan mig og, með leyfi virðulegs forseta, vitna ég til hennar. Þar segir:

„Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa þó að því tilskildu að þeir séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Evrópubandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála."

Það safn dóma sem Evrópudómstóllinn hefur kveðið upp frá því að hann var settur á laggirnar fyrir 1960 fyllir marga hillumetra og það eru þessir dómar sem við erum að taka mið af þegar við erum að meta réttarstöðu okkar á Íslandi. En hvernig ætli aðgengi okkar Íslendinga sé að þessum dómum? Hvaða möguleika ætli við höfum, hæstv. forseti, sem erum ekki þaulæfð í erlendum málum að fara yfir þessi efni og bera þau með traustum hætti saman við löggjöf okkar og meta réttarstöðu okkar út frá því? Þessi efni liggja ekki fyrir á íslensku máli og eru þannig ekki aðgengileg alþýðu manna á Íslandi og í rauninni er það með öllu ósæmilegt að við skulum vera komin inn í réttarkerfi sem byggir á slíku efni sem aðeins er til á erlendu máli. Ekki þarf lengi vitnanna við um það hvaða áhrif þetta hefur því að einmitt þau efni sem eru til umræðu og hér er vitnað til byggjast á nýlega felldum dómi af hálfu Evrópudómstólsins gagnvart finnsku fyrirtæki eins og ég hef þegar minnt á. (**Fjmrh.:** Álit.) Og slíkir dómar eða álit segir hæstv. fjmrh. munu verða fleiri því að mikið safn hleðst þar upp á ári hverju og sumt varðar beint þau atriði sem hér er verið að ræða, önnur óbeint. Eins og kunnugt er eru mörg hólfin og margir þræðirnir í þessu dómkerfi sem liggja á milli mála og mál sem getur snert atriði eins og áfengislöggjöf þarf ekki að byggja á dómi sem kveðinn er upp í hliðstæðu máli heldur getur þar verið um að ræða dóm sem menn dragi af ályktanir þó að nokkuð langsóttar kunni að þykja af þeim sem skoða þessi efni með leikmannsaugum.

Virðulegur forseti. Aðstaða okkar þingmanna til þess að fara yfir þessi mál er dálítið sérstök. Ég er með í höndunum eina af líklega 20 bláum bókum sem hafa að geyma viðaukana við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði og ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherrar hafi farið yfir þetta efni að mestu leyti. Mér sýnist hæstv. iðnrh. kinka kolli, hann mun vera vel lesinn í þessum efnum sem er orðin réttarstaða okkar Íslendinga og hefur nú fyrir tilstuðlan ötulla þýðenda verið komið á íslenskt mál. Við höfum litið svo til, hæstv. iðnrh., sem gegnir starfi heilbrrh. nú um stundir, að viðaukar þeir sem snúa að áfengismálum skiptu ekki máli fyrir okkur Íslendinga vegna þess að við værum undanþegnir í ljósi yfirlýsinga undanfarinna stjórnvalda og stjórnvalda EFTA-ríkjanna í aðdraganda samningsins. En það er annað uppi nú um stundir í ljósi þess sem hér liggur fyrir og það veit ég að hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem sem hlýðir á þessa umræðu, áttar sig á, einn af harðari andstæðingum hins Evrópska efnahagssvæðis og samningsins þar um þegar hann var hér til umræðu og er það nokkuð lýsandi að hv. þm. er ekki í hópi þerra sem sitja hér á ráðherrabekkjum. Það eru aðrir sem voru hallari undir þennan samning sem þangað hafa komist flestir enda þótt það gildi ekki um alla ráðherrana en undantekningin ein er þar til að sanna regluna.

Í þessum viðauka í bók 3, hæstv. fjmrh., hvað eru þær margar? Man ráðherrann eftir því? Þær eru nálægt 20 talsins, viðaukarnir eru rösklega 20 og á bls. 627–655 er að finna ákvæði, reglugerðir Evrópusambandsins varðandi áfenga drykki og fjalla þær um innihald og auðvitað framleiðslu áfengra drykkja. En það er vissara fyrir ráðherrana og hæstv. ríkisstjórn og okkur á Alþingi að fara að dusta einnig rykið af þessum köflum í II. viðauka. Rétt til þess að búa menn undir það vil ég aðeins minna á þetta efni sem hér er að finna. Í upphafi í þessu safni, hæstv. forseti, er t.d. að finna reglugerð framkvæmdastjórnar EBE, nr. 3664/91 — þetta eru há númer enda eru reglugerðirnar margar — frá 16. des. 1991, um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínum og hanastél blönduð með kryddvínum. Þetta er ein af þessum dýrmætu reglugerðum Evrópusambandsins og ég er viss um að hæstv. iðnrh. sem hlýtur að hafa áhuga á þessum iðnaði, ég trúi ekki öðru en hann hafi hug á því að efla einnig iðnað á þessu sviði ef kostur væri og þá á grundvelli þessarar reglugerðar sé þegar farinn að kynna sér þessa reglugerð. Hún er sett með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og er í þremur greinum og mörgum undirliðum sem ég ætla ekki að fara að hafa hér yfir því að af nógu er að taka, hæstv. forseti, ef út í þá sálma væri farið.

Hér er einnig að finna reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE), nr. 351/92 frá 13. febr. 1992, um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af reglugerð (EBE) nr. 3664/91 um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínum og hanastél blönduð með kryddvínum. Það er sem sagt önnur reglugerð sem þarna er á ferðinni og af því að hún er ekki löng, er örstutt í rauninni miðað við lengd á þessum reglugerðum, er rétt aðeins að fara yfir það sem í henni stendur og sem er að verða hluti af íslenskum rétti, getur orðið það í öllum greinum ef að líkum lætur, með leyfi virðulegs forseta:

„Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur," — þetta minnir á: ég, Kristján kóngur af guðs náð hefur, — „með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991, um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum, drykkjum blönduðum með kryddvínum og hanastélum blönduðum með kryddvínum," — vísað niður í stjórnartíðindi EB nr. L 149 frá 14. júní 1991, bls. 1 — „einkum 16. gr. og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3664/91 fjallar um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínum og hanastél blönduð með kryddvínum.

Villa er í 2. mgr. 1. gr. í þýsku útgáfunni af þeirri reglugerð. Ráðstöfun þar er ekki í samræmi við þá ráð-

stöfun sem var borin undir álit þar til bærrar nefndar. Af þeim sökum ber að leiðrétta þýsku útgáfuna."

Virðulegur forseti. Eins og sjá má varðar þetta mjög þýðingarmikil ákvæði og gefin út sérstök reglugerð um málið.

„Samþykkt reglugerð þessa:

1. gr. Í reglugerð (EBE) nr. 3664/91 er 2. mgr. 1. gr. leiðrétt á eftirfarandi hátt: (Þessi leiðrétting snertir einungis þýsku útgáfuna).

2. gr. Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Hún kemur til framkvæmda 17. des. 1991.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray Mac Sharry framkvæmdastjóri."

Þetta er örstutt sýnishorn af þeim texta sem reglugerðin hefur að geyma, svona sem lítið dæmi af því mikla safni sem hér er að finna um áfenga drykki og reglur hafa verið settar um á vegum Evrópusambandsins og sem geta farið að varða okkur beint ef Rómarrétturinn gengur yfir oss á þessu sviði sem við erum að ræða í tilefni af þessum frumvörpum.

Svo að aðeins sé tæpt á fyrirsögn er hér, með leyfi forseta: „Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1238/92 frá 8. maí 1992 um greiningaraðferðir bandalagsins á bragðlausu alkóhóli í víngeiranum." Þar er að finna í allmörgum greinum á röskri síðu fyrirmæli og ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna um greiningaraðferðir bandalagsins á bragðlausu alkóhóli í víngeiranum. Það er ekki lítils virði að hafa það svo þaulunnið og ákvarðað eins og hér er gert og ákveðið í Brussel 8. maí 1992. En það er ekki aðeins að þar sé að finna merkan texta heldur fylgja síðan reglugerðunum að sjálfsögðu viðaukar á viðauka ofan. Með leyfi forseta er hér viðauki sem ber yfirskriftina „Greiningaraðferðir bandalagsins á bragðlausu alkóhóli í víngeiranum" og það er að sjálfsögðu á mörgum síðum hvernig að því ber að standa. Ekki ætla ég að hafa þar mikið uppi og þreyta hæstv. forseta með þeirri framsetningu sem hér er að finna en hún er ítarleg og rétt til þess að sanna þá staðhæfingu mína leyfi ég mér að grípa niður í „Aðferð 1" sem hefur fyrirsögnina „Alkóhólinnihald ákvarðað" og það er gert þannig samkvæmt ákvörðunum Evrópusambandsins í þessum viðauka:

„Ákvarða skal alkóhólstyrk alkóhóls miðað við rúmmál í samræmi við gildandi landslög eða, ef ágreiningur verður, með alkóhólmælum eða flotmælum samkvæmt skilgreiningu tilskipunar ráðsins 76/765/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi alkóhólmæla og alkóhól-flotmæla.

Hann skal gefinn upp sem hundraðshluti miðað við rúmmál eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 76/766/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi alkóhól-töflur.

Aðferð 2: Litur og/eða tærleiki ákvarðaður.

Umfang og gildissvið. Með aðferðinni er unnt að ákvarða lit og/eða tærleika bragðlauss alkóhóls.

Skilgreining. Litur og/eða tærleiki fenginn með þeirri aðferð sem hér er lýst.

Meginregla. Lit og tærleika skal ákvarða sjónrænt með samanburði við vatn við hvítan og svartan bakgrunn, hvern af öðrum." — Leggur þá hæstv. iðnrh. við hlustir enda er hér af mörgu að taka.

„Búnaður. Litlausir glerhólkar, a.m.k. 40 sm háir.

Vinnuaðferð. Setja skal tvo glerhólka (4) við hvítan eða svartan bakgrunn og setja sýnið í annan hólkinn upp að 40 sm markinu og vatn í hinn upp að sama marki. Horfa skal á sýnið ofan frá, þ.e. niður eftir hólknum og bera saman við samanburðarhólkinn."

Þá vona ég að þetta sé nú sæmilega ljóst enda eru þeir farnir að bera sig saman um þessa aðgerð, hæstv. iðnrh. og fjmrh., hvernig beri að fara með þetta er til kastanna kemur og þessi frv. ná fram að ganga.

„Túlkun. Ákvarða skal lit og/eða tærleika sýnisins þegar skoðað er skv. 5. lið.

Aðferð 3: Aflitunartími permanganats ákvarðaður.

Umfang og gildissvið. Með aðferðinni er unnt að ákvarða aflitunartíma permanganats í bragðlausu alkóhóli.

Skilgreining. Samkvæmt þeirri aðferð sem hér er lýst er aflitunartími permanganats sá fjöldi mínútna sem það tekur lit sýnisins að ná stöðluðum lit eftir að 1 ml af 1 mmól/l af kalíumpermanganatlausn hefur verið bætt í 10 ml af sýninu."

Það hlýtur að vera afar þýðingarmikið þegar kemur að meginreglunni í þessum texta, hæstv. fjmrh.

„Meginregla. Aflitunartími permanganats er ákvarðaður og skilgreindur sem sá tími sem það tekur lit sýnisins að ná stöðluðum lit eftir að kalíumpermanganati hefur verið bætt í.

Hvarfefni. Kalíumpermanganatlausn, 1 mmól/l." — Hæstv. fjmrh. veit örugglega hvað er mól efnafræðilega séð þannig að ekki þurfum við að fara sérstaklega að rifja það upp en það er eitt þýðingarmesta hugtakið í sambandi við styrkleikamælingar í efnafræði eins og hæstv. fjmrh. gerþekkir vafalaust. — „Blandað rétt fyrir notkun.

Litalausn A (rauð).

Nákvæmlega 59,50 g af $CoCl_2$, þ.e. kóbaltklór og $6H_2O$ er vegið." — Þetta er vatnstengt kóbaltklóríð, það er mitt innskot, ég er að lesa úr þessum efnafræðitáknum. (**Fjmrh.:** Það er ekki klórat.) Nei, það er ekki klórat, hæstv. fjmrh. Þetta er greinilega kóbaltklóríð sem er tengt vatni en ekki klórat eins og hæstv. fjmrh. var að geta sér til og virðist hann vera heldur illa lesinn í þessum texta sem kannski er afsakanlegt miðað við að ekki er á okkur skollinn Rómarréttur enn sem komið er á þessu sviði. En það mun rétt að búa sig undir það á Alþingi Íslendinga.

„25 ml af saltsýru ($P^{20}$ = 1,19 g/ml) og 975 ml af vatni er blandað saman. (**Gripið fram í:** Þetta er stórhættulegt.)

Kóbaltklóríðinu er bætt út í hluta af saltsýru/vatnsblöndunni" — og þarna kemur í ljós að þetta er vatnsblanda, — „í 1.000 ml mælikolbu" — hæstv. fjmrh., hér hefur verið farið nokkuð hratt yfir í þýðingu sýnist mér þegar farið er að tala um kolbu. Það er að mér

virðist nýtt. Kolbe á þýsku er vel þekkt gler sem notað er í efnafræði en mér sýnist það vera nýmæli í íslensku máli. Þetta er í fyrsta sinn sem ég sé það á íslensku í þessum texta — „í 1.000 ml mælikolbu og því næst er fyllt upp að merkinu með blöndunni við 20°C.

Litalausn B (gul). Nákvæmlega 45,00 g af $FeCl_3.6H_2O$ [þ.e. ferróklóríðvatnsblöndu] er vegið.

25 ml af saltsýru ($P^{20}$ = 1,19 g/ml) og 975 ml af vatni er blandað saman og því næst er sama aðferð notuð og stuðst er við í litalausn A með járnklóríði." — Nú fer að styttast í að aðferð 3 ljúki og ég ætla ekki að fara út í miklu fleira í þessu, þetta er sýnishorn. — (**Fjmrh.:** Þetta er fróðlegt.)

„Stöðluð litalausn. 13 ml af litalausn A og 5,5 ml af litalausn B eru teknir með rennipípu (pípettu)". — Þarna hafa þýðendur sýnt nokkurt hugmyndaflug með því að þýða hið erlenda heiti pípettu sem er hér innan sviga með rennipípu og er það hið merkasta nýmæli sýnist mér því að ég hef ekki séð þetta hugtak áður. (**Iðnrh.:** Hvar er þetta?) Á bls. 632 er þetta að finna og er nú hæstv. iðnrh. farinn að rýna í textann til að bera saman hvort rétt sé eftir haft. Hæstv. forseti, það finnst mér skynsamlega að verið þannig að ekkert fari hér á milli mála. Og athugasemd við þetta. — „Athugasemd: Litalausnir A og B má geyma í myrkri við 4°C hita í nokkra mánuði. Blanda ætti nýja staðlaða litablöndu af og til." — Lýkur þar aðferð 3 og þó ekki alveg, það er misskilningur, virðulegur forseti. Það er annað eins eftir. Virðulegur forseti, kannski ég grípi niður í tölul. 6 um vinnuaðferð þannig að við getum áttað okkur á að sæmilega nákvæmlega er tíundað:

„10 ml af sýninu eru teknir með rennipípu" — og nú er ekki lengur þörf á að hafa pípettu innan sviga eins og var áður í textanum — „og settir í tilraunaglas eða 50 ml í Nessler-glas.

Sett í vatnsbað við 20°C.

1 ml eða 5 ml, háð stærð sýnisins, af 1 mmól/l $KMnO_4$" — þ.e. 1 millimól í lítra í kalíummanganatlausn, ég vona, hæstv. iðnrh., að ég lesi rétt í það, $KMnO_4$, kalíummanganat tel ég það vera — „lausn er bætt í, blandað saman og látið standa í vatnsbaði við 20°C.

Tíminn skráður.

10 ml af staðlaðri litalausn eru teknir með rennipípu og settir í tilraunaglas með sama þvermáli eða 50 ml af litalausn eru settir í Nessler-glas.

Fylgst með litlabreytingum á sýninu og borið af og til saman við stöðluðu litalausnina með hvítt í bakgrunni.

Skráð hvenær litur sýnisins verður sá sami og í stöðluðu litalausninni." — Hvað varð um hæstv. fjmrh.? Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. hefur horfið oss undir lestrinum og þótti mér heldur lævíslega að verið að stinga af úr þingsal, hæstv. ráðherra, ábyrgðarmaður þeirra mála sem hér eru rædd, stinga af úr þingsal þegar verið er að rekja dæmi um vinnuaðferðir í sambandi við viðauka sem fylgir með tilskipun með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1238/92. (**Gripið fram í:** Hann hefur líklega farið að rýna í tilraunaglasið.)

Svo er athugasemd við vinnuaðferðina, hæstv. forseti, sem er mjög þýðingarmikil. Hún er svohljóðandi: „Athugasemd: Varast ber að láta sólina skína beint á sýnið á meðan á prófun stendur."

Hér er af nógu að taka, hæstv. forseti, og ég veit að hæstv. iðnrh. tekur þessa lesningu með sér þegar við höldum heim á leið í morgunsárið að þingfundi loknum til þess að eiga auðveldara með að slappa af og hvílast. En það er sem sagt, hæstv. forseti, ekki seinna vænna en ríkisstjórnin fari að kynna sér þessar forskriftir sem hafðar eru uppi áður en gleðitíð Rómarréttarins gengur í garð á Íslandi.

Það er reyndar til umræðu í borgaralegum stjórnmálahópum, t.d. í Danmörku, því landi sem hefur lengst Norðurlanda búið við Rómarrétt, að fyrirskriftir af þessu tagi eru heldur hvimleiðar og nokkuð langt gengið á sumum sviðum. Vel þekktar eru þær fyrirskriftir því að það hefur verið vitnað til þess á Alþingi Íslendinga að því er varðar getnaðarvarnir af ýmsu tagi sem eru nákvæmlega skráðar og ákvarðaðar samkvæmt reglum framkvæmdastjórnarinnar. Annað dæmi varðar ávexti og sköpulag ávaxta eins og banana sem samkvæmt framleiðslureglum Evrópusambandsins verða að halda alveg tilskildum boga og framkvæmdastjórnin hefur lagt á sig margar stundir og mikið erfiði til þess að finna hið nákvæmlega rétta sköpulag á banönum. Þetta er sú blessun og forsjá, við mundum kannski segja forsjárhyggja, sem leidd hefur verið til öndvegis á Alþingi Íslendinga á fjölmörgum sviðum og tengist Rómarréttinum og fjórfrelsinu í hinum einstöku greinum. Menn skyldu bara gæta sín að vera sæmilega að sér, ekki síst þeir sem stunda framleiðslu og annað slíkt, að brjóta ekki gegn því og þeir sem eiga að gæta réttarstöðu Íslendinga séu vel að sér í þeim textum sem þar að lýtur.

Stundum finnst mönnum sem þau efni af þessum toga geti flokkast undir gamanmál, virðulegur forseti, en svo er í rauninni ekki. Hér er á ferðinni mikið alvörumál vegna þess að menn eru settir undir reglusmíði á fjölmörgum sviðum þar sem ekki verður undan vikist nema menn taki á sig ákveðna áhættu, taki á sig þá áhættu að fá á sig refsivöndinn. Það eru þær aðferðir sem er að finna í ýmsum greinum um hið Evrópska efnahagssvæði, mig minnir í grein 111, er ekki svo, virðulegur forseti, hæstv. iðnrh. mundi kannski hjálpa til að rifja það upp. En það er sem sagt heimilt ef menn brjóta gegn ákvæðum í samningnum, einhverri grein, þá getur gagnaðilinn brugðist til varnar og kippt úr sambandi heilu sviðunum. Það er það sem ég leyfi mér hér að kalla refsivöndinn. (**Viðskrh.:** Grein 112.) Grein 112 segir hæstv. iðnrh. og það má vera. Ég hef ekki flett upp á því. Það er aðeins farið að fenna yfir greinarnúmerið frá því að við ræddum þessi mál fyrir þremur árum og bárum okkur saman um einstakar greinar og ákvæði þessa samnings og það sem honum tengist.

Það er ástæða til þess, virðulegur forseti, að víkja að því sem tengist áhrifum þeirra breytinga sem hér er verið að undirbúa að lögleiddar verði á möguleika Íslendinga til þess að halda uppi eigin heilbrigðismála-

stefnu, í þessu tilviki á sviði áfengisvarnamála. Eins og fyrir liggur í fjölmörgum umsögnum sem tengjast þessu máli er það mat fjölmargra sem um hafa fjallað og láta sig þau efni varða að afleiðingarnar af þeirri breytingu sem hér er verið að innleiða, að vísu varðar það fyrst og fremst innflutning og heildsölu á áfengi en engu að síður að áhrif þeirrar breytingar einnar geti orðið mjög veruleg að því er varðar áhrif á möguleika okkar til þess að halda uppi okkar eigin mótaðri áfengismálastefnu. Ég vil leyfa mér þessu til stuðnings, virðulegur forseti, að vitna til umsagnar áfengisvarnaráðs, sem er nýlega komin fram um málið, þar sem að þessu er vikið og sem ég tel nauðsynlegt að vekja athygli hv. þm. á. Þar segir í þessu áliti, með leyfi forseta:

„Áfengisvarnaráði hefur borist til umsagnar frá efh.- og viðskn. Alþingis frv. til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum, og frv. til laga um gjald af áfengi. Þó að lítill frestur sé gefinn og við hefðum gjarnan viljað svara hv. efh.- og viðskn. Alþingis ítarlegar leyfum við okkur samt að festa nokkrar línur á blað og skrifum þá um bæði frumvörpin samtímis jafnframt því sem við sendum nokkur minnisblöð um ýmsa þætti þessa máls.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að afnuminn verði einkaréttur ríkisins til að flytja inn áfengi. Þessi einkaréttur hefur verið við lýði frá því í upphafi þriðja áratugar þessarar aldar. Áfengisverslun ríkisins var á þeim tíma stofnuð til að koma í veg fyrir að nokkur maður gæti haft persónulegan hag af því að fólk drykki sem mest. Spánverjar höfðu þvingað Íslendinga til að leyfa innflutning spænskra vína þó að það bryti í bága við þau lög sem þá giltu í landinu. Á Alþingi var þá rætt um þetta sem grímulausar þvinganir af hálfu Spánverja sem voru þá helstu kaupendur að íslenskum saltfiski. Engum datt í hug að nefna þetta aukið frelsi.

ÁTVR hefur síðan annast innflutninginn og það kerfi hefur reynst vel fyrir þjóðina að bestu manna yfirsýn. Nægir þar að nefna helstu þingskörunga þjóðarinnar í 70 ár. Nú er hins vegar svo komið að okkur er tjáð að einhverjir kerfiskarlar í Brussel telji þetta kerfi okkar ótækt og virðast sumir Íslendingar halda að þeir viti betur hvað er þjóð vorri til góðs en íslenskir stjórnmálamenn á borð við Bjarna Benediktsson og Eystein Jónsson."

Virðulegi forseti. Þá þótti mér nú leitt að sjá á bak síðasta ráðherranum úr þingsal þegar ég nefndi nafn fyrrv. forseta sameinaðs Alþingis, Eysteins Jónssonar. Bið ég nú um að reynt verði að hafa upp á hæstv. ráðherrum fjármála og heilbrigðismála. Ég geri hlé á máli mínu meðan forseti kanni vinsamlega aðstæður hæstv. ráðherranna.

Virðulegur forseti. Þá er hæstv. heilbrrh. kominn í þingsal en hæstv. fjmrh. er hvergi sjáanlegur og óska ég eftir að honum verði gert viðvart.

(**Forseti** (RA)**:** Honum hefur þegar verið gert viðvart. Hann er væntanlegur.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Ég var að vitna til umsagnar áfengisvarnaráðs frá 29. maí 1995. Ég hef það aftur yfir því að á braut voru ráðherrarnir:

„Nú er hins vegar svo komið að okkur er tjáð að einhverjir kerfiskarlar í Brussel telji þetta kerfi okkar ótækt og virðast sumir Íslendingar halda að þeir viti betur hvað er þjóð vorri til góðs en íslenskir stjórnmálamenn á borð við Bjarna Benediktsson og Eystein Jónsson. Telja menn það part af frelsinu að hver sem er fái að flytja inn áfengi og koma því á markað. Okkur þykir heldur óvarlega farið með frelsishugtakið þegar það er notað á þennan veg því að þarna er í raun og veru verið að svipta Íslendinga frelsi sem þeir hafa haft síðan Alþingi fékk löggjafarvald," þetta síðast nefnda er feitletrað í umsögn áfengisvarnaráðs, „þ.e. valdinu til að ákveða sjálfir hvern hátt þeir hafa á innflutningi, framleiðslu og dreifingu eina vímuefnisins sem löglegt er að selja í landinu. Við leyfum okkur að benda á að ríki þau sem mynda Bandaríki Norður-Ameríku hafa þennan rétt. Það er sem sé hluti af frelsinu sem Bandaríkjamenn búa við að tæpir tveir tugir ríkjanna hafa ríkiseinkasölu á áfengi, hin ríkin ekki.

Okkur býður í grun — ef það er rétt að kontoristarnir í Brussel heimti að við afnemum einkarétt ríkisins á innflutningi áfengis — að gífurleg offramleiðsla Evrópusambandsríkjanna á áfengi sé orsök þeirrar kröfu.

Vínfenið alræmda í Evrópu stækkar ár frá ári og nú er svo komið að yfirborð þess mundi varla hækka svo að neinu næmi þó að við fleygðum út í það allri offramleiðslu kjöts, smjörs og annars góðmetis á Íslandi í þúsund ár. Hefur þó margur fjasað mikið og lengi um smjörfjöll og óseljanlegar kjötbirgðir. Greinilegt virðist að tóbak á enn að vera einkasöluvarningur. Sú spurning hlýtur því að vakna" — virðulegur forseti, þeir hæstv. ráðherrar eru væntanlega að bera sig saman um kalíumpermanganatið og hvernig hægt sé að bera sýni upp við hvítan bakgrunn því að svartur er ekki þar nærhendis. — „Hefur þó margur fjasað mikið og lengi um smjörfjöll og óseljanlegar kjötbirgðir. Greinilegt virðist að tóbak á enn að vera einkasöluvarningur. Sú spurning hlýtur því að vakna hvort slíkt fyrirkomulag brjóti ekki jafnmikið í bága við reglur EES og einkaréttur ríkisins til að flytja inn áfengi. Eða er kannski engin offramleiðsla á tóbaki í löndum Evrópusambandsins?

Áfengisvarnaráð telur að ekki hafi reynt á það hvort ÁTVR geti lagað sig að þeim breytingum sem e.t.v. þyrfti að gera á rekstri þess fyrirtækis að kröfu EES. Við vitum ekki betur en umboðsmenn erlendra áfengisframleiðenda eigi greiðan aðgang að því að koma vöru sinni á framfæri ekki síður en umboðsmenn tóbaksseljenda. Sjálfsagt mætti á einhvern veg bæta stöðu þeirra og samskipti við ÁTVR.

Sá háttur sem á er hafður um merkingar áfengis hjá ÁTVR hefur án efa mikið að segja til að draga úr innflutningi og sölu smyglvarnings. Aftur á móti er ljóst að ef „allir" fá að flytja inn áfengi fellur þessi mikilvægi þáttur niður. Þegar þar við bætist að birgðastöðvar geta verið í öðru hverju veitingahúsi og jafnvel í bílskúrum hjá innflytjendum og að þeir verða að selja sem mest á sem stystum tíma vegna þess hve varan er

dýr ætti hverju mannsbarni að vera ljóst hvert stefnir.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lagði til við aðildarþjóðirnar í Evrópu að þær leituðust við að draga úr áfengisneyslu um 25% á síðasta fimmtungi þessarar aldar. Íslendingar samþykktu að taka þátt í þeirri tilraun. Ekki er líklegt að gífurleg fjölgun innflytjenda áfengis auki möguleika okkar á að ná því marki. Þá er í Íslenskri heilbrigðisáætlun lögð áhersla á að neyslu áfengis þurfi að minnka, „gera þurfi" og það er orðrétt tilvitnun í íslenska heilbrigðisáætlun, „markvissa áætlun um samdrátt í notkun áfengis"."

Hér hef ég farið yfir smáhluta af umsögn áfengisvarnaráðs frá því í maílok. Ég vil nefna það, virðulegur forseti, af því að hér er vitnað í íslenska heilbrigðisáætlun að það var núv. hæstv. umhvrh. og ráðherra landbúnaðarmála, Guðmundur Bjarnason, sem átti hlut að því með stuðningi meiri hluta á Alþingi að þingið ályktaði vorið 1991 um íslenska heilbrigðisáætlun til ársins 2000. Sá sem hér stendur var formaður þeirrar nefndar sem vann málið, félmn. þáv. sameinaðs þings og í hana lögðum við sem störfuðum í nefndinni mikla vinnu og mikla alúð til þess að reyna að gera þessa íslensku heilbrigðisáætlun sem best úr garði. Þingið lagði blessun sína yfir verkið og ég veit ekki annað en hæstv. núv. umhvrh. hafi sem heilbrrh. verið ánægður með þann áfanga sem þarna vannst. Hann lagði a.m.k. mikla áherslu á það að fá þessa ályktun samþykkta. Það leggst heldur lítið fyrir Alþingi Íslendinga og hæstv. ríkisstjórn og Framsfl. sem aðila að ríkisstjórn ef sléttað er yfir þau markmið sem þarna voru samþykkt og borin fram af fyrrv. heilbrrh. Framsfl. í ríkisstjórninni 1988–1991 með því að ætla að breyta aðstæðum í sölu áfengis með þeim hætti sem frumvörp þessi gera ráð fyrir. Mér finnst það satt að segja mikil hryggðarmynd sem fæst af þátttöku Framsfl. í núv. ríkisstjórn ef það er eitt af fyrstu verkunum að beygja sig fyrir kröfunni um að breyta hér sölufyrirkomulagi á áfengi sem leiðir til þess sem ég hef vitnað til að er mat áfengisvarnaráðs en mjög langt frá því að vera mat þess eins. Undir það taka flestir þeir, ég vil ekki segja allir vegna þess að ég hef ekki kannað það til hlítar, en flestir þeir, hæstv. forseti, sem hafa farið yfir heilbrigðismálaþátt málsins og sem bera fyrir brjósti þau markmið sem eiga vaxandi fylgi að fagna víða um lönd að draga úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu á heilsufar manna og öryggi fólks og þá fylgifiska sem fylgja af misnotkun áfengis. Þetta á auðvitað ekki síst við um þá sem yngri eru, unga fólkið. Og menn skulu hafa í huga að neysla áfengis er oft og tíðum það fyrsta á langri en hraðri vegferð niður hjarnið í sambandi við notkun annarra vímu- og fíkniefna. Það er kannski sá vágestur sem við ættum allra síst að greiða götuna fyrir í okkar ágæta landi að auðvelda og ýta undir vaxandi neyslu á slíkri óhollustuvöru og ekki aðeins það, heldur er allt of vægt til orða tekið að tala um óhollustu í þessu sambandi því að annað og miklu alvarlegra heilsutjón fylgir þar gjarnan í kjölfarið.

Virðulegi forseti. Í því sambandi er að fleiru að gá en aðeins þeirri breytingu sem hér er hugmyndin að lögleiða, breytingu á fyrirkomulagi á söluinnkaupum og heildsölu á áfengi. Þar ber einnig að hafa í huga þær breytingar sem kunna að fylgja með ef sú stefna verður tekin upp að Íslendingar taki að sér ytri landamæravörslu Evrópusambandsins eins og kann að fylgja í kjölfarið á hugsanlegum samningum Evrópusambandsins og íslenskra stjórnvalda um það að varðveita það sem kallað er vegabréfafrelsi milli Norðurlanda sem sett hefur verið fram sem ósk og pólitískt álit ríkisstjórna á Norðurlöndum. Þetta tengist, hæstv. heilbrrh., hinu svonefnda Schengen-samstarfi sem níu ríki Evrópusambandsins eru nú aðilar að. Sjö þeirra hafa þegar opnað landamæri sín eða afnumið landamæraeftirlit þannig að þar fer á milli bæði fólk og varningur og tvö ríki eru formlega aðilar þó að þau hafi ekki tekið upp ákvæði samningsins sem þó gekk í gildi 26. mars sl. Þetta Schengen-samstarf sem Danir hafa sótt um aðild að þýðir það í reynd að landamæraeftirlit er afnumið. En til þess að Danir geti orðið fullgildir aðilar að þessu samstarfi þurfa þeir annaðhvort að reisa eða stunda landamæragæslu út á við fyrir Evrópusambandið á landamærum sínum og gera kröfu til þess að Íslendingar og Norðmenn, svo að dæmi séu tekin, hugsanlega Svíar, nema þeir gerist einnig aðilar að þessu samstarfi, sýni vegabréf þvert ofan í þá stefnu sem verið hefur um áratuga skeið í gildi milli Norðurlanda að þeirra á milli sé frelsi til ferða án vegabréfa.

En skilríkin ein eru ekki meginefnið. Það er það sem fylgir með, þ.e. skertir möguleikar á almennu eftirliti með hugsanlegu smygli, þar á meðal á fíkniefnum, getur fylgt í kjölfarið. Það er fyllsta ástæða til fyrir okkur á Alþingi að gefa gaum að þessu máli sem er á dagskrá stjórnvalda þessa mánuðina þegar við erum að ræða það mál sem hér er á ferðinni. Við skulum hafa það í huga, virðulegur forseti, og ég vænti að hæstv. heilbrrh. hafi það einnig í huga, að fljótlega getur að því dregið að við þurfum að gera það upp við okkur hér hvort við gerumst aðilar að hugsanlegu samstarfi að þessu leyti og innleiðum það kerfi sem því kann að fylgja. Eins og sakir standa er beðið eftir viðbrögðum hjá Evrópusambandinu við hugmyndum Norðurlanda og tilboði ríkisstjórna Íslands og Noregs um að taka að sér þetta ytra eftirlit á landamærum. Það er engan veginn víst að viðbrögð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins verði í fyrstunni a.m.k. eins og menn hafa verið að gera sér vonir um sem telja að þetta ætti að verða lausnin til að varðveita vegabréfafrelsi, sem svo er kallað, milli Norðurlanda, á skandinavísku kallað „Nordisk passunion".

Það fylgir sögunni í sambandi við þetta mál sem ég er að tengja þessu efni að gefnu tilefni að ekki verði einu sinni heimilað í sambandi við eftirlit með fólki og farangri þess að taka það sem kallað eru stikkprufur, að taka tilviljunarkennt úrtak til sérstakrar skoðunar sem væri vísir að því að vernda möguleika til ákveðins eftirlits. En þær upplýsingar sem ég hef fengið um þetta bera vott um það að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi á því allan fyrirvara að möguleiki sé á því að taka slíkar prófanir á einstökum farþegum. Það þurfi í rauninni að blikka rauð ljós á tölvu stóra

bróður, sem verið er að koma upp í tengslum við þetta eftirlit, mig minnir að hún sé staðsett í Frankfurt, sem hefur að geyma nöfn þeirra sem að mati lögreglu innra öryggiseftirlits Evrópusambandsins eru óæskilegar eða grunsamlegar persónur. Og það er aðild að þessari tölvu stóra bróður í Evrópusambandinu sem á að vera eitt helsta haldreipið í sambandi við aðhald og eftirlit á ytri landamærunum. Við Íslendingar ætlum þá að setja það upp í Keflavík og annars staðar þar sem við erum að gæta að ytri landamærum hins stóra svæðis, þ.e. Evrópusambandsins, fara yfir tölvuna og láta hana svara fyrir okkur en missa réttinn til þess að hafa hér í rauninni virkt eftirlit með þeim sem koma til og frá landinu hugsanlega frá öðrum ríkjum Evrópu.

Virðulegur forseti. Ég hafði ætlað mér en hef ekki gert alvöru úr því af tillitssemi við annríki á Alþingi að taka þetta efni til umræðu og inna hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. eftir stöðu þessa máls. En ég hef verið að reyna að fylgjast með því á norrænum vettvangi hvernig því líður og í rauninni væri æskilegt að ríkisstjórnin gæfi Alþingi yfirlit og skýrslu um stöðu málsins áður en Alþingi verður frestað og sumarleyfi tekur við, a.m.k. ef það gæti gerst að farið yrði út í samningaviðræður um þessi efni á sumarmánuðum þannig að þingið hafi upplýsingar um það hvað sé hér á ferðinni. Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh., er ekki er sjáanlegur en ég hefði þurft að ná eyrum hans ef kostur væri vegna þessa máls í von um að hæstv. fjmrh. geti veitt okkur upplýsingar um þessi efni.

(**Forseti** (GÁS): Það er verið að sækja hann.)

Ég þakka, virðulegur forseti, og held áfram máli mínu á meðan hæstv. ráðherra er að skila sér í þingsal. Hér er um að ræða mál sem varðar sjálfseftirlit okkar sem ríkis sem gjarnan vill telja sig fullvalda en því miður verðum við að fara að setja spurningarmerki við ýmislegt sem varðar innihaldið í því hugtaki eins og málum er komið fyrir okkur og eins og þróun mála er um þessar mundir.

Úti á hinu Evrópska efnahagssvæði á öðrum Norðurlöndum hafa menn miklar áhyggjur af þessu. Og þar hafa menn líka miklar áhyggjur, virðulegi forseti, út af þeim brigðum, sem svo má nefna, sem ríkisstjórnir landanna sem stóðu að yfirlýsingum sem tengdist samningnum um EES báru fram og sem eru nú að leiða til þess að ekki aðeins Íslendingar heldur önnur Norðurlönd eru að breyta um stefnu frá því sem áður var og beygja sig undir Rómarréttinn varðandi sölu á áfengum drykkjum. Þessar áhyggjur tengjast, eins og ég hef verið að víkja að, ekkert síður möguleikanum á að halda fíkniefnunum í skefjum, „knark", eins og það er kallað á skandinavískunni, sem er kannski sú vá sem okkur ber að leggja hvað mesta áherslu á að bægja frá okkar dyrum. Við ættum sem eyþjóð að hafa raunverulega betri möguleika á því að hafa eftirlit og stemma stigu við innflutningi á slíkum efnum og njótum þar fámennis okkar og að innkoma í landið er á tiltölulega fáum stöðum. Aðstæður í öðrum Evrópulöndum eru áreiðanlega mun erfiðari að þessu leyti og ég tel að viðleitni íslenskra stjórnvalda og íslenskrar tollgæslu og fíkniefnalögreglu á þessu sviði hafi skilað árangri. Ég þori ekki að segja góðum árangri því hvað er góður árangur í þessum efnum? Í rauninni er hann ekki góður á meðan einhverjir verða þessum vágesti að bráð, sérstaklega uppvaxandi æska, með þeim hörmulegu afleiðingum sem því tengist.

Ég vék að þeim breytingum, virðulegur forseti, þegar hæstv. fjmrh. var fjarverandi áðan, sem kunna að verða á möguleikum til að halda uppi virku eftirliti, eða svipað og við reynum nú, gagnvart smygli og innflutningi á vímugjöfum til landsins ef breytingar verða á möguleikum til eftirlits með hugsanlegu samstarfi eða samningi milli Íslands og ríkja Evrópusambandsins varðandi landamæraeftirlit, þetta tilboð íslenskra stjórnvalda ásamt norskum að taka að sér ytra landamæraeftirlit fyrir Evrópusambandið. — Ég vildi biðja hæstv. fjmrh., því hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur, um að upplýsa okkur um það í hvaða stöðu þetta mál er og hvaða áhrif hæstv. fjmrh. telur að það geti haft á möguleika til eftirlits hjá okkur? Ég hef verið að vísa til þess sem lesa má m.a. í dagblöðum á Norðurlöndum og hefur reyndar verið á dagskrá býsna lengi í tengslum við EES-samninginn, og ég tala nú ekki um inngöngu Norðurlanda í Evrópusambandið, að þarna geti orðið veruleg breyting til hins verra. Og að hugsanlegt sé, um það vil ég ekki fullyrða á meðan ekki eru komin fram gögn um málið, að þetta tilboð íslenskra stjórnvalda um að taka að sér landamæravörslu fyrir Evrópusambandið geti valdið breytingum sem minnki möguleika okkar til eftirlits. Ég treysti því að hæstv. fjmrh. víki að þessu á eftir og upplýsi okkur um stöðuna að þessu leyti. Ég tel að málið tengist með skýrum hætti því sem við erum að ræða hér og nauðsynlegt sé að fá um þetta upplýsingar áður en lengra er haldið með þau mál sem liggja fyrir þinginu.

Það hefur komið fram, virðulegur forseti, í sambandi við þessi mál að möguleikarnir á því að fylgjast með dreifingu áfengis verði mun lakari eftir að innflutningsaðilum fjölgar í skjóli þeirra ákvæða sem hér er verið að lögleiða. Ég get bent á margt þeirri skoðun til stuðnings. Þeir sem gjörst þekkja sem starfa við þessi mál hjá ÁTVR hafa ljóslega komið skilaboðum til þingsins um mat sitt að þessu leyti. Það er m.a. að finna í blaðagrein sem má lesa í DV og skrifuð er af Kristjáni Helgasyni. Þar er lýst áhyggjum um þetta og hvernig sú breyting sem hér er hugmyndin að lögleiða muni virka í sambandi við möguleika til eftirlits. Og það er sá þáttur sem tengist þessu máli sem ekki síst er ástæða til að hafa áhyggjur af. Ég tel nauðsynlegt að betur verði yfir það efni farið nú við 2. umr. málsins.

Ég ætlaði í fyrri ræðu minni við 2. umr., virðulegur forseti, að koma að nokkrum þáttum sem snerta þetta stóra mál sem mikill tími þingsins hefur farið í og sem ríkisstjórnin gerði að sínu fyrsta máli hér og flaggmáli, eins og það mundi vera sagt á blaðamannamáli. Eins konar flagg sem borið er fram með þessu máli og sem hæstv. fjmrh. virðist leggja mikla áherslu á að fá einhverja niðurstöðu í. Ég vænti þess að áður en umræðunni lýkur verði ýmis vafaatriði sem uppi eru skýrð. Best væri að sjálfsögðu að menn hyrfu að því ráði, sem ekkert mælir gegn í rauninni, að menn not-

uðu sumarið til að fara yfir þessi efni með eðlilegum hætti og hugsa sitt ráð og búa sig undir að það sem var ásetningur íslenskra stjórnvalda, að við héldum, að halda á sínum rétti gagnvart EFTA-dómstólnum og undirbúa málafylgju sem best og láta á það reyna. Að því væri bragð að fylgja þessu kerfi til lokastigs en láta ekki einhverja forúrskurði fæla sig frá því að halda uppi stefnu sem mér heyrist að a.m.k. hluti ríkisstjórnarinnar sé reiðubúinn til að styðja í orði og við skulum vona að það sé einnig á borði.

Ég læt hér lokið þessari ræðu minni, virðulegur forseti, þó ég hafi aðeins komið að fáeinum atriðum sem varða hið stóra svið þessara frv. Það er aðeins eitt frv. af þremur sem við erum að ræða þannig að af mörgu er að taka þegar fram í sækir varðandi umræðu um málið. Ég vænti þess að við fáum upplýsingar frá hæstv. fjmrh. um það efni sem ég vék að sérstaklega í máli mínu.

Að endingu, virðulegur forseti, væri æskilegt að forseti þingsins tæki til athugunar þær aðstæður sem mönnum eru búnar hér til að ræða mál á grundvelli Rómarréttar á Alþingi Íslendinga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

**Útbýting þingskjals:**
Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 3. mál, brtt. ÖJ og SJS, þskj. 87.

Út af dagskrá voru tekið 7. og 10.–14. mál.

Fundi slitið kl. 22:57.

---

## 22. FUNDUR

miðvikudaginn 14. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

**Dagskrá:**
1. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 47, 50 og 63, brtt. 48. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Útvarpslög, frv., 39. mál, þskj. 52. — 3. umr.
3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 28. mál, þskj. 76, brtt. 81. — 3. umr.
4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 29. mál, þskj. 77. — 3. umr.
5. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 30. mál, þskj. 34. — 3. umr.
6. Alþjóðaviðskiptastofnunin, stjfrv., 27. mál, þskj. 86, brtt. 72,3.b og 74,3.b. — 3. umr.
7. Gjald af áfengi, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 49, 51 og 64, brtt. 67. — Frh. 2. umr.
8. Áfengislög, stjfrv., 6. mál, þskj. 6, nál. 45, 58 og 59, brtt. 46. — Frh. 2. umr.
9. Greiðsluaðlögun, frv., 41. mál, þskj. 82. — 1. umr.

**Fjarvistarleyfi:**
Guðjón A. Kristjánsson, 1. þm. Vestf.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

**Útbýting þingskjala:**
Alþjóðaviðskiptastofnunin, 27. mál, þskj. 86.
Stjórn fiskveiða, 28. mál, brtt. sjútvn., þskj. 89.
Tekjuskattur og eignarskattur, 45. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 88.

**Lagt fram á lestrarsal:**
Erindi frá smábátasjómönnum á Patreksfirði.

### *Tilkynning um dagskrá.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**
Forseti vill geta þess varðandi fundarhaldið í dag að gert er ráð fyrir að þingflokksfundir verði um kl. 5 og verður vonandi ekki þörf á meira en hálfri klukkustund fyrir þingflokksfundi eða í mesta lagi einni klukkustund.

Einnig er gert ráð fyrir tveimur utandagskrárumræðum í dag sem hafa ekki verið endanlega tímasettar. Það verður gert í samráði við formenn þingflokka en það er annars vegar framhald umræðu um húsnæðismál og hins vegar umræða um Brunamálastofnun ríkisins.

Ég vil geta þess líka að það var ætlunin að taka fyrir málin í þeirri röð sem þau eru á dagskránni og það verður gert með 1. og 2. dagskrármálið en óskað hefur verið eftir einhverjum fresti varðandi 3., 4. og 5. mál, sjávarútvegsfrumvörpin. Eftir afgreiðslu á 1. og 2. máli verður því 6. mál tekið fyrir.

### *Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 3. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 3, nál. 47, 50 og 63, brtt. 48.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. í nál. 63 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 24:11 atkv. og sögðu
**já:** GGuðbj, GHelg, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ.

**nei:** ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, ÖS.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, RG, SighB, SF, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:38]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Lagt er til í nefndaráliti 2. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 63 að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar og það er gert með þeim rökstuðningi að enga brýna nauðsyn beri til að afgreiða þetta mál. Þess í stað sé eðlilegast að því sé vísað til ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórninni um leið falið að undirbúa þessi mál betur og afla gagna og rökstyðja málstað Íslands ef til dómstólameðferðar komi varðandi ágreining við eftirlitsstofnun EFTA hvað þetta snertir og vísa þá til þeirra raka sem fyrr hafa verið uppi af hálfu íslenskra stjórnvalda, bæði í tengslum við samningagerðina um Evrópskt efnahagssvæði og eins síðar í bréfaskriftum að enga nauðsyn beri til þess að gera þá breytingu á starfsháttum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem hér er lagt til.

Með þessum rökstuðningi leggjum við til að þessi mál verði tekin af dagskrá og þeim vísað til ríkisstjórnarinnar.

[13:39]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Við meðferð EES-samningsins á hinu háa Alþingi var því haldið fram að enga breytingu þyrfti að gera á sölu og dreifingu áfengis hér á landi. Annað hefur komið á daginn eins og það frv. sem er til meðferðar ber með sér. Við kvennalistakonur teljum að réttara hefði verið að láta þetta mál bíða og að fá dóm eftirlitsstofnunar EFTA og dómstólsins þannig að ljóst sé hvernig haga má áfengismálum hér á landi samkvæmt reglugerðum Evrópusambandsins sem við verðum að beygja okkur undir. Við lítum svo á að hér sé verið að stíga fyrsta skrefið í breytingum sem sér ekki fyrir endann á. Við teljum að rétt sé að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar til frekari meðferðar. Verði sú tillaga felld treystum við okkur ekki til þess að styðja málið en munum þó styðja einstakar breytingartillögur sem eru til bóta.

[13:41]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Þetta mál er engan veginn nægilega vel undirbúið af hálfu meiri hlutans. Við umræðu í gær þar sem rætt var um eftirlit hins opinbera með áfengissölu, hvernig því yrði háttað ef þessi lög yrðu samþykkt, kom hæstv. fjmrh. fram með staðhæfingar, sem ég fullyrði að séu rangar, og ég mun gera grein fyrir í tengslum við önnur frumvörp. M.a. á þessari forsendu en einnig á grundvelli hinna almennu sjónarmiða sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon reifaði, legg ég til að málinu verði vísað til ríkisstjórnar.

Við vöktum einnig máls á öðrum þáttum sem eru komnir inn og lúta að heilbrigðismálum, nýjungar varðandi sölu á tóbaksframleiðslunni. Við beindum þeim spurningum til hæstv. heilbrrh. hvort um þau mál hefði verið fjallað og óskuðum eftir að málið yrði tekið að nýju inn í heilbrn. Allt þetta verður til þess að eðlilegt er að málið fái frekari umfjöllun í ríkisstjórn.

[13:42]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Við umræðu um málið í nefndinni kom fram mikil áhersla af hálfu fulltrúa Þjóðvaka að í tengslum við þessi mál verði forvarnir til áfengismála auknar verulega. Álit þetta er stutt sjónarmiðum fjölmargra félagasamtaka. Umræðan leiddi síðan til þess að við 2. umr. var kynnt tillaga um stofnun forvarnasjóðs sem er markaður tekjustofn og með honum tvöfaldast framlög til forvarna. Þar sem hér hefur verið komið til móts við sjónarmið Þjóðvaka um forvarnir í tengslum við þetta mál kýs ég að tefja ekki fyrir afgreiðslu þess og mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins þrátt fyrir ýmsa annmarka á því og þótt ekki hafi verið færð sterk rök fyrir því að samþykkt frv. sé nauðsynleg til að uppfylla skyldur okkar gagnvart EES-samningnum. Einnig geri ég ráð fyrir að gjaldtaka fyrir leyfisveitingar fyrir innflutning verði ríflegþannig að kostnaður ríkisins við breytt skipulag verði greiddur af hálfu innflytjenda.

1 gr. a samþ. með 24:11 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, ÖS.

**nei:** GGuðbj, GHelg, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, RG, SighB, SF, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr. b samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, SJS, StB, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, RG, SighB, SF, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 48,1 samþ. með 25:11 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, ÖS.

**nei:** GGuðbj, GHelg, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ.

4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, RG, SighB, SF, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 26:11 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjálmJ, JBH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, ÖS.
**nei:** GGuðbj, GHelg, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ.
4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, RG, SighB, SF, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 48,2.a að síðasta málslið b (tvær nýjar greinar, verða 3. og 4. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GHelg, HBl, HjálmJ, HG, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, KH, SvanJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, JónK, RG, SighB, SF, StG, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 48,2.b (síðasti málsliður) samþ. með 30:11 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, ÞorstP.
**nei:** ÁRJ, GHelg, HG, JóhS, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, ÖJ.
6 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, KÁ, KH, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JónK, RG, SighB, SF, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:47]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í ljósi þeirra breytinga sem verið er að gera á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins tel ég ekki óeðlilegt að setja fyrirtækinu stjórn, en hins vegar er orðalag þessarar greinar svo óljóst og í rauninni svo óskýrt hvert hlutverk þessarar stjórnar verður að ég kýs að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[13:48]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um afar sérstæðan hluta þessa máls sem kom inn undir lok umfjöllunar efh.- og viðskn. á málinu, þ.e. sú hugmynd meiri hlutans að setja stjórn yfir Áfengis- og tóbaksverslunina. Eins og ráða má af orðanna hljóðan og umræðum um málið, þá hefur hlutverk þessarar stjórnar ekki á nokkurn hátt verið skilgreint og engin sérstök tilefni eru tínd til eða notuð til rökstuðnings því að taka upp þessa nýbreytni. Öll vinnubrögð í sambandi við undirbúning þessa máls eru með miklum endemum. Þannig heyrðu forstjóri og stjórnendur stofnunarinnar af því fjölmiðlum að meiri hlutinn hér á Alþingi hygðist leggja þetta til. Þetta allt saman verður auðvitað að ætlja mjög harðlega og það eru engin efni til þess að afgreiða þetta mál með þeim hætti sem hér er lagt til. Því leggjum við eindregið til að þessi setning verði felld niður úr frumvarpsgreininni.

3. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JónK, RG, SighB, SF, StB, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

4. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 30:11 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, ÞorstP, ÖS.
**nei:** GGuðbj, GHelg, HG, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ.
4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JónK, RG, SighB, SF, StB, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

5. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, GHelg, HG, JóhS, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JónK, RG, SighB, SF, StB, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 48,3 (ný 6. gr., verður 8. gr.) samþ. með 30:8 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, ÞorstP, ÖS.
**nei:** GHelg, HG, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ.
7 þm. (ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SvanJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JónK, RG, SighB, SF, StB, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

7. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 32:10 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, ÞorstP, ÖS.

**nei:** GGuðbj, GHelg, HG, KHG, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖJ.

5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, KÁ, SvanJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JónK, RG, SighB, SF, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (KHG, RA) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JónK, PP, RG, SighB, SF, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

### *Útvarpslög, 3. umr.*

Frv. menntmn., 39. mál (gerð og notkun myndlykla). — Þskj. 52.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, ÞorstP, ÖJ.

18 þm. (ÁMM, BBj, GAK, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JónK, PP, RG, SighB, SF, SvG, TIO, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 93).

**Útbýting þingskjals:**

Alþjóðaviðskiptastofnunin, 27. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 90.

### *Alþjóðaviðskiptastofnunin, 3. umr.*

Stjfrv., 27. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 86, brtt. 72,3.b, 74,3.b og 90.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 90. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[14:00]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni á þskj. 90.

1. Við 6. gr. Í stað orðsins „sönnun þess" í 1. málsl. 3. efnismgr. komi: fullnægjandi gögn þess efnis.

2. Við 9. gr. 2. efnismgr. verði 2. og 3. málsl. 1. efnismgr.

3. Við 19. gr. 4. málsl. 3. efnismgr. orðist svo: Berist umsóknir um meiri innflutning en sem nemur tollkvóta vörunnar skal heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum og skal andvirðið þá renna í ríkissjóð.

Í greinargerð með þessari brtt. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Þar sem efasemdir eru um að lækkað verð vegna lægri tolltaxta skili sér til neytenda þykir nefndinni rétt að ráðherra eigi kost á að leita tilboða í heimildir til innflutnings samkvæmt tollkvótum. Jafnframt eru hér lagðar til tvær tæknilegar breytingar á frumvarpinu sem á engan hátt snerta efni þess."

[14:02]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson):**

Herra forseti. Þegar hveitibrauðsdagar hæstv. ríkisstjórnar hófust höfðu menn á orði að styrkur hennar ætti fyrst og fremst að liggja í höfðatölunni ef ekki höfðinu. En það var nú með harmkvælum að höfðatalan dygði til þess að ná afbrigðum til að koma hér á framfæri brtt. sem ríkisstjórnin þó þrátt fyrir allt tók upp eftir stjórnarandstöðunni í þessu máli.

Það er athyglisvert að lesa upphafsorð greinargerðarinnar:

„Þar sem efasemdir eru um að lækkað verð vegna lægri tolltaxta skili sér til neytenda þykir nefndinni rétt" o.s.frv.

Þetta á við um 3% markaðsaðganginn. Enginn vafi er á því og enginn vefengir það að ofurtollarnir almennt á innflutning á 97% markaðshlutdeildinni eru svo háir að af innflutningi verður ekki. Það er ekki einu sinni umdeilt. Þá var það spurning að því er varðar undanþágugreinina, lágmarksmarkaðsaðganginn sem einungis átti að taka til 3% af markaðshlutdeild, að hún alla vega átti þó að skila sér með einhverri verðlækkun til neytenda. En nánari skoðun og umfjöllun í efh.- og viðskn. leiddi í ljós að svo er ekki. Stjórnarmeirihlutinn hefur þó, og það er virðingarvert, beygt sig fyrir því raunsæja mati og þar með viðurkennt það og tekið upp efnislega brtt. okkar hv. þm. Ágústs Einarsson-

ar, sem var á þá leið að þetta væri nú einu sinni staðreyndin og þá væri betra að bjóða út þessi leyfi og tryggja að andvirðið rynni í ríkissjóð fremur en að lottóávinningur af þessu tagi, ef einhver yrði, rynni til innflytjenda eða heildsala.

Efnislega er þetta því viðeigandi amen eftir efninu eftir þá umræðu sem farið hefur fram bæði í hv. efh.- og viðskn. og í þingsalnum um þetta mikla mál sem upphaflega voru nokkrar væntingar bundnar við en eru nú ekki lengur. Það er ástæða til þess að árétta, ekki í löngu máli, hver niðurstaða þessa máls er.

Í fyrsta lagi fer ekkert á milli mála hvað vakti fyrir frumvarpshöfundum. Það sem vakti fyrir frumvarpshöfundum var að stilla tollum svo hátt að það væri tryggt að meginreglu til að það yrði enginn innflutningur með aðild Íslands að GATT-samningnum, að það yrði enginn innflutningur, þ.e. tollarnir væru ofurtollar sem hindruðu viðskipti. Þetta er meginreglan. Um það deilir enginn, það vefengir enginn og á við um 97% af markaðnum í viðkomandi vöruflokkum.

Þetta er að sjálfsögðu í blóra við yfirlýst meginmarkmið GATT-samninganna. Þau meginmarkmið áttu að vera að brjóta niður ofurtolla, lækka tolla, að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum, að greiða fyrir viðskiptum. Þetta átti hins vegar að gerast á einhverjum aðlögunartíma og þar átti að fara bil beggja ef sanngirni hefði verið gætt, þ.e. annars vegar að tryggja innlendum framleiðendum, bændum, vernd í upphafi sem síðan átti að lækka í áföngum á sex árum. Höfundar þessa stjfrv. beittu hins vegar sinni hugvitssemi til þess að stilla þessa tolla nægilega hátt til þess að koma í veg fyrir viðskipti, en sáu til þess yfirleitt að þeir væru ekki svo háir að þeir lentu í skuldbindingu um að lækka þá á sex árum. Þeir munu því ekkert breytast. Tollverndin verður eins og hún var í upphafi, algjör, og hún mun ekkert breytast. Þar með er farið tækifærið sem þessir samningar áttu að gefa bæði bændum og neytendum, þ.e. íslensku þjóðinni, til þess að byrja að feta sig út úr ógöngum landbúnaðarkerfisins, til þess að gefa kost á aðhaldi af samkeppni, jafnvel þótt hún yrði ekki að meginhluta til á grundvelli verðsamkeppni heldur gæða, og leggja þannig til þann hvata sem þarf til að þetta einokunarkerfi, sem situr yfir hlut bæði bænda og neytenda, færi að taka breytingum. Það hefur verið upplýst í þessari umræðu að framleiðni í íslenskum landbúnaði og vinnslu er á fornaldarstigi. Hún hefur farið minnkandi ár frá ári áratugum saman vegna þess undarlega kerfis að annars vegar eru menn hvattir og styrktir til framleiðslu og hins vegar er mönnum bannað að framleiða undir kvóta sem sjómenn reyndar kannast vel við í sinni grein. Kvóti til lands og sjávar. Það er stefnan. Það skal tryggt líka með þessu frv.

Stjórnarsinnar hafa í veikburða málsvörn sinni reynt að bera því við að þetta sé nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni bænda. Það hefur verið afsannað í þessari umræðu. Það er ósatt mál og það er rangt og þeir vita í raun og veru betur. Hagsmunir bænda á Íslandi eru ekki þeir að viðhalda óbreyttu kerfi. Bændum er að verða það æ betur ljóst að þeir eru fangar þessa kerfis; að þetta kerfi, ríkisstýrt einokunarkerfi sem lokar þá af frá eðlilegum markaðsviðskiptum, hefur leitt þá í fátæktargildru þannig að stór hluti bændastéttarinnar er nú að verða að öreigum og sennilega fátækasta stétt á Íslandi. Og mega þakka það þeim bændavinum, sjálfskipuðum, sem kalla sig svo, sem hafa stýrt þessu kerfi áratugum saman, varið það og byggt það upp, staðið af óbilgirni gegn allri gagnrýni, ekki hlustað á sjónarmið gagnrýnenda né neytenda. Og niðurstaðan er þessi: Skipulögð fátækt — eins og bændur kalla það sjálfir. Menn sem eiga slíka vini þurfa, sem kunnugt er, enga óvini.

Að því er varðar hagsmuni neytenda er málið fljótafgreitt. Það er ekkert hlustað á þá. Í aðdraganda þessa máls, sem var lengi í nefnd embættismanna undir forræði forsrh., var aldrei leitað álits Neytendasamtakanna, aldrei. Og það kom fram í viðræðum við viðskiptaaðila sem hefðu átt að búa við þetta kerfi, eins og Hagkaup og fleiri slíka aðila sem vegna stærðar sinnar í smásöluverslun hefðu helst getað boðið upp á einhver viðskipti, að það var ekkert samráð haft við þá, enda gerðu þeir ekki ráð fyrir að það yrði neitt af neinum viðskiptum.

Hvernig má það vera á seinasta kjörtímabili þessarar aldar, í augsýn nýrrar aldar, að forustumenn tveggja stærstu flokka þjóðarinnar afhjúpa enn þessa fornaldarhugsun í málefnum elsta atvinnuvegar þjóðarinnar? Við tölum ekki lengur um stærsta atvinnuveg þjóðarinnar því landbúnaðurinn hefur náttúrlega sífellt verið að dragast saman undir þessu kerfi, samkeppnisstaða hans hefur sífellt verið að versna, bændum hefur verið að fækka, þeim hefur fækkað um 4.000 frá árinu 1980 eða svo. Hvernig má það vera að þessi fornaldarhugsunarháttur er enn við lýði? Þetta er ekki bændum í hag, reynslan hefur sýnt það. Þetta kerfi situr yfir hagsmunum neytenda, reynslan hefur sýnt það. Þetta er í blóra við tilgang þess alþjóðasamnings sem við skuldbindum okkur til að fylgja fram að meginefni til. Hverra hagsmuna er verið að gæta? Það er verið að gæta hagsmuna kerfisins sjálfs. Þessara nokkurra hundraða einstaklinga sem hafa tekið sér það vald að sitja yfir málefnum bænda í skjóli ríkisstyrkja og ríkiseinokunar. Þeir sjálfir, sjálfum sér í hag, eru að reyna að framlengja lífdaga þessa kerfis.

Það er athyglisvert á þessari stundu, í byrjun kjörtímabils ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl., að lesa nákvæmlega umsagnir þessara forustumanna úr viðskiptalífi og forustumanna neytenda um frv. sjálft, stefnu þess, áhrif þess og tilgang. En þeir segja einfaldlega: Þetta frv. er þess eðlis að það mun stöðva viðskipti, koma í veg fyrir viðskipti, koma í veg fyrir að tækifæri til breytinga verði nýtt, koma í veg fyrir að aðhald af samkeppni verði markvert, með öðrum orðum innsigla óbreytt ástand. Kannast menn við að þetta hafi verið ásetningur stjórnarflokkanna fyrir kosningar? Var það út á þetta sem frambjóðendur Sjálfstfl. í Reykjavík öfluðu sér fylgis í kosningabaráttunni? Sögðu þeir kjósendum sínum það, það sem bróðurparturinn af fylgi þeirra kemur, að það væri þetta sem þeir væru að berjast fyrir? Nei, þeir sögðu það ekki. Þvert á móti. Þegar skýrt var frá þeim staðreyndum að

þetta væri nú engu að síður grundvallarstefna hæstv. landbrh. Sjálfstfl. í fyrrv. ríkisstjórn, þetta væru þau sjónarmið sem embættismenn hans og fulltrúar kerfisins hefðu sett fram í vinnunefndinni, þá afneituðu þeir því. Hæstv. ráðherra Halldór Blöndal sagði að það væri ósatt. Ekkert slíkt vekti fyrir honum, hann hefði enga slíka tillögu gert. Nú vita menn betur vegna þess að þessar tillögur lágu fyrir. Þær eru að vísu ekki ofurtollarnir sjálfir. Hvers vegna ekki? Það er vegna þess að þá hefðu þeir neyðst til að lækka þá í áföngum á sex ára tímabili. Þeir eru stilltir af hugvitsamlega til að rekast ekki upp í það þak, en þeir hafa þjónað sama tilgangi. Og ofurtollar eru þeir vegna þess að þeir hindra viðskipti. Ég á eftir að heyra þá hv. sjálfstæðismenn innan þings og utan rengja það hjá forstjóra Hagkaupa, hjá fulltrúum íslenskrar verslunar, frá fulltrúum Neytendasamtakanna, frá Samtökum íslensks iðnaðar að þetta sé raunsætt mat. Þeir reyndu við 1. umr. málsins að segja að þetta væri öfgakenndur málflutningur, en nú geta þeir lesið sér betur til hjá sínum eigin flokksmönnum, sem verið hafa a.m.k. hingað til.

Eina málsvörnin sem hæstv. ráðherrar og hv. stjórnarliðar reyna nú að hanga á sem hálmstrái í þessu máli er þessi: Þeir fluttu brtt. á seinasta stigi málsins. Og brtt., um hvað var hún? Hún var um það að ef það væri nú satt hjá okkur að það væri enginn hvati til meins innflutnings að því er varðar þessa 3% markaðshlutdeild, ef það væri nú enginn hvati til þess hvað átti þá að gerast? Jú, þá á að vera heimild til landbrh. til þess að flytja inn á lægri tollum skilyrt, að því tilskildu, eins og gamla framsóknarkerfið alltaf kallaði það, að ekki væri nægilegt framboð á innlendum markaði. En að öðru leyti er þetta heimildarákvæði sem ráðherranum er algerlega í sjálfsvald sett. Það að framselja í hendur hæstv. landbrh., með allri virðingu fyrir honum, heimild til þess hugsanlega að gæta með þessum hætti örsmárra hagsmuna neytenda í landinu er eins og ef sjómenn á Íslandi ættu að fagna því að hér yrði samþykkt tillaga sem heimilaði hæstv. sjútvrh. Þorsteini Pálssyni að afnema kvótakerfið ef honum svo þóknaðist. Það er svona ámóta trúlegt. Svo mætti bæta við að það væri líka heimild til hæstv. utanrrh., þ.e. Halldórs Ásgrímssonar, að aðstoða sjútvrh. við að afnema kvótakerfið.

Þetta er hálmstráið sem stjórnarliðar munu reyna að hanga á, að þeir hafi samþykkt þessa heimild. Kannski, hugsanlega, ef til vill verður hún notuð. Og um hvað? Jú, einn hv. þm. taldi t.d. að þetta gæti varðað innflutning á eggjum. En það er alveg vitað mál að það verður bannað af heilbrigðisástæðum. Gæti það varðað einhvern tímann innflutning á ostum? Það er rétt hugsanlegt ef Framleiðsluráð landbúnaðarins segir hæstv. landbrh. að það sé ekki nægilegt framboð á ostum innan lands. En líkurnar á því að það ástand skapist eru nú ekki miklar.

Það er verðugt hálmstrá ef hv. stjórnarliðar ætla að bera þetta á borð fyrir tugi þúsunda af kjósendum sínum í Reykv. og Reykn., launþega og neytendur í landinu, að þetta sé útkoman úr tveggja og hálfs árs vinnu þeirra við það að framkvæma skuldbindingar okkar gagnvart GATT og efna fyrirheitin um það að þetta ættu að vera fyrstu skrefin út úr einokunarkerfinu og í átt til nýrrar aldar.

Þeir eru hættir að reyna að segja það, sem þeir reyndu í upphafi, að þeir séu að fara að alveg eins og aðrar þjóðir því að það eru þeir svo sannarlega ekki að gera. Það er engin þjóð að fara að með þessum hætti, ekki einu sinni Norðmenn sem virðast vera helsta fyrirmynd þessarar ríkisstjórnar, hvort heldur er í sjávarútvegsmálum eða landbúnaðarmálum, enda sú þjóð sem einna lengst hefur gengið í verndarstefnu en hefur það þó umfram okkur að vera olíuríki sem getur ausið af olíulindum sínum til að greiða niður slíkar atvinnugreinar vegna þess að Norðmenn reka niðurgreiddan sjávarútveg og niðurgreiddan landbúnað.

Samanburðurinn við aðrar þjóðir, að þetta sé sambærilegt, stenst ekki. Það eru rangar fullyrðingar, það eru staðlausir stafir. Ég hef þegar lýst því hver reginmunur er á hvernig þetta er framkvæmt yfirleitt með Evrópuþjóðum. Í fyrsta lagi er þar að sjálfsögðu um að ræða lægri tolla. Og að því er varðar þær neysluvörur er vega þyngst í útgjöldum heimilanna í Evrópu eru gerðar undantekningar í hverjum tollflokknum á fætur öðrum þar sem tollarnir eru lækkaðir, bæði verðtollar og magntollar, til þess að koma til móts við sjónarmið og hagsmuni neytenda og til þess að setja af stað öflugri hvatningu til þess að knýja á um breytingar á styrktarkerfinu þar. Evrópusambandsstefnan í landbúnaðarmálum hefur sætt mikilli gagnrýni, en hún er hálfdrættingur í verndarstefnu á við íslensku stefnuna, þ.e. ríkisstuðningurinn í Evrópusambandinu er að meðaltali á bilinu 40–45% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða þar, en hún er 75% hér af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða í þessari grein sem skilar 2,8% inn í íslenska þjóðarframleiðslu. En í skjóli misvægis atkvæðisréttar og í skjóli þess að þetta kerfi sem slíkt er svo rótgróið og svo áhrifamikið í forustu þessara tveggja flokka gerist hið sígilda að þegar þeir ná saman í ríkisstjórn renna þessir framsóknararmar beggja flokka saman í eina blokk sem situr yfir hlut allra annarra. Og það er prófsteinninn á heilindi og trúnað þingmanna, sérstaklega Sjálfstfl. og kannski nýframsóknarmannanna sem auglýstu sig sem slíka í kosningabaráttunni, að það væri ný framsókn en ekki gamla framsókn sem er búandi á Höllustöðum — trúnaðinn og hollustuna við kjósendur þessara tveggja flokka sem kusu þá og gáfu þeim meiri hluta og sköpuðu forsendurnar, höfðatöluna ef ekki höfuðið á þessari ríkisstjórn. Hvar er trúnaðurinn? Hvar eru efndirnar í hverju málinu á fætur öðru? Í sjávarútvegsmálum, í GATT-málefnum, í málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna, í húsnæðismálum. Loforð svikin, loforð vanefnd. Með öðrum orðum: Kosningasigrar unnir á fölskum forsendum. Þinghaldið er ekki búið að standa lengi en í hverju málinu á fætur öðru er búið að sanna það að hér sitja menn uppi með ríkisstjórn sem er komin til valda í skjóli loforða og yfirlýsinga sem nú er komið að því að efna og vanefndirnar blasa við í hverju stórmálinu á fætur öðru. (**EgJ:** Eru það ekki bara frammararnir?) Nei, það eru ekki bara frammararnir í Sjálfstfl.

Það eru ekki hvað síst þeir sem kjörnir voru á þing af frjálslyndu og umbótasinnuðu fólki í Reykjavík og Reykjanesi í nafni Sjálfstfl. og í jafnvel í nafni nýframsóknar sem nú sitja uppi með sárt ennið og svikin loforð og óbragð í munninum út af vanefndunum.

Herra forseti. Það þarf ekki að segja mikið meira um þetta mál. Þetta er niðurstaðan. Þetta er bautasteinninn. Þeir urðu meira að segja að lokum að viðurkenna það að jafnvel í þessu litla hænufeti, 3% af markaðshlutdeildinni, gátu þeir ekki efnt það og reyna ekki að halda því lengur fram að það sé von um nokkrar verðlækkanir til neytenda og þá er því bjargað með sósíalismanum, þ.e. það skal þá gert upptækt í ríkissjóð ef það verður eitthvað.

[14:21]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Brtt. sú sem hér var gerð grein fyrir áðan gengur að nokkru leyti til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. og er í samræmi við þær tillögur sem ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson fluttum fyrir 2. umr. Þar sem gengið er til móts við okkur í þessu stöndum við að þessari brtt. En þetta mál er vitaskuld miklu stærra heldur en það. Þetta er lokaumræða og afstaða liggur ljós fyrir. Formlega eigum við eftir að afgreiða þetta sem lög frá Alþingi, en þingmeirihluti, meiri hluti stjórnarinnar, felldi allar tillögur sem gengu út á að lækka tollana af innflutningi.

Þarna var tekin afstaða gegn neytendum og það var í reynd tekin afstaða gegn hagsmunum bænda. Okkar áhyggjur varðandi þetta frv. um að tollar væru of háir voru studdar af yfirlýsingum langflestra umsagnaraðila sem komu að frv. hvort sem það voru aðilar sem þekktu til verslunar, verkalýðshreyfingar eða samtaka í atvinnulífi. Þeir voru sammála, langflestir þessara aðila að hér væri reitt of hátt til höggs.

Ég barðist einkum fyrir því að lækka tollana á lágmarksinnflutningi, þ.e. á þessum 3–5%. Það voru nú ekki miklar óskir. Það var beðið um að þessi 3–5% fengju að koma inn í landið á eðlilegu verði. Þessi krafa var sanngirniskrafa og þrátt fyrir allan okkar málflutning í 1. og 2. umr. í hv. efh.- og viðskn. bar það ekki árangur. Stjórnarmeirihlutinn féllst ekki á neinar breytingar. Einu breytingarnar sem stjórnarmeirihlutinn gerði var að rýmka eilítið heimildir landbrh. til að gefa afslátt á tollum þótt mjög óvíst sé að það dugi til að fullnægja þessu markmiði.

En stefnan liggur fyrir. Afstaða stjórnarinnar liggur fyrir í þessu máli og að okkar mati eru þessir tollar of háir. Ég veit að ég breyti ekki afstöðu ríkisstjórnarinnar núna. Menn eru búnir að gera upp sinn hug að breyta engu í landbúnaðarstefnunni að láta GATT-samninginn ná fram að ganga án þess að hann þýði raunverulega nokkrar breytingar í landbúnaðarmálum. Ég veit að hæstv. landbrh. og stjórnarmeirihlutinn breyta ekki um skoðun núna.

En ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Ef það kemur í ljós að það verður ekki af lágmarksinnflutningi vegna þess að tollarnir eru of háir og aðrar heimildir frv. duga ekki til að tryggja lágmarksinnflutning mun þá hæstv. landbrh. leggja fram frv. á haustdögum um lækkun tolla á lágmarksinnflutningnum?

[14:25]

**Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég ætla annars vegar að gera grein fyrir hvers vegna ég flyt ásamt með öðrum nefndarmönnum í efh.- og viðskn. brtt. á þskj. 90 sem hér hefur þegar verið gerð grein fyrir. Í öðru lagi geri ég ráð fyrir að dreift verði á borðin innan skamms, ef ekki er verið að því, brtt. sem ég flyt um nýtt ákvæði til bráðabirgða sem bætist við frv. um endurskoðun á lögunum fyrir árslok 1996 og mun ég gera grein fyrir því aðeins nánar.

Brtt. efh.- og viðskn. varðar þessa víðfrægu aðferðafræði við að úthluta umsóknum um innflutningsleyfi á grundvelli ákvæða samningsins um lágmarksmarkaðsaðgang. Frv. gerði ráð fyrir að þar færi fram teningakast, hvað sem átti nú að standa á tengingunum, nöfn fyrirtækjanna sem sóttu um eða hvað, en það átti sem sagt að draga úr hópnum með tengingakasti. Urðu um þetta miklar umræður við 1. og 2. umr. málsins. Menn eru sem sagt komnir að þeirri niðurstöðu að það geti verið ástæða til að opna fyrir fleiri möguleika í aðferðafræðinni, svo sem þá að bjóða upp leyfin eða leita tilboða í það hverjir vilja annast innflutninginn. *Væntanlega þá gegn gjaldi sem rynni í ríkissjóð.*

Nú er það svo að það er allkunnuglegt þetta mál því að um þetta hefur verið rætt áður og m.a. ræddi næstsíðasti hv. ræðumaður, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, nokkuð um það þegar sá hinn sami gegndi virðulegu embætti utanrrh. því að hv. þm. á nokkra aðild að málinu frá fyrri tíð. Annars var gaman að heyra að hv. þm. er búin að finna sjálfan sig í hinni nýtilkomnu stjórnarandstöðu og var í gamalkunnugu formi og reytti af sér brandarana á báðar hendur og skaut fast og get ég tekið undir margt af því sem hv. þm. sagði um hveitibrauðsdaga hæstv. ríkisstjórnar. Ill var þín gangan fyrsta, var nú einhvern tímann sagt, og þetta vorþing bendir ekki til þess að þetta verði tímamóta ríkisstjórnarsamstarf á neinn hátt eða láti mikið að sér kveða.

En aðeins aftur að efni þessarar aðferðafræði. Nú er það svo að í nál. 3. minni hluta efh.- og viðskn. var einmitt vikið að því að ástæða kynni að vera til að hafa fleiri möguleg úrræði varðandi úthlutun á innflutningsleyfum. Að því leyti get ég eins og aðrir talsmenn minni hlutans á undan mér tekið undir það að í þessu efni er efh.- og viðskn. að breyta málinu að nokkru leyti í átt til þess sem við töluðum fyrir og er það fagnaðarefni. Með því er ég ekki að segja að við ætlum að skrifa upp á það fyrir fram að rétta aðferðin sé sú að leita þarna tilboða frekar heldur en að kasta upp á þessi leyfi. Ég hefði talið að það hefði þá alveg eins mátt hafa þriðja möguleikann opinn, að eftir einhverjum reglum yrði valið úr hópi umsækjenda, samkvæmt einhverjum viðurkenndum reglum, og þá væru valdir til að annast þennan innflutning aðilar sem rök stæðu

til að gætu gert það með sómasamlegum hætti og hugsanlega nýtt sér í leiðinni einhverja ábatasama viðskiptamöguleika. Á það hefur verið bent að sá möguleiki gæti verið fyrir hendi að menn nýttu sér gagnkvæmnismöguleika í viðskiptum. Með því að þeir væru umboðsaðilar fyrir og flyttu inn vörur frá einhverjum erlendum framleiðendum gætu þeir í staðinn komið sinni framleiðsluvöru á markað. Það má segja að sú leið geti verið opin í þessari uppboðsaðferð að aðili sem telur sér hagstætt að komast inn í þessi viðskipti, einnig með útflutning í huga, geti þá hugsanlega greitt fyrir það nokkurt gjald.

En ein nokkuð skemmtileg hlið á þessu máli snýr að miklum umræðum um það hvort þetta hafi áhrif á vöruverðið og þá hver. Því hefur ýmist verið haldið fram að þessi lágmarksmarkaðsaðgangur eigi að verða gagngert til að lækka vöruverð til neytenda og menn gagnrýna háa tolla á þessum lágmarksmarkaðsaðgangi vegna þess að þar muni vöruverðið ekki skila sér út í búðirnar á lægra eða jafnsambærilegu verði við innlenda framleiðslu. En á hinn bóginn er það fullyrt að þetta skipti engu máli vegna þess að menn myndu hvort sem er hirða muninn í álagningu. Hér sé á ferðinni svo lítið magn að það muni ekki hafa nein markaðsleiðandi áhrif og kaupmenn sem önnuðust þennan innflutning mundu einfaldlega hirða verðmuninn í álagningu ef einhver yrði. Þess vegna sé eins gott að bjóða þetta upp og taka rentuna í ríkissjóð.

Ég er hér með í höndunum umræður sem urðu um þetta mál á síðasta vetri, nánar tiltekið 29. nóv. 1994, þegar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, þáv. hæstv. utanrrh., mælti fyrir málinu. Þá urðu orðaskipti einmitt um þennan þátt, hvernig væri heppilegast að standa að úthlutun á grundvelli þessa lágmarksmarkaðsaðgangs, úthlutun leyfa. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, með þínu leyfi, að vitna aðeins í þessi orðaskipti.

Það er þannig að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, þáv. hæstv. utanrrh., er þarna einmitt að svara góðvini sínum hv. þm. Páli Péturssyni, nú hæstv. félmrh., en þeir hafa greinilega átt nokkur orðaskipti um þetta mál á þessum liðnu haustdögum. En hv. þm. sagði, með leyfi forseta:

„Þrjár meginleiðir hafa verið til athugunar varðandi útdeilingu á kvótum, þ.e. að því er varðar framkvæmdina á lágtollainnflutningnum. Um það spurði hv. þm. og það er það sem nefndin á að taka afstöðu til. Ég get lýst minni afstöðu af því að um það var spurt. Það eru þrír kostir sem koma til greina. Í fyrsta lagi útboð eða uppboð en sú leið hefur þann meginókost að hún mun leiða til hækkunar á innflutningsverði til neytenda."

Þarna sló þáv. hæstv. utanrrh., hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, í raun og veru þessa aðferð af af því að hún hefði þann meginókost að hún mundi leiða til hækkunar á innflutningsverði til neytenda. Í því ljósi og sögulega séð var nokkuð skemmtilegt að sjá hann svona glaðhlakkalegan og kátan koma hér í ræðustólinn áðan og fagna þeim merku tíðindum að nú væri þetta flutt í brtt. frá efh.- og viðskn. En áfram með smérið. Við skulum fara yfir þessi orðaskipti í heild.

„Annar kostur er að láta hlutkesti ráða úthlutun meðal umsækjenda um innflutningsleyfi. Þetta mun ekki hafa neikvæð áhrif á verðlagninguna og eini vandinn er að skilgreina umsækjendahópinn. Þriðja leiðin væri sú að þeir fái innflutningskvótann sem eru fyrstir á vettvang. Það hefur praktíst talað þær neikvæðu afleiðingar að menn keppast um að verða fyrstir á hafnarbakkann þannig að það getur verið léleg nýting samkvæmt þeirri leið. Ég hallast að kosti tvö vegna þess að hann mundi tryggja best hagsmuni neytenda, þ.e. tryggja best lægstu hugsanleg verð."

Þetta sagði þáv. hæstv. utanrrh. um þetta mál. Talaði alveg skýrt og afdráttarlaust og það voru engir fyrirvarar á hafðir.

Ég leyfði mér nú, það er kannski stráksskapur að vera að þessu, herra forseti, en ég leyfði mér nú að rifja þetta upp.

(**Forseti** (ÓE)**:** Ekki stráksskapur.)

Ekki stráksskapur, segir forseti. Þá hef ég vottorð upp á það. Það er sem sagt í lagi að rifja þetta aðeins upp og fara yfir þetta með hv. þm., þar á meðal hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni.

Það væri gaman að heyra aðeins um sinnaskipti hans, hvaða rök standa til að hv. þm. hefur gjörsamlega skipt um skoðun. Fagnar því nú sem ákafast að það eigi einmitt að velja þá leið sem hann taldi í fyrrahaust að væri verst fyrir neytendur og mundi þýða hæst vöruverð til þeirra. Er það svo að hv. þm. sé kominn að þeirri niðurstöðu að þetta sé allt saman tómt bull, það hafi aldrei verið í kortunum að lægra vöruverð yrði á grundvelli þessa lágmarksinnflutnings? Hér er í reynd verið að segja: Það gerir ekkert til þó umsýslugjald eða uppboðsþóknun renni til ríkissjóðs vegna þess að það hefði hvort eð er ekki haft nein áhrif á vöruverðið. Væntanlega er það þá þannig að það lá alltaf fyrir að menn mundu hirða muninn í sinn eigin vasa.

Við tökum í sjálfu sér ekki beina afstöðu til þess hvort fyrirkomulagið eigi þarna að nota, herra forseti, en bendum á að það geti ekki skaðað að hafa valkostina fleiri. Ég hefði gjarnan viljað sjá þar einn möguleika enn, þ.e. að velja með einhverjum skilgreindum hætti úr hópi umsækjenda þá sem rök stæðu til að önnuðust þetta. En við stöndum sem sagt að þessari brtt. með þessum hætti því að við teljum ekki skaða að þarna séu fleiri úrræði möguleg.

Á hitt er vert að benda að í dag er kominn 14. júní, júní er hálfnaður. Það er hálfur mánuður til stefnu þangað til þetta fyrirkomulag á að ganga í gildi og menn eiga að geta bankað upp á hjá ráðuneytinu og fengið leyfin. Það segir allt sem segja þarf um það í hvílíkum ógöngum menn eru með þetta mál og hvílíkum eindaga að undirbúningstíminn er nánast enginn. Það stafar náttúrlega annars vegar af því að fyrri ríkisstjórn var gjörsamlega óstarfhæf í þessum málum eins og mörgum öðrum, kom þessu aldrei frá sér og þetta mál var lagt til hliðar þegar kosningar nálguðust því það var uppi hver höndin á móti annarri í þáverandi stjórnarsamstarfi um þetta mál og hafði lengi verið. Hin ástæðan er sú að núv. ríkisstjórn, sem tók þó til valda strax í apríllok, hefur verið að gaufast með þetta.

Hún er búin að missa meira en einn og hálfan mánuð út um gluggann í einhverju gaufi því að auðvitað hefði það átt að verða forgangsmál að útfæra stefnu hæstv. ríkisstjórnar hvernig að framkvæmdunum að þessu leyti yrði staðið. Dagsetningin hefur legið lengi fyrir, 1. júlí nk.

Þá vil ég að öðru leyti segja, herra forseti, eins og fram kemur í okkar nál., 3. minni hluta, að það er auðvitað margt í mikilli óvissu um þetta mál. Það hefur verið deilt um reikningslegar forsendur málsins. Það hefur verið deilt um það hvert sé eða verði raunverulegt innkaupsverð á vörum til landsins sem hér eiga í hlut og munar þar miklu í hinum einstöku dæmum. Allt frá því að sums staðar er notast við svokallað heimsmarkaðsverð sem er nú reyndar hvergi til, og yfir í hitt að nýjustu tölur frá heildsölum um tilboð sem þeim hafa boðist að flytja þessar vörur á inn til landsins eru til muna hærri en önnur verð sem menn hafa verið að nota. Þarna á er mikill munur. Ergo: Það er mikil óvissa um það hver hin raunverulegu verð verði sem hér koma þá til og hver tollverndin verði í ljósi þess vegna þess að að hluta til er byggt á verðtollum sem leggjast í prósentum ofan á innkaupsverðið. Þessi óvissa m.a. gerir það að verkum að það er enn erfiðara en ella að átta sig á og bera ábyrgð á þeirri uppsetningu sem hér er sett fram í málinu. Það er ástæða fyrir því að við höfum kosið að taka ekki afstöðu til tollunargildanna á lágmarksmarkaðsaðganginum og greiddum ekki atkvæði um það mál. Það er þannig að væntanlega getur ekkert nema reynslan skorið úr um það ef nokkur reynsla verður þá, það er nú spurningin, ef einhver innflutningur verður, hver hin endanlegu verð verða.

Við teljum þess vegna eitt alveg ljóst og það er að það er nauðsynlegt að fylgjast mjög grannt með því hvernig málin þróast og endurskoða þau innan tíðar í ljósi reynslunnar.

Ég hef því, herra forseti, á þskj. 92 lagt fram brtt. svohljóðandi við þetta frv.:

„Við bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða III:

Ákvæði laga þessara skulu tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1996."

Það þýðir að innan eins og hálfs árs hafi menn endurskoðað ákvæði þessara laga í ljósi reynslunnar og þess hvernig framkvæmdin hefur gengið og lokið slíkri vinnu hér á Alþingi fyrir árslok 1996 eftir eitt og hálft ár. Ég held að það sé skynsamlegt og það gæti að einhverju leyti lægt öldur í sambandi við þetta mál að menn gæfu sér það fyrir fram að hér væri um að ræða tiltekið reynslutímabil. Það væri ekki með þessu verið að festa þessa hluti endilega niður til lengri tíma litið — því að sumir ræða þetta mál út frá því sjónarmiði að það sé eiginlega verið að ákveða hér einhverja hluti um aldur og ævi, hvort sem það eru þá ofurtollar eins og sumir telja eða ónóg vernd eins og sumir óttast til að mynda fyrir garðyrkjuna. Um þetta er deilt út frá mismunandi sjónarmiðum og þá sýnist skynsamlegt að taka þetta skref fyrir skref og fara þannig í málið að menn ákveði það fyrir fram að það komi til endurskoðunar í ljósi reynslunnar innan ekki of langs tíma.

Þess vegna leggjum við til, herra forseti, við 3. umr. málsins að að lokum verði greidd atkvæði um endurskoðunarákvæði af þessu tagi og munum að sjálfsögðu halda þessari brtt. til streitu nema ef hæstv. ríkisstjórn vildi greiða þannig götu málsins að gefa hér einhverja yfirlýsingu um að þannig verði að málum staðið að þau verði með einum eða öðrum hætti, og fullnægjandi hætti, til endurskoðunar.

**Útbýting þingskjals:**

Alþjóðaviðskiptastofnunin, 27. mál, brtt. SJS, þskj. 92.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:42]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 92. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

[14:42]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Batnandi manni er best að lifa. Ég vil byrja á að lýsa yfir stuðningi mínum við brtt. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að taka þennan bandorm, þ.e. löggjöfina um útfærsluna á GATT-aðild okkar, til heildarendurskoðunar fyrir árslok 1996. Það er nú skárra en ekki. Lengi hefur hv. þm. verið helst til hallur undir einokunarsjónarmið, en hann er nú í formannsframboði fyrir flokk sem einu sinni kenndi sig við verkalýð og sósíalisma og er kominn tími til að hann fari aðeins að taka eftir því að neytendur eiga svolítinn þegnrétt í þessu þjóðfélagi. (**Gripið fram í:** Enda óháðir komnir inn.) Enda óháðir komnir til liðs, já.

Hann vitnaði í svör mín til þáv. hv. þm., nú hæstv. félmrh. hvorki meira né minna, Páls Pétursonar, út af útfærslunni á lágmarksmarkaðsaðganginum á sínum tíma. Það er rétt að ég sagði þá að ég teldi best að beita uppboðsleið eða leita tilboða vegna þess að ég gerði mér vonir um að það mundi helst skila verðlækkuninni til neytenda. Af hverju gerði ég það? Það var vegna þess að ég gekk að sjálfsögðu út frá því að þegar menn væru að tala um lágmarksmarkaðsaðgang á lágum tollum meintu þeir lága tolla. Þ.e. ekki tolla eins og eru í frv. á bilinu 60–254%. Það eru ekki lágir tollar vegna þess að hæstu tollar í tollskrá eru 30%. Þetta eru hámarkstollar. Hæstu tollar sem eru heimilir samkvæmt GATT-samningnum. Þetta þýðir með öðrum orðum að hefði verið einhverjum ávinningi að skila ef tollarnir hefðu verið lágir, þeir boðnir upp og settir þá líka hugsanlega uppboðsskilmálar. Það er með öðrum orðum framkvæmdin sem hefur breyst, ekki skoðanir mínar. Alveg eins og hv. þm. þegar hann nefnir: ja, hvers vegna ekki að velja fjórðu leiðina sem er sú að velja viðskiptaaðila? Það kæmi vel til greina ef um væri að ræða lægri tolla og ef um það væri að ræða að hv. þm. gæti treyst þeim sem eiga að framkvæma málið til þess að velja þá ekki bara úr einokunarkerfinu.

[14:45]

**Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get sagt eins og danskurinn þegar hv. þm. telur að batnandi manni í mínu tilviki sé best að lifa: lige måde, lige måde, því að ég kann líka miklu betur við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sem stjórnarandstæðing heldur en ég kunni hann við hann sem ráðherra og finnst mér að mörgu leyti að hv. þm. sé nú að ná upp fyrri dampi þegar hann fór hér um landið og spurði: Hverjir eiga Ísland? og hélt 100 fundi á mettíma eins og kunnugt er. Sem sagt: okkur er þá báðum batnandi best að lifa.

Varðandi aftur sinnaskipti hv. þm. í þessu máli, þá skil ég ekki alveg röksemdafærsluna vegna þess að ég held að ef uppboðsþóknun eða umsýsluþóknun, ef við köllum það gjaldið sem menn þá greiða til ríkisins fyrir að fá leyfi til að flytja inn, leggst ofan á háa tolla hljóti það að valda enn hærra vöruverði en ef það leggst ofan á lága tolla. Ég skil ekki nema þetta eigi að koma út á eitt. (**Gripið fram í:** Þetta er dálítið flókið.) Já, þetta er dálítið flókið.

Ég held að hugsunin eigi að vera sú, hv. þm., að þetta skipti máli, þetta geti valdið hærra vöruverði til neytenda nema við séum búin að gefa þá hugsun upp á bátinn að lágt innkaupsverð og lágir tollar skili sér yfir höfuð til þeirra sömu. Sú kenning hefur komið fram, hv. þm. Pétur Blöndal hefur haldið því fram, að þetta mundi aldrei skila sér vegna þess að menn mundu hirða mismuninn í álagningu. Ef það er röksemdafærslan skil ég þetta, en annars ekki. Þess vegna tel ég að enn standi hin sömu rök fyrir því að þetta gæti valdið hærra verði að breyttu breytanda.

Varðandi þriðju aðferðina, að velja úr, þá er ég sammála og erum við greinilega sammála um það. Ef menn gætu treyst því að skynsamlega yrði með það farið yrði það að mörgu leyti skynsamlegasta aðferðin, en ekki að menn búi út tening með sex hliðum og það stendur búvörudeild Sambandsins á þeim öllum. Svo er þeim kastað upp. Það er ónýtt fyrirkomulag. (**Gripið fram í:** Hún er víst ekki til lengur.)

[14:47]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Í 1. umr. um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, svokölluðu GATT-samkomulagi, var sérstaklega lýst áhuga á því að heyra sjónarmið samtaka launafólks til þessa samkomulags og í því sambandi var sagt að eftir því yrði tekið hverjir mundu tjá sig um þetta mál á Alþingi. Hér er ég að vísa til málflutnings hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Eins og kunnugt er tengist ég samtökum launafólks sem formaður BSRB og tek þess vegna til mín þessa ósk hv. þm.

Að sjálfsögðu tjá menn afstöðu sína á hvað áþreifanlegastan hátt við atkvæðagreiðslu og það gerði ég við lok 2. umr. Ég vil einnig gera mjög stuttlega grein fyrir þessari afstöðu úr ræðustól. Það sem ræður minni afstöðu er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi tel ég vera rétt að Íslendingar staðfesti GATT-samkomulagið. Fyrir Íslendinga felur samkomulagið í sér grundvallarbreytingu að því leyti að horfið er frá þeirri stefnu að leggja bann við innflutningi á landbúnaðarvöru og þegar til langs tíma er litið þjónar þessi breyting án efa hagsmunum Íslendinga. Það er ljóst að á komandi árum mun gæta vaxandi samkeppni með matvæli í heiminum og leiða má að því rök að það séu hagsmunir okkar að stuðla að þessari þróun, hvetja til þess að matvæli séu lágtolluð og niðurgreiðslur hverfandi, þar sem íslenska þjóðin byggir afkomu sína ofar öðru á útflutningi matvæla. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst um að ræða sjávarafurðir, en það verður ekki bæði sleppt og haldið í þessu efni. Af þessum sökum er rökrétt og eðlilegt að styðja og samþykkja þann alþjóðlega samning sem hér er um að ræða og felur í sér þá grundvallarbreytingu að hverfa frá banni og heimila innflutning búvara.

Spurningin er svo hvernig eigi að beita þessari heimild. Varðandi útfærsluna á tollum lágmarksaðgangsins sat ég hjá, en styð hins vegar ákvæði um endurskoðun í ljósi reynslunnar. Reyndar er ég þeirrar skoðunar og tek undir þá tillögu, sem hér hefur komið fram, að lögin í heild sinni verði endurskoðuð fyrir árslok 1996. En á sama hátt lagðist ég gegn breytingartillögum sem gengu út á það að lögþvinga okkur til að keyra tollana niður meira en ráð var fyrir gert í tillögum ríkisstjórnarinnar. Hvers vegna?

Hér þarf að hyggja að ýmsum þáttum. Þannig þarf að skoða það viðskiptaumhverfi sem við erum í, en á það er að líta að hvað landbúnaðarframleiðsluna snertir skera Íslendingar sig úr öllum þjóðum í okkar heimshluta að því leyti að útflutningsbætur hafa verið aflagðar hér á landi. Aðrar þjóðir búa við mismikla útflutningsstyrki til að styrkja landbúnað sinn og jafna sveiflur í verslun. Þetta þýðir að tollastefna þjóðarinnar segir aðeins hálfan sannleikann um vilja þeirra til að lúta markaðslögmálum.

Í þessu sambandi þarf þannig einnig að hyggja að öðrum þáttum, svo sem útflutningsbótum og þetta verðum við að hafa í huga þegar við fetum okkur inn á braut opnari viðskipta með matvæli og þess vegna er rangt að líta á verslun með landbúnaðarafurðir einvörðungu út frá þröngum neytendasjónarhóli. Skoða verður samkeppnisstöðuna í heild sinni og efnahagslegar og þjóðfélagslegar afleiðingar sem hljótast af þeim breytingum sem gerðar eru.

Það er rangt, sem oft er gert og hefur verið gert í umræðum um þetta mál, að stilla þjóðinni upp í gagnstæðar fylkingar neytenda og framleiðenda. Staðreyndin er að sjálfsögðu sú að neytandinn er iðulega jafnframt framleiðandi og öfugt, framleiðandinn er jafnframt neytandi, og í sameiningu borgum við með sköttum okkar atvinnuleysisbætur og annan tilkostnað sem hlotist getur af óvarlegri og einsýnni atvinnustefnu.

Nú er það alveg rétt, sem haldið hefur verið fram af þeim sem hafa viljað ganga lengra í lögþvinguðum tollalækkunum, að samkvæmt þessum lagabreytingum er gert ráð fyrir mjög kröftugri tollavernd og að í raun verði ekki grundvallarbreyting þar á næstu árin. Þetta er hins vegar ekki frábrugðið því sem gerist með öðrum þjóðum. Þannig komst sérfræðinganefnd OECD að

þeirri niðurstöðu í vetur eftir að hafa farið yfir samningstilboð helstu þjóða sem aðild eiga að GATT-samkomulaginu að það muni ekki leiða til neinna umtalsverðra breytinga á heimsviðskiptum með búvörur allra næstu árin einfaldlega vegna þess að alls staðar verði háir tollmúrar eftir sem áður. Hins vegar er á það að líta að í þeim lagabreytingum sem hér eru til umfjöllunar er að finna heimildir og hægt að gera allar þær breytingar sem þeir sem lengst vilja ganga í þessu efni æskja.

Með GATT-samkomulaginu er verið að stíga stórt skref því að með því er búvörum komið inn í ramma almennra viðskipta. Miklar líkur eru á því að í næsta skrefi verði alþjóðleg tollvernd með búvörur skorin niður svo að um munar. Mikilvægt er að íslenskur landbúnaður verði vel í stakk búinn að mæta þeirri samkeppni sem það mun hafa í för með sér. Ég er sannfærður um að það þjónar best hagsmunum þjóðarinnar að horfast í augu við þessar breytingar tíma og bregðast við af raunsæi.

Ég tek undir að það er auðvelt að leiða að því rök að heppilegra væri að stíga stærri skref til lækkunar tollverndar en gert er ráð fyrir í frv., en mikilvægast af öllu er þó að undirbúa þau skref sem fram undan eru. Samtök launafólks, Alþýðusambandið og BSRB, hafa þannig hvatt til þess að ríkisvaldið hafi frumkvæði að því að efnt verði til samráðs milli bændasamtakanna, samtaka launafólks og annarra áhrifaaðila í þjóðfélaginu og þess freistað að ná viðtæku samkomulagi til að búa í haginn fyrir þær breytingar sem fram undan eru. Slíkt mundi þjóna hagsmunum neytenda, bænda og þar með þjóðfélagsins alls og auðvelda okkur aðlögun að markaðsaðstæðum sem fyrirsjáanlegar eru. Með þessu móti fengjum við stýrt þróuninni en létum ekki stjórnast af henni.

Árið 1991 var efnt til samráðs af þessu tagi og náðist samkomulag um að draga verulega úr útgjöldum til landbúnaðarmála. Þannig voru útgjöld vegna búvörusamninga á árunum 1988–1991 að meðaltali 11,3 milljarðar uppreiknað á ári. Framlagið árið 1994 var komið niður í um 7 milljarða kr. Þannig hefur dregið úr þessum útgjöldum ríkissjóðs um 3–4 milljarða á ári hverju.

Nú ber að leggja á það áherslu að gagnvart bændum gengu þær vonir sem menn höfðu gert sér ekki eftir. Menn höfðu gert ráð fyrir því að hluti stéttarinnar mundi nýta sér fjárhagslegar ívilnanir hins opinbera til að hætta framleiðslu, en sem kunnugt er gerðist þetta ekki. Afleiðingin varð flöt skerðing og með áframhaldandi sölusamdrætti og birgðasöfnun á bændastéttin það almennt á hættu að lokast inni í fátækragildru svo að notuð séu þau orð sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson viðhafði hér í ræðustól og ég tek undir. En mín skoðun er sú að við eigum að fara aðrar leiðir en hann leggur til.

Ég tel hins vegar að ekki dugi annað en létta af kvótahömlum hið fyrsta og auka frjálsræði í verðlagningu á landbúnaðarvörum, en við slíkar aðstæður yrði mjög mikilvægt að riðið yrði þétt öryggisnet fyrir þá bændur sem vildu hverfa frá þessari framleiðslu. Um þetta yrði að gera samkomulag og að því þarf að vinna hvað sem líður þeim tollmúrum sem við leggjum upp með samkvæmt þeim lögum sem hér er verið að samþykkja. Þó að tollmúrarnir séu háir í upphafi, þá er ég sannfærður um að tollar á matvæli munu lækka og það hefur það í för með sér að það verður að gera skipulagsbreytingar í landbúnaðarframleiðslu þannig að atvinnuvegurinn geti mætt aukinni samkeppni frá útlöndum á komandi árum, en ég tel það óhjákvæmilega þróun.

[14:58]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er virðingarvert að hv. 17. þm. Reykv., sem jafnframt er forsvarsmaður samtaka opinberra starfsmanna, tjái sig í þessu máli því að þetta er að sjálfsögðu mikið hagsmunamál þjóðarinnar allrar og öll er þjóðin neytendur, en sumir eru framleiðendur líka.

Ég tek líka undir það með hv. þm. að það er óæskilegt ef þannig er haldið á málum að það er hlaðið upp árekstrum eða efnt til átaka milli framleiðenda og neytenda. Ef um væri að ræða frjáls viðskipti, þá er hægt að færa rök að því að hagsmunirnir fari saman vegna þess að hagsmunir framleiðenda eru þeir að selja sem mest á sem lægstu verði og hagsmunir neytenda eru að fá vöruna á sem lægstu verði. Ef frjáls viðskipti væru, þá væri þess vegna ekki árekstrum til að dreifa. En þegar þannig er haldið á málum að það er setið yfir hlut annars aðilans og þegar stjórnkerfið sjálft dregur alltaf taum aðeins annars aðilans og það er aldrei haft samráð við nema annan aðilann og frv. er reyndar samið eigin hendi af starfsmönnum annars aðilans, þá er of langt gengið. Þá er verið að brjóta grundvallarreglur sanngirni í samskiptum. Það er það sem hefur verið aðalsmerki eða höfundareinkenni á samskiptum við landbúnaðarkerfið áratugum saman. Ef það gæti breyst, og ég hef tekið það fram að ég vil gefa hæstv. nýjum landbrh. velvild vafans í því efni, þá er það strax nokkurt skref í áttina.

Hv. þm. sagði að hann hefði ekki getað stutt það að ganga lengra í að keyra niður tolla heldur en ríkisstjórnin lagði til og rökstuddi það með því að við hefðum lagt niður útflutningsbætur. Sú röksemd stenst ekki. Það er okkur að sjálfsögðu í hag sem þjóðar að leggja af útflutningsbætur því að útflutningsbætur eru styrkir til útlendra neytenda. Og þó að þeir hafi verið lagðir af, þá er verð í einokunarkerfinu svo hátt að við erum ekki samkeppnishæfir um verð og þótt við hefðum haldið gömlu útflutningsbótunum hefði það ekki dugað til. Það hefði ekki dugað til eins og fyrir liggur þannig að það eru ekki rök í málinu.

Því miður er ekki hægt að rökræða þetta frekar í andsvari.

[15:00]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Sólveig Pétursdóttir)**:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað, en mér þykir að sumir hv. þing-

menn tali eins og þeir hafi aldrei komið áður að þessu máli. Auðvitað hafa þeir gert það. Ég hef áður látið mín sjónarmið í ljós og skal ekki lengja þessa umræðu. En ég vil þó ítreka að þetta frv. er auðvitað málamiðlun milli framleiðenda og neytenda og það vita hv. þingmenn mætavel.

Samt sem áður lagði meiri hluti efh.- og viðskn. sig fram um að koma meira til móts við hagsmuni neytenda með brtt. og með leyfi virðulegs forseta vil ég fá að rifja upp eins og þær voru skýrðar í 2. umr. þessa máls.

Aðalbreytingin sem meiri hluti nefndarinnar lagði til fólst í tvennu: Í fyrsta lagi var lagt til að inn í þá grein frv. sem fjallar um tollkvóta verði bætt nýjum valkosti fyrir landbrh. þegar hann ákveður hvaða tollar skuli lagðir á þær vörur sem tilgreindar eru í viðauka IVA, þ.e. hina svokölluðu viðbótartollkvóta sem heimilt er að leyfa innflutning á. Í frv. er gert ráð fyrir tveimur valkostum, að annaðhvort skuli þessir tollar vera 75% af þeim magntolli sem lagður er á hlutaðeigandi vörulið eins og hann er tilgreindur í tollskrá eða miða við þann toll sem gildir fyrir svokallaðan lágmarksaðgang. Meiri hluti nefndarinnar lagði til að ef ráðherra kysi að miða við magntollinn, þá gæti hann valið milli þess hvort um væri að ræða 50 eða 75% af honum í hverju tilviki. Með þessari breytingu var verið að koma til móts við þá gagnrýni sem fram kom m.a. frá Neytendasamtökunum þess efnis að þrátt fyrir lágmarksmarkaðsheimildina væru litlar líkur á því að um innflutning yrði að ræða þar sem tollar á þann innflutning yrðu það háir.

Í öðru lagi var lagt til að nýju ákvæði yrði bætt inn í 20. gr. frv. og það felur í sér skírskotun til hvaða atriða landbrh. beri að líta þegar hann tekur ákvörðun um úthlutun viðbótartollkvóta samkvæmt viðauka IVA og B. Nánar segir:

„Annars vegar skal hann hafa til hliðsjónar að nægilegt framboð á hæfilegu verði sé til staðar á hverri vöru á hverjum tíma. Hins vegar skal hann líta til þess hvort þeir lágmarkstollkvótar sem hann hefur þegar úthlutað samkvæmt viðauka III hafi verið nýttir af leyfishöfum eða ekki."

Og með vali á tolltöxtum samkvæmt 3. og 4. mgr. 3. gr. frv. getur hann haft áhrif í því efni. Tilgangur þessara breytinga er annars vegar að lögin gefi leiðbeiningu um það hvenær og í hvaða skyni úthluta skuli hinum frjálsu kvótum og hins vegar að fram komi í lögunum að tilgangur þessa ákvæðis sé m.a. að stuðla að því að innflutningur verði í samræmi við skuldbindingar samkvæmt GATT-samkomulaginu. Með báðum þessum breytingum var því verið að koma til móts við þau neytendasjónarmið sem fram komu hjá mörgum þeirra gesta sem fyrir nefndina komu og í umsögnum með nefndinni bárust og sumir hv. þingmenn hafa m.a. vitnað til í þessum umræðum.

Ég rökstuddi þessar brtt. sérstaklega með dæmum við 2. umr. og þau segja sína sögu. Því verður auðvitað fylgt eftir pólitískt séð að þessu markmiði löggjafans verði framfylgt.

Það var minnst á kosningabaráttuna hér áðan, en í kosningabaráttunni var haldinn sérstakur fundur um GATT-málið á vegum Neytendasamtakanna í Reykjavík þar sem fulltrúar allra flokkanna mættu og þar var engum blekkingum beitt varðandi GATT-málið af hálfu sjálfstæðismanna. Við erum að stíga hér stórt skref eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson veit, enda var hann sjálfur hæstv. utanrrh. í síðustu ríkisstjórn sem mótaði gang þessa máls og Alþfl. kom að sjálfsögðu fullkomlega að.

Vissulega er þetta frv. álitamál og reynslan ein fær skorið úr því hver áhrifin verða. En kollsteypur þjóna engum tilgangi og það verður að vera aðlögunartími. Alþingi hefur það í hendi sér á hverjum tíma að breyta þessum tollum og það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt mál í þessu sambandi og ég tel enda rétt og eðlilegt að tollarnir verði endurskoðaðir að nokkrum tíma liðnum þegar reynsla er fengin.

Vegna umræðna um þá brtt. sem efh.- og viðskn. flytur við 3. umr. málsins skiptir auðvitað máli að með þessari brtt. skapast möguleiki á því að koma í veg fyrir að kvótar gangi kaupum og sölum, en gert er ráð fyrir að það ráðist af aðstæðum hverju sinni hvaða aðferð til úthlutunar er valin, og þetta mál hafði verið rætt þó nokkuð í nefndinni.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að við erum að stíga stórt skref í þessu máli sem getur leitt til mikilla breytinga í íslensku þjóðfélagi, enda eru fulltrúar allra flokka á Alþingi sammála því að láta þetta mál fram ganga. Og þeir eru einnig allir sammála því að hafa tollvernd í frv., enda þótt menn greini á um hversu langt eigi að ganga, a.m.k. í þetta sinn.

[15:07]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. sagði: Við viljum engar kollsteypur. Þetta verður að gerast á aðlögunartíma, en svaraði sér sjálf síðar þegar hún sagði: Það hefur enginn haldið því fram að það ætti að fara kollsteypuleið, að það ætti að opna fyrir tollfrjálsan innflutning. Það hafa allir viðurkennt, enda samningsbundið, að gefa bændum eðlilega tollvernd í upphafi. En kannski er höfuðgallinn, sá langsamlega versti á útfærslu ríkisstjórnarinnar, sá að aðlögunartíminn er ekki nýttur, tollarnir eru stilltir af nægilega háir til þess að koma í veg fyrir viðskipti og eiga ekkert að lækka á aðlögunartímanum, ekki neitt, hvorki að því er varðar almennt 97% hluta af markaðnum né lítilræðið 3%. Þeir eiga ekkert að lækka og það er gert með ráðnum hug að hafa það með þeim hætti. Þess vegna fer tækifærið til þess að nýta þennan aðlögunartíma með lítils háttar fyrstu skrefum í átt til innflutnings forgörðum. Og við vitum það af langri reynslu að einokunarkerfi bregðast ekki við nema með aðhaldi samkeppni. Það hélt ég að þyrfti ekki að kenna hv. þingmönnum Sjálfstfl. og allra síst hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur.

Að því er varðar málamiðlun, að þetta sé málamiðlun, þá er það einmitt það sem er að, þetta er ekki málamiðlun. Þetta er einhliða ofríki sjónarmiða framleiðenda staðfest af því að það var ekki haft eitt einasta orð í samráði við fulltrúa Neytendasamtakanna

samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra þess.

[15:09]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

Herra forseti. Mig langar aðeins að leggja orð í belg, ekki til þess að lengja umræðurnar sem neinu nemur heldur aðeins vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur um það að menn hafi verið að bregðast þeim vonum sem einhver hafi gert sér varðandi breytingar vegna GATT.

Það má vel vera að einhverjir hafi til að mynda í kosningabaráttunni gefið til kynna að í GATT-samningunum fælust breytingar og mundu leiða til breytinga hér á landi sem væru öðruvísi en annars staðar gerðist. Ég gerði þetta ekki og minn flokkur gerði þetta ekki. Mjög fáir flokkar gerðu þetta. Það kann að vera að einhver hafi í kosningabaráttunni gefið til kynna að í GATT og GATT-samningunum og í tilboðum okkar og í útfærslum nokkurra þjóða mundi eitthvað annað gerast hér á landi heldur en annars staðar gerðist. Hafi þeir gert þetta, þá hafa þeir búið til falskar væntingar og þá hafa þeir hinir sömu brugðist vegna þess að það lá ætíð fyrir og lá fyrir frá GATT. Forustumenn GATT sögðu: Þessi lota GATT-viðræðna, Úrúgvæ-lotan, mun ekki breyta neinu í stórum sniðum um landbúnaðarviðskipti í veröldinni allri. Það þarf nýja lotu GATT-viðræðna, sagði bæði Sutherland framkvæmdastjóri GATT og sá sem nú hefur tekið við, ef menn ætla að gera einhverja höfuðbreytingu í þeim efnum.

GATT fól í sér ýmsar aðrar breytingar heldur en um landbúnað. Það vildi bara þannig til að Ísland hafði þegar lagað sig að þeim breytingum, til að mynda varðandi iðnaðarvörur. Þess vegna urðu ekki þær breytingar hér sem annars staðar gerast í framhaldi af GATT-samningnum. Við höfðum þegar bætt um og breytt í þeim efnum.

Ég hlýt að vekja athygli á því að hv. 9. þm. Reykv. sagði þegar þessi ríkisstjórn sem nú er var mynduð, þegar hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., var kallaður á teppið eiginlega hjá hinum vinstri flokkunum, þá sagði hann og síðan í viðtölum og reyndar fleiri alþýðuflokksmenn, m.a. hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, að vinstri stjórn hefði legið á borðinu. Væntanlega hefur það þýtt að það yrði ekki flókið að semja um GATT, fyrsta mál sem varð að klára fyrir 1. júlí því það veit hv. þm. að við höfum sameiginlega fyrir hönd íslenska ríkisins gefið þá yfirlýsingu að þetta yrði klárað fyrir 1. júlí. Það yrði væntanlega að semja um GATT-málið við þessa vinstri stjórn. Hefur eitthvað komið fram í þessum viðræðum að vinstri flokkarnir almennt hafi átt samleið með Alþfl., þessari stjórn sem lá á borðinu að mati hv. þm.? Eða þýddi það í þessari borðlagningu að hann hafi gefið þetta allt saman frá sér sem hann nú er að tala svo fjálglega um? Nei, það var vegna þess að hann vissi betur. Hann vissi að hann gat þá sagt: Það stóð aldrei til, hvorki hér á landi né annars staðar, að það yrði einhver kollsteypa í landbúnaðarmálum. Það stóð til og það er meginbreytingin að víkja frá bannreglunni í innflutningi landbúnaðarvara og það er gert. Hér er sagt aftur og aftur og það er bersýnilega gert til þess að slá ryki í augu kjósenda eða almennings vegna þess að hv. þm. hlýtur að vita betur — það eru tveir kostir til: að hann viti ekki betur eða hann sé að slá ryki í augu fólks — það er sagt aftur og aftur að þannig sé frá málinu gengið að lækkunarfyrirmæli samningsins komi ekki til greina hér. Af hverju koma þau ekki til greina hér? Vegna þess að þau eiga við að það sé skylt að lækka frá tollabindingum um tilteknar prósentur á tilteknu tímabili. En við erum svo fyrir neðan þessar bindingar að þess vegna verður ekki þessi lækkun. Við höfum uppfyllt þessa kröfu hv. þm. með því að vera alveg í tollabindingunum og síðan lækkað samkvæmt þeim. Þá hefði hv. þm. ekki getað kvartað yfir þessu atriði sérstaklega. Þetta hlýtur hv. þm. að vita og ef hann veit það, sem ég held að hann viti, er hann að kasta ryki í augun á almenningi.

Það var enginn sem ég þekki til, a.m.k. í mínum flokki, sem gaf falskar væntingar varðandi GATT-samninginn. Það er staðið við GATT-samninginn, auðvitað langt innan við öll þau tilboð sem við gáfum, langt innan við þau, þannig að við stöndum við GATT-samninginn samkvæmt alþjóðlegum reglum. Enginn deilir um það, enginn heldur öðru fram. Við stöndum við öll þau atriði. Og innan lands er staðið við þau meginatriði að bannreglan er felld úr gildi með íslenskum lögum og menn hafa gegnsæjar reglur, það er annað meginatriðið, gegnsæjar tollreglur fyrir framan sig þannig að þeir vita nákvæmlega hvar þeir standa. Þetta eru tvö meginatriðin sem þarna náðust í gegn.

Síðan er í þriðja lagi tryggður tiltekinn lágmarksaðgangur.

Í fjórða lagi er landbúnaðinum tryggð vernd með tilteknum gegnsæjum hætti, með mjög svipuðum hætti og aðrar þjóðir gera. Það má segja að við séum með örlítið meiri vernd en til að mynda Evrópusambandið vegna þess að breytingin hjá okkur er miklum mun meiri, kerfisbreytingin, en hjá þeim. Við erum að hverfa frá bannreglum. Og nýjustu fréttir sem við heyrum eru þær að Evrópusambandið sé núna að færa sig upp á skaftið við að koma á alls konar hindrunum til þess að verslun með landbúnaðarafurðir geti gengið fram í samræmi við samninginn um GATT. Ég á ekki von á því að það komi neinar kærur á Íslendinga vegna framgöngu þeirra eða með hvaða hætti þeir framfylgja þessum samningi.

Ég held að það hafi enginn og meira að segja ekki Alþfl. lofað því að fara að flytja inn vörur sem mundu raska landbúnaðargrundvellinum vegna þess að sú breyting varð í kosningabaráttunni og þótti einmitt sæta tíðindum að formaður Alþfl. bað bændur sérstaklega afsökunar á framgöngu sinni í þeirra garð og flokksins á undanförnum árum. Það þótti sæta tíðindum. Þess vegna er þetta eftirátúlkun þegar flokkurinn er utan stjórnar. Þegar flokkurinn sagði hins vegar að vinstri stjórn lægi á borðinu, fyrsta málið sem varð að semja um væri auðvitað GATT, þá hlýtur hann að hafa meint að annaðhvort væri hann búinn að fá alla vinstri flokkana og formenn flokkanna til þess að samþykkja sína

stefnu í GATT eða þá hefur verið ákveðið að vera ekki með þann leikaragang uppi sem hann er með hér á fundum af þessu tilefni. Það hlýtur að liggja í augum uppi.

[15:16]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er af sem áður var þegar fyrrv. stjórnarflokkar deildu hvað mest um landbúnaðarmál, verndarstefnu og leiðir út úr henni. Þá var það gjarnan viðkvæði hæstv. forsrh. að hann sagði að hann vissi yfirleitt ekkert um hvað málin snerust, skildi ekkert í því um hvað þau snerust. Nú hefur hann greinilega, að eigin áliti öðlast á því dýpri skilning, en kjarni málsins er þessi: Voru vaktar upp falskar væntingar í kosningabaráttunni af einhverjum eins og hæstv. forsrh. vildi gefa í skyn en þorði ekki að fullyrða? Nei, það var ekki.

Kjarni málsins er hins vegar þessi: Í þeirri nefnd sem hafði málið til úrvinnslu og var undir pólitískri forustu hæstv. forsrh. voru lagðar fram þrjár tillögur. Tillaga Alþfl. var, og ég er þá að tala um megintollana, ekki um lágmarksmarkaðsaðganginn, tillaga Alþfl. var sú að tryggja jöfnun innflutningsverðs og innlends heildsöluverðs og síðan bæta fjarlægðarverndinni við. Embættismenn undir forustu hæstv. fjmrh. höfðu lagt fram tillögur um að leggja á þar til viðbótar álag, 20% seinast þegar ég vissi. Tillaga hæstv. landbrh. og embættismanna hans var sú að lögbinda tollabindingarnar. Þetta var það sem var til umfjöllunar. Hver varð svo niðurstaðan? Niðurstaðan varð síðan sú að ofurtollar eru í þessu frv. því að skilgreiningin á þeim er: Tollar sem koma í veg fyrir innflutning og viðskipti. Og ef hæstv. forsrh. vill rengja mitt mat á því, þá ráðlegg ég honum að spyrja alla þá sem komu fyrir efh.- og viðskn., svo sem eins og forstöðumenn Hagkaupa, forstöðumenn Bónus eða forstöðumenn Íslenskrar verslunar eða samtaka íslensks iðnaðar eða Sambands veitinga- og gistihúsa svo að ég nefni bara nokkur dæmi, sem sögðu: Þessir tollar eru til þess gerðir og til þess fallnir að útiloka viðskipti. Þetta eru ofurtollar.

Þetta var það sem gerðist. Og í kosningabaráttunni var frá því skýrt að hæstv. landbrh. hefði uppi slík áform og hann sór fyrir það. Hann sór fyrir það í kosningabaráttunni þegar verið var að reyna að skírskota til fylgis frjálslynds og umbótasinnaðs fólks.

[15:18]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess að hv. þm. nefndi það að ég hefði einhvers staðar sagt að ég botnaði ekkert í þessum málum sem uppi væru, þá er það alveg rétt að ég sagði það nokkrum sinnum held ég prívat við hv. þm. En það var þó aðallega það að ég botnaði ekki nákvæmlega í málatilbúnaði hv. þm. stundum í landbúnaðarmálum. Ég hitti reyndar ekki mjög marga, m.a. þingmenn í hans flokki, sem út af fyrir sig gerðu það. Það var vandamál sem ég hafði ekki verulegar áhyggjur af.

En ég vakti hins vegar athygli á öðru atriði og spurðist fyrir um hvað hv. þm. hefði átt við þegar hann sagði að vinstri stjórn hefði verið borðleggjandi og hélt því fram á fundi með hæstv. núv. utanrrh. að vinstri stjórn hefði verið borðleggjandi á einu augabragði. Var hann búinn að semja um það að GATT, sem átti að afgreiða fyrir 1. júlí, skyldi vera í þeim farvegi sem hv. þm. talar um nú eða hafði hann ákveðið sjálfur að laga sig að þeim sjónarmiðum sem eru efst á blaði í þinginu? Það vantaði dálítið upp á að hv. þm. gerði grein fyrir þessu.

[15:19]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvaðan hæstv. forsrh. hefur það að ég hafi lýst því yfir að vinstri stjórn væri borðleggjandi vegna þess að það er ekki rétt eftir mér haft. En það er athyglisvert að hæstv. forsrh. vill minna á það hvernig til núv. ríkisstjórnar var stofnað. Og það er rétt að formaður Framsfl. óskaði eftir viðtali við þann sem hér stendur og kvaðst gera svo í umboði félaga sinna úr stjórnarandstöðu á fyrra tímabili. Hann fékk þau svör hjá mér og hefur staðfest að það sé rétt að ég mundi ekki vera í stjórnarmyndunarviðræðum við annan flokk meðan á viðræðum stæði milli samstarfsflokkanna. Ef þeim viðræðum yrði hins vegar slitið, þá værum við reiðubúnir til þess að ræða við formann Framsfl. Hvernig hann túlkar þessi ummæli á þann veg að vinstri stjórn hafi verið borðleggjandi er mér ókunnugt um, það hlýtur hann að skýra fyrir sjálfum sér. Ég hef ekki sagt það og ekkert fullyrt um það.

Alþfl. var með hreinan skjöld í þeim viðræðum. Hann lýsti því yfir að hann yrði ekki í stjórnarmyndunarviðræðum við aðra flokka á sama tíma og við tókum það trúanlegt að hæstv. forsrh. beitti sér fyrir áframhaldandi viðræðum stjórnarflokkanna. Það er meira en sagt verður um Sjálfstfl. undir forustu hæstv. forsrh.

[15:21]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)**:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki mjög lengja þessar umræður, sem væntanlega eru komnar á endasprettinn, um þetta mikilvæga mál sem hefur til umræðu í þinginu oftsinnis, ekki bara um þetta frv. sem hér er nú til umræðu heldur einnig áður þegar verið var að fjalla um samþykkt þingsins á aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Ég vildi fyrst og fremst lýsa stuðningi mínum við þá brtt. sem borin er fram af hv. efh.- og viðskn. og svara einni spurningu sem til mín var beint í umræðum áðan af hv. 11. þm. Reykn.

En fyrst aðeins örfá orð um þessa brtt. sem felur í sér valkosti, heimildir til ráðherra að láta annaðhvort hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í heimildir til innflutnings. Það mun vera svo að það eru uppi einhver ágreiningsefni um framkvæmd þessara mála milli þjóða og á nýlegum fundi í landbúnaðarnefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar mun hafa komið fram að það þyrfti að liggja skýrt fyrir áður en til framkvæmda kæmi hvaða aðferð yrði viðhöfð við úthlutun innflutningsheimildanna þannig að öllum vafa um framkvæmd

málsins væri eytt og þá gilti það. Þannig er nokkuð ljóst að það er eitt af því sem þarf að ákveða nú á þeim skamma tíma sem þó er eftir til undirbúnings gildistökunnar um næstu mánaðamót og er vissulega rétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, að undirbúningstíminn er orðinn naumur og þarf að vinna skjótt að málum á næstu dögum.

Hann sagði líka, sá hv. þm., að fyrri stjórn hefði ekki komið sér saman um málin. Þess vegna hefðu þau dregist úr hömlu. Hann sagði einnig að ný stjórn hefði gaufast með málið og hvað sem segja má um ummæli hans um vinnubrögð hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar vil ég leyfa mér að halda því fram að það hafi verið unnið að þessu máli af fullum krafti þó að það sé því miður komið að framkvæmdinni þegar lögin verða loksins samþykkt sem ég vona að verði nú innan stundar. Þá er það ekki vegna þess að ekki hafi verið haldið áfram á fullu að vinna að málinu eftir að núv. hæstv. ríkisstjórn var mynduð. Allur sá tími hefur verið nýttur vel og auðvitað fór mest vinnan í þeim undirbúningi í að embættismannanefnd fimm ráðuneyta sem vann að málinu kæmi sér saman um það.

Þá langar mig aðeins að grípa ofan í það sem hv. 9. þm. Reykv. hefur sagt um vinnubrögðin og um það hvernig hafi verið staðið að undirbúningi þessa máls, m.a. að frv. hafi verið samið af hagsmunaaðilum annars aðilans og hinn aðilinn lítt eða ekki komið að málinu. Ég vísa þessu frá. Það hefur verið um málið gott samstarf allra ráðuneyta sem að þessu hafa komið. (**JBH:** Ég var ekki að tala um ráðuneytin.) Þeir sem mest hafa unnið að undirbúningi málsins var þó þessi embættismannanefnd sem starfaði í tíð hæstv. fyrri ríkisstjórnar og hélt áfram að starfa að málinu í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar og hv. 9. þm. Reykv., þáv. hæstv. utanrrh., vitnaði einmitt til þeirra nefndarstarfa í ummælum sínum á Alþingi 29. nóv. 1994, sem þegar hefur verið vitnað til áður í umræðum af hv. 4. þm. Norðurl. e. og þarf kannski ekki að rekja meira eða frekar. En þó má reyndar ítreka að þá hafði hv. þm., hæstv. þáv. utanrrh., þá skoðun að sú leið sem frv. gerði ráð fyrir eins og það liggur hér fyrir væri eina leiðin sem menn hefðu bent á sem ekki mundi bitna á neytendum. Það var hans afstaða og skoðun þá. Nú geta menn auðvitað skipt um skoðun og það geta komið upp aðrar forsendur og er ekkert við því að segja, ekki hægt að sakast um það. En allan tímann hefur þetta verið unnið í þessum sama farvegi, hv. þm., og það er ekki, eins og hér hefur líka verið nefnt, bæði af hv. 9. þm. Reykv. og fleirum, t.d. hv. 11. þm. Reykn., að þetta hafi skipt eitthvað um lit eða forsendur eftir að Framsfl. kom að málinu og Framsfl. eða forráðamenn hans eða ráðherrar hans hafi beitt einhverjum nýjum aðferðum eða þvingunum um það að ná fram einhverjum vinnubrögðum eða aðferðum við úthlutun öðrum en áður hafði gert ráð fyrir. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þetta er nákvæmlega eins og sá vinnuhópur ráðuneytanna sem mér hefur orðið tíðrætt um lagði málið upp og lagði til og kannski lagt það til einmitt að frumkvæði hæstv. þáv. utanrrh. og samkvæmt þeim skoðunum sem hann hafði lýst mjög ítarlega í þinginu og reyndar kallaði við 2. umr. það skömmtunarkerfi sem hann sagði að nú væri verið að taka upp, kallaði það held ég, skrifaði um það eftir hv. þm., spillingarkerfi, hann minnir mig á það og staðfestir að ég hafi skrifað rétt eftir, en þetta spillingarkerfi var einmitt það sem hann lagði hér til. Fyrst svo er nú langt komið langar mig til að vitna hér til, með leyfi hæstv. forseta, þess sem hv. þm., þáv. hæstv. utanrrh., svaraði Inga Birni Albertssyni, þáv. hv. þm., í andsvari þegar hann sagði að vísu samkvæmur þessari skoðun sinni: „Öll skömmtunarkerfi eru af hinu vonda.“ Hann orðaði ekki spillingarkerfi þá, en það kom til síðar af því að þá var hann sjálfur að leggja til þetta skömmtunarkerfi. Þá var það ekki spillingarkerfi. Það er orðið spillingarkerfi eftir að aðrir hafa tekið það upp eftir honum og ætla að nýta sér það. En öll skömmtunarkerfi eru af hinu vonda, sagði hæstv. þáv. utanrrh.

„Framkvæmd á skömmtunarkerfum verður yfirleitt með þeim hætti að það leiðir til mismununar. Útboð eða uppboð hefur þann ókost að það mun hækka verðið til neytenda. Sú leið sem hér er valin er einfaldlega sú að auglýsa án mismununar, öllum frjálst að sækja um eða eftir atvikum, ef um er að ræða varning sem kallar á einhverja fagþekkingu eða annað slíkt, tiltekinn hópur fær að sækja um. Þá er minnstur skaði að því og minnst mismunun að láta hlutkesti ráða valinu úr þeim hópi. Miklu er það geðþekkari aðferð en t.d. ef ráðherra eða einhver skrifstofa, t.d. innan landbúnaðarkerfisins, ætti að taka um þetta geðþóttaákvörðun og úthluta einhverjum völdum gæðingum.“ — Undir það tek ég heils hugar með hv. þm. og hann þarf ekki að gera mér upp neinar skoðanir um það að það sé eitthvað sem ég vilji taka upp.

En nóg um þetta, hæstv. forseti. Ég fékk eina spurningu frá hv. 11. þm. Reykn. Ef ekki yrði af lágmarksinnflutningi og aðrar lagaheimildir mundu ekki duga til þess að af innflutningi yrði, hvort þá yrði lögð hér fram á haustþingi breyting á þessum lögum eða frv. um lágmarksinnflutning eða einhver sú breyting gerð sem leiddi til þess eða tryggði það.

Ég sagði við 2. umr. um málið að auðvitað hefði hv. Alþingi alla möguleika á því að breyta í ljósi fenginnar reynslu. Við höfum þetta mál, hv. alþm. og löggjafarsamkoman, auðvitað í hendi okkar. Ég sagði þá, eins og hefur komið fram ítrekað í máli manna, að við ættum ekki að rasa um ráð fram í þessu. Við ættum að láta reynsluna sýna sig og sanna og skera úr og að sjálfsögðu er það svo að þá getur komið til þess, þegar við sjáum það, ef þetta fer eftir eins og hv. þm. margir hafa lýst yfir að enginn innflutningur yrði og þetta frv. eins og það liggur fyrir sé eitthvert girðingafrv. sem takmarki eða hefti allan innflutning, þá bendir meiri hluti hv. landbn. á það í sínu áliti um málið sem sent er hv. efh.- og viðskn. að eðlilegt sé að þingið fylgist vel með málinu og nauðsynlegt kunni að verða að endurskoða í ljósi fenginnar reynslu. Mig langar til að lesa þessa tilvitnun, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn tekur fram að þar sem frv. þetta felur í sér flókið og viðamikið mál sem ekki er reynsla fyrir hér á landi verður að liggja ljóst fyrir að Alþingi

þarf að fylgjast vel með framkvæmd þess, ef að lögum verður, og nauðsynlegt kann að vera að endurskoða lögin í ljósi fenginnar reynslu."

Nú ætla ég út af fyrir sig ekki að gera mér upp neitt um það hvaða hugmyndir meiri hluti hv. landbn. hefur haft til málsins og hvaða ástæður liggja því að baki að þeir telja e.t.v. nauðsynlegt að taka lögin skjótt til endurskoðunar. En ég vil hins vegar taka undir þessa yfirlýsingu hv. landbn. og segi það við hv. þm. að ég tel að það sé mjög eðlilegt að Alþingi fylgist vel með málinu.

Hér hefur reyndar komið fram tillaga um það að setja inn í lögin ákvæði um endurskoðun. Ég held almennt talað að það sé heldur hvimleitt ákvæði að hafa yfir sér það að lög skuli endurskoðuð fyrir einhvern ákveðinn tíma á einhverjum forsendum sem ekki liggja fyrir. Ég er ekki að segja að það sé neitt útilokað og auðvitað eru mörg dæmi um það að slík ákvæði er að finna í lögum. Það er út af fyrir sig í lagi að skoða það mál, en ekki er ég þó að gefa neina yfirlýsingu fyrir hönd stjórnarmeirihluta um stuðning eða ekki stuðning við málið á þessu stigi. Það hefur ekki verið rætt og ég lýsi því aftur yfir að ég tel að það sé ekki eðlilegt að slík fyrirheit séu gefin í málinu fyrir fram. Ég hef margsagt það hér í þessum ræðustól að ég tel að reynslan verði að skera úr um málið.

[15:32]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði landbrh. hvort hann mundi á haustdögum leggja fram frv. um lækkun tolla á lágmarksinnflutningi ef sýnt væri að yrði ekki af innflutningi. Hann færðist undan að svara og það er í sjálfu sér svar. Hæstv. landbrh. benti á að Alþingi gæti breytt lögum. Vitaskuld getur Alþingi breytt lögum. Það var ekki mín spurning, hæstv. ráðherra. Ég spurði hvort hæstv. ráðherra mundi leggja fram frv. um lækkun tolla.

Það er augljóst í þessu máli að það á að afgreiða það. Framsóknarmenn allra flokka sameinast um óbreytt ástand og þegar hæstv. landbrh. skýlir sér á bak við álit meiri hluta landbn., leggur mat hv. þm. Guðna Ágústssonar og Egils Jónssonar á Seljavöllum í þeirra meirihlutaáliti til grundvallar hvernig hann ætlar að taka á hugsanlegum breytingum á þessu frv., þá segir það alla söguna um hvernig hæstv. landbrh. ætlar að fara með þær heimildir sem honum verða faldar með þessu frv.

Niðurstaðan er ljós í þessu máli. Það voru neytendur sem töpuðu. Þessu verður fylgt áfram eftir á haustþingi með breytingartillögum. Það verður reynt að knýja fram leiðréttingu á þessu þótt niðurstaðan hafi orðið eins og stjórnarmeirihlutinn vill hafa það nú.

[15:34]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. og þeim stjórnarliðum öðrum er dálítið í mun að reyna að sýna fram á það að ég hafi skipt um skoðun að því er varðar hver væri besta aðferðin við að úthluta skömmtunarkvótunum, 3%. Ég skil vel að þeim sé það í mun vegna þess að við höfum haft það daglega fyrir stafni að undanförnu að rifja upp kosningaloforð framsóknarmanna, segja hvað þeir sögðu fyrir kosningar og hvað þeir eru nú að baksa eftir kosningar, þannig að það er von að þeir vilji gjalda líku líkt. En það dugar ekki til því að tilvitnanirnar eru þær að ég hef sagt og sagði þá fyrir kosningar: „Öll skömmtunarkerfi eru af hinu vonda." Ekki hef ég skipt um skoðun á því.

Í annan stað sagði ég að markmiðið ætti að vera að velja þá leið sem skilaði mestum ávinningi til neytenda, verðlækkun til neytenda. Til þess að skila verðlækkun til neytenda undir 3% markaðsaðgangi þurfa tollar að vera lágir. Það er engu að skila ef þeir eru háir. Hæstv. ríkisstjórn ákvað að lágir tollar væru á bilinu 60–254%. Það er engu að skila. Annaðhvort gerist, að það verður ekkert flutt inn eða að það hafa verið nefnd örfá undantekningardæmi sem fara aðeins undir og gæti þess vegna verið eitthvað, en það bil er afar lítið.

Mín hugsun var auðvitað sú að við virtum anda GATT-samkomulagsins og værum að tala um raunverulega lágtolla, vel undir rauntollum. Hvaða aðferð hefði þá dugað til þess að skila verðlækkun til neytenda? Það er tæknilegt mál. Ég taldi að það væri hægt að gera það með uppboðsaðferðinni, að leita lægstu tilboða frá þeim sem buðu vöru á lágum tollum á lægsta verðinu. Síðan hefur það komið á daginn í umræðum hér að menn telja að það sé afar ólíklegt að það takist, allra síst núna þegar tollmunur er svona mikill.

[15:36]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri engar athugasemdir við það að menn skipti um skoðun og komist að annarri niðurstöðu um það hvernig standa á að málum. Það er bara eðli málsins samkvæmt rétt ef menn við umhugsun og athugun telja að einhver fyrri afstaða hafi verið röng. Hins vegar finnst mér ekki að hv. þm. hafi rökstutt það nægjanlega vel fyrir okkur öllum, kannski fyrir það eins og hann sagði áðan að málið væri afar flókið og við værum sumir svo seinir að hugsa eða seinir að reikna að við kæmumst ekki að sömu niðurstöðu og hann á jafnskömmum tíma.

En hann nefnir líka og ítrekar enn þetta með kosningaloforðin, kosningaloforð framsóknarmanna. Ég hef ekki tíma til þess að fara ítarlega yfir þau mál í stuttu andsvari, enda læt ég það alveg liggja á milli hluta því að við erum með þau mál í vinnu nú þegar. Það er í öllum ráðuneytum verið að vinna að því að framfylgja þeim fyrirheitum sem Framsfl. gaf í kosningabaráttunni ef hann kæmist í ríkisstjórn og eftir sex vikna setu þar er varla hægt að ætlast til þess eða vænta þess að neinar stökkbreytingar hafi orðið í þessu efni, en það er unnið að þeim málum svo að það er ekki miklu við það að bæta, hæstv. forseti.

[15:38]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Áður en ég kem að efni andsvarsins, þá vil ég aðeins segja við hæstv. ráðherra vegna hans lokaorða að flokkur sem hefur talað um neyðarástand á heimilum, flokkur sem hefur talað um tafarlausar aðgerðir í húsnæðismálum, flokkur sem hefur talað um sára fátækt getur ekki komið hér og sagt: Sex vikur eru ekki langur tími og þetta bíður allt til hausts-ins. Það var a.m.k. fólkinu ekki sagt þegar talað var í þessum ræðustól, og þær tilvitnanir liggja alla fyrir, um gjaldþrot þúsunda heimila, sára fátækt og neyðarástand svo að ég noti nokkur orð sem Framsfl. notaði í þessum ræðustól fyrir örfáum mánuðum. Það sýnir bara á hvaða mælikvarða Framsfl. leggur sára fátækt, neyðarástand og gjaldþrot heimilanna, að það má bíða.

Erindi mitt upp í þennan ræðustól var að inna hæstv. ráðherra frekar eftir því að hann íhugi nú rækilega ásamt félögum sínum í ríkisstjórninni að samþykkja brtt. á þskj. 92 frá Steingrími J. Sigfússyni þar sem það er lögbundið að ákvæði laga þessara skuli tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1996. Það hefur oft verið gert, hæstv. ráðherra, að binda slíka endurskoðun í lögum. Það hefur komið fram frá öllum, bæði stuðningsmönnum frv. og andstæðingum, að það veit enginn nákvæmlega hvernig veruleikinn kemur út og það eitt og sér eru nægileg rök fyrir því að lögbinda endurskoðun. Þar að auki tel ég skynsamlegt fyrir hæstv. ráðherra að hafa vissa hliðsjón af hugsanlegri, breiðari samstöðu í bakgrunni málsins heldur en bara ríkisstjórnarmeirihlutanum einum og sér og fallast á þessa endurskoðun fyrir árslok 1996. Og ég vil eindregið árétta við hæstv. ráðherra að það verði íhugað af hálfu ríkisstjórnarflokkanna að styðja þessa brtt. við lokaafgreiðslu málsins. Það kann að hafa veruleg áhrif á það undir hvaða merkjum þessi lagasetning siglir inn í framtíðina.

[15:41]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég geri ekki lítið úr því og held áfram að lýsa því yfir að það þarf auðvitað að bregðast við alvarlegu ástandi á ýmsum sviðum þjóðfélagsins þar sem kann að ríkja sárafátækt og neyðarástand. Og ég get sagt það við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson að í þeim málaflokki sem ég fer með, þ.e. landbúnaðarmálunum, hef ég miklar áhyggjur af því ástandi sem ríkir hjá sauðfjárbændum. Ég hef lýst því yfir margsinnis, bæði hér í þessum ræðustól og við fjölmiðla, og í landbrn. er einmitt hafin vinna til þess að reyna að bregðast við þeim vanda. En ég verð að ítreka það aftur að ég tel að það sé með öllu útilokað og ómögulegt að það liggi fyrir einhverjar lausnir á því vandamáli eða hvernig brugðist verður við því ástandi sem undir þann málaflokk heyrir og þann ráðherra sem hér stendur, að bregðast við því ástandi sem ríkir hjá mörgum sauðfjárbændum.

Um endurskoðunarákvæðið ræddi ég áðan. Ég þarf ekki að endurtaka út af fyrir sig það sem ég sagði þá. Það eru auðvitað eins og kom fram hjá hv. þm. mörg fordæmi fyrir því að endurskoðunarákvæði hafa verið lögbundin. Ég er ekkert að andmæla því á nokkurn hátt, en ég sagði það líka að ég teldi að það gæti verið einnig óþarft og kannski í sumum tilvikum málinu ekkert til framdráttar að hafa yfir sér einhver dagsett ákvæði um það að fyrir þann tíma skuli lög vera tekin til endurskoðunar eða boðaðar einhverjar breytingar sem menn ekki sjá fyrir fram og vita ekki hvort þarf að leggja til eða bregðast við fyrr en reynslan hefur skorið úr um það. Þau fyrirheit sem hér hafa verið gefin í umræðum og gefin eru í þeim álitum sem ég vitnaði til, hvort sem þau eru frá hv. landbn. eða einhverjum öðrum, tel ég að séu meira virði og það liggi fyrir að menn fylgist með framkvæmd málsins og séu þá auðvitað tilbúnir til þess að bregðast við ef þeir álíta að framkvæmdin sé óásættanleg.

[15:43]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. GATT-samningurinn er víðtækt, alþjóðlegt samkomulag sem fyrst og fremst þjónar því markmiði að gagnast fólkinu í löndum heims til þess að skapa ódýrari vörur og betri lífskjör fyrir fólkið í landinu sem aðili er að samkomulaginu. Það er alveg rétt að hér á þingi starfar landbn. sem gætir hagsmuna landbúnaðarins og er ekkert nema gott um það að segja. En það starfar engin neytendanefnd hér á þingi, hæstv. ráðherra. Það er enginn aðili á þinginu sem hefur það verkefni að sinna hagsmunum neytenda og sá ráðherra sem á að gera það í ríkisstjórninni, hæstv. viðskrh., hefur heldur lítið látið fyrir sér fara í þessari umræðu. Það er þess vegna sem við mörg teljum að það sé nauðsynlegt að í eftirfylgju málsins sé það líka tryggt, sérstaklega varðandi framkvæmd 3–5% lágmarksinnflutningsins, að þar eignist neytendur á Íslandi ákveðna kjarabót. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það sé farsælla fyrir alla þá sem ábyrgð bera á málinu, þar með talinn hæstv. landbrh., að gera samkomulag um þetta endurskoðunarákvæði hér á þinginu heldur en neita því líka.

[15:45]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þau skref sem við erum að stíga með þessu samkomulagi núna hafa verið margsinnis rakin hér í þessari umræðu, þ.e. að breyta frá innflutningshöftum í það að opna fyrir viðskipti. Það er stóra skerfið sem við tökum á þessu stigi. Síðan í framhaldi af því vænti ég þess að þessi samningur hafi áhrif á ýmsa þætti okkar efnahagslífs og með tímanum, þegar við höfum náð að aðlaga okkur að þeim breyttu aðstæðum, þá leiði það væntanlega líka til lægra vöruverðs og betri lífskjara. Ég dreg ekkert úr þeim markmiðum sem hv. 8. þm. Reykn. hefur sett hér fram. Þau verða þá að vera þannig úr garði gerð, framkvæmdin þannig, að það eigi við um alla heildina og við byrjum ekki á því að stíga skref inn í þetta margrómaða frelsi og þetta framtíðarland með því e.t.v. að misbjóða einni atvinnugrein, ég tala nú ekki um ef það hefði þau áhrif eða þær alvarlegu afleiðingar að hún hreinlega hryndi. Ég vona að svo verði alls ekki og ég

tel að með þessu máli eins og það liggur hér fyrir þurfum við ekki að óttast það en við séum samt að stíga skref sem landbúnaðurinn verður að bregðast við, verður að vera tilbúinn að horfast í augu við og takast á við og ég hygg að við eigum eftir að sjá það.

Varðandi hagsmuni einstakra aðila vil ég minna á það að í frv. og væntanlegum lögum er gert ráð fyrir ráðgjafarnefnd sem er ráðherra til ráðuneytis og fulltingis við framkvæmd málsins. Þar eiga fulltrúar sæti bæði fjmrn. og viðskrn. sem er auðvitað það ráðuneyti, eins og hv. þm. benti réttilega á, sem á að fara með málefni neytenda og auðvitað verður hlustað á það og tekið tilliti til þess sem kemur fram í þeirri ráðgjafarnefnd.

[15:47]

**Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mitt andsvar lýtur að því sem hæstv. ráðherra sagði hér um endurskoðun laganna. Ég harma það, það eru mér vonbrigði, að hæstv. ráðherra skyldi ekki annað tveggja taka undir þá brtt. sem komin er fram um það eða þá a.m.k. gefa skýra yfirlýsingu um hvernig að þessum málum yrði staðið og að um einhvers konar mat á framkvæmdinni yrði að ræða og þá endurskoðun laganna a.m.k. ef tilefni væri til.

Það er að vísu svo, herra forseti, að þetta frv. mun vera flutt af hæstv. forsrh. og það hefði í sjálfu sér verið alveg jafneðlilegt að beina fyrirspurninni til hans af því að þarna er um bandorm að ræða og málið snertir mörg lög og forsrh. sem ábyrgðaraðili slíks samkrulls í ríkisstjórninni fer með það ef það væri tekið upp til endurskoðunar. En mér finnst það mjög ófullnægjandi að ríkisstjórnin skuli ekki með einhverjum hætti lýsa því hér við lok afgreiðslu málsins hvernig hún hyggst meta framkvæmdina og standa þá að endurskoðun á þessum ákvörðunum ef nauðsyn ber til sem margir fullyrða að muni ekki verða vanþörf á. Mér finnst það mjög ófullnægjandi.

Ég tók sérstaklega fram að ég væri ekki að gera kröfur til þess að þetta yrði endilega bundið við þá brtt. sem ég legg fram. Ég væri alveg tilbúinn að taka yfirlýsingu frá hæstv. ríkisstjórn gilda ef hún kæmi hér. En mér finnst það ekki góður frágangur á málinu að þegar spurt er sérstaklega um þetta atriði eða rætt skuli ekki liggja fyrir með eitthvað skýrari hætti en hér kom fram hjá hæstv. landbrh., og við öll vitum að út af fyrir sig geta menn alltaf breytt lögum, það er ljóst.

En ég held að það væri ástæða til í ljósi óvissunnar að ganga frá tilteknu ferli sem fæli í sér mat á framkvæmdinni á einhverju tilteknu tímabili og þá endurskoðun eða heildarendurskoðun lagaákvæða sem um þetta fjalla. Þannig að ég spyr hæstv. landbrh.: Er ekki hægt að gera aðeins betur en hann gerði í svari sínu áðan?

[15:50]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason)** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem ég hef áður sagt og ætla að segja það við hv. 4. þm. Norðurl. e. að ég ætla ekki að gefa neina yfirlýsingu um hvernig kann að verða staðið að þessari brtt. hans. Ég hef lýst afstöðu minni til þess og jafnframt sagt það, sagði það held ég áðan, að ég gæti auðvitað ekki gefið neina yfirlýsingu fyrir hönd stjórnarliða um hvernig þeir taka á eða bregðast við í atkvæðagreiðslu um málið. Málið hefur komið hér inn í umræðuna með afbrigðum og mælt fyrir því af hálfu hv. flm. en ekki verið tekið annars staðar til frekari umfjöllunar. Það má svo sem velta þessu ákvæði fyrir sér, hvernig þetta hljóðar, hvort það er eins og eðlilegt væri.

Ég sagði líka að það væru fjölmörg fordæmi fyrir því að ákvæði um endurskoðun væri inni í lögunum. En ég hef líka marglýst því yfir, bæði við 2. umr. og eins núna, að það verði fylgst vel með málinu og það sé eðlilegt að þingið geri það og ríkisstjórnin sé tilbúin til að bregðast við ef framkvæmdin ætlar að sýna sig að verða ekki ásættanleg. Þá verður það auðvitað gert.

Ég hef líka vitnað til ákvæða í nefndarálitum í þessu sambandi og ég mun láta það duga, hæstv. forseti.

[15:51]

**Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var alveg nákvæmlega sama svarið og síðast. (**Gripið fram í:** Það var það.) Nákvæmlega. Þannig að hæstv. landbrh. er greinilega alveg gikkfastur þarna og kemst ekki fetið. (**JBH:** Ætlar þú að halda sömu ræðuna?) Nei, ég ætla ekki að halda sömu ræðuna, hv. þm.

Ég ætla að kalla til hæstv. forsrh. Ég tel nauðsynlegt að hæstv. forsrh. komi hér og svari til um þetta. Ég vek athygli á að í framsöguræðu talsmanns meiri hluta efh.- og viðskn. kom fram það sjónarmið að það þyrfti að fylgjast grannt með þessum málum og eftir atvikum endurskoða. Sama sjónarmiði hafa fleiri hv. stjórnarliðar lýst. Landbrh. er í sjálfu sér ekki að lýsa sig neitt andvígan slíku en treystir sér af einhverjum ástæðum ekki til þess að gefa hér neina haldbæra yfirlýsingu um það hvernig þetta verði hins vegar gert. Þá er ekkert annað eftir en kalla þann til sem valdið hefur, þ.e. hæstv. forsrh. Hann verður að höggva á þennan gordíonshnút og lýsa því yfir að ríkisstjórnin fyrir sitt leyti skuldbindi sig til að standa fyrir slíkri endurskoðun á lögunum fyrir einhvern tiltekinn tíma eða með einhverjum tilteknum hætti. Ellegar hitt, sem væri auðvitað langbest og skynsamlegast, að fallast á þessa gáfulegu brtt. um að menn afgreiði það núna þannig að það sé frá að þessari endurskoðun skuli lokið fyrir árslok 1996. Það er mjög hæfilegur tími, þá hafa menn eitt og hálft ár til að skoða reynsluna af þessum ákvæðum.

Ég fer fram á það, hæstv. forseti, að umræðunni ljúki þá ekki ef forsrh. gæti komið hér og svarað einföldum spurningum um þetta sem mikil eftirspurn er eftir.

[15:53]

**Pétur H. Blöndal:**

Herra forseti. Nokkurs misskilnings hefur gætt í ræðum hv. þm. og þá sérstaklega hjá hv. þm. Jóni

Baldvini Hannibalssyni, 9. þm. Reykv. Hann segir að tollar lækki ekkert. Lágmarksaðgangurinn sem um er talað byggir á krónutölusköttum og þær krónutölur verða ekkert hækkaðar á næstu fimm árum. Nú er það svo að þó verðbólga sé orðin lítil er hún ekki horfin og þetta mun valda 5–10% lækkun á þessum tollum á þessu tímabili og þar með möguleikum á lágmarksinnflutningi. Einnig hefur endurtekið verið vísað í ummæli innflytjenda, t.d. Hagkaups, um að þeir mundu ekki flytja neitt inn. Það sögðu þeir áður en hv. efh.- og viðskn. gerði brtt. sem olli töluverðri lækkun á þessum lágmarkstollum. Lágmarkstollarnir voru lækkaðir úr 75% og nú er líka möguleiki að taka 50%. Það þýðir að t.d. ef við tökum svínakótilettur, þar sem fasti krónutöluskatturinn er 775 kr. á kg, þá eru 75% 581 kr. á kg, en 50% eru 388 kr. Þannig að sú lækkun sem hv. efh.- og viðskn. lagði til er hvorki meira né minna en 200 kr. á kg. Og ef það getur ekki valdið því að það verði innflutningur þá veit ég ekki hvað er að.

Varðandi það að 3% innflutningur geti valdið lækkun á verði til neytenda, þá veit ég ekki hverjum hefur dottið það í hug. Það eru væntingar sem einhver hefur lofað og kannski vænst, en lítum á hvernig þetta kemur fyrir í raunveruleikanum. Segjum að einhver innflytjandi gæti flutt inn nautakjöt á 1.000 kr. kg, nautalundir, og þær væru til sölu í verslunum allt í kring á 1.800 kr. Af hverju í ósköpunum ætti maðurinn að selja þetta á 1.000 kr.? Jú, hann getur svo sem gert það til að auglýsa sig upp, en þá er það líka auglýsingakostnaður. Hann er þá búinn að ná heilmikilli auglýsingu sem hann mundi þurfa að borga fyrir annars staðar. Hann nýtur því á einhvern máta þess verðmunar ef hann ekki hreinlega stingur því vasann sjálfur.

Að búast við því að verðlækkun á 3% af markaði valdi verðlækkun almennt á markaðnum er rangt — þeir menn þekkja ekki viðskipti sem halda það. Það þarf að vera innflutningur upp á 20–30% með lægri tollum, verulega lægri tollum, til að valda almennri lækkun á verðlagi. Ég ætla vona að menn skilji þetta.

Ég vil benda á það sem ég benti á fyrr í umræðunni, við 2. umr., að við erum að gera mjög mikla breytingu, við erum að opna það sem áður var bannað, og það er að mínu mati meginatriði þessa máls. Og það er von að margir séu hræddir við þær breytingar. Fólk er yfirleitt hrætt við breytingar, það veit hvað það hefur en ekki hvað kemur. Mér heyrist á flestum hv. þm. að þeir séu sammála því að flytja ekki meira en 3–5% inn með lægri tollum. Sem sagt að valda ekki landbúnaði Íslands verulegri hættu sem mundi gerast ef hér mundi steypast inn segjum allt sem hægt er að flytja inn ótakmarkað.

Við verðum að veita landbúnaðinum tíma til að aðlagast. Og ég held að það séu nánast allir sammála því. Það sem menn eru ekki sammála um er trúin á hvort af þessu verður, af þessum 3–5% og það eru menn ekki vissir um.

Þá kemur einmitt að brtt. frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að Alþingi setji í lög ákvæði um að það skuli endurskoða þessi lög fyrir árslok 1996. Ef maður lítur á þetta ákvæði rökfræðilega er það alveg furðulegt. Ef einhver maður les lögin fyrir árslok 1996 veit hann að þetta verður endurskoðað, ef hann les lögin eftir árslok 1996 spyr hann: Hver á að endurskoða? Er það fjmrh. eða hver á að endurskoða? Sem sagt skylda sem Alþingi Íslendinga hv. leggur á sjálft sig að breyta lögum.

Nú er það þannig að hver einasti hv. þm. á Alþingi hefur heimild til að leggja fram frv. að lögum og láta ræða það. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gæti að sjálfsögðu „nóterað" í bókina sína: Rétt fyrir áramót árið 1996 ætla ég að leggja fram frv. til laga um að endurskoða þessi ákvæði. Svona ákvæði getur meira að segja tafið fyrir. Einhver þingmaður kemur í haust, t.d. ég, og segir: Ég er ekki ánægður með innflutninginn sem varð, þetta er mjög lítið og minna en búist var við — maður sér það að sjálfsögðu ekki í haust, sér það kannski um jólin. Þá fer ég á stað og spyr einhvern þingmann að því hvort það eigi ekki að fara að endurskoða þessi ákvæði og þá segir hann: Í lögunum stendur 1996, við skulum bara bíða. Þetta ákvæði gæti hugsanlega tafið fyrir. Ég sé ekki að hv. Alþingi þurfi að setja sér svona kvaðir því að hver einn og einasti þingmaður hefur leyfi til að koma með svona brtt. fyrir þennan tíma. Svona ákvæði í lögum er bara furðulegt.

**Útbýting þingskjala:**

Stjórn fiskveiða, 28. mál, frhnál. meiri hluta sjútvn., þskj. 94; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 95.

[15:59]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aldeilis er það stórfurðulegt að jafnmarkaðsvænn maður og hv. þm. Pétur Blöndal skuli ekki átta sig á því að ef t.d. Bónus flytur inn, eitt fyrirtæki, 3% af heildarmarkaði tiltekinnar vöru og býður það í sínum verslunum á alveg sérstaklega lágu verði eins og Bónus gerir með fjöldann allan af vörutegundum, þá er það tvímælalaust hagsmunamál fyrir neytendur, tvímælalaust. Satt að segja var sú markaðskenning sem hv. þm. var að flytja hér til að réttlæta stuðning sinn við frv. í óbreyttri mynd afneitun á því að Bónus ætti nokkurn rétt á sér vegna þess að kaupmaður sem sæi annan kaupmann bjóða vöru á 1.500 kr. væri ruglaður ef hann byði vöruna á kannski minna en 1.400 kr.

Bónus hefur verið byggt upp á því, hv. þm., að eigandi verslunarinnar lagði metnað sinn í að fara eins langt niður með vöruna hvað sem leið vöruverði keppinautanna. Þetta þekki ég mjög vel, sérstaklega á síðari árum, með Hagkaupsverslun annars vegar á Seltjarnarnesi og hins vegar Bónusverslun þannig að maður hefur getað borið saman báðar þessar verslanakeðjur sem hafa náð markaði út af lágu vöruverði.

Auðvitað er það hagsmunamál fyrir neytendur að ákvæðið um 3–5% markaðsaðgang komi í reynd til framkvæmdar og leiði til lækkaðs vöruverðs. Og að fara að flytja þá kenningu í ræðustól að það sé á móti öllum markaðslögmálum að neytendur geti grætt eitt-

hvað á því, 3–5% reglan sé bara fyrir kaupmanninn til að hann geti grætt meira. Það er satt að segja alveg furðuleg kenning.

[16:02]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef menn ætla að hafa hlutkesti þannig að þetta komi inn með lægri tollum munu allir heildsalar landsins sækja um. Það er undir hælinn lagt hvort Bónus, sem hefur þá stefnu sem hv. þm. nefndi, fái leyfi. Þá mun það nefnilega gerast að leyfin ganga kaupum og sölum. Og þó að Bónus hafi þá stefnu að bjóða lágt vöruverð eru kannski aðrar verslanir með stefnuna að bjóða betri þjónustu eða eitthvað annað slíkt. Maður spyr: Af hverju ætti kaupmaður sem er að selja vöru í sinni verslun á 2.000 kr. að selja hana við hliðina á á 1.000 kr.? Svona aðgangur að svo litlu magni, 3%, getur ekki breytt heildarverðinu. Aftur á móti veita þessi 3% þá nauðsynlegu samkeppni sem að er stefnt með þessum 3% aðgangi og sem landbúnaðurinn þarf nauðsynlega á að halda.

[16:03]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hver hefði nú trúað því fyrir kosningar að sú staða ætti eftir að koma upp á Alþingi á fyrsta mánuði þingsetu hv. þm. Péturs Blöndals að það skyldi verða hlutverk formanns Alþb. að verja heiður og heiðarleika kaupmannastéttarinnar gegn ásökunum hv. þm. Péturs Blöndals um að þetta séu slíkir gróðapungar að þeir muni aldrei láta neytendur njóta eins eða neins ef þeir eiga færi á að gera eitthvað annað. Ég get fullvissað þingmenn um það að ég mun halda áfram að verja heiður kaupmannastéttarinnar gegn árásum þessa nýja þingmanns Sjálfstfl.

[16:04]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru mjög athyglisverðar rökræður um markaðshagfræði milli hv. þm., formanns Alþb. og fulltrúa markaðshyggjunnar í Sjálfstfl., hv. þm. Péturs Blöndals.

Segjum nú sem svo að hv. þm. Pétur Blöndal hafi rétt fyrir sér. Að skömmtun á þessu lítilræði, 3%, þýði í reynd að menn færi verðið upp að innlendu markaðsverði og styngi lottóvinningnum í vasann sem eru rök hv. þm. Þá er hann raunverulega að segja: Eina leiðin til þess að stuðla að samkeppni er að sjálfsögðu sú að þetta taki til stærri markaðshlutdeildar. Hvers vegna er það þá að hv. þm. styður ekki þá einu tillögu sem hér hefur verið lögð fram um nákvæmlega það, þ.e. að tollunum verði stillt þannig að það verði að vísu tryggð vernd í upphafi plús fjarlægðarvernd, en síðan að verndin fari lækkandi á aðlögunartímanum. Hv. þm. á eftir að svara þessu: Er hann ekki almennt sammála því að samkeppnin sé nú af hinu góða? Gefið að við viljum báðir tryggja vernd í upphafi. Kann hann einhverja aðra leið til þess að beita aðhaldi við að rjúfa stöðnun einokunar en að smám saman verði samkeppni innleidd? Er hann virkilega að halda því fram ásamt hv. þm. Agli bónda og hv. þm. Páli Péturssyni á Höllustöðum að það sé skaðlegt fyrir bændur að mæta slíkri samkeppni smám saman? Ætlar hann sem fulltrúi kjörinn af kjósendum Sjálfstfl. hingað inn á þetta þing að halda því fram að þessar skoðanir séu rangar eða skaðlegar? Telur hann virkilega að hann sé að halda fram þeim skoðunum og standa undir því trausti sem kjósendur hans byggðu upp til hans og væntingum sem þeir byggðu upp til hans með því að gerast talsmaður einokunarsjónarmiða?

[16:06]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan byggir samkeppnin sem bændastéttin verður fyrir með þessum tillögum eða þessari lagasetningu á því að það verða flutt inn 3%. Og það er sú samkeppni í magni og vörum sem landbúnaðurinn lendir í. Hann mun ekki lenda í neinni verulegri samkeppni með verð, enda sé ég ekki hvernig menn ímynda sér að lægra verð á 3% af öllum markaðnum geti valdið verðlækkun. Það er samkeppnin í innflutningnum sjálfum af þessum 3% sem landbúnaðurinn þarf að standa við og sá innflutningur á að vaxa upp í 5%. Ég tel einmitt að það sé sú samkeppni sem bændur þurfi og sé nægjanleg fyrir bændur að hafa til þess að þeir geti náð áttum aftur og staðið aftur í samkeppni.

[16:07]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki vil ég rengja góðan hug hv. þm., en einhver misskilningur er nú hér á ferðinni. Hv. þm. er auðvitað kunnugt um það eins og hverjum öðrum Íslendingi og þarf ekki sprenglærðan doktor í stærðfræði til þess að bændur eru viðjaðir í einokunarkerfi. Þeir eru ríkisstyrktir en jafnframt skipar ríkið þeim að draga úr framleiðslu. Framleiðni í landbúnaði hefur verið að minnka á Íslandi. Nú er það svo að GATT gat með þeirri útfærslu sem við lögðum fram tillögur um orðið upphaf að einhverri samkeppni. En til þess að bændur hefðu getað lagað sig að breytingunum hefði um leið þurft að losa þá úr viðjum þessa kerfis. Um það lágu líka fyrir tillögur hér, hv. þm. Ágúst Einarsson og ég lögðum hér fram tillögur um að ríkisstjórnin skipaði nefnd til að hefjast handa um það og tillögurnar liggja fyrir um að afnema framleiðslustýrðar beingreiðslur, taka upp grænar greiðslur til bænda, tryggja þannig svigrúm til starfslokasamninga. En fyrst og síðast afnema kvótakerfið þannig að þeir geti brugðist við samkeppni sem væru náttúrlega þau sjónarmið sem kjósendur hv. þm. væntu af honum að hann styddi.

[16:09]

**Pétur H. Blöndal** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að mörgu leyti sammála síðasta ræðumanni, hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, um að íslenskir bændur eru reyrðir í viðjar langvarandi kerfis. Kerfis sem er búið að vara mjög lengi og við skulum ekki láta okkur detta það í huga eða láta okkur dreyma um að við getum kippt þeim út úr því kerfi á einum degi.

Hér kom fram að landbrh. er að láta vinna að til-

lögum um hvernig landbúnaðurinn verður búinn undir þessa breytingu. Það þarf langan tíma til. Ég hef líkt þessu við ópíumsjúkling, það þarf að venja hann af og það er ekki hægt að gera það á einni nóttu. Ég býst við að þau fimm ár sem þessi samningur gefur bændum muni duga þeim til þess að venjast af þeim styrkjum sem þeir hafa fengið og öllu því kerfi sem þeir eru negldir í og ég reikna með að hæstv. landbrh. muni einmitt vinna að tillögum í þessu skyni.

[16:10]

**Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér fara fram stórkostlega áhugaverðar umræður um eðli og áhrif þessa 3% lágmarksmarkaðsaðgangs ef af verður og ætla ég ekki að blanda mér í þann þáttinn sem snýr að hugsanlegum eða óhugsanlegum áhrifum hér á innanlandsmarkað fyrir matvöru. Ég minni bara á að þessi 3% lágmarksmarkaðsaðgangur var þannig hugsaður af hálfu landbúnaðarvöruútflutningsríkja að hann átti að virka sem fleygur inn á áður lokaða markaði sem síðan var að sjálfsögðu ætlunin og er ætlunin að reka dýpra á kaf af hálfu þjóða sem líta á þetta sem fyrsta skrefið af mörgum inn á markaði sem áður voru lokaðir.

Að öðru leyti sagði hv. þm. Pétur H. Blöndal að brtt. mín á þskj. 92 væri rökfræðilega furðuleg. Það má út af fyrir sig til sanns vegar færa í þeim skilningi að auðvitað þarf ekkert lagaákvæði um það að hvenær sem er er hægt að taka frv. til endurskoðunar, það er ljóst, það er okkur ljóst, hv. þm., ekki síður þeim sem hafa verið hér kannski í 12 ár heldur en hv. þm. Hins vegar er þetta alsiða og er venja að ef menn vilja taka um það ákvörðun með einhverjum tilteknum hætti hvernig staðið sé að endurskoðun og hvenær henni skuli lokið sé það gert með einmitt þessum hætti. Og hv. þm. getur örugglega flett upp á 10–20 fordæmum frá undanförnum árum þar sem einmitt er tekin pólitísk ákvörðun og gert samkomulag um að á einhverjum tilteknum tíma eða fyrir einhvern tiltekinn tíma sé svona verk unnið. Þetta byggir þar af leiðandi á hefð. Þetta er með vísan til ákveðins rökstuðnings sem kom fram í framsöguræðu minni fyrir tillögunni. Sem sagt þeirri að það verði fylgst með framkvæmdinni og þetta leggur með vissum hætti þá skyldu á herðar hæstv. ríkisstjórnar að hún gangist fyrir svona endurskoðun.

Nú er hæstv. forsrh. kominn hér og getur þá kannski svarað því hvort hann er af hálfu hæstv. ríkisstjórnar tilbúinn að lýsa því yfir að svona verk verði unnið. Ég tók það einmitt fram að ég gerði ekki í sjálfu sér kröfur um að þetta yrði á þeim grundvelli að mín brtt. yrði samþykkt heldur mundi ég alveg taka gilda yfirlýsingu frá hæstv. ríkisstjórn um að í þetta verk yrði farið.

En ég undirstrika að þó það megi halda fram að það sé út af fyrir sig fáfengilegt að vera yfirleitt að setja í lög að lög megi endurskoða, því það má auðvitað alltaf gera, Alþingi sem á hverjum tíma situr hefur að sjálfsögðu löggjafarvaldið, þá er þetta hefð og venja sem hv. þm. mun örugglega eiga eftir að kynnast að er iðulega gripið til.

**Forseti (Ragnar Arnalds)**:

Var hv. 11. þm. Reykn. að óska eftir andsvari? (**ÁE:** Já, ég ætlaði það.) Í fyrsta lagi þarf að biðja um það í upphafi umræðunnar og í öðru lagi er ekki gert ráð fyrir að andsvör taki lengri tíma en 15 mín. samkvæmt þingsköpum og sá tími er þegar liðinn.

[16:13]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson)**:

Herra forseti. Ég vildi gjarnan vegna brtt. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur kynnt gefa yfirlýsingu af ríkisstjórnarinnar hálfu um að ríkisstjórnin er tilbúin til þess að lýsa því yfir að lögð verði fram greinargerð fyrir árslok 1996 um þróun mála samkvæmt þeim heimildum sem við erum að leggja til að verði lögfestar hér þannig að ríkisstjórn og þing geti hvort í sínu lagi eða sameiginlega tekið ákvörðun um það hvort endurskoðunar sé þörf og þá í hvaða mæli.

[16:14]

**Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessa yfirlýsingu, ég tel hana fullnægjandi. Ég tel að það sé í sjálfu sér eðlilegur framgangsmáti að það verði safnað upplýsingum um hvernig til tekst og lögð fram greinargerð á þinginu þannig að ríkisstjórn og Alþingi geti sameiginlega fjallað um það á haustdögum 1996 hvernig málin standa og hvort tilefni sé til lagabreytinga. Og ég kalla þess vegna aftur brtt. mína á þskj. 92.

[16:15]

**Kristín Ástgeirsdóttir**:

Hæstv. forseti. Erindi mitt hingað í þennan ræðustól er reyndar fyrst og fremst að lýsa yfir stuðningi við þá brtt. sem verið var að draga til baka áðan. Ég vildi taka undir þau sjónarmið hve nauðsynlegt það væri að við á hinu háa Alþingi undirstrikuðum að hér er á ferðinni mál af því tagi sem eðlilegt og sjálfsagt er að skoða. Ég held að það gefi auga leið að að öllum líkindum verði nú framtíðin með þeim hætti að það verður bráðlega nauðsynlegt að fara í það verk að skoða útkomuna og áhrifin af þessu máli.

Það má öllum ljóst vera að þessu máli er að ljúka hér á hinu háa Alþingi og það vita allir að við verðum að samþykkja einhvers konar útfærslu á þessum samningi þannig að hann geti gengið í gildi 1. júlí nk.

Ég vil einungis nota þetta tækifæri til að ítreka að þrátt fyrir þær breytingar sem búið er að gera á frv., sem ég tel flestar vera til bóta, finnst okkur kvennalistakonum að hér sé of langt gengið í því að reysa tollmúra og girðingar. Maður á eftir að sjá það þrátt fyrir útreikninga hv. þm. Péturs H. Blöndals að hér verði raunverulega einhver innflutningur sem er auðvitað tilgangur þessar breytinga. Tilgangurinn er sá að hér verði ákveðinn lágmarksinnflutningur sem er til þess ætlaður að ýta undir viðskipti með landbúnaðarvörur í heiminum. Við vitum öll, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, að það er mikil þörf á þrýstingi á íslenskan landbúnað þannig að knúnar verði fram breytingar á honum.

Ég ætla ekki að fara langt út í hvað þar þarf að gera. Ég gerði það bæði við 1. og 2. umr. málsins. En ég vil ítreka það og nefna hér að auðvitað þarf líka að tryggja samkeppnisstöðu landbúnaðarins, að hann standi jafnt að vígi, að hann geti keppt við þann innflutning sem hingað kemur. Þar höfum við ekki síst áhyggjur af garðyrkjunni. Garðyrkjubændur hafa nefnt það að í rauninni eigi þeir aðeins tveggja kosta völ. Annars vegar að taka upp þá framleiðsluþætti sem tíðkast í öðrum löndum, m.a. með notkun á ýmiss konar eiturefnum og vaxtaraukandi efnum, og hins vegar það að sett séu þau skilyrði að innflutningurinn uppfylli þær kröfur sem hér eru gerðar til íslenskra framleiðenda. Þetta er mál sem þarf að athuga og ég get ekki annað en harmað hvað menn hafa staðið illa að undirbúningi þessa máls. Það hefur legið í loftinu eða lengi verið vitað að þessi samningur yrði að veruleika þó reyndar hafi gengið á ýmsu í undirbúningi hans á samningstímanum, en því miður hefur íslenskur landbúnaður ekki búið sig undir þessa auknu samkeppni og það ber að harma.

Það mun ákveðin breyting eiga sér stað. Það er verið að afnema innflutningsbann og það í sjálfu sér er merkilegt skref, en því verður að fylgja eftir og sjá til þess að þessi lágmarksinnflutningur eigi sér stað og jafnframt að lengra verði gengið þannig að hér verði um eðlileg viðskipti að ræða.

Og allra síðast, hæstv. forseti, vil ég enn einu sinni minna á að þessi samningur þýðir ekki bara innflutning til Íslands, hann þýðir líka möguleika á útflutningi.

Hæstv. forseti. Við vitum ekki hvernig þessum degi mun ljúka og hvað er fram undan, en við munum gera nánari grein fyrir afstöðu okkar þegar málið kemur til afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.*

Stjfrv., 29. mál (gjaldskylda krókabáta o.fl.). — Þskj. 77.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 3. umr.*

Stjfrv., 30. mál (vettvangsathugun eftirlitsmanna EFTA). — Þskj. 34.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:22]

**Útbýting þingskjala:**

Mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar, 32. mál, nál. utanrmn., þskj. 99.

Samningur milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 37. mál, nál. utanrmn., þskj. 98.

Stjórnarskipunarlög, 1. mál, nál. sérn., þskj. 96.

Stjórnarskipunarlög, 2. mál, nál. sérn., þskj. 97.

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 3. mál, þskj. 91.

### *Umræður utan dagskrár.*

Húsnæðismál.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Eins og tilkynnt hafði verið hefst hér utandagskrárumræða um húsnæðismál að ósk hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Forseti vill geta þess að að þeirri umræðu lokinni, sem tekur eina klukkustund, munu hefjast umræður um 3. dagskrármál, stjórn fiskveiða. Utandagskrárumræðunni verður þannig hagað að hver flokkur hefur 10 mínútur og að auki hafa frummælandi og hæstv. félmrh. 2 mínútur.

[17:34]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Sl. laugardag, þegar umræða varð utan dagskrár um skuldastöðu heimilanna og húsnæðismál, varð ljóst í lok umræðunnar að málið var hvergi nærri útrætt. Ástæðurnar eru einkum tvíþættar. Í fyrsta lagi að undir lok umræðunnar héldu hæstv. félmrh. og hæstv. viðskrh. uppteknum hætti frá því að þeir voru í stjórnarandstöðu að gagnrýna harðlega stöðu húsnæðismála og skuldastöðu heimilanna í landinu án þess að hafa nokkrar lausnir á því sjálfir hvernig ætti að leysa það mál. Reisn þeirra var ekki mikil því þeir notuðu til þess tækifærið þegar þeir sem deilt var harðlega á höfðu ekki ræðutíma samkvæmt þingsköpum til að svara þeirra ávirðingum. Í annan stað komu fram upplýsingar frá hæstv. félmrh. varðandi áformaða hækkun á lánshlutfalli sem nauðsynlegt er að fá frekari skýringar á.

Niðurstaða umræðnanna á laugardaginn var skelfilega dapurlegur vitnisburður um svik Framsfl. við sína kjósendur. Athyglisvert var við umræðurnar á laugardaginn að framsóknarmenn sem fyrir aðeins nokkrum vikum eða fyrir kosningar töldu að líf, heill og hamingja þúsunda heimila fólks um land allt ylli á tafarlausum aðgerðum og að tími kannana og skoðana í nefndum væri liðinn hafa bókstaflega ekkert til málanna að leggja. Bjargvættir heimilanna sem boðuðu fólki að þegar í stað, þegar í stað sögðu þeir, yrði að ráðast í stærstu skuldbreytingu Íslandssögunnar, telja nú, komnir í ríkisstjórn, rétt að salta það mál og telja að það sé frekar forgangsmál að taka hér fyrir einkavæðingu á áfengi, ofurtollar taki við af innflutningsbanni á landbúnaðarvörum og aðgerðir sem fækka um 400–500 manns í smábátaútgerð sem ógnar líka lífsviðurværi margra byggða í landinu. Það skal nú vera

þeirra forgangsmál og það hjá flokki sem fjölga ætlaði atvinnutækifærum um 12.000 á kjörtímabilinu. (**GÁ:** Og stendur við það.) Niðurlæging framsóknarmanna er alger og mjög gott er það að hv. þm. Guðni Ágústsson skuli nú vera mættur til leiks. En uppgjörið sem þeir sögðu kjósendum að nú færi fram við Sjálfstfl. birtist nú kjósendum í því að þeir ganga nú í hlutverk skósveinsins við að framfylgja frjálshyggjustefnu sjálfstæðismanna. Blekkingar framsóknarmanna og yfirboð við kjósendur eru skólabókardæmi um það hvernig orð og efndir fara iðulega ekki saman í stjórnmálum og hvernig stjórnmálaflokkar eiga ekki að koma fram við kjósendur sína.

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekki hægt að ætlast til að framsóknarmenn komi í höfn á fyrstu vikum sínum í ríkisstjórn öllum kosningaloforðunum um að bjarga heimilunum í landinu. En það er mjög ámælisvert og raunar sorglegt að framsóknarmenn sem fyrir örfáum vikum vildu tafarlausa lagasetningu um greiðsluaðlögun heimilanna, 40 ára lánstíma húsnæðislána og boðuðu tafarlausa lækkun og frystingu á skuldum fólks í greiðsluvanda hafi nú ekki eina einustu lausn fram að færa til þess að leysa greiðsluvanda heimilanna og hafa þeir nú öll málin í sínum höndum í því efni. Málflutningur þeirra gengur út á að berja á *húsbréfakerfinu sem þeir þó kappkosta í sama orðinu* að segja að þeir telji að starfrækja eigi áfram og leggja ekki fram neinar marktækar tillögur um að breyta. Það er ekki mikil reisn yfir þessu, virðulegi forseti.

Sl. laugardag kom þrennt fram í máli hæstv. félmrh. sem ég vil fara nokkrum orðum um og spyrja ráðherrann um nokkurra spurninga. Í fyrsta lagi greindi *hann frá skipun tveggja nefnda, önnur á að vinna að* frv. um greiðsluaðlögun og hin að athuga kosti þess að lánstími fasteignaverðbréfa yrði breytilegur frá 15--20 ára.

Í öðru lagi greindi hann frá áformum um að hækka lánshlutfall í húsbréfakerfinu í 70%. Loforðið um greiðsluaðlögun er í hnotskurn lýsing á svikum og blekkingum framsóknarmanna í húsnæðismálum. Tími skoðana og kannana á ástandinu er liðinn. Ástæður greiðsluerfiðleika eru kunnar, tími aðgerða er runninn upp. Því er þetta frv. um greiðsluaðlögun flutt, sagði hæstv. núv. viðskrh. á Alþingi fyrir nokkrum vikum, þá óbreyttur þingmaður. Í gær sagði hæstv. viðskrh. í útvarpi að nú yrði bara frv. flutt þegar fram liðu stundir og sættir hann sig vel við að heimili í greiðsluerfiðleikum bíði skoðunar og athugunar í nefnd félmrh. Áhrif þess að lengja húsbréfalánin í 40 ár á nú að skoða í nefnd enda þótt félmrh. geti hæglega fengið þá vitneskju nú þegar frá ráðgjöfum sínum hvað það þýðir að lengja húsbréfalánin í 40 ár. Gallarnir við lánalenginguna eru augljósir. Það eru aukin afföll um á að giska 8% og meiri kostnaður hjá skuldurum, hærra íbúðarverð, t.d. um 5% á íbúð sem ber 40 ára lán, tvöfalt meiri vaxtagreiðslur á öllum lánstímanum eða um 4 millj. í stað 2 millj. fyrir venjulega þriggja herbergja íbúð. Ávinningur fólks sem er með 3 millj. kr. húsbréfalán er um 3 þús. kr. á mánuði vegna lánalengingarinnar í 40 ár hverfur því umsvifalaust í meiri afföllum og hærra verði íbúða. Þetta bjargráð framsónarmanna mun engu skila fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum. Vinnubrögð hæstv. ráðherra að draga fólk á asnaeyrunum og setja málið í nefnd eru bæði mjög ámælisverð og alvarleg fyrir fólkið sem á hlut að máli. Það er líka ábyrgðarhluti að setja fasteignamarkaðinn í uppnám í marga mánuði meðan nefnd ráðherra skoðar og kannar úrræði sem þegar liggur ljóst fyrir að muni engu skila fyrir fólkið og einungis leiða til að fólk fer í biðröð eftir að lánalenging komi til framkvæmda sem getur skrúfað upp vexti og afföll af lánunum. Ég skora á ráðherrann að létta af óvissunni sem er í þessu máli og spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi eitthvað kynnt sér hvaða áhrif þessi loforð muni hafa, bæði fyrir lántakendur og fasteignamarkað.

Ég hef einnig lagt spurningar fyrir hæstv. félmrh. og snertir aðallega hækkun á lánshlutfalli upp í 70% sem hann kynnti á laugardaginn. Spurningar mínar eru þessar:

Í fyrsta lagi. Hver er ástæða þess að félmrh. hefur fallið frá þeirri yfirlýsingu sinni að hækka lánshlutfallið í húsbréfakerfiu í 75%?

Í öðru lagi. Hverjir eiga rétt á 70% lánshlutfalli í húsbréfakerfinu?

Ef einungis er um að ræða fyrstuíbúðarkaupendur er spurt hvernig skilgreining á fyrstuíbúðarkaupendum verður og hvort hækkunin nái til:

1. Fólks sem hefur misst íbúð sína og stendur uppi eignalaust.

2. Hjóna eða sambúðarfólks sem eiga enga íbúð en annar aðilinn hefur einhvern tíma á ævinni átt hluta í íbúð sem hann hefur misst.

3. Fólks sem stendur eignalaust uppi eftir skilnað eða er jafnvel með skuldir umfram eignir.

4. Fólks með innan við 10% nettóeign í íbúð.

5. Fólks í miklum greiðsluvanda og ef svo er ekki þá er spurt: Hversu lengi þurfa íbúðareigendur í greiðsluvanda að bíða úrlausnar sinna mála og hverjar verða þær aðgerðir?

Einnig er spurt: Hvað eykur það útgáfu húsbréfa á árinu 1995 í fyrsta lagi á ársgrundvelli að hækka lánshlutfallið og í annan stað það sem eftir lifir ársins 1995? Ég tek eftir því í Morgunblaðinu í dag að aðstoðarmaður ráðherra nefnir að til þess sé svigrúm á þessu ári að fara með lánshlutfallið upp í 70% og það kalli ekki á aukna útgáfu húsbréfa. Ég vara við því að þessi skoðun sé sett fram vegna þess að það er alveg augljóst að fasteignamarkaðurinn hefur verið í ákveðinni biðstöðu og fólk hefur verið að bíða eftir að ráðherrann stæði við loforð sín og þegar það liggur fyrir hver þau verða gæti farið svo að fólkið færi úr þessari biðröð og færi þá allt í einu að kaupa og selja fasteignir. Ég spái því að þetta kalli á aukna útgáfu húsbréfa.

Að lokum er spurt: Hvaða áhrif mun það hafa á fasteigna- og vaxtamarkaðinn ef fólk frestar fasteignaviðskiptum og fer í biðröð eftir að staðið verði við aðgerðir í húsnæðismálum?

Þetta eru þær spurningar sem ég hef lagt fyrir ráðherrann og og vænti að hann geti svarað vegna þess að

ég lét hann hafa spurningarnar fyrir umræðuna þannig að hann gæti þá gefið greinargóð svör um það og það væri einnig gott að fá upplýst hvort hann standi við það loforð sem hann hefur einnig gefið um það að rýmka útgáfu húsbréfa og rýmka heimildir vegna viðhalda á fasteignum. Ráðherrann hefur látið þá skoðun sína í ljós að það þurfi að ráðast í að rýmka heimildir vegna viðhalds á fasteignum og talar um að það sé mjög atvinnuskapandi og er það rétt hjá ráðherranum. Núna þegar sumarið fer í hönd er spurning hvort þess megi vænta að ráðist verði í það að rýmka einnig heimildir vegna viðhalds á fasteignum.

[17:44]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég hef kynnt mér kosti og galla þess að lengja húsbréfin upp í 40 ár. Það er mál sem þarfnast nákvæmrar skoðunar. Það er ekki einfalt að gera það og rétt er eins og fram kom hjá hv. málshefjanda að það eru ekki bara kostir við það. Það þýðir ekki að gera það nema það sé fólki til gagns og að því verður reynt að vinna.

Varðandi útgáfu reglugerðar um að gera minni háttar viðhald húsbréfa tækt, þ.e. viðhald sem kostar innan við 1 millj. og 80 þús., er verið að vinna að því og ég vona að það geti orðið áður en langt um líður.

Fyrsta spurningin, sem ég fékk á blaði frá fyrirspyrjanda, er þessi: Hver er ástæða þess að félmrh. hefur fallið frá þeirri yfirlýsingu sinni að hækka lánshlutfallið í húsbréfakerfinu í 75%? Ég hef aldrei gefið neina yfirlýsingu um það en ég nefndi þessa tölu og nefndi líka töluna 70%. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er beinlínis tekið á því að hjálpa skuli fólki til að eignast sína fyrstu íbúð. Hins vegar er engin prósenta nefnd þar en ég tel mikilvægt að stíga þetta skref þannig að fara hægt í sakirnar svo að ekki hljótist of mikil þensla eða of mikil afföll. Það er skammgóður vermir ef afföllin hækka í kjölfarið.

Undirbúningur að hækkun lánshlutfallsins hefur farið þannig fram að ég óskaði eftir að Húsnæðistofnun athugaði þróun og horfur varðandi útgáfu húsbréfa á árinu og hvaða áhrif það kunni að hafa á útgáfu húsbréfa ef lánshlutfallið væri annars vegar fært upp í 70% og hins vegar í 75% af kaupverði íbúðar. Húsnæðisstofnun sagði mér 22. maí að það væri mat stofnunarinnar að þeir 13 milljarðar, sem heimilt er samkvæmt lánsfjárlögum að ráðstafa í útgáfu húsbréfa á árinu, muni duga vegna fasteignaviðskipta, nýbygginga og endurbóta á árinu og að um 300–500 millj. verði afgangs. Þetta er mat Húsnæðisstofnunar og ég geri ráð fyrir því að þeir fari nærri um stöðu málsins.

Samkvæmt mati stofnunarinnar er gert ráð fyrir því að ef lán vegna fyrstu íbúðar yrði hækkað í 75% þá megi reikna með að útgáfu húsbréfa aukist um 1.700 millj. á ársgrundvelli. Ef hækkað yrði í 70% er áætluð aukning 850 millj. á ári eða rúmar 400 millj. á hálfu ári. Ástæðan fyrir því að ég hef kosið að hækka í 70% er sú að ég vil hafa borð fyrir báru og það ætti að vera svigrúm til þeirrar hækkunar án þess að fara út fyrir ramma lánsfjáráætlunar og auðvitað einnig aukning útgáfu verði ekki mjög mikil í einu kasti þannig að afföllin rjúki upp úr öllu valdi.

Fyrirspyrjandi spurði hverjir ættu rétt á 70% hlutfalli. Ég mun væntanlega gefa út á föstudaginn reglugerð. Ég vil gjarnan að nýkjörin húsnæðismálastjórn fái tækifæri til þess að líta á reglugerðina. Hún er tilbúin en ég tel það vera eðlilega kurteisi að sýna húsnæðismálastjórn reglugerðina áður en ég gef hana út. Gert er ráð fyrir því að miðað við að fyrstuíbúðarkaupendur teljist þeir sem ekki hafa átt íbúð eða hluta úr íbúð sl. þrjú ár. Þetta er skýr og afdráttarlaus skilgreining og sett fram til þess að útgáfa bréfanna fari ekki úr böndum.

Fyrirspyrjandi spurði hvort þetta ætti ekki að ná til fólks sem hefur misst íbúð sína og stendur uppi eignalaust. Hvað með hjón eða sambúðarfólk sem enga íbúð eiga ef annar aðilinn hefur einhvern tíma átt hluta af íbúð sem hann hefur misst, fólk sem stendur uppi eignalaust eftir skilnað eða er jafnframt með skuldir umfram eignir, fólk sem með innan við 10% nettóeign í íbúð og fólk í miklum greiðsluvanda? Ef ekki, hversu lengi þarf fólk í greiðsluvanda að bíða úrlausnar sinna mála og hverjar verða þær aðgerðir?

Nú er alls ekki víst að þeir hópar, sem þarna voru taldir upp, hafi gagn af því að fá hærri lán. Ef fólkið er gersamlega eignalaust er ekki skynsamlegt að aðstoða það við að stofna til enn meiri skuldbindinga. Forsenda þess að fólk geti ráðist í íbúðarkaup er að einhver sparnaður sé fyrir hendi þannig að fólk hafi eitthvað til þess að kaupa fyrir. Eignalaust fólk, fólk með skuldir umfram eignir og þeir sem eru í verulegum greiðsluvanda þurfa önnur úrræði en hærri lán og í því skyni þarf að tryggja gott framboð af leiguhúsnæði og öryggi á leigumarkaði og góða alhliða ráðgjöf til að aðstoða fólkið við að greiða úr vandamálum sínum.

Þá er spurt hvað það auki útgáfu húsbréfa

a) á árinu, og

b) á ársgrundvelli að hækka lánshlutfallið.

Eins og ég sagði áðan þá er það áætlun Húsnæðisstofnunar að hækkunin úr 65% í 70% muni auka útgáfu húsbréfa um 850 millj. kr. á ári og hækkun í 75% mundi þýða 1.700 millj. Þá spyr hv. málshefjandi hvaða áhrif það muni hafa á fasteigna- og vaxtamarkaðinn ef fólk frestar sínum fasteignaviðskiptum og fer í biðröð eftir að staðið verði við aðgerðir í húsnæðismálum.

Nú getur sjálfsagt enginn sagt fyrir um framþróun á fasteignamarkaði eða vaxtaþróun í smáatriðum. Allt að einu hefur undanfarin 1–2 ár a.m.k. borið á sölutregðu á fasteignamarkaði og það var a.m.k. löngu áður en ég varð félmrh. sem ég hef reyndar ekki verið nema í eitthvað sex vikur. Þetta vita fasteignasalar náttúrlega og ég veit um fólk sem hefur verið með eignir sínar á sölu í marga mánuði og ekki getað selt þær. Það eru dæmi þess að fólk sem þarf að minnka við sig húsnæði hefur ekki getað það vegna sölutregðu.

Ég treysti mér ekki til þess að spá um framvinduna á fasteignamarkaðnum. Það eru fjöldamörg atriði sem koma þar til greina, vextir, greiðsluerfiðleikar og það sem kannski mestu máli skiptir er afkoma þjóðarinn-

ar hverju sinni og staðan á vinnumarkaðnum. Ég vona hins vegar að hækkun á lánshlutfalli muni auka möguleika fyrstuíbúðarkaupenda til að koma sér þaki yfir höfuðið.

[17:52]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Sl. laugardag hafði ég framsögu um húsnæðismál og skuldastöðu heimilanna. Sú umræða sem þá fór fram var að mörgu leyti ágæt þótt niðurstöður væru um margt óljósar. Nú eru niðurstöðurnar smám saman að lýsast í þá veru að þetta sé svolítið mikið af kannski og svolítið mikið af ef. Hins vegar er talað um þrjá þætti. Það er talað um að koma á fót bráðaþjónustu fyrir fólk sem á í greiðsluvanda en vandinn er hins vegar sá að ráðgjöfunum sem eiga að annast þessa bráðaþjónustu eru ekki fengin nein tæki í hendur. Þeim er ekki veittur aðgangur að fjármagni og ég vakti máls á því í minni framsöguræðu um daginn að þörf væri á því að setja á fót sérstakan sjóð sem ríki, sveitarfélög og hugsanlega fleiri aðilar, t.d lífeyrissjóðir, ættu aðild að og sem veitti fjármagn til fólks í greiðsluvanda á lágum og viðráðanlegu kjörum.

Reyndar vil ég bæta því við að þarna þurfa að koma aðrar ráðstafanir einnig og þá þurfum við að fá sveigjanlegar sveiflujafnandi og greiðslujafnandi húsnæðisbætur. Þetta þarf síðan að stilla saman þannig að úr verði einhver raunveruleg bjargráð.

Í annan stað er talað um að hækka lánshlutfall til þeirra í húsbréfakerfinu sem eru að festa kaup á íbúð í fyrsta skipti. Mig minnti að hæstv. félmrh. hefði gefið þá yfirlýsingu fyrir skömmu að þetta yrði hækkað í 75% þegar í vor.

Í þriðja lagi er talað um að setja í nefndir og það hafi þegar verið gert bæði spurninguna um greiðsluaðlögun og hins vegar um breytilegan lánstíma. Ég man ekki betur en þessi mál bæði hefðu verið til umfjöllunar í nefndum og ég hef saknað þess svolítið að hv. þingmenn Sjálfstfl. hafa ekkert tjáð sig um húsnæðismálin að marki. Að vísu kom hv. þm. Pétur Blöndal í ræðustól í umræðunni á laugardag en það væri fróðlegt að heyra sjónarmið þeirra og afstöðu sem létu þessi mál til sín taka á síðasta kjörtímabili og tóku þátt í því starfi sem þá var unnið, ekki síst til þessara mála en ég stóð í þeirri trú að þessi vinna hefði farið fram í ítarlegri athugun á vegum nefndar sem þá var starfandi.

Hitt vil ég segja að þessi umræða hefur svolítið einkennst af karpi um það hver eigi sök á því hvernig málum er komið. Þannig er hæstv. félmrh. mjög uppsigað við húsbréfakerfið eins og við höfum öll orðið vör við hér. Aðrir hafa haft sitthvað að athuga við svokallað 86-kerfi, en það sem mestu máli skiptir að sjálfsögðu er hver niðurstaðan verður, að gripið verði til yfirvegaðra ráða.

Ég vakti máls á því hér að það væri ástæða til að skoða þetta frá fleiri hliðum en húsnæðiskerfinu einu þröngt séð. Það kemur nefnilega í ljós þegar menn gaumgæfa þær athuganir sem gerðar voru á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands á sínum tíma að það fólk sem á í mestum greiðsluvanda er fólk sem hefur orðið fyrir mestri skerðingu á undanförnum árum vegna svokallaðra jaðarskatta. Barnabætur, vaxtabætur og aðrar bætur hafa verið lækkaðar eins og kunnugt er. og það er að þessum þætti málsins sem ég hygg að þurfi að gefa nánari gætur, þ.e. greiðslugetu fólks.

Það getur nefnilega verið að lausnanna sé að leita utan húsnæðiskerfisins sjálfs. Að hluta til held ég að svo sé. Þess vegna kom mér það svolítið spánskt fyrir sjónir þegar ríkisstjórnarflokkarnir eða fulltrúar þeirra sem höfðu talað mjög mikið um þessar skerðingar og hversu alvarlegar þær hefðu verið, meira að segja hæstv. forsrh., sem var fyrsti ábyrgðarmaður fyrir síðustu ríkisstjórn, sagði fyrir kosningar að sú gagnrýni sem hefði komið fram að jaðarskattar væru orðnir of háir væri rétt og á þessu þyrfti að ráða bót. Síðan kom það mönnum á óvart að þegar stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar var birt þá var sagt að ekki yrði ráðin á þessu bót fyrr en í fyrsta lagi í ársbyrjun 1987 og þá væntanlega í tengslum við kjarasamninga sem yrðu gerðir þá um áramótin.

Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh. hvort hann sé sammála því mati mínu að vandinn sem steðjar að fólki sem á í greiðsluerfiðleikum vegna húsnæðiskaupa kunni ekki að eiga rætur að rekja til þessa og hvort hann muni beita sér fyrir því í ríkisstjórninni að þessi afstaða til þeirra mála sem ég hér hef vikið að verði endurskoðuð við gerð fjárlaga í sumar.

Það kom margoft fram á sínum tíma þegar menn voru að krukka í húsnæðiskerfið, t.d. þegar vextirnir í 86-kerfinu voru hækkaðir úr 3,5% upp í 4,9%, þá var það jafnan látið fygja með að það yrðu gerðar lagfæringar á vaxtabótakerfinu. Þessar lagfæringar létu alltaf á sér standa. Það eru hlutir af þessu tagi sem þurfa athugunar við. Þó að þetta eigi heima í húsnæðiskerfinu í þrengra skilningi þá held ég að það sé að verulegu leyti utan veggja þess sem þurfi að huga að.

[18:00]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Herra forseti. Það er verra að gefa íbúðareigendum falskar vonir um lausn á vanda þeirra en gefa þeim engar vonir. Í Biblíunni var þetta kallað að gefa steina fyrir brauð. Umræður um lausnir á erfiðleikum íbúðareigenda sem eru illa eða ekki grundaðar vilja stundum auka erfiðleikana frekar en hitt. Þá er betra að sleppa slíkum loforðum.

Þetta eru ekki mín orð, herra forseti, heldur er þetta, með leyfi forseta, tilvitnun í þann mann sem einna fróðastur er um húsnæðismál nú, þ.e. rekstrarstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins. Hann skrifaði þessi orð að gefnu tilefni þegar hann var að fylgjast með loforðavaðlinum í framsóknarmönnum fyrir kosningar sem var yfirgengilegur í þessum málaflokki eins og öllum öðrum. Hverju lofuðu þeir?

*Í fyrsta lagi lögðu þeir á borðið algerlega falska* greiningu á vandanum og hún var rekin ofan í þá meira að segja fyrir kosningar. Svo komu loforðin. Fyrsta loforð: Það var hvorki meira né minna en 3 milljarðar takk á borðið við skuldbreytingar og lánalengingar. Nú heyrðum við á hæstv. félmrh., að hið skipulagða

undanhald er hafið frá þessu loforði. Hann sagði: Það er kannski ekki rétta leiðin að auka enn á greiðslubyrði hinna skuldugu með því að lengja í hengingarólinni, með því að auka við lánin. Hann er núna að uppgötva það að þetta sem þeir boðuðu fyrir kosningar er með öðrum orðum dæmi um það sem ég var að vitna um, að vekja upp falskar vonir sem síðan stendur ekkert til að standa við.

Næsta mál sem þeir brugðu upp var það að lausnin væri sú að lengja lánin og þá sérstaklega í húsbréfakerfinu úr 25 árum í 40 ár. Þetta var algerlega vanhugsað og var reyndar sýnt fram á það að þessi töfralausn mæld á mælikvarða greiðslubyrði meðalláns sem er um 3 millj. kr. mundi lækka greiðslubyrðina um 3.000 kr. á mánuði. Síðan var á það bent að ef ætlunin væri hins vegar í alvöru að aðstoða íbúðareigendur í greiðsluerfiðleikum væri leiðin t.d. sú að nota helsta tekjujöfnunarkerfið sem er vaxtabótakerfið.

Það var undirstrikað sérstaklega að það er að sjálfsögðu ekki húsnæðislánakerfið sem við búum við og allra síst húsbréfakerfið sem er undirrót erfiðleikanna. En það var þriðja uppistaðan í málflutningi framsóknarmanna fyrir kosningar að húsbréfakerfið væri af hinu illa. Það er alrangt. Þeir gáfu í skyn að að húsnæðislánakerfið sem byggt hefur verið upp á undanförnum árum væri af hinu vonda og lofuðu upp í ermina á sér 3 milljörðum í skuldbreytingar, lengingu á lánum og við þetta verður að sjálfsögðu ekkert staðið.

Þetta er enn eitt dæmið, enn einn málaflokkurinn þar sem Framsfl. fór fram með fölskum loforðum, vanhugsuðum yfirlýsingum sem ekkert er að marka. Og það er ástæða til þess að undirstrika þetta hér og nú sérstaklega vegna þess að það er háskalegt þegar framsóknarmenn, þar með talinn hæstv. félmrh., voru að halda því fram að það ætti helst að kollvarpa kerfinu og falla frá húsbréfakerfinu.

Það er ástæða til þess að rifja það upp að það er ekkert mjög langt síðan framsóknarmenn fóru með húsnæðismál. Það var nefnilega fram að tímabilinu 1987 þegar Alþfl. tók við þeim málaflokki. Og hvernig var ástandið? Það var í stuttu máli þannig að fjárhagsgrundvöllur byggingarlánasjóðanna var kominn algerlega í þrot. Það var sérstakt verkefni hjá Ríkisendurskoðun að reikna það innan hversu skamms tíma þeir yrðu gjaldþrota báðir.

Í annan stað hafði það algerlega brugðist lántakendum vegna þess að hlutfall lána var afar lágt hlutfall af kaupverði íbúða þannig að þeir sem voru í íbúðavandræðum urðu að fjármagna það að mestu leyti með dýrum skammtímalánum fram hjá húsnæðislánakerfinu. Og þeir sem þurftu að koma sér þaki yfir höfuðið urðu að sætta sig við það að þeir urðu að ráðast í íbúðakaup þegar kerfinu hentaði en ekki þegar þeim hentaði. Það voru reyndar 8 þús. manns í biðröð eftir lánum með óafgreiddar umsóknir þegar kerfið var gert upp.

Húsbréfakerfið var stórkostleg framför frá þessu kerfi, bæði vegna þess að greiðslubyrðin var verulega lægri, hún var létt mjög verulega. Hlutfall lánanna var mun hærra af raunverulegu íbúðarverði og fjölskyldurnar voru leystar undan þeirri kvöð að vera með dýr skammtímalán og það var hægt að ráðast í íbúðakaupin þegar fólkinu sjálfu hentaði en ekki þegar kerfinu hentaði.

Lengi mætti rekja það hvað gert var til að tryggja fjárhagsgrundvöll kerfisins til þess að koma til móts við þarfir fólks, til þess að útrýma biðröðum. Ég tala ekki um átakið sem gert var í félagslegu íbúðakerfi og það liggur alveg ljóst fyrir að greiðsluerfiðleikavandinn á ekki rætur að rekja til þess húsnæðislánakerfis sem byggt var upp sem var stórkostleg framför. Og lausnirnar sem framsóknarmenn boðuðu, að moka peningum í kerfið eða lengja lánin, eru báðar rangar og reyndar báðar vanhugsaðar. Nú er komið að skuldadögum, hæstv. félmrh., í þessu sem öðru.

Það hafði enginn ætlast til þess að þeir framsóknarmenn kæmu fram með einhverjar sérstakar langtímaáætlanir í húsnæðismálum ef þeir hefðu ekki gefið tilefni til þess sjálfir. Ég er ekki með möppuna mína yfir loforðin sem framsóknarmenn gáfu í þessum málaflokki en hún er ansi þykk ef farið er að skoða það. Loforðin sem gefin voru, ekki bara í flokksþingssamþykktum, ekki bara í kosningayfirlýsingum, ekki bara í auglýsingaprógrömmum, í greinaskrifunum. Þetta var legio. Auðvitað bar þetta árangur. Í þessum málaflokki eins og öðrum voru menn með fölskum, vanhugsuðum málflutningi og með fölskum loforðum, sem aldrei stóð til að efna, að slá sig til riddara sem einhverja talsmenn láglaunafólks í greiðsluerfiðleikum. Og auðvitað tókst að afla atkvæða með þessum óheiðarlegu aðferðum. En það er komið að skuldadögum og það mun blasa við að þessi loforð verða afhjúpuð sem það sem þau voru. Þetta var aldrei hugsuð eða yfirveguð stefna. Að svo miklu leyti sem um er að ræða greiðsluerfiðleikana þá eru lausnirnar að sjálfsögðu í því fólgnar að líta fyrst og fremst á vaxtabótakerfið og það er þá ástæða til þess að beina því til hæstv. fjmrh. hvort hann er reiðubúinn til þess eða hvort hann telur sig hafa svigrúm til þess innan ramma ríkisfjármála en ekki að boða vanhugsaðar hugmyndir um breytingar á kerfinu sem vissulega vöktu falskar vonir. Það er vandinn sem framsóknarmenn eru í, það er heimatilbúinn vandi.

[18:08]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Hér er verið í raun að halda áfram þeim umræðum sem áttu sér stað á laugardaginn og má kannski segja að þá hafi flestallt verið sagt sem segja þurfti. En fyrst umræðan er hafin að nýju vil ég koma hér að nokkrum atriðum og þá fyrst því að þegar verið er að ræða um skuldir heimilanna þá hættir mönnum til þess að tengja þær um of við húsnæðismál. Skýrsla félmrh. frá árinu 1994 sýndi það að skuldir heimilanna eiga sér ýmsar aðrar orsakir en kaup á húsnæði. Það sem vakti ekki síst athygli í þeirri skýrslu, og kemur reyndar einnig fram í skýrslu Félagsvísindastofnunar frá apríl 1995 um skuldastöðu heimilanna, er hið háa hlutfall námslána sem eiga reyndar eftir að verða mun þyngri baggi á fólki á komandi árum, ekki síst þegar þær breytingar sem síðasta ríkisstjórn gerði

á lánakerfinu fara að koma fram og fólk fer að greiða af þeim lánum sem tekin eru samkvæmt nýju reglunum.

Það kom reyndar líka fram í skýrslu félmrn. og hefur einnig komið fram í skýrslu Seðlabankans að neysluskuldir, neyslulán heimilanna, eru ótrúlega mikil. Menn mega þess vegna passa sig á því að festast ekki í því að það séu fyrst og fremst húsnæðismálin sem gera fólki erfitt fyrir. Það er ýmislegt annað og meginorsökin fyrir því að við horfum á vanskil bæði í húsbréfakerfinu og ekki síður í félagslega húsnæðiskerfinu er auðvitað sá tekjusamdráttur sem orðið hefur í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Það er atvinnuleysið, það er niðurskurður á yfirvinnu, það er skattastefna síðustu ríkisstjórnar og það er sá hái jaðarskattur sem hér er og fléttast hefur inn í þessa umræðu. Það er fyrst og fremst það að fólk hefur ekki getað staðið við sínar skuldbindingar en í því samhengi vil ég enn einu sinni minna á það að þess eru líka mörg dæmi að sérstaklega í húsbréfakerfinu hafi greiðslugeta fólks verið ofmetin. Við höfum fengið upplýsingar um að það hefur verið tekið á þeim málum en þeir sem tóku húsbréfalán á fyrstu árum þess kerfis og eru að borga af þeim voru margir metnir býsna hátt.

Þessi vandamál eru af ýmsum toga, en ég vil leggja megináherslu á tekjusamdráttinn og þá láglaunastefnu sem hér hefur ríkt um áraraðir og hefur í bland við hið erfiða efnahagsástand leitt til þess að fjöldi fólks getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Eins og fram kemur í skýrslu Félagsvísindastofnunar þá er það ekki síst barnafólk sem á í hvað mestum erfiðleikum. Þar eru líka millitekjuhóparnir þegar horft er á heildina, einstæðar mæður, láglaunafólk og svo námsmenn með miklar skuldir á bakinu sem eru þeir hópar sem þarf að skoða.

Það er nokkuð sérkennilegt þegar maður horfir á pólitíska umræðu á Íslandi hvað húsnæðismál eru þar áberandi. Ég kannast ekki við það að t.d. á Norðurlöndunum séu neinar viðlíka umræður um húsnæðismál ár eftir ár og verið að gera þar stöðugar breytingar á kerfum. Við hljótum að spyrja okkur að því hvernig á þessu stendur. Hvernig stendur á því að húsnæðismál hafa orðið þessari litlu þjóð á norðurhjara slíkt vandamál? (**Gripið fram í:** Lágu launin.) Þar komst hv. þm. rétt að orði. Það er að hluta til láglaunastefnan. Það er líka mikill og hár byggingarkostnaður hér á landi og kannski ekki síst séreignastefnan sem hér hefur ráðið ríkjum svo áratugum skiptir og hefur leitt til þess að hér hafa ekki verið valkostir. Fólk hefur ekki getað valið um mismunandi kosti. Það hefur í rauninni verið um það eitt að ræða að kaupa íbúð og sú stefna hefur leitt til þess að margir hafa reist sér hurðarás um öxl.

Ég hygg, hæstv. félmrh., að full ástæða sé til þess að horfa á þetta kerfi okkar í heild. Ég tek ekki undir þá gagnrýni framsóknarmanna að húsbréfakerfið sé þar einhver meiri háttar bölvaldur. Ég held að það hafi verið framför þó að vissulega hafi átt sér stað ýmis mistök við framkvæmd eins og við mátti búast, en það er ekki síður í félagslega húsnæðiskerfinu þar sem menn þurfa að skoða gildandi lög og kannski ekki síst framkvæmd þeirra. Við á hinu háa Alþingi erum nýbúin að fara í gegnum þann lagabálk en það er alveg ljóst að víða úti á landi eru menn í vandræðum með félagslegt húsnæði. Það er afar dýrt og veldur skekkju á íbúðamarkaðnum þar.

Ég vil hvetja hæstv. félmrh. til þess að skoða húsnæðismálin í heild. En fyrst og fremst leysum við þann vanda sem heimilin og fjölskyldurnar eru í ekki öðruvísi en með gjörbyltingu í launamálum. Það þarf að bylta launakerfinu og þar þarf ríkið að byrja hjá sjálfu sér. Það þarf að endurskoða launakerfi ríkisins, gera það gagnsærra og réttlátara eins og við kvennalistakonur höfum svo margoft flutt tillögur um. Þar er rótin, hæstv. félmrh., og það er alveg sama hvað við breytum og byltum húsnæðiskerfum hér. Ef fólk hefur ekki efni á því að kaupa sér húsnæði eða leigja húsnæði þá ríkir auðvitað vandræðaástand. Það er eitt stærsta og mikilvægasta verkefni okkar samfélags að taka á launamálum, auka launajafnréttið, útrýma launamisrétti kynjanna og sjá til þess að fólk geti lifað af launum sínum. Öðruvísi höldum við ekki uppi góðu mannlífi í landinu en til þess þarf auðvitað líka að tryggja öflugt atvinnulíf.

**Útbýting þingskjals:**
Stjórn fiskveiða, 28. mál, brtt. SighB., þskj. 100.

[18:16]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Framsfl. rak sína kosningabaráttu að verulegu leyti á húsnæðismálum og notaði hvert tækifæri til að útmála það hvernig Alþfl. hefði fullkomlega brugðist í því máli. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson rakti hérna áðan hvernig málflutningur Framsfl. byggðist á hreinum blekkingum.

Herra forseti. Í umræðunni sem fór fram í síðustu viku var þetta undirstrikað af hæstv. félmrh. Ég varpaði þá fram til hans eftirfarandi spurningum: Getur það verið að fætur hæstv. ráðherra séu gerðir úr gúmmíi og raunar allra ráðherra Framsfl. vegna þess að það er sama hvaða mál það er sem þeir eiga í höggi við Sjálfstfl. um, þeir kikna alltaf? Svar hæstv. ráðherra var svofellt: Þetta er rangt, vegna þess að ég hef ekki tekið upp húsnæðismálin við hæstv. fjmrh. Þetta var svarið. Með öðrum orðum er áhersla hæstv. félmrh. og ráðherra Framsfl. á kosningaloforðin og efndir þeirra ekki meiri en svo að þegar þeir loksins eru komnir í ríkisstjórn þá hafa þeir ekki einu sinni fyrir því að ræða efndir við samstarfsflokkinn.

Herra forseti. Þó að formaður Alþfl. hafi rakið í ítarlegu máli hverju Framsfl. lofaði í kosningabaráttunni þá langar mig á þessum 48 sekúndum sem ég á eftir að hlaupa aðeins á því sem ekki hefur verið minnst á, hvorki í þeirri greinargerð sem hæstv. félmrh. hefur lagt fram um það sem hann hyggst vinna að né heldur í sáttmála ríkisstjórnarinar. Framsfl. lofaði að láta Húsnæðisstofnun grípa til björgunaraðgerða til að aðstoða fólk við að greiða úr skuldavandamálum heim-

ilanna. Það bólar ekkert á þessu. Framsfl. lofaði að setja lög um greiðsluaðlögun fyrir fólk í langvarandi greiðsluerfiðleikum og hv. þingmenn flokksins fluttu meira að segja sérstakt frv. um það á síðasta þingi. Það bólar ekkert á þessu. Framsfl. lofaði að lækka tímabundið vexti af húsnæðisskuldum fólks í fjárþröng og það gerði hæstv. iðnrh. í Tímanum í lok mars sl. Það bólar ekkert á þessu hjá hæstv. félmrh. Framsfl. lofaði líka að frysta skuldir meðan leitað væri lausna fyrir fólk í tímabundnum greiðsluerfiðleikum. Það bólar ekkert á því. (Forseti hringir.) Herra forseti, hæstv. félmrh. fyrir hönd Framsfl. á líka eftir að efna það kosningaloforð sem kom fram rétt undir lok kosningabaráttunnar að flokkurinn ætlaði sér bókstaflega að lækka skuldir fólks. Og menn spyrja auðvitað: Hvar eru efndir þessara orða? Á það að vera svo, herra forseti, í hverju málinu á fætur öðru að Framsfl. falli niður á hnén þegar hann á í höggi við Sjálfstfl.?

[18:19]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég vil gera athugasemdir við yfirlýsingu sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gaf hér áðan þess efnis að enginn væri að gera kröfur á hendur framsóknarmanna um allsherjarlagfæringu á þessum málum ef ekki væri vegna loforða sem framsóknarmenn hefðu gefið fyrir kosningar. Ég vil mótmæla þessu. Eitt brýnasta úrlausnarefni sem þjóðin stendur frammi fyrir er að finna viðunandi langtímalausn á húsnæðismálunum.

Það sem ég held að við þurfum að leggja áherslu á er að við lagfærum þetta ekki með því að vera í sífellu að skipta um kerfi. Athugun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði sýnir að það er ekki munur á stöðu fólks eftir því hvort það er í húsbréfakerfinu eða í kerfinu frá 1986. Báðir hópar eiga í greiðsluvanda og þess vegna er ég að hvetja til þess og við höfum verið að hvetja til þess að hin hlið málsins, greiðslugetan, verði skoðuð. Og það verður líka að skoða hvað er að gerast hjá þeim hópum sem lenda á milli kerfa sem eru of tekjuháir til að komast inn í félagslega kerfið, of tekjulágir til að komast inn í húsbréfakerfið og eru of tekjuháir til að fá húsaleigubætur. Það þarf að koma hér á húsnæðisbótakerfi sem tekur jafnt til kaupenda og leigjenda.

Síðan vil ég minna á það sem ég rakti sl. laugardag í framsöguræðu minni þar sem kom fram að þegar sú skerðing, sem fólk hefur orðið fyrir vegna stjórnkerfisbreytinga á síðasta kjörtímabili, skerðing á vaxtabótum og barnabótum fléttaðist saman, þá nemur hún mánaðargreiðslu af meðalhúsbréfaláni. Að þessum hlutum þarf að hyggja og þess vegna beini ég aftur þeirri spurningu til hæstv. félmrh.: Hvað líður þessum málum yfir sumarið varðandi næstu fjárlög?

[18:21]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin þó að þau hafi valdið mér miklum vonbrigðum. Þessi umræða hefur staðfest að ekkert á að gera á næstu mánuðum, ekki neitt, fyrir fólk í greiðsluvanda, ekki neitt. Flokkurinn sem talaði sem mest um greiðsluvanda heimilanna, sem ætlaði að setja á björgunaraðgerðir þegar hann færi í ríkisstjórn, sem ætlaði að hefja stærstu skuldbreytingu sögunnar, ætlar ekkert að gera á næstu mánuðum fyrir fólk í greiðsluvanda. Það verður í fyrsta lagi næsta vetur sem tekið verður á því máli.

Ég held að við getum talað um eina stærstu blekkingu Íslandssögunnar sem Framsfl. hefur staðið fyrir í húsnæðismálum. Það veldur mér vissulega vonbrigðum og er algerlega óásættanlegt hvernig Framsfl. ætlar að framkvæma hækkun á lánshlutfalli upp í 70%. Ég spái því, hæstv. ráðherra, að þetta muni valda gífurlegum vonbrigðum og óánægju hjá fólki vegna þess að ráðherrann er að setja reglugerð sem mun mismuna fólki og skapa mikið misrétti. Fólk sem hefur misst eign sína og stendur uppi eignalaust fær ekki hækkun á lánshlutfalli sem gæti þó bjargað því að það gæti keypt íbúð á nýjan leik. Ég vara við þeirri framkvæmd sem hér á að eiga sér stað. Ég spyr ráðherra: Ef húsnæðismálastjórn, sem hann ætlar að leita umsagnar hjá, er á móti þessari framkvæmd mun ráðherrann þá breyta afstöðu sinni? Þetta er algerlega óásættanlegt.

Ég er líka sannfærð um það að þessi leið mun kalla á aukna útgáfu húsbréfa. Fólk hefur verið í biðstöðu, hæstv. ráðherra, eftir að framsóknarmenn mundu framkvæma loforð sín. Nú gæti allt farið af stað á fasteignamarkaðnum þannig að þær 300 millj. sem ráðherrann telur sig eiga, sem ekki hafa farið út, gætu runnið út mjög fljótt og hvað ætlar ráðherrann þá að gera? Ætlar hann þá að lækka lánhlutfallið aftur? Það er alveg ljóst að ráðherrann hefur orðið undir gagnvart Sjálfstfl. vegna þess að hann hefur hlaupið frá loforðum sínum um að hækka lánshlutfallið í 75% og það er staðfest í Morgunblaðinu í dag, það er tekið undir það að það sé ósamræmi í yfirlýsingum ráðherrans sem 75% lánshlutfall þegar hann ætlar nú að framkvæma það með 70%. Ég ítreka það, virðulegi forseti, að þetta er algerlega óafsakanleg framkvæmd hjá ráðherranum og hér er um að ræða mikla blekkingu sem framsóknarmenn hafa staðið frammi fyrir við kjósendur sína.

[18:24]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það væri líklega nokkuð sama hvað ég segði eða hvað ég gerði eða hvers lags reglugerðir ég gæfi út, hv. 13. þm. Reykv. yrði áreiðanlega ósátt við það. En hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, orðaði það svo að mér væri uppsigað við húsbréfakerfið. Mér er ekkert uppsigað við húsbréfakerfið sérstaklega. Það hefur sína kosti. Það er ákaflega skjótvirkt og það eru mjög mikil þægindi fyrir fólk að geta fengið afgreiðslu svona hratt en þetta var náttúrlega keypt dýru verði ef við berum saman það sem var og það sem er.

Í 86-kerfinu voru lánin 40 ára, 25 ára í húsbréfakerfinu. Í 86-kerfinu voru ekki afföll. Það eru afföll allt upp á 25% í húsbréfakerfinu. Í 86-kerfinu voru lágir vextir. Þeir voru stórhækkaðir í húsbréfakerfinu.

Ég heyrði í hjónum í Borgarnesi um daginn sem tóku lán í húsbréfakerfinu upp á 4,3 millj. Þau seldu bréfin sín og fengu 3,8 fyrir þau. Það eru til ljótari

sögur en þetta. Ég veit um fólk sem fékk greiðsluerfiðleikalán frá Húsnæðisstofnun ríkisins í formi húsbréfa 1991. Lánið nam rúmlega 3 millj. króna og átti að greiða upp öll vanskil. Afföllin sem fjölskyldan þurfti að bera af þessu láni námu tæplega 700 þús. Eftir 13 ára baráttu þessarar fjölskyldu við að eignast húsnæði sem keypt var á misgengistímanum upp úr 1980 fór húsnæðið á uppboð og nú býr fjölskyldan í því á fresti mánuð til mánaðar og þarf að fara að rýma húsið. Í þessum sporum er fjöldi fólks. (**JóhS:** Hvað ætlar ráðherrann að gera í málinu?)

Ég tek undir það sérstaklega sem hv. 17. þm. Reykv. sagði á laugardaginn. Það borgar sig ekki að setja fram í flýti snöggsoðin og lítt úthugsuð úrræði sem reynast síðan ekki duga þegar á reynir. Þarna er ég honum hjartanlega sammála. Ég tel að það þurfi að fara yfir vaxtabótaþáttinn og athuga skattamálin í þessu sambandi og það verður gert í þeirri greiðsluerfiðleikavinnu sem er komin í gang.

Herra forseti. Mér leiðast þessi svikabrigsl sem dynja út úr krötum sýnkt og heilagt og gildir þá einu hvort þau eru í hreyfingu fólksins eða í hinni hreyfingunni. Ég hef ekkert svikið. Þetta verkefni er í fullum gangi. Það eru komnar nefndir í málið, skipaðar hæfum mönnum og góðum verkmönnum og þær munu skila frumvörpum sem hægt verður að afgreiða á haustþingi. Ég hef líklega verið sex vikur eða eitthvað á sjöundu viku ráðherra félagsmála og hv. 13. þm. Reykv. var í sjö ár félmrh. Ég tók ekki við neinu sómabúi eftir hana. Hvers vegna er ástandið svona? Ef hv. 13. þm. Reykv. hefði ekki staðið sig svona illa væri heldur ekki komið svona illa fyrir fjölskyldunum í landinu.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 7.–9. mál.

Fundi slitið kl. 18:29.

---

## 23. FUNDUR

miðvikudaginn 14. júní,
að loknum 22. fundi.

**Dagskrá:**

1. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 29. mál, þskj. 77. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 30. mál, þskj. 34. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Alþjóðaviðskiptastofnunin, stjfrv., 27. mál, þskj. 86, brtt. 72, 74, 90 og 92. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 28. mál, þskj. 76, frhnál. 94, brtt. 81, 89, 95 og 100. — 3. umr.
5. Samningur milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjtill., 37. mál, þskj. 43, nál. 98. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

### *Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:31]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. í 4. máli og nál. í 5. máli. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

### *Stjórn fiskveiða, 3. umr.*

Stjfrv., 28. mál (veiðar krókabáta o.fl.). — Þskj. 76, frhnál. 94, brtt. 81, 89, 95 og 100.

[18:33]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):**

Herra forseti. Ég geri grein fyrir frhnál. meiri hluta hv. sjútvn. og breytingartillögum sem meiri hlutinn leggur nú fram.

Fyrir það fyrsta, herra forseti, liggur frammi þskj. 81, brtt. sem er hér með dregin til baka, hún er leiðrétting, efni hennar er nákvæmlega endurtekið í brtt. sem nú hafa komið fram á þskj. 95 og er þar í lið 1, staflið a.

Á milli 2. og 3. umr. hefur hv. sjútvn. einkum fjallað um málefni krókabáta og aðrir þættir frv., sem hér liggur fyrir, eru nánast útræddir af hálfu nefndarinnar. Umræða nefndarinnar hefur sérstaklega snúið að því hversu fljótt megi taka upp róðrardagakerfi og um það snúast tillögur okkar stjórnarsinna í nefndinni og væntum við þess að breytingartillögur okkar teljist viðunandi niðurstaða. Við álítum eftir að hafa rætt þær í hópi okkar við aðra nefndarmenn, fleiri þingmenn og þá viðmælendur okkar, sem til okkar hafa komið, að málið sé með þessum breytingum orðið allsæmilegt miðað við þá heildaraðstöðu sem við stöndum frammi fyrir að verða með einhverjum hætti að ná betri stjórn á sókn krókaveiðiflotans og reyna að hemja aflasókn þeirra líkt og gert er á aflamarksskipunum. Í samræmi við þetta höfum við líka fjallað sérstaklega um hugsanlega möguleika þeirra til hagræðingar innan þessa stjórnkerfis og í þeim anda eru brtt. einnig lagðar fram.

Herra forseti. Vegna þess sem fram hefur komið fyrr í umræðum um þetta mál, til að mynda við atkvæðagreiðslur eftir 2. umr., verður ekki hjá því komist að við vekjum á því athygli fyrir það fyrsta að með þessu frv. og breytingartillögum er í engu fjallað um ákvæði sem varðar tómstundaveiðar, sjóstangaveiðar eða hugsanlega sjóstangaveiðar sem tengjast ferðaþjónustu. Þessi ákvæði þrengja þau ekki, rýmka þau ekki og snúa ekki að neinu leyti að breytingu á þeim.

Við höfum staðið frammi fyrir því að upplýsingar samtaka krókaveiðimanna sýna óyggjandi fram á að fjöldi báta sem stunda veiðarnar reglulega hefur vaxið ár frá ári svo að nemur tugum skipa og flest þeirra sem bætast við flotann á hverju ári eru tiltölulega afkastamikil, tiltölulega vel útbúin og geta farið ferða

sinna milli lands og miða miklu fljótar en þeir hinir sem fyrir eru. Undir liggur kapp manna og m.a. vegna þessa var á því ekki vakið máls við okkur frambjóðendur fyrr á þessum vetri. Það stefndi í hættu ef ákvæðum um þessar veiðar yrði ekki breytt frá því sem verið hefur, sérstaklega þegar menn sáu fram á alvöru ákvæðanna um viðbótarbanndaga með tilliti til raunafla. Um þetta hefur okkar viðfangsefni snúist og með tillögum þessum, herra forseti, er endanlega gert ráð fyrir því að róðrardagakerfið sem nefnt er í frv. og breytingartillögum verði tekið í gildi 1. febr. nk. Þeir sem á næsta sumri kynnu að velja þorskaflahámark fá að velja að nýju fyrir næsta fiskveiðiár að ári og geta þá valið sóknardaga eins og hinir.

Með þessum tillögum verður mönnum boðið að flytja sóknardaga á milli veiðitímabila innan fiskveiðiársins eftir ákveðnum reglum. Í fyrstu voru þær tillögur þess efnis að eingöngu mætti flytja frá vetrartímabilinu til sumarsins en það verður gagnkvæmt og menn mega flytja á milli tímabila og sjútvrh. falið að semja reglur um slíkan flutning á milli tímabila.

Herra forseti. Í umræðu nefndarinnar hefur mikið verið rætt um til hvers þessar tillögur mundu leiða og til að mynda miðað við þær upplýsingar sem fylgdu frv. í fyrstu gerð og meiri hluti nefndarinnar hefur mjög rætt í sinn hóp og telur tillögurnar snúa að því að tryggja að gangi þær áætlanir eftir um afla á þeim veiðitímabilum, sem ekki er lokið á þessu fiskveiðiári, geti menn treyst á niðurstöðu sóknardaga sem hafa verið nefndir, við töluna 86. Er miðað við þær upplýsingar sem menn hafa í höndum um raunafla tveggja tímabila sem þegar eru liðin og áætlaðan afla á þeim tveimur sem eftir eru.

Meiri hlutinn vill taka fram að hann hefur í röðum sínum og meðal stjórnarliða á þingi og við ríkisstjórn og ráðherra talið rétt að komi fram að það er ásetningur okkar að ef og þegar unnt verður að ákveða aukinn þorskafla á Íslandsmiðum innan lögsögunnar aukist einnig aflaviðmiðun fyrir krókabáta og þetta á við aflaviðmiðunina 21.500 tonn. Þar með ætti einnig ef unnt væri að auka aflann að fjölga róðrardögum þeirra.

Herra forseti. Breytingartillögurnar sem ég geri nú grein fyrir liggja fyrir á þskj. 95 og þar kemur fram í 1. tölul. a-lið það sem ég gerði fyrst að umtalsefni, leiðrétting á tilvísun í málsgreinar sem áður hafði legið frammi á þskj. 81.

Í b-lið 1. tölul. er tillaga um að þeir sem nú velja sér þorskaflahámark geti að ári valið að nýju og þá geta þeir valið róðrardaga.

Í c-lið 1. tölul. er tillaga um að róðrardagakerfið gangi í gildi 1. febrúar nk. og það dragist alls ekki.

Í d-lið er tillaga um að í reiknireglunni um útreikning róðrardaga út frá formúlum, sem þegar eru fyrir í lögunum og hafa skapað mönnum veiðidaga, verði breytt úr 40% í 34% til þess að tryggja að miðað við núverandi upplýsingar og áætlanir verði þessir dagar 86.

Í e-lið 1. tölul. er ákvæði um að heimila flutning róðrardaga á milli veiðitímabila. Þar er einkum breyting frá því sem við höfðum áður rætt í hópi nefndarmanna að ráðherra geti á sama hátt og fyrr er kveðið á í þeim lið leyft flutning með reglugerð milli annarra tímabila. Við teljum það vera heimild til að flytja hvort heldur er frá vetri til sumars, frá hausti til sumars eða á hinn veginn, frá sumri til vetrar eða hausts.

Í f-lið 1. tölul. er tillaga um að breyta tölunni um krókafjölda og bjóð er samræming við það sem raun er í dag.

Í g-lið er tillaga um að ákveða að þeim, sem svara ekki kallinu um að velja, skuli ætlaðir róðrardagar en áður var sá liður þess efnis að þeim skyldi ætlað þorskaflahámark.

Í 2. tölul. gerum við svo breytingu, í samræmi við það sem áður er sagt, við bráðabirgðaákvæði III um hvernig skuli setja í gang róðrardagakerfi, sóknardagakerfi og ef fjareftirlit, sem við höfum orðað svo verður ekki reiðubúið, þ.e. eftirlit með fjarskiptibúnaði og með sjálfvirkum hætti, verði öðru eftirliti komið á en róðrardagakerfið mun ekki bíða.

Herra forseti. Ljóst er að þetta er síðasta umræða á þessu vorþingi um málefni sjávarútvegs og krókabáta sérstaklega sem hafa fengið mesta athygli og mestan tíma umræðunnar. Ég vil af þessu tilefni þakka þeim sem hafa komið til viðtals við sjútvn. Landssamtök smábátaeigenda og fleiri landshlutasamtök eða landssamtök, sem málið varðar, hafa ævinlega verið reiðubúin að koma til viðtals við nefndina og láta í ljósi skoðanir og álit þó með skömmum fyrirvara sé. Ég þakka starfsmönnum og öðrum þeim sem hafa veitt okkur lið og ég þakka hv. nefndarmönnum sem hafa einnig verið tilbúnir að koma til nefndarfunda og viðræðna nánast hversu oft sem mönnum datt í hug til að gera málið endanlega viðunandi og sæmilega úr garði.

Við stjórnarsinnar í hv. sjútvn. væntum þess að eftir þetta muni takast með sjútvn., með sjútvrn. og samtökum krókaveiðimanna sæmilegt samráð til þess að fylgjast sameiginlega með hvernig þessi ákvæði muni reynast í framkvæmd og hvað þarf að gera til að þau verði þjálli í framkvæmd þeirra og þjálli í framkvæmd stjórnarstofnana.

Að þessu mæltu, herra forseti, legg ég í hönd þingsins tillögur og álit nefndarinnar.

[18:43]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef undir höndum bréf frá Fiskistofu sem er til áhugamanna um sjóstangaveiði þar sem kemur fram að verði krókabátar notaðir á banndögum til sjóstangaveiða sé það óheimilt og einnig að séu kvótabátar notaðir til sjóstangveiða skuli það reiknast til kvóta.

Ég vil að gefnu tilefni sem hér kom fram í ræðu hv. þm. Árna R. Árnasonar fá alveg á hreint: Er það ljóst að áhugamönnum um sjóstangaveiðar, sem eru um 450 talsins og veiða um 70–80 tonn, sé frjálst að fara til veiða á banndögum krókabáta og sé heimilt að fara til veiða á aflamarksbátum án þess að það sé reiknað til kvóta?

[18:44]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli mínu hefur nefndin kynnt sér sérstaklega efni þess bréfs sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Í ljós kemur að ástæða fyrir bréfinu er ekki sú að í þessu frv. eða brtt. sé neitt sem breyti þeim ákvæðum sem gilda um tómstundaveiðar eða sjóstangaveiðar sem heyra til tómstundaveiða þannig að ekki er í neinu í þessum verkum sem við erum hér að gera að breyta þeim atriðum. Telji menn að svo sé eru menn að misskilja og tengja þetta bréf, sem er sent af einhverri annarri ástæðu, við frv. eða brtt. við það.

[18:45]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Full ástæða er til þess að tala nokkuð rækilega um þá stefnu sem hæstv. ríkisstjórn er nú að móta í sambandi við endurskoðunarlög um stjórn fiskveiða. Því var lofað af hálfu ríkisstjórnarinnar í stjórnarsáttmála, af hálfu sjútvrn. í verkefnalista þess ráðuneytis og af hálfu fjölmargra hv. stjórnarþingmanna að eitt af fyrstu verkum þessarar hæstv. ríkisstjórnar mundi verða að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Herra forseti. Það er ekki endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða sem hér fer fram. Ríkisstjórnin og stjórnarþingmenn gáfust upp á því verki, í besta falli hafa þeir frestað því. Það sem hér er verið að ræða er eingöngu spurningin um hvernig eigi að bregðast við vandamálinu krókaleyfismönnum, hvernig eigi að bregðast við því vandamáli að krókaleyfismenn eru einu frjálsu fiskimennirnir sem eru eftir á Íslandi, hvernig eigi að koma þessum mönnum inn í aflamarkskerfið í áföngum ef ekki vill betur til með því að neyða þá til að hverfa frá sínum frjálsu fiskveiðum. Þetta er það eina sem þessi endurskoðun fjallar um. Vonandi eigum við eftir að verða fyrir þeirri lífsreynslu að fá frv. aftur frá hæstv. sjútvrh. á næsta hausti þannig að menn geti þá tekið til við þá endurskoðun sem þá var lofað. En ég á nú satt að segja ekki von á því, herra forseti.

Ég býst við því að hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórn muni gera allt það sem hægt er að koma í veg fyrir það að frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða komi aftur fyrir Alþingi. Ég er alveg sannfærður um það að af alkunnri tillitssemi við hæstv. sjútvrh. munu þeir þingmenn sem mestu lofuðu standa með honum í því. Þeir munu kannski vakna þegar nokkrir mánuðir eru til kosninga og koma þá fram með kröfurnar sem þeir lofuðu að koma fram með í upphafi þess þings sem nú er að ljúka en hafa gleymt.

Menn hafa gleymt því í umræðunni um kvótakerfið hver var tilgangur þess. Tilgangur þess var tvíþættur: Tilgangur þess var annars vegar að byggja upp fiskstofnana við Ísland og hins vegar að samræma sóknar- og afkastagetu fiskiskipaflotans og afrakstursgetu fiskstofnanna á Íslandsmiðum. Hvorugt þessara markmiða hefur náðst. Þvert á móti hefur stjórnkerfið valdið því að fiskveiðar Íslendinga eru nú í sögulegu lágmarki og þetta stjórnkerfi hefur valdið því að aldrei hefur meira magn af fiski farið til ónýtis á Íslandsmiðum eins og nú. En menn gefa sér ekki tíma til að ræða það. Menn gefa sér ekki tíma til að ræða það að eftir að aflamarkið hefur verið ákveðið lægra og lægra er freistingin ríkari og ríkari til þess að henda fiski sem er ekki í flokki þeirra verðmætustu eins og glögglega mátti lesa í nýlegri úttekt Morgunblaðsins. Menn ræða ekki um það vandamál, það vandamál sem þetta stjórnkerfi hefur skapað varðandi nýtingu íslenskra fiskimiða. Nei, menn ræða hér um vandamálið trillukarlar. Menn ræða um vandamálið því að það er orðið vandamál á Íslandi að við eigum góða fiskimenn og það vandamál verður að leysa. Menn hafa miklu meiri áhuga á því að leysa það vandamál að skera afla niður við trog fremur en að finna leiðir til þess að koma í veg fyrir það að verðmætum sé varpað á glæ. Við skulum hafa það í huga í þessu sambandi að hver 10 þúsund tonn sem þannig fara í sjóinn eru heilsársatvinna 1.500 manna fiskiþorps á landsbyggðinni. Hversu mörgum fiskimannaþorpum á landsbyggðinni skyldi nú vera kastað í sjóinn vegna áhrifa kvótakerfisins? Hvernig stendur á því að hv. þm. gefa sér ekki tíma til að ræða þau áhrif þessa stjórnunarkerfis fiskveiða en eru allir uppteknir af því að við eigum að reyna að koma í veg fyrir það sem byggði Ísland upp á sínum tíma, þ.e. velgengni bátasjómanna? Því fæstar af byggðunum við Íslandsstrendur væru til ef forfeður þessara manna hefðu ekki sótt sjóinn með svipuðum hætti og þeir gera nú og skilað sínu verki.

Menn tala um að þessir krókaveiðimenn séu að skapa vandamál. Hvaða vandamál hafa þeir skapað til dæmis í því kjördæmi sem við hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vorum kjörnir á þing fyrir í síðustu kosningum? Þeir hafa skapað þau vandamál að þar hefur ekki verið atvinnuleysi eins og ella myndi hafa verið frá því í maí og fram í nóvember. Þegar menn tala um málefni trillukarla og krókaleyfismanna þá tala menn gjarnan um afkomumöguleika þeirra og þeirra fjölskyldna. En málið er bara miklu stærra heldur en það. Vegna þess að það eru þessir menn sem hafa séð til þess að heilu landshlutarnir hafa ekki hnigið, þeir geta enn staðið sæmilega traustum fótum. Ef þessir menn hefðu ekki komið til hefði verið fjöldaatvinnuleysi á nær öllum stöðum á Vestfjörðum frá vori til hausts undanfarin ár. Það er afbrot þessara manna að hafa komið í veg fyrir það. Fyrir það afbrot skal nú refsað.

Þegar ég var að alast upp vestur á Patreksfirði sem drengur þá unnu menn þar 13.000 tonn af þorski á ári hverju. Á öllu suðursvæði Vestfjarða eru nú til aflaheimildir upp á 3.000 smálestir. Við þær aðstæður hefðu þessi byggðarlög lagst í eyði ef krókaveiðimenn hefðu ekki komið til sögunnar. Þeir hafa bjargað þessum byggðum, fyrir það er nú verið að refsa þeim. Og ég spyr, virðulegur forseti: Það er ekki langt síðan að frambjóðendur fóru á fundi víðs vegar um land. Við Vestfirðingarnir áttum saman 14 framboðsfundi og það sem þar var sagt er enn í fersku minni margra. Ég spyr frambjóðendur stjórnarflokkanna sem þar töluðu: Voru þeir að boða þær breytingar sem verið er að samþykkja nú á Alþingi Íslendinga með þeirra atkvæðum?

Var það þetta sem frambjóðendur Sjálfstfl. og frambjóðendur Framsfl. í Vestf. voru að segja ykkur á 14 fundum að þeir ætluðu sér að gera þegar þeir kæmu hingað inn í Alþingi Íslendinga?

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að af tillitssemi við hæstv. sjútvrh. greiddi hann atkvæði gegn samvisku sinni. Af tillitssemi við hv. þm. ætla ég ekki að rifja upp ummæli hans á þessum 14 framboðsfundum vestur á fjörðum þar sem við sátum saman við borð. (**Gripið fram í:** Jú, gerðu það.) Ég ætla ekki að gera það m.a. vegna þess að ég veit að þeir sem á hann hlýddu muna yfirlýsingar hans jafn vel og ég. (**Gripið fram í:** Hverjir voru það?)

En hvers vegna er þetta vandamál þá komið upp sem varaformaður og framsögumaður meiri hluta stjórnarsinna í sjútvn. lýsti hér áðan, þ.e. að nú þurfi að gera sérstakt átak til að taka á vandamálinu krókaveiði? Ég spyr: Er þetta í samræmi við yfirlýsingar tveggja þingmanna Sjálfstfl. á Vestf. í stjórnarliðinu, eins þingmanns Framsfl. í sama kjördæmi, tveggja þingmanna Framsfl. á Reykn., a.m.k. eins þingmanns Sjálfstfl. í sama kjördæmi, tveggja þingmanna Sjálfstfl. á Vesturl., í samræmi við yfirlýsingu a.m.k. eins þingmanns Framsfl. í sama kjördæmi? Hvernig stendur á því ef menn lesa yfirlýsingar allra þessara hv. þm. frá því fyrir og eftir kosningar að það er þingmeirihluti fyrir þeim tillögum sem hér er verið að leggja til? Ef marka má þeirra eigin orð þá ætti að vera hér ríkur þingmeirihluti fyrir hinu gagnstæða. En hvernig stendur á því að það er þingmeirihluti fyrir þeim breytingum sem hér á að gera ef menn miða við yfirlýsingar þessara hv. þm. sem í sumum tilvikum eru rúmlega eins mánaðar gamlar? Eru allir þessir menn svona tillitssamir við hæstv. sjútvrh. eða eru kannski sumir þessara þingmanna svona tillitsamir við hann, aðrir svona tillitssamir við hæstv. utanrrh., og enn aðrir svona tillitsamir við formann Landssambands íslenskra útvegsmanna? Hvar er þá tillitið til fólksins sem kaus þessa hv. þm. til Alþingis út á þær yfirlýsingar og þau loforð sem þeir gáfu?

Virðulegi forseti. Ég ætla þá að víkja aðeins að brtt. sem meiri hluti sjútvn. flytur og brtt. á þskj. 100 sem ég flyt ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Í fyrsta lagi leyfi ég mér að benda á og vísa þar til c-liðar í 1. tillögu meiri hlutans að eins og frá lögunum er gengið þrátt fyrir þær breytingar sem hér er verið að gera byggist lagatextinn allur á banndagahugtakinu. Sóknardagahugtakið er ekki skýrt út nema í einni einustu setningu og að öðru leyti er öll uppbygging laganna miðuð við banndagahugsunarháttinn og sóknardagarnir reiknaðir þannig út að miðað er við fasta banndaga og viðbótarbanndaga samkvæmt núverandi óbreyttu kerfi og sóknardagarnir síðan fundnir sem 66% af þeim afgangi sem þá lifir. Allur hugsunarhátturinn í frumvarpinu er hugsunarháttur banndagakerfisins og það eru varla nema tvö orð í öllum lögunum þar sem minnst er á sóknardaga. Það er því mikill misskilningur ef einhver heldur að þarna sé verið að gera einhverjar gerbreytingar frá núverandi kerfi. Til þess hefði þurft miklu vandaðri vinnu og orðið að gera viðameiri breytingar en gerðar voru.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að sóknardagarnir svokölluðu geti orðið 86 talsins. Þeir voru 136 á því tímabili sem nú er að líða og tillagan gerð um það að þeim fækki í 86. En ekki nóg með það heldur er gert ráð fyrir því að tímabilaskiptingin gildi gagnvart þessum sóknardögum og þeir sem vilja flytja sóknardagamöguleika sína frá vetri til sumars verði að gjalda fyrir það með því að afsala sér helmingi af þeim sóknardögum sem falla á vetrarmánuðina. Og ekki nóg með það, þeim er bannað að nýta nokkurn þessara sóknardaga sem til falla á vetrarmánuðunum, þeim er uppálagt að tilkynna fyrir fram áður en vetrarmánaðatímabilin hefjast að þeir ætli sér ekki að gera bát sinn út á því tímabili, leggja honum og flytja síðan dagana með 50% refsitolli yfir til sumarsins.

Þetta þýðir að sóknarmöguleikar þeirra manna sem ekki ætla að stunda útgerð yfir haust og vetrarmánuðina eru aðeins 60 dagar á ári. Ég verð að leyfa mér að benda á það að einhver tvískinnungur er í afstöðu þessa ráðuneytis sem segir í einu orðinu að fiskgengd á Íslandsmiðum sé nú orðin svo lítil að það þurfi að skera aflamarkið niður í 165.000 tonn og í hinu orðinu að menn eigi að geta lifað af því að stunda atvinnu sína 86 daga á ári. Það má þá ekki vera nein smá fiskgengd á miðunum ef fjölskylda á að geta haft framfærslu sína af því að stunda útgerð í 86 daga á ári. Þarna er einhver rökleysa í málflutningi hæstv. ráðuneytis að halda því fram í öðru orðinu að fiskgengdin sé svo lítil að ekki megi veiða nema 165.000 tonn á árinu en gera því engu að síður skóna að fólk geti framfleytt sér og fjölskyldum sínum með því að stunda veiðar í 86 daga ár ári. Hvað þá heldur gagnvart þeim sem þurfa að sætta sig við 60 sóknardaga.

En það er ekki nóg með að með þessum hætti verði kleift að flytja sóknardaga frá vetri til sumars með 50% afföllum, eins og nákvæmlega er útlistað í brtt. meiri hlutans, heldur er sagt í einni setningu: „Ráðherra getur á sama hátt með reglugerð leyft flutning milli annarra tímabila.“

Hvernig á hann að gera það? Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig ætlar hann að gera það? Ætlar hann að nota sömu afsláttarreglur, þ.e. ef sjómaður flytur sóknardaga sína frá vetrartíma yfir til sumartíma þá þarf hann að gjalda fyrir það með því að helminga sóknardaga sína? Á þessi sami maður ef hann flytur sóknardagana til baka frá sumri til vetrar að gjalda líka fyrir það með helmings afslætti af dögum? Það yrði þá lítið eftir þegar búið væri að flytja þessa sóknardaga svo sem tvisvar eða þrisvar á milli tímabila. Það væri kannski ágæt aðferð til að skerða enn frekar frelsi krókaveiðimanna. Við spurðum að þessu í hæstv. nefnd. Það verður að segja eins og er að meirihlutamönnum vafðist tunga um höfuð. En þeir sögðu: Auðvitað á að tvöfalda, auðvitað á að tvöfalda tilfærsluna. Þ.e. ef sjómaður flytur skulum við segja 30 sóknardaga frá vetri til sumars og fær þá 15 sóknardaga fyrir það á sumrinu og flytur síðan þessa 15 sóknardaga til baka til vetrartímans þá tvöfaldast þeir aftur og verði 30. Þetta var svarið sem við fengum í hv. sjútvn.

Þá var næst spurt: En hvað þá um sjómanninn sem ekki hefur flutt neina sóknardaga frá vetri til sumars en vill flytja sóknardaga frá sumri til veturs? Og það getur meira en vel verið því á stöðum þar sem gott er að gera út smærri báta yfir vetrarmánuðina gæti það verið freistandi að flytja daga frá sumri til vetrar þegar hæsta fiskverðið er. Hvaða svar kom þá frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni: Þá á líka að tvöfalda.

Er þetta rétt, hæstv. sjútvrh., á þá líka að tvöfalda? Er þá aðferðin fyrir trillukarlana sú að geta tvöfaldað sóknardagafjölda sinn á hættulegustu mánuðum ársins með því að flytja sóknardaga frá sumri til vetrar og tvöfalda sóknardagana? Ef svo er, virðulegi sjútvrh., hvaða áhrif halda menn að það hafi á áhættusókn þessa flota? Eða er það kannski svo að þetta mál sé óhugsað og hæstv. sjútvrh. geti ekki kveðið upp úr með það hvort fara á þá leið sem hv. forsvarsmaður meiri hlutans sagði okkur frá á fundinum í dag eða þá leið sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði okkur frá eða báðar leiðirnar eða hvoruga leiðina?

A.m.k. finnst manni það skjóta nokkuð skökku við að taka það mjög stíft fram hvernig skuli fara með ef flytja á sóknardaga frá vetri til sumars en hafa algerlega opna reglugerðarheimild hvernig fara á með ef flytja á þessa sömu veiðidaga til baka. Ég tala nú ekki um ef menn ætla að flytja veiðidaga eða sóknardaga frá sumri til vetrar.

Svona eru vinnubrögðin, virðulegi forseti. Menn hafa enga vinnu lagt í þessa hugsun, menn hafa ekki hugmynd um hvað þeir eru að leggja til. Það er ekki ónýtt ef það er niðurstaðan að það sem eigi að gerast og sé hægt að gera sé að tvöfalda sóknardagafjölda sinn yfir vetrarmánuðina með því að flytja þá frá sumri til vetrar. En allt þetta skiptir engu máli, virðulegi forseti, vegna þess að í lögunum stendur að samanlagður afli krókaleyfisbátanna megi ekki fara yfir 21.000 tonn. Þannig að þetta skiptir bara engu máli. Allar þessar tilfærslur eru þýðingarlausar því að miðað við a.m.k. fiskgengdina eins og hún hefur verið núna þá verður krókaleyfisflotinn löngu búinn að reka sig upp undir þakið áður en menn eru búnir að útfæra allar þessar tilfærslur.

Svo er það skrýtnasta af öllu saman þetta: Ef menn ætla að flytja sóknardagana sína, við skulum segja frá vetrarmánuðunum yfir á sumarmánuðina þannig að menn fái einhverja sóknardaga þar til viðbótar, þá á að taka þann afla sem menn fá yfir sumartímann, reikna ákveðið hlutfall af honum og bókfæra hann yfir á vetrartímann eins og þeir hefðu verið að veiðum þá. Þ.e. menn verða að gera það upp eftir fiskveiðiárið, það er ekki nóg að menn viti hvað hefur fiskast á hverju tímabili fyrir sig heldur hvað var mikill afli hjá hverjum og einum krókakarli sem fiskaði á viðkomandi veiðitímbilum sem stafaði af því að hann flutti einhverja daga frá einu veiðitímabili til annars og á því að færast úr úr öllu bókhaldinu og fara frá júnímánuði í febrúar. Menn vita þetta ekki fyrr en eftir að fiskveiðiárinu er lokið. Þá standa menn kannski allt í einu uppi með það, menn geta hugsað sér það, að það verði bara ekki nokkur maður sem nýtti sér sóknardagana yfir vetrarmánuðina, svona „extreme" tilvik að allir krókakarlar tækju þá ákvörðun að nú ætlum við ekkert að veiða í vetur, við ætlum að fara með alla sóknardagana yfir á sumarið. Svo kemur allur aflinn á sumarið. En þá reikna menn út á eftir að þrátt fyrir það að enginn hafi farið á sjó allan veturinn þá hafi krókaleyfisflotinn fiskað svona og svona mörg tonn á því tímabili og auðvitað verði að taka tillit til þess þegar sóknardagarnir fyrir það tímabil eru ákvarðaðir eftir heilt ár. Svo segja menn að það sé óleysanlegur vandi að fylgjast með sókn þessa flota. En hvernig halda menn að það verði nú þegar hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Árni R. Árnason þurfa að fara í heimilisbókhaldið hjá hverjum einasta trillukarli til að athuga hvernig eigi að umreikna afla þeirra yfir á tímabil?

En allt þetta skiptir engu máli því þessir menn mega ekki veiða nema 21.600 þorsktonn á ári. Þeir veiða nú í ár 31.000–32.000 tonn af þorski á kvótaári í lágmarki. Hæstv. sjútvrh. hefur sagt að síðan séu líkur á því að hægt sé að auka þetta aflamark á næstu árum. En á sama tíma og verið er að auka fyrir flotann í heildina þá á að taka krókaleyfisflotann niður um 10.000 tonn. Ég veit að ykkur var sagt áðan að það komi yfirlýsing frá sjútvrh. að ef hann ákveður að auka aflamarkið t.d. við ákvörðun um aflamark á næsta fiskveiðiári þá muni hann skoða að fjölga sóknardögum og lyfta aflaþakinu. En það getur hann ekki gert vegna þess að þetta er hvort tveggja bundið í lögum. Það eina sem hann getur gert er að leita til Alþingis með tillögu um að breyta þessum lögum. Og hvað, virðulegi forseti, tekur langan tíma að breyta lögum hér á hinu háa Alþingi. (**Gripið fram í:** Hver pantaði lög?) Það er ekki ólíklegt að það geti tekið nokkra mánuði. Hæstv. sjútvrh. hefur í sinni hendi í 3. gr. laga um stjórn fiskveiða heimild til þess að ákveða aflamark að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun. Og hann gerir það með einni undirskrift. En það er verið að telja mönnum trú um það að hann geti gert það sama gagnvart krókabátunum bæði hvað varðar sóknardaga og heildaraflamark þegar hvort tveggja er hins vegar bundið í lög og hann getur hvorugu breytt nema með því að leggja fram frv. á Alþingi Íslendinga, það fari í gegnum þrjár umræður, í gegnum sjútvn., í gegnum umsagnir allra umsagnaraðila. Hvað haldið þið, virðulegu þingmenn, að ágætur maður eins og Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, gæti nú leikið sér á þeim langa tíma?

Ef menn ætla sér að tengja aflahámark krókaveiðiflotans og sóknardagana við ákvarðanir hæstv. ráðherra um heildaraflamark fyrir allan flotann þá verða menn auðvitað að gera það í lögunum, þannig að gert sé ráð fyrir því í lögunum sjálfum að ef hann auki heildaraflamark flotans þá aukist sóknardagarnir og aflamark krókaleyfisflotans um sama hundraðshlutann.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vildi spyrja hv. þm. um hvort hann eigi mikið eftir af sinni ræðu. Það var gert ráð fyrir að gera matarhlé og komið er að þeim tíma þannig að ef hv. þm. á stutt eftir þá mætti hann ljúka ræðu sinni eða halda áfram að loknu matarhléi.)

Þingmaðurinn getur nú talað aftur líka. [Lófatak á þingpöllum.]

(**Forseti** (StB): Forseti vill biðja ágæta gesti á þingpöllum að gæta stillingar.)

Ég skal reyna að stytta mál mitt, virðulegi forseti, við skulum sjá hvað okkur miðar en ég held að ég eigi ekki mjög langt eftir.

Þá vík ég að brtt. okkar Össurar Skarphéðinssonar og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur. Þar leggjum við einmitt til í fyrstu brtt. okkar að það verði bundið í lög að heildaraflamark krókaveiðiflotans og fjöldi sóknardaga breytist með sömu hlutfallslegri breytingu og heildaraflamark flotans. Þurfa menn þá ekkert að fara í grafgötur með það hvernig framkvæmdin verður eða bíða eftir langvinnri afgreiðslu Alþingis eftir að sú ákvörðun hefur verið tekin. Og þeim hv. þm. sem segjast styðja þetta sjónarmið gefst nú kostur á að greiða atkvæði með því. Greiða atkvæði með tillögu um það að ef hæstv. sjútvrh. eykur heildaraflamagn á næsta fiskveiðiári til að mynda þá aukist veiðiréttur krókaleyfisbátanna um nákvæmlega það sama hlutfallslega bæði hvað varðar fjölda sóknardaga og heildaraflamagn. Og það er ekkert að marka þá menn sem af tillitssemi greiða atkvæði gegn slíkum ákvæðum í lagafrv. en segjast ætla að framkvæma það engu að síður þótt lögin veiti þeim ekki heimild til þess.

Það eru tvær aðrar veigamiklar efnisbreytingar sem í þessum brtt. eru fólgnar. Það er í fyrsta lagi að við leggjum til að þessum flóknu útreikningum á fjölda sóknardaga sem miðast við banndagakerfið verði sleppt. Þess í stað verði einfaldlega tilgreint að á fiskveiðiárinu 1995–1996 verði fjöldi sóknardaga hjá þeim krókaveiðimönnum sem velja það kerfi 96, bundnir við þá tölu. Og þeir ráði því síðan sjálfir hvenær á árinu þeir vilja nýta sér þessa sóknardaga. Menn felli niður þessar tímabilsskiptingar, felli niður þessar refsiheimildir ef menn kjósa að veiða fremur á einum árstíma en öðrum en haldi sig við þennan fjölda sóknardaga á árinu 1996, 96 daga, en sé algjörlega frjálst hvenær á tímabilinu þeir nýta sér þá daga. Þetta er önnur efnisbreytingin af þremur.

Sú þriðja er að heildaraflakvóti smábátaflotans verði miðaður við 31.500 tonn sem er nánast það sama og þessi floti er að veiða á yfirstandandi fiskveiðiári. Þ.e. að það ár, sem allir eru sammála um að kvótinn er í algeru lágmarki, verði notað sem viðmiðunarár fyrir krókaleyfisflotann þannig að það gerist ekki að á sama tíma og aðrar útgerðir fá aukningu veiðiheimilda, ef hæstv. sjútvrh. tekur ákvörðun þar um, þá skerðist aflaheimildir krókaleyfisflotans.

Þetta eru þær þrjár breytingar sem brtt. á þskj. 100 fjalla um: Að menn tengi heildaraflamark krókaveiðiflotans og fjölda sóknardaga við aflamarksákvarðanir hæstv. sjútvrh. til að tryggja að krókaleyfismenn geti fengið að njóta batnandi tíðar í fullu samræmi við aðra veiðimenn. Þetta er tillaga eitt. Tillaga tvö er að menn ákveði fjölda sóknardaga á þessu viðmiðunarári 96 og að menn séu frjálsir að því hvenær á árinu þeir nýta þá. Og í þriðja lagi að menn miði við 31.500 tonn sem aflamark krókaveiðiflotans eins og hann stefnir á í dag með að vísu mun fleiri sóknardögum. Aðrar brtt. á þingskjalinu eru einfaldlega tæknilegs eðlis til að samræma lagatextann eins og hann er nú orðinn þeim tillögum sem ég hef hér mælt fyrir.

Virðulegi forseti. Ég ætla nú að ljúka máli mínu í þetta skipti. En ég ítreka það að miðað við yfirlýsingar og loforð sem fjölmargir stjórnarliðar gáfu kjósendum sínum ætti ekki að vera þingmeirihluti fyrir þeim tillögum sem meiri hluti sjútvn. flytur. Þá ætti að vera þingmeirihluti fyrir þeim tillögum sem við flytjum á þskj. 100. Svo er bara að bíða og sjá, virðulegur forseti, hvort ríkir sterkara í hugum hv. þm. tillitssemi við ráðherra eða tillitssemi við kjósendur sína. Ég er sannfærður um það og tala af nokkurri reynslu í þeim efnum að ráðherrar eru mjög fljótir að gleyma slíkri tillitssemi. Það er ekki víst að kjósendur þessara hv. þm. séu jafngleymnir á slíka hluti.

[19:18]

**Guðjón Guðmundsson** *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er fljótur að gleyma. Hann er sjáanlega búinn að gleyma þeim umræðum sem urðu um sjávarútvegsmál hér á Alþingi fyrir rúmu ári og þeirri atkvæðagreiðslu sem fram fór í lok þeirrar umræðu en þá voru samþykkt þau lög sem gilda í dag um stjórn fiskveiða. Lögin sem flestir, ekki síst smábátamenn, eru sammála um að séu ómöguleg og verði að breyta. Það fór nefnilega minna fyrir hv. þm., sem þá var reyndar hæstv. ráðherra, í þeirri umræðu en núna. Þá hélt hann ekki hjartnæmar ræður um vandamál trillukarla og þá samþykkti hann með brosi á vör þau ómögulegu lög sem við búum við í dag. En nú er gaman, nú er hv. þm. kominn í stjórnarandstöðu og nú kostar ekkert að vera vinur trillukarlanna og nú er gaman að rifja upp hvað aðrir þingmenn sögðu fyrir kosningar.

Ég er sammála hv. þm. um það að menn eiga að segja það sama fyrir og eftir kosningar. En ég vil bæta því við að menn eiga að segja það sama hvort sem þeir eiga aðild að ríkisstjórn eða eru í stjórnarandstöðu.

[19:19]

**Sighvatur Björgvinsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Öll lagasetning er barn síns tíma. Þegar við samþykktum breytingar á lögum um stjórn fiskveiða fyrir einu ári þá var það breyting á lögum sem gerði ráð fyrir því að krókaveiðiflotinn yrði tekinn allur undir aflamark og á hann skipt, ef ég man rétt, 5.200 tonnum. Hæstv. sjútvrh. hafði þá lagt til að aflahámarkið yrði miðað við rúmlega 13.000 tonn. Tillagan sem endanlega var gerð eftir að stjórnarflokkarnir höfðu náð um það samkomulagi var að miðað skyldi við aflareynslu síðustu þriggja ára og tekið mið af 21.500 tonnum. Það sem síðan hefur gerst er einfaldlega þetta: Það hefur verið miklu meiri fiskigengd á miðunum ekki síst á hefðbundnum miðum smærri báta heldur en nokkurn óraði fyrir og þeir hafa gert sig samseka um þann glæp, ef glæp skyldi kalla, að taka þeirri fiskgengd og skila aflanum að landi.

Það er því alveg ljóst að fiskstofnarnir eru í uppsveiflu og ég man vel eftir því að fyrir einu ári síðan

efuðust forsvarsmenn smábátamanna um að miðað við þá 136 sóknardaga sem þá var úthlutað yrði mögulegt að ná 21.500 tonna heildarársafla. En þeim hefur tekist að ná 50% meira vegna þess að það er miklu meiri fiskur í sjónum. Alþingismenn verða auðvitað að beygja sig fyrir staðreyndum og miða við þann tíma og þá reynslu sem fyrir liggur og það erum við að gera með því að taka tillit til aflareynslu krókaveiðiflotans á því fiskveiðiári sem er nú að ljúka með sama hætti og við fyrir ári síðan tókum mið af aflareynslu krókaveiðiflotans á viðmiðunarárunum þar á undan.

[Fundarhlé. — 19:22]

[20:29]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég ætla hér annars vegar að mæla fyrir brtt. frá sjútvn. á þskj. 89. Sjútvn. hafði til skoðunar nokkur erindi sem nefndinni höfðu borist frá ýmsum aðilum í sjávarútvegi og vörðuðu lagfæringar á atriðum í löggjöf sem viðkomandi aðilar búa við. Varð samkomulag um að taka eina slíka ósk til meðferðar og flytja brtt. Hún er um það að setja inn sambærileg ákvæði varðandi heimildir til að fara fram yfir í úthlutuðu aflamarki úthafsrækju og reyndar einnig innfjarðarrækju. Ákvæðin í gildandi lögum eru þannig að það er heimilt að geyma veiðiheimildir eða aflamark í úthafsrækju en ekki að taka fram fyrir sig eitthvað af væntanlegum veiðiheimildum næsta árs. Þarna er ekki fullt samræmi á milli meðhöndlunar þessarar greinar og annarra kvótabundinna tegunda. Þannig mega menn til að mynda bæði geyma og fara fram yfir í flestum öðrum tegundum sem bundnar eru aflamarki.

Þegar þetta hafði verið skoðað sáu menn ekki rök til annars en að það mætti með sambærilegum hætti fara eitthvað fram yfir ef þannig stæði á svo menn gætu lokið veiðiferð og þyrftu ekki að stemma þetta af upp á kíló.

Við leggjum til með brtt. á þskj. 89 að 4. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

„Þá er heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar“ — það er óbreytt en síðan bætist við — „og úthafsrækju og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.“

Ástæðan fyrir því að hér er farið vægar í sakirnar gagnvart innfjarðarrækjunni er sú að af líffræðilegum ástæðum er talið nauðsynlegt að fara þar varlega, þar séu sveiflur meiri og stofnar náttúrlega staðbundnir og rétt að vekja athygli á því að í því tilviki er ekki um heimild að ræða til að geyma ónýttan kvóta milli ára.

Um þetta varð sem sagt fullt samkomulag. Það kom reyndar einnig fram síðbúin ósk um að sambærileg breyting yrði gerð hvað varðaði hörpudisk en nefndin hafði ekki aðstöðu til að fara ofan í það mál og verður það að bíða betri tíma, haustsins eða síðar, að athuga það mál.

Ýmis önnur erindi bárust nefndinni og var gerð grein fyrir því við 2. umr. málsins. Af ýmsum ástæðum náðist ekki samkomulag um eða var ekki aðstaða til að taka fleiri til greina en þetta sem ég geri hér grein fyrir og er mál með öllu óskylt því sem hér hefur aðallega verið til umræðu og ég ætla nú að koma að en það varðar þetta frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og þær takmarkanir sem þar er verið að gera á sóknarheimildum smábáta eða krókaleyfisbáta.

Ég verð að segja það, herra forseti, að ég harma það auðvitað að sú vel útfærða brtt. sem við í minni hlutanum lögðum fram um róðrardagakerfi, sem ég held að hafi í öllum aðalatriðum verið í samræmi við þær hugmyndir sem njóta yfirgnæfandi stuðnings varðandi þá tilhögun, skyldi ekki ná fram að ganga. Ég vísa til þeirrar útfærslu sem þar var lögð til. Þar voru lagðir til 100 róðrardagar hið minnsta miðað við núverandi aflahámark í þorski í landinu, þ.e. þessi u.þ.b. 150.000 tonn, og að þeir róðrardagar byggðu á frjálsu vali innan fiskveiðiársins þannig að mönnum væri í sjálfsvald sett hvernig þeir spiluðu úr þeim möguleikum sem þessi dagafjöldi gæfi mönnum. Stjórnvöld hefðu á hinn bóginn heimildir til að draga úr afköstum ef svo bæri undir og nauðsynlegt þætti til að mynda með því að takmarka möguleika manna til að gera út á línu og beina þá sókninni meira á krókaveiðarnar einar saman.

Ég er alveg sannfærður um að með þeim ströngu reglum sem hér er verið að leiða í lög og varða endurnýjun á smábátum og stýritækjum af þessu tagi væri hægur vandi að ná fullnægjandi jafnvægi hvað varðar sóknargetu þessa hluta flotans. Og það mundi ekki færa neitt úr lagi á Íslandsmiðum þó að sókn þessa hluta flotans, sem þá er búið að loka og takmarka, bátafjöldinn getur ekki aukist þvert á móti mun hann væntanlega minnka á næstu árum vegna uppkaupa Þróunarsjóðs og afkastagetan minnka í gegnum endurnýjun með þeim ströngu reglum sem þar er búið að setja inn, hvað sem um þær má svo segja að öðru leyti, þá væri með svona róðrardagakerfi og heimild til að takmarka afköstin í línuveiðunum enginn vandi að hafa þessa hluti í sæmilegu jafnvægi. Ég held að það sé langheppilegasta kerfið að vera ekki að hengja sig í einhvern tonnafjölda upp á kíló eða grömm og láta það einfaldlega ráðast af aflabrögðum og gæftum í bland við þessi stjórntæki hvar á bilinu kannski 18.000–30.000 tonn þessi afli lægi að meðaltali á hverju ári.

Það er eðlilegast og í samræmi við þá stýringu sem menn eru að burðast við að hafa á þessum hluta flotans og það er að mörgu leyti ósættanlegar andstæður að byggja á sóknartakmörkunum annars vegar og einhverju föstu aflaþaki hins vegar. Það mun alltaf rekast á með miklum vandræðum eins og reynslan sýnir. Ég held líka að ef menn kæmu þessu þaki út úr myndinni mundi það hafa einn mjög stóran kost í för með sér: Að menn mundu hætta að rífast um það aftur á bak og áfram hvort einhver tonn hefðu verið tekin af einum og færð til annars. Það er ákaflega leiðinlegur sá hugsunarháttur sem hefur fylgt því að taka svona þak inn í stjórnun á sókn þessa hluta flotans sem á þó að nafninu til að geta róið á grundvelli sóknartakmarkana.

En því miður reyndist ekki samstaða um það hér á

Alþingi eða af einhverjum öðrum ástæðum sem best er að láta liggja milli hluta þá birtist ekki í atkvæðagreiðslum sá meiri hluti sem ætla mátti af yfirlýsingum manna og ræðuhöldum að væri fyrir hendi til að leiða í lög nákvæmlega svona kerfi. En það er jú þetta sem menn hafa talið sig vilja, menn hafa lýst því yfir að þeir vilji beita sér fyrir og ekki síst var á þessu geysilega mikill áhugi rétt fyrir kosningarnar eins og kunnugt er víða.

Síðan bárust þær fréttir, herra forseti, í gær og gærkvöldi að nú væri meiri hlutinn að ná saman um enn eina brtt. og þar ætti að leiða í lög róðrardagakerfi frá 1. febr. nk. Ónefndir fjölmiðlafulltrúar meiri hlutans hér á Alþingi eins og hv. þm. Kristján Pálsson tóku það að sér óbeðnir að koma því á framfæri við fjölmiðla að nú væru tímamót að verða í málinu og róðrardagakerfið yrði lögleitt 1. febr. og þar með væri bara sigur unninn í málinu. E.t.v. hefur hv. upplýsingafulltrúi meiri hlutans verið orðinn leiður á því að framsóknarmenn á Suðurnesjum væru að eigna sér eitt og annað í þessu máli og hugsanlega farið að fara í taugarnar á hv. þm. blaðaútgáfa og annað því um líkt sem þar hefur verði á ferðinni. Auðvitað biðum við spennt eftir því að fá upplýsingar um það hvað þetta fæli nú í sér. Hvað ætti að lögfesta frá og með 1. febr. Og vel að merkja er það auðvitað fagnaðarefni í sjálfu sér ef menn eru þó að manna sig upp í það að setja einhverja fasta punkta í þetta mál en hafa það ekki allt saman hangandi í óvissu. En hrifningin minnkaði mjög þegar maður áttaði sig á því hvað það er sem samkvæmt þessum tillögum á að taka gildi 1. febr. því það er róðrardagakerfi í skötulíki. Það er algerlega búið að gelda það fyrirkomulag í raun og veru með þeim þröskuldum og takmörkunum sem inni í því eru samkvæmt tillögum meiri hlutans. Og það læðist að manni sá grunur að höfundarnir eða einhverjir sem hafa komist í það að véla um þetta hafi þetta viljandi eins klúðurslega úr garði gert og nokkur kostur er þannig að þetta verði allt saman meira og minna í skötulíki og halaklippt.

Það var stundum farið í orðaleiki í minni sveit, herra forseti, ég veit ekki hvað flokkast undir leyfilega orðanotkun hér að segja að eitthvað sé eins og halaklipptur hundur. Það er náttúrlega orðaleikur því eins og kunnugt er eru hundar ekki með hala. En mér datt það í hug þegar ég fór að skoða útfærsluna á þessu fyrirkomulagi, því miður.

Þar kemur náttúrlega til í fyrsta lagi að róðrardagafjöldinn er svo takmarkaður frá byrjun vegna þess hvernig viðmiðunin er útfærð að þetta geta aldrei orðið annað en harmkvæli. Róðrardagarnir byggja á svo mikilli gengisfellingu frá þeim veiðidögum innan banndagakerfisins sem miðað er við að þeir eru frá byrjun stórlega niðurskornir. Og hefur þó meiri hlutinn í dag tekið þeim sönsum að lækka þá viðmiðun eða draga úr gengisfellingunni sem nemur 6%. Upphaflega tillagan og brtt. við 2. umr. gerðu ráð fyrir að róðrardagafjöldinn yrði 60% af veiðidögum sem hefði orðið í óbreyttu banndagakerfi, hvaða vísindi sem lágu nú svo sem á bak við það að þeir væru þetta miklu verðmætari til sóknar en veiðidagar í banndagakerfi. Nú hefur þessu verið breytt í 66%, þ.e. fjöldi róðrardaga verður 66% af því sem veiðidagafjöldinn hefði verið á hverju tímabili í banndagakerfinu.

En það er ekki búið með gengisfellingarnar samt því að síðan er róðrardögunum deilt niður á fjögur tímabil sem náttúrlega dregur sjálfkrafa strax í byrjun stórlega úr hagkvæmninni og skynseminni í því að vera yfirleitt með róðrardagakerfið. Ef menn hins vegar ætla að flytja róðrardaga af vetrartímabilunum yfir á sumarið þá eru þeir dagar gengisfelldir um helming. Það hefði þótt þokkalega merkileg gengisfelling þegar verðbólgan var upp á sitt besta. Þetta þýðir til að mynda að trillukarl sem ákveður nú að reyna að gera sér sem mest úr þessum róðrardögum með því að stunda sjó af kappi á sumartímabilunum, 3. og 4. tímabili fiskveiðiársins, og ákveður að leggja sínum bát yfir veturinn og reyna hugsanlega að skapa sér tekjur af einhverju öðru, við skulum segja að hann vinni í loðnubræðslu ef hún er til staðar á hans heimastað yfir vetrartímann og rói svo á sínum bát yfir sumartímann, verður að sæta helmings gengisfellingu á öllum róðrardögum vetrarmánaðanna og fer niður í eða niður fyrir 60 róðrardaga. Og það er ekki orðið merkilegt að nýta sitt atvinnutækifæri, stunda sína vinnu í 60 daga á ári.

Ég býst við því að ef róðrardagakerfið hefði verið sæmilega úr garði gert þá hefðu til að mynda margir smábátasjómenn norðan lands valið það að nýta sína róðrardaga fyrst og fremst yfir sumartímann. Sjósókn er mjög erfið frá stöðum um norðan og norðaustanvert landið yfir háveturinn, það þekkja menn. Grímseyingar komust niður í 4 eða 5 daga á sjó á öðru tímabilinu í vetur. Það var öll sóknin sem þeir gátu stundað. Miðað við slíkar ógæftir væri augljóslega hagstætt að leggja bátunum yfir þann tíma og nota róðrardagana á sumrin en þá er mönnum boðið upp á þessa kosti.

Þetta eru slumpureikningar. Það liggja engin vísindi, engin sanngirnisrök á bak við það að byrja á því að gengisfella róðrardagana borið saman við veiðidagana í banndagakerfinu um 36% og gengisfella svo þá daga sem fluttir eru af vetrartímabilinu yfir á sumarið um helming. Hver eru rökin? Hvaða mælingar liggja á bak við það til að mynda að þetta komi svipað út varðandi afkastagetu í flotanum eins og banndagakerfið hefði gert? Er þetta byggt á talningu um að menn hafi að meðaltali komist tvo daga af hverjum þremur á sjó eða eitthvað því um líkt? Mér er ekki kunnugt um það. Og það er afar slæmt að vera með ákvörðunaratriði í viðkvæmum hagsmunamálum af þessu tagi sem byggja ekki á betri efnislegum grundvelli en þetta. Það verður ekki annað séð en þarna hafi menn bara skotið algerlega út í loftið og giskað á eitthvað. Þetta væri svona um það bil mátulegt. Eigum við ekki bara að gengisfella þetta um 40% og þetta um 50% o.s.frv. Þetta er ekki mjög trúverðugt, satt best að segja.

Auðvitað geta menn sagt að það komi svo í ljós í fyllingu tímans hvort menn hafa hitt á þetta eða ekki og hægt sé að fjölga eða fækka róðrardögum á komandi árum en það tekur þá meira en ár að leiðrétta það aftur. Það gerir það vegna þess hvernig þetta viðmið-

unarapparat er úr garði gert. Þetta, herra forseti, held ég að sé afar slæmt og ég trúi ekki öðru en menn séu tilbúnir til þess þó að það verði að gerast síðar, úr því sem komið er að við erum komin að lokaafgreiðslu þessa máls, að skoða þetta eitthvað og velta því fyrir sér: Er ekki hægt að búa þetta betur úr garði? Þarf að leggja svona áþján á menn ofan á allt annað? Er það til að mynda nauðsynlegt að nánast neyða menn til þess að vera við þetta allt árið og reyna þannig að nýta þessa fáu róðrardaga vetrartímabilanna vegna þess að annars séu þeir gengisfelldir um helming? Jafnvel þó að það væri miklu þægilegra og einfaldara fyrir menn að færa þessa róðrardaga saman á tvö tímabil og geta þá verið við þetta af fullum krafti og reynt að sinna einhverju frekar þar fyrir utan.

Þetta held ég að sé afar vanhugsað svo að ekki sé meira sagt. Ég skil ekki heldur rökin fyrir því að vera yfir höfuð að stjórna því eða skipta sér af því á hvaða tíma innan fiskveiðaársins menn nýta sína róðrardaga. Hvers vegna má það ekki vera frjálst? Hver eru rökin? Ég bið talsmenn meiri hlutans eða hæstv. sjútvrh. að reyna að útskýra það hér. Ég hef ekki heyrt þau enn þá. Einustu rökin gætu verið þau að menn segðu sem svo að með því að menn gætu hvar á landinu sem er valið sér hagstæðasta tímann til róðra miðað við aflabrögð og möguleika þá verða afköstin eitthvað meiri, segjum 5% eða 10% meiri, og þá breyta menn ósköp einfaldlega því með því að fækka róðrardögunum á næsta ári. Það er ekki nokkurt vandamál en sóknin væri í því munstri sem hagkvæmast væri fyrir alla aðila. Ég sé ekki hvaða tilgangi þetta þjónar og held að það sé slæmt að byrja með þetta reyrt niður í þetta tímabilafar.

Ég ætla svo, herra forseti, að ræða aðeins um hið mikla eftirlitsvandamál sem hér var í fyrstu kynnt sem óyfirstíganlegur þröskuldur í sambandi við það að menn mættu sækja á grundvelli róðrardagakerfis og það yrði ekki unnt að taka upp það fyrirkomulag fyrr en gervihnattatæknin hefði náð þvílíkri fullkomnun að hægt væri að fylgjast með mönnum á nóttu sem degi, hvar þeir væru staddir á sínum bát árið um kring og setja upp sérstaka vaktstöð og skrá þetta allt saman jafnóðum og fylgjast með þessu eins og þetta væru herþotur í árásarleiðöngrum eða eitthvað því um líkt. Svo fóru menn að ræða þetta mál og velta því fyrir sér og spá í það hvort ekki væru til einhverjar aðeins auðveldari aðferðir og nú hafa þau stórtíðindi gerst að meiri hlutinn hefur komist að þeirri niðurstöðu og fengið meira að segja efasemdarmanninn mikla, sem þurfti að hlífa af sérstökum ástæðum eins og kunnugt er, hvers viðkvæmu tilfinningar þurfti að gæta, til að fallast á að það sé sennilega í lagi að ákveða bara að taka þetta upp 1. febr. og menn verði þá bara að leysa þetta eftirlitsmál einhvern veginn jafnvel þó svo illa takist til að gervihnattatæknin verði ekki komin í gang 1. febr.

Þetta er stórkostleg framför í málinu og sérkennilegt að það skyldi taka menn allan þennan tíma að átta sig á þessu. Og nú er sagt í brtt. meiri hlutans að ráðherrar skuli í kjölfar þess að láta fram fram könnun á þeim kostum sem fyrir hendi eru til fjareftirlits, semja um þetta eftirlit með einhverjum öðrum fullnægjandi hætti þangað til það kemst í gang. Þetta var það sem lá á borðinu að gera strax í byrjun og ég fagna því að þarna hafa orðið sinnaskipti og tekið er undir okkar tillögur í þessum efnum.

Síðan vil ég segja það, að ég held að ef menn vilja leita tæknilegra lausna í þessum efnum, þá séu til margar auðveldari og ódýrari aðferðir en þær sem menn hafa verið að hengja sig í í þessu gervihnattaþrugli öllu en það er alveg óskiljanlegt hvernig það komst inn í myndina að ekki væri nokkur leið að hafa eftirlit með þessum þætti atvinnustarfsemi í landinu nema í gegnum gervihnetti af öllum sköpum hlutum. Mér hafa sagt rafeindavirkjar og sérfræðingar í bænum að það sé ekki nokkurt minnsta vandamál að leysa þennan eftirlitsþátt mun ódýrarar og einfaldar en menn hafa hingað til verið að tala um, þ.e. með sambærilegum hætti og ýmsar upplýsingar eru t.d. skráðar í flugvélum í lítinn svartan kassa sem geymdur er um borð í viðkomandi farartækjum. Það sé ekkert því til fyrirstöðu að setja lítinn tölvukubb í hvern bát með minni sem skráir tilteknar upplýsingar og geymir þær og af þeim geti eftirlitsmenn lesið á þriggja mánaða fresti eða eitthvað því um líkt, prentað út á strimil og þannig fái menn skráningu dag frá degi á því hvar viðkomandi bátur var. Þetta mundi einfaldlega byggja á litlum tölvuheila og einhvers konar skynjun um borð í bátnum sem annaðhvort mundi mæla hreyfingar eða mæla með einhverjum öðrum fullnægjandi hætti hvort báturinn væri bundinn í höfn eða á veiðum.

Með svona tækni þarf enga gervihnetti, engar landstöðvar, enga vakt, ekkert eftirlit annað en eftirlitsmenn sem færu um hafnir landsins og tækju af og til tékk á því út af heilum viðkomandi báta hvar þeir hefðu verið staddir t.d. undanfarna þrjá mánuði. Það mætti svo bera saman við skýrslu sem menn færðu um sína sókn, landlegur og róðrardaga og stemma það af og hafa með af því þannig eftirlit með því að allt væri með felldu er einfalt og ódýrt. Búnaðurinn þyrfti e.t.v. ekki að kosta nema 25–30 þús. í hvern bát og uppbygging kerfisins og starfræksla væri til muna ódýrari og einfaldari heldur en aðrar hugmyndir sem menn hafa verið að ræða um og allur sá kostnaður í formi búnaðar og starfrækslu félli til innan lands í staðinn fyrir að í hinu fína gervihnattaeftirlitskerfi þarf að flytja inn dýran búnað, það þarf að borga fyrir samskiptin við gervihnöttinn og það fylgir kerfinu umtalsverður rekstrarkostnaður.

Þegar maður fær svona upplýsingar og reyndar fleiri sem við höfum fengið í sjútvn. eða einstakir nefndarmenn hafa aflað sér þá undrast maður það satt best að segja að allt þetta rugl um eftirlitið skyldi nokkurn tíma verða borið á borð fyrir menn. Eða var það þannig að menn vissu ekkert hvað þeir voru að tala um, kynntu sér ekki málin, gripu þetta hálmstrá að það væri hægt að fara út í þessa stýringu vegna þess að það skorti eftirlit? Var það bara af því að það hentaði mönnum að segja það? Ég leyfi mér að segja, herra forseti, að vonandi fyrirgefst manni þó að það læðist

að manni sá grunur að allar þessar viðbátur, allir þessir óskaplegu erfiðleikar sem menn fundu í þessu sambandi og fundu þessu til forráttu hafi að einhverju leyti sprottið af því að menn voru einfaldlega á móti því að það yrði boðið upp á þetta sem valkost yfir höfuð og ætluðu sér að þvinga það fram meira og minna að þessi floti lenti á aflamarki vegna þess að valkosturinn á móti væri óaðlaðandi banndagakerfi með stórkostlegri fjölgun banndaga.

Herra forseti. Ég hef eftir að hafa skoðað eftirlitsþáttinn og fengið um það mál meiri upplýsingar ekki nokkrar minnstu áhyggjur af því að það er bæði tæknilega og praktískt auðvelt verk að ganga þannig frá því máli að það verði ekki til fyrirstöðu upptöku róðrardagakerfis og þó fyrr hefði verið en 1. febr. nk. (Gripið fram í.) Nei, það þarf ekki að merkja sjómennina, hv. þm. (Gripið fram í.) Það er nú hugsanlegt að sjómennirnir fari af og til úr bátunum þannig að það er kannski rétt að hafa kassann í bátnum en ekki á sjómanninn því að við ætlum ekkert að fara að fylgjast með því hvort sjómaðurinn bregður sér hér og þar þegar hann er í höfn. Það er þeirra mál hvort þeir sofa alltaf í bátnum eða einhvers staðar annars staðar.

Hins vegar er það svo sem þekkt að merkja lifandi fyrirbæri, samanber álftinar sem flugu yfir hafið með gervihnattasenditæki og menn fylgdust með því spenntir hvar þær voru staddar á miðunum. Það var svolítið spaugilegt þegar menn voru að tala um að það vantaði þetta eftirlit og tæknin væri ekki orðin nógu þróuð, þá höfðu menn alveg gleymt álftunum sem þeir fylgdust með og vissu á hvaða þúfu í álftaverinu þær sátu í það og það skiptið.

Öll þessi tækni er fyrir hendi og spurningin er fyrst og fremst um val, hvað er praktískast. Í framtíðinni er ekki nokkur vafi á því að best væri að þetta eftirlitskerfi, ef það á þá endilega að vera og þarf að vera, verði samræmt við sjálfvirka tilkynningarskyldu. Það er draumurinn að í framtíðinni verði fyrir hendi sjálfvirk tilkynningarskylda á öllum fiskiskipum sem sendi merki með nægjanlega reglulegri tíðni til þess að unnt sé að fylgjast með því hvar skipin eru af öryggisástæðum. Hvort sem menn nota svo þær upplýsingar til einhverra annarra hluta er annað mál og gæti reyndar orðið viðkvæmt mál hvort það öryggiseftirlitskerfi eigi nokkuð að blandast saman við stjórn fiskveiða og ég tala ekki um til að mynda störf Landhelgisgæslunnar en ekki ætla ég lengra út í þá sálma.

En sem sagt, herra forseti, aðalvonbrigðin eru þau að þó að það sé í sjálfu sér gott að meiri hlutinn hefur mannað sig upp í að setja þarna inn fast gildistökuákvæði þá er því miður hið svokallaða róðrardagakerfi sem þá á að taka við allt í skötulíki, bæði hvað útfærsluna snertir og svo líka það að viðmiðunin er frá byrjun mjög óhagstæð. Róðrardagafjöldinn er svo lágur að það mun augljóslega þýða mikil harðindi fyrir þessa útgerð í landinu.

Þá, herra forseti, fer nú ekki að verða mikið annað eftir en setja amen á eftir efninu. Ég held að þau sjónarmið sem uppi eru í þessu máli hafi flest komið til skila, a.m.k. af minni hálfu og ég hafi svo sem ekki ýkja mörgu við þetta að bæta fyrir utan einhver almenn orð. Það er auðvitað þannig að þegar maður fer aðeins yfir söguna í sambandi við hlutdeild smábátaútgerðarinnar í öllu þessu ferli, allt frá 1983 þegar kvótinn var tekinn upp og takmarkanir í því formi komu yfir í íslenskan sjávarútveg þá er það með miklum endemum og miklum ólíkindum hvernig það hefur allt saman gengið til og það er ekki nokkur leið fyrir okkur hv. alþingismenn og stjórnmálaflokkana í landinu annað en horfa í eigin barm og axla þá ábyrgð sem menn bera af því hvernig þetta hefur tekist. Þessu hefur meira og minna öllu verið klúðrað. Það er staðreynd. Og ábyrgðin liggur mestmegnis hjá hinu pólitíska valdi og að hluta til á framkvæmdarvaldinu sem farið hefur með þetta á hverjum tíma.

Það er alltaf auðvelt að vera vitur eftir á. Það getum við öll verið og sagt að við hefðum betur lokað þessu fyrr og við hefðum betur komið í veg fyrir stjórnlausa fjölgun smábáta og stjórnlausa afkastaaukningu í greininni sem núna leiðir miklar takmarkanir yfir þennan útgerðarflokk, þar með talið þá sem hafa stundað þessa atvinnugrein og haft hana að ævistarfi um árabil eða áratuga skeið sem og auðvitað aðra sem eru yngri í greininni. En við breytum ekki því sem liðið er. Við stöndum frammi fyrir tilteknum aðstæðum og við verðum að gera það besta úr þeim. Okkur ber kannski óvenjurík skylda til að finna færar leiðir í því sambandi vegna þess að stjórnvöld bera mikla ábyrgð á því hvernig komið er. Og hver á þá að vera vinnureglan, hver á að vera viðmiðunin? Hún hlýtur að vera sú að tryggja mönnum afkomu og starfsgrundvöll í þessari grein. Það getur ekki verið þannig að menn ætli að dæma yfir menn aðstæður sem eru ólífvænlegar þannig að menn geti ekki haft afkomu, tekjur, og rekið sína atvinnustarfsemi við þær aðstæður sem þeim eru skammtaðar. Ég held að það hljóti allir að sjá að þegar verið er að dæma menn til þess að nýta ekki sín atvinnutæki og sjálfa sig með nema í 60–80 daga á ári þá eru menn komnir í mikið óefni. Mér er sem ég sæi einhverja aðra grein í landinu una því að mega vinna í 60 daga, verksmiðjueiganda sem mundi sætta sig við að mega ekki starfrækja sína verksmiðju, hafa vélarnar í gangi, nema í 60 daga. Eða verslunareiganda, umboðsmenn hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Ég held að þeir yrðu kátir, kaupmennirnir, ef þeir mættu hafa opið í 60 daga á ári. Ég er hræddur um ekki. Eða bændurnir á Suðurlandi, umbjóðendur hv. þm. Guðna Ágústssonar, ef þeir mættu mjólka kýrnar 60 sinnum á ári. Ég er hræddur um að það þætti ekki gott. Það mundi að vísu skapa ýmis önnur vandamál sem eru ekki skyld þessu máli. (**GÁ:** Kýrnar mundu gera uppreisn.) Kýrnar mundu gera uppreisn já, það er rétt.

En þetta er auðvitað svona. Menn hljóta að sjá það að hér eru að koma upp aðstæður sem ekki ganga. Við verðum að reyna að komast út úr þessu ástandi og yfir í það fyrirkomulag að menn geti nýtt þessi tæki með eðlilegum hætti og haft af því afkomu að stunda þessa grein. Ég er alveg sannfærður um það að fyrir utan félagsleg og byggðaleg rök þá eru mikilvæg hagkvæmnisrök og líffræðileg rök fyrir því að smábátaútgerð og

bátaútgerð eigi að vera drjúgur hluti af útgerðarmunstrinu í landinu. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt og verðmætt að varðveita það munstur og þá breidd og fjölbreytni sem í gegnum það skapast í okkar sjávarútvegi. Og ég hef í raun og veru ekki heyrt nokkurn mann tala fyrir öðru en því að þessi hluti af sjósókninni eigi að geta varðveist og viðhaldist. En þá verðum við að gæta þess að aðstæðurnar séu þannig að það geti orðið. Ég óttast það mjög að það muni ganga stórlega á þennan hluta útgerðarinnar á næstu missirum ef mönnum verður gert að starfa við þessar aðstæður. E.t.v. mun á einhverju árabili í gegnum starfrækslu úreldingasjóðs og í gegnum hinar ströngu endurnýjunarreglur draga þannig úr afköstunum að eftir 3, 5 eða 8 ár yrði staða manna á nýjan leik orðin eitthvað skárri, róðrardagarnir komnir upp í 120, 150 eða því um líkt. En er þá víst að þeir sem ætla að þrauka geti lifað það af, beðið eftir því? Ég er ekki viss um það.

Að lokum, herra forseti, segir mér svo hugur um að við séum ekki að sjá fyrir endann á þessu máli. Það skyldi ekki fara svo að strax á haustþinginu komi þetta mál upp á nýjan leik með einhverjum hætti ósköp einfaldlega vegna þess að þegar mönnum verður alvara málsins ljós, þegar menn til að mynda sjá hver aflinn verður endanlega á þessu fiskveiðiári og þar með liggur fyrir endanlegur útreikningur á því hvaða róðrardagar koma á hverju tímabili næsta fiskveiðiárs, þá renni á menn tvær grímur að dæma það yfir menn. Þá er rétt að muna eftir því og ágætt að vita af því að lögum er hægt að breyta og það er hægt að taka svona mál aftur til skoðunar og einhvern veginn segir mér svo hugur um að við séum ekki að ræða málefni smábátaútgerðarinnar í síðasta sinn á Alþingi núna.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Forseti vill geta þess að skrá um þá hv. þingmenn sem nú eru á mælendaskrá verður lögð fram hér í hliðarherbergjum og við þingpalla.

[21:02]

**Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):**

Virðulegi forseti. Mín skoðun er sú að lögin um stjórn fiskveiða snúist um svo grafalvarlega hluti, hvorki meira né minna en afkomu ekki bara einstakra krókakarla og fjölskyldna þeirra eða heilla byggðarlaga heldur heillar þjóðar, að allar breytingar á þeim lögum þurfi að ígrunda vel og þær þurfi að byggjast bæði á öruggri þekkingu og heildarsýn. En ég óttast að það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gat um hér áðan, að málið væri e.t.v. óhugsað, sé rétt. Hér liggja nú fyrir brtt. við lögin um stjórn fiskveiða frá stjórnarliðum og þær snúa alfarið að 2. gr. þess frv. sem ríkisstjórnin lagði fram eða 6. gr. laganna sjálfra. Hér liggur einnig fyrir tillaga að nýju ákvæði til bráðabirgða sem þeirri grein tengist.

Við 1. umr. og í umfjöllun hv. sjútvn. kom fram hjá flestum sem tjáðu sig um 2. gr. frv. eindreginn vilji til að taka upp róðrardagakerfið sem stjórnkerfi fyrir krókabáta. Sá sami vilji kom skýrt fram einnig við 2. umr. og atkvæðagreiðslu um þær brtt. sem þá komu til atkvæða, svo sem tillögu minni hlutans um að róðrardagakerfi yrði tekið upp strax í upphafi næsta fiskveiðiárs. En sú tillaga var felld, ekki hvað síst á þeim forsendum að ekki væri mögulegt að taka upp róðrardagakerfi þar sem ekki yrðu á þeim tíma forsendur til að halda uppi nægjanlega öflugu eftirliti með sjósókn bátanna. En samkvæmt þeim brtt. sem nú liggja fyrir af hálfu meiri hlutans er það hins vegar ekki lengur forsenda fyrir því að kerfið verði tekið upp, því að eins og segir í brtt. meiri hlutans varðandi upptöku kerfisins, með leyfi forseta:

„Skal að því stefnt að kerfi er hafi virkt eftirlit með nýtingu sóknardaga báta sem krókaveiðar stunda verði komið á fyrir 1. febr. 1996. Takist það ekki skal ráðherra með reglugerð kveða á um tilkynningarskyldu og eftirlit með þessum veiðum með öðrum hætti sem hann telur fullnægjandi."

Hér er sem sagt vikið frá þeirri forsendu sem menn höfðu fyrir því að ekki væri hægt að koma róðrardagakerfi á strax í upphafi næsta fiskveiðiárs. Þetta þýðir með öðrum orðum að meiri hlutinn er búinn að ákveða að taka róðrardagakerfið upp 1. febr. án tillits til þess hvort eftirlitstæknin leyfir eftirlit eða ekki. Þá hlýt ég að spyrja: Af hverju er það þá ekki tekið upp strax við upphaf fiskveiðiársins eins og minni hlutinn lagði til ef menn eru hvort eð er horfnir frá því sem grundvallaratriði að fjareftirlit þurfi til?

Samkvæmt þeim tillögum, sem nú liggja fyrir er mönnum gert að byrja í banndagakerfi og flytjast síðan yfir í róðrardagakerfið 1. febr. nema þeim sem velja aflahámarkið og mega endurvelja næsta sumar. Einfaldara og viðurhlutaminna væri að menn veldu bara róðrardaga strax í upphafi næsta fiskveiðiárs. Og í ljósi þeirra nýju viðhorfa meiri hlutans að fjareftirlitið sé ekki lengur grunnforsendan hefði það auðvitað verið rökréttara.

Sömuleiðis er í brtt. meiri hlutans reynt að mæta þeim vilja sem fram hefur komið og almennt var gengið út frá í upphafi umræðunnar um róðrardaga og fram kom í brtt. minni hlutans sem felld var við 2. umr., að menn gætu sjálfir valið sína róðrardaga. Þar er þó gengið afskaplega skammt því að einungis er gert ráð fyrir því að menn geti flutt frá 1. og 2. tímabili yfir á 3. og 4. tímabil, þ.e. frá hausti og vetri yfir á vor og sumar. Þýðir það þá jafnframt 50% skerðingu á dagafjölda og menn verða að flytja alla dagana. Reyndar er jafnframt lagt til að ráðherra geti með reglugerð leyft flutning milli annarra veiðitímabila en varðandi það er allt afskaplega óljóst. Það er ekki á hreinu hver hugsunin er varðandi það hvort þeir dagar sem fluttir verða frá sumri og yfir á vetur, ef einhver kýs svo, verða gengisfelldir eða hvort þeir verða margfaldaðir. Það er ekki ljóst hvort það verða allir dagarnir sem menn verða þá að flytja eða einungis einhverjir þeirra þannig að ýmsum spurningum er ósvarað.

En það verður ekki séð að það breyti miklu fyrir fiskvernd eða veiðistjórnun þó að menn ættu þess einnig kost að flytja daga frá vori og sumri til hausts og veturs ef þeir eru þannig í sveit settir að það hent-

aði betur eða að þeir flyttu hluta af dögum sínum. En eins og kunnugt er var það talinn hvað síst tilgangur róðrardagakerfisins og talinn til sérstaks gildis að menn gætu lagað sóknina að því sem passaði með tilliti til aðstæðna.

Hér virðist þess viðhorfs gæta í allt of ríkum mæli, virðulegi forseti: Af hverju að hafa hlutina einfalda ef hægt er að hafa þá flókna? Það er vond löggjöf sem þannig er saman sett. Eigi að síður er það svo að flest af því sem lagt er til er þó til bóta í málinu eins og það stóð eftir 2. umr. og hefur meiri hlutinn þannig nálgast viðhorf minni hluta sem því nemur og er það vel svo langt sem það nær. Þó vakir enn sá ótti minn að ýmis þau ákvæði sem hér þyrftu betri skoðunar við muni reynast þess háttar viðbót við lögin um stjórn fiskveiða að þau verði aftur komin inn á borð hv. sjútvn. í haust. Þrátt fyrir góðan vilja hæstv. sjútvrh. varðandi framkvæmd þessara ákvæða ef þau verða að lögum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rifjaði áðan upp þær tillögur minni hlutans sem sú sem hér stendur var aðili að og voru fluttar við 2. umr. og allar felldar. Hér liggja enn fyrir tillögur mikið til í sömu veru frá þingmönnum sem eru í stjórnarandstöðu. Um þær er ýmislegt ágætt að segja og til þeirra mun verða tekin afstaða við atkvæðagreiðslu. Þær eru að sumu leyti mjög í anda þeirra tillagna sem hér voru felldar við 2. umr. og ég óttast að þeirra bíði sömu örlög, en það verður að segjast eins og er að hv. þm. er þó með þeim tillöguflutningi gefinn kostur á að endurskoða hug sinn til þeirra atriða sem þar koma fram og það mun sjást, virðulegi forseti, við atkvæðagreiðslu um þær tillögur sem hér liggja fyrir.

**Útbýting þingskjala:**

Matvæli, 15. mál, nál. umhvn., þskj. 101; brtt. umhvn., þskj. 102.

Viðlagatrygging Íslands, 43. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 103; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 104.

[21:11]

**Gísli S. Einarsson:**

Herra forseti. Ég mun ekki verða mjög langorður við þessa umræðu. Það væri að vísu ástæða til að mæla þessa umræðu ekki í klukkutímum heldur í dögum, svo mikilvægt er málið, en mér er ljóst að þrátt fyrir að ég telji að það sé verulegur meirihlutavilji í þinginu fyrir breytingartillögum sem hv. stjórnarandstöðuþingmenn hafa núna lagt fyrir, þá geri ég mér ljóst að meiri hlutinn, fylgjandi stjórn, ætlar sér að valta yfir minni hlutann þannig að ég sé ekki ástæðu til að vera með mjög langa ræðu.

Í dag og undanfarna daga hafa komið mótmæli krókakarla og smábátaeigenda í metravís á faxi og í bréfum t.d. eins og þetta, með leyfi forseta:

„Stykkishólmi, 14. júní.

Fundur í smábátafélaginu Ægi í Stykkishólmi með bæjarstjórn Stykkishólms skorar á þingmenn að samþykkja ekki fiskveiðistjórnarkerfi yfir okkur sem gerir okkur ókleift að stunda sjómennsku á bátum okkar sem aðalstarf. Við viljum að tekið verði upp eitt kerfi en ekki tvö til að stjórna sókn þessara báta og eigum þar við róðrardagakerfi. Minnum við þingmenn Vesturlands sérstaklega á loforð þeirra fyrir kosningar í vor varðandi smábáta.

Smábátafélagið Ægir."

Slíkar ályktanir og samþykktir smábátafélaganna út um allt land hafa verið að berast þingmönnum undanfarna daga. Símakvaðningar hafa verið nærri stöðugar til þingmanna sem reynt er að brýna til að fella fyrirliggjandi tillögur um málefni smábáta. Samt liggur það fyrir, herra forseti, nú í dag, í kvöld eða í nótt að komið er að úrslitastund varðandi fyrirliggjandi frv. sem við ræðum núna.

Við 2. umr. taldi ég að rétt væri að fresta öllu málinu til haustþings. Ég er enn á þeirri skoðun. Og menn hefðu átt að vanda sig við vinnuna í sumar fram í október ef einhver meining er til staðar hjá hv. þingmönnum stjórnarmeirihlutans sem boðuðu marktækar breytingar í stjórnunarkerfi fiskveiða og sitja nú beygðir undir ofurvaldi kvótaflokkanna, framsóknar og íhalds.

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að draga til baka ummæli mín frá 2. umr. um hv. þm. Magnús Stefánsson, að hann hafi í kosningabaráttunni marglofað aukningu til aflamarksbáta. Auðvitað var það ekki svo samkvæmt orðanna hljóðan. Þau voru þannig sett fram að það mátti skilja hv. þm. á þann veg, en auðvitað var aðeins um ádrátt að ræða en ekki viljayfirlýsingu eða neina meiningu.

Tillögur meiri hluta sjútvn. hafa reyndar breyst örlítið til betri vegar í meðförum hv. sjútvn. og koma þær nú örlítið í átt til þeirra fyrirheita sem gefin voru við 2. umr. En ég ætla, með leyfi forseta, að vitna til hv. þm. Kristjáns Pálssonar sem sagði í grein í Morgunblaðinu 8. apríl sl., með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Í núverandi lögum um stjórn fiskveiða eru ekki margar leiðir til að koma til móts við erfiða stöðu landróðrabáta og vinnslunnar í landi. Sú leið sem helst kæmi þar til greina er að mínu mati að úthluta til landróðrabáta aflaheimildum Jöfnunarsjóðs (áður Hagræðingarsjóðs), sem ræður yfir um 12 þúsund þorskígildum sem sjútvrh. getur ráðstafað." — Og í framhaldi af þessu: „Stefna Sjálfstfl. er að endurskoða núverandi lög um stjórn fiskveiða þannig að hún tryggi ávallt heildarhagsmuni þjóðarinnar í veiðum, vinnslu og markaðsmálum."

Hvar getur að líta í fyrirliggjandi frv. áhrif hv. þm.? Ég segi það að annað liggur ekki fyrir en yfirklór í frumvarpsformi og það sem vitnað er til. Ef svo er, þá vorkenni ég hv. þm. vesöldina við að koma sínum skoðunum á framfæri.

Mér þykir, herra forseti, lítt leggjast fyrir kappana sem telja sig vera að bylta fiskveiðistjórnunarkerfi hæstv. ráðherra Þorsteins Pálssonar og Halldórs Ásgrímssonar. Með leyfi forseta vil ég vitna til eftirfarandi orða hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar í DV 3. apríl sl., en því miður er þingmaðurinn fjarverandi. En svo segir í þessari grein, með leyfi forseta:

„„Við setjum fram þau skilyrði fyrir stuðningi við

ríkisstjórn að komið verði til móts við kröfur okkar um breytta fiskveiðistjórnun. Við setjum þessa stefnu fram af fullum heilindum og það væri fullkomið ábyrgðarleysi að fylgja þessu máli ekki eftir," segir Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður og efsti maður á lista Sjálfstfl. á Vestfjörðum. Fjórir efstu menn á listanum hafa sett fram kröfu um að tekin verði upp sóknar- og flotastýring. Í framhaldi af því hafa þeir lýst því yfir að þeir muni ekki styðja þá ríkisstjórn sem standi að óbreyttu kvótakerfi."

Menn geta svarað þeirri spurningu sem vaknaði á þessum tíma um hvort þetta væri kosningabomba sjálfir í dag. Hann svarar sjálfur á þann veg 3. apríl sl.: „Okkur er dauðans alvara með þetta mál. Við getum ekki, munum ekki og viljum ekki styðja þá stjórn sem ekki breytir þessu kerfi."

Ég spyr: Hver er að finna fyrirheit í frv. og í tillögum stjórnarliða sem lúta þessum háleitu markmiðum hv. þm., því miður fjarverandi, Einars K. Guðfinnssonar?

Ég vil enn vitna til orða úr þessari sömu grein, með leyfi forseta:

„Þessi mál verða gerð upp á vettvangi Sjálfstfl. og það fer auðvitað eftir pólitískum styrk okkar hvernig til tekst", segir hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson. Og ég spyr hv. þm. sem vilja hugleiða málið: Er eitthvað í fyrirliggjandi tillögum sem lýtur að þeim háleitu markmiðum sem hv. þm. setti hér fram?

Enn fremur og áfram, með leyfi forseta:

„Á sameiginlegum fundi frambjóðenda á Vestfjörðum, sem haldinn var í Bolungarvík á dögunum, lýsti Guðjón A. Kristjánsson, 4. maður á lista sjálfstæðismanna", nú hv. 1. þm. á lista sjálfstæðismanna á Vestfjörðum, „því yfir að hann og aðrir frambjóðendur listans höfnuðu stefnu Þorsteins Pálssonar sjútvrh. og samstarf við Framsfl. væri óæskilegt eftir kosningar."

Hver er svo staðreyndin, hv. þm.? Staðreyndin er sú að það sem ég hef verið að vitna til er ekki annað en kosningabombur, fyrirheit sem ekki hefur verið staðið við og ekki hefur litið dagsins ljós á neinn hátt enn.

Virðulegur forseti. Ég óskaði svara frá hæstv. sjútvrh. við spurningum við 2. umr. um fyrirliggjandi frv. Þeim var ekki svarað. Æskilegt væri, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. hlýddi enn á þær spurningar sem ég ætla enn að brýna hann á og biðja hann um að svara og ég vonast til þess að herra forseti geti gert ráðstafanir til að hæstv. sjútvrh. hlýði a.m.k. á spurningarnar þó að ég geti ekki gert mér væntingar um að hann svari frekar en vant er þegar til hans er beint spurningum í umræðum.

(**Forseti** (GÁ): Forseti mun gera ráðstafanir og gengur þá hæstv. sjútvrh. í salinn.)

Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að koma í salinn og hlýða enn á þær spurningar sem ég hyggst leggja fyrir hann sem eru og blasa við á bréfsefni Landssambands smábátaeigenda og ég vil gera að mínum, með leyfi forseta:

1. Stenst sú framkvæmd ákvæði laga um jafnræði að gera í einni sviphendingu hluta krókaflotans að verðmiklum eignum á sama tíma og hinn hlutinn er gerður verðlaus? Ég segi nei. En hvað segir hæstv. sjútvrh.?

2. Stenst frv. ákvæði stjórnarskrár um atvinnufrelsi og eignarrétt? Ég segi nei. En hvað segir hæstv. sjútvrh.?

3. Er frv. í samræmi við samþykktir sem Íslendingar hafa skrifað undir á alþjóðavettvangi, svo sem Ríó-sáttmálans? Ég segi nei. Hvað segir hæstv. sjútvrh.?

4. Hafa stjórnvöld sýnt fram á að þau hafi undir höndum nægilega traust vísindaleg gögn sem réttlæta lagasetningu á borð við fram komið frv.? Ég segi nei. En hvað segir hæstv. sjútvrh.?

Ég endurtek að því miður er það ekki háttur hæstv. sjútvrh. að svara spurningum sem til hans er beint í umræðum.

Herra forseti. Ég leyfi mér að skora á alla viðstadda þingmenn að styðja brtt. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, Össurar Skarphéðinssonar og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur. Þær eru það sem ég hef trú á að um 70% þingheims geti fylgt ef menn greiddu atkvæði eftir sannfæringu sinni en ekki af tillitssemi við hæstv. sjútvrh. Það eina sem ég held að menn gætu sætt sig við er að þessir 86 dagar, sem er hámarkaður fjöldi sóknardaga, yrðu til frjálsrar ráðstöfunar. Um þetta mundi nást sátt í þinginu. Um þetta held ég að við ættum að gera verið sammála öll ef sjútvn. gæti komið sér saman um slíkt. Ég legg því til, herra forseti, að hv. sjútvn. verði gefið færi á að gera þessar breytingar, að 86 dagar verði til frjálsrar ráðstöfunar fyrir krókakarla, og þá er ég með og ég er sannfærður um að 70–80% af þingheimi munu styðja slíka tillögu.

[21:27]

**Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. alþm. af Akranesi og Vesturlandi, spurði sérstaklega í ræðu sinni um samkvæmni þeirra tillagna sem koma fram í frv. sem hér er til umræðu og brtt. stjórnarsinna í hv. sjútvn. við þau ákvæði sem við Íslendingar höfum undirgengist samkvæmt Ríó-sáttmálanum. Sá sáttmáli fjallar um nýtingu náttúrlegra og lifandi auðlinda innan þeirra marka að þær komist ekki í útrýmingarhættu og geti haldið áfram að skila afrakstri. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. vegna þess að hann skoraði á hv. þm. að fylgja brtt. nokkurra félaga hans við frv.: Ef svo færi eftir að tillagan yrði samþykkt og þeir flyttu sambærilegar tillögur um samsvarandi aukna hlutdeild fyrir aðra báta sem veiða í íslenskri lögsögu, skyldi það verða í samræmi við þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist samkvæmt Ríó-sáttmálanum um að lifandi auðlindir fái að skila afrakstri, fái að vaxa en þeim verði ekki útrýmt?

[21:29]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Í Morgunblaðinu um helgina, á sjómannadeginum, voru 10 síður um þann fisk sem bátaflotinn er að kasta í sjóinn og um þann afla sem menn bera ekki að landi. Í Morgunblaðinu í gær, hv. þm. Árni R. Árnason, er önnur grein sem heitir „Græðgi í

norðri". Í þessu blaði tekur eyfirskur sjómaður mynd af um það bil 70 tonnum sem eru á floti í hafinu. Um leið og hv. þm. getur tryggt að umgengnin um auðlindina verði á annan hátt en hún hefur verið, þá eigum við samleið.

Ég hef, hv. þm., í löngu máli reifað allítarlega á hvern hátt ég tel mögulegt að auka afkastagetu auðlindarinnar. Ég hef sagt: Með verðmætatengingu alls aflans eða þessara 450 þús. þorskígilda er unnt að fá allan afla að landi sem veiðist. Og það er það sem málið snýst um. Ég sagði að ég óskaði eftir því að hv. sjútvn. yrði kölluð saman og hún kannaði hvort ekki væri vilji fyrir því að veiðidagar yrðu 86 frjálsir að eigin vali fyrir krókakarla og við það stend ég að ég tel að það sé 70–80% vilji í þinginu fyrir því. Og það er nægjanlegt svar, hv. þm. Árni R. Árnason.

**Forseti (Guðni Ágústsson):**

Ég vænti þess að áheyrendur á pöllum hafi áttað sig á því þegar að það er bannað að láta viðbrögð í ljós.

**Útbýting þingskjals:**

Stjórn fiskveiða, 28. mál, brtt. 105 ÖS, þskj. 105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:33]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 105. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[21:34]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Hér á sér stað ákaflega merkileg umræða. Það hriktir í stoðum fiskveiðistjórnunar Þorsteins Pálssonar.

Í stefnu Kvennalistans í sjávarútvegsmálum er m.a. lögð áhersla á að 1. gr. laganna um stjórnun fiskveiða sé virk, nefnilega að þjóðin eigi nytjastofnana, og að skylt sé að koma með allan afla að landi og tryggja með öllum ráðum að afla sé ekki hent í sjóinn. Einnig viljum við skipta fiskimiðunum í grunnsjávarmið og djúpsjávarmið og að grunnsjávarmiðin séu fyrst og fremst nýtt af íbúum nærliggjandi svæða. Við viljum að skip yfir ákveðnum stærðarmörkum veiði ekki á grunnsjávarmiðum.

Á meðan ekki er tekið á þeim tveimur meginágöllum aflamarkskerfisins sem snerta ofannefnda þætti, þ.e. að fiskveiðiheimildir, þau gífurlegu verðmæti, eru færðar á æ færri og færri hendur á silfurfati án endurgjalds og að brottkast fisks er jafnmikið hér og annars staðar þar sem aflamark er notað við stjórnun fiskveiða, þá stríðir núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi í grundvallaratriðum gegn stefnu Kvennalistans. Þær aðferðir í fiskveiðistjórnun sem beitt hefur verið hafa hvorki náð þeim tilgangi að stuðla að verndun og uppbyggingu fiskstofnanna né að minnka fiskiskipastól landsmanna sem reyndar skiptir ekki meginmáli fyrir þá sem eru á aflamarki. Með tilliti til þessa annmarka á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi er óhjákvæmilegt að endurmeta stjórnunaraðferðirnar með langtímasjónarmið í huga þar sem horft er til sjálfbærrar þróunar. Kvennalistinn leggur til róttæka endurskoðun á núverandi fiskveiðistjórnun til að ná þeim markmiðum að þjóðin öll njóti afraksturs auðlindarinnar, tryggð sé verndun og uppbygging fiskstofnanna og fiskiskipastóllinn verði rekinn á sem hagkvæmastan hátt. Kvennalistinn hefur lengi haft þá stefnu að tengja beri veiðiheimildir byggðarlögum þannig að auk þjóðarhagsmuna verði tekið mið af byggðasjónarmiðum við úthlutun veiðiheimilda.

Með því að efla veiðar krókabáta eins og gert er í þeim brtt. sem ég studdi við 2. umr. og flutt er af minni hluta sjútvn. og þeim brtt. sem ég flyt nú ásamt þeim Össuri Skarphéðinssyni og Sighvati Björgvinssyni, þá er verið að efla veiðar með vistvænum veiðarfærum og það er verið að auka líkurnar á því að grunnsjávarmiðin séu nýtt af íbúum nærliggjandi byggðarlaga. Ég ætla ekki að endurtaka allt það sem þegar hefur komið fram um þær brtt. sem ég stend hér að, en meginefni þeirra er:

1. Að sóknardagar verði 95 og að heimilt verði að flytja þá á milli árshluta að vild. Þetta ætti að gera þessar veiðar bæði hagkvæmari, skemmtilegri og öruggari en annars og gefa veiðimanninum það frelsi sem hann hlýtur að sækjast eftir.

2. Þá leggjum við til að ef heildaraflamarki hvers árs er breytt samkvæmt ákvörðun sjútvrh., þá skuli fjöldi sóknardaga krókabáta taka hlutfallslega sömu breytingum. Við kvennalistakonur viljum sem sagt efla þessar vistvænu veiðar og þess vegna finnst okkur mjög sanngjarnt að þeir njóti þarna sama bata og aðrir og taki þá væntanlega líka á sig sömu skerðingar.

3. Þá leggjum við til að aflahámark krókaveiðibáta verði hækkað úr 21 þúsund tonni í 31.500 tonn. Og hvers vegna? Er eitthvert réttlæti í því eða hef ég kannski bara orðið fyrir þrýstingi frá þeim ágætu gestum sem hafa verið á pöllunum núna þessa dagana og eru hér nú? Nei, 31.500 tonn er sá afli sem þeir hafa veitt í ár og um leið og ég styð það að efla vistvænar krókaveiðar, þá bendi ég á að þau skip sem eru á aflamarki eru mörg hver mun stærri en krókaveiðibátarnir og þau hafa því mun meiri möguleika en krókaveiðibátarnir til að veiða utan lögsögunnar. Því tel ég fullkomlega réttlætanlegt að tekið sé mið af því að ekki hefur tekist að fækka krókaveiðibátum og að nauðsynlegt sé að horfast í augu við ástandið eins og það er. Með þessu er ég því að velja vistvæn veiðarfæri umfram önnur.

Þó að krókaveiðikarlarnir á pöllunum hafi vafalaust haft einhver áhrif á mín sjónarmið í þessu máli, þá legg ég áherslu á að það sem ég hef fyrst og fremst lært af þeim með því að hlusta á þeirra sjónarmið er hversu margbreytilegur hópur krókaveiðisjómenn eru. Þeir eru á mjög misstórum bátum með mismörg og mismunandi veiðarfæri, þeir eru frá mismunandi landshlutum og hafa því mjög skiptar skoðanir. Ég er því enn þá sannfærðari en áður að stefna Kvennalistans um byggðakvóta sem yrði úthlutað af kjörnum fulltrúum viðkomandi byggðarlaga er mun eðlilegri stefna en að miðstýra öllu héðan frá Reykjavík eða frá Alþingi eða ráðuneytinu. Ég legg áherslu á að ég styð ofannefndar brtt. vegna þess að ég tel að það sé bæði þjóð-

arheill og í samræmi við stefnu Kvennalistans.

Ég hef haft aðstöðu til að kynna mér alþjóðlega umræðu um stjórnun fiskveiða á undanförnum mánuðum og sannfærist æ betur um réttmæti byggðakvóta og um annmarka kvótakerfisins sem er byggt á mjög vafasömum og umdeildum arðsemishugtökum hagfræðinga. M.a. er ég hérna með skýrslu um brottkast, alþjóðlega rannsókn á því, og þetta er fylgifiskur aflamarks út um allan heim og við verðum að taka á þessum vanda.

Kvótakerfið er nú æ víðar gagnrýnt, ekki síst vegna þess hversu miklum afla er kastað. Það má vera að það sé hagkvæmast út frá einhverjum ákveðnum sjónarmiðum, en það þjónar hagsmunum æ færri aðila og því verður aldrei sátt um það kerfi fyrr en krókaveiðar verða stundaðar af meira frelsi og veiðileyfagjaldi verði komið á. Að því mun ég stefna á komandi kjörtímabili.

[21:43]

**Hjálmar Árnason:**

Virðulegi forseti. Það vorar seint á Íslandi nú. Það segja mér ágætir hv. þm. úr landbn. að svo seint komi vorið að sumir bændur hafi ekki náð að hleypa kúm úr fjósi, þeir hafi ekki náð að upplifa þá skemmtilegu stund þegar kúm er í fyrsta sinn á vori hleypt út og horfa á þær skvetta og hamast. En það vorar hjá krötum á Íslandi nokkuð snemma.

Mér komu í hug þessar íslensku kýr eftir að hafa hlustað á ágæta og virðulega þingmenn Alþfl. fara stórum hér í ræðustóli í kvöld líkt og kýrnar á vorin. Þeir hafa blásið af mikilli innlifun og látið hátt og talað skemmtilega og mikinn (**Gripið fram í:** Mikið eftir enn þá.) og eiga ugglaust mikið eftir enn í fórum sínum, enda er vor hjá krötum.

Forsendan í tali hv. þm., einkum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, er sú að núverandi kerfi, svokallað banndagakerfi, sé óalandi, óferjandi og jafnvel drepandi. Það er forsendan og málflutningurinn snýst í kringum þá forsendu. Hv. þm. fjallaði um ferskt minni sitt frá framboðsfundum, en talaði minna um ferskt minni sitt úr ráðherratíð. Mér þykir ástæða til þess að spyrja í framhaldi af þeirri ræðu: Hver ber ábyrgð á því banndagakerfi sem hér hefur verið, hver ber ábyrgð á því?

Það hefur komið fram í yfirlýsingum frá hæstv. sjútvrh. að það er ekki síst fyrir þrýsting frá hv. þm. Alþfl. sem banndagakerfinu var komið á. Og skilji ég það rétt var það hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem greiddi atkvæði með hámarki á afla fyrir krókabáta, jafnvel um aldur og ævi, 21 þúsund tonn. Í átta ár bar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem aðrir hv. alþýðuflokksþingmenn fulla ábyrgð og höfðu stjórn á þessu kerfi sem þeir andmæla svo hressilega og stundum skemmtilega nú þegar þeir eru komnir í stjórnarandstöðu. Ég tel tal af þessum toga vera með eindæmum.

Ég tel það líka vera með eindæmum að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skuli koma hér og saka hv. samþingmenn sína um litla vinnu, fljótfærnisleg vinnubrögð þegar honum sjálfum hefur skolað hér inn á þingið fyrir um það bil tveimur dögum og á þessum tveimur dögum hefur hann afrekað m.a. það að skanna hversu stórir fiskstofnar á Íslandi eru og treystir sér til að koma hér og lýsa stærð þeirra. Þar kunna að leynast þau vísindalegu gögn sem hv. þm. Gísli Einarsson auglýsti eftir áðan. Á þessum tveimur dögum hefur hann og í stund milli stríða eftir hádegi í dag náð að smíða eins og eitt frv. um fiskveiðistjórnun og hann hefur náð að slumpa á einhvers konar útfærslu þess. Ég segi fullum fetum: Ég tel þetta ábyrgðarlaust tal. Ég tel þetta ekki vönduð vinnubrögð.

Mig langar að víkja að því sem fram kom í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar þar sem hann nefnir að veiðar séu nú í sögulegu lágmarki og dregur einfalda ályktun og skýra: Því má um kenna kvótakerfi. Hv. þm. gat þess ekki að á Nýfundnalandi hafa fiskstofnar hrunið, hann gat þess ekki að hið sama hefur gerst við Færeyjar, við Eystrasalt og þannig má áfram telja. Hv. þm. gat þess ekki að fiskifræðingar spá því að jafnvel innan tveggja ára verði óhætt að veiða um það bil 200 þúsund lestir af þorski. Hann gat þess ekki. Og hvers vegna skyldi þorskstofninn vera aftur á uppleið? Það gæti verið vegna þess að togveiðar á landgrunni hafa minnkað, það gæti verið. Það gæti verið vegna kvótakerfis. Það gæti verið vegna þess að náttúrlegur dauðdagi fiskstofna er minni en reiknað var með og þannig má áfram halda. Það eru að sjálfsögðu margar ástæður sem liggja fyrir því að veiði er í sögulegu lágmarki um þessar mundir og ég tel það vera fyrir neðan virðingu hv. þm. að draga svo einfaldar ályktanir.

En þrátt fyrir að veiðar séu nú í sögulegu lágmarki vegna kvótakerfis, þá kemur fram í síðari hluta ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að það sé samt landburður af fiski. Þetta eru mótsagnir og mér finnst það ekki við hæfi í umræðum um jafnviðkvæm og mikilvæg mál.

Ég tel það líka verið nokkuð sögulegt og athyglisvert að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson eftir að hafa starfað með hæstv. sjútvrh. í átta ár, skuli lýsa nú yfir vantrausti á þennan fyrrum félaga sinn með því að lýsa því yfir hér úr ræðustól að hann dragi í efa að nokkuð meira muni verða gert í fiskveiðistjórnarmálum þrátt fyrir verkefnalista hæstv. ríkisstjórnar.

Hv. þm. sem voru í síðustu tveimur stjórnum, þar á meðal tveir fyrrv. hæstv. ráðherrar, bera fulla ábyrgð á því banndagakerfi sem nú er svo mjög fjargviðrast yfir og menn eru almennt sammála um að sé óalandi og óferjandi. En þeir skulu bera fulla ábyrgð á þeim ákvörðunum sínum. Forsendur hafa ekki breyst nema þá að því leytinu til að þessir sömu hv. þm. eru nú í stjórnarandstöðu.

Víkjum þá að því frv. og þeim breytingum sem hér hafa verið kynntar. Þá vil ég geta þess sem ég hef saknað úr umræðunni að hún snýst ekki einungis um krókabáta. Það er líka verið að fjalla um aukningu aflamarksbáta, þeirra sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu. Það er einmitt sett 10 tonna hámark til að koma meira til móts við þarfir smábátaeigenda. Það er rétt að vekja athygli á því. Sú umræða má heldur ekki hverfa.

Það er líka verið að taka á því sem eigendur smábáta og aðrir hafa fjallað um lengi og viljað draga úr

þeirri aukningu sem hefur verið í smábátaflotanum. Vissulega hefði verið full ástæða til þess að bregðast fyrr við en það er þó gert núna. Betra seint en aldrei. En það eru banndagarnir, sem fyrrverandi stjórnarliðar bera fulla ábyrgð á, sem mesta umræðu hafa fengið. Og það er rétt að undirstrika að með þeim brtt. sem fram hafa komið, þá er verið að lögfesta róðrardaga. Það hefur verið baráttumál smábátaeigenda um langa hríð og frv. felur það í sér að nú skulu þeir lögfestir. Sem og við allar aðrar breytingar, allar kerfisbreytingar, þá mun yfirgangstími, breytingartíminn, að sjálfsögðu valda erfiðleikum og af því hljóta menn að hafa áhyggjur. En meginatriðið er að hér eru róðrardagar lögfestir.

Ég vil líka vekja athygli á þeirri breytingu að þegar rætt er um 21 þúsund lestir, þá er verið að tala um 21 þúsund lestir af þorski, ekki þorskígildi. Krókakarlar hafa einmitt kvartað undan því að ýsa og ufsi séu nokkuð dýru verði keypt á kostnað þorskmöguleika og það er verið að svara þessum sjónarmiðum og gefa veiðar á öðrum tegundum frjálsar.

Mér þykir líka ástæða til að benda á yfirlýsingu talsmanns meiri hluta stjórnarliða úr hv. sjútvn., að þegar — og guð gefi — aukning verður í heildarafla, þá treystum við því að bátasjómenn, krókakarlar, muni njóta góðs af.

Það er líka vert að minna á þátt öryggis. Með róðrarkerfinu eykst öryggi trillukarla, þá geta þeir betur sjálfir valið sér veður, valið sér daga til róðra heldur en ákveða brælu fyrir fram ár fram í tímann á dagatali. Það eitt felur í sér öryggi. En langtímamarkmið frv. felur líka í sér öryggi, fjareftirlitið, og ég vil vara við talsmáta eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði sig sekan um að tala um gervihnattarugl. Það hefur lengi verið baráttumál sjómanna að koma slíku öryggis- og eftirlitskerfi upp. Og við eygjum nú möguleika á því að koma slíku kerfi upp og því hljótum við að fagna þó að þar séu slegnar tvær flugur í einu höggi. Það er öryggisþáttur sjómanna sem þetta felur í sér sem langtímamarkmið.

Það má lengi teygja og toga frumvörp um jafnviðamikil og viðkvæm mál. Þau munu aldrei verða fullkomin og um þau mun aldrei ríkja alger sátt. En ég tel, hæstv. forseti, að hér sé gengið mjög til móts við smábátaeigendur og á þá ekki síst við róðrardagakerfið og sannarlega von um hlutdeild í aflaaukningum í náinni framtíð. Það er fullur vilji til að tryggja þeirra hagsmuni sem annarra þeirra sem stunda það göfuga starf, sjómennskuna. Og það er okkar brýnasta mál að ná sátt um það við alla aðila. Ég tel að það sé eitt meginverkefni kjörtímabilsins að gera það með málefnalegum hætti þannig að sátt náist.

[21:55]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns, Hjálmars Árnasonar, sem ég tel að sé farinn að styðja þetta mál fyrirvaralaust á nýjan leik, þá stend ég við það sem ég sagði bæði við 2. umr. og núna í kvöld um gervihnattaruglið í sambandi við þetta mál. Með því er ég ekki að gera lítið úr því að gervihnettir eru góðir til síns brúks og gætu orðið hluti af sjálfvirkri tilkynningarskyldu í öryggisskyni fyrir skipaflotann einhvern tíma í fyllingu tímans eins og útvarpsstjóri mundi orða það. En eins og þetta hefur verið borð á borð fyrir okkur í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að það væri alger og óumflýjanleg forsenda þess að hægt væri að taka upp róðrardagakerfi að hægt væri að fylgjast með smábátununum í gegnum gervihnött, þá er það rugl, fyrir það fyrsta vegna þess að yfirgnæfandi líkur eru á því að það séu til aðrar og miklu einfaldari tæknilegar lausnir á fjareftirliti fyrir smábáta, byggðar annaðhvort á landstöðvum sem eru ódýrari og draga nægilega langt út á miðin fyrir alla venjulega sókn smábáta eða hitt, sem er sennilega langheppilegast, að byggja þetta á litlum síritum um borð í bátunum sjálfum sem geyma í minni sínu upplýsingar um það hvar bátarnir hafa verið á hverjum tíma og svo sé lesið af því með tilteknu millibili. Niðurstaðan af skoðun á þessu máli eins og sjútvn. fór í gegnum það og hv. þm. er kunnugt, m.a. með að fá til viðtals við sig alla helstu tækniaðila í landinu um þetta mál, er sú að málflutningurinn eins og hann var á borð borinn í upphafi var rugl. Og það er það sem ég á við með gervihnattarugli og ég stend við það.

[21:57]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Mér er kunnugt um að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er staddur í þinghúsinu. Mér þætti vænt um ef það væri hægt að fá flutning á honum hingað í þingsal.

Herra forseti. Það var ekki örgrannt um það þegar við gengum til þessa vorþings að í brjósti mér bærðist örlítil samúðartilfinning gagnvart hæstv. sjútvrh. Ástæða þess var sú að upp var risinn í liði stjórnarinnar nýju flokkur uppreisnarmanna sem höfðu fyrir kosningar haft uppi allt aðra stefnu en hæstv. sjútvrh. Margir þeirra höfðu gengið fram fyrir skjöldu, barið sér á brjóst og sagt: Ef við komum inn á þing, þá munum við gera allt sem við getum til að brjóta á bak aftur stefnu hæstv. sjútvrh. Einn af þeim var einmitt sá hv. þm. sem nú gengur í salinn, Einar Oddur Kristjánsson, og reisir hönd í kveðjuskyni, enda glaður og reifur á þessu kvöldi. (**EOK:** Risinn.)

Herra forseti. Það voru ýmsir aðrir en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem fær nú vænni bita af minni ræðu þegar fram á kvöldið sækir, sem lofuðu ekki bara upp í aðra ermina heldur báðar og sennilega skálmarnar líka. Þeir þingmenn sem lofuðu hvað mestu voru kannski ekki þeir hv. þm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum sem mestum árásum hafa sætt í þessari umræðu og af hálfu vina sinna krókakarla. Þeir sem mestu lofuðu voru nú e.t.v. hv. þm. Framsfl. á Suðurnesjum. (**Gripið fram í:** Hvað verður þá sagt um ykkur?) Hv. þm. Hjálmar Árnason, sem talar hér í kvöld eins og hann sé óflekkaður unglingur, var auðvitað einn af þeim. En allir menn hafa fortíð í stjórnmálum og gildir einu þó að ferill þeirra sé ærið skammur enn þá.

Hv. þm. Hjálmar Árnason fór stórum í ræðu sinni áðan og réðst að mér þótti með frekar óvanalegum hætti á hv. þm. Sighvat Björgvinsson m.a. fyrir óvönd-

uð vinnubrögð og óvanaleg vinnubrögð. Hann talaði um að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefði ekki verið nema tvo daga á þessu þingi og væri strax farinn að reifa það að menn hefðu ekki nægilega góð vinnubrögð uppi í hv. sjútvn. Það kann vel að vera að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi bara verið tvo daga á þessu vorþingi. En eitt vil ég segja þér, hv. þm. Hjálmar Árnason, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skilur þó þær tillögur sem hann hefur samið og sett fram. Það er meira en hægt er að segja um ykkur hv. þm. í meiri hluta sjútvn. því að það var ekki hægt að hefja þessa umræðu vegna þess að menn stóðu yfir ykkur, talsmenn og starfsmenn hæstv. sjútvrh., og voru að reyna að láta ykkur skilja þær tillögur sem þið eruð að flytja hér í kvöld fyrir hæstv. sjútvrh.

Ég taldi að þegar hæstv. sjútvrh. kom til þings mundi hann þegar í stað verða ofurliði borinn. Hér væri kominn vargur í vé hæstv. sjútvrh., menn sem höfðu sagt það fullum fetum að þeir höfnuðu stefnu hæstv. sjútvrh. En ég sá að mér hafði skjöplast því ég sé nú að ekki þurfti að vorkenna hæstv. sjútvrh. Það kom í ljós að þeir sem hæst höfðu fyrir kosningarnar fylltust þeirri sömu samúð gagnvart hæstv. sjútvrh. og ég fékk snert af á vordögum. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gaf þá yfirlýsngu á þinginu, herra forseti, að hann væri á móti þeirri stefnu sem hæstv. sjútvrh. var að flytja. En vegna þess að hann vissi að hæstv. sjútvrh. hefði viðkvæmt sálartötur, þá vildi hann af einstakri tillitssemi við hæstv. sjútvrh. ekki ganga gegn honum. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vildi miklu frekar ganga gegn þeim mönnum sem kusu hann, mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum sem skrifuðu upp á stuðningsyfirlýsingu við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Hvers vegna? Vegna þess að hann gaf loforð. Hann lýsti því einfaldlega yfir að hann ætlaði að breyta stjórnkerfi fiskveiða og hann lýsti því sérstaklega yfir að hann ætlaði að rétta hlut krókakarlanna. Það voru orðin, hv. þm. En af tillitssemi við hæstv. sjútvrh. liggur nú krókaflotinn á Vestfjörðum í valnum, en sá sem uppréttur dansar á tætlunum af stefnu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar situr hérna í sæti sínu svalur og svellkaldur í kvöld. Svona geta hlutirnir nú snúist við, herra forseti.

Svo ég víki aðeins að stefnu framsóknarmanna á Suðurnesjum, þá var það svo að þeir lofuðu því að það yrðu teknir tugir þúsunda tonna af þorskaflaheimildum af togaraflotanum og settir yfir í bátaflotann. Er þetta ekki rétt, hv. þm. Hjálmar Árnason? Var ekki sagt að torgaraflotinn ætti einungis að fá 15% af þorskaflaheimildum? Það er nákvæmlega það sem sagt var. Og ég veit ekki í hvaða veröld hv. þm. Hjálmar Árnason lifir. Það eru örfáir dagar síðan hann gaf út blað (**HjÁ:** Nei. Það er rangt.) eða framsóknarmenn á Suðurnesjum gáfu út blað og það var merkilegt blað. Það fjallaði bara um afrek Framsfl. á þingi. Þar var að vísu ekki minnst á hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, en þar var mikið um hv. þm. Hjálmar Árnason. Þar er frá því greint á baksíðu eins og hér hefur reyndar komið fram áður að hetjan Hjálmar stoppaði kvótafrv. og síðan er heil opna þar sem er reifuð umhyggja hv. þm. fyrir bátunum. Herra forseti. Ég get ekki séð þá umhyggju birtast í þeim tillögum sem hv. þm. hefur flutt í kvöld eða á þessu þingi. Ég get ekki séð þá stefnu sem hv. þm. hafði uppi fyrir kosningar, ég finn hana einfaldlega ekki í þeim frumvörpum sem hann er að fylgja.

Ég vil jafnframt ræða frekar það sem hann sagði um tilurð banndagakerfisins og hlutverk Alþfl. í þeirri fæðingu. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að það má segja að það hafi verið tvær ljósmæður við þá fæðingu, annars vegar ég og hins vegar hæstv. sjútvrh. Þá var staðan þannig að ef ekkert hefði verið gert, þá var samkvæmt orðanna hljóðan í þágildandi lögum ljóst að hlutdeild krókaflotans hefði farið niður í 2.800 tonn. Það var það sem menn stóðu frammi fyrir þá og það var þess vegna sem menn fóru í þetta banndagakerfi. 21.500 tonn var einfaldlega aflinn sem menn töldu að þá mundi duga. Annað er komið í ljós og þá er það skylda þessa þings að reyna að breyta því. Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði að ekkert hefði breyst, þetta kerfi hefði bara verið vitlaust. En það er tvennt sem hefur breyst.

Í fyrsta lagi hefur það komið fram að togaraflotinn er ekki jafnháður þorskveiðum á heimamiðum og áður. Togaraflotinn hefur sótt upp í 50 þúsund tonn á fjarlæg úthafsmið og hann hefur líka í vaxandi mæli sótt á Reykjaneshrygg til þess að veiða úthafskarfa. Með öðrum orðum, togaraflotinn hefur haft sína afkomu í miklu ríkari mæli en áður af veiðum utan kvóta og veiðum utan efnahagslögsögunnar. Þetta hefur gerst. En það er líka annað sem hefur gerst. Og hv. þm., af því að hann er skynugur piltur, drap áðan óbeint á það og benti á þá staðreynd að árferði í sjónum er miklu betra en áður. Og hann er kannski einn af örfáum þingmönnum í þessum sal sem hafa pælt í þessum málum og komist að þeirri niðurstöðu að árferðið skiptir máli. Það getur til að mynda dregið úr dánartíðni. Hann minntist á það og hv. þm., það er nákvæmlega þetta sem hefur gerst.

Það sem hefur líka breyst er að það er meiri þorskgengd á grunnslóð. Fyrir nokkrum mánuðum sögðu menn að þetta væri hégilja, þegar krókakarlarnir og aðrir bátasjómenn voru að halda þessu fram. Það er ekki fyrr en á þessu vori sem sérfræðingarnir, sem hæstv. sjútvrh. byggir allt sitt traust á, eru búnir að viðurkenna það og það veit hv. þm. Hjálmar Árnason vegna þess að ég hef rakið þetta fyrir honum einu sinni áður en ég skal gera það aftur.

Staðreyndin er sú að það er aukin þorskgengd á grunnslóð. Það hefur komið í ljós að sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar vanmátu einfaldlega stórlega tvo mikilvæga árganga sem nú eru fimm og sex ára og það eru þeir árgangar sem eru uppistaðan í veiðinni. Þetta eru fiskarnir sem hafa síðustu missiri verið að vaxa upp í veiðistofninn á grunnslóðinni. Af árganginum 1989 eru þetta 30 millj. þorska. Af árganginum 1990 eru þetta 25 millj. þorska í veiðinni. Miðað við þær forsendur sem Hafró gefur sér þýðir þetta í viðbótarafla 80–90 þús. tonn og þetta er fiskur, hv. þm., sem Hafró viðurkenndi ekki að væri til í fyrra.

Þetta er það sem hefur breyst og það er þess vegna

sem krókabátarnir eru að taka miklu meiri afla en áður og þá veltum við því fyrir okkur: Ef það er svona miklu meiri afli á grunnslóð, hver á að taka hann? Ég hef bent á að togararnir eru ekki jafnháðir þessum veiðum á grunnslóðinni og þeir voru áður og ég benti líka á annað, sem hv. þm. Hjálmar Árnason var mér a.m.k. sammála um í kosningabaráttunni, og það er þetta: Bátarnir eiga sögulegan hefðarrétt á því að nýta grunnslóðina. Og annar meginþátturinn í kosningastefnu framsóknarmanna á Suðurnesjum byggðist einmitt á þessu. Hann byggðist á að ýta togurunum út af grunnslóðinni vegna þess að þessi hv. þm. og starfssystir hans af Suðurnesjum sögðu: Þeir eiga hefðbundinn nýtingarrétt, þeir eiga sögulegan rétt til að nýta þetta. Og þannig hefur Ísland byggst upp. Það er alveg hárrétt hjá þeim.

Hins vegar er þegar hv. þm. kemur til þings allt annað uppi. Þá kemur hann og ræðst á hv. þm. Sighvat Björgvinsson fyrir að fylgja sinni sannfæringu í þessu máli eins og hann hefur alltaf gert og talar um óvönduð vinnubrögð. Herra forseti. Mig langar að benda á það sem ég kalla óvönduð vinnubrögð hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni. Það vill svo til, herra forseti, að hann lenti í svolitlum deilum við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon hérna rétt áðan vegna þess að honum varð talsvert tíðrætt um nauðsyn þess að setja upp fjareftirlit. Hvað er það sem segir í þessari grein um það sem hann vill? Hvaða eftirlitskerfi vill hann? Ég ætla að rifja upp fyrir hv. þm. alveg eins og hann rifjar stundum upp fyrir sínum skólanemendum í Fjölbrautaskólanum á Suðurnesjum það sem rétt er. Þar segir hv. þm. þegar hann er að tala um eftirlitið, með leyfi forseta:

„Uppi eru hugmyndir um að eftirlit með róðrum verði með tæki sem skyldað verði að hafa í öllum bátum og skrái ferðir þeirra sjálfkrafa." — Ég er enn að tala um fjareftirlitið. — Svo segir, með leyfi virðulegs forseta, og er hann að tala fyrir sjálfan sig og hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Hann segir: „Okkur líst betur á að taka upp skylduskráningu á legudögum bátanna í landi þar sem t.d. hafnarverðir staðfesta landleguna á sérstökum eyðublöðum."

Þarna var það nú fjareftirlitið sem var svo nauðsynlegt, hv. þm. Hjálmar Árnason, þó að þín ræða eða sá partur hennar sem snerist um eftirlitskerfið hafi verið á allt öðrum grunni en þú skrifar fyrir þína kjósendur á Suðurnesjum. Þetta, hv. þm., kalla ég óvönduð vinnubrögð.

Herra forseti. Það kann vel að vera að mér og mínum flokki hafi margoft orðið sundurorða við hæstv. sjútvrh. og allir vita að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur allt aðra stefnu í sjávarútvegsmálum en hæstv. sjútvrh. Það þýðir ekki að við berum eitthvert sérstakt vantraust til hæstv. sjútvrh. Við höfum til að mynda aldrei sett honum þá úrslitakosti að hann færi burt eins og sumir aðrir hv. þm. Hitt er annað, herra forseti, að í þeirri brtt. sem hér liggur fyrir frá meiri hlutanum og hv. þm. Hjálmar Árnason stendur að án þess að hafa nokkurn fyrirvara aldrei þessu vant, þar er að finna vantraust á hæstv. sjútvrh. Muna menn hvernig hin upprunalega gerð tillögunnar um sóknarkerfið var? Þar var að selt í hendur hæstv. sjútvrh. að meta hvenær tæknilegar og fjárhagslegar forsendur væru fyrir hendi. Það kom fram í umræðum af hálfu stjórnarandstæðinga, engra annarra, að sumir þeirra treystu ekki hæstv. sjútvrh. fyrir þessu. Nú er það svo að það er komið í ljós að meiri hlutinn í sjútvn. treystir heldur ekki hæstv. sjútvrh. Hann telur að hann sé þarna að leggja á einhvers konar flótta í málinu og ætli sér aldrei að taka upp róðrardagakerfi. Og það er þess vegna sem eina verulega breytingin í þessum brtt. sem fyrir liggja er nákvæmlega sú að honum er fyrirskipað að setja upp þetta kerfi. Það er vegna þess að hans eigin stuðningsmenn, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og aðrir fleiri sem sýna mikið tillit gagnvart ráðherranum, treysta honum einfaldlega ekki og þetta er eina breytingin sem er verulega róttæk frá hinu fyrra formi tillögunnar.

Með öðrum orðum, herra forseti, kemur í ljós að þegar hinn óflekkaði hv. þm. af Suðurnesjum, Hjálmar Árnason, skammar hv. þm. Sighvat Björgvinsson fyrir að vantreysta hæstv. sjútvrh., þá er skjalfest hérna á borðum alls þingheims að það er hv. þm. Hjálmar Árnason og Framsfl. sérstaklega sem ekki treysti hæstv. sjútvrh. í þessu máli og það er búið að skrifa um það heila grein í blað framsóknarmanna á Suðurnesjunum. Þannig er það nú.

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur verið sjálfum sér samkvæmur í þessu máli frá upphafi og það má rekja aftur á síðasta kjörtímabil. Það er alveg rétt sem hv. þm. Hjálmar Árnason segir. Auðvitað ber ég mikla ábyrgð á banndagakerfinu og ég hef aldrei skorast undan henni. Ég hef hins vegar margoft sagt að kerfið gekk einfaldlega ekki upp, tók undir með hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni sem lýsti því hversu hrikalega það hefði brugðist. Það er alveg hárrétt. En menn voru á þeim tíma einfaldlega að bregðast við aðstæðum. Ég verð hins vegar að segja að það form sem hér liggur fyrir, sú útfærsla sem liggur fyrir á róðrardagakerfinu er varla mönnum bjóðandi, herra forseti. Hún er alls ekki bjóðandi framsóknarmönnum á Suðurnesjum vegna þess að hún er svo víðs fjarri því sem þeir sögðu fyrir kosningar, og ég verð auðvitað að segja það, hv. þm. Hjálmar Árnason, að það er ekki hægt að gera svona hluti og allra síst er hægt að bjóða okkur það frá manni sem hefur sína atvinnu af því að innræta æsku landsins trúna á góð og gömul gildi. Það er ekki samræmi á milli þess annars vegar, hv. þm., og þess að koma hér með tillögur sem eru víðs fjarri öllum þeim kosningaloforðum sem framsóknarmenn á Suðurnesjum gáfu.

Auðvitað voru það fleiri en framsóknarmenn á Suðurnesjum sem gáfu loforð. Einn ágætur hv. þm. Sjálfstfl. gaf líka loforð. Það er hv. þm. Kristján Pálsson, sá sem ég tel einna glöggskyggnasta manninn í liði Sjálfstfl. Hvers vegna? Vegna þess að hann skilgreindi fyrir kosningar stefnu Framsfl. á Suðurnesjum í sjávarútvegsmálum og niðurstaða hans varð þessi: Lýðskrum, blekkingar, yfirboð, gylliboð. Og ég tek hatt minn hvenær sem er ofan fyrir honum og mundi jafnvel borða hann fyrir hv. þm. ef ég ætti hatt. En líka

þessi hv. þm. gaf sín loforð. Hann má þó eiga það, herra forseti, að hann gerði það ekki fyrir kosningar heldur eftir kosningar og það er öllu meiri mannsbragur að því, en þá eru líka gerðar meiri kröfur. Eitt af því sem hv. þm. sagði í grein sem hann birti föstudaginn 6. maí er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Lagt er til að 10 þúsund tonnum af þorski verði bætt við kvóta krókabáta á yfirstandandi fiskveiðiári sem verði til að fækka banndögum."

Herra forseti. Þarna leggur einn af hv. þm. Sjálfstfl. til að kvóti krókabátanna verði aukinn um 10 þús. tonn. Þetta þykir mér góð tillaga. Hún er í stíl við það sem hæstv. forsrh. sagði fyrir kosningarnar. Hvað sagði hann fyrir kosningarnar? Hann var á fundi á Hótel Húsavík og þar spurðu krókakarlar hann hvort hann væri ekki til í að slaka út eins og 10 þúsund tonnum. Og frá þessu var sagt í Morgunblaðinu með svofelldum orðum, herra forseti:

„Sagðist Davíð ekki vera sérfræðingur í fræðum fiskifræðinga, en hann teldi að það gæti ekki skipt sköpum fyrir uppbyggingu þorskstofnsins þótt trillukörlum yrði leyft að veiða 10 þúsund tonnum meira á handfærum en fiskifræðingar ráðlegðu."

Herra forseti. Ég er sammála fiskifræði hæstv. forsrh. Ég tel að hún sé miklu betri en hæstv. sjútvrh. Ég tel að það skipti engum sköpum fyrir uppbyggingu þorskstofnsins þó að það sé slakað út 10 þúsund tonnum. En ég tel líka annað. Ég tel að þegar maður sem gegnir stöðu forsrh. lætur svona frá sér rétt fyrir kosningar, þá jafngildi það nánast loforði. Menn geta deilt um það við mig, en það er mín skoðun og ég verð var við það að krókakarlar úti um allt land litu þannig á málið. Þeir töldu að í þessu fælist nánast yfirlýsing um að ef þeir tryggðu hæstv. forsrh. embættið áfram mundi hann gera þetta. En hann gerði það ekki.

Hv. þm. Kristján Pálsson lagði þetta hins vegar til og þess vegna vænti ég þess, herra forseti, vegna þess að ég veit að hv. þm. Kristján Pálsson á sér marga skoðanabræður, þá muni sú tillaga sem ég flyt hér ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur hljóta brautargengi héðan í kvöld. Hv. þm. Kristján Pálsson getur ekki annað, eftir að hafa sett þetta niður á prenti, en stutt sína eigin tillögu nema vera maður að minni.

Það hefur komið í ljós, herra forseti, að það er talið óábyrgt að vilja að þorskaflamarkið verði aukið. En ég segi: Það eru engin fiskifræðileg rök sem mæla gegn því. Ég minni á að það hefur skyndilega komið í ljós að veiðistofninn hefur stækkað um 10%, herra forseti. Og það væri hægt að færa mörg rök fyrir því af hverju þetta væri í lagi.

Hæstv. sjútvrh. sveipar jafnan sína stjórnun á fiskveiðum Íslendinga vísindalegum hjúp og einkum og sér í lagi á þessu ári. Nú er hann búinn að finna upp aflareglu og samkvæmt þessari aflareglu má einungis veiða 25% af veiðistofninum og hann styður hana vísindalegum útreikningum. Hann getur þó ekki bent á neitt, ekkert, ekkert plagg sem hefur komið frá nokkrum sérfræðingi þar sem segir nákvæmlega að það sé í lagi að veiða 25%. En hann getur bent á skýrslu þar sem er að finna útreikninga sem leiða að þeirri niðurstöðu að það megi veiða 21,5%. Það er talsverður munur á 21,5% og 25%. Er það ekki 16% munur? Ég held það. Ef maður mundi beita þessum 16% á aflahámarkið væri það í kringum 25 þúsund tonn. Það væri aldeilis búbót, hæstv. sjútvrh., fyrir bátaflotann. Það mættu allir una vel við ánægðir.

En þó er það eitt sem ég vil nefna sérstaklega, herra forseti. — Herra forseti. Hér kemur vísa sem hv. þm. var að stinga að mér:

Einar braut af sér oddinn,
upphefð hlaut ekki neina.
Kaldur þykir þeim koddinn
sem kúra til fóta hjá Steina.

Herra forseti. Í þeirri skýrslu sem ég var að rekja nokkur atriði úr kemur fram eftirfarandi:

„Reikningarnir bentu einnig til að miðað við 175 þús. tonna afla væri líklegt að hrygningarstofninn héldist óbreyttur og sýndi engin batamerki á allra næstu árum. Af hermireikningum mátti þó ætla að líkur á hruni væru litlar og stofninn rétti smám saman við sér þegar til lengri tíma væri litið."

Herra forseti. Þetta var skrifað í fyrra. Í dag er það svo að hrygningarstofninn sem átti að haldast óbreyttur og ekki sýna nein batamerki á allra næstu árum er í staðinn fyrir að vera 235 þús. tonn orðinn 300 þús. tonn. Veiðistofninn sem átti bara að rétta smám saman úr sér þegar til lengri tíma væri litið hefur þegar stækkað um 10%. Því spyr ég: Ef veiðistofninn hefur stækkað um 10% er þá ekki hægt að álykta að það megi lyfta þessu þaki, 175 þús. tonnum, um svo sem eins og 10%? Stofninum væri engin hætta búin. Væri þá ekki hægt að auka þorskaflahámarkið um 10 þúsund tonn? Auðvitað væri það hægt. Það væri í stíl við það sem einstakir hv. þm. Sjálfstfl. hafa sagt og það væri í stíl við það sem hæstv. forsrh. var að gefa mönnum væntingar um fyrir kosningar. Og það eru engin fiskifræðileg rök sem mæla gegn því. Það er hins vegar hægt að tína til pólitísk og efnahagsleg rök og ég virði það, en ég fullyrði að þó að heildarþorskaflinn væri aukinn um 10 þúsund tonn mundi það einungis hafa afskaplega lítil áhrif á uppbyggingu þorskstofnsins. Það er hins vegar athyglisvert að í hvert einasta skipti sem reynt er að beita á hæstv. sjútvrh. fiskifræðilegum rökum svarar hann engu þó að hann hafi heilan her sérfræðinga.

Herra forseti. Þetta er ástæðan fyrir því að ég tel í lagi að hækka þorskaflahámarkið um 10 þúsund tonn. Það voru fleiri í þessum sal sem töldu það í lagi. Þegar við vorum hér við 2. umr. gerðist það að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom í pontu og hann skoraði á mig, gersamlega að tilefnislausu því að ég er friðsamur maður, að flytja með sér tillögu um að auka þorskafla krókabáta um 10 þúsund tonn. Illt er að eggja óbilgjarnan. Ég kom hér upp, herra forseti, og ég tók þessari áskorun og þessa tillögu lagði ég fyrir hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Ég stóð í þeirri trú að hann ætlaði að standa við sín frýjunarorð og flytja tillöguna með mér, ekki síst vegna þess að hann kaus DV á mánudaginn sem leið til þess að endurtaka þessa

áskorun. (**EgJ:** Hann var bara að grínast að þér.) Herra forseti. Það kann að vera að það sé hlegið hér að einhverjum þingmönnum en ég vona að það verði ekki hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson þegar þessi dagur er úti.

Herra forseti. Ég vil láta koma fram að þrátt fyrir að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi frammi fyrir allri þjóðinni skorað á mig að flytja með sér tillögu um að auka þorskaflahámark krókabáta um 10 þúsund tonn, þá hefur hann nú fallið frá því. Hann hefur gengið á bak orða sinna. Annað er ekki hægt að kalla það, hv. þm., og mér þykir það afskaplega miður að þurfa að segja þetta vegna þess að ég átti von á allt öðru. Ég átti ekki von á því að Vestfirðingar kiknuðu svona í hnjánum í hvert einasta skipti sem hæstv. sjútvrh. hvessir á þá augun. (**EOK:** Þú veist betur.) Og það sem mér þykir verst, herra forseti, er að hv. þm. segir að ég viti betur. Ég veit betur. Og hvað veit ég? Ég veit að í tillögunni sem hv. þm. stendur að er talað um að aflamarkið eigi að vera 21.500 tonn, það er svo einfalt. Og ef hv. þm. hefur einhverja aðra skoðun á því, þá er hann með aðra tillögu en var lögð fyrir mig í þingsalnum. Ef hann hefur aðra skýringu á því er rétt hún komi fram.

Ef t.d. hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson telur að í þeim tillögum sem hér liggja fyrir felist eitthvað annað en 21 þúsund tonna aflahámark ber honum skylda til þess að láta það koma hérna fram. Svo einfalt er það. Það er bara þannig, herra forseti, að stjórnarskráin býður mönnum, hún býður þeim bókstaflega að fara eftir sannfæringu sinni. Og það hefur komið fram margoft í þessum sal að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur allt aðra sannfæringu en þá sem hann er að flytja hér í kvöld. Það er svo einfalt.

Herra forseti. Þegar núv. ríkisstjórn hóf sína göngu lagði hún fram verkefnaskrá sem hæstv. sjútvrh. samdi og lagði til að samþykkt yrði í ríkisstjórninni og þar var talað um m.a. að tryggja stöðu þeirra sem hafa haft lífsviðurværi af krókaveiðum. Þar var talað um að leita leiða við stjórnun krókaveiða annarra heldur en að fjölga banndögum. Staðan er þessi, herra forseti, alveg sama hvað þingmenn segja og alveg sama hvað þingmenn eru mikið á móti banndagakerfinu; það kerfi er enn þá lykillinn að öllum þessu „biksi" vegna þess að það er á grundvelli viðbótarbanndaga sem sóknardagarnir eru reiknaðir út. Og þegar hv. þm. Hjálmar Árnason gerði með skörulegum hætti grein fyrir atkvæði sínu við 2. umr., þá talaði hann einmitt um að það væri forsendan fyrir því að hann mundi greiða þessu atkvæði við 3. umr. að þetta banndagabiks væri farið út. En það er enn þá lykillinn að öllu saman. Svo einfalt er það.

Herra forseti. Þá skrifaði hv. þm. Einar K. Guðfinnsson grein í Morgunblaðið. Hann er því miður illa fjarri góðu gamni en hefur fullkomlega löglegar ástæður til þess. Þar er hann að túlka verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar og talar um krókabátana og segir, með leyfi forseta:

„Hér er sérstaklega gert ráð fyrir því að hlutur þeirra sé bættur."

Ég er viss um að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er sammála því. En herra forseti. Mér er ómögulegt að skilja hvernig hv. þm. Vestfirðinga geta tekið svona til orða og síðan fylgt þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Hér hef ég samþykkt frá Suðureyrarhreppi þar sem segir, herra forseti, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver verða áhrifin af hinum nýju tillögum þingflokka sjálfstæðismanna og framsóknarmanna? Skerðing á þorskveiði krókabáta á Suðureyri er um 40%. Það er í tonnum talið um það bil 450 tonn eða sem nemur tveimur mánuðum í vinnu í sveitarfélaginu. Það þýðir fjölgun atvinnuleysisdaga upp á fjölda daga á ári bara á Suðureyri."

Hv. þm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum hljóta að vera á allt öðru máli en Suðureyrarhreppur því að ella gætu þeir varla samþykkt slíka tillögu eins og hér liggur fyrir.

Hér er ályktun gegn frv. frá sveitarstjórn Vesturbyggðar, frá Verkalýðs- og sjómannafélagi Patreksfjarðar, frá hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, frá fundi íbúa smábátaeigenda á Barðaströnd og hér er listi með 350 undirskriftum frá Patreksfirði. Öll þessi mótmæli eiga uppruna sinn í Vestfjarðakjördæmi, herra forseti.

Það er skoðun mín að það frv. sem án efa verður samþykkt hér þegar líður á nóttina sé fyrsta skrefið að því að útrýma krókabátum á Íslandi. Ég er á móti því af pólitískum ástæðum, af efnahagslegum ástæðum og líka af rómantískum ástæðum. Það eru svona veiðar sem voru upphaf flestallra byggðarlaga á Íslandi og það eru þessar veiðar sem halda uppi fjölmörgum byggðarlögum. Og ef þetta frv. verður að veruleika, þá mun það leiða til þess að fjölmargir sjómenn munu missa sína atvinnu og líka fjölmargt fiskverkafólk í landi.

Ég tel að sú klásúla sem þegar er búið að samþykkja um úreldingu feli það í sér að þar með sé búið að löggilda aðferð til þess að helminga krókabátaflotann á tiltölulega skömmum tíma. Og til langs tíma litið felur hún það í sér í rauninni að hann muni hverfa nema hv. þm. muni síðar taka á því og breyta þessum lögum aftur. Eitt sanngirnismál vil ég nefna. Það liggur fyrir að hæstv. sjútvrh. ætlar sér samkvæmt yfirlýsingum að auka heildarafla í þorski upp í 200 þúsund tonn innan tveggja til þriggja ára. Þetta er 33% aukning. Er þá ekki sanngjarnt að krókabátar muni samkvæmt því sem liggur fyrir líka fá aukningu á fjölda róðrarbáta um 33%? Ég held að allir sem hér eru inni að frátöldum hæstv. sjútvrh. séu þeirrar skoðunar. Hv. þm. Hjálmar Árnason lýsti því í sinni ræðu áðan að hann treysti því að svo yrði það í framtíðinni. Hv. þm. Árni R. Árnason sagði að svo yrði það í framtíðinni og þá spyr ég hv. þm. stjórnarliðsins, sérstaklega þessa tvo: Ef mönnum finnst vera sanngirnisatriði að fjöldi róðrardaga aukist í takt við vöxt þorskstofnsins, hvers vegna er það ekki í þessum lögum? Það er nánast enginn hv. þm. í þessum sal sem er á móti þessu utan einn, og það er hæstv. sjútvrh. Og, herra forseti. Nákvæmlega í þessu atriði þau miklu tök sem hæstv. sjútvrh. hefur á stjórnarliðinu. Það er alveg ljóst að hér er fjöldi manna sem í hjarta sínu er á móti meginefni þeirra tillagna sem hér liggja fyrir eins og krist-

allast í því að allir hv. þm. sem hafa tjáð sig um málið eru þeirrar skoðunar að það eigi að fjölga sóknardögum þegar þorskstofninn vex og þegar kvóti verður aukinn um 33% eftir tvö ár. Þeir eru allir þeirrar skoðunar. Og ég spyr: Hvernig í ósköpum stendur á því að þeir hafa ekki burði í sér til þess að lögfesta það, hvers vegna láta þeir hæstv. sjútvrh. í nánast öllum málum sem tengjast þessu frv. beygja sig aftur og aftur og aftur. Og ég spyr að síðustu, herra forseti: Hvar er nú stolt Vestfirðinga?

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Ég verð að áminna gesti okkar um það að fagnaðarlæti eru ekki leyfð í húsinu.

[22:31]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. veit betur. Hann veit það vel að við 2. umr. sagði ég að ég harmaði mjög að það hefði enn ekki tekist að fá lögfestingu á róðrardagakerfinu. Ég sagði því í þeirri ræðu að ef það yrði ekki, úr því að banndagakerfið ætti að vera áfram, þá sæi ég ekki annað fært en að flytja tillögur um það að auka þennan afla hvað sem tautaði og raulaði. Hann fylgdist með því mjög vel og vissi að ég reyndi allt sem ég gat þessa dagana að ná samningum um að róðrardagakerfð yrði lögfest. Hann fylgdist með því og hann vissi að ef það tækist, þá ætluðum við ekki að flytja þessa tillögu. Hann vissi það allan tímann. Ég lét hann fylgjast mjög vel með því. Það tókst. Það tókst að koma því inn í frv. að það skyldi lögfest. Fimm ára baráttu samtaka smábáta. **(Gripið fram í:** Tókst ekki hjá honum.) Hvar var þessi fyrrv. hæstv. ráðherra, hvað tókst honum? Af hverju hneykslast hann á mér og telur að ég hafi svikið eitthvað? Hann veit ósköp vel að ég gerði það ekki. Ég hafði djúpa og hef enn sannfæringu fyrir því að það er ekkert betra fyrir þessa báta en að ná því markmiði að róðrardagakerfið verði lögfest. Ég tók það fram yfir allt annað, stefndi að því og trúi því.

[22:33]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti því skörulega héðan úr ræðustól að eitt það versta við róðrardagakerfi væri einmitt að því væri skipt í sóknartímabil vegna þess að það var hans skoðun að slíkt mundi auka slysahættu. Honum tókst ekki að koma því út. Honum tókst heldur ekki að koma út þeirri staðreynd að þetta kerfi byggir í raun á viðbótarbanndögum sem eru grunnur útreikninga á fjölda róðrardaga og það skiptir heldur engu máli.

Staðreyndin er einfaldlega þessi: Úr þessum ræðustól bauð hann mér að fylgja tillögu frá sér, sem ég taldi að hann ætlaði að búa til, um að auka heildaraflamark krókabátaflotans um 10 þúsund tonn. Ekki nóg með það, herra forseti, hann hafði við mig samband og bað mig að aðstoða sig við að gera þessa tillögu sem ég gerði. Ég sé ekkert sem réttlætir að hann heykist á því að flytja þessa tillögu. Hins vegar veit ég að hann er drengur góður og hefur stórt hjarta og hann sér það nú að ég á kannski við ofurefli að etja hér í kvöld varðandi þá tillögu og þess vegna bið ég hann um að flytja þessa tillögu með mér. Þorir hann það?

[22:35]

**Einar Oddur Kristjánsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi barátta öll snýst um að afnema þau þrælalög sem þessir hv. þm. stóðu að að setja fyrir rúmu ári. Það er ekki annað. **(EgJ:** Áttu frumkvæði að.) Var stoltur af og fleiri hans vinir og bræður. Það lá fyrir, hv. 15. þm. Reykv., og þú vissir það allan tímann að ég vildi og reyndi eins og ég gat að fá þetta róðrardagakerfi lögfest og þú fylgdist með því frá klukkutíma til klukkutíma að ég ætlaði mér að reyna allt til þess að ná þessu og það tókst og ég tók það fram við þig og taldi það skipta öllu máli. Og mér tókst líka að fá það samþykkt og okkur í nefndinni, meiri hlutanum, að það var opnað milli tímabila. Það er rangt hjá þér sem þú sagðir. Herra forseti, það er rangt hjá hv. þm. Það tókst sem við ætluðum okkur og við tókum það fram yfir. Það veistu.

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Ég minni hv. þm. á að ávörp úr ræðustól eiga ekki að vera í 2. persónu.

[22:36]

**Össur Skarphéðinsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei litið svo á að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson væri 2. persóna. En ég vil segja að það sem kom þó fram í þessu andsvari hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni er nákvæmlega það að hann er hæstánægður með það sem hér liggur fyrir. Hann er hreykinn af því að það er hægt að svissa svolítið til sóknardögum á milli tímabila. Hann veit hins vegar ekkert hvernig útfærslan er á því, nákvæmlega ekki neitt. En það skiptir ekki meginmáli. Kerfið sem við höfum öll verið að gagnrýna, þ.e. banndagakerfi í núverandi formi, er þrælakerfi, það er rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni.

Ég segi það hins vegar: Það sem hann býður hér upp á í dag er engu síður þrælakerfi, kerfi sem er þannig að það er verið að þvinga þá sem hafa bærilega veiðireynslu inn undir kvóta sem mun leiða til þess að 250 smábátar sem hafa aflareynslu upp á svona 24 tonn í slægðum þorski munu taka það. Það eru 56% af heildarpottinum. Þá eru eftir 10 þúsund tonn og um það eiga að slást 825 krókabátar á því sóknardagakerfi sem hv. þm. stærir sig af hérna. Hvað halda menn að það þýði? Auðvitað þýðir það ekkert annað en fjöldagjaldþrot, atvinnuleysi og það sem er allra vest, stóraukna slysahættu.

[22:37]

**Kristján Pálsson:**

Herra forseti. Ég vil við þessa umræðu minna á að við atkvæðagreiðslu um að vísa frv. til 3. umr. tók ég sérstaklega fram að við 3. umr. teldi ég mig ekki skuldbundinn til þess að styðja það frv. sem lægi hér frammi nema búið væri að dagsetja það róðrarkerfi sem verið hefði til umræðu að lögfesta en ekki var búið að dagsetja.

Ég vil einungis rifja þetta hér upp til þess að það sé

ljóst og klárt að þar sem lögin gera ráð fyrir því að dagsetningin sé klár, þá mun ég styðja það frv. sem hér er lagt fram.

Ég vil einnig að það komi fram vegna orða hv. þm. Gísla Einarssonar og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um það sem ég hef skrifað um sjávarútveg á liðnum vikum að það er rétt hjá þeim að ég lagði til að ef banndagakerfið yrði áfram við lýði, þá væri ekki verjandi að setja það á vetur óðruvísi en bæta við það a.m.k. 10 þúsund tonnum. (**Gripið fram í:** Það stendur ekki.)

Ég get ekki séð annað en að með því að slátra því banndagakerfi sem allir hafa hræðst í þessum þingsal, þá séum við í raun búnir að gefa það svigrúm og afstýra þeirri hættu sem af banndagakerfinu hefur stafað, þ.e. þá fyrst og fremst þeirri hættu að Alþingi Íslendinga var hér að ákveða að menn ættu að róa á mánudögum yfir alla vormánuðina, menn ættu að róa á ákveðnum vikudegi óháð veðrum. Sem gamall sjómaður hef ég aldrei getað skilið að nokkur maður gæti róið eftir lögum frá Alþingi upp á dag ár fram í tímann. Ég hef aldrei getað skilið það og í mínu sveitarfélagi og í mínum uppeldisstöðvum vestur á fjörðum var meira að segja talið óheillamerki að róa yfirleitt á mánudögum. Ég held að með því frv. sem hér liggur fyrir hafi menn afstýrt hættunni af því kerfi sem hv. alþm. samþykktu fyrir 2–3 árum og við getum leyft okkur að standa að því frv. sem hér liggur fyrir.

Vegna orða Gísla Einarssonar um það hver mín áhrif væru í þessu frv. vil ég bara benda honum á að lesa þær greinar, sem ég hef skrifað, betur því að í þeim hef ég minnst sérstaklega á að það ætti að auka við aflamarksbátana um ákveðinn fjölda tonna eða um 5 þúsund tonn sem yrði dreift á þá báta. Ég hef líka talað um að svokölluð 100% regla ætti að falla niður. Hún er eitt af því sem kemur fram í þessum lögum að verður breytt við gildistöku þeirra.

Ýmislegt annað er þarna inni sem bæði ég og fleiri höfum haft áhrif á, enda erum við sem hér erum inni að setja lög, en lög eru bræðrasættir og það nær enginn fram öllu sínu og allra síst á fyrstu dögum þingsins.

Ég veit ekki hvað hv. þm. Gísli Einarsson kom mörgum loforðum fram af sínum loforðalista fyrir kosningarnar síðustu eða þar áður. Hann hefur ekki upplýst um það, en ég get alla vega sagt það að á þeim fjórum árum sem ég á eftir að sitja hér á þingi þangað til næstu kosningar verða mun ég reyna að standa við þau loforð sem ég hef gefið og það er enginn vafi á því að fleiri atriði sem þarna hafa verið munu ná fram í tillöguformi þó síðar verði.

Ég vil svo minna á að það róðrardagakerfi sem núna er lögleitt hér er ein aðal og stærsta krafa krókakarla á undanförnum vikum. Ég minni á það sem Arthur Bogason, forustumaður trillukarla, sagði við Davíð Oddsson fyrir tveimur dögum, með leyfi forseta:

„Krafa trillukarla er skýr. Við viljum að sett sé á róðrardagakerfi þar sem menn hafa frjálst val um sóknardaga sína hvenær sem er á árinu."

Hann segir einnig í bréfi frá 31. maí:

„Landssambandið hefur í langan tíma barist fyrir því að sett verði á svokallað leyfisdagakerfi þar sem eigendur bátanna geti sjálfir valið sína sóknardaga. Hingað til hefur því verið haldið fram að slíkt kerfi sé ekki hægt að setja í gagnið strax."

Hann segir í Ríkisútvarpinu, með leyfi forseta: „Við höfum einmitt bent á að á sínum tíma þegar banndagakerfið var sett á í fyrsta skipti, þá voru uppi alls konar raddir um að það væri ekki nokkur einasta leið að hafa með því eftirlit hvort einhver trillukarl væri á sjó á banndegi."

Nú heyrast þessar raddir ekki og ástæðan er ósköp einföld. Menn hafa hlýtt þessum lögum og það yrði nákvæmlega eins með þetta, ekki síst með það í huga að þeir eru sáttir við róðrardagakerfið en hafa ekki verið sáttir við banndagakerfið.

Ég vil einnig minna á yfirlýsingu sem kom frá almennum fundi smábátaeigenda og annarra íbúa á Barðaströnd sem haldinn var á sjómannadaginn 1995, með leyfi forseta. Þar skora þeir á þingmenn og aðra þá sem um málið hafa að segja að sjá til þess að frv. það sem nú liggur fyrir Alþingi um breytingar á stjórnun fiskveiða nái ekki óbreytt fram að ganga. Áhersla sé lögð á að ekki verði settur kvóti á handfæraveiðar og krókaleyfisbátar fái sjálfir að velja róðrardaga.

Þetta kemur einnig fram í bréfi frá stjórninni 10. júní og allar þær yfirlýsingar sem ég hef í höndunum ber að sama brunni, þ.e. að koma í veg fyrir þetta svarta kerfi sem hv. Alþingi kaus yfir sig fyrir þremur árum. Ég held, ef eitthvað er að marka allar þessar yfirlýsingar, að við séum að fara að ýtrustu óskum forustumanna trillukarla um að gefa þeim kost á því að velja sjálfir hvenær þeir fara á sjó. Ég viðurkenni að þessu er skipt niður á ákveðin tímabil, en eigi að síður er enginn sem þarf að lúta því að fara á sjó í vitlausu veðri. Það er hann einn sem ber ábyrgð á því hvenær hann fer á sjó en það er ekki ákveðið með lögum frá Alþingi.

Það er að sjálfsögðu ekki allt með þeim hætti í þessum lögum sem öðrum að menn sjái allt fyrir. En við vitum að það eru ýmsar brotalamir í stjórnun á veiðunum í dag sem þarf að lagfæra og ég held að það geri sér allir grein fyrir því að á næstu mánuðum, eins og hv. þm. Árni Ragnar Árnason sagði, verði þetta mál tekið aftur upp eða á næsta ári. Þá eru atriði eins og stærðarmælingar báta og sífellt aukin sóknargeta báta mjög alvarlegt mál fyrir þá krókabáta sem eru þarna í dag. Við sjáum það á myndum sem okkur berast eins og einni sem ég er hér með af nýjum bát sem heitir Gáski 900. Þessi bátur er samkvæmt brúttórúmlestamælingu, sem er sú mæling sem er í gildi samkvæmt fiskveiðistjórnunarlögunum, 5,91 tonn. Ef þessi bátur er aftur á móti mældur eftir lögum um mælingar skipa er hann allt í einu mældur eftir brúttótonnum og þá er hann orðinn 17,3 tonn. Auðvitað er þetta mikið vandamál og hlýtur að þurfa að skoða, því að við erum ekki lengur að tala um trillubáta. Við erum farnir að tala um vertíðarbáta. Það er einmitt þessi feiknarlega sókn sem hefur verið að sprengja krókakerfið og koma kannski í veg fyrir að menn næðu í alvöru utan um það. Og ég

er ansi hræddur um að við náum aldrei í alvöru utan um það fyrr en við erum búnir að ná utan um þessa gríðarlegu sóknareiningu og að menn samræmi þau lög sem eiga að gilda um fiskveiðar annars vegar og svo mælingar skipa hins vegar.

[22:48]

**Gísli S. Einarsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reikna ekki með að hv. þm. Sjálfstfl. á Reykjanesi, fyrrv. bæjarstjóri í Ólafsvík og fyrrv. bæjarstjóri í Njarðvík, hafi verið að brigsla mér um einhver svik varðandi loforð sem ég hef gefið. Minn starfsháttur er sá að segja til um að hverju ég ætla að vinna án loforða. En auðvitað þekkir ekki hv. þm. hvernig það er.

En varðandi hans eigin orð um banndagana, þá segir hv. þm. í sömu grein og ég vitnaði til áðan og geri enn, með leyfi forseta, laugardaginn 8. apríl 1995 í Morgunblaðinu, í B-blaðinu á síðu 7:

„Sú leið var farin að auka aflahlutdeild krókaleyfisbáta úr um það bil 2.900 tonnum árið 1990 í 21 þús. tonn í ár. Það hefur því verið komið til móts við krókaleyfisbáta með afgerandi hætti við erfiðar aðstæður."

8. apríl sl. hafði hv. þm. ekki hugkvæmst að það væri til eitthvað sem héti róðrardagar eða sóknardagar. Það kom löngu seinna sem tillöguflutningurinn og tillögugerðin bera vitni um á þessum 4–5 dögum sem málið hefur verið í umfjöllun í þinginu því að þá liggja fyrir einar fjórar brtt. frá hv. meiri hluta sjútvn.

[22:50]

**Kristján Pálsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. Gísli Einarsson afskaplega viðkvæmur í kvöld og ef hann skilur þau orð sem eru látin falla til hans í fullri vinsemd sem einhver brigsl, þá er það mikill misskilningur og ég bið þig að stilla þig, hv. þm.

(**Forseti** (RA): Ég vil bara minna hv. þm. á að eins og við erum að reyna að gera, að þegar þingmenn ávarpa aðra þingmenn úr ræðustól ber að gera það í 3. persónu en ekki í 2. persónu.)

Ég þakka fyrir, herra forseti. Ég vil aftur á móti segja í lokin að það róðrardagakerfi sem nú er að koma inn í lög er í rauninni engin hugsmíð á þinginu. Það er fyrst og fremst hugsmíð þeirra smábátaeigenda sem hafa fjallað um þetta mál á undanförnum árum og kom hingað að ég best veit sem tillaga frá þeim. Og það finnst mér einmitt vera leiðin. Og ég vona sannarlega að það geti orðið niðurstaðan að samstarf og samvinna þingsins og samtaka krókaleyfiskarla verði með þeim hætti að úrbætur og breytingar til batnaðar á þessu kerfi komi í sátt og samlyndi við þessa aðila því svo sannarlega veit enginn betur en þeir hvernig best er að laga það sem gerist í þeirra eigin málum.

[22:51]

**Einar Oddur Kristjánsson:**

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir er flutt og samið til að breyta rúmlega ársgömlum lögum, lögum sem sett voru í fyrravor og þjónuðu þeim tilgangi að stýra krókaleyfisflotanum. Það hefur öllum verið það ljóst lengi að þau lög voru mjög misheppnuð. Heima á Vestfjörðum og víða kringum landið gerðu menn sér strax grein fyrir því að þetta gæti ekki gengið svona, það væri hreinn voði ef þau gengju fram þegar viðbótarbanndagakerfið hæfist 1. sept. nk.

Fyrir síðustu kosningar var rætt mikið um sjávarútvegsmálin, mjög mikið á svæði eins og Vestfjörðum og fleiri stöðum. Ég var í þeirri kosningabaráttu og það fór ekki á milli mála hverju ég lofaði kjósendum þar. Það er því rangt hjá hv. 4. þm. Vestf. að það sé tillitssemi við mig að rifja það ekki upp. Ég lofaði því fyrir kosningar að ég skyldi gera allt sem í mínu valdi stæði til að berjast fyrir því að þessum lögum yrði breytt. Ég lofaði því hvar sem var, hvenær sem var og síðan eftir kosningar frá því að þing kom saman tel ég að ég hafi ekki dregið af mér í þeirri baráttu.

Sjútvn. hefur fjallað um þessi mál og lagt sig mjög fram um það allan tíma að ná sáttum um það og reyna að ná sem mestri og víðtækastri sátt. Það hefur að sumu leyti verið erfitt en í annan stað ánægjulegt. Það eina sem skyggir á það starf kannski, herra forseti, er að enginn Sighvatur var þar. Við höfum reynt að leggja okkur fram um þetta, við höfum talað um ýmsa tæknimenn, ýmsa menn í stjórnsýslunni, við ráðuneytið o.s.frv. Ég tel að við höfum náð árangri. Enginn Sighvatur var þar heldur, herra forseti, þó að hann hafi allt í einu birst, þessi virðulegi hv. þm., fyrir þrem dögum alheill og orðinn nýr og heldur nú ræður um að menn séu að flytja hér brtt. og setja lög í refsingarskyni við krókaleyfismenn til að traðka á hagsmunum Vestfirðinga og annarra útnesjamanna.

Þessi hv. þm. stóð sjálfur að því að setja þessi vandræðalög sem við erum að reyna að losa okkur úr. Hann stóð að því ásamt flokksbróður sínum hv. 15. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni. Þeir kannast ekkert við það í dag. Það virðist ekki vera. (**GE:** Það er rangt.) Það er gott ef einhver gerir það núna. Það var og er höfuðnauðsyn og nú eygjum við það að við erum lausir við banndagakerfið. Í fimm ár að ég held hefur það verið baráttumál smábátaeigenda að koma á róðrardagakerfi. Hvernig það má vera að það hefur ekki tekist veit ég ekki. Ég var ekki hér. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur verið hér í 20 ár. Hvað hann aðhafðist í þessu máli veit ég ekki. Ég setti ekki þessi lög, enda var ég ekki hér. En síðan ég kom hingað hef ég verið að reyna það. Vandamálið sem við er að stríða er náttúrlega það að í tíu ár hefur enginn viljað hlusta á þær viðvaranir að þessi floti væri alltaf að stækka og mundi þess vegna alltaf minnka rými þeirra sem væru að vinna þar. 1987 veit ég að samband smábátaeigenda eða félag gerði fyrst kröfur um það til stjórnvalda að stoppa innstreymið, stoppa afkastaaukninguna. Því var ekki sinnt. Árum saman hafa þeir endurtekið þá beiðni. Því hefur ekki verið sinnt. Ég veit ekki, herra forseti, hvar Sighvatur Björgvinsson, hv. þm. Vestfjarða, var þessi ár. Því hefur ekki verið sinnt að horfa til þess að við yrðum að hætta að fara aftur á bak, við yrðum að reyna að finna varanlega lausn á þessum hlutum.

Núna hafa verið lögð fram frumvörp sem takmarka

þennan aðgang verulega þannig að við getum þá byrjað að fara áfram. Það hafa líka verið lögð fram frumvörp um að úrelda þessa báta eins og önnur skip. Það mun hjálpa okkur í þeirri baráttu þannig að menn geti náð jafnvægi einhvern tíma í framtíðinni. (**GE:** Minnka flotann um 50%) Hann var um 890 skip þegar þetta kvótakerfi byrjaði, hann var mest um 1.800 skip fyrir þrem árum en er núna 1.500. Það eru allir sem ég þekki sammála um að það er afkastaaukningin í honum á undanförnum árum sem er að valda þeim sjómönnum sem stunda þetta vandræðum. Ég veit um engan sem er því ósammála. Því er rétt að gera þetta þannig að þessir menn geti þá lifað í framtíðinni í einhverjum friði. Og það er mikið nauðsynjamál fyrir alla landshluta og alla þá sem af þessu hafa atvinnu og ekki síður landverkafólk hringinn í kringum landið. Ef við höldum svona áfram vita það allir að það eru ný og ný vandræði. Það er því mjög mikil skammsýni að hneykslast á því að nú eigi að loka þessu. Krókaleyfismenn hafa sjálfir beðið um í átta ár að loka búðinni, gerðu það fyrst 1987.

Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að það eru margir vankantar á þessu frv., mjög margir, og ég þekki engan sem segir að það sé eins og hann vilji hafa það, mjög margir. En um það verður þó ekki neitt verra sagt en það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði um frv. sitt frá því í fyrra, að það hefði bara verið barn síns tíma. Ætli þetta verði þá ekki bráðum barn síns tíma? En það getur bjargað heilmiklu og það mun gera það því að menn eru ekki að ráðast hér á eða fótumtroða krókaleyfismenn heldur er hér verið að finna lausn sem getur bjargað einhverju í þó nokkurn tíma sem varðar verulega miklu. Það ættu mjög margir að geta lifað við þetta svona þó það sé hart og þó það skerði hlut margra. Ég hef engan heyrt þessar þrjár vikur sem við höfum verið að vinna að þessu máli raunverulega koma með neina aðra tillögu. Það er skiljanlegt í lok umræðunnar að stjórnarandstaðan komi með brtt. þar sem þetta er gert heldur betra, stærra og til að auka þetta miðað við það sem við erum að leggja til. Það er eins og gengur. Þessir menn hafa líka setið í stjórn og það fyrir skömmu.

Menn ættu að spyrja að því hvernig stóð á því að þeir unnu ekki þessi afrek þá, meðan þeir höfðu þessi völd. Það vita það allir sem vilja vita það að menn breyta ekki þessum lögum nema með vilja þeirrar ríkisstjórnar sem við völd er hverju sinni. Það er alveg sama hvað menn hrópa í stjórnarandstöðu. Engu verður breytt nema með vilja stjórnarinnar. Herra forseti. Þetta vita allir. Þess vegna vita allir að í síðustu umræðu, þegar menn koma með yfirboð yfir það sem við erum þó búnir að semja um þá er það bara til þess að sýnast meiri en þeir sem hafa verið að reyna að búa þetta til.

Ég er sannfærður um að frv. er ekki til skaða fyrir íslenska landsbyggð. Þetta frv. mun bjarga verulega miklu og á að vera til þess að við getum viðhaldið þessari útgerð enn um sinn. Ég geri mér grein fyrir því að það er von fólgin í því og ég vil þess vegna taka undir þau orð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði: Það er verk að vinna hér í Alþingi að fá stjórnvöld, fá þingheim inn á þá skoðun að krókaleyfið verður að fá að lifa í friði. Og það er rétt sem hv. þm. sagði hér. Það á ekki að tengja þessi tvö kerfi saman. Það gengur misjafnlega að fiska frá einu árinu til annars. Aflabrögð eru mismunandi og þó að afli krókabáta sveiflist þetta til og frá, 5–10 þúsund tonn, á það ekki að koma á sök. Þess vegna er ég sammála honum eins og reyndar flestum í sjútvn., þegar við höfum verið að ræða þetta á um liðnum vikum, um að það væri hið æskilega, sem við skulum reyna að stefna að, að það væri ekki þak á krókaleyfunum heldur hitt að þeir reyndu að vinna innan einhvers sveigjanlegs marks. En til þess að svo geti orðið verðum við að stoppa innstreymið á afkastagetunni. Við erum að stíga fyrstu skrefin til þess núna. Það er kannski ekki nægjanlegt, en við erum að stíga fyrstu skrefin, nokkuð sem menn hafa látið undir höfuð leggjast að gera í tíu ár. Betra seint en aldrei, herra forseti. Það er kannski ekki nægjanlegt sem gert hefur verið, en það er þó byrjað á að vinna það. Þannig hef ég trú á því, miðað við starf sjútvn. undanfarnar þrjár vikur, að það sé mikill vilji í þinginu og einlægur fyrir því að finna leiðir í alvöru til þess að krókaleyfi og smábátarnir geti lifað í friði. Það er því ástæðulaust fyrir einhverja menn að efna til þess ófriðar að hér sé eitthvað á ferðinni, eitthvert níðhögg í garð þessarar útgerðar. Það er alveg öfugmæli. Það er ekki verið að gera það. Það er verið að finna henni frið, að vísu ekki varanlegan, ég viðurkenni það, en það er verið að finna henni frið og það var lífsnauðsynlegt að gera það á þessu vorþingi vegna þess að það þoldi enga bið. Þetta var það sem ég lofaði, herra forseti. Ég lofaði að beita mér af öllu afli nú þegar fyrir því að þetta gæti gengið (**Gripið fram í:** Og sýna ráðherranum tillit.) og við tókum það fram að aðrir þættir í breytingum varðandi fiskveiðistjórnunina yrðu eðlilega að bíða til haustsins. Ég skora því á þá menn sem hafa undir höndum einhverjar sannanir þess eða einhvers lags plögg eða geta bent á eitthvað um það að ég hafi svikið í einu eða neinu það sem ég sagði eða lofaði fyrir kosningar. Komi þeir með það og sýni fram á það. Hættið þið þessum dylgjum ella, það væri réttara. (**SighB:** Dylgjur?) Það eru hreinar dylgjur þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson segist ætla að hlífa mér við að rifja upp mín kosningaloforð. Það þarf ekki að hlífa mér við því. Hann getur komið með þau öll hér. Það er engin hlíf í því. Ég þoli að heyra þau. Þau standast. Ég hef ekki svikið eitt einasta loforð.

Það er mikilvægt að klára þetta mál núna. Við sjáum fyrir endann á því. Við sjáum fyrir endann á baráttunni fyrir því að fá róðrardagakerfið í gegn. Það er ekki eins og allir vildu, það er ekki eins og ég vildi, það er ekki eins og Félag smábátaeigenda vildi, en það er samt að líta dagsins ljós. Við höfum tíma til þess á næstu árum að þróa það og gera það betra.

[23:05]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Í 2. umr. um þetta mál var tekist á um stefnu stjórnar og stjórnarandstöðu. Allar tillögur stjórnarandstöðunnar voru felldar eða að þær fengu

ekki nægjanlegan styrk innan sjútvn. Þær hefðu þó horft til verulegra bóta fyrir þetta frv. sem við erum hér að ræða um. En niðurstaðan var að þær voru felldar og í þessu frv. og brtt. meiri hlutans sem hér liggja fyrir kemur afstaða stjórnarþingmannanna til smábátaútgerðar fram.

Það var einkum tekist á um hvenær róðrardagakerfið yrði tekið upp. Stjórnarandstaðan vildi gera það strax í haust. Stjórnarþingmenn vildu láta eftir mati hæstv. sjútvrh. Nú leggja stjórnarþingmenn fram tillögu um gildistöku 1. febrúar. Það er betra en áður, en það er margt við brtt. meiri hlutans að athuga. Og ég vil taka fram að það er enginn þingflokkur á Alþingi sem vill ekki róðrardagakerfi. Það hafa allir þingflokkar alltaf viljað róðrardaga. Það er alltaf betra í sóknarmarki, sama hvers eðlis það er, að hafa sóknardaga en banndaga. Það hefur aldrei í sjálfu sér ríkt ágreiningur um þetta efni. Ágreiningurinn sem var hér í umræðunni var um hina tæknilegu útfærslu þó svo ýmsir stjórnarþingmenn hafi kosið að gera róðrardagana, sóknardagana að aðalatriði þessa máls. Þeir hafa í sjálfu sér aldrei verið það.

En það er ýmislegt við brtt. meiri hlutans að athuga. Það er ekki heimilt að flytja sóknardaga frá 3. og 4. veiðitímabili yfir á 1. og 2. Það er einungis hægt að færa í aðra áttina. Það er ekki sanngjart að svona skuli með farið.

Það er sömuleiðis í þessu að ef menn vilja flytja milli tímabila, þá verða þeir að sleppa alveg því tímabili sem þeir flytja frá. Þetta er heldur ekki sanngjarnt gagnvart þeim mönnum sem þurfa að vinna undir þessu kerfi. Þetta er ósveigjanlegt og ósanngjarnt. Þess er hins vegar getið í brtt. meiri hlutans að ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga, eftirlit með þeim og hvernig tilkynnt skuli um flutning á sóknardögum. Ráðherra getur á sama hátt með reglugerð leyft flutning á milli annarra tímabila. Af hverju fela menn ráðherra allt það vald að útfæra þessa hluti? Af hverju setja þeir þetta ekki skýrt í texta frv. eða treysta þeir svo vel reglugerðarvaldi hæstv. sjútvrh.?

Ég fæ ekki séð heldur í þessu frv. að lendi menn í alvarlegum vélarbilunum t.d. á sínum róðrardögum og raskist verulega útgerðarhættir manna, hvernig með skuli vera farið, hvort menn eigi einhvern rétt í því sambandi. Ég fæ ekki séð út úr þessu frv. að það sé nokkuð tekið á þessum þætti.

Þetta frv. fjallar í sjálfu sér mjög lítið um fiskveiðistjórnun. Það eru afmarkaðir þættir sem eru teknir hér upp og frv. verður afgreitt hér eins og meiri hlutinn leggur fyrir. Minni hlutinn hefur barist fyrir ákveðnum endurbótum og er enn að því, en niðurstaðan breytist ekki, Það er lögmál lýðræðisins hér á Alþingi að menn skiptist í stjórn og stjórnarandstöðu og í þessu máli munu stjórnarþingmenn standa saman að þessum brtt.

Það er þó alvarlegust í sambandi við þetta mál, alla málsmeðferðina, sú blekking ýmissa hv. þm. þegar nýliðin kosningabaráttа er höfð í huga. Þingmenn Framsfl. í Reykjaneskjördæmi mótuðu eigin sjávarútvegsstefnu og sögðu fyrir kosningar m.a. að togararnir ættu að fá 15% hluta af botnfiskaflanum og bátaflotinn 85%. Togarar ættu að færast utar, flottroll takmarkað verulega, framsal aflaheimilda takmarkað verulega. Það voru margir kjósendur á Reykjanesi sem kusu Framsfl. út á þessi loforð þeirra sem síðar urðu þingmenn. Það voru margir kjósendur sem tóku þessa frambjóðendur trúanlega í sínum málflutningi.

Það er allt í lagi að hafa haft þessi sjónarmið í kosningabaráttunni og það er eðlilegt að tekist sé á um hugmyndir. En eins og þær voru lagðar fram í kosningabaráttunni hafa kosningaloforð sjaldan verið svikin jafnhrottalega og gert var af þessum hv. þm. Framsfl. á Reykjanesi. Ég hugsa að þessarar umræðu verði minnst nokkuð lengi í stjórnmálasögunni því þetta er óvenjulegur málflutningur sem hluti af stjórnarþingmönnunum gekk í gegnum í kosningabaráttunni.

Og það er lítið betri raunasaga vestfirsku sjálfstæðismannanna. Þeir fóru mikinn fyrir kosningar. Þeir boðuðu sóknarmark og flotastýringu. Það átti að koma sóknarmark á öll skip undir 10 tonnum, síðan á öll skip undir 100 tonnum og síðan sóknarmark á allan flotann.

Ég geri ekki lítið úr þessum hugmyndum, síður en svo. Og svo háttar til að við hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson höfum skipst á skoðunum um öll mál, þar á meðal fiskveiðistjórnunarmál, um 15 ára skeið. Við gerþekkjum skoðanir hvors annars. Það er ekkert að þessum skoðunum í sjálfu sér, menn geta talað fyrir þeim. En það er ekkert af þessum hugmyndum þeirra í þessu frv., ekkert.

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson lýsti því yfir að hann styddi ekki ríkisstjórn sem ekki gerbreytti fiskveiðistjórnuninni. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gaf engar slíkar yfirlýsingar þótt hann hafi sagt ýmislegt annað í hita leiksins, sérstaklega hina síðustu daga. Mér finnst vera dapurlegt hlutskipti manna að þurfa að standa hér og fylgja þessu litla frv. sem er til umræðu. Þar stendur ekki steinn yfir steini af yfirlýsingum þessara hv. þm.

Það verður að taka frv. eða löggjöfina um fiskveiðistjórnun aftur upp í haust. Það er augljóst að það eru alvarlegir gallar á þessu frv. sem stjórnarmeirihlutinn ætlar að knýja í gegn og komið hefur fram í umræðum. Þetta er illa gert frv. með mikilli óvissu og of miklum heimildum fyrir ráðherra. Og það er ekki tekið á mikilvægum þáttum í fiskveiðistjórnuninni. Ríkisstjórnin hefur enga stefnu í þessu frv. um brottkast afla, veiðileyfagjald, línutvöföldun eða að allur afli fari á fiskmarkaði svo að fátt eitt sé nefnt. Stefnuleysi stjórnarþingmannanna í þessu máli er algert.

[23:15]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Í ræðu minni áðan láðist mér að geta þess, af því að mér var tíðrætt um ýmislegt annað, að ég hef jafnframt lagt fram brtt. á þskj. 105. Hún er flutt í framhaldi af því að til fundar við hv. sjútvn. komu fulltrúar línubáta sem óskuðu eftir því að línutvöföldun yrði afnumin og tekin inn sem viðbótaraflahlutdeild. Jafnframt var af þeirra hálfu lagt fram skjal

þar sem flestallar línuútgerðir á landinu lýstu sig fylgjandi þessu. Ég hef þess vegna flutt þessa brtt. Þar er lagt til að niður verði felld sú regla að fiskur sem veiðist í mánuðunum frá nóvember til febrúar verði aðeins að hálfu talinn til aflamarks innan tiltekins hámarks, en ákvæði þessa efnis hafa verið í gildi allt frá árinu 1984 og hafa jafnan verið umdeild.

Þess er að minnast, herra forseti, að fræg tvíhöfða nefnd lagði m.a. til að þetta tvöföldunartímabil á línuveiðum yrði fellt niður. Þá náðist ekki samstaða um að afnema ákvæðin þegar frv. var flutt á 117. löggjafarþingi í framhaldi af tillögu nefndarinnar. Þess í stað var lagt til að lögbundið yrði hámark þessarar línutvöföldunar og sú tillaga náði fram að ganga.

Þetta er til þess fallið, telja margir sem hafa reynslu af línuútgerðum, að leiða til aukins kapps um sókn í línuveiðar án tillits til kostnaðar. Ég tel jafnframt að það séu augljós rök fyrir því að láta útgerðir einstakra skipa meta hvaða veiðarfæri og veiðitími eru hagstæðust en reyna ekki að stýra þessum þáttum með valdboði. Þess vegna legg ég þessa breytingu til, herra forseti.

Ég legg jafnframt til að þessari viðbótaraflahlutdeild verði skipt milli línuskipanna í hlutfalli við línuafla þeirra á síðustu þremur vetrum, en það er ákveðin hefð fyrir því að miða við þriggja ára tímabil við úthlutun veiðiheimilda.

[23:17]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram hafa um mest verið málefnalegar, en um leið lýst þeim vanda sem mönnum er á höndum varðandi það úrlausnarefni sem til umræðu er.

Ég þakka málefnalegar umræður og eins vil ég sérstaklega færa sjávarútvegsnefndarmönnum þakkir fyrir það mikla starf sem þeir hafa unnið varðandi meðferð málsins í þinginu. Öll meðferð þess ber þess merki að hér er verið að fjalla um mjög vandmeðfarið mál og mál sem er erfitt úrlausnar. Það snýst um mikla og viðkvæma hagsmuni og niðurstaðan og umfjöllunin öll hlýtur að bera keim þar af.

Hér hefur verið á það minnst af einum hv. þm. að nú sé sérstaklega verið að refsa krókaveiðimönnum með því að ákveða heildaraflamark fyrir veiði þessara báta.

Nú er það svo að það hefur átt sér stað nokkur saga varðandi þróun þessara veiða. Það er ekki lengra síðan en árið 1990 að sett voru lög sem skipuðu veiðum þessara báta með ákveðnum hætti. Þá áttu sæti í ríkisstjórn Framsfl., Alþb. og Alþfl. Þá var ákveðið að veiði þessara báta skyldi vera innan við 3 þúsund lestir og hún skyldi, ef hún ykist á tilteknu tímabili um meira en 25%, breytast yfir í aflahlutdeildarkerfi. Á síðasta ári kom svo aftur til endurskoðunar á þeim lögum og eins og hér hefur verið rifjað upp voru lagðar fram tillögur af svokallaðri tvíhöfða nefnd um að rýmka mjög verulega þau lagaákvæði sem ákveðin voru á vordögum 1990. Fyrstu tillögur um það voru bornar fram af svokallaðri tvíhöfða nefnd, sem laut forustu hv. 5. þm. Norðurl. v. og aðstoðarmanns ráðherra, formanns Alþfl., og fólu í sér að aflamarkið færðist upp í 13 þús. lestir. Í umfjöllun um málið varð niðurstaðan hins vegar sú að miðað var við afla þessara báta á árunum 1992 og 1993 þannig að aflamarkið var sett við 21.500 lestir. Það var ekki vegna þess að menn hafi fundið það út að þar væru þau mörk sem setja ætti vegna þarfar sem fyrir hendi væru heldur með skírskotun til þessarar veiðireynslu.

Það er deginum ljósara að 1.100 bátar sem þurfa að sæta því takmarki búa við mjög þröngan kost. Hér er um að ræða um það bil 20 lestir á bát að meðaltali og af því má glöggt sjá að sumir mega veiða býsna lítið til þess að aðrir geti veitt með viðunandi hætti til að hafa af því lífsviðurværi. Þar komum við raunverulega að kjarna þessa máls, vandanum sem við stöndum frammi fyrir, að hér er um að ræða mjög marga báta og takmarkaðan afla.

Það er jafnerfitt núna og fyrir ári fyrir þennan fjölda báta að lifa af 21.500 lesta veiði í þorski. Það hefur ekkert breyst að því leyti á einu ári og þess vegna mjög erfitt um vik að halda því fram í þessari umræðu að nú sé verið að refsa með því að staðfesta þetta aflamark, en það hafi ekki verið raunin á síðasta ári þegar þessi ákvörðun var tekin. Þetta er nauðsynlegt að rifja upp vegna þess að sannleikurinn er sá að allir flokkar í þinginu hafa á að skipa þingmönnum sem hafa tekið ábyrgð á þróun þessara veiða og þeirra lagareglna sem um þær hafa verið settar á undanförnum árum utan Kvennalistinn sem einn hefur enga sögulega ábyrgð í þessu máli. Þetta er ég ekki að rifja upp til þess að gagnrýna þá sem hér hafa talað og eru núna lausir undan ábyrgð en hafa setið uppi með ábyrgðina áður. Ég held að það sé hins vegar nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því að hér er um vandasamt úrlausnarefni að ræða og það sést best þegar litið er til baka og ákvarðanir þeirra sem mest belgja sig í þessari umræðu eru bornar saman við þær ákvarðanir sem þeir tóku meðan þeir höfðu ábyrgð. Það sýnir best að vandinn og úrlausnarefnið er ekkert einfalt.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði í umræðunni að frv. eins og það væri orðið væri býsna flókið og ég verð að taka undir þá gagnrýni sem hv. þm. bar fram með mjög málefnalegum hætti um þetta atriði. Því verður ekkert á móti mælt að þau lagaákvæði sem hér eru sett fram eru orðin mjög flókin. Þau bera þess merki að á undanförnum vikum hafa farið fram samningaviðræður sem mótast af ýmsum aðstæðum, af mismunandi hagsmunum innan hóps krókabátamanna, af mismunandi aðstæðum á milli krókabáta og annarra og ýmsum sjónarmiðum sem fram hafa komið í þeim umræðum. Þetta á við bæði efnislega um reglurnar sjálfar og fyrir þá sem eiga að vinna eftir þeim, bæði stjórnvöld og eins fiskimennina sjálfa. Og þetta á auðvitað líka við út frá beinu lagatæknilegu sjónarmiði. Ég held að það væri mikið keppikefli að menn reyndu þegar meiri ró færist yfir umræður að finna einfaldari lausnir á útfærslu þessara leikreglna. Ég er fyrir mitt leyti reiðubúinn til þess að eiga samstarf við Landssamband smábátaeigenda um slíkar athuganir því að ég held að þær séu öllum nauðsynlegar og ef vilji er fyrir hendi er

sjútvrn. tilbúið til þess að skoða málin út frá þeim sjónarhóli því að það er ekki hægt annað en viðurkenna að sú gagnrýni á við rök að styðjast að frv. er orðið býsna flókið.

Ég er þeirrar skoðunar að við höfum smám saman verið að bæta stöðu þessa útgerðarhóps. Það er enginn vafi á því að lögin sem voru sett í fyrra voru mikil bót frá lögunum sem sett voru 1990 og það skref sem hér er verið að stíga er bót frá banndagakerfinu sem samþykkt var fyrir ári. En ég ætla ekki að halda því fram að hér sé endanleg lausn á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í þessu efni sem eru mjög margir bátar miðað við takmarkaða aflamöguleika. Róðrardagarnir eru framför, en þeir fela líka í sér að þeim dögum fækkar sem menn geta verið að frá því sem er í banndagakerfinu, en menn hafa meira frelsi til þess að velja það. En sá böggull fylgir skammrifi að þeir eru færri. Hér eru engar allsherjarlausnir, en alveg með ótvíræðum hætti er verið að bæta stöðuna frá því sem verið hefði ef lögin frá því í fyrra hefðu verið óbreytt.

Hér hefur verið fjallað um hvort hækka ætti þetta aflamark. Þegar það var sett fyrir ári voru sjónarmiðin á bak við það þau að miða við aflareynslu bátanna á árunum 1992 og 1993 og menn komust að þeirri niðurstöðu að það væri sanngjarnt að miða við veiðireynslu þeirra ára, að skerða ekki veiðireynslu þessara báta. Á sama tíma höfðu stærri skipin þurft að sæta skerðingu og þess vegna var það að menn settu þetta aflamark fast, að menn sögðu sem svo: Fyrst þessi hópur þarf ekki að sæta skerðingu miðað við veiðireynslu á sama tíma og aðrir gera það er eðlilegt að það festist. Nú erum við vonandi að horfa fram á það, þó að það verði ekki á þessu ári eða næsta fiskveiðiári, að aflaheimildir í þorskveiðum geti aukist á nýjan leik og þá tek ég undir með hv. frsm. sjútvn. að þá er eðlilegt að endurskoða hvort þetta aflamark geti ekki orðið að aflahlutdeild og færst til upp á við í réttu hlutfalli við aukningu á heildarafla. Því miður er ekki að þessu komið, en sem betur fer þá sjáum við fram á þá tíð að það geti orðið fyrr en við ætluðum fyrir ekki löngu. Og jafnvel þó að það gerist höfum við ekki leyst allan þann vanda sem krókabátamenn standa frammi fyrir, jafnvel þó að það gerist. Og við skulum heldur ekki gleyma því að það er allur fiskiskipafloti okkar sem á við vanda að etja. Jafnvel þó að hluti hans hafi getað sótt afla á önnur mið utan landhelginnar sem vissulega hefur létt undir, þá er það svo að það á ekki við um nærri allan þann flota sem er á aflamarki.

Þess vegna brýni ég fyrir mönnum enn og aftur að reyna að horfa á viðfangsefnin í sjávarútveginum út frá heildarhagsmunum. Það þjónar engum tilgangi þegar útgerðarmenn stærri skipa eru að bölsótast út í krókaveiðimenn og það þjónar heldur engum tilgangi fyrir þá að halda því fram að við höfum litla eða enga þörf fyrir veiðiskap með stærri skipum. Sannleikurinn er sá að við þurfum á þessum fjölbreytta veiðiskap að halda. Við þurfum á krókaveiðum að halda. Við þurfum á afla smábátanna að halda. Við nýtum ekki okkar fiskimið með skynsamlegum hætti nema við höfum öfluga smábátaútgerð, en það vitum við líka að við nýtum ekki þessa auðlind og tryggjum ekki stöðuga atvinnu nema við stöndum vel að öðrum útgerðarrekstri samtímis. Og þess vegna eigum við ekki að vera að ala á sundurþykkju milli þessara hópa. Við eigum miklu fremur að leitast við að tengja þessa hagsmuni saman og skynja að íslenskt þjóðfélag þarf á öllum þessum mönnum að halda og það eru sameiginlegir hagsmunir okkar að styrkja sjávarútveginn í heild sinni.

Ég ætla ekki, herra forseti, að lengja þessa umræðu frekar. Ég vil aðeins ítreka þakklæti mitt til hv. þm. sem hér hafa talað fyrir málefnalega umræðu, til nefndarmanna í hv. sjútvn. fyrir góð störf og vona að við getum sameinast um að hér sé stigið skref fram á við þó að það sé alls ekki gallalaust og feli alls ekki í sér neina endanlega lausn þessara mála. En þá er með ótvíræðum hætti verið að bæta nokkuð úr aðstöðu smábáta sem vissulega búa við þröngan kost og erfiðar aðstæður eins og sakir standa.

Herra forseti. Það er rétt að ég svari fyrirspurnum sem hv. 5. þm. Vesturl. beindi til mín. Um þær vil ég aðeins segja að hvorki ég né þingmenn stjórnarflokkanna hefðum staðið að tillögugerð um þessi efni með þessum hætti ef við hefðum verið þeirrar skoðunar að þær stönguðust á við stjórnarskrá eða alþjóðlega sáttmála sem Íslendingar eru aðilar að. Og því aðeins stöndum við að þessum tillögum að við teljum að þær samrýmist bæði stjórnarskrá og alþjóðlegum sáttmálum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

**Útbýting þingskjals:**

Lyfjalög, 31. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 106.

## *Samningur milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, síðari umr.*

Stjtill., 37. mál. — Þskj. 43, nál. 98.

[23:34]

**Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Utanrmn. hefur haft til meðferðar þá tillögu sem hér er til umræðu um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1995.

Nefndin hefur fjallað um þessa tillögu og það er mat hennar að rétt sé að tillagan verði samþykkt. Þrír nefndarmanna hafa hins vegar skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara og munu væntanlega gera grein fyrir honum, en að öðru leyti liggur mál þetta ljóst fyrir og nefndin gerir tillögu um að tillagan verði samþykkt.

[23:34]

**Ólafur Ragnar Grímsson:**

Virðulegi forseti. Þegar fyrri umr. fór fram um þessa tillögu komu fram ítarleg sjónarmið hjá fulltrú-

um stjórnarandstöðuflokkanna við umræðuna. Þau sjónarmið fólu í sér nokkra gagnrýni á meðferð málsins og jafnframt ósk um að í framhaldi verði hugað rækilega að því að náið samráð verði haft við utanrmn. um þá kröfugerð og stefnumótun sem hæstv. ráðherrar setja fram í formlegum eða óformlegum viðræðum við Norðmenn.

Ég tel mikilvægt, herra forseti, að hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur verði gert aðvart um að þessi umræða sé hafin vegna þess að þau rituðu undir þetta nefndarálit með fyrirvara og það er ekki alveg víst að þau hafi áttað sig á því að hún sé hafin, en mér er kunnugt um að a.m.k. annað þeirra ef ekki bæði vildu gera stutta grein fyrir sínum fyrirvara.

Sá fyrirvari sem við höfum varðandi þessa afgreiðslu snýr fyrst og fremst að því magni sem tilgreint er í samningnum. Við höfum verulegar efasemdir um að sú tala sé rétt og teljum þess vegna að mikilvægt sé að árétta rækilega eins og reyndar er gert í samningstextanum og greinargerðinni og í framsögu utanrrh. á sínum tíma hér í þinginu að þessi samningur hafi á engan hátt fordæmisgildi varðandi frekari viðræður milli þeirra þjóða sem hagsmuna hafa að gæta og réttindi eiga gagnvart veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum. Við höfum bæði í umræðunni og eins á fundum utanrmn. gert rækilega grein fyrir þeim rökum sem við flytjum fyrir þessari skoðun okkar og ég tel í sjálfu sér ekki nauðsynlegt að rekja það ítarlega hér, en tel að hæstv. ráðherrum sem og öðrum nefndarmönnum sé nú orðið vel kunnugt um þær röksemdafærslur.

Ég held einnig að það sé mjög mikilvægt að sá stefnugrunnur sem hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. hafa að leiðarljósi í samskiptum sínum sérstaklega við Norðmenn í þessu máli sé byggður á traustum rökum sem eiga víðtækan hljómgrunn í landinu. Þess vegna kom það sjónarmið fram í nefndinni sem rétt er að árétta hér að það er nauðsynlegt að það fari fram ítarlegar viðræður á næstunni milli viðkomandi ráðherra og nefndarinnar til þess að treysta efnisgrundvöll þeirra röksemda sem samningamenn af Íslands hálfu og einstakir ráðherrar færa fram í viðræðum við erlenda aðila um þetta efni. Ég ætla í sjálfu sér ekki að lýsa nánar hvers vegna við teljum að það sé þörf á slíkri samstillingu, en það er mikilvægt að hún sé áréttuð hér.

Þess vegna teljum við að í nefndinni hafi verið gefið það fyrirheit að í framhaldi málsins verði náið samráð haft við utanrmn. um kröfugerð Íslendinga, þau sjónarmið sem fram eru sett í bæði óformlegum og formlegum viðræðum við fulltrúa annarra ríkja um þetta efni. Við treystum því að þau fyrirheit sem gefin voru á vettvangi utanrmn. um náið samráð, bæði áður en slíkar viðræður fara fram, meðan þær eiga sér stað og sérstaklega áður en ákveðin niðurstaða er fengin, verði efnd í verki. Það er ríkur vilji af hálfu okkar, sem undirritum þetta nefndarálit með fyrirvara, að hafa traust og náið samráð við fulltrúa ríkisstjórnarinnar um stefnumótum Íslendinga í þessum viðræðum og við treystum því að eftir þær umræður sem fram hafa farið á Alþingi sé það gagnkvæmt.

Virðulegi forseti. Norsk-íslenski síldarstofninn er ein af mikilvægustu auðlindum sem okkar þjóð hefur getað hagnýtt sér á ýmsu tímaskeiði á þessari öld. Og ef við hyggjum að auðlindum Íslands í náinni framtíð er alveg ljóst að norsk-íslenski síldarstofninn er þar mjög mikilvægur þáttur. Það hefur oft á undanförnum árum verið eytt mikilli orku í stjórnkerfinu í að efna til viðræðna við erlenda aðila um að byggja stóriðjuver eða verksmiðjur á Íslandi með miklum tilkostnaði í þeim efnum og mikilli orku ráðherra, ríkisstjórna, sérfræðinga, stofnana o.s.frv. Ég fullyrði hins vegar að norsk-íslenski síldarstofninn er hvað hagsmuni Íslands snertir á við a.m.k. meðalverksmiðju af því tagi sem menn hafa rætt um og gert sér vonir um í samvinnu við erlenda aðila hvað stóriðnað snertir.

Það hefur hins vegar ekki verið varið mikilli orku stjórnsýslustofnana, rannsóknarstofnana eða annarra aðila hér heima í að undirbyggja málflutning Íslands í þessu mikilvæga máli. T.d. er það módel sem íslenskir ráðherrar hafa vísað til sem meginrök okkar í málinu ekki ættað frá íslenskum vísindamönnum heldur öðrum. Ég tel þess vegna að það sé mjög mikilvægt að á vettvangi stjórnkerfisins, sérfræðistofnana og annarra, sé gengið þannig frá því að við sinnum þessu máli vel, undirbyggjum okkar rök bæði fræðilega og sögulega og getum þess vegna gengið á vit þeirrar óvissu, sem því miður Norðmenn sérstaklega hafa búið okkur í þessu máli, með traustan málstað.

Að lokum vil ég árétta það, virðulegi forseti, að það hlýtur að vera meginsjónarmið Íslendinga að þær þjóðir sem hagsmuna hafa að gæta, við, Færeyingar, Norðmenn og Rússar, nái samkomulagi um nýtingu þessarar sameiginlegu auðlindar. Það er satt að segja mjög alvarlegt mál ef Norðmenn halda þannig á málum að þeir komi í veg fyrir að þessar fjórar þjóðir geti náð sameiginlegu samkomulagi um nýtingu þessa stofns og opnað þannig möguleika á því að ýmsar aðrar þjóðir sem eiga þar hvorki sögulegan né siðferðilegan rétt geti reynt að afla sér hans á næstu árum í skjóli þess að þessar fjórar þjóðir hafa ekki getað komið sér saman. Þess vegna er mjög mikilvægt að af hálfu Alþingis sé í umræðum hér og í afstöðu utanrmn., eins og fram kom í nefndinni, lýst eindreginni kröfu til Norðmanna og annarra um að gengið verði til samninga um nýtingu þessarar auðlindar á næstu mánuðum og missirum.

Virðulegi forseti. Ég tel mig í örstuttu máli hafa gert mér grein fyrir helstu þáttum þess fyrirvara sem fylgir stuðningi mínum og míns flokks við þann samning sem hér er til afgreiðslu, en tel brýnt að þingið að öðru leyti sameinist um afgreiðslu málsins.

[23:42]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég er samþykkur nefndarálitinu sem liggur fyrir og tel að það sé nauðsynlegt að þingið fyrir sitt leyti staðfesti þennan samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Ég hef hins vegar fyrirvara og tel rétt að skýra hann.

Nú er það svo að eins og fram kom í máli hv. þm.

Ólafs Ragnars Grímssonar felast gríðarmiklir framtíðarhagsmunir í vexti og viðgangi norsk-íslenska síldarstofnsins. Það var gífurlegt áfall fyrir íslenskt þjóðarbú þegar stofninn hrundi seint á 7. áratugnum og það er algerlega nauðsynlegt að það komi skýrt fram og ekki síst að hæstv. ríkisstjórn geri sér glögga grein fyrir því að ábyrgðin á hruni stofnsins er alfarið Norðmanna. Það er ekki með nokkru móti hægt að koma með sannfærandi rök fyrir því að Íslendingar hafi með ofveiði drepið þennan stofn. Það liggja fyrir staðreyndir sem því miður allt of fáir virðast vera meðvitaðir um og þær felast í eftirfarandi, herra forseti:

Allar götur frá 1950, a.m.k. frá árinu 1951, stunduðu Norðmenn stórfelldar sveiðar á smásíld. Það voru þessar smásíldarveiðar sem leiddu til hruns stofnsins. Átta sinnum frá árinu 1951 til ársins 1968 veiddu þeir svo mikið af síld sem flokka má undir ungsíld, á aldrinum frá 0–4 ára, að innan við 10% af nýliðuninni komst upp og sameinaðist fullorðna hrygningarstofninum. Það kom jafnvel fyrir einu sinni að einungis eitt prómill komst upp og þetta var það sem norskir fræðimenn sögðu sjálfir árið 1980 að hefði leitt til hruns stofnsins. Norðmenn og þá norsk stjórnvöld sérstaklega hafa reynt að færa rök að því að það hafi verið stórsíldarveiðar Íslendinga norðan og norðaustan Íslands sem leiddu til hrunsins. Það er mjög orðum aukið svo að ekki sé meira sagt. Ég hef áður rakið þetta hér í ræðu. Ég bendi á að það komu ár þar sem Norðmenn voru að taka tugi milljarða smásílda á meðan Íslendingar tóku einungis um 6 milljarða sílda á mesta aflaárinu 1967. Ég tel þess vegna að Íslendingar eigi heimtingu á afskaplega drjúgri hlutdeild úr stofninum. Stofninn er í vexti. Þegar hann var hvað stærstur var hann 10 millj. tonna. Fræðimenn hafa sýnt fram á það með góðum rökum að þegar stofninn er kominn yfir 2,5 millj. tonna er líklegt að góðir árgangar klekist undan slíkum stofni. Nú er stofninn kominn í 3 millj. tonna þannig að það er ljóst að hann er kominn yfir hinn krítíska þröskuld.

Það hefur líka tekist, m.a. fyrir tilstyrk og þrýsting íslenskra vísindamanna, að hefta allar veiðar Norðmanna á smásíld. Þess vegna tel ég líklegt að á næstu árum muni stofninn stækka mjög mikið og ekki síst vegna þess að árferði í sjónum er gott og mikil áta. Þarna er því um mikla hagsmuni að tefla.

Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að á öllum síldarárunum miklu, allar götur frá 1950 og til þess tíma þegar veiðum var hætt, þegar stofninn hrundi, þá voru einungis tveir árgangar sem stóðu undir allri þessari gríðarlegu síldveiði, árgangurinn frá 1950 og 1959. Allir hinir voru ofveiddir á unga aldri þannig að þeir komust ekki upp til þess að styrkja stóra stofninn. Til að mynda vek ég eftirtekt á því að svo langt sem árið 1964 var það árgangurinn frá 1950 sem stóð enn undir 65% af veiðinni.

Nú blasir það við að tekist hefur að hefta veiðar Norðmanna á smásíld. Hrygningarstofninn er kominn í drjúga stærð, það er að vænta góðra árganga undan síldinni og það sem mest er um vert: nú liggur það fyrir að síldin hefur tekið upp sitt fyrra göngumunstur. Fréttir frá því í gær herma að færeysk skip hefðu fundið síld á Rauða torginu svokallaða sem voru vetursetustöðvar síldarinnar áður.

Þegar síldin hefur tekið upp þetta göngumunstur blasa við eftirfarandi staðreyndir: Fullorðin hrygningarsíld úr þessum stofni dvelur einungis í norskri lögsögu tvo mánuði á ári. Hún mun dvelja í eða í grennd við íslensku efnahagslögsöguna 7–8 mánuði á ári. Þar með er alveg ljóst samkvæmt þessu að við hljótum að geta krafist verulegrar hlutdeildar úr stofninum, ekki síst vegna þess að það er á ætisslóðinni norðan og norðaustan Íslands sem síldin fitar sig og það er sú íslenska fita sem gerir síldina miklu verðmeiri eftir dvölina að sumrinu til við Ísland.

Ég segi þess vegna, herra forseti, ég tel ekki hægt að láta Norðmenn skammta okkur úr hnefa. Og ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að hvað sem hæstv. ráðherrar segja um geysileg vonbrigði þeirra yfir því sem Norðmenn buðu hef ég efasemdir um að þeir hafi haft uppi rétta samningatækni og ég fullyrði að þeir létu Norðmenn skammta sér úr hnefa. Þrátt fyrir yfirlýsingar þeirra um annað. Það liggur fyrir að kvótinn sem talið er ráðlegt að veiða úr þessum stofni í dag er í kringum 900 þúsund tonn. Norðmenn tóku 650 þús. tonn. Eftir eru því 250 þúsund tonn. Og hvað var það sem Íslendingar gerðu sér að góðu? Það voru 250 þús. tonn. Ég get ekki dregið aðra ályktun en þá að okkur hafi verið skammtað úr hnefa af Norðmönnum.

Það er að vísu svo að í 6. gr. samningsins sem við leggjum til í utanrmn. að verði staðfestur er tekið fram að þessi samningur hafi ekkert fordæmisgildi. Ég vil ekki hafa mörg orð um það. En ég þekki engan samning sem gerður hefur verið nokkru sinni í sögu mannkynsins sem ekki hefur haft fordæmisgildi inn í framtíðina.

Herra forseti. Ég hef fyrirvara um þann tonnafjölda sem getið er um í samningnum og hef leitt rök að því hvers vegna ég er ekki ánægður með þá tölu, en ég tel að miðað við allar aðstæður sé rétt að þessi samningur verði staðfestur og mæli með því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:51]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

12 þm. (GAK, GB, GÁS, GHelg, HÁs, HBl, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 110).

***Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 28. mál (veiðar krókabáta o.fl.). — Þskj. 76, frhnál. 94, brtt. 81, 89, 95, 100 og 105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:53]

Brtt. 81 kölluð aftur.

Brtt. 100,1 felld með 33:20 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GE, GuðjG, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ.

**nei:** FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, ÓE.

10 þm. (GÁS, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS, GHelg, GAK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:55]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir að hann hafi hug á því að ef aflamark verði hækkað í almennum veiðum njóti krókaleyfisbátar þess líka í sömu eða í sambærilegri aukningu sóknardaga og aflamarki. Þetta er aðferðin til að tryggja það. Vilji menn ekki samþykkja þessa tillögu vilja menn ekki tryggja það í reynd heldur eiga um það eftirmál.

Ég vil aðeins að það komi fram, virðulegi forseti, að á fundi sem þingmenn Vestfjarða áttu með trillukörlum af vestursvæði Vestfjarða var þess sérstaklega óskað að þingmennirnir styddu þessar tillögur þó ekki væru þær fleiri. Ég segi já.

Brtt. 100,2.a–b felld með 34:19 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP.

10 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.

Brtt. 100,2.c felld með 34:9 atkv. og sögðu

**já:** GE, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, MF, ÓRG, SighB, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, HG, KHG, LB, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:59]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegur forseti. Þetta er tilraun til að tryggja að þó að sóknardagar smábátaflotans verði skertir úr 136 dögum í 86 daga, ef tillögur stjórnarmeirihlutans ná fram að ganga, eigi menn möguleika á því að ná sama afla á næsta fiskveiðiári og þeir hafa náð eða munu ná á því fiskveiðiári sem nú er senn að ljúka. Þetta er sú tillaga sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson bað Össur Skarphéðinsson að standa með sér að og semja fyrir sína hönd. Ég segi já.

[00:00]

**Guðjón Guðmundsson:**

Hæstv. forseti. Eigi að auka þorskaflaheimildir verulega, sem ég tel vel koma til greina, hlýtur sú aukning að fara að hluta til aflamarksbáta sem hafa farið verst allra út úr samdrætti í þorskveiðum undanfarin ár. Þar sem þessi tillaga gerir ekki ráð fyrir því segi ég nei.

Brtt. 100,2.d felld með 33:19 atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP.

1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:02]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegi forseti. Þessi tillaga byggir á því að menn miði ekki lengur við banndagakerfið heldur sóknardagakerfi sem verði ákveðið fyrir næsta ár sem verði grunnviðmiðunarár í sóknardagakerfi. Verði þessi tillaga felld hverfa menn aftur til þess megininntaks frv. að miða við banndaga. Þessi tillaga lýtur líka að því að menn hafi frelsi til að velja sér sóknardaga innan ársins án skerðingar. Ég segi já.

Brtt. 100,2.e–g kom ekki til atkv.

Brtt. 95,1.a–d samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.

4 þm. (GE, JBH, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.

Brtt. 95,1.e samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.

Brtt. 95,1.f–g samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
4 þm. (GE, JBH, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.

Brtt. 105,1 felld með 33:20 atkv. og sögðu
**já:** ÁE, ÁRJ, EOK, GE, GGuðbj, HjÁ, HG, JBH, KHG, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP.
10 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.

Brtt. 89 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 95,2 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
5 þm. (GE, JBH, LB, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.

Brtt. 105,2 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GuðjG, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:09]
**Guðjón Guðmundsson:**
Hæstv. forseti. Þær breytingar sem hafa verið samþykktar á frv. eru mjög til bóta flestar hverjar og einkum þó að hér hefur verið ákveðið hvenær róðrardagakerfið tekur gildi. En eftir stendur þó að með samþykkt frv. verður gerð sú grundvallarbreyting á fiskveiðistjórnuninni að krókaleyfisbátar geta farið á aflamark. Ég tel þá breytingu ekki rétta, ég tel að hún muni leiða til aukins brasks, og er nú ekki á það bætandi, og að hún muni leiða til að fiski verði hent í auknum mæli og er heldur ekki á það bætandi. Þess vegna get ég ekki samþykkt þetta frv. og greiði ekki atkvæði.

[00:10]
**Steingrímur J. Sigfússon:**
Virðulegi forseti. Þó það sé vissulega svo að ýmis ákvæði þessa frv. hafi batnað í meðförum þingsins er það engu að síður eftir sem áður meingallað að okkar mati og við erum í raun andvíg ýmsum ákvæðum þess. En kæmi til þess hins vegar að þetta frv. yrði fellt væri það ávísun á að óbreytt banndagakerfi yrðu örlög krókaveiðimanna á næsta fiskveiðiári með öllum þeim þrengingum sem því mundi fylgja. Í ljósi þessara aðstæðna kjósum við að sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins. Í því felst ekki stuðningur við það á nokkurn hátt heldur þvert á móti, með vísan til þess sem ég hef áður sagt, þá teljum við frv. meingallað og væri að mörgu leyti, ef ekki væru uppi þessar aðstæður, eðlilegast að greiða atkvæði gegn því. En við sitjum hjá við endanlega afgreiðslu málsins í ljósi þessara aðstæðna.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 111).

## *Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 29. mál (gjaldskylda krókabáta o.fl.). — Þskj. 77.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:12]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
11 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SighB, SF, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 112).

### *Meðferð og eftirlit sjávarafurða, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 30. mál (vettvangsathugun eftirlitsmanna EFTA). — Þskj. 34.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:12]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
11 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SighB, SF, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 113).

### *Alþjóðaviðskiptastofnunin, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 27. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 86, brtt. 72, 74, 90 og 92.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:15]
Brtt. 72,3.b kölluð aftur.
Brtt. 74,3.b kölluð aftur.

Brtt. 90 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
11 þm. (GAK, GÁS, GÁ, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.

Brtt. 92 kölluð aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, KHG, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (GAK, GÁS, GHelg, HÁs, IP, JóhS, JónK, RG, SF, VS) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:16]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Í samræmi við þá afstöðu okkar að við styðjum aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og Úrúgvæ-niðurstöðu GATT-samninganna svo og að við teljum að meginreglur í þessu frv. séu eðlileg fullgilding á okkar skuldbindingum samkvæmt þessum samningum og með hliðsjón af þeim fyrirvara og hjásetu varðandi tollaútreikninga gagnvart lágmarksmarkaðsaðgangi greiðum við frv. atkvæði í þess lokagerð, enda teljum við óhjákvæmilegt að við Íslendingar fullgildum okkar samningsskuldbindingar að þessu leyti.

Enn fremur, með vísan til þeirrar yfirlýsingar sem hæstv. forsrh. gaf í dag um endurskoðun málsins og að hæstv. ríkisstjórn muni leggja fyrir Alþingi á haustþingi 1996 greinargerð um framkvæmd málsins, þá hef ég dregið til baka brtt. um endurskoðunarákvæði og í trausti þess að þessari vinnu verði skynsamlega sinnt og hún lögð hér fyrir þingið greiðum við þessu atkvæði.

[00:17]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Með því frv. sem nú er komið til endanlegrar afgreiðslu er verið að stíga skref í átt til opnari viðskiptahátta með landbúnaðarvörur, skref sem eflaust á eftir að hafa nokkur áhrif á stöðu íslensks landbúnaðar og íslensks viðskiptalífs. Það verður ekki lengur bannað að flytja inn landbúnaðarvörur. En að dómi okkar kvennalistakvenna er þó gengið of langt í tollvernd og girðingasmíði sem mun leiða til afar takmarkaðs innflutnings og þar með koma ekki fram þau áhrif sem til er ætlast með GATT-samningnum. Það er tilgangur þess samnings að ýta undir alþjóðaviðskipti með landbúnaðarvörur og við eigum að standa við þann samning og nýta okkur hann bæði til sóknar og varnar jafnframt því að efla íslenskan landbúnað. Okkur er öllum ljóst að Alþingi verður að ganga frá þessu máli fyrir 1. júlí nk., en frv. er þó þannig útfært, þrátt fyrir breytingar til batnaðar, að ríkisstjórnin verður að bera á því ábyrgð og því munum við kvennalistakonur sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[00:18]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil láta koma fram við lokaafgreiðslu þessa máls að vissulega markar þessi niðurstaða þáttaskil hér á landi og mun hafa mikil áhrif og hvað sem fullyrðingum líður um að GATT og þau áform nái ekki fram að ganga mun íslenskur landbúnaður nú standa frammi fyrir miklum breytingum og verða að aðlaga sig þeim. Þær breytingar verða margar sársaukafullar. Ég vil þó sérstaklega taka fram hér að ég óttast hag garðyrkjunnar, gróðurhúsanna, við þessar aðstæður. Það gerist nú að sá atvinnuvegur fer heldur illa út úr þessu. Til viðbótar sætti hann því við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið að fá þar á sig tollalausan innflutning. Ég vil segja hér og skora á hæstv. landbrh. og ríkisstjórnina að taka málefni garðyrkjubænda sérstaklega til athugunar við þessa niðurstöðu, hvernig hægt er að bæta starfsumhverfi greinarinnar í landinu og gera henni kleift að takast á við þá óhjákvæmilegu samkeppni sem nú blasir við.

[00:20]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Þó svo að GATT-samningurinn sé eitt

merkasta mál undanfarna áratugi er því miður frv. sem við erum að afgreiða hér ekki nægjanlega vel úr garði gert. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir okkar til að breyta því og færa það til betri vegar tókst það ekki. Þess vegna kjósum við að sitja hjá við endanlega afgreiðslu þessa máls, en lýsum jafnframt yfir þeirri von okkar að rætist okkar spádómar um lágmarksinnflutning muni ríkisstjórnin hafa um það forgöngu að breyta tollákvæðum á hausti komanda.

[00:21]

**Jón Baldvin Hannibalsson:**

Herra forseti. Hér er ekki verið að greiða atkvæði um aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni heldur er spurningin sú hvort menn vilja leggja blessun sína yfir þá pólitísku stefnu stjórnarflokkanna sem í frv. felst um útfærslu innan lands.

Meginstefnan er sú í raun og veru að útiloka innflutning, að innsigla og festa í sessi óbreytt ástand og afsala þjóðinni þar með því tækifæri sem með samkomulaginu gafst til þess að innleiða nýja tíma, aðhald samkeppni sem hefði orðið bæði bændum og neytendum til góða. Við hörmum þessi mistök og sitjum þess vegna hjá við afgreiðslu málsins og viljum ekki bera ábyrgð á þessu klúðri.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 114).

**Útbýting þingskjals:**

Framleiðsla og sala á búvörum, 36. mál, nál. landbn., þskj. 109.

Fundi slitið kl. 00:23.

---

## 24. FUNDUR

miðvikudaginn 14. júní,
að loknum 23. fundi.

**Dagskrá:**

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, stjfrv., 42. mál, þskj. 83. — 1. umr.

***Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, 1. umr.***

Stjfrv., 42. mál. — Þskj. 83.

[00:24]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):**

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar um sérstaka úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Það á rætur að rekja til þeirra samningaviðræðna sem farið hafa fram að undanförnu milli sjómanna og útvegsmanna. En eins og kunnugt er hefur staðið verkfall á fiskiskipaflotanum um nokkurn tíma.

Meðal þess sem kjaradeilan hefur snúist um hefur verið ákvörðun fiskverðs til viðmiðunar við hlutaskipti þegar fiskur er ekki seldur á uppboðsmarkaði innan lands eða erlendis. Samningaviðræður gengu erfiðlega og að kveldi 9. júní sl. lagði ríkissáttarsemjari fram miðlunartillögu sem hafði að geyma þau atriði sem deiluaðilar voru þá sammála um en hafði ekki að geyma önnur atriði sem ósátt var enn um á milli aðila.

Eins og kunnugt er féll miðlunartillagan í atkvæðagreiðslu sjómanna og hafa samningsaðilar sest að nýju við samningsborð. Deilan er á þessu stigi mjög viðkvæm, en ekki talið útilokað að henni kunni að ljúka innan skamms þó ekkert verði um það fullyrt á þessu stigi. Ríkisstjórnin hét því í viðræðum við fulltrúa deiluaðila að lögfesta umgjörð um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna og lagði þess vegna sl. mánudagskvöld fram frv. þar að lútandi. Í meginatriðum er gert ráð fyrir að efnisatriði þessa frv. verði óbreytt, en þó munu uppi hugmyndir um í þeim viðræðum sem nú standa að gera nokkrar breytingar sem fyrst og fremst lúta að því að stytta þá fresti sem um er rætt í frv. En samkomulag aðila sem frv. byggir á gerir ráð fyrir því að sé fiskur seldur aðila sem telst skyldur útgerð skuli hún og áhöfn gera með sér samning um fiskverð. Þá er gert ráð fyrir að áhöfn geti krafist að samningur sé gerður við útgerð varðandi fisk sem seldur er óskyldum aðila, enda sé hann ekki seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmarkaði. Náist ekki samkomulag um fiskverði í framangreindum tilvikum má skjóta málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar er ákveður fiskverð eftir nánar tilgreindum viðmiðunum.

Aðilar að kjaradeilunni höfðu eins og ég hef áður greint náð samkomulagi um þessi atriði þegar miðlunartillagan var flutt og byggir frv. alfarið á því samkomulagi. Það hefur verið talið nauðsynlegt að skjóta lagastoð undir þá úrskurðarnefnd sem aðilar voru sammála um að þessu leyti og er frv. flutt til að fullnægja þeim óskum sjómanna og útvegsmanna.

Ég vísa að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar frv., óska eftir því við hv. sjútvn., er hún fær málið til umfjöllunar, að hún taki til meðferðar þær viðbótarbrtt. sem samningsaðilar kunna að komast að samkomulagi um í þeim viðræðum sem nú standa yfir. En til þess að flýta fyrir afgreiðslu málsins, fari svo að samningar náist sem við hljótum að vona, legg ég til að málinu verði nú að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[00:29]

**Sighvatur Björgvinsson:**

Virðulegur forseti. Það eru aðeins örfáar spurningar.

Í fyrsta lagi varðandi ákvæði 4. gr. þar sem rætt er um ákvörðun um fiskverð í viðskiptum milli óskyldra aðila. Þar er gert ráð fyrir að takist ekki samningur geti úrskurðarnefnd tekið ákvörðun um verð í öllum slíkum viðskiptum og gildistími ákvörðunar nefndarinnar geti verið allt að þrír mánuðir. Þá er mín spurning sú:

Er þá sú ákvörðun nefndarinnar bindandi fyrir viðskipti milli allra þeirra aðila sem kunna að koma við sögu á gildistímanum eða er ákvörðunin bara bindandi gagnvart þeim eina aðila sem til stendur að eiga viðskipti við um einn farm? Í því sambandi get ég t.d. nefnt að nú er loðnuskip sem gerir samninga við loðnuverksmiðju um að landa þar afla sínum í eitt skipti. Náist ekki samningar getur viðkomandi úrskurðarnefnd úrskurðað. Sá úrskurður getur gilt í þrjá mánuði. Og er sá úrskurður þá bindandi fyrir öll viðskipti loðnuveiðiskipsins á öllum þeim tíma við óskylda aðila hversu margir sem þeir kunna að vera? Ef svo er erum við raunverulega að taka upp fiskverðsákvarðanir að nýju samkvæmt gamla kerfinu um ákvörðun fiskverðsnefndar.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hæstv. ráðherra um ákvæði í 5. gr. þar sem segir: „Skal í því sambandi“ — við ákvörðun nefndarinnar það er að segja — „tekið mið af verði í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum.“ Síðan segir: „Þá skal nefndin taka tillit til líklegrar þróunar afurðaverðs.“ Mig langar til að forvitnast um hjá hæstv. ráðherra hvernig það á að gerast, hvernig úrskurðarnefndin getur tekið ákvörðun um líklega þróun afurðarverðs kannski þrjá mánuði fram í tímann. Það hefði ég mikinn áhuga á að vita hvernig ætti að framkvæma.

[00:31]

**Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir úrskurðir sem um ræðir í 4. gr. eru bindandi fyrir viðkomandi aðila á samningstímabilinu í öllum tilvikum en gilda ekki fyrir aðra að sjálfsögðu, en geta haft áhrif varðandi viðskipti í öðrum tilvikum.

Auðvitað er það svo varðandi fyrirspurn hv. þm. um 5. gr., um mat á afurðaverði fram í tímann, að það er ekki vandalaust, en samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að reyna að gera sér grein fyrir því hvert það getur verið og fela úrskurðarnefndinni það mat.

[00:32]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki tilefni til að ræða þetta mál mikið eins og málin standa í augnablikinu heldur eðlilegt að bíða niðurstöðu í þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir og vonandi eru nú að leiða til niðurstöðu — ef ekki hefur nú þegar verið undirritað samkomulag gerist það vonandi á næstunni — og taka þá málið fyrir. Ég tel eðlilegt að deiluaðilar verði kallaðir fyrir sjútvn. og ég bendi á að að mörgu leyti er ekki síður eðlilegt að leggja spurningar um einstök atriði fyrir þá þar sem hér er verið að lögfesta samkomulagsfarveg í deilu sem deiluaðilar hafa orðið ásáttir um að setja á laggirnar með tilstyrk löggjafans. Þannig er kannski ekki síður þeirra að svara fyrir um hvernig menn sjá fyrir sér einstök framkvæmdaatriði málsins en hæstv. sjútvrh., enda honum ætlað það hlutverk fyrst og fremst í þessu máli að tilnefna oddamann í úrskurðarnefnd í samráði við deiluaðila. Þar sem hv. þm. á einnig sæti í sjútvn. veit ég að hann getur átt þess kost að koma sínum spurningum þar á framfæri. Verði eitthvað annað óljóst í meðferð málsins er rétt að bíða og sjá til að á það reyni hér, þ.e. í kjölfar þess að samningar hafa verið undirritaðir, og málið komi til frekari umfjöllunar Alþingis.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 00:36.

---

## 25. FUNDUR

fimmtudaginn 15. júní,
kl. 10 árdegis.

**Dagskrá:**

1. Matvæli, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 101, brtt. 102. — 2. umr.
2. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 36. mál, þskj. 40, nál. 109. — 2. umr.
3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 45. mál, þskj. 88. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Viðlagatrygging Íslands, stjfrv., 43. mál, þskj. 84, nál. 103, brtt. 104. — 2. umr.
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 1. mál, þskj. 1, nál. 96. — 2. umr.
6. Stjórnarskipunarlög, frv., 2. mál, þskj. 2, nál. 97. — 2. umr.
7. Mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar, þáltill., 32. mál, þskj. 36, nál. 99. — Síðari umr.
8. Greiðsluaðlögun, frv., 41. mál, þskj. 82. — 1. umr.
9. Gjald af áfengi, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 49, 51 og 64, brtt. 67. — Frh. 2. umr.
10. Áfengislög, stjfrv., 6. mál, þskj. 6, nál. 45, 58 og 59, brtt. 46. — Frh. 2. umr.
11. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 3. mál, þskj. 91, brtt. 87. — 3. umr.

**Fjarvistarleyfi:**

Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

**Útbýting þingskjals:**

Lyfjalög, 31. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 108.

## *Tilkynning um utandagskrárumræðu.*

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að utandagskrárumræða fer fram kl. 10.30 og verður félmrh. til andsvara. Málshefjandi verður hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Efni umræðunnar er málefni Brunamálastofnunar og verður þetta hálftíma umræða.

## *Matvæli, 2. umr.*

Stjfrv., 15. mál (heildarlög). — Þskj. 15, nál. 101, brtt. 102.

[10:04]

**Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá umhvn. við frv. til laga um matvæli á þskj. 101.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið á fund sinn Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóra umhvrn., Jón Gíslason og Franklín Georgsson frá Hollustuvernd ríkisins, Guðmund Einarsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Hörð Lárusson, deildarstjóra í menntmrn., og Brynjólf Sandholt yfirdýralækni.

Nefndin flytur ýmsar breytingartillögur við frv., ýmist efnislegar eða til lagfæringar og skýringar á orðalagi. Er gerð tillaga um breytingarnar á þskj. 102.

[10:05]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér verður vonandi lögfest fyrir þinglok er vissulega nauðsynleg og gagnmerk löggjöf um allt sem lýtur að meðferð matvæla, framleiðslu þeirra, geymslu og dreifingu. Löggjöfin hefur það meginmarkmið að tryggja hagsmuni neytenda á þann veg að þeir þurfi ekki að óttast það að þeir kaupi köttinn í sekknum þegar þeir verða sér úti um matvæli. Löggjöfin er um öryggi og hreinlæti við framleiðslu á að tryggja að kaupendur og neytendur séu ekki beittir blekkingum, t.d. með merkingum á umbúðum, með auglýsingum um vöruna og í öðrum kynningum og upplýsingamiðlun um þessa vöru. Ef til vill færi mörgum á sama veg og þeirri sem hér stendur að þeim þyki þetta óþarflega eða a.m.k. sérkennilega smásmugulegur texti og það verður að segjast eins og er að ég er ekki enn fullkomlega sannfærð um að lagasetningin gæti ekki orðið betri ef við hefðum haft svolítið meiri tíma til þess að liggja yfir textanum.

Nú er það ekki svo að við höfum ekki gert okkar besta í nefndinni. Margir fundir voru haldnir, miklu fleiri en samkvæmt dagskrá nefndar og margir aukafundir og langir fundir og við spöruðum hvergi ómak að reyna að gera þetta sem best úr garði. En því miður er það svo að textinn sem við fengum í hendur var vægast sagt illa unninn eins og sjá má af öllum þeim breytingartillögum sem umhvn. leggur fram á þskj. 102. Þar er að finna breytingartillögur í 28 liðum og eru margir undirliðir við suma. Ég veit ekki hvort það er met að fram komi 28 breytingartillögur við frv. sem er 32 greinar en ég hygg að þetta sé mjög mikið og það segir sína sögu. Ég hafði raunar sterklega í huga að skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara og sá fyrirvari var að hluta til efnislegur en fyrst og fremst vegna vinnubragða og þá ekki vegna vinnubragða í nefndinni heldur vinnubragða við undirbúning frv. Vinnubrögð nefndarinnar voru að mínu mati ágæt og valda því raunar að ég hætti við að skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara vegna þess að með góðri samvinnu og sameiginlegu átaki nefndarmanna í hv. umhvn. og eins góðri vinnu og mögulegt var miðað við þær aðstæður sem okkur voru búnar tel ég nokkuð tryggt að niðurstaðan sé sómasamleg. En ég er ekki 100% viss um það.

Efnislegi fyrirvarinn sem ég minntist á lýtur að einum þætti sem er stjórn og skipan þessara mála eins og fram kemur í III. kafla frv. Það er náttúrlega heldur óhönduglegt og óhentugt að stjórn og skipan þessara mála skuli heyra undir þrjá ráðherra og getur svo sannarlega boðið upp á ómarkviss vinnubrögð nema með alveg sérstökum samstarfsvilja viðkomandi ráðuneyta. Það er ekkert leyndarmál að það var ekki síst vegna þessa fyrirkomulags sem lögð var mjög mikil áhersla á þetta mál og við féllumst á að nauðsynlegt væri að koma þessari löggjöf frá nú sem fyrst og ráðuneytið lagði mikla áherslu á að brýnt væri að setja þessi lög til þess einmitt að tryggja samstarf þeirra ráðuneyta sem fara með stjórn þessara mála. Það er gert með ákvæðum 8. gr. um samstarfsráð sem á að vinna að samræmingu reglna og fyrirmæla um matvæli og matvælaeftirlit. Og er nú vonandi að þau ákvæði sem þar er að finna tryggi eins og kostur er að ekki verði um of mikla skörun að ræða eða ágreining milli ráðuneyta um þessi efni. Við veltum því fyrir okkur hvort væri t.d. eðlilegt að setja í löggjöf að ráð sem hér er lögboðið gefi skýrslu. Ég gaf mér ekki tíma til að kanna hvort það væri venjulegt í lögum að setja slík ákvæði inn en það er eitt af þeim atriðum sem við töldum að gæti kannski tryggt að þetta samstarfsráð yrði góður og markviss vettvangur fyrir það samstarf sem verður að fara fram til þess að þetta gangi sem allra best.

En ég endurtek gagnrýni mína á það, og það er ekki vansalaust, að bera frv. inn í Alþingi sem er gert úr garði eins og þetta hér, ekki aðeins einu sinni heldur fjórum sinnum því að það er búið að leggja þetta frv. þrisvar fram áður á hv. Alþingi, að vísu án þess að það hlyti mikla umfjöllun. Textinn var í mörgum greinum illa orðaður og vakti iðulega upp spurningar um meiningu svo mér er eiginlega óskiljanlegt hvernig frumvarpshöfundar gátu látið þetta frv. frá sér fara.

Margar athugasemdir, sem við gerðum og fjölluðum um í nefndinni, lutu að málfari og það vekur þá upp þá spurningu hvort það sé ekki nauðsynlegt að hafa málfarsráðunaut, og jafnvel fleiri en einn, því að

þetta er ekki í fyrsta skiptið sem við fáum þingmál til umfjöllunar sem eru ekki á boðlegu máli að neinu leyti, hvorki með tilliti til málfræði eða almenns málfars né heldur sett fram á þann hátt að almenningur geti skilið. Og ég gagnrýni það. Það þjónar ekki beinlínis tilgangi nú að fara lið fyrir lið yfir þær athugasemdir sem vöknuðu og voru settar fram við yfirferð yfir frv. Margar þeirra lutu eins og ég segi að málfari og urðu uppspretta líflegra og fróðlegra umræðna í nefndinni en það hlýtur að vera álitamál hvort tíma nefndarmanna væri ekki betur varið til efnislegrar umfjöllunar. Sumar setningar, sem ollu heilabrotum, vöktu reyndar sannarlega spurningar bæði um málfar og meiningu. Ég ætla aðeins að nefna eitt dæmi, með leyfi hæstv. forseta, og það er í 10. gr. sem hljóðaði svo í frv.:

„Þeir sem framleiða eða dreifa matvælum skulu haga starfsemi sinni þannig að þau skorti ekki eðlilega hollustu eða geti valdið heilsustjóni."

Eins og hv. þm. heyra er hér bæði að finna málfræðivillur og auk þess eru ákvæði sem við veltum vöngum yfir. Það hlýtur að vera spurning hvort hægt er að setja svona í lagatexta, enda tókum við það út og breyttum þeim texta, að hægt sé að lögbjóða að matvæli skorti ekki eðlilega hollustu. Og hvað er þá eðlileg hollusta? Við komumst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki boðlegt að setja slíkt í löggjöf. Auðvitað má velta vöngum yfir því hvort hægt sé að setja það í lög að matvæli valdi ekki heilsutjóni. Í þessu tilviki er auðvitað átt við að þau séu ekki bráðdrepandi eða geti valdið alvarlegu heilsutjóni. Það er auðvitað spurning um hvernig matvælanna er neytt. Það er hægt að segja sem svo að borði menn sætabrauð frá morgni til kvölds eru þeir vitaskuld í stórhættu með að verða fyrir heilsutjóni en það er ekki þar með sagt að ef þeir neyta sætabrauðs í hófi séu þeir í mikilli hættu. Það verður að vera á ábyrgð neytandans hvernig hann fer með þá vöru sem veldur ekki endilega heilsutjóni ef menn kunna með hana að fara.

Við nefndarmenn lögðum okkur fram við að lagfæra frv. eins og kostur var. Ég viðurkenni alveg að ég hefði viljað fá lengri tíma og meira svigrúm til að ígrunda textann því að lengi er von á einum eins og þar segir og við hefðum sjálfsagt getað fundið eitthvað fleira til að breyta og bæta ef við hefðum legið lengur yfir þessu. Það er oft gott að hafa tíma til þess að láta texta liggja og hafa ráðrúm til þess að taka hann aftur upp og fara yfir hann til þess að finna það sem kann að hafa sloppið fram hjá athyglinni í fyrstu yfirferð en ekki er um annað að ræða en að vona að bærilega hafi tekist til enda ítreka ég að hér lögðust allir á eitt og gott samráð var haft við sérfræðinga ráðuneytisins um endanlega niðurstöðu.

Aðeins að lokum árétta ég það sem kemur fram í nál. á þskj. 101 en formaðurinn las ekki upp þegar hann mælti fyrir nál. og það er að nefndin telur æskilegt að umhvrn. beiti sér fyrir því að unnið verði að samræmingu þessara laga og skyldrar löggjafar sem fyrst, svo sem laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Þetta vil ég leggja áherslu á vegna þess að auðvitað hefði verið æskilegt ef nefndin hefði haft ráðrúm til að bera saman þann texta sem hér verður vonandi lögfestur og texta annarrar löggjafar sem lýtur að þessum málum.

[10:18]

**Tómas Ingi Olrich** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nota tækifærið sem mér er veitt í andsvari til þess að taka undir þau orð hv. síðasta ræðumanns að það hefði vissulega verið æskilegt að hafa meiri tíma til þess að vinna í þessu mikilvæga máli. Einnig er rétt að taka fram að þingmenn stjórnarflokkanna lögðu mikla áherslu á að klára málið þó tími væri naumur. Samstarfið sem skapaðist í nefndinni um málið skipti sköpum og meiri hluti í nefndinni er mjög þakklátur fyrir það enda lögðu allir þingmenn, ekki síst þingmenn stjórnarandstöðunnar, sig fram um að klára málið þótt tími væri naumur og er full ástæða til þess að þakka það.

[10:19]

**Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason)**:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég vil aðeins taka undir orð hv. þm. Tómasar Inga Olrich í andsvari og þakka nefndarmönnum öllum, bæði stjórnarliðum, stjórnarandstöðuþingmönnum og formanni fyrir það hversu vel hefur verið unnið að málinu og hversu skjótt nefndin hefur þó unnið mikið verk sem við sjáum bæði á breytingartillögunum, sem hér liggja fyrir, og þeim efnistökum sem ég veit að nefndin tók á þessu máli af þeim upplýsingum sem ég hef fengið af nefndarstarfinu og viðræðum við einstaka nefndarmenn. Fyrir það þakka ég og tel fulla ástæðu til þess því að vissulega er rétt eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að tíminn var naumur. Mikil áhersla var lögð á það af minni hálfu ef nokkur kostur væri að fá málið afgreitt. Eins og fram kom er búið að leggja málið oft fyrir þing þó að það hafi ekki fengið ítarlega umfjöllun og ég þakka fyrir að það skuli hafa tekist að vinna þetta.

Ég hlýt að harma að hv. nefndarmenn sjá ástæðu til þess að átelja vinnubrögð ráðuneytisins eða starfsmanna þess við frumvarpsgerðina og frumvarpssmíðina og hef svo sem litlu við það að bæta því að málið er nánast fullunnið þegar ég kem að málinu eða frumvarpsvinnunni í tíð fyrri ríkisstjórnar þó að það megi kannski segja að sá veldur miklu sem upphafinu veldur en það var einmitt í tíð þess einstaklings, sem hér stendur nú, þegar hann var heilbr.- og trmrh. sem vinnan hófst því að þá heyrði þetta mál og sú löggjöf undir heilbr.- og trmrn. eins og öll starfsemi Hollustuverndar ríkisins. En þó segi ég eins og hv. þm. vita að okkar ágætu embættismenn vinna oft undir miklu álagi. Það er mikið sem þarf að fara fram í ráðuneytum, kannski tiltölulega litlum ráðuneytum eins og umhvrn. sem hefur ekki mikinn mannafla og sumt af svona frumvarpsvinnu, ekki síst í þessu tilviki þar sem verið er að aðlaga löggjöf að samningum við aðrar þjóðir, er vafalaust þýðingar að einhverju leyti þó að ég þekki það ekki nákvæmlega, það er hætt við því. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að textinn er ekki nægilega vandaður og málfar ekki heldur og ég hygg að

það sé mjög góð ábending hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að það sé einhver ákveðinn farvegur sem þessi frumvörp fara í hvað varðar málfar því að það er afar óskemmtilegt fyrir þingið að senda frá sér frumvörp sem eru ekki á vönduðu íslensku máli.

Þá vil ég að lokum, af því að ég ætla ekki að lengja umræðuna, lýsa samþykki mínu og stuðningi við þær breytingartillögur sem liggja fyrir. Ég veit að þær hafa verið unnar í samráði og samstarfi við embættismenn ráðuneytisins og ég lýsi því yfir að ég tel það eðlilegt að ráðuneytið taki tillit til þeirrar ábendingar sem er í nefndarálitinu á þskj. 101 um samanburð og samræmingu annarra skyldra laga sem varða þennan mikilvæga málaflokk.

Ég endurtek þakkir mínar til starfa hv. nefndarmanna fyrir störf þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar, síðari umr.*

Þáltill. umhvn., 32. mál. — Þskj. 36, nál. 99.

[10:24]

**Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. utanrmn. um þáltill. um mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíuborpallsins Brent Spar. Nefndarálitið er á þskj. 99. Þáltill. er flutt af hv. umhvn. Alþingis að frumkvæði hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Hún fékk á fund sinn til viðræðna um málið Magnús K. Hannesson sendiráðsritara og Davíð Egilsson frá Hollustuvernd ríkisins. Fram kom á fundi utanrmn. að leyfið sem bresk stjórnvöld hafa veitt Shell-olíufélaginu til að sökkva Brent Spar pallinum stríðir gegn nútímaviðhorfum til umhverfisverndar og brýtur gegn anda alþjóðasamninga og sáttmála eins og Óslóar-sáttmálans, Lundúna-sáttmálans svo og gegn ákvæðum OSPAR-samningsins svokallaða. Síðastnefndi samningurinn hefur að vísu ekki tekið gildi enn en hann var undirritaður 1992. Þessi samningur tekur formlega gildi þegar allir samningsaðilar hafa fullgilt samninginn.

Engu að síður er það svo að samningsaðilarnir hafa skuldbundið sig til þess að starfa í anda samkomulagsins þótt það hafi ekki tekið formlega gildi að alþjóðalögum.

Meðal ákvæða þessa samnings eru almennar skuldbindingar um varúðarreglur sem eiga við þegar gildar ástæður eru til að ætla að förgun geti skaðað lífríki hafsins eða nýtingu auðlinda þess, jafnvel þótt sannanir skorti fyrir slíkum áhyggjum.

Á fundi utanrmn. lagði Davíð Egilsson áherslu á að það skapaði mjög alvarlegt fordæmi ef Shell-olíufélagið sökkti olíupallinum í haf og væri fordæmisþáttur málsins sýnu alvarlegastur. Af þeim 416 mannvirkjum eða pöllum sem nú eru í Norðursjó eru 208 í eigu Breta. Það er fyrirsjáanlegt að mikill fjöldi olíuvinnslumannvirkja á þessu hafsvæði verði tekinn úr notkun á komandi árum. Fyrsti borpallurinn, sem fargað hefur verið á þessu svæði, var í eigu Norðmanna og var hann dreginn á land til niðurrifs. Áform Breta um að sökkva Brent Spar pallinum eru því óneitanlega mjög stefnumarkandi í umhverfismálum á þessu svæði. Utanrmn. taldi nauðsynlegt að fella efnisatriði þar að lútandi í þáltill. og lúta brtt. hennar að því.

Hæstv. umhvrh. sendi starfsbróður sínum í Bretlandi, John Gummer bréf 16. maí sl. og er rétt að taka fram að í þessu bréfi er efnislega tekið samhljóða á málinu eins og gert er í því þingmáli sem hér liggur fyrir. Í bréfinu er lögð sérstök áhersla á fordæmisgildi málsins. Í bréfi hæstv. umhvrh. kemur fram að nauðsynlegt sé að taka mál er varða förgun olíuvinnslumannvirkja á hafsvæðum sérstaklega fyrir á fyrirhuguðum fundi OSPAR-nefndarinnar 26.–30. júlí nk.

Á fundi utanrmn. kom fram að framkvæmdir við að sökkva olíupallinum eru ekki hafnar enn og hafa meðlimir Greenpeace-samtakanna leitast við að hindra framkvæmdir með því að koma sér fyrir á pallinum og koma í veg fyrir að störf gætu hafist við að rífa hann niður og sökkva honum.

Breytingartillaga á þskj. 99 við till. til þál. er svohljóðandi:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að mótmæla harðlega þeirri ákvörðun breskra stjórnvalda að veita Shell-olíufélaginu leyfi til að sökkva olíupallinum Brent Spar með margvíslegum eiturefnum í Atlantshafið. Skorar þingið á bresk stjórnvöld að endurskoða ákvörðun sína og koma í veg fyrir að olíumannvirkjum á bresku yfirráðasvæði í Norðursjó verði fargað með þessum hætti.“

Undir nefndarálitið skrifa Geir H. Haarde formaður, Tómas Ingi Olrich frsm., Ólafur Ragnar Grímsson, Össur Skarphéðinsson, Árni R. Árnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason og Hjálmar Jónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Umræður utan dagskrár.*

Málefni Brunamálastofnunar.

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Nú fer fram utandagskrárumræða um málefni Brunamálastofnunar. Hæstv. félmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa. Um er að ræða hálftíma umræðu þar sem frummælandi og hæstv. ráðherra hafa 5 mínútur hvor, en að öðru leyti er ræðutími 2 mínútur.

[10:31]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Undanfarna daga hafa málefni Brunamálastofnunar ríkisins verið töluvert í umræðunni og ekki von á öðru þar sem allir stjórnarmenn Brunamálastofnunar hafa sagt af sér og gildir það bæði um aðalmenn og varamenn. Stjórn stofnunarinnar er

skipuð samkvæmt lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992. Fulltrúa í stjórnina skipa félmrh., Samband ísl. sveitarfélaga, Samband ísl. tryggingafélaga, Brunatæknifélag Íslands og Landssamband slökkviliðsmanna. Jafnframt sagði skólanefnd Brunamálaskólans af sér, bæði aðalmenn og varamenn. En skólanefndin er skipuð einstaklingum með sérþekkingu og reynslu í brunamálum samkvæmt ákvæðum reglugerðar þar um.

Það er ljóst að þekking þeirra fulltrúa sem sæti áttu í skólanefnd og stjórn, hvort sem um er að ræða aðalmenn eða varamenn, spannar alla helstu þætti brunamála.

Eins og fram hefur komið í fréttum og í afsagnarbréfum stjórnarmanna er ástæða þess að allt þetta fólk, 15 manns, segir af sér, ákveðnir samstarfsörðugleikar milli stjórnar og yfirmanns stofnunarinnar. Það er vissulega áhyggjuefni þegar stjórn svo mikilvægrar stofnunar segir öll af sér svo að ekki sé talað um skólanefnd Brunamálaskólans sem er sú stofnun sem menn bundu miklar vonir við og er hluti af Brunamálastofnun en þannig töldu menn að bestur árangur og heildaryfirsýn yfir alla þætti menntunar og fræðslumála næðist svo að nýting tækja, búnaðar og húsnæðis stofnunarinnar yrði með lágmarkstilkostnaði.

Stjórn stofnunarinnar gegnir ábyrgðarmiklu hlutverki. Ábyrgðin er jafnvel meiri en stjórnir annarra opinberra fyrirtækja bera að jafnaði. Samkvæmt lögum skal stjórn Brunamálastofnunar ríkisins hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar og eftirlit með því að fylgt sé ákvæðum laga og reglna sem um stofnunina gilda. Stjórnin á jafnframt að móta stefnu stofnunarinnar í samráði við brunamálastjóra og hún ber ábyrgð gagnvart ráðherra. Brunamálastjóri veitir stofnuninni forstöðu og ber ábyrgð gagnvart stjórninni.

Mér hafa borist nokkrar fundargerðir Brunamálastofnunar en þær eru samkvæmt ákvörðun fyrrv. stjórnar öllum opnar. Fundargerðirnar bera það með sér að afsögn þessara stjórnarmanna á sér langan aðdraganda. En 31. des. 1994 ritar stjórnin þáv. félmrh. bréf þar sem stjórnin lýsir áhyggjum sínum varðandi fjármál stofnunarinnar og má skilja að stjórnin telji sig ekki hafa aðgang að þeim gögnum sem hún þurfi til að geta sinnt því eftirliti með stofnuninni sem henni ber að gera. Í niðurlagi bréfsins segir, með leyfi forseta:

„Ef ekki verða nú þegar gerðar af hálfu ráðuneytis ráðstafanir til að bæta það ástand sem að framan er lýst og nú ríkir við stjórnun Brunamálastofnunar ríkisins er augljóst að stjórnarmenn geta ekki við það unað lengur og hljóta að lýsa ábyrgð á hendur ráðuneyti og jafnframt snúa sér hver til síns tilnefningaraðila."

Undir bréfið rita allir þáverandi stjórnarmenn. Þáv. félmrh. biður í framhaldi þessa bréfs Ríkisendurskoðun um úttekt á stofnuninni.

Ég ætla ekki að rekja lið fyrir lið þær athugasemdir sem Ríkisendurskoðun gerir en sumar hverjar tel ég alvarlegs eðlis. Niðurstaða stjórnar Brunamálastofnunar er að aðfinnslur Ríkisendurskoðunar séu mjög alvarlegar, en í athugasemdum stjórnar og í bréfi hennar til hæstv. félmrh. segir m.a., með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í athugasemdum stjórnar hefur stjórnin ekki getað framfylgt lagalegum skyldum sínum við eftirlit með fjárreiðum stofnunarinnar. Að mati stjórnar er ástandið það alvarlegt að stjórnarmenn telja sig ekki lengur geta borið ábyrgð gagnvart ráðherra á stjórn Brunamálastofnunar."

Þá segir í athugasemdum stjórnar vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Stjórn Brunamálastofnunar ríkisins lítur það mjög alvarlegum augum hve víða virðist vera pottur brotinn í meðferð á almannafé. Stjórnin harmar það að hafa ekki getað fullnægt lagalegum skyldum sínum við eftirlit með fjárreiðum stofnunarinnar vegna samstarfsörðugleika. Eins og athugasemdir Ríkisendurskoðunar bera með sér er augljóst að ekki er nægjanlegt eftirlit og aðhald í rekstri stofnunarinnar. Stjórn Brunamálastofnunar ríkisins getur ekki og vill ekki taka þátt í rekstri opinberrar stofnunar þar sem farið er með almannafé á þennan hátt."

Virðulegi forseti. Þegar öll stjórn stofnunar og skólanefnd, alls 15 manns, segir af sér með þessum orðum er það alvarlegur hlutur. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvernig hyggst hæstv. ráðherra bregðast við því að allir aðalmenn og varamenn stjórnar og skólanefndar hafa sagt af sér í fullu samráði við þá aðila er tilnefndu þá til stjórnarsetu?

2. Mun ráðherrann beita sér fyrir því að þessir sömu aðilar tilnefni í stjórn Brunamálastofnunar án undangenginnar rannsóknar á því hvers vegna þessi staða er nú komin upp í þessari mikilvægu stofnun?

3. Hyggst ráðherrann ræða við þá aðila sem tilnefna eiga í stjórnina um ástæður þess að fulltrúar þeirra hafa nú beðist lausnar eða telur hæstv. ráðherra að stjórn stofnunarinnar hafi haft tækifæri til að starfa samkvæmt því umboði sem stjórninni er veitt í lögum og rekstur stofnunarinnar sé samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru um bókhald og ráðstöfun fjár í ríkisstofnunum?

4. Er það skoðun hæstv. ráðherra að allt sé með felldu í rekstri Brunamálastofnunar ríkisins? Telur hann að aðfinnslur Ríkisendurskoðunar séu ekki alvarlegri en svo að þær kalli ekki á aðgerðir af hálfu ráðuneytisins eins og mér finnst koma fram í bréfi sem ráðuneytið ritar stjórn síðast í maí?

[10:37]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Með bréfi dags. 11. jan. 1995 óskaði félmrn. eftir því að Ríkisendurskoðun athugaði tiltekin atriði er fram komu í bréfi stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins til félmrh. þann 31. des. 1994. Ríkisendurskoðun samþykkti að taka við erindinu og ákvað að athugunin yrði hluti af fjárhagsendurskoðun sem fyrirhuguð var á þessu ári. Endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar vegna Brunamálastofnunar ríkisins fyrir árið 1994 barst síðan ráðuneytinu með bréfi dags. 26. maí 1995. Skýrslan var einnig send brunamálastjóra og stjórn Brunamálastofnunar ríkisins.

Í framhaldi af skýrslunni ritaði ég stjórninni bréf sem var dags. 30. maí sl. og segir þar m.a.:

„Brunamálastjóra mun í framhaldi af skýrslu Ríkisendurskoðunar verða falið að vinna að umbótum í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar. Af hálfu félmrn. er ekki um frekari aðgerðir að ræða og lítur ráðuneytið svo á að stjórn Brunamálastofnunar verði að koma saman að nýju og fjalla um skýrslu Ríkisendurskoðunar í sinni endanlegu gerð og taka sínar ákvarðanir í framhaldi af því."

Hinn 2. júní sl. ritaði ráðuneytið brunamálastjóra bréf þar sem mælst var til við hann að farið yrði að athugasemdum Ríkisendurskoðunar og ráðuneytinu yrði tilkynnt um framgang þess máls. Ráðuneytinu barst í gær bréf frá brunamálastjóra þar sem hann tilgreinir hvað þegar hefur verið gert til úrbóta og hver áætlun er um önnur atriði.

Á fundi sínum 9. júní sl. ákváðu stjórnarmenn, aðalmenn og varamenn, að segja af sér störfum ásamt með skólanefnd Brunamálaskólans. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, skipar félmrh. fimm manna stjórn Brunamálastofnunar ríkisins til fjögurra ára í senn eins og hér hefur komið fram í umræðunum. Einn er skipaður eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna, einn eftir tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga, einn eftir tilnefningu Brunatæknifélags Íslands. Einn mann skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar og að fylgt sé ákvæðum laga og reglna sem um stofnunina gilda. Brunamálastjóri veitir stofnuninni hins vegar forstöðu og ber ábyrgð gagnvart stjórninni.

Þar sem stjórn stofnunarinnar hefur nú sagt af sér er ljóst að næsta skref ráðuneytisins er að kalla eftir tilnefningum fyrrgreindra aðila á nýjum aðalmönnum og varamönnum í stjórn. Þar til svar frá þeim hefur borist aðhefst ráðuneytið ekkert. Starf stofnunarinnar mun halda áfram eins og áður þótt stjórn sé ekki starfandi tímabundið. Það liggja fyrir drög að reglugerð um stjórn Brunamálastofnunar ríkisins þar sem leitast er við að skýra nánar hlutverk stjórnarinnar, m.a. með hliðsjón af hlutverki brunamálastjóra. Þess er vænst að sú reglugerð verði sett innan skamms tíma.

Það kann að vera að óhjákvæmilegt sé að breyta lögum í þessu efni. T.d. er ekki hægt að gera brunamálaskólann að sjálfstæðri stofnun samkvæmt gildandi lögum. Það er sorgin við þetta að þegar lögin um brunavarnir og brunamál voru sett hér á Alþingi þá var upphaflegt frv. skemmt, þ.e. skilin voru skýrari í upphaflegu frv. en hv. félmn., undir forustu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, breytti frv. nokkuð þannig að skilin urðu óskýrari og ég er ekki frá því að nauðsynlegt kunni að vera að breyta lögum um stofnunina.

Varðandi þá úttekt sem Ríkisendurskoðun gerði á Brunamálastofnun þá virðist mér að þar sé ekki um alvarlegar ávirðingar á brunamálastjóra að ræða. Það er fundið að nokkrum atriðum og brunamálastjóri hefur svarað bréfi sem ég sendi honum í framhaldi af skýrslunni og greint frá því hvað hann gerir til úrbóta og skýrt eitt atriði sem var höfuðglæpurinn sem Ríkisendurskoðun fann að. Það var að tiltekinn starfsmaður Brunamálastofnunar hefði fengið úttektarheimild fyrir föt og þau hefðu ekki verið orðin slitin þegar hann lauk störfum. Þetta hefur verið skýrt með ljósriti af reikningum að um safnreikning var að ræða þannig að fötin gátu verið orðin töluvert slitin. Þar var um að ræða tvennar buxur, sem keyptar voru 6. jan., eina peysu, sem var keypt 26. jan., þrjár skyrtur, sem voru keyptar 25. febr., og einn jakka sem keyptur var 2. apríl en maðurinn lauk störfum á miðju ári og það sjá það allir í hendi sér að kannski hafi ekki öll þessi föt verið orðin gatslitin þegar hann hætti. Þetta mál er sem sagt upplýst og ég tel ekki ástæðu til að áfellast brunamálastjóra sérstaklega. Hann hefur brugðist vel við þeim ábendingum, sem í skýrslunni voru settar fram og ætlar að fara eftir þeim.

[10:43]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Um langt skeið hafa verið miklir samstarfsörðugleikar milli forstjóra Brunamálastofnunar og stjórnar þeirrar stofnunar og í athugasemdum stjórnarinnar frá 9. maí segir m.a.:

„Að mati stjórnar er ástandið það alvarlegt að stjórnarmenn telja sig ekki lengur geta borið ábyrgð gagnvart ráðherra."

Eins og hér hefur komið fram fór Ríkisendurskoðun ofan í þetta mál og lagði fram sína skýrslu. Stjórnarmenn hafa gert ótal athugasemdir við þá skýrslu og á endanum sagði öll stjórnin af sér, svo og fulltrúar í skólanefnd Brunamálaskólans, aðalmenn og varamenn. Það má öllum ljóst vera að í þessari stofnun er eitthvað alvarlegt á ferð. Menn geta deilt um það hvort fatakaup, leigubílaakstur og fleira slíkt sem kemur fyrir í þessum skýrslum sé eðlilegt í rekstri stofnunar, en það hlýtur að gefa auga leið að þegar kjörnir fulltrúar segja af sér allir sem einn þá er eitthvað mikið að. Og ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst þetta mál vera þess eðlis að ekki sé hægt að tala um það af einhverri léttúð heldur þarf að eiga sér stað rannsókn á stofnuninni, alvarleg rannsókn á því hvað þarna hefur verið að gerast og hvernig á því stendur að svona nokkuð kemur upp. Þetta er ríkisstofnun og við berum þar ábyrgð hér á hinu háa Alþingi.

Að mínum dómi er það m.a. verkefni félmn. að fara ofan í þetta mál og ég hyggst beita mér fyrir því að við förum ofan í skýrslu Ríkisendurskoðunar og köllum til aðila málsins, hvað sem út úr því kann að koma og hvað sem síðar kann að gerast. En ég hvet ráðherra til þess að skoða þetta mál mjög alvarlega. Það gefur auga leið að það er erfitt að fá fólk til að taka sæti í stjórnum á borð við þessa ef ekki er tekið mark á því sem stjórnarmenn segja. Nú ætla ég ekki að fella neinn dóm um það hvað þarna hefur átt sér stað, en enn og aftur, það er greinilegt að þarna er eitthvað mjög alvarlegt á ferð.

[10:46]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja máls á þessum atburðum. Það er alvarlegt mál þegar öll stjórnin og skólanefnd

segja af sér í svona mikilvægri stofnun vegna samstarfsörðugleika. Það er augljóst að það er meira í þessu máli heldur en kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég vil vitna til orða brunamálastjóra í Tímanum, með leyfi hæstv. forseta, þar sem hann fagnar því að stjórnarformaður og fulltrúi Landssambands slökkviliðsmanna ætli að segja af sér, enda til óþurftar í stjórninni:

„Ég fagna því þegar slíkar manneskjur fara," segir brunamálastjóri.

Það er eitthvað mikið að í stofnun þegar allir stjórnarmenn segja af sér. Þetta er mál sem verður að skoðast í víðara samhengi og ég held að það sem hæstv. ráðherra sagði hér, að hann ætli að óska eftir nýjum tilnefningum, séu ekki góð vinnubrögð, hæstv. ráðherra. Það þarf að taka á þessu máli í víðara samhengi og ég vil biðja hæstv. félmrh. að íhuga það að hann beiti sér fyrir að hv. félmn. fari formlega vel yfir þetta mál og að brunamálastjóri fari í leyfi á fullum launum meðan þessi mál verði könnuð ítarlega. Það verður ekki við það búið að þessi stofnun sé óstarfhæf vegna slíkra samstarfsörðugleika sem hér blasa við. Það verður að gera hér bragarbót á.

[10:48]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Þetta eru alvarleg tíðindi sem berast af vettvangi stofnunarinnar. Þó finnast mér ekki hvað síst alvarleg þau tíðindi sem hæstv. félmrh. flytur okkur hér í dag en mál hans má draga saman í eina setningu: Honum finnst þetta allt í lagi. Og finnst mér nú, herra forseti, sem hið nýja andlit Framsfl. sé farið að bregða yfir sig gamalkunnum hjúp.

Við vitum það öll að Brunamálastofnun Íslands er mikilvæg stofnun. Hún á lögum samkvæmt að hafa umsjón með brunavörnum í landinu og það er því ljóst að hún er mikilvæg til þess að tryggja öryggi borgaranna, enda má segja að líf liggi undir því að brunavörnum sé sinnt með nægilega ábyrgum hætti.

Það ósætti sem hefur verið millum stjórnar Brunamálastofnunar og brunamálastjóra hefur ekki farið fram hjá neinum. Stjórnin hefur verið gríðarlega óánægð með störf hans og það liggur fyrir að hann hefur reynt að torvelda henni störfin með ýmsum hætti. Viðhorf hans birtast raunar vel í viðtalinu í Tímanum sem hv. þm. Ágúst Einarsson minntist á hér áðan þar sem hann ræðst á nafngreinda stjórnarmenn og sérstaklega á fulltrúa slökkviliðsmanna. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég tek undir tillögu hv. þm. Ágústs Einarssonar um að brunamálastjóri verði sendur í leyfi á meðan verið er að kanna þetta mál til þrautar.

Ég tel raunar að ummæli brunamálastjóra um Landssamband slökkviliðsmanna séu þannig að þau ein ættu að nægja til þess að hæstv. félmrh. tæki framtíð brunamálastjóra í núverandi starfi til alvarlegrar íhugunar.

Hver einasti maður í stjórn stofnunarinnar hefur gert alvarlegar athugasemdir við stjórn stofnunarinnar. Sá listi sem er talinn upp í skýrslu hennar er satt að segja ótrúlegur. Þar eru taldar upp tvígreiðslur, furðulegt aðhaldsleysi varðandi orlof einstakra yfirmanna, þar á meðal brunamálastjóra, ferðalög sem fara fram úr heimildum og verkefni upp á meira en 10 millj. kr. sem er unnið án útboðs eða samninga. Það væri hægt að taka margt fleira til. Sukkið sem birtist í þessum lestri, herra forseti, kristallast e.t.v. best í því að þar kemur fram að brunamálastjóri hefur farið til útlanda á ráðstefnu fyrir stofnunina að sjálfsögðu á kostnað ríkisins, en hann kom aldrei fram á ráðstefnunni. Skipulagsleysið birtist í því að stjórn stofnunarinnar bendir á að tveir hópar hafi verið sendir út á land á sama tíma til að rannsaka sama brunann. Herra forseti. Þetta er svona álíka og ef við þyrftum að hafa tvo félmrh. til að sækja sama póstinn til Brussel.

Niðurstaða hæstv. félmrh. er hins vegar að bregða skildi til varnar brunamálastjóra og hundsa stjórn stofnunarinnar. Stjórnin er þannig óvirk og það ríkir óvissa um stjórn brunavarna í landinu. Herra forseti. Þó að þetta sé afrek hjá hæstv. ráðherra þá felst þó ekki sýnu minna afrek í því hjá ríkisstjórninni sem með þessari niðurstöðu er líka að gefa aðra yfirlýsingu. Hún er að segja að það sé bara í lagi þó að yfirmenn stofnana ríkisins fari ógætilega með fjármuni skattborgaranna, sólundi því í ferðalög á ráðstefnu sem þeir hafa svo ekki fyrir að mæta á og enginn viti hvað þeir taki sér mikið og gott orlof. Það hljóta að vera fréttir fyrir þá sem rétt geta dregið fram lífið á launum ríkisins.

[10:51]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig gott að geta slegið á létta strengi, ég tala nú ekki um á tímum þegar menn horfast í augu við alvarleg vandamál. 15 manns hafa sagt af sér störfum hjá Brunamálastofnun ríkisins, stjórnin öll og skólanefndin. 26 atriði eru talin upp í skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem er um alvarlegar ávirðingar að ræða. Og það eina sem hæstv. ráðherra nefnir er að það hafi verið gerðar athugasemdir við fatakaup eins starfsmanns.

Ég ætla ekkert að telja þessi 26 atriði upp. Ég veit að hæstv. ráðherra eru þau vel kunnug. En í það minnsta að nefna það hér að innan Brunamálastofnunar er ekkert eftirlit með innheimtu brunavarnagjalds hjá tryggingafélögum og engin afstemning gerð, að ekkert eftirlit er með fjölda orlofs- og veikindadaga. Og síðan eru yfir 20 millj. nefndar hér sem fara út án samráðs við stjórnina sem á að hafa eftirlit með fjárreiðum stofnunarinnar. Þetta eru þau atriði sem eru talin upp.

Það er slæmt að hafa ekki nema tvær mínútur, hæstv. forseti, því það er mjög margt að segja. Og það að ætla að fara fram á — án þess að skoða þessar alvarlegu ásakanir sem fram koma í uppsagnarbréfum þessa fólks og án þess að láta fara fram ítarlegar rannsóknir á þeim atriðum sem þar koma fram — að ætla þá sisvona að fara fram á nýjar tilnefningar eins og ekkert alvarlegt hafi átt sér stað er fráleitt.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði að hún ætlaði að beita sér fyrir því að félmn. Alþingis tæki upp málið og færi yfir skýrsluna. Það er gott. En þetta er grá skýrsla. Hvað þýðir það? Það þýðir það, hæstv. for-

seti, og það varðar hæstv. forseta, að alþingismenn fá ekki skýrsluna til yfirlestrar. Við fáum hana ekki. Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi Íslendinga en þar eru tvenns konar skýrslur í gangi: Bláar skýrslur, sem er dreift til Alþingis og við getum lesið yfir, og þessar gráu sem við fáum ekki afhentar þó við förum fram á það, hvort sem við tölum við Ríkisendurskoðun eða ráðuneytið. Þetta er nokkuð sem verður að taka upp á haustþingi að við höfum aðgang að þeim skýrslum sem unnar eru um stofnanir ríkisins af stofnun sem á að vera til þess að leiðbeina okkur um meðferð á fjármálum ríkisins.

En ég vonast til þess að hæstv. félmrh. muni ekki vanvirða þau bréf sem hafa borist frá þessum 15 aðilum á þann máta sem hæstv. ráðherra gerði hér og fara ofan í kjölinn á málinu og finna hver er hin raunverulega meinsemd í rekstri þessarar stofnunar.

[10:55]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að það hafa verið samstarfsörðugleikar í Brunamálastofnun milli stjórnar og framkvæmdastjóra. En sjaldan veldur einn þá tveir deila og ég tel enga ástæðu til að taka einhliða afstöðu að óathuguðu máli með öðrum aðilanum.

Ég vil taka það fram að mér hefur borist ályktun, dags. 11. maí, frá fundi sem haldinn var í tengslum við ráðstefnu slökkviliðsstjóra á Hótel Loftleiðum 11. maí 1995: „Lýsa eftirtaldir slökkviliðsstjórar stuðningi við það starf sem Brunamálastofnun hefur unnið á undanförnum missirum." Og undir þetta skrifa hvorki meira né minna en 15 slökkviliðsstjórar. Einhliða fordæming á starfi brunamálastjóra tel ég að sé ekki að sjá í því.

En það sem máli skiptir er það að brunamál eru ekki í einhverju sérstöku ólagi á Íslandi. Miðað við Norðurlönd t.d. er lægra hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu sem eru bætt brunatjón á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum. Það eru færri menn sem á undanförnu tíu ára tímabili hafa farist í eldsvoðum á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum, þ.e. 0,62 á ári á 100 þús. íbúa. Í Danmörku er hlutfallið 1,29, í Svíþjóð 1,52, í Noregi 1,64 og í Finnlandi 2,32.

Ríkisendurskoðun tók ekki undir allar þær ásakanir sem stjórnin sendi. Ríkisendurskoðun fór yfir þetta og gerði þær ekki að sínum og ég verð að taka Ríkisendurskoðun trúanlega. Ég held að það sé rétt að menn kynni sér þessa skýrslu. Það er rétt að félmrn. bað um hana og það var eðlilegasti farvegurinn að fá Ríkisendurskoðun til þess að líta á þetta mál því að þetta eru ekki fyrstu ávirðingarnar sem fyrrverandi stjórn ber á brunamálastjóra og ég treysti Ríkisendurskoðun til þess að hafa gert þetta samviskusamlega. En ég sé enga ástæðu til þess að halda skýrslunni eitthvað leyndri. Ég tel að Brunamálastofnun, herra forseti, sé ekki óstarfhæf, það sé ofmælt. Hins vegar liggur það ljóst fyrir að það þarf að huga þarna að skipulagi og endurbæta það og m.a. kann að koma til greina að flytja þessa stofnun út á land.

***Um fundarstjórn.***

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Brunamálastofnun.

[10:58]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Í þeirri umræðu sem er nýlokið komu fram þær upplýsingar að við værum að ræða m.a. um efni skýrslu Ríkisendurskoðunar sem alþingismenn fengju ekki afhenta og ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvort þetta sé virkilega rétt. Er það rétt að Ríkisendurskoðun, sem heyrir undir Alþingi, geti neitað alþingismönnum um slíka skýrslu?

Nú upplýsti hæstv. félmrh. það að hann sæi enga ástæðu til að halda þessari skýrslu leyndri og ég fagna því og treysti því að hann muni útvega félmn. skýrsluna þannig að við getum farið ofan í hana. En ég vil gera mikla athugasemd við það ef Ríkisendurskoðun neitar alþingismönnum um slíkar skýrslur. Við getum að sjálfsögðu farið með þær sem trúnaðarmál ef þær eru þess eðlis, en þetta finnst mér alveg fáheyrt og mér var ekki kunnugt um þetta.

[11:00]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Mér þykir miður að fara að halda þessari umræðu áfram, en það er óhjákvæmilegt að það komi fram að skýrslan var unnin að beiðni félmrn. og hún var send félmrn. sem slík. Félmrn. sendi síðan brunamálastjóra og stjórn Brunamálastofnunar skýrsluna og ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut á móti því að afhenda félmn. Alþingis þessa skýrslu. Ég tel það bara sjálfsagt mál ef félmn. óskar eftir, svo og aðrir alþingismenn. Ég tel ekki að hér sé um neitt leyniplagg að ræða og Alþingi eigi heimtingu á að fá að kynna sér efni skýrslunnar.

[11:00]

**Margrét Frímannsdóttir:**

Virðulegi forseti. Það er rétt sem ég sagði í þessum ræðustól áðan. Það eru tvenns konar skýrslur unnar af Ríkisendurskoðun, stofnun sem heyrir undir Alþingi. Annars vegar þær bláu, sem allir þingmenn kannast við og við fáum hér til yfirlestrar, og hins vegar þær gráu, sem eru unnar, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, að beiðni ráðuneyta og við eigum ekki aðgang að. Það er í valdi viðkomandi ráðuneytis hvort við fáum að skoða þær skýrslur eða ekki og varða þær þó allar fjárhagsmálefni ríkisins.

Þetta var ég að gagnrýna og ég fagna því að hér er þó kominn hæstv. ráðherra sem er tilbúinn til þess að afhenda þingmönnum þessar skýrslur því að auðvitað eigum við, sem eigum að hafa eftirlit með fjárreiðum ríkisins, heimtingu á því að fá þær til yfirlestrar.

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Forseti vill taka það fram að hann er ekki reiðubúinn að hefja hér umræður um vinnuaðferðir Ríkisendurskoðunar, en það mun vera rétt sem hefur komið fram að sumum skýrslum Ríkisendurskoðunar er dreift en öðrum ekki. Það er sjálfsagt að það mál verði nánar skoðað og ég verð að láta þessa stuttu athugasemd mína nægja að sinni.

[11:02]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta mál er upplýst og ég vil fara þess formlega á leit hér með að félmn. fái þessa skýrslu afhenta.

## *Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.*

Stjfrv., 36. mál (verðjöfnunargjald af útflutningi, heildargreiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 40, nál. 109.

[11:03]

**Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti landbn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á sinn fund til viðræðna um það Ara Teitsson, formann Bændasamtakanna, Sigurgeir Þorgeirsson, forstjóra Bændasamtakanna, Guðmund Sigþórsson, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, Gísla Karlsson frá Framleiðsluráði landbúnaðarins og Ingólf Bender, hagfræðing á fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með svofelldum breytingum:

1. Í stað 1. gr. komi nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Til að jafna skilaverð til framleiðenda fyrir afurðir sem seldar eru á erlendum mörkuðum samkvæmt samkomulagi sem kveðið er á um í 62. gr. laganna getur landbúnaðarráðherra heimilað innheimtu á verðjöfnunargjaldi sem má nema allt að 10% af því verði sem kemur til skila við útflutning (fob) hjá hverri afurðastöð. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðmiðlunargjaldsins. Ákvæði þetta gildir til 15. október 1996.

2. Við 3. gr. Í stað orðanna „1. mars 1996“ komi: 1. nóvember 1995.

3. Á eftir 3. gr., er verði 2. gr. komi ný grein er orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Breyting nefndarinnar felur í sér að efnisákvæði núverandi 1. gr. frumvarpsins um verðmiðlunargjald verði flutt í ákvæði til bráðabirgða og jafnframt verði í bráðabirgðaákvæðinu kveðið á um að það gildi til 15. október 1996. Þá er sú breyting gerð á 3. gr. að heimild til frestunar á ákvörðun heildargreiðslumarks verðlagsársins 1996–1997 miðast við 1. nóvember 1995 í stað 1. mars 1996 og er það gert til að hvetja til sem skjótastrar lausnar á vanda sauðfjárbænda.

Landbúnaðarráðherra mun hafa samráð við nefndina um setningu þeirrar reglugerðar sem kveðið er á um að sett verði samkvæmt hinu nýja bráðabirgðaákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðmiðlunargjaldsins.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Undir þetta nefndarálit skrifa allir hv. þingmenn sem sæti eiga í landbn. en nokkrir þeirra með fyrirvara. Þeir sem undir þetta rita eru Guðni Ágústsson, Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara, Hjálmar Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Árni M. Mathiesen, með fyrirvara, Guðjón Guðmundsson, Magnús Stefánsson, Ágúst Einarsson, með fyrirvara, og Egill Jónsson.

Ég vil skýra frá því að sú skoðun kom fram í starfi nefndarinnar að atvinnugreinin sjálf, landbúnaðurinn, þurfi sem fyrst að móta stefnu sína í útflutningsmálum, t.d. með stofnun sterkra sölusamtaka.

Að lokum vil ég þakka landbúnaðarnefndarmönnum öllum gott samstarf og góðan vilja sem þeir hafa sýnt í starfi sínu á þessu stutta þingi.

[11:07]

**Ágúst Einarsson:**

Herra forseti. Ég skrifaði undir nefndarálitið sem gert var grein fyrir áðan með fyrirvara og vil þess vegna fara nokkrum orðum um frv.

Það er í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir að fresta ákvörðun um greiðslumark, sem hefði þurft að taka í haust, til 1. nóv. 1995. Rökin fyrir þessu eru að gefa landbrh. ráðrúm að móta tillögur til lausnar vanda sauðfjárbænda.

1. gr. frv. fjallar um verðjöfnun á erlendum mörkuðum. Verðjöfnun milli erlendra markaða er í sjálfu sér ekki góð aðferðafræði. Hins vegar eru aðstæður þannig í landbúnaði að það eru einungis nokkur hús sem hafa heimild til slátrunar fyrir erlenda markaði en það koma inn í þetta fleiri sláturhús og þá auðvitað fleiri bændur sem tengjast útflutningi á landbúnaðarafurðum. Fulltrúar Bændasamtakanna tjáðu nefndarmönnum að það mundu skapast vandkvæði við framkvæmd á sölusamningum sem væru í bígerð fyrir næsta verðlagsár ef ekki væri viss möguleiki fyrir hendi til verðjöfnunar. Það er matsatriði hvort þetta sé rétt aðferðafræði við sölu á erlendum mörkuðum að verðjafna á milli markaða. Almennt er talið að svo sé ekki og ég bendi hér á fordæmi innan sjávarútvegsins þar sem eru fjölmörg sölusamtök og þar sem grundvallarreglan er sú að ekki sé verðjafnað milli markaða.

Það kom líka fram í nefndinni áhugi þeirra aðila sem töluðu við okkur frá Bændasamtökunum að vinna að stofnun sölusamtaka þannig að bændur sjálfir gætu sett sínar reglur um útflutning, og þá verðjöfnun ef menn kjósa slíkt, án atbeina löggjafarvaldsins. Það er hins vegar ljóst að það þarf einhvern aðdraganda til að af slíku megi verða. Ég vil koma til móts við þetta sjónarmið að skapa ekki vandræði á næsta verðlagsári vegna þess að við stöndum frammi fyrir miklu meiri birgðum í haust en við höfum gert áður, þá er rætt um að það þyrfti, ef vel ætti að vera, að flytja út á framleiðsluári um það bil 1–2 þús. tonn. Þetta er mikið magn og það er ekki leyst enn þá, hvorki markaðir til staðar né viðunandi verð nema að litlu leyti til að takast á við þetta vandamál. Þess vegna tel ég eðlilegt að ráðrúm sé gefið til að menn hafi tækifæri til að beita smávægilegri verðjöfnun á næsta verðlagsári.

Ég vil taka fram að þetta eru ekki háar tölur sem

um er að ræða. Þetta gæti hugsanlega verið tilfærsla á um það bil 40 millj. sem er ekki mikið fé. Það er vitaskuld matsatriði hvort það eigi að festa í lög fyrirkomulag sem líklega horfir ekki til bóta í framtíðini, en þar á móti kemur að þetta ákvæði gildir einungis í eitt ár. Á þeim tíma og í trausti þess að Bændasamtökin, bændur og sláturleyfishafar muni reyna að finna sínum útflutningsmálum betur farveg þá tel ég rétt að verða við þessu. Ekki hvað síst þar sem á móti kemur að ákvörðun um heildargreiðslumark verður að liggja fyrir í haust, þessi frestun sem hér er um rætt er til 1. nóv. 1995, því að vandi sauðfjárbænda er mjög mikill. Það er samdráttur í neyslu og það verða miklu meiri birgðir í haust heldur en menn ráða við. Eitt efnisatriði í þessari umræðu sem er ókannað er áhrif heimaslátrunar á þennan þátt framleiðslunnar.

Það er alveg ljóst að það þarf að taka á vanda sauðfjárbænda með sérstökum hætti í landbúnaðarstefnunni. Það þarf að stuðla að búháttarbreytingum. Það þarf að afnema framleiðslukvóta, það þarf að breyta beinum greiðslum í grænar greiðslur. Ég ætla ekki að setja á langa ræðu um landbúnaðarstefnu. Ég held að það sé í sjálfu sér ekki tímabært en ég vil að það komi skýrt fram að ég tel að útflutningsbætur í því formi sem við vorum með áður komi ekki til greina.

Ríkisstjórnin hefur ekki stefnu í þessum málum. Hins vegar kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hún ætlar að vinna að þessum málum og vinna að tillögugerð. Mér finnst vera sanngjarnt gagnvart nýjum landbrh. að hann fái ráðrúm til að vinna að þeim tillögum og koma með þær til Alþingis á haustdögum og þá sé tekist á um það hvort samstaða verði um þær tillögur. Ég tel ekki rétt á þessu vorþingi að menn fari í miklar deilur um þennan mikla vanda sem hér er uppi. Miklu frekar á að gefa hæstv. landbrh. ráðrúm og það vonandi í sem nánastri samvinnu við alþingismenn og þá sérstaklega hv. landbn. til að vinna að tillögugerð við þetta mikla vandamál sem við blasir.

Í ljósi þess að hæstv. ráðherra er að vinna að tillögugerð í þessum málum sem koma þá til umræðu og skoðunar tel ég rétt að honum sé veitt svigrúm til þess og að þetta frv. nái fram að ganga á Alþingi eins og samkomulag hefur orðið um í hv. landbn.

[11:14]

**Árni M. Mathiesen:**

Herra forseti. Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara. Sá fyrirvari varðar aðallega 1. gr. frv. um 10% verðjöfnunargjald á útflutt lambakjöt. Ég tel að leiðir til þess að verðjafna á útfluttar vörur á milli markaða sé í langsamlega flestum tilfellum slæm leið til þess að ná einhverjum árangri í markaðssetningu en hins vegar verður ekki sagt um landbúnaðarmarkaðinn þrátt fyrir nýlegar breytingar á alþjóðavettvangi að hann sé hinn opni og fullkomni markaður þar sem lögmálin eiga að geta gilt. Það háttar þannig til um aðstæður okkar að við erum annars vegar að flytja út á markaði þar sem gilda ákveðnir innflutningskvótar og hins vegar að flytja út á markaði þar sem við höfum frjálsan aðgang. Síðan háttar sláturhúsamálum þannig til hjá okkur að það eru einungis fá sláturhús sem hafa leyfi til að flytja á þessa markaði, bæði kvótabundnu markaðina og eins frjálsu markaðina þannig að það er erfitt um vik. Þegar það síðan bætist við að við þurfum að flytja út meira en við höfum áður gert, auka útflutninginn sem nemur — það er rétt að ég fari ekki með neina tonnatölu svo ég fari ekki rangt með — en það er umtalsverð aukning sem við þurfum á að halda og þar sem atvinnugreinin sem slík er ekki búin undir það að takast á við þennan aukna útflutning þar sem væri eðlilegri háttur en hér er um að ræða þá get ég fallist á þessa tilhögun tímabundið. Eins og kemur fram í brtt. þá er þetta einungis heimilt til 15. okt. á næsta ári og það þýðir með öðrum orðum að þetta á aðeins við um eitt verðlagsár. Ég ætlast hins vegar til þess að hin nýstofnuðu bændasamtök noti tímann vel á næsta verðlagsári til að skipuleggja sig og ná samstöðu meðal sinna félaga um það hvernig verður staðið að þessum útflutningi þannig að bændastéttin sem heild og þjóðin öll hagnist á þessum útflutningi á eðlilegan hátt. Ég tel rétt að gefa bændasamtökunum svigrúm til þess að skipuleggja sig til að ná árangri og mun því að þessu sinni samþykkja þessa grein.

Ég fagna hins vegar líka að samstaða náðist um að breyta dagsetningum í því atriði er varðar 3. gr. um frestun á ákvörðun á heildargreiðslumarki sauðfjárafurða. Ég tel að það sé það mikill skilningur á vanda sauðfjárræktarinnar að það eigi ekki að þurfa tíma til 1. mars til að ná fram niðurstöðu og að draga ákvörðun um greiðslumarkið fram yfir lok sláturtíðar sé mjög óheppilegt fyrir bændur því það þýðir að þeir geta ekki tekið tillit til greiðslumarksins þegar þeir setja á í haust vegna framleiðslu næstu ára. Þessi niðurstaða nefndarinnar er í samræmi við bréf sem barst frá Búnaðarsambandi Vestur-Húnvetninga sem er efnislega samhljóða þeirri skoðun sem ég var hér að nefna.

Þrátt fyrir það að ég fallist á þessa frestun þá er það svo að bændasamtökunum hefur ekki verið gefið neitt vilyrði fyrir því að staðið verði að ákvörðun greiðslumarksins á annan hátt en um getur í núverandi búvörusamningi að öðru leyti en því að mér hefur skilist á fulltrúum bandasamtakanna að þeir telji að það komi fram góður skilningur á vanda sauðfjárræktarinnar í stjórnarsáttmála hv. ríkisstjórnar og að á þeim grundvelli sé rétt að ganga til endurskoðunar á búvörusamningi. Ég vona að þrátt fyrir það að ég hafi efasemdir um hluta þessa frv. þá muni það ná fram að ganga og að sá tími sem bændasamtökunum veitist til að skipuleggja sig í sölustarfinu verði notaður vel bændum og þjóðinni allri til hagsbóta.

[11:20]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Hér er um lítils háttar lagfæringar að ræða í landbúnaðarmálum, sauðfjárræktinni, tímatakmarkaðar í trausti þess að áður en sá tími renni út þá hafi greinin skipulagt sig og verði sterkari eftir. Fram er komið í umræðunni að tímatakmarkanir eru styttar til hagsbóta fyrir bændur og afurðastöðvar þeirra og að sjálfsögðu alla sem málið varðar. Það er mikilvægt eins og hér hefur reyndar komið fram að afurðastöðvarnar

og landbúnaðurinn stofni sölusamtök til markaðssóknar á erlendum vettvangi. Sölusamtök í fiskiðnaði hafa unnið frábært starf í markaðssetningu erlendis og þótt ekki sé nema að nokkru leyti hægt að bera hér saman hlýtur það að vera fýsilegur kostur að sölusamtök landbúnaðarins taki þessi mál í sínar hendur. Eðlilegast er að hagsmunaaðilarnir, bændur og sláturleyfishafar, beri sjálfir ábyrgðina og samtök þeirra. Þeim má líka fyllilega treysta til að auka en ekki spilla mörkuðum fyrir dilkakjöt erlendis. Þess vegna er verðjöfnunarákvæði 1. gr. með tímatakmörkun og gildir næsta verðlagsár. Ég á ekki von á öðru en að þessi umþóttunartími dugi fullkomlega til að bændur, sláturleyfishafar og samtök þeirra, undirbúi öfluga markaðssókn og nýti til þess GATT-samninginn, hollustu og heilbrigði íslenskra landbúnaðarafurða og engin ástæða er til annars en bjartsýni í þeim efnum.

Hv. landbn. gerði breytingar í tímasetningu á ákvörðunum um heildargreiðslumark sauðfjárafurða. Það hlýtur að vera ljóst að hæstv. landbrh. óskar eftir fresti til að vinna tíma fyrir endurskoðun. Allir vita að vandi bænda er mikill og þarf að bregðast við honum strax. Því er það fagnaðarefni að hæstv. landbrh. hefur lýst því yfir að hann muni vinna hratt í sumar og fram til haustsins að lausn eftir því sem það er mögulegt. Það kæmi hins vegar illa við bændur ef frestun á ákvörðun heildargreiðslumarks yrði langt fram á vetur, það mundi halda þeim í óvissu og þess vegna er fresturinn styttur til 1. nóv.

Okkur í hv. landbn. barst bréf frá Búnaðarsambandi Vestur-Húnvetninga þar sem þessum áhyggjum er lýst og þess vænst að unnið verði hraðar að lagfæringum og úrlausnum en það er einmitt það sem stefnt er að.

[11:23]

**Egill Jónsson:**

Virðulegur forseti. Eins og hér hefur komið fram er ég samþykkur þessu frv. Mér finnst hins vegar rétt að lýsa þeirri skoðun minni, m.a. vegna þess að það hefur nú farið nokkuð fyrir því hér í umræðunni hver væri framtíð íslensks landbúnaðar, að mér finnst þessi tími, einn mánuður frá því að Alþingi kemur saman þar til búið yrði að afgreiða málefni landbúnaðarins, ekki vera langur. Það er álíka langur tími og hefur tekist að koma frv. í gegnum Alþingi hér um bil óbreyttu.

Eins og menn vita er búvörusamningurinn hluti af búvörulögunum og búvörusamningnum verður ekki breytt öðruvísi en að lögum verði breytt. Ég geri reyndar ráð fyrir því að ríkisstjórnin láti sína stjórnarflokka fylgjast með þessari umræðu. Sérstaklega trúi ég því að formaður landbn. fylgist með henni. En það er ekki langur tími fyrir þá sem kynnu að hafa aðrar skoðanir en koma út úr þessum viðræðum að vinna sínar tillögur á einum einasta mánuði.

Ég vil líka vekja athygli á því að eins og málum er núna háttað þá er greiðslumarkið ekki nema hluti af þeim vanda sem steðjar að íslenskum landbúnaði og það er útilokað að hugsa sér annað en að í því samhengi verði fjallað um málin í heild sinni. Ég vek t.d. athygli á því sem hér hefur verið minnst á, og hefur reyndar verið rætt í öðru samhengi í þinginu, að íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir miklum breytingum að því er varðar alþjóðleg samskipti og það hefur eðlilega verið tekið einungis einhliða á þeim málum, þ.e. breytingu á viðskiptaþætti landbúnaðarins. Það hefur hins vegar ekki verið fjallað um það hvernig landbúnaðurinn á að takast á við þær breytingar. Þannig að mér sýnist að það sé ýmislegt sem er ófjallað um.

Út af fyrir sig þarf ég ekki að kvarta þó tíminn sé ekki lengri en einn mánuður af þingtímanum því að ég hef nú flutt þessi mál hér inn í þingið áður. En ég vek hins vegar athygli á því að tímasetningin er einn mánuður samkvæmt þessu sem Alþingi er gert að gera upp sín mál. Því eins og ég hef áður lýst þá er búvörusamningurinn lögtekinn í búvörulögunum og það horfir að því leyti öðruvísi við núna heldur en var þegar búvörusamningurinn var gerður. Þá lá heimild landbrh. fyrir í lögum óskilyrt. Nú hins vegar hafa þær breytingar verið gerðar eftir lagabreytinguna 1991 eða 1992, ég man nú ekki hvorum megin áramótanna það var, að þessum samningi verður ekki breytt nema breyta lögum og til þess þarf atfylgi Alþingis.

Hér hefur verið talað um kosti þess fyrir bændur að breyta dagsetningunni yfir í 1. nóv. Í því sambandi hefur verið minnst á orðsendingu frá stjórn Búnaðarsambands Vestur-Húnvetninga. Ég er ekki alveg viss um að menn skilji þá orðsendingu rétt, m.a. ekki sá hv. þm. Norðurl. v. sem hér talaði áðan. Það vildi nú svo til að formaður búnaðarsambandsins talaði við mig rétt áðan og höfum við nú reynar oft talað saman og ég þekki býsna vel hans skoðanir. Við störfuðum saman sl. fjögur ár í stjórn Búnaðarfélags Íslands. Áhyggjur stjórnar Búnaðarsambands Vestur-Húnvetninga koma ekki til vegna þess sérstaklega að þeir telji nauðsynlegt að haga ásetningi út frá því sem kann að ráðast af greiðslumarkinu. Þeirra áhyggjur byggjast einfaldlega á því hvort bændum verði gert mögulegt að búa við þessa grein áfram þannig að hægt sé að skera niður bústofninn með tilliti til þess að það verði enginn grundvöllur fyrir rekstri í þessum búskap eins og ekki er um þessar mundir. Áhyggjur og orðsending stjórnar Búnaðarsambands Vestur-Húnvetninga byggist einfaldlega á þessu.

Það er engin furða þó að þessir bændur sem lifa nær eingöngu af sauðfjárrækt og landinu sínu hafi áhyggjur. Það er nú þessa síðustu daga sem snjóa og klaka er að leysa af túnum þeirra og þá kemur það í ljós a.m.k. mjög víða að stór hluti af ræktunarlöndum þar nyrðra er helkalinn. Þess eru dæmi að bændur á því svæði séu farnir að undirbúa það að sækja slægjur suður yfir Holtavörðuheiði. Og það eru ekki einu sinni til í landinu núna virk jarðræktarlög. Þannig að menn geta ekki gripið til þess ráðs í skjóli þess stuðnings sem bændur hafa þó notið í þeim efnum að stóla á þá lagagrein. Við kunnum reyndar þá sögu hvernig var farið með á síðustu árum þegar slíkur vandi steðjaði að en þá var gengið til þess ráðs að fá peninga úr Bjargráðasjóði og koma þeim þannig bakdyramegin inn í þessi verkefni.

Það er af þessari ástæðu og þessum almennu viðhorfum sem stjórn Búnaðarsambands Vestur-Húnvetninga sendi þessa aðvörun frá fundi sínum sem hún hélt í gær. En það breytir ekki því að menn geta klárað þessi mál á einum mánuði hvernig sem þeir kunna að ætla að taka til þeirra. Ég legg hins vegar áherslu á að það er slík vá fyrir dyrum sem auðvitað þetta erfiða vor hefur enn bætt á að það hvernig ræðst með sauðfjárbyggðirnar verður ekki klárað með einu tilteknu greiðslumarki. Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi hér fram.

Ég fagna því ef menn sjá sér fært að vinna þann þátt þessara mála sem óhjákvæmilega snýr að Alþingi á einum mánuði. Ekki skal standa á mér að vinna með þeim hætti. Ég ber hins vegar saman mánaðarvinnuna núna og þau miklu verkefni sem fram undan verða eftir að nýtt þing kemur saman.

[11:34]

**Hjálmar Jónsson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ræðu síðasta hv. ræðumanns, Egils Jónssonar, vil ég taka það skýrt fram að ég skildi bréf Vestur-Húnvetninga alveg fullkomlega og ljómandi vel. Það varð okkur hvatning í nefndinni til að stytta frestinn til að ákveða heildargreiðslumarkið en það er eingöngu það sem við erum að taka ákvörðun um í þessari grein, sem sagt 1. nóv., mánuði eftir að þing kemur saman. Eins og vandinn er núna í sauðfjárræktinni þá verður það að duga okkur að hafa þann tíma og eins hæstv. landbrh. til að hugsa fyrir því hvernig hægt er að lagfæra þannig að bændur geti við unað.

Hv. þm. Egill Jónsson þarf ekki að kenna mér landafræði eða um staðhætti í Vestur-Húnavatnssýslu eða hvernig þar hefur vorað. Ég vil hins vegar og að lokum fagna því að samstaða er í nefndinni og ég er afar ánægður með það að menn vilja þar vinna saman að lausn í þessum alvarlegu málum. Ef okkur tekst það þá þarf síðar að óttast að byggðir leggist í eyði.

[11:35]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessar umræður. Þetta mál þarf að fá afgreiðslu og tíminn er skammur. En ég vil segja það út af orðum hv. þm. Egils Jónssonar, sem lýsti hér ágætlega erfiðleikunum og ástandinu og þarf í sjálfu sér engu við það að bæta, hvort tveggja kemur til bæði miklir erfiðleikar sem fyrir lágu og fyrirséðir hafa verið um nokkur ár í sauðfjárræktinni og síðan erfitt árferði og harðindi. Varðandi hins vegar það að Alþingi sé naumur tími skammtaður til að taka á sínum þætti þessa máls þá hef ég ekki áhyggjur af því. Það á ekki að verða mönnum neitt vandræðamál að afgreiða hér nauðsynlegar lagabreytingar ef til koma vegna breytinga á búvörusamningi eða öðrum þáttum hvort sem það er á einni viku eða einum mánuði. Aðalvandinn er sá að það vantar stefnu um það hvernig eigi að taka á þessum málum. Það snýr að ríkisstjórn sem er viðsemjandi bænda og hv. þm. hefur verið stuðningsmaður ríkisstjórna nú um 4–5 ára skeið og flokksbróðir hans, hæstv. núv. samgrh., fyrrv. landbrh., hefur farið með þessi mál í 4 ár og nú styður hv. þm. aðra ríkisstjórn þar sem núv. hæstv. landbrh. fer með þessi mál.

Það sem ég legg fyrst og fremst áherslu á er það að menn noti tímann til að móta stefnu og reyna að ná samningum og niðurstöðu um það hvað eigi að gera. Þá mun okkur ekki verða neitt að vanbúnaði að afgreiða það sem til þarf á haustþingi, það verður ekki vandamál, ekki þröskuldur, hv. þm., heldur hitt að ríkisstjórn móti stefnu og taki um það ákvarðanir hvaða fjármuni menn eru tilbúnir til að leggja í nauðsynlegar aðgerðir í þessum efnum því það er óhjákvæmilegt og leggi málin þannig vel undirbúin og skýrt afmörkuð fyrir þing að þau séu afgreiðsluhæf á skömmum tíma. Og ég held að það væri nær fyrir hv. þm. að hafa áhyggjur af þeim þætti og leggja kapp á það að ríkisstjórn sem hann styður vinni ötullega að málunum þannig að þau verði tilbúin til afgreiðslu hér á hausti komanda. Það er óhjákvæmilegt að tekið verði á þessum málum og þau unnin til enda í sumar þannig að hægt verði að afgreiða niðurstöður í þeim efnum á haustþinginu og þó fyrr hefði verið. Því það er svo að fyrri ríkisstjórn lét þessi mál öllsömul fljóta sofandi fram hjá sér og því erum við að komast í þann eindaga með málin eins og raun ber vitni. Þess vegna þarf að afgreiða lagaheimildir til handa núv. hæstv. landbrh. um fresti þannig að hæstv. ráðherra geti hugsað sig um og fengið tíma til að vinna málin vegna þess að þau voru ekki á nokkurn hátt undirbúin af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar.

[11:38]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi síðasta ræða gefur reyndar ekki mikið tilefni til andsvara. Það er þó eitt efnisatriði sem skiptir þar máli og reyndar afskaplega miklu máli og það er að bændasamtökin sjálf óskuðu ekki eftir endurskoðun á búvörusamningnum fyrr en í marsmánuði sl. Það sem kannski er þó enn þá meiri ástæða til að komi hér fram er að fyrrv. landbrh. leitaði eftir endurskoðun á þessum samningi. M.a. lagði hann fyrir síðasta aðalfund Stéttarsambands bænda, sem haldinn var í ágúst á sl. sumri, þrjár breytingar á grundvelli búvörusamningsins og þeim var hafnað nema einni þeirra sem var langlítilfjörlegust. Það hafa því ekki staðið nein efni til þess að endurskoða þennan samning. Annar samningsaðilinn, bændasamtökin sjálf, hafa ekki viljað slíka endurskoðun fyrr en núna rétt fyrir síðustu alþingiskosningar. Ég hygg að það hafi verið svona mánuður í alþingiskosningar þegar á þeim bæ var tekin ákvörðun um að leita eftir endurskoðun á samningnum. Og hæstv. núv. landbrh. hefur ekki haft nema það svigrúm sem er liðið frá því að hann tók við þessu starfi.

Það má vel vera að menn geti borið það mikið traust til ríkisstjórnarinnar að hún verði með það fullbúna pappíra og ágreiningslausa að ekki þurfi nema stuttan tíma til að afgreiða þá og því fagna ég sannarlega en fyrir fram ætla ég ekki að gefa mér neitt fastákveðið í þeim efnum þannig að ekki þurfi að koma til atbeini Alþingis og á það geti þá reynt hvort á þær

mörgu góðu áréttingar, sem hafa komið fram um þessi efni á því þingi sem nú er senn að ljúka, þurfi ekki að láta reyna þegar þingið kemur saman á nýjan leik.

[11:41]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég var að vekja athygli á er það að Alþingi er ekki framkvæmdarvaldið í þessu efni. Og búvörulöggjöfin er þannig uppbyggð að hún felur ráðherra að leita eftir samningum við Bændasamtökin um búvörustefnuna. Þannig er hún úr garði gerð og hefur verið um nokkuð langt skeið eða frá 1985 þegar fyrstu ákvæðin komu inn um það að landbrh. skyldi leita eftir samningum við Bændasamtökin um grundvöll búvöruframleiðslunnar. Það er á grundvelli þeirra ákvæða sem verkskiptingin í þessum efnum er alveg skýr. Það er hlutverk ráðherra, það er hlutverk ríkisstjórnar og framkvæmdarvaldsins að leita eftir slíku.

Það má vel segja að Bændasamtökin hafi haft áhrif á það hversu málin eru seint á ferðinni með því að óska ekki fyrr formlega eftir endurskoðun. Við vitum að Bændasamtökin voru upptekin af sínum skipulagsmálum og kannski hefur farið fullmikil orka í það hjá þeim ágætu samtökum að velta því fyrir sér hvernig þeir ættu að sameinast og hverjir ættu að vera formenn og ekki formenn í hinum nýju samtökum. Það gæti líka hafa haft áhrif að Bændasamtökin, eins og aðrir í þjóðfélaginu, horfðu upp á það að fyrri ríkisstjórn var óstarfhæf nánast allt kjörtímabilið í málefnum landbúnaðarins. Það var því í sjálfu sér ekki mjög fýsilegt fyrir bændur að óska eftir endurskoðun á sínum starfskjörum við þær aðstæður að það var óstarfhæf ríkisstjórn í landinu í þeirra málaflokki. En það breytir ekki hinu að framkvæmdarvaldið ber þarna almennar skyldur. Og ég endurtek að það mun ekki vefjast fyrir Alþingi að mínu mati að ganga frá nauðsynlegum lagabreytingum ef skuturinn liggur ekki eftir, þ.e. ef sæmilega er róið í þeim efnum af hálfu ríkisstjórnar og framkvæmdarvalds.

Mér fannst ástæða til að minna hv. þm. á þann þátt málsins líka vegna þess að hv. þm. er stuðningsmaður þeirra ríkisstjórna, núv. og fyrrv., sem hér bera mesta ábyrgð. Líka á þætti eins og þeim að jarðræktarlögin eru óvirk. Það er ágætt að koma hér í ræðustól sem mikill bændavinur og útmála erfiðleikana og harma það að jarðræktarlög séu óvirk þegar kal kemur upp í túnum og bændur standa frammi fyrir miklum erfiðleikum við fóðuröflun en þá er líka hollt að menn minnist þess hverjir bera á því ábyrgð að svo er komið.

[11:44]

**Egill Jónsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var út af því sem kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að Bændasamtökin hefðu verið svo upptekin af því að velja sér forustu og að fyrrv. ríkisstjórn hefði verið svo sundurleit að ekki hefði tekist að fara í endurskoðun á búvörusamningnum, að rétt er að geta þess að á aðalfundi sauðfjárbænda var reyndar tekið sérstaklega fram að sauðfjárræktin hefði þá stöðu að ekki þyrfti að gera breytingar á. Og ég held að formaður Félags sauðfjárbænda hafi svona allt fram undir þenna tíma birt um það greinar að greiðslumarkið væri með eðlilegum hætti og það væri hægt að búa við þessi mál eins og þau væru. Það hefur því legið fyrir að það hefur alls ekki verið vilji til þess að endurskoða samninginn. Þetta verða menn að hafa í huga þegar menn leitast við að koma höggi á fyrrv. landbrh.

Út af hinu efnisatriðinu sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem er nú reyndar efnismeira, þá er vert að geta þess að það hvílir ekki skylda samkvæmt búvörulögunum á landbrh. að gera búvörusamning við bændur. Hér er um að ræða heimild og því var reyndar velt fyrir sér árið 1985, bæði af Bændasamtökunum og eins þáv. landbrh., hvort það ætti að nýta þá heimild. Eftir að sú ákvörðun var reyndar tekin liggur það náttúrlega ljóst fyrir að ekki verður aftur snúið í þeim efnum. En ég vek athygli á því að það er heimild sem landbrh. fær við þann lagagjörning.

Síðan vek ég enn og aftur athygli á því að sú breyting var gerð við síðustu samningsgerð að samninguriinn sem slíkur var lögtekinn. Hann er bundinn í búvörulögunum og stjórnvöld hafa þess vegna ekki aðstöðu til að víkja frá þeim mikilvægu ákvörðunum sem þar voru teknar né heldur að gera nýjan búvörusamning öðruvísi en að breyta lögunum. Og það verður hlutverk Alþingis að gera þá lagabreytingu.

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hv. 4. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[11:47]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Ég mótmæli því að með því að fjalla með eðlilegum hætti um þessi mál og rekja þær aðstæður og aðdraganda sem liggur að þeim vanda sem við erum hér að fjalla um sé ég að reyna að koma höggi á fyrrv. landbrh. Ekki nema menn skilji það svo að það megi ekki gagnrýna neitt í framgöngu stjórnvalda á fyrra kjörtímabili öðruvísi en að í því felist tilraun til að koma sérstöku höggi á fyrrv. landbrh. Ég kann ekki við svona orðalag. Það er verið að láta liggja að því að maður sé með einhverjum ómaklegum eða ósæmilegum hætti að vega að honum þó hér sé haldið uppi málefnalegri umræðu um stöðu mála. Hlýtur það ekki að vera svo eðli málsins samkvæmt, herra forseti, að maður sem hefur farið með forustu í landbrn. í fjögur ár á þessum erfiðleikatíma beri þar einhverja ábyrgð? Er eitthvað ómaklega að honum vegið þó að sá þáttur málsins sé dreginn inn í umræðuna, eða hvað? Er hv. þm. að reyna að halda því fram að fyrrv. landbrh. hafi ekki borið stjórnskipulega ábyrgð á þessum málaflokki í fjögur ár? Mér þætti skrýtið ef svo væri. Auðvitað er ekki hægt að fjalla um þessi mál og þann vanda sem við nú stöndum í nokkrum vikum eftir stjórnarskipti öðruvísi en að framganga fyrrv. landbrh. skipti þar máli. Orðalag af þessu tagi er þess vegna alveg út í loftið. Ég mótmæli því og hafna því

að í mínum orðum hér hafi falist á nokkurn hátt að ómaklega væri vegið að fyrrv. landbrh. Hitt er rétt að ég hef oft gagnrýnt hann og sérstaklega nú síðari hluta starfstíma hans vegna þess að mér fannst hann ekki aðhafast eðlilega gagnvart þessum vandamálum.

**Forseti (Ragnar Arnalds):**

Hv. 3. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir.

[11:49]

**Egill Jónsson:**

Virðulegi forseti. Ég fagna síðustu ræðu. Það sem ég benti sérstaklega á og leiddi rök að var að það hefur ekkert staðið upp á fyrrv. landbrh. að því er varðar endurskoðun á búvörusamningnum. Hann hafði gefið Bændasamtökunum kost á því. Hann hafði reyndar leitað eftir breytingum á samningnum og því hafði verið hafnað. Það kunna að vera fullkomlega eðlilegar ástæður hjá Bændasamtökunum að hafa þessa afstöðu. En hún réði því að ekki var farið í að endurskoða samninginn á síðastliðnu kjörtímabili. Landbrh. hafði ýmsar áréttingar fram að færa í þeim efnum sem samtökin féllust ekki á og ég geri ráð fyrir því að nú verði sérstaklega að huga að. Það er nauðsynlegt þó ekki sé nema í sögulegu samhengi að það liggi fyrir að það stóð ekki á fyrrv. landbrh. að endurskoða búvörusamninginn.

[11:51]

**Magnús Stefánsson:**

Virðulegur forseti. Ég stóð að nál. landbn. án fyrirvara. Mig langar rétt aðeins til að ræða um 1. gr. frv. Ég lít þannig á að með því verðjöfnunargjaldi sem þar er fjallað um sé verið að mæta þeim vanda sem nú er varðandi kjötbirgðir í landinu og þetta megi verða til að liðka fyrir sölu á þeim birgðum. Á þeirri forsendu var ég sammála þessu tímabundna verðjöfnunargjaldi.

Fyrst ég er kominn upp í ræðustól langar mig að fjalla um sölumál sauðfjárafurða. Ég tel að framtíð sauðfjárbúskapar í landinu byggist öðru fremur á því að takast megi að selja afurðir á erlenda markaði. Mér sýnist á þeim upplýsingum, sem komu fram í starfi nefndarinnar, að nú sé að skapast möguleiki á sölu kindakjöts, t.d. til Noregs, og það byggist m.a. á GATT-samkomulaginu. Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að innanlandsneysla hefur dregist saman og því frekar er ástæða til þess að vinna markaði erlendis. Ég get tekið undir ýmislegt af því sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði um þessi sölu- og markaðsmál. Hann benti m.a. á að í sjávarútvegi hefur vel tekist til í gegnum árin að selja sjávarafurðir á erlendum mörkuðum og ég held að á sviði landbúnaðar megi horfa til þeirra mála.

Ég hvet Bændasamtökin og bændur í landinu til að gera verulegt átak í þessum málum í ljósi þess sem ég sagði hér áðan varðandi framtíð þessa búskapar. Ég tel að menn eigi að leita sér aðstoðar eða samstarfs hjá sjávarútveginum því þar hefur áratuga reynsla, góð þekking og góður árangur tekist í þessum málum.

Sölusamtök sjávarútvegsins hafa verið að selja landbúnaðarafurðir á erlenda markaði og það sýnir kannski enn frekar möguleika á því sem ég hef hér talað um.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja umræðuna lengur en ítreka hvatningu mína til Bændasamtakanna í þessum efnum.

[11:53]

**Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram um frv. sem hefur öll verið málefnaleg. Auðvitað ætla ég ekki á þessu stigi að blanda mér í deilur manna um afrek fyrri ríkisstjórna og leiði það hjá mér en ég þakka fyrir umræðuna um frv.

Ég þakka líka hv. landbn. fyrir það hvernig hún hefur staðið að sinni vinnu og að málið skuli hafa fengið skjótan framgang því það er vissulega rétt að það kom seint fram. Það kom of seint fram af því að það var boðað strax í upphafi að til stæði að leggja fyrir frv. um breytingu á svokölluðum búvörulögum. Vissulega tafðist að koma því inn í þingið og því meiri ástæða er til að þakka hv. landbúnaðarnefndarmönnum fyrir framgang þeirra að málinu.

Ég felli mig út af fyrir sig við þær breytingar sem hér hafa verið gerðar sem varða dagsetningar þar sem eru sett inn tímabundin ákvæði í báðar efnisgreinarnar sem máli skipta, 1. og 3. gr. Ég tek undir með hv. þm. Agli Jónssyni að ég hefði að vísu viljað að tíminn á haustþingi væri gefinn nokkuð rýmri en til 1. nóvember. En ég lýsti því yfir við 1. umr. um frv. að við þyrftum ekki að hafa áhyggjur af þeirri dagsetningu sem var þar fyrst tilgreind, 1. mars 1996, þ.e. frestun frá 15. sept. 1995 til 1. mars 1996, við gætum fært hana til. Mér finnst nokkuð þrengt að að það skuli vera 1. nóvember 1995, ég hefði viljað sjá þar aðeins meira svigrúm en eins og hv. þm. sumir hafa nefnt leggur þetta bara meiri áherslu á að vinna hratt og vel. Vissulega er þörf á að gera það þó svo að ég verði nú líka að láta það kom fram að það er kannski dálítið mikið sagt eins og einhver hv. þm. nefndi að það yrði að leiða til þess að viðunandi lausn fyndist fyrir bændastéttina. Ég býst við að það yrði nánast kraftaverk ef okkur tækist að ná fram svo mikilli breytingu sem nauðsynleg er þannig að allir gætu sagt að þeir teldu það viðunandi. Við skulum setja okkur það markmið að glíma við vandann og ná þeirri bestu lausn sem við getum náð og í sem mestri sátt við bændastéttina en ég óttast hins vegar að ekki fari allir ósárir frá þessari glímu eins og staðan er nú. Þess vegna er mikið sagt að segja að það geti orðið viðunandi lausn fyrir alla aðila. En auðvitað munum við reyna að gera okkar besta.

Ég tek líka undir það sem kom fram hjá sumum hv. þm., m.a. hv. 11. þm. Reykn. sem nefndi að það yrði haft samráð við þingið í gegnum landbn. Landbn. fengi að fylgjast með því sem verður unnið að í sumar og fyrir haustið og auðvitað er það bæði sjálfsagt og ég hygg líka nauðsynlegt til þess að flýta fyrir afgreiðslu mála þegar þing kemur saman hér í haust. Ég mun leggja mig fram um að reyna að eiga sem allra best samstarf við alla hv. þm. sem skipa landbn. sem verða síðan tengiliðir eða upplýsingaaðilar inn í þingflokka sína.

Ég tek líka undir það með hv. 11. þm. Reykn. að það er ekki góð aðferðafræði að vera með verðjöfnun á þessum erlendu mörkuðum eða því verði sem fæst fyrir kjöt sem selt er á erlendum mörkuðum. Auðvitað þarf að þróa sölumennskuna á annan hátt en hefur verið gert. En þó er kannski ekki auðvelt að bera þetta saman við t.d. það sem við höfum mesta reynslu af og þekkingu í og best hefur tekist til í sambandi við sölu á fiskafurðum, þ.e. sölustarfsemi sjávarútvegsins, því þar eru menn að selja inn á markaði sem kalla eftir þessari vöru og við höfum kosti á og möguleika á að ná þar verði sem við verðum a.m.k. að telja ásættanlegra en það sem við höfum þurft að búa við í sambandi við landbúnaðinn, kjötframleiðsluna og kjötsöluna. Þar erum við oftar en ekki að reyna nánast að neyða okkar ágætu vöru inn á markaði sem eru meira og minna fullir eða jafnvel hálflokaðir fyrir landbúnaðarvörum frá öðrum ríkjum. Nú ætti þetta vonandi að breytast og við skulum vona að GATT-samningurinn margumræddi opni okkur líka möguleika til þess að eiga auðveldara með að koma vörum okkar á hina erlendu markaði en hefur verið a.m.k. nú um skeið. Annað sem líka gerir mismun á milli annars vegar sjávarútvegs og hins vegar landbúnaðarafurðanna eða kjötsölunnar okkar er að verðin í sjávarútveginum hafa verið líkari. Þau hafa auðvitað ekki verið eins en það hefur ekki verið eins mikið bil eins og við horfum á í kjötsölunni þar sem við erum annars vegar að selja kjöt fyrir rúmar 100 kr. kg inn á tiltölulega stóra markaði. Ég nefni Japan þar sem við höfum selt undanfarin tvö ár um og yfir 100 tonn — 1993 voru það meira að segja u.þ.b. 200 tonn sem fóru á Japansmarkað — fyrir rúmar 100 kr. og á annað hundrað tonn á síðasta ári fyrir svipað verð. Síðan seljum við á aðra markaði fyrir 200, 300 eða jafnvel 400 kr. kg. Þá sjáum við að hér er um að ræða allt allt aðrar aðstæður en eru í sjávarútveginum. Þetta vildi ég láta koma fram, hæstv. forseti, án þess að eyða í það lengri tíma.

Ég vil líka taka undir það sem komi fram í máli hv. þm. Árna M. Mathiesens að auðvitað verða Bændasamtökin að taka sjálf á sínum málum og vinna í þessum sölumálum. Hugmynd sem hér var nefnd að hefði komið fram á fundi hv. landbn. um stofnun sölusamtaka er að sjálfsögðu þeirra mál, hvernig þeir standa að því, og þá von til þess að þeir geti tekið þessi mál þannig í sínar hendur að löggjafinn eða stjórnvöld þurfi sem minnst eða í það minnsta minna að koma að málunum. En þetta er bara þróun og auðvitað langtímaþróun þannig að ég þakka fyrir það viðhorf sem hefur komið fram hjá hv. þm. um að það þurfi að gefa svigrúm til að móta stefnu í þessum málum og við munum reyna að nýta sumarið vel. Því eins og margoft hefur komið fram og ekki síst í 1. umr. um þetta frv., þá er brýnt að taka á málum og vinna vel þannig að við horfum fyrr en síðar á einhverjar lausnir, bæði lausn á þessum bráðavanda, sem svo hefur verið kallaður, en svo ekki síður lausn hvað varðar starfsgrundvöll landbúnaðarins til lengri tíma. Það er ekki síst mikilvægt fyrir landbúnaðinn og fyrir þessa atvinnugrein að starfa í umhverfi eins og allar aðrar atvinnugreinar þar sem menn sjá stefnumótun til lengri tíma en ekki bara alltaf eilífa glímu við vandamál dagsins. Stundum eru það nú reyndar vandamál gærdagsins, það eru ekki einu sinni morgundagsins, en við þurfum að komast til þess að líta til lengri tíma.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. landbn. og hv. þm. sem þar starfa fyrir að bregðast fljótt og vel við og að það skyldi hafa náðst samstaða um málið í nefndinni þó auðvitað séu menn með einstaka fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Stjórnarskipunarlög, 2. umr.*

Frv. GHH o.fl., 1. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 1, nál. 96.

[12:03]

**Frsm. stjórnarskrárnefndar (Ragnar Arnalds):**

Virðulegi forseti. Hv. stjórnarskrárnefnd hefur fjallað um 1. mál þessa þings, frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins. Þetta er sú stjórnarskrárbreyting sem snýr að mannréttindakafla stjórnarskrárinnar.

Frv. var eins og kunnugt er samþykkt á seinasta þingi og að því loknu var þing rofið. Nú kemur frv. á ný til meðferðar í þinginu. Í 79. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að samþykki Alþingi ályktunina óbreytta skuli hún staðfest af forseta lýðveldisins og sé hún þá gild stjórnarskipunarlög, sem þýðir að það má engu breyta við seinni meðferð málsins því ef einhverju er breytt í því stjórnarskrárfrv. sem til meðferðar er þá fellur það dautt niður. Af þessari ástæðu var frv. ekki sent til umsagnar og nefndin gerir ekki neinar tillögur um breytingar á frv. Þetta vildi ég samt taka fram hér vegna þess að ég hef orðið var við það að áhugaaðilar um breytingar á stjórnarskránni hafa sumir hverjir gert sér vonir um að nú við seinni meðferð málsins væri hægt að koma fram lagfæringum eða leiðréttingum, en svo er ekki. Það er engu hægt að breyta. Það er einungis hægt að samþykkja frv. eða hafna því. Nefndin gerir sem sagt tillögu um að frv. verði samþykkt óbreytt.

Í nefndinni kom fram það sjónarmið, og um það var full samstaða, að nefndin væntir þess fastlega að þessu starfi verði áfram haldið sem hafið er með endurskoðun 63.–78. gr. stjórnarskrárinnar.

Vissulega hefur stjórnarskráin oft áður verið endurskoðuð og má segja að allir aðrir kaflar stjórnarskrárinnar hafi gengið í gegnum einhverja endurskoðun, allir aðrir en sá sem hér er verið að fjalla um. Engu að síður er þörf á því að endurskoða aðra þætti stjórnarskrárinnar og væntir nefndin þess eindregið að stjórnarskrárnefnd haldi starfi sínu áfram og skili tillögum um frekari endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég vil sérstaklega nefna í þessu samhengi að kaflinn um skipun dómsvaldsins hefur ekki lengi verið endurskoðaður og er alveg sérstök ástæða til þess að hann sé tekinn til meðferðar, þó það yrði ekki gert að þessu sinni.

Það er ástæðulaust að tefja störf þingsins að öðru leyti við umfjöllun um þetta mál. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Stjórnarskipunarlög, 2. umr.*

Frv. GHH o.fl., 2. mál (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur). — Þskj. 2, nál. 97.

[12:09]

**Frsm. stjórnarskrárnefndar (Ragnar Arnalds):**

Virðulegi forseti. Stjórnarskrárnefnd þingsins hefur fjallað um 2. mál þessa þings, frv. til stjórnarskipunarlaga. Í þessu tilviki er um að ræða 43. gr. stjórnarskrárinnar sem er umorðuð og er gerð tillaga um í frv. að svo verði orðuð, með leyfi forseta:

„Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum."

Í 2. gr. er sérstaklega tekið fram að umboð þingkjörinna yfirskoðunarmanna ríkisreiknings falli úr gildi er þeir hafi lokið skoðun sinni á ríkisreikningi fyrir árið 1994.

Í þessu frv. til stjórnarskipunarlaga er einnig ákvæði til bráðabirgða þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 31. og 45. gr. stjórnarskrárinnar skuli næstu reglulegar alþingiskosningar fara fram annan laugardag í maí 1999, nema Alþingi hafi áður verið rofið.

Ástæða þessarar brtt. eða þessarar frumvarpsgreinar er flestum kunn, þ.e. að tímasetning alþingiskosninga hefur verið að færast fram með árunum og er nú komin nú seinast í byrjun aprílmánaðar. Það er allt of snemmt, en vegna þess ákvæðis stjórnarskrárinnar að nákvæmlega fjögur ár og ekki meira skuli líða milli kosninga er hætta á því að kosningatíminn færist áframhaldandi fram og væri þá kominn hugsanlega í marsmánuð næst ef ekki yrði gripið til þessa ráðs, að slá því föstu að í næsta skipti skuli kosningar fara fram annan laugardag í maí 1999, nema Alþingi hafi áður verið rofið.

Það gildir það sama um þessar tillögur og það frv. sem hér er um að ræða eins og það sem var hér seinast á dagskrá, að Alþingi getur nú við síðari meðferð málsins engu breytt því ella fellur málið dautt niður. Því gerir nefndin tillögu um að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:12]

**Útbýting þingskjala:**

Náttúruvernd, 46. mál, frv. HG, þskj. 107.

### *Viðlagatrygging Íslands, 2. umr.*

Stjfrv., 43. mál (álag á iðgjöld, ofanflóðasjóður). — Þskj. 84, nál. 103, brtt. 104.

[13:44]

**Frsm. efh. - og viðskn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum, og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum, frá efh.- og viðskn., á þskj. 103 og meðfylgjandi brtt. á þskj. 104.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund til sín Ólaf Davíðsson frá forsætisráðuneyti og Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneyti.

Eftir að hafa rætt málið hefur nefndin ákveðið að leggja til að þær breytingar verði gerðar á frumvarpinu að hætt verði við að innheimta 20% aukaálag á iðgjöld viðlagatryggingar næstu fimm árin. Álagið mun því áfram vera 10% út árið 1999, sbr. lög nr. 36/1995, og ætti að gefa samtals 255 millj. kr. í ofanflóðasjóð á næstu fimm árum. Þess í stað leggur nefndin til að hlutur Viðlagatryggingar í ofanflóðasjóði verði aukinn um 3 prósentustig af heildariðgjaldatekjum umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir og að sú ráðstöfun standi í sex ár en ekki fimm. Þetta ætti að gefa 192 millj. kr. á ársgrundvelli eða samtals um 1.152 millj. kr. á næstu sex árum. Ofanflóðasjóður fær 6,5 millj. kr. á ári samkvæmt fjárlögum. Því má áætla að þessar tillögur nefndarinnar leiði til þess að heildartekjur sjóðsins á næstu sex árum verði um 1.446 millj. kr. Gerð er tillaga um þær brtt. nefndarinnar sem hér hafa verið raktar á sérstöku þingskjali.

Þetta eru því svipaðar fjárhæðir og gert var ráð fyrir í frv. sjálfu, þessar breytingar sem nefndin leggur til. Undir nál. rita nöfn sín:

Sólveig Pétursdóttir, Ágúst Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Pétur H. Blöndal, Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson. og Magnús Stefánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Greiðsluaðlögun, 1. umr.*

Frv. ÓRG o.fl., 41. mál. — Þskj. 82.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Það hefur orðið samkomulag um það milli flokkanna að þessi umræða taki eina klukkustund, 10 mín. á hvern flokk.

[13:47]

**Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson):**

Virðulegi forseti. Þetta sumarþing hefur nú staðið í u.þ.b. mánuð og á þessu þingi hafa verið tekin fyrir ýmis mál sem menn hafa talið brýnt að afgreiða með sérstakri tilvísun til þeirra fyrirheita sem gefin voru í kosningunum. Í þeim anda hefur t.d. verið unnið að því

undanfarnar vikur að afgreiða breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða vegna þess að ýmsir hv. frambjóðendur og flokkar töldu nauðsynlegt að efna það fyrirheit sem þeir töldu sig hafa gefið í kosningunum, að greiða úr vanda smábátaeigenda. Ég ætla ekki að endurvekja umræður um hvernig til tókst, en hitt er alveg ljóst að vandinn í þessu þjóðfélagi er margþættur. Á síðasta þingi var breið samstaða meðal margra flokka, m.a. míns flokks, Framsfl., og annarra um að greiðsluvandi heimilanna, skuldir heimilanna í landinu, væri svo brýnt vandamál að á því þyrfti að taka tafarlaust. Og kannski hefur ekkert eitt fyrirheit átt jafnmikinn hljómgrunn í aðdraganda kosninganna og allt fram til lokadags fyrir kjördag eins og krafan um að tafarlaust yrði að efna til aðgerða til að taka á greiðsluvanda heimilanna og forða því gjaldþroti, þeim hörmungum, þeirri fátækt og þeim erfiðleikum sem þar blasa við.

Á síðasta þingi flutti þingflokkur Framsfl. heilsteypt frv. um greiðsluaðlögun. Það frv. var byggt á ítarlegri vinnu sem hv. núv. viðskrh., Finnur Ingólfsson, hafði forustu fyrir og er nú vont að hann þoli ekki við í sæti sínu undir þessari umræðu og sé kominn hér í dyrnar. Gott að hann hlustar vel.

Núv. hæstv. félmrh. hefur hins vegar verið iðinn við að finna alls konar afsakanir fyrir því að grípa ekki til tafarlausra aðgerða í þessum málum. Hann telur að hægt sé að bíða, það þurfi að skoða málin, það þurfi að kanna þau. Ekkert slíkt var sagt af hálfu Framsfl. hér á síðasta þingi eða í kosningabaráttunni. Ég mun vitna eftir augnablik í nokkur ummæli forustumanna Framsfl., m.a. núv. hæstv. viðskrh. og núv. hæstv. félmrh., um brýna nauðsyn aðgerða í þessum efnum. En hæstv. félmrh. lýsti því hér yfir sl. laugardag, þegar fram fór umræða um húsnæðismál, að hann óskaði eftir aðstoð þingsins og samvinnu þingsins við að greiða úr þessum vandamálum og grípa til aðgerða. Á grundvelli þessarar yfirlýsingar ákváðum við, sá sem hér stendur og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson og Kristín Ástgeirsdóttir, að flytja á nýjan leik þetta frv. Framsfl. um greiðsluaðlögun og bjóða til samvinnu um að það yrði lögfest hér og nú á þessu sumarþingi.

Vandi heimilanna í landinu vegna skulda er ekki minni en vandi krókaleyfisbátanna. Vandi heimilanna í landinu er ekki minni en vandinn varðandi sölu áfengis á Íslandi á grundvelli EES-samningsins. Vandi heimilanna á Íslandi er ekki minni heldur en að afgreiða GATT-samkomulagið. Þess vegna ákváðum við að láta reyna á það hér á þessu sumarþingi, sérstaklega í ljósi þess að það stendur mun lengur en ætlað var í upphafi, hvort menn séu reiðubúnir að lögfesta sinn eigin texta. Sérstaklega vegna þess að í frv. eins og það var flutt fyrr á þessu ári er gildistökuákvæðið 1. júlí 1995. Það var þess vegna ekki ætlunin af hálfu Framsfl. á sínum tíma að frv. fæli í sér gildistöku laga fyrr en við upphaf næsta mánaðar. Nú gefst tími til að standa við stóru orðin.

Í þeirri greinargerð sem lögð var fram og við vitnuðum til í okkar greinargerð, stendur m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangur þessa frumvarps er að gefa þeim einstaklingum sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluerfiðleikum möguleika á því að ná stjórn á fjármálum sínum því að neyðarástand hefur skapast á þúsundum heimila í landinu þar sem gjaldþrot blasir við mörgum þeirra."

Þetta neyðarástand stendur enn, hæstv. félmrh. og hæstv. viðskrh. Og nú virðist vera ætlun ríkisstjórnarflokkanna og þar með Framsfl., að aðhafast ekkert í þessum málum fyrr en í fyrsta lagi einhvern tímann undir áramót. Hvað sögðu þessir ágætu menn hér fyrir aðeins nokkrum mánuðum síðan? Hæstv. núv. viðskrh. sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hér liggur fyrir frv. til laga um greiðsluaðlögun sem allur þingflokkur framsóknarmanna hefur flutt. Það tekur á þeim vandamálum sem snúa að því fólki sem hefur misst stjórn á fjármálum sínum, sem er í viðvarandi og langvarandi greiðsluerfiðleikum."

Þar segir einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er rétt hjá hæstv. félmrh." — það var þáv. félmrh., og bið ég nú hæstv. viðskrh. að hlusta á sín eigin orð — „að við framsóknarmenn erum dálítið upptekinir af þessum greiðsluvanda heimilanna. Það er hárrétt, hæstv. félmrh., og væri betur að hæstv. félmrh. væri líka dálítið upptekinn af þeirri stöðu."

Það er greinilegt að Framsfl. virðist ekki vera jafnupptekinn nú og hann var á sínum tíma af þessum vanda. En hæstv. núv. viðskrh. sagði meira. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Á flokksþingi okkar framsóknarmanna í lok nóvember 1994 lögðum við fram skýra og markvissa stefnu um það hvernig við vildum taka á greiðsluvanda heimilanna, hvernig við vildum ganga frá kjarasamningum o.s.frv."

Þegar í nóvember 1994 var, að sögn núv. hæstv. viðskrh., Framsfl. tilbúinn til að takast á við þennan vanda. Stefnan eins og hún birtist í greiðsluaðlögunarfrv. hafði því verið í mótun mjög lengi og á bak við hana var ítarleg vinna eins og henni var lýst af hálfu Framsfl. Nú kemur hins vegar félmrh. Framsfl. og segir: Það þarf nefnd, það þarf skoðun, það þarf athugun, það þarf bið, það þarf könnun. Eru þessir ágætu menn búnir að gleyma stórorðum yfirlýsingum sínum um greiðsluvanda heimilanna. (**GÁ:** Engu gleymt.) Engu gleymt segir hv. þm. Guðni Ágústsson. Þá langar mig til að spyrja hvort hv. þm. hefur heldur ekki gleymt sínum eigin orðum sem voru á þá leið, með leyfi hæstv. forseta, — því miður næ ég ekki ræðustíl þingmannsins þannig að menn verða að ímynda sér tóninn í hans eigin rödd þegar hann flutti þessi orð hér í ræðustólnum:

„Ég tek undir með þingmönnum að mér ógna þessi vindský í málefnum fjölskyldunnar sem nú blasa við. Því er mikilvægt að Alþingi biðji hæstv. félmrh. að taka saman skýrslu um skuldastöðu heimilanna og hvernig Ísland er í samanburði við helstu nágranna- og viðskiptalönd. Fyrir þessu verðum við að beita okkur." (**GÁ:** Hárrétt.) Hárrétt segir hv. þm. Honum ógnuðu vindskýin. (**GÁ:** Og gera enn.) Og gera enn. En þessi skýrsla var unnin, hv. þm., og eftir að þessi orð

féllu, það var í desember 1993, 10. des. fyrir hádegi, svo það sé haft nákvæmt, þá fór Framsfl. í þessa vinnu, lagði fram tillögur á sínu flokksþingi, kom með frv. á síðasta þingi, en nú allt í einu er hv. þm. Guðni Ágústsson ekki tilbúinn að standa við stóru orðin. (Gripið fram í.) Hæstv. viðskrh. ekki tilbúinn að standa við stóru orðin, orðin um fátæktina, orðin um gjaldþrotin, orðin um vanda heimilanna, orðin um persónulegar hörmungar og erfiðleika einstaklinga.

Ég er hér með þykkan bunka af tilvitnunarsafni framsóknarmanna þar sem þeir lýstu á síðustu mánuðum og á síðasta þingi með stærri orðum en nokkur annar þingflokkur notaði í þessum sal erfiðleikum heimilanna og hve brýnt væri að grípa til þessara aðgerða og jafnframt það að framsóknarmenn væru með öll þau ráð í sinni hendi. Þess vegna höfum við, flm. þessa frv., til þess að mynda hér breiða pólitíska samstöðu um að gripið sé til þessara aðgerða, endurflutt þetta frv. Við sýndum það í gær, þingmenn Alþb., að við vorum tilbúnir að standa með stjfrv. um afgreiðslu GATT-málsins og hefja okkur yfir ágreining stjórnar og stjórnarandstöðu með heföbundnum hætti og nú spyrjum við þingmenn Framsfl.: Eru þeir tilbúnir að greiða atkvæði með sínu eigin frv. eða ekki?

Virðulegi forseti. Ég fer fram á það að þetta frv. fái hraða afgreiðslu hér í nefndum þannig að áður en þingi lýkur fari fram atkvæðagreiðsla um frv. þannig að sá þingmeirihluti sem er fyrir hendi í þinginu til að ganga til móts við heimilin í landinu fái að birtast í þeirri löggjöf sem hér er gerð tillaga um.

[13:58]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Það eru smekkmenn sem flytja þetta frv. núna og vekja athygli á ágætu frv. sem framsóknarmenn fluttu á síðasta þingi.

Sumir þeirra sem nú eru flm. frv. vildu ekki sjá þetta mál þá, en batnandi mönnum er best að lifa. Ég vil taka það fram að ég var ekki einn af flutningsmönnum þessa máls á síðasta þingi. Þetta frv. hefur ákveðna galla, þ.e. það er ekki alfullkomið. Það stenst nefnilega ekki eitt og sér. Það þarf líka að breyta t.d. gjaldþrotalögunum og réttarfarsúrræðum sem verða að tengjast greiðsluaðlögun ef hún á að verða marktæk. Það þarf sem sagt að breyta lögum sem eru á sviði dómsmála líka til að frv. nái tilgangi sínum. En frv. er gott innlegg í starf þeirrar nefndar sem er að vinna að frumvarpsgerð um greiðsluaðlögun og hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason veitir forstöðu.

Þetta frv. tekur mjög mið af þeim lögum sem í gildi eru í Svíþjóð, en ég tel að það þurfi einnig að skoða norsku lögin því Norðmenn hafa farið nokkuð aðra leið heldur en Svíar þar sem greiðsluaðlögunin er samstarfsverkefni dómsmála- og barna- og fjölskyldumálaráðuneytis. Ég hef lagt til við dómsmrh. að verkefnið verði samstarfsverkefni félmrn. og dómsmrn. Hér er um að ræða úrræði sem felur í sér sambland af félagslegu og réttarfarslegu úrræði og þess vegna þarf samstarf við dómsmrn. um málið.

Ég tel að framsóknarmenn hafi komið af stað mjög þarfri umræðu með þessum frumvarpsflutningi. Alþýðusamband Íslands hefur líka sett fram mjög athyglisverðar tillögur um greiðsluerfiðleika og ég tel að þær verði líka skoðaðar í þeirri nefnd sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason veitir forstöðu.

Verið er að vinna að því að setja á stofn bráðamóttöku og ég tel það mjög brýnt og félmrn. hefur forgöngu um það. Við munum snúa okkur til verkalýðsfélaganna. Við munum snúa okkur til BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, banka og lífeyrissjóða til þess að reyna að koma af stað einhverri skyndihjálp sem allra fyrst því að það er ekkert of mælt um það að vandinn er brýnn. Hins vegar tekur lagasetning nokkurn tíma og ekki er skynsamlegt að hrapa að henni.

[14:01]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Hér er verið að fjalla um mjög þarft frv. til laga um greiðsluaðlögun sem er mjög brýnt að væri hægt að fjalla um hér á þingi og að frv. fái meðferð í nefnd og það verði að lögum á þessu þingi. Við flm. frv. mundum vilja greiða fyrir því að mál þetta fengi afgreiðslu.

Það er alveg ljóst eins og fram kom í máli 1. flm. frv. að hv. framsóknarmenn hafa haft mjög stór orð um að lögfesta þyrfti sem fyrst frv. um greiðsluaðlögun. Hægt er að vitna í hæstv. viðskrh. sem skrifaði mikið um þetta fyrir nokkrum vikum og talaði mjög mikið um það innan þings og utan. En í grein sem hann skrifaði í marsmánuði sl. segir hæstv. ráðherra, sem var þá þingmaður, með leyfi forseta:

„Við þingmenn Framsfl. höfum lagt fram á Alþingi frv. til laga um greiðsluaðlögun, frv. sem ríkisstjórnin hefur lofað í langan tíma. Þar sem svo stutt var eftir af þinginu töldum við nauðsynlegt að slíkt frv. yrði flutt og fengist samþykkt sem lög frá Alþingi."

Þetta var sagt fyrir aðeins nokkrum vikum. Þá lögðu þingmenn Framsfl. fram sama frv. þó stutt lifði þá af þingi og töldu brýnt að það yrði lögfest þá þegar á því þingi. Hæstv. viðskrh. sagði einnig þá í þessari sömu grein, með leyfi hæstv. forseta.

„Það er mat okkar framsóknarmanna, sem flytjum þetta frv., að nú sé tími kannana og skoðana á ástandinu liðinn, aðstæður fólks liggja fyrir og ástæður greiðsluerfiðleikanna eru kunnar og því er nú runninn upp tími aðgerða og því er þetta frv. um greiðsluaðlögun lagt fram á Alþingi."

Hæstv. félmrh. sem hér talaði áðan telur að tími aðgerða sé ekki enn runninn upp því að hann ætlar að láta skoða málið í nefnd. Þetta mál um greiðsluaðlögun hefur verið mjög lengi í skoðun og til umfjöllunar á Alþingi. Á árinu 1993 var nefnd að störfum á vegum félmrn. sem fór mjög ofan í þetta mál og skilaði skýrslu í maí 1994 um þær leiðir sem hún taldi rétt að fara í málinu. Í þeirri nefnd áttu sæti, ef ég man rétt, fulltrúar þriggja ráðuneyta, félmrn., fjmrn. og dómsmrn. Skýrslan var lögð fram í maí 1994 og er þá mjög heppilegt að hæstv. fjmrh. er hér viðstaddur vegna þess að ég held að það væri mjög æskilegt ef hæstv. fjmrh. mætti vera að því að hlýða á orð mín þó hann sé í hliðarsölum. Ég tek mér bara tíma, hæstv. forseti, að

bíða eftir því að ráðherrann komi í salinn því að ég vil gjarnan eiga við hann orðastað.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til að ráðherrann komi í salinn.)

Þetta mál hefur verið lengi í skoðun og var lagt fyrir ríkisstjórnina á sínum tíma í maímánuði og hefði verið hægt að vinna á þessum tíma frv. til þess að leggja fyrir þingið.

Hæstv. félmrh. ber því nú við að það þurfi að breyta ýmsum öðrum lögum og ég er sannfærð um það að þeir þingmenn sem flytja frv., sem eru þingmenn úr öllum stjórnarandstöðuflokkunum, eru reiðubúnir að taka sér þann tíma sem þarf til að þetta mál fái skoðun á þinginu og tilbúnir að taka þá til umfjöllunar þau lög á vegum dómsmrn. sem þarf að breyta til að frv. gangi fram. Ég sé, virðulegi forseti, að klukkan gengur hér á mig, þannig að ég ætla að biðja hæstv. forseta að stoppa hana þar til hæstv. fjmrh. heiðrar okkur með nærveru sinni hér í salnum.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að hæstv. ráðherra væri í salnum.)

Mér sýndist að ráðherrann væri í símanum og ef hann getur gert hvorutveggja, að hlusta á ræður í þingsal og tala í síma, tel ég það ansi gott hjá honum. (**Gripið fram í:** Hann er fjölhæfur.) Hann er fjölhæfur. Ég held að það væri nauðsynlegt því við erum að fjalla um mjög brýnt mál sem virðist vera mikil samstaða um á þinginu hjá öllum stjórnarandstöðuflokkunum og hjá öðrum stjórnarflokknum, Framsfl., að fá fram afstöðu sjálfstæðismanna í málinu og ekki síst hæstv. fjmrh. vegna þess að ég tel að það sé kannski raunverulega lykillinn að því að við getum afgreitt málið nú að fá fram afstöðu sjálfstæðismanna í málinu.

Mér fannst, þegar þessi skýrsla lá fyrir á sínum tíma, í maímánuði 1994, að hæstv. fjmrh. og fjmrn. reyndar líka, hefði mjög margar athugasemdir við þessa leið um greiðsluaðlögun. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé einhver fyrirstaða hjá hæstv. félmrh. sem hann nefnir hér að nú þurfi að skoða málin í nefnd, hvort ástæðan sé ekki hreinlega sú að sjálfstæðismenn eru á móti málinu og hafi ýmislegt við það að athuga? Þess vegna mundi það greiða mjög fyrir umræðu ef hér fengist líka fram afstaða hæstv. fjmrh. í málinu.

Ég get tekið undir með hæstv. félmrh. að það frv., sem hér liggur fyrir, þarf nokkurrar skoðunar við og nefndin sem fær þetta til athugunar þarf að skoða málið. Ef ég skil rétt frv. sem framsóknarmenn fluttu og hef ég nú farið ítarlega yfir þetta þá er um að ræða raunverulega beina þýðingu á sænsku lögunum. Það er ýmislegt í íslenskum aðstæðum sem kallar á að fleiri atriði verði skoðuð í þessu sambandi.

Í þeirri skýrslu, sem ég minntist á, er mælt með því að það verði komið á þessari löggjöf um greiðsluáætlun og talað um að reynsla Norðurlandaþjóðanna af greiðsluaðlögun sé mjög góð. Ég hef tímans vegna ekki tækifæri til að fara efnislega ofan í þau atriði sem ég vildi sjá breytt í frv. en mun koma því á framfæri við nefndina sem fær málið til skoðunar. Þjóðvaki á þar áheyrnarfulltrúa í félmn. sem mun sækja þá fundi stíft sem verða haldnir um málið. Þar mun ég koma á framfæri nokkrum athugasemdum sem ég hef við frv. sem væru til bóta og koma til móts við sjónarmið félmrh. í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé líka mjög brýnt að hv. þm. Guðni Ágústsson taki þátt í þessari umræðu. Hann hefur haldið því fram að líf, heill og hamingja þúsunda fjölskyldna lægi við að á þessu máli yrði tekið og komið á frv. um greiðsluaðlögun. Ef framsóknarmenn eru búnir með sinn tíma sem hér hefur verið skammtaður þá eru eftir tvær mínútur af mínum tíma og ég vil gefa þær yfir til hv. þm. Guðna Ágústssonar þannig að hann geti tjáð sig í málinu.

[14:09]

**Kristín Ástgeirsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það stendur ekki á okkur stjórnarandstöðuþingmönnum að stytta mál okkar ef það má verða til þess að hleypa framsóknarmönnum og þeim sem upphaflega lögðu þetta frv. fram að hér í ræðustólnum. En þar sem ég er einn af flutningsmönnum málsins þarf ekki að hafa mörg orð.

Hér er á ferðinni hið ágætasta mál sem framsóknarmenn lögðu töluverða vinnu í á síðasta kjörtímabili og væri mikil synd ef það sæist ekki oftar í þingsölum. En það sem málið snýst um er það hvers vegna fólk þarf á slíkum lögum að halda, hvers vegna einstaklingar og fjölskyldur þurfa að fá aðstoð til að koma fjármálum sínum í lag og ekki síst hverjir það eru sem þurfa á slíkri aðstoð að halda. Við áttum í umræðum í gær um húsnæðismálin og það hefur komið fram að húsnæðismál vega þungt í skuldum heimilanna þó að ýmislegt annað komi þar til. Sú ríkisstjórn sem lét af störfum í apríl sl. og reyndar sú sem nú hefur tekið við hafa báðar gert mikið úr því að það sé efnahagsbati í samfélaginu en sannleikurinn er nú sá að sá efnahagsbati hefur ekki skilað sér til heimilanna í landinu. Rétt við upphaf þingsins hafði ég samband við Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar til að kanna hvort sú stofnun yrði eitthvað vör við þennan margrómaða efnahagsbata og svörin sem ég fékk voru þau að þar hefði ekkert dregið úr beiðnum um aðstoð. Það er staðreynd að enn þá er þessi blessaði efnahagsbati ekkert farinn að skila sér. Atvinnuleysið er á svipuðum nótum og verið hefur þannig að sá veruleiki, sem lýst er í greinargerð frv., og kom það fram strax í vor, er enn til staðar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessa frv. er að gefa þeim einstaklingum sem eru í alvarlegum og viðvarandi greiðsluerfiðleikum möguleika á að ná stjórn á fjármálum sínum því að neyðarástand hefur skapast á þúsundum heimila í landinu þar sem gjaldþrot blasir við mörgum þeirra. Það hefur skapað margvísleg félagsleg vandamál, lagt auknar byrðar á félagsmálastofnanir, aukið örvæntingu einstaklinga og fjölskyldna og skapað sár í þjóðfélaginu sem seint munu gróa."

Þannig lýstu framsóknarmenn ástandinu sl. vetur og ég hygg að við verðum því miður að taka undir það að lýsingin eigi við rök að styðjast. Það undirstrikar nauðsyn þess að gripið verði til aðgerða eins og greiðsluaðlögunar.

Bæði Norðmenn og Svíar brugðust þannig við bankakreppu og annarri óáran sem yfir þá hefur gengið — það voru sérstaklega Svíar — það varð mikil bankakreppa í Noregi fyrir nokkrum árum en síðan varð mikill efnahagssamdráttur í Svíþjóð ekki síst á tímum ríkisstjórnar Carls Bildt. Reyndar eru sósíaldemókratar í Svíþjóð að takst á við velferðarkerfið núna með miklum niðurskurði en í þessum löndum voru samþykkt lög um greiðsluaðlögun og eftir því sem ég hef lesið hafa þau reynst nokkuð vel. En vandinn er sá að vega og meta hverjum er gagn í slíkum lögum. Það gegnir engum tilgangi að lengja í hengingarólinni ef fólk á þess ekki kost að bjarga sér ef þessar aðgerðir verða ekki raunverulega til þess að hjálpa viðkomandi fjölskyldum. Í þeim tillögum sem liggja fyrir er einmitt gengið út frá því eins og segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Greiðsluaðlögun kemur aðeins til greina hafi hún í för með sér ávinning fyrir skuldara, lánardrottna og samfélagið í heild. Ávinningur fyrir skuldarana verði sá að þeir geti staðið í skilum með skuldina, ávinningur fyrir lánardrottnana verði sá að líkur á endurgreiðslu aukist og ávinningur samfélagsins verði sá að færri þurfi að leita á náðir félagsmálastofnananna."

Það verður auðvitað að beita slíkum aðgerðum þar sem þær bera árangur, annars vegar verður einfaldlega að taka á málum með öðrum hætti eða horfast í augu við það að málefni viðkomandi einstaklings eða fjölskyldu sé einfaldlega ekki leysanlegt öðruvísi en með gjaldþroti með öllum þeim hörmungum sem því fylgir.

Hér er ekki um einfalt mál að ræða og þó frv. sé vel unnið þarf að kanna hvað það hefur í för með sér. Hvað erum við að tala um mörg mál sem kæmu til kasta sýslumanna í landinu sem mundu nú fást við þetta? Hver yrði kostnaðurinn í kringum þetta kerfi? Eru menn að tala um að afskrifa hluta skulda eða fyrst og fremst að lengja lán og hvernig á að framkvæma þetta? Þetta er auðvitað ekki einfalt mál en það þarf að taka á því. Ég minni á að í umræðum, sem áttu sér stað sl. vetur um skuldir heimilanna, margtók háv. *félmrh., Rannveig Guðmundsdóttir, undir* það sjónarmið að það væri mjög brýnt að setja lög um greiðsluaðlögun og ég hygg að hún hafi verið búin að setja vinnu í gang í sínu ráðuneyti og væri synd ef sú vinna skilaði sér ekki yfir til næsta ráðherra.

En hæstv. forseti. Hér er mjög brýnt mál á ferð sem þarfnast skjótra ákvarðana og nú styttist í þessum degi sem verður væntanlega hinn síðasti á hinu háa Alþingi á þessu vori. Sé það hins vegar vilji mikils meiri hluta Alþingis að afgreiða málið á næstu klukkustundum eða næstu sólarhringum stendur að sjálfsögðu ekki á okkur kvennalistakonum að taka þátt í þeirri vinnu.

[14:17]

**Guðni Ágústsson:**

Hæstv. forseti. Ég vil eins og fleiri taka undir það að hér er hið besta mál flutt sem ég get stutt í hvívetna og tel mikilvægt í þeim aðgerðum sem þarf að ráðast í gagnvart íslenskum heimilum sem hafa átt í miklum erfiðleikum um margra ára skeið.

Ég harma að stuttur tími frá því að ný ríkisstjórn tók við völdum hefur ekki gefið færi á því að fullkomna það verk sem á að ráðast í. Þess vegna lá það fyrir þegar þing hófst í vor að þetta mál var ekki boðað þess vegna þannig að það var þingmönnum ljóst. Hins vegar er skemmtilegt á þinginu að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb., lætur alltaf eins og stóri stríðnisstrákurinn í bekknum, stríðir frá morgni til kvölds og heldur að hann sé að gera lukku með slíku. En ég vona samt sem áður að hann skilji að Framsfl. er fúlasta alvara í öllu sem hann hefur sagt og gert í þessum málum. (**ÓRG:** Það er komið stjfrv. ...) Það er hárrétt, hv. þm., að Framsfl. boðaði heilmikið í þessum efnum í kosningabaráttunni, gaf fyrirheit um að nýir og betri tímar skyldu taka við. (**ÓRG:** Hvenær koma þeir?) Þeir eru þegar hafnir. Umhverfið á Íslandi er með öðrum hætti eftir að Alþfl. fór í frí. (**Gripið fram í:** Ykkar tími er kominn.) Okkar tími er kominn og við munum standa við stóru orðin. (**ÓRG:** Hvenær?) Hvenær? (**ÓRG:** Já, hvenær?) Vinnan er hafin eins og hér hefur komið fram. (**ÓRG:** Hjá hverjum?) Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem er ekki neitt unglamb lengur hefur sjálfur setið í ríkisstjórn og verið ráðherra. Hann veit að það gerist ekki allt á einum degi. Menn eiga sína hveitibrauðsdaga, (Gripið fram í.) sína hveitibrauðsdaga.

(**Forseti** (StB)**:** Ég vil biðja hv. þm. að gefa ræðumanninum hljóð.)

Ég trúi því að núv. hæstv. ráðherrar muni leggja á borðið í haust þau þingmál strax sem þarf í þessum efnum og hefja aðrar þær aðgerðir sem munu duga til að koma til móts við skuldugar fjölskyldur sem eiga nú í erfiðleikum. Ég er í engum vafa, ég get endurtekið það, ég tel að heill og hamingja þúsunda Íslendinga velti á því að núv. hæstv. ríkisstjórn takist að skapa aðstæður til að auka þjóðarframleiðslu og hagvöxt á Íslandi. Atvinnuleysið og döpur lífskjör eru tímasprengja sem tifar í *mínum huga. Hún getur sprungið* í andlitið á þessari ríkisstjórn ef hún stendur ekki í stykkinu. (**ÓRG:** Það er rétt.) Ég vil þó segja á þessari *stundu að Framsfl. tók þetta mál upp fjórum sinn*um á þremur síðustu árum án þess að Alþfl. hefði neinar aðgerðir í frammi. Ég hef alltaf haft grun um að það hafi kannski verið þröskuldur í veginum fyrir að þeir næðu því fram. Ég trúi því ekki að það hafi verið viljaleysi sem réð því. Það kann að vera að Sjálfstfl. hafi staðið að einhverju leyti í vegi fyrir því að ráðist væri í þessar miklu aðgerðir. En ég fullyrði að það hefur komið fram nú í nýrri ríkisstjórn að fullur vilji og samstaða er til þess að leysa þetta mál.

Ég vil segja að lokum, herra forseti, að ég gef hæstv. ráðherrum einhvern tíma enn til þess að koma til móts við þessi mál. En það er ljóst í mínum huga að ég mun gera kröfu til þess sem þingmaður að skuldbreyting aldarinnar eigi sér stað, að það verði komið til móts við fólkið í landinu sem margt hefur vegna aðgerðaleysis verið að tapa eignum sínum. Framsfl. mun beita oddinum þar og ná málinu fram.

**Útbýting þingskjals:**
Þingfararkaup, 47. mál, frv. GHH o.fl., þskj. 115.

[14:22]

**Össur Skarphéðinsson:**

Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir skörulega ræðu. Það var einmitt svo að ræða hans einkenndist af því sem ræður margra mikilhæfra stjórnmálamanna hafa einkennst af að þegar þeir vilja skamma Kína leggja þeir í Albaníu. Obbinn af ræðu hv. þm. fólst í því að skamma Alþfl. fyrir að hafa ekki gert neitt en undir lok ræðu hv. þm. kom hann að því sem hann veit að var þröskuldurinn í vegi þessa máls á tíma síðustu ríkisstjórnar og er þröskuldurinn líka í upphafi núv. ríkisstjórnar. Það er staðreynd að það er Sjálfstfl. og sérstaklega hæstv. fjmrh. sem hafa lagst þvert gegn málinu. Það má heita, herra forseti, að frv. til laga um greiðsluaðlögun liggi reiðubúið fyrir. Staðreyndin er hins vegar sú að Sjálfstfl. hefur ekki viljað fallast á það, hvorki í tíð síðustu ríkisstjórnar né í tíð núv. ríkisstjórnar.

Herra forseti. Engum manni er jafnannt um það í Framsfl. að ná fram þessu góða máli og hv. þm. Guðna Ágústssyni sem hér hefur flutt hástemmdar ræður sem hefðu sæmt sér af hvaða stól erkibiskups í allri álfunni sem væri. Enginn hefur dregið upp lýsingar á ástandinu með jafngrafískum smáatriðum og hv. þm. En stundum kemur það jafnvel fyrir menn úr hans kjördæmi að skripla á skötu eins og Sæmundur forðum í Odda og það er ýmislegt sem hefur fallið úr minni hv. þm. Sennilega hefur hann tekið að reskjast um aldur fram. Hann segir, herra forseti, að Framsfl. sé fúlasta alvara í málinu. Þetta fer nú að minna á yfirlýsingar hv. þingmanna Sjálfstfl. á Vestfjörðum í sjávarútvegsmálum. Hv. þm. Framsfl. er fúlasta alvara í málinu. Ég dreg ekki í efa að hæstv. viðskrh. var fúlasta alvara þegar hann birti þessa auglýsingu í blaði um endurreisn heimilanna þar sem Finnur Ingólfsson, hæstv. ráðherra, brosir, eða mér sýnist þetta vera bros og segir: „Endurreisn heimilanna. Við viljum setja lög um greiðsluaðlögun sem gefa einstaklingum í alvarlegum greiðsluerfiðleikum möguleika á því að ná aftur stjórn á fjármálum sínum." Það hefur komið fram, herra forseti, að þetta var líka samþykkt á síðasta flokksþingi Framsfl. og hér er grein sem birtist í Tímanum (**GÁ:** Farðu nú yfir þín afrek.) sem hv. þm. Guðni Ágústsson hefur ábyggilega lesið og þar segir hæstv. núv. viðskrh., með leyfi forseta: „Setja þarf lög um greiðsluaðlögun sem gefur einstaklingum í alvarlegum greiðsluerfiðleikum möguleika á að ná stjórn á fjármálum sínum." Þetta var það sem þeir sögðu fyrir kosningar. Og ef það væri svo, hv. þm. Guðni Ágústsson, að ykkur væri fúlasta alvara tel ég að það væri rökrétt að álykta að eftir kosningar þegar þið settuð saman samstarfsyfirlýsingu með Sjálfstfl. hefði þetta átt að koma fram, herra forseti. Orðið „greiðsluaðlögun" finnst ekki þar og það sem er miklu, miklu verra: Það sem sýnir algert viljaleysi hæstv. félmrh. í málinu er það að þegar hæstv. félmrh. lýsti þeirri vinnu sem nú er í gangi í félmrn. einmitt á þessu sviði, gerði það í texta sem birtur var í afmælisriti Húsnæðisstofnunar, þar kemur orðið greiðsluaðlögun ekki fyrir. Málið er einfaldlega það, herra forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson getur talað um að Framsfl. sé fúlasta alvara og ég efa það ekki að hv. þm., sem er drengur góður og hefur stórt hjarta, er fúlasta alvara. En staðreyndin er bara sú að þeim kollegum hans, sem tókst að pota honum aftur fyrir sig og komast í ríkisstjórn, þar sem hann ætti auðvitað sitja í dag, er ekki fúlasta alvara. Það sést best á því, hv. þm. Guðni Ágústsson, að orðið „greiðsluaðlögun" kemur hvergi fyrir í þeim textum sem frá ríkisstjórninni hafa farið um húsnæðismál. Staðreyndin er einfaldlega sú, herra forseti, að það er alveg sama hvar drepið er niður fæti. Það virðist því miður sem þeir hv. þm. Framsfl., sem völdust í ríkisstjórn fyrir hönd flokksins, hafi hvorki þá þrákelkni, hugmyndaþrótt og kergju sem hv. þm. Guðni Ágústsson hefur. Ég er viss um að ef hann hefði góðu heilli orðið ráðherra væri þetta mál þegar fullbúið hér. Staðreyndin er sú að enginn vilji er til þess að gera eitt eða neitt.

Hvað hefur hæstv. félmrh. gert í húsnæðismálum? Hann hefur skipað hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason í nefnd. Hv. þm. stóð sig afburða vel sem sveitarstjóri á Hvolsvelli og hefur gott vit á húsnæðismálum. Og hann er búinn að taka fleiri unga þingmenn Framsfl. og setja þá í nefndir. Það á sem sagt að véla um þessi mál í nefndum. En, herra forseti, er þörf á því? Ég man ekki betur en það hafi komið skýrt fram að það þarf ekki neinar nefndir. Hæstv. ráðherra Finnur Ingólfsson sagði í nákvæmlega sömu sporum og ég stend núna 27. des. 1994:

„Herra forseti. Staðreyndin er nú sú að það er ekki þörf á neinni sérstakri úttekt á þeim erfiðleikum sem blasa við. Erfiðleikarnir eru alveg ljósir og ástæður þeirra eru líka alveg ljósar." Og herra forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson sagði líka í grein sem birtist í Tímanum 29. mars, með leyfi forseta:

„Það er mat okkar framsóknarmanna sem flytjum þetta frv." — hann er að tala um það frv. sem hér er nú til umræðu — „að nú sé tími kannana og skoðana á ástandinu liðinn. Aðstæður fólksins liggi fyrir og aðstæður greiðsluerfiðleikanna séu kunnar. Því sé nú runninn upp tími aðgerða. og því var þetta frv. um greiðsluaðlögun lagt upp á Alþingi."

Herra forseti. Það var mat gervalls þingflokks framsóknarmanna að staðreyndir málsins væru algerlega ljósar. Það þyrfti ekki fleiri kannanir, það þyrfti ekki fleiri nefndir, það væri einungis eftir eitt verk og það var að samþykkja það fína frv. um greiðsluaðlögun sem þeir lögðu fram.

Herra forseti. Nú blasir við eftir kosningar að hæstv. félmrh. hefur farið yfir málið og hann sér að allt það sem hæstv. núv. viðskrh. sagði fyrir kosningar var bull og þvæla. Það þarf að kanna málið frekar. Herra forseti. Mætir menn eru þeir báðir, hæstv. ráðherrar. En ég verð að segja það að ég tel að þekking hæstv. viðskrh. á húsnæðismálum sé miklu betri en núv. hæstv. félmrh. Hann gerði þetta að sérgrein sinni fyrir síðustu kosningar og ég met það svo að skilgreining hans á

stöðunni sé rétt. Það liggi allar staðreyndir málsins fyrir. Ekkert er eftir að gera nema samþykkja þetta frv. og þess vegna er það sem við, til þess að aðstoða okkar ágætu vini í Framsfl. við það að yfirstíga þröskuldinn sem situr þarna í stóli hæstv. fjmrh., leggjum fram þetta frv.

Það er alveg ljóst og ég bæði sé það og heyri þegar hv. þm. Stefán Guðmundsson kinkar kolli við þessu, það er alveg ljóst að það er bullandi meiri hluti fyrir þessu máli. (**StG:** Það er rétt.) Það er ekki einungis meiri hluti fyrir málinu. Langflestir þingmenn hafa sama skilning á málinu, að það sé nokkur hluti fjölskyldna í þessu þjóðfélagi sem á í verulegum vanda, að það sé hægt að bjarga þessu fólki úr núverandi vanda með því að samþykkja þessi lög. Þingflokkur Alþfl. er sammála þessu. Þingflokkur Þjóðvaka er sammála þessu. Þingflokkur Alþb. er sammála þessu. Þingflokkur Kvennalistans er sammála þessu. Og það sem skiptir mestu máli í þessari upptalningu: þingflokkur Framsfl. er sammála þessu. Því til staðfestingar liggja óteljandi greinar eftir núverandi ráðherra, óteljandi frammíköll hv. þm., sem þarna sitja spyrtir saman í stólum sínum, og hinn einlægi og drenglyndi vilji hv. þm. Guðna Ágústssonar, sem kom hér upp og gat undir lok sinnar ræðu loksins stunið því upp, að það væri hans skoðun að þröskuldurinn í málinu, ljónið á veginum, væri Sjálfstfl. Þannig var það í síðustu ríkisstjórn. Þannig var það í tíð fyrrv. hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur og þannig er það enn þá. Munurinn er hins vegar sá, herra forseti, að bæði hæstv. fyrrv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir og þeir félagsmálaráðherrar Alþfl. sem á eftir henni gengu, lögðu þó til atlögu við ljónið. (**GÁ:** Nei, nei. Rangt) En það var hins vegar upplýst í umræðum á laugardaginn að hæstv. félmrh., þrátt fyrir öll loforð, þrátt fyrir það fossandi flæði kosningaloforða um húsnæðismál sem út úr munni hv. þm. Guðna Ágústssonar hafa streymt, frá hæstv. viðskrh. og fleirum, þá upplýsti hann það hér að hann hefði ekki einu sinni tekið málið upp við Sjálfstfl. Með öðrum orðum: Hæstv. félmrh. lyppast niður áður en til atlögunnar er komið og þekki ég nú þá ekki fyrir sama mann minn vaska vin að norðan.

Þetta eru bara staðreyndirnar. Málið er alveg ljóst, vandinn er klár, aðferðirnar eru til reiðu, þingflokkur Framsfl. er til reiðu, en þá hæstv. ráðherra flokksins sem tókst að komast í ríkisstjórn skortir kjarkinn, þá skortir viljann og þá skortir hnén til þess að standa uppréttir gagnvart Sjálfstfl. í þessu máli.

[14:32]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Virðulegi forseti. Það er eins með mig og hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson að hér er ég með þykkan bunka af tilvitnunum, ekki reyndar eftir sjálfan mig um húsnæðismál heldur eftir hv. 8. þm. Reykn., Ólaf Ragnar Grímsson. Þetta eru reyndar ekki tilvitnanir um greiðsluvanda heimilanna. Þegar ég fer yfir það sem hv. þm. hefur látið fara frá sér á síðasta kjörtímabili um það hvað Alþb. hafi viljað gera í húsnæðismálum þá finnst lítið í þskj. um þá hluti og munurinn er sá á okkur framsóknarmönnum og Alþb. að við höfðum tillögur um það hvað gera eigi. Það er ekki bara lýðskrum eins er hjá hv. þm. sem kemur hér upp ítrekað og með ekkert annað en lýðskrum, engar tillögur hvað á að gera í greiðsluvanda heimilanna. Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. að flokksþing Framsfl. í nóvember á síðasta ári mótaði tillögur flokksins í húsnæðismálum, í greiðsluerfiðleikum heimilanna. Við fylgdum því eftir á Alþingi með frv. um greiðsluaðlögun. En hvað gerðist þegar það frv. lá hér fyrir? Þá lagðist Alþfl. gegn því að frv. næði fram að ganga.

Ég vonast til þess og nú af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur yfirgefið þingsalinn eftir að hafa flutt þessa ágætu ræðu sína hér, þá vonast ég til þess að ég lendi ekki í sömu sporum og hv. þm. lenti í á síðasta kjörtímabili þegar hann ásamt öðrum þingmanni Alþfl., Sigbirni Gunnarssyni, flutti till. til þál. um greiðsluaðlögun fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum. En hvað gerðist? Sjálfstfl. sagði við þá: Nei, þið flytjið ekki þessa tillögu. Til þess að aðstoða þá við að geta greitt atkvæði með eigin tillögu þá flutti hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson þessa tillögu óbreytta í frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins. En hvað gerðist í atkvæðagreiðslu? Hv. þm. Össur Skarphéðinsson greiddi atkvæði gegn eigin tillögu hér í þingsalnum. (Gripið fram í.) Greiddi atkvæði gegn eigin tillögu hér í þingsalnum. Við framsóknarmenn lendum vonandi aldrei í þessari stöðu eins og hv. þm. hefur lent í. (**ÓRG:** Þú ert nú búinn að lenda í því núna.) Nú væri fróðlegt að rifja upp kosningasvik Alþb. þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var í fjmrn. og loforðalista Alþb. sem hv. þm. fór með fyrir þær kosningar. En munurinn á þessu þingi og fyrri þingum er sá að nú fer þetta mál til nefndar. Alþfl. nær ekki að leggjast gegn því. Sjálfstfl. og Framsfl. styðja að málið fari til nefndar og verði skoðað af félmn. á þessu sumri.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Það skal upplýst að hæstv. félmrh. hefur tvær og hálfa mínútu til umráða.

[14:35]

**Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):**

Herra forseti. Ég vil leiðrétta hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég hef aldrei sagt að ég hafi ekki rætt húsnæðismál eða skuldir heimilanna við hæstv. fjmrh. Ég hef einmitt rætt bæði skuldir heimilanna og húsnæðismál við hæstv. fjmrh. Það sem ég sagði á laugardag var það að ég hefði ekki átt í neinni orrustu við hæstv. fjmrh. og við höfum komið okkur ágætlega saman um þessi mál hingað til og hvorugur orðið að láta undan öðrum. Þar af leiðandi vonast ég eftir því að við komum til með að eiga gott samkomulag um þau áfram.

Ég vil þakka þessa umræðu. Ég vonast til þess að frv. sem lagt verður fram um efnahagsvandræði fólks í haust fái skjóta og góða meðferð á Alþingi. Ég mun fyrir mitt leyti reyna að undirbúa og láta undirbúa þau frumvörp þannig að um þau sé samstaða og síðast en ekki síst að þau komi því fólki sem á því þarf að halda að viðvarandi gagni. Þó að ég biðji þingheim um samstarf þá felst ekki í því að ég sé að biðja hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson að taka einhverja forustu í málinu.

**Forseti (Sturla Böðvarsson):**

Til máls tekur hv. 13. þm. Reykv. og á eftir eina mínútu af sínum tíma.

[14:37]

**Jóhanna Sigurðardóttir:**

Virðulegi forseti. Það hefur greinilega komið fram við þessa umræðu að það er mikill meiri hluti fyrir þessu máli á þinginu og það hefur ítrekað komið fram hjá hv. framsóknarmönnum, sem kinka kolli þegar ég segi þetta. En það hefur einnig komið fram í þessari umræðu að það sé Sjálfstfl. sem er fyrirstaða í þessu og ég trúi því mætavel. Þegar ég lagði fram mína skýrslu í ríkisstjórn, rétt áður en ég hvarf úr ríkisstjórninni, fann ég fyrir þessari fyrirstöðu. Þannig að ég trúi því vel að þetta sé rétt. Þess vegna vil ég skora á hæstv. fjmrh. að koma hér í ræðustól og lýsa afstöðu sinni til þessa frv. Mér finnst hann ekki geta gert þingheimi það að sitja bara og hlusta á þessa umræðu og liggja undir því að Sjálfstfl. sé á móti þessu máli, án þess að hann komi í ræðustól og svari því: Hver er afstaða sjálfstæðismanna til þessa frv. Hver er afstaðan? Ætla þeir að leggjast á móti þessu máli eða vilja þeir greiða götu þess? Eru þeir tilbúnir til þess að leggja í þann tíma sem þarf á þinginu til þess að við getum gert þetta mál að lögum? Og má þá vænta þess, ef þeir telja að það þurfi tíma til að skoða þetta, að þeir muni styðja málið þegar það kemur fyrir á haustþingi?

Meginefni þessa frv. er alveg ljóst. Það þarf ekkert að skoða þetta mál og hæstv. fjmrh. er vel kunnugt um efni málsins þannig að hann gæti sagt það af eða á hér í þessum ræðustól hvort hann styðji frv. eða ekki. Mér finnst að það sé ekki hægt að gera fólki það að vera að draga það á því hvort frv. verði flutt í haust eða ekki og það sé verið að draga fólk á afstöðu sjálfstæðismanna, sem greinilega gegna hér lykilhlutverki í þessu máli. Ég skora á hæstv. fjmrh. að koma hér í ræðustól og gera grein fyrir afstöðu sjálfstæðismanna í þessu efni.

[14:39]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Virðulegi forseti. Það er öllum hugsandi mönnum ljóst að þessi umræða sem fer fram hér í dag er sýndarumræða. Hún er sett hér á svið á síðasta degi þingsins og er ekkert við því að segja.

Vegna efnis málsins vil ég taka það fram að þetta mál sem felst í frv. sem hér er til umræðu er til skoðunar á milli stjórnarflokkanna, eins og skýrt hefur komið fram af hálfu hæstv. félmrh., og málið mun að sjálfsögðu koma til þingsins þegar þeirri skoðun lýkur.

Ég vil einnig að það komi skýrt fram að það er ekki eins og ekkert hafi verið gert í þessum málum. Það veit hv. 13. þm. Reykv., og reyndar allir hv. þm., að bankar og lánastofnanir eru á hverjum degi að fást við þessi mál. Og það er ekkert gagn að lausnum sem leiða til enn meiri erfiðleika fyrir fólk síðar meir og því held ég að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ætti að hafa kynnst af sinni löngu reynslu af húsnæðismálum og greiðsluerfiðleikum fólks. Það sem skiptir máli er það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra og það er að niðurstaðan verði á þann veg að það komi þeim til góða sem mest þurfa á þessari aðstoð að halda. Hvaða form það er sem við veljum skiptir ekki öllu máli og Sjálfstfl. hefur aldrei lagst af neinum þunga gegn einu eða öðru. Það sem hefur fyrst og fremst vakað fyrir honum er að niðurstaðan sé með þeim hætti að hún sé gagnleg fyrir þá sem þurfa á aðstoðinni að halda, en það sé ekki verið að eltast við einhverjar patentlausnir sem eru til hér eða þar eða annars staðar í heiminum. Þeir sem þekkja til bæði í Noregi og Svíþjóð, hvað þessi mál snertir, vita að það er ekki himnaríki þótt samþykkt hafi verið lög af þessu tagi þar. Því ber að líta á aðra þætti málsins en þá þýðingu sem hér liggur fyrir í lagafrv. því sem Alþb. hefur tekið upp eftir nokkrum framsóknarmönnum sem flutti það á síðasta kjörtímabili.

Ég vona að það sé skýrt, og ég vil bara taka undir það, að ríkisstjórnin er sammála um að þetta mál fái þá lausn sem eðlileg er eftir að mál hafa verið skoðuð og ég veit að hv. stjórnarandstæðingar skilja að það þarf kannski meira en nokkra daga og nokkrar vikur til þess að undirbúa slíka löggjöf og þeir sem ættu að skilja það helst eru þeir sem fengust við húsnæðismálin árum saman.

[14:42]

**Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson)** *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt að ræða það undir þessum dagskrárlið hvernig hæstv. fjmrh. var að hæðast að tillöguflutningi Framsfl. í þessum efnum og kallaði þetta frv. sem Framsfl. flutti og við höfum endurflutt hér, einhverjar patentlausnir sem menn væru að eltast við úti í heimi. Það er dálítið langt síðan ég hef heyrt forustumann úr samstarfsflokki í ríkisstjórn hæðast svona að samstarfsflokknum, eins og hæstv. fjmrh. gerði hér varðandi Framsfl.

Hins vegar kom það fram hjá hæstv. viðskrh. að hann virðist vera tilbúinn til að afgreiða þetta frv. Það var ekki hægt að skilja ræðu hæstv. viðskrh. á annan veg en þann að það lægju hér fyrir tillögur og þær væru í þskj. og þær bæri að afgreiða. Hann var síðan með frýjunarorð í okkar garð, stjórnarandstæðinga, sérstaklega okkar alþýðubandalagsmanna og mín, að við værum ekki tilbúnir til þess heldur vildum bara stunda hérna einhvern áróður. Ég fer þess vegna fram á það, virðulegi forseti, að þetta mál fái áframhaldandi gang í þinginu, að félmn. fjalli um málið. Við erum að afgreiða hér mál sem hafa komið til þingsins með litlum fyrirvara en hafa lengi verið í undirbúningi. (Gripið fram í.) Þetta mál hefur verið lengi í undirbúningi, hv. þm. Stefán Guðmundsson, verið lengi í undirbúningi. (**StG:** Farðu ekki að skemma gott mál.) Skemma gott mál?

(**Forseti** (ÓE)**:** Ekki samtal.)

Ef það að skemma gott mál að biðja um það að frv. sem hv. þm. var meðflm. að sé lögfest hérna á Alþingi þá er ég hættur að skilja til hvers hv. þm. er hér á þinginu. (**StG:** Þú veist hvað klukkan er.) Hvað klukkan er? Er það orðið vandamál Framsfl. hvað klukkan er? Ég hef bara aldrei heyrt önnur eins rök.

Virðulegi forseti. Ég fer fram á það að þessu máli verði vísað til félmn. og hún komi saman síðar í dag til að fjalla um frv.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Þessi ræða hv. þm. fjallaði nú varla um fundarstjórn forseta.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 45. mál (leiðréttingar). — Þskj. 88.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv.` — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

[14:47]

**Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. sem kemur frá efh.- og viðskn., sem nefndin stendur samhljóða að. Þetta er tæknilegt frv. Í því eru leiðrétt mistök sem urðu við fyrri lagasetningu. Á einum stað hafði slæðst inn komma. Annað atriði sem hér er leiðrétt er það sem varðar húsaleigubætur, að rétthafar vaxtabóta geti ekki jafnframt verið rétthafar húsaleigubóta. Það var gerð breyting á þessum lögum 1995, en þar láðist að taka tillit til þess að framangreindar breytingar á lögum nr. 147/1994 koma ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu skatts á næsta ári. Þetta tekur á vanda þeirra búseturétthafa sem eru í almenna kaupleigukerfinu.

Þetta ákvæði, eins og það var í lögunum sem láðist að breyta á sínum tíma, kom í veg fyrir, að óbreyttu, að þessi síðasta breyting kæmist til framkvæmda. Því er hér lagt til að þessu verði breytt í þá veru sem ætlunin var.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

### *Matvæli, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 15. mál (heildarlög). — Þskj. 15, nál. 101, brtt. 102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Brtt. 102,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 102,2–28 samþ. með 36 shlj. atkv.
3.–32. gr. (ákv. til brb. fellur brott), svo breyttar, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

### *Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 36. mál (verðjöfnunargjald af útflutningi, heildargreiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 40, nál. 109.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Brtt. 1 í nál. 109 (1. gr. falli niður, ákv. til brb. bætist við) samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 109 samþ. með 33 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 3 í nál. 109 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

### *Viðlagatrygging Íslands, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 43. mál (álag á iðgjöld, ofanflóðasjóður). — Þskj. 84, nál. 103, brtt. 104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]
Brtt. 104,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 104,2 (ný 2. gr., verður 1. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 104,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

### *Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.*

Frv. GHH o.fl., 1. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 1, nál. 96.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2.–17. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

### *Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.*

Frv. GHH o.fl., 2. mál (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur). — Þskj. 2, nál. 97.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

### *Mótmæli til breskra stjórnvalda gegn förgun olíupallsins Brent Spar, frh. síðari umr.*

Þáltill. umhvn., 32. mál. — Þskj. 36, nál. 99.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Brtt. í nál. 99 (ný tillgr.) samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjÁ, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VE, ÖJ.
22 þm. (BBj, DO, EgJ, EOK, GuðjG, GAK, GB, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JónK, LMR, MF, RG, SF, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 119).

### *Áfengislög, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 6. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 6, nál. 45, 58 og 59, brtt. 46.

[15:03]

**Svavar Gestsson** (frh.):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er á dagskrá og við ræddum fyrir nokkrum dögum er flutt af dómsmrh. og felur í sér breytingu á áfengislögum. Við höfum nú þegar á allmörgum fundum í þessari virðulegu stofnun gert tilraun til þess að skýra fyrir mönnum, svo sem best verður á kosið, hvaða mál er hér í raun og veru á ferðinni. Hérna er verið að breyta býsna veigamiklum þætti í íslensku þjóðlífi án þess að það standi neinar efnislegar ástæður til þess innan lands. Það eru engin efnisleg rök fyrir málinu innan lands. Það er heldur ekki þannig að einhver flokkur sé hér t.d. að ganga fram og uppfylla kosningaloforð sem gefin voru fyrir síðustu kosningar. Þetta mál er ekki þannig vaxið. Þetta mál er þannig vaxið að við erum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og þeir sem flytja málið telja óhjákvæmilegt vegna þess að einkavæða hluta af verslun með áfengi í þessu landi.

Nú er um það skiptar skoðanir, en í sjálfu sér ætla ég ekki að blanda mér í þær núna heldur bara undirstrika það að í raun og veru er Alþingi Íslendinga upp við vegg í málinu og þeir sem tala í málinu, eins og t.d. hæstv. heilbrrh., tala eins og Alþingi geti ekkert annað en samþykkt það sem ákveðið er í Brussel og menn séu dæmdir til þess, ekki af neinum hagkvæmnisástæðum, ekki af heilbrigðisástæðum, ekki af forvarnaástæðum, engum ástæðum öðrum en þeim að Alþingi Íslendinga er upp við vegg.

Þegar EES-málin voru til meðferðar á sínum tíma þá sögðum við mörg: Já, það er verið að þrengja að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að útlendingum er afhent lagasetningarfrumkvæði að veigamiklum hluta til. Útlendingum er afhent lagasetningarfrumkvæði. Ég man eftir því að þegar nokkrir nýir þingmenn hittu þingmenn sem höfðu setið hér um skeið og spurðu um frumkvæði, hvaðan kemur frumkvæðið? Þá benti ég á það m.a. að frumkvæðið að setningu laga kemur nú orðið annars staðar að utan frá. Við ráðum þessu ekki samkvæmt þeim rökum sem talsmenn málsins flytja. Hámarki nær þó þessi málflutningur hjá hæstv. félmrh., sem ég skil út af fyrir sig vel að er í vissum vanda, þegar hann segir: Ég flyt málið, en ég er á móti því. Og menn tala eins og þeir séu bundnir á höndum og fótum og viti ekkert hvernig þeir eigi að snúa sér í málunum.

Það er auðvitað nauðsynlegt að benda á það í þessu sambandi, hæstv. forseti, að í raun og veru stríðir þessi afstaða, sem fram kemur hjá hæstv. félmrh., gegn grundvallarákvæðum stjórnarskrár og laga um alþingismenn, sem eiga að greiða atkvæði samkvæmt samvisku sinni einni. Þeir eru ekki bundnir af sínum flokkum, þeir eru einungis bundnir af sinni samvisku. Og það er nokkurt umhugsunarefni að það skuli gerast að mál eftir mál sé tekið hingað inn, eins og búsetumálið fyrir nokkru, eins og þetta mál hér núna og menn húrra með þetta inn í þingið og segja: Ég get ekki annað. Upp við vegg, bundnir á höndum og fótum. Þetta er merkilegt. Þannig að allar þær sögur sem við lærðum forðum upp úr Jónasi frá Hriflu, í Íslandssögunni fyrr á öldinni, þar sem var dáðst að þeim mönnum sem höfðu spornað gegn hinu erlenda valdi, eru bara eins og brandari við hliðina á öllu þessu, eins og brandari. Og það væri kannski betra ef menn létu eiga sig að rifja mikið upp sjálfstæðisbaráttuna vegna þess að menn eru hér bara upp við vegg og eru að afgreiða lest, færibandalest frá Brussel, flæðilínu frá Brussel og geta enga björg sér veitt.

Af þessum ástæðum, hæstv. forseti, tel ég að það sé nauðsynlegt að yfir þessi mál sé farið í samhengi og það hefði verið skynsamlegra að láta á það reyna hvað dómstóllinn hefði sagt í þessu máli. Það er mín skoðun. Og mér er kunnugt um það að innan stjórnarflokkanna eru margir sem telja að upp á fordæmi málsins í heild og stöðu Íslands gagnvart EES þá hefði að mörgu leyti verið alveg eins gott að láta á stöðu málsins reyna, hvort við erum virkilega dæmd til að einkavæða heildverslun með brennivín.

Svo bætist það við, hæstv. forseti, að það kemur fram að allir aðilar í heilbrigðiskerfinu vara við þessu. Ég bað hæstv. iðnrh. að sitja hér, af því að hann gegnir fyrir hæstv. heilbrrh., vegna þess að ég ætla að leggja fyrir hæstv. heilbrrh. nokkrar spurningar. Aðilar í heilbrigðiskerfinu vara við þessu og samkvæmt lögum er það einn aðili sem er ráðgjafi heilbrrh. í þessum málum, samkvæmt lögum. Það er landlæknir. Það stendur í lögunum um landlækni að hann sé ráðunautur heilbrrh. í þessum málum. Heilbrrh. á að hlusta á landlækni númer eitt. Þegar við ræddum þessi mál um daginn, þegar þau voru síðast á dagskrá, þá lá ekki fyrir í umræðunni umsögn landlæknis. Síðan birtist hún síðustu daga, m.a. í fjölmiðlum. Ég heyrði hana í Ríkisútvarpinu á sunnudaginn var. Landlæknir segir svo,

með leyfi forseta, í lok sinnar umsagnar: „Ef samþykkt framangreinds frv. verður til að auka framboð og neyslu áfengis, sem margt bendir til að verði, leggst landlæknisembættið á móti samþykkt þess.“ Ég hygg að þess séu fá dæmi að landlæknir hafi talað jafnafdráttarlaust um andstöðu sína við mál og hann gerir hér, þó svo hann kjósi að gera það í skilyrðissetningu, sem er út af fyrir sig eðlilegt að hann geri miðað við hans embættisstöðu og miðað við það að ríkisstjórnin og þar á meðal hans yfirmaður, hæstv. heilbrrh., stendur að því að flytja málið hingað inn.

Í umsögn sinni fer landlæknir yfir það að aðrar þjóðir hafa á undanförnum árum sett sér það mark að dregið verði úr áfengisnotkun. Það kemur fram í athyglisverðri töflu um samdrátt í áfengisneyslu meðal Evrópuþjóða á árunum 1980–1992 að samdráttur í áfengisneyslu á Spáni er 21%, á Ítalíu 33%, Svíþjóð 4%, samtals í allmörgum löndum um 14%. En svo eru tvö lönd sem skera sig úr. Annað er Ísland með um 20%, hitt er Finnland með svipaða tölu. Í Danmörk er einnig aukningu.

Hér eru menn með öðrum orðum með eitthvað í kerfinu — ég segi eitthvað, ég veit ekki alveg nákvæmlega hvað það er, sem ýtir undir notkun á áfengi og eykur hana stórkostlega frá því sem verið hefur. Hvað er það? Hvað er það í þjóðfélaginu? Hvað er það í umhverfinu? Hvað er það í samfélaginu yfir höfuð sem ýtir undir notkun á áfengi; um fimmtung á þessum tíma? *Mér er það ekki ljóst, hæstv. forseti, og hefði* verið ástæða til þess að byrja þessa umræðu á því að rannsaka það. Auðvitað átti að byrja þessa umræðu á því að rannsaka það. Auðvitað átti að fara í ítarlegar rannsóknir á vegum þeirra aðila sem kunna á þessa hluti og auðvitað átti á grundvelli þeirrar rannsóknar að byggja tillögu um mótun opinberrar stefnu í áfengismálum. Hún hefur út af fyrir sig verið mótuð eða gerð *tilraun til þess, en henni var jafnharðan stungið niður* í skúffu.

Með öðrum orðum, hér hefur landlæknir talað, æðsti maður þessara mála á Íslandi. Það er ekki hlustað á hann. Ég hef orðið var við það í dag að það er ákvörðun stjórnarmeirihlutans að ljúka þessum málum, að gera þau að lögum. Og það er því miður þannig, miðað við úrslit síðustu alþingiskosninga, hvað sem verður í næstu kosningum, að þessir aðilar ráða meiri hlutanum hér á Alþingi. Það er því miður svo. Þannig að auðvitað verður það að hafa sinn gang. Og við hin sem höfum verið amla á móti þessum málum hljótum að áskilja okkur allan rétt á haustþinginu til þess að taka á móti á ný ef þeir keyra þetta í gegn með þeim hætti sem hér hefur verið hugsað.

En erindi mitt í stólinn, til að ljúka ræðu minni, hæstv. forseti, var að spyrja hæstv. starfandi heilbrrh.: Hvað mun heilbrrn. gera til þess að bregðast við þeim alvarlegu aðvörunarorðum sem birtast í umsögn landlæknis, sem er dags. 7. júní 1995?

[15:14]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að það kemur fram í þessari umsögn landlæknis frá 7. júní 1995, að landlæknir varar við samþykkt frv. komi það til með að auka neyslu áfengis, eins og það er orðað í umsögninni. (Gripið fram í.) Það er hárrétt. Þá leggst hann gegn frv. ef það komi til með að auka neysluna. Það er líka rétt hjá hv. þm. að landlæknir er ráðgjafi heilbrrh. í þessum málaflokki.

Heilbrrh., Ingibjörg Pálmadóttir, lýsti því yfir hér fyrr við þessa umræðu að til stæði og nú hefur það verið ákveðið, að setja verulega fjármuni í forvarnir á þessu sviði. Um er talað, eins og hæstv. ráðherra lét hafa hér eftir sér, á bilinu 25–30 millj. kr. Í vinnu hv. heilbr.- og trn., ef ég veit rétt, hefur verið gengið út frá því að gætu verið allt að 40 millj. kr. sem í þetta færu. Það eru meiri fjármunir heldur en ég hef áður vitað til að settir væru í forvarnastarf og ég fagna því. Ég átti samtal við landlækni þegar þetta var hér fyrr til umræðu. Það kom fram í samtali mínu við landlækni að það væri svo að hann hefði þegar þessi umsögn var gerð ekki vitað af þeim fjármunum sem þarna væri gert ráð fyrir og hann fagnaði því að það skyldi vera gert. En með því var hann ekki að draga umsögn sína um frv. til baka. Ég vil ekki að slíkur misskilningur standi upp úr umræðunni.

Við höfum reynslu af því að setja fjármuni í forvarnir. Það var gert þegar menn samþykktu á sínum tíma lög um tóbaksvarnir. Það voru settir verulegir fjármunir í forvarnir, þó það sé ekkert í líkingu við það *sem nú er verið að tala um. Það skilaði gríðarlega góð*um árangri, þannig að það eru fordæmi fyrir því að öflugt forvarnastarf komi í veg fyrir notkun þessara vímuefna. Einnig hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. tjáð þinginu að í haust standi til að leggja fram á Alþingi frv. um áfengis- og vímuefnavarnir. Ég veit einnig að hæstv. ráðherra er með tillögur um að flytja hér aftur á þinginu frv. til laga um tóbaksvarnir. Þannig að það *er ýmislegt á þessu sviði sem hæstv. ráðherra hefur í* hyggju.

[15:16]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðar- og viðskrh. fyrir svörin. Ég tel að þau séu ágæt svo langt sem þau ná. Það hefði verið betra ef heilbrrn. hefði verið búið að taka þessar ákvarðanir og undirbúa þessi frv. um áfengis- og vímuefnavarnir áður en þessi mál voru lögð hér fyrir þingið. Því miður er ekki þannig að málum staðið, eins og kunnugt er, og það höfum við verið að gagnrýna.

Ég vil einnig láta það koma fram í tilefni af orðum orðum hæstv. ráðherra, að ég er sannfærður um að við í okkar þingflokki erum tilbúin til þess að hjálpa til við mótun þeirrar stefnu í áfengis- og vímuefnamálum sem hæstv. ráðherra gerði hér lauslega grein fyrir. Það var undir okkar forustu þegar við fórum með heilbrrn. að stefnumótun var unnin í áfengisvarnamálum almennt. Þar held ég að sé í raun og veru talsverðan lærdóm að hafa. Það sem ég legg aðallega áherslu á í því sambandi er að tillögurnar um stefnumótun í þessum málum verði raunsæjar og taki mið af þeim veruleika sem við búum við í þessum málum. En hitt er þó slæmt og

kannski aðalatriðið, að mér heyrist að þrátt fyrir að heilbrrn. viðurkenni að það vanti þessa stefnu þá er hæstv. ráðherra samt sem áður þeirrar skoðunar — eða hvað? — að það verði að klára málið. Og ég spyr hann: Af hverju?

[15:18]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson)** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir það að hann sé tilbúinn til að aðstoða stjórnarflokkana við þessa stefnumótun. Ég held að það sé mikilvægt að geta átt gott samstarf við allt þingið um það.

Eins og fram hefur komi ætlar hæstv. heilbr.- og trmrh. að leggja slík frv. fram á haustþingi. Ég get alveg tekið undir það að það hefði verið skynsamlegra að hafa þá stefnumótun tilbúna samhliða framlagningu þessa frv. hér á þinginu þegar það var lagt fram. Það hefði vafalaust komið í veg fyrir eða a.m.k. dregið úr þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað.

Það er rétt hjá hv. þm. að það er afstaða ríkisstjórnarflokkanna að ganga frá þessu frv. sem lögum frá Alþingi á þessu vorþingi. Það hafa nú verið tíunduð öll þau rök fyrir því, hv. þm., hvaða ástæður liggja þar að baki. Ég ætla því ekki í þessu stutta andsvari að fara frekar í þá efnislegu umfjöllun, hún hefur verið þónokkur og færð hafa verið rök fyrir þeim ástæðum sem þar liggja að baki. En ég tek undir það með hv. þm. að það hefði verið skynsamlegt að láta þessa stefnumótun í vímuefnavörnum og áfengisvörnunum vera tilbúna strax í upphafi þegar frv. kom hér fram og það er auðvitað það sem ég vonast til að menn láti sér að kenningu verða í þessum efnum.

[15:20]

**Svavar Gestsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég tel að þau séu út af fyrir sig ágæt. Við sem erum í minni hluta eigum ekki kost á að gleðjast yfirleitt yfir miklu hér í þessari stofnun. Meiri hlutinn ræður, hann hefur tekið ákvörðun um að keyra í gegn þessi þrjú brennivínsmál og það liggur þannig. Engu að síður hefur þó málflutningur okkar borið þann ávöxt að hæstv. ráðherrar lýsa því nú yfir að þeir muni taka á forvarnaþætti þessara mála í sumar. Ég get lýst því yfir fyrir hönd okkar þingflokks að við munum fylgja því máli eftir strax og þingið kemur saman í haust.

[15:20]

**Steingrímur J. Sigfússon:**

Herra forseti. Þá er nú enn eitt forgangsmál ríkisstjórnarinnar, einn eitt brennivínsmálið, komið á dagskrá. Það er ekki látið hér laust né fast við að koma þessum málum áfram, slík forgangsmál eru hér á ferðinni. Það er auðvitað mjög merkilegt þetta hlutskipti Framsfl. í hverju tilvikinu á fætur öðru sem hér eru til umræðu, að dæma yfir sig þau örlög að flytja eða standa að frv. sem margir ágætir hv. þm. Framsfl. töluðu gegn af miklum þrótti á síðasta kjörtímabili. Ég held að það verði nú leitun í stjórnmálasögunni að dæmi um það að menn hafi gleypt hlutina jafnhráa ofan í sig eins og framsóknarmenn eru að gera í þessum efnum og jafnmetnaðarlítil framganga einnar nýrrar ríkisstjórnar eða stjórnarflokks er ábyggilega fátíð.

Mér verður stundum í þessu sambandi hugsað til fyrrv. hv. þm. Jóns Helgasonar frá Seglbúðum. Hann hefur nú verið leystur af hólmi af svokölluðum nýframsóknarmönnum, hv. þm., nýliðum í hópi Framsfl. En það hefur lítið farið fyrir þeirra málafylgju í þessu máli, a.m.k. borið saman við forverann. Hann stóð ágætlega vaktina í þessum efnum fyrir sinn flokk á undanförnum kjörtímabilum og m.a. í nokkuð snörpum umræðum um þessi mál hér á síðasta kjörtímabili.

Það er kannski skýrast, herra forseti, í þessu frv., frv. til laga um breytingu á áfengislögunum sjálfum, af þessum þremur brennivínsfrv., sem við köllum svo, sú kerfisbreyting og grundvallarbreyting sem hér er á ferðinni. Maður skyldi því ætla að hér væri í greinargerð einhver ítarlegur rökstuðningur fyrir því að það stæðu rök til að gera þessar breytingar, þar sem um er að ræða þann hluta málsins sem kemur inn í áfengislöggjöfina sjálfa, svo ekki sé nú minnst á að til að mynda fylgdi þessu frv. greinargerð eða skýrsla frá heilbrrn. þar sem farið væri yfir þetta af hálfu þess ráðuneytis, fagráðuneytis, hvaða afstöðu þeir hefðu til þessara breytinga og hvernig þeir vildu standa að þeim. Það vill svo til að ég hef verið með í höndunum undanfarna daga sambærilega pappíra frá Noregi. Og hver er aðalmálsaðilinn að þessu í norska þinginu? Jú, það er auðvitað félags- og heilbrigðismálaráðuneytið þar. Það leggur faglega mat á stöðuna og leggur línur gagnvart því hvernig Norðmenn eigi að reyna að bregðast við þessum breytingum. En er slíku að heilsa hér á Íslandi? Höfum við í höndunum tillögur eða greinargerð eða stefnumótun heilbrrn. í sambandi við þessi mál? Nei, það er ekki stafkrókur til á blaði frá því ráðuneyti um þetta. Og það sem meira er, að hæstv. heilbrrh. hefur forðað sér úr landi og hefur ekki sést hér við umræðuna, leystur af hólmi af hæstv. iðnrh., sem er líka kvikur undir umræðunni. Þetta er mjög ámælisvert, herra forseti, mjög ámælisvert. Það er því langt frá því að það sé þannig staðið að þessari breytingu eða að hún sé þannig borin fram hér að það sé hægt að taka mark á því.

Menn geta verið sammála eða ósammála eftir atvikum um efni þessa máls, það er eitt og deilt um það, en hinu verður ekki á móti mælt að þegar verið er að gera breytingar af þessu tagi þá ber að vanda það hvernig að þeim er staðið. Og mig langar, herra forseti, í því sambandi aðeins að líta niður í rökstuðninginn í greinargerðinni. Það er sagt hér í greinargerð að með frv. þessu verði einkaréttur ríkisins á innflutningi áfengis afnuminn. Síðan kemur, með leyfi forseta:

„Þau sjónarmið sem einkum hafa verið færð fyrir einkarétti ríkisins til innflutnings og heildsölu á áfengi eru að með þessum hætti mætti afla ríkissjóði tryggra tekna í formi vínandagjalds af vörum þessum auk þess sem líklegar þótti að fyrirkomulagið tryggði betur en ella hagstæðari innkaup á vörum þessum til landsins. Einnig hefur verið á það bent að með einkaréttinum væri mun auðveldara að annast eftirlit með innflutningi á áfengi þar sem honum mætti aðeins einn aðili sinna með löglegum hætti.“

Síðan er þetta ekki rökstutt meir en sagt í framhaldinu:

„Telja verður að framangreind sjónarmið eigi ekki lengur við um innflutning og heildsölu þessara vara.“ — Það er í raun og veru aðalrökstuðningurinn. Jú, það er sagt að það megi afla ríkissjóði sambærilegra tekna með vínandagjaldi eða með sem sagt gjaldi á innflutning í tolli. Og það er fullyrt, án þess að það sé rökstutt frekar, að það sé ekkert erfiðara að hafa eftirlit með ólögmætum innflutningi eða sölu þessara vara. Svo kemur mjög merkileg setning og það er kannski aðallykillinn í málinu. Í þriðja lagi er sagt:

„Jafnframt þessu má benda á að óþarft er fyrir ríkið að vera í rekstri sem einkaaðilar eru færir um að leysa af hendi ...“ — Ætli þetta sé nú ekki lykilsetningin? Og búið. Þetta er rökstuðningurinn í málinu. Í raun og veru telur hæstv. ríkisstjórn að það sé nóg að segja: Að telja verði að framangreind sjónarmið eigi ekki við og það sé óþarfi fyrir ríkissjóð að vera yfir höfuð í rekstri sem einkaaðilar séu færir um að leysa af hendi. Nú kinnkar ákaft kolli ónefndur þingmaður og aðdáandi frjálshyggjunnar hér út í salnum. (VE: Þetta er mjög hnitmiðað.) Þarna hitta menn naglann á höfuðið. Ríkið á bara ekki að gera neitt sem einstaklingarnir geta gert. Dreifing vímuefna þar með talin. Og þá er komið að því sem við höfum áður rætt og ef hv. þm. Vilhjálmur Egilsson vildi nú tolla í salnum augnablik. Það eru þessi sjónarmið að kaup og sala á áfengi sé bara eins og meðhöndlun á hverjum öðrum varningi og það eigi ekki að gera neinn greinarmun á því eða verslun með strigaskó, eins og ég hef áður tekið sem dæmi. Þetta er sjónarmiðið í raun og það kemur hér fram í greinargerðinni og það er ekki haft fyrir því að reyna að bera við frekari rökstuðningi í málinu. Auðvitað er þetta með miklum ólíkindum.

Í fyrsta lagi er það náttúrlega þannig að það vantar heilmikið inn í röksemdirnar fyrir því að ríkiseinkasala sé skynsamlegt fyrirkomulag. Það vantar að mínu mati aðalröksemdina, þá sem mestu máli skiptir, en hún er sú að með því að þetta sé á hendi ríkisins er tryggt að einkaaðilar séu ekki að stunda sölustarfsemi á þessu sviði og reyna að auka söluna og auka umsvifin í eigin hagnaðarskyni. Það er auðvitað sá hvati til aukinnar sölu og neyslu sem menn eru að reyna að forðast með því að láta ríkið annast þessi viðskipti sem þau eru lögleidd á annað borð. Þetta hefur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson alls ekki skilið eða vill ekki skilja. Kannski er það einmitt hin hliðin á málinu sem honum er hjartfólgin, hann vill að einhverjir tugir eða hundruð kaupmanna geti grætt á því að selja brennivín í anda þeirrar hugmyndafræði að það eigi ekki að gera greinarmun á áfengi og strigaskóm, þetta sé allt saman eins og hver önnur vara og ríkið eigi aldrei að koma nálægt neinu sem einstaklingar geti leyst af hendi. Og ef þetta eru viðhorfin, ef það er svo forstokkuð og botnlaus frjálshyggja og gróðahyggja sem að baki liggur og viðhorf af þessu tagi, til meðferðar vímuefna í þjóðfélaginu þá er auðvitað slíkt gap á milli okkar hv. þm. í sjónarmiðum að ég hef litla von um að það nálgist mikið.

Mér finnst þetta lélegt, herra forseti, og til skammar hvernig þetta mál er hér fram borið og þá er ég sérstaklega að tala um þetta frv. um breytingu á áfengislöggjöfinni. Þessi rökstuðningur er ekki boðlegur. Ég öfunda ekki heilbrrh., hvaða heilbrrh. sem er, að vera í ríkisstjórn sem stendur svona að málum, að breytingu á jafnviðkvæmri löggjöf og áfengislöggjöfin er og vona að hæstv. ráðherra hafi valið þann kost að vera fjarverandi.

Frammistaða heilbrrn. er auðvitað afar dapurleg því að fram hefur komið að það hefur ekki tekist að fá skriflega greinargerð frá ráðuneytinu. Það hefur ekki tekist. Því var lofað hér í umræðum eða höfð um það stór orð og þegar gengið var eftir því í heilbr.- og trn. eða hvort það var í allshn., sem hafa báðar haft mál af þessu tagi til umfjöllunar, þá fékkst ekkert slíkt erindi frá heilbrrn. Þetta er öll frammistaðan. Jú, jú, svo geta menn komið hér upp og sagt að stjórnin ætli að taka á þessum málum og sinna þessu og þetta verði sett í nefnd. Það er mjög í tísku núna að setja vandamálin í nefnd samanber húsnæðisvandann. Svar ríkisstjórnarinnar gagnvart neyðarástandi í húsnæðismálum er að það verði sett í nefnd. Málin sem átti að leysa öll á einu bretti fyrir kosningar samanber loforð annars stjórnarflokksins ef ekki þeirra beggja.

Það er svo, herra forseti, að mál þessi eru illa undirbúin, þau eru ekki í boðlegum búningi þegar þau eru til umfjöllunar á þinginu en engu að síður er það ákvörðun meiri hlutans að keyra þau í gegn. Það er upplýst að þingið verði látið sitja við nætur og daga þangað til þetta verði komið í gegn. Þvílík forgangsmál eru þetta. Það er ekki verið að ræða um það að lengja þinghaldið hugsanlega um viku eða tíu daga til þess að taka t.d. í gegn frv. til laga um greiðslumiðlun vegna greiðsluerfiðleika fólks í húsnæðismálum. Nei, það þarf ekki að framlengja fundi Alþingis til þess, það má bíða til haustsins þótt nokkur þúsund fjölskyldur í landinu séu með húsnæðislán sín í uppnámi. En fundum verður haldið áfram fram á mitt sumar samkvæmt upplýsingum frá meiri hlutanum ef á þarf að halda til að berja þessi brennivínsmál í gegn. Auðvitað er það þannig að þá megum við stjórnarandstæðingar okkar ekki gegn slíku enda þótt við viljum stöðva þessi mál og séum þeim andvígir.

Það er líka nokkuð merkilegt, herra forseti, að upplifa að sameiginleg og nánast algjörlega einróma afstaða allra helstu fagaðila á þessu sviði, sem hefur eðlilega verið leitað til, nema heilbrrn. sem hefur ekki fengist til að tjá sig í málinu, er að engu höfð. Hún virðist skipta þessa háu herra engu máli, hæstv. fjmrh. og hv. þm. Vilhjálm Egilsson, og aðra slíka. Það kemur ekki við þá frekar en vatn á gæs þó landlæknisembættið, áfengisvarnaráð og öll helstu almannasamtök sem koma nálægt forvörnum eða meðferð ungmenna og vímuefnasjúklinga leggist gegn þessu. Það hefur engin áhrif. Þetta skal keyrt í gegn engu að síður. Það er auðvitað umhugsunarefni þegar svo er komið.

Hvað gefur þessum háu herrum, herra forseti, svo ég leyfi mér nú að segja svo, þá sannfæringu að þeir

hafi rétt fyrir sér í þessu máli en allir aðrir rangt? Allir helstu sérfræðingar í heilbrigðisstéttum og uppeldisstéttum og aðrir slíkir aðilar. Stjórnskipað ráð til ráðgjafar stjórnvöldum hefur rangt fyrir sér. Landlæknir hefur ekkert vit á þessu og SÁÁ, Vímulaus æska, Heimili og skóli, samtökin Stöðvum unglingadrykkju hafa heldur ekkert vit á þessu. Nei, það eru hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem hafa einir hina réttu lögmætu skoðun og í krafti sannfæringar sinnar keyra þeir yfir alla andstöðu bæði innan þings og utan. Þeir gera þetta að þvílíku forgnagsmáli að þinghaldinu verði ekki slitið undir neinum kringumstæðum fyrr en þetta hafi náð fram að ganga. Þvílíkt úrslitamál er þetta að því verður við fátt annað jafnað. Auðvitað er alveg ljóst, herra forseti, að þessi miklu ágreiningsmál sem hér hafa valdið hörðum deilum hafa torveldað samkomulag um þinghaldið, það er alveg ljóst, og ekkert nema eðlilegt um það að segja. En öllum tilraunum til að reyna að ná einhverri sameiginlegri lendingu í þessum málum og fá meiri hlutann til að ganga til samkomulags um meðferð þessara mála hefur verið hafnað. Af þvílíku offorsi á að keyra þetta fram. Þetta er dapurlegt, herra forseti. Þetta er ömurlegt forgangsmál fyrir eina ríkisstjórn hvaða ríkisstjórn sem er þó það hæfi kannski þeirri sem nú situr betur en flestum öðrum.

[15:35]

**Vilhjálmur Egilsson:**

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ég tel ekkert athugavert við að einkaaðilar komi að viðskiptum með áfengi enda er varan lögleg með þeim takmörkunum sem um hana gilda. Ég vek t.d. athygli hv. þm. á því að býsna margir vínveitingastaðir hér í landinu sem starfa nú m.a. á þeim grundvelli að selja áfengi í smásölu og á öllum þessum stöðum háttar þannig til að þeir sem reka þessa staði eða vinna þar hafa töluvert mikinn hagnað af því að selja áfengi og koma því út. Þannig geta sumir staðir hagnast af því að vera með ákveðnar tegundir umfram aðrar, sumir staðir selja dýrt aðrir selja ódýrar. Sumir staðir auglýsa meira að segja að þeir hafi ódýrt áfengi á boðstólum, sérstaklega bjór. Og ég spyr: Ætlar hv. þm. að koma hér og tala fyrir því að þjóðnýta alla þessa staði? Alla vínveitingastaði í landinu, öll veitingahús? Má ekki reka hamborgarastað við þjóðveginn án þess að það sé ríkisrekstur? Ég held að það yrði ansi fábreytt mannlíf á Íslandi ef á nú að fara að bjóða mönnum upp á „Ríkiskaffi Romance" eða slíka staði. Ég er hræddur um að það yrði ansi fábreytt mannlífið þá. Það yrði kannski þannig draumur hv. þm. að á þeim stað yrði bara boðið upp á ríkisbjór og svona tvö til þrjú ríkisvín sem menn mættu af allri náð og miskunn bjóða upp á. Ég tel ekkert athugavert við það, ég tel það algjörlega sjálfsagt að einkaaðilar geti stundað þessi viðskipti með þeim takmörkunum sem um þau gilda. (**SvG:** Er það þessi framtíðarsýn sem þú ert að boða?)

[15:37]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er kannski skiljanlegt að hv. þm. sé heitt í hamsi ef hann ímyndar sér að það sé tekist á um þvílíka grundvallarþjóðskipulagsþætti og hann var að reyna að stilla upp hér. Auðvitað var þetta bara rakalaus þvættingur og útúrsnúningur rökþrota manns, hæstv. forseti, sem við heyrðum hér áðan. Það hefur ekkert af þessu tagi falist í mínu máli.

Ég er hins vegar stuðningsmaður þess að við framfylgjum aðhaldssamri stefnu í þessum efnum. Það verður einhvers staðar að draga mörkin, hv. þm., ef menn ætla bara ekki að hafa þetta út um allt. Er hv. þm. þeirrar skoðunar að brennivín eigi að vera í öllum búðum, að það eigi að selja það hverjum sem er? Það eigi ekki að hafa aldursmörk? Það eigi ekki að hafa opnunartíma eða nokkurn skapaðan hlut? Hvar vill hv. þm. draga mörkin? Er það ekki þannig að við verðum einhvers staðar að setja okkur reglur í þessum efnum? Spurningin snýst um hvar þær liggja. Ég er ekki sammála því að það sé framfaraskref í þessum efnum að það verði margir milliliðir og tugir ef ekki hundruð aðila sem fari að eiga persónulega hagnaðarvon í því að höndla með þessa vöru umfram það sem er í gegnum þjónustu manna á endanlegum sölustað á veitingahúsum. Það má deila um það út af fyrir sig hvort það sé framfaraskref að þeir skipti orðið hundruðum í svo litlu landi, það er annað mál.

En það sem hér er á ferðinni er að þetta sé ekki bara þannig að það séu einhverjir afhendingarstaðir vörunnar, búðir eða veitingahús, heldur verði lögleitt að tugir eða hundruð aðila geti farið að hagnast á því að flytja hana inn og jafnframt geti komið til sögunnar milliliðir sem kaupi þetta af innflytjendum og byggi upp atvinnustarfsemi á því einu að dreifa henni um landið eða koma henni í sölu. Það er greinilega draumaríki hv. þm. að það séu nógu margir, bara nógu margir sem komist í þetta og hafi af þessu hagnað. Ég held að það sé ekki keppikefli og geti ekki verið. Ég held að það samrýmist illa því sem ég hefði viljað kalla aðhaldssama stefnu og ég vil framfylgja í þessum málum.

[15:39]

**Vilhjálmur Egilsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa því algerlega á bug að ég hafi verið hér verið að afflytja málflutning hv. þm. Hann sagði það í ræðu sinni hér áðan að hann teldi það ekki æskilegt að einkaaðilar högnuðust af því að selja áfengi. Nú er það svo að í öllum vínveitingastöðum landsins er fjöldi einstaklinga sem hagnast af því að selja áfengi og leggur ótæpilega á. Þess vegna kemur ekkert á óvart að spyrja hv. þm. að því hvort hann vilji þjóðnýta alla þá veitingastaði, sem eru nú orðnir 350, og vill hv. þm. kannski taka upp á því að takmarka þá eða setja einhverjar sérstakar reglur um takmörkun á þeim?

Ég held að heildsala á áfengi sé kannski sá þáttur sem sé hvað best til þess fallin að koma yfir á einkaaðila vegna þess að þar er ekki verið að ota vörunni beinlínis að hinum endanlega neytenda. Ég vek athygli hv. þm. á því að það er fjöldi heildsala og umboðsaðila á áfengi í dag og framleiðenda sem eru á fleygiferð að selja þessa vöru. Eða hefur hv. þm. Steingrím-

ur J. Sigfússon kannski bara ekkert tekið eftir því? Veit hann kannski ekkert um hvernig þau viðskipti ganga fyrir sig í dag? Ég tel að það megi alveg skoða það í framhaldi af samþykkt frv. að rýmka um smásöluþáttinn að einhverju leyti. Ég tel t.d. að fjöldinn allur af sveitarfélögum sé búinn að sækja um leyfi til að opna áfengisverslun eða fá áfengisverslun opnaða. Ég sé ekki af hverju á að neita þeim sveitarfélögum um slíka þjónustu. Ég sé það ekki. Ég sé ekki að það sé neitt réttlæti í því fyrir íbúa einhverra ákveðinna sveitarfélaga að alast upp við það sem ég ólst upp við og hv. þm. væntanlega líka að þurfa að panta allt áfengi í gegnum pósthús.

[15:42]

**Steingrímur J. Sigfússon** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek að það er alger útúrsnúningur, hreinn útúrsnúningur á mínu máli, að fara að tala um einhverja allsherjarþjóðnýtingu á allri veitingasölu í landinu eins og hv. þm. gerði. Ég hef aldrei minnst á slíkt. Þetta eru hugarórar, skáldskapur og útúrsnúningur og þvættingur og ég vísa því til föðurhúsanna.

Hitt er allt annað mál að þó menn ræði og jafnvel greini á um það hvort við séum að taka skref í hina áttina og hvort þau séu skynsamleg. Hve hratt við eigum að taka þau eða hvernig. Það er bara allt annar hlutur. Enginn er að tala um að snúa klukkunni til baka í þessum efnum. Það fólst ekkert slíkt í mínu máli. Með því er ég ekki endilega að segja að ég telji allt heppilegt sem gerst hefur í þessum málum á undanförnum árum. Það er reyndar þannig, hv. þm. að takmörk eru á um áfengisveitingar í landinu. Það er leyfisbundin starfsemi og menn þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði. Ég leyfi mér að segja við hv. þm. án þess að það sé nú til nokkur einhlítur mælikvarði á það að ég held að ég þekki þetta alveg jafn vel og hv. þm. út af fyrir sig. Það getur vel verið að hv. þm. hafi meiri innsýn í viðskiptahliðina og gróðavonina í þessum rekstri en sá sem hér stendur gerir en ég þykist í gegnum tíðina hafa aflað mér sæmilegrar þekkingar á grundvallarlöggjöfinni á þessu sviði og hvernig það gengur fyrir sig.

Ég þakka hv. þm. í sjálfu sér fyrir hreinskilnina. Það má þó hv. þm. eiga að hann segir oftast hug sinn. Það kom auðvitað fram að hv. þm. vill gjarnan að það verði síðan haldið áfram, rýmkað um smásöluþáttinn og hvar ætla menn þá að enda? Það er það sem ég spyr gjarnan að. Áður en menn leggja upp í leiðangur er gott að átta sig á því hvar menn ætla að enda. Ætla menn að enda með áfengið í öllum almennum búðum og ætla menn að enda með því að hver sem er geti rekið smásölu á áfengi? Þetta eru bara spurningar sem eðlilegt er að spurt sé.

Herra forseti. Við lok þessarar umræðu, það kemur nú annað mál á dagskrá næst um gjald á áfengi, verður það auðvitað að hafa sinn gang ef meiri hlutinn er ákveðinn í því og þar er ekki lengur neina menn að finna sem vilja staldra við þá hefur það auðvitað sinn gang. Maður hefði bundið vonir við það að ýmsir ónefndir menn í stjórnarliðinu mundu a.m.k. hugsa sinn gang áður en þeir léðu þessum málum brautargengi. Ef svo er ekki verður ekki við okkur í minni hlutanum að sakast. Við höfum reynt að gera það sem í okkar valdi stendur til að afstýra því að hér séu menn að fara út í ógöngur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

## *Gjald af áfengi, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4, nál. 49, 51 og 64, brtt. 67 og 122.

[15:45]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson)**:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 67, sem er flutt af meiri hluta efh.- og viðskn. Hún er í tveimur liðum. Í fyrri liðnum er lögð til smáhækkun á áfengisgjaldi sem er hækkun úr 58,10 upp í 58,70 kr. á hvern sentilítra af vínanda umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra áfengis.

Í annan stað er lagt til að við frv. bætist ný grein sem orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Af innheimtu gjaldi skv. 3. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð. Tilgangur sjóðsins skal vera að stuðla að áfengisvörnum. Styrki skal veita úr sjóðnum til forvarnastarfa á verkefnagrundvelli. Heilbrigðisráðherra skipar fjögurra manna sjóðstjórn. Fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og dómsmálaráðherra tilnefna einn stjórnarmann hver en þann fjórða skipar heilbrigðisráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar. Heilbrigðisráðherra setur nánari reglur um sjóðinn með reglugerð."

Meiningin er sem sagt sú að taka aðeins meira gjald af áfengi og fá þá meira fé til forvarna gegn áfengisdrykkju. Það má segja sem svo að á meðan ég tel að það sé eðlilegt og æskilegt að sem eðlilegastir viðskiptahættir ríki á þessu sviði er að sjálfsögðu ástæða til þess að hvetja fólk til þess að umgangast þennan varning af varúð og hófsemi og því er ekkert óeðlilegt að verið sé að veita aukið fé til forvarna. Ég legg líka áherslu á að fé úr sjóðum skal veita á verkefnagrundvelli þannig að það er verið að veita fé úr sjóðnum til ákveðinna tiltekinna verkefna í áfengisvörnum sem sótt er um og geta þau verið breytileg frá tíma til tíma. Það geta líka verið ýmsir aðilar sem fá úthlutun úr þeim sjóði í hvert skipti sem úthlutað er úr honum.

[15:48]

**Ögmundur Jónasson**:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns óska eftir því við hæstv. forseta að hann geri ráðstafanir til að hæstv. fjmrh. og hæstv. starfandi heilbrrh. verði í þingsalnum áður en ég hef ræðu mína.

(**Forseti** (ÓE): Þær ráðstafanir hafa þegar verið gerðar. Þeir koma vonandi eftir augnablik. Þeir eru báðir í húsinu.)

Mig langar til að byrja á því að víkja að því sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði að umræðuefni hér

áðan. Honum varð nokkuð tíðrætt um forvarnir og reyndar hafa ýmsir haft forvarnir á orði í málflutningi sínum um þetta mál, ekki síst hv. þm. Ágúst Einarsson, sem kvaðst myndu sitja hjá við atkvæðagreiðslu þessara frv. Áður hafði hann sent frá sér minnihlutaálit frá efh.- og viðskn. þar sem hann fann þessum frv. og þessum lagabreygingum margt til foráttu, taldi þessar lagabreytingar af hinu illa. Síðan höfðu komið fram tillögur um að efla forvarnir og þess vegna myndi hann sitja hjá eða ekki leggjast gegn þessari lagabreytingu. Þetta minnir mig ofurlítið á mann sem leggur blessun sína yfir að kveikt sé í húsinu, leggur blessun sína yfir brennuvarginn vegna þess að það sé búið að kaupa svo fín slökkvitæki í húsið. Mér finnst þetta mjög undarlegur málflutningur. (**Gripið fram í:** Hver talar svona?) Ég var að vitna í það sem hv. þm. Villhjálmur Egilsson hefði sagt um forvarnir og hv. þm. Ágúst Einarsson og reyndar hv. starfandi heilbrrh. einnig, Finnur Ingólfsson, sem gerði mikið úr forvörnum en hafði fyrir nokkrum vikum lagst mjög eindregið gegn þeim lagabreytingum sem eru til umræðu en að því mun ég víkja lítillega síðar.

Menn hafa talað nokkuð mikið í þessum máli og einstaka maður hefur spurt hvort það gæti verið að menn væru komnir út í málþóf. Svarið við þeirri spurningu er afdráttarlaust neitandi. Hins vegar þykir mér þetta gefa tilefni til ákveðinna vangaveltna um störf þingsins og ábyrgð stjórnmálamanna. Hér fara fram umræður um mjög veigamiklar breytingar sem taka til grundvallarþátta í þjóðlífi okkar. Taka til heilbrigðismála, taka til þeirrar áfengisstefnu sem við rekum í landinu, taka til fjármuna ríkisins, við erum að tala um starfsemi þar sem 12–14 milljörðum kr. er velt á ári hverju. Við umræður um þessar lagabreytingar eða tillögur að lagabreytingum eru menn að reyna að fá fram röksemdir og vitræna umræðu. Mér finnst áhyggjuefni að fylgjast með því hvernig stjórnmálamenn umpólast á hv. Alþingi og ekki bara í umræðu um þetta mál heldur einnig um önnur mál. Það á við um þá sem ganga út úr ríkisstjórn og það á einnig við um hina sem ganga inn í ríkisstjórn. Það er engu líkara en menn skipti um skoðanir um föt og um föt og skoðanir. Mér finnst þessi háttur vera til þess að grafa undan lýðræðinu. Að veikja trú manna á stjórnmálamenn og lýðræðisleg vinnubrögð.

Fyrr í dag voru menn að vitna í fyrri loforð í húsnæðismálum, loforð andstæðinga sinna í stjórnmálum og hæstv. viðskrh., Finnur Ingólfsson, fór enn lengra aftur í tímann og var búinn að grafa upp gamlar loforðamöppur og velti vöngum yfir efndunum. Mér finnst þetta allt saman skipta máli. Mér finnst þetta allt saman vissulega skipta máli þó að maður skoði svolítið þetta samhengi hlutanna. Mér finnst það líka skipta máli, hæstv. viðskrh., þegar formaður þingflokks Framsfl., þáv. hv. þm. Finnur Ingólfsson, kom á fund starfsmanna ÁTVR í húsakynnum BSRB nokkrum vikum fyrir kosningar og ræddi þær breytingar sem nú eru til umræðu. Ég hef í höndum ályktun frá starfsmannafélagi ÁTVR sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í tilefni þess að í umræðum á Alþingi þann 10. júní vísaði Finnur Ingólfsson í fund sem hann átti með stjórn Starfsmannafélags ÁTVR og formanni BSRB. Þessi fundur var haldinn í húsakynnum BSRB í lok janúar 1995. Eftir fundinn var það ótvíræður skilningur allra þeirra sem á fundinum voru að Finnur Ingólfsson væri andvígur hvers konar einkavæðingu á ÁTVR. Á honum mátti einnig skilja að það væri skoðun þingflokksins að ekki þyrfti að breyta rekstri ÁTVR. Starfsfólk ÁTVR skorar á hæstv. viðskrh., Finn Ingólfsson, að standa við þau orð sem hann lét falla á ofangreindum fundi fyrir kosningar og að hann hafni þeim breytingum sem nú eru boðaðar á rekstri ÁTVR."

Það er alveg rétt, hæstv. ráðherra, að við eigum ekki að gera lítið úr því að menn standi við gefin fyrirheit. En eins og ég sagði áðan þá höfum við reynt að stuðla að því að hér fari fram vitræn umræða byggð á upplýsingum og rökum. Þetta hefur gengið mjög erfiðlega eins og þeir vita sem hafa fylgst með umræðunni. Það hefur verið erfitt að fá þá sem standa fyrir þessu máli að færa rök fyrir máli sínu og sérstaklega hefur þetta gengið erfiðlega gagnvart hæstv. fjmrh. Látum vera þótt hann eigi í erfiðleikum með að finna pólitískum áhugamálum sínum stoð í veruleika skynsemi og rökvísi. En grundvallarforsenda er að hann fari með rétt mál. Til að firra sig pólitískri ábyrgð og komast undan rökræðu hefur hæstv. fjmrh. iðulega skírskotað í umræðum um þetta mál til þess að embættismenn hafi samið þessi frv. Þeim sé í raun um að kenna hvernig komið er. Þeirra sé ábyrgðin. Hann hefur ekki sagt það þessum orðum en hann hefur ítrekað talið upp þá embættismenn sem hafa staðið að þessari frumvarpssmíð. Þannig hefur ráðherra tvívegis nefnt að forstjóri ÁTVR hafi tekið þátt í nefndum sem gerðu tillögur um starfshætti ÁTVR í framtíðinni og þar með má skilja á honum að hann beri ábyrgð á þeim frv. sem nú eru fram komin. Hæstv. ráðherra veit vel að forstjóri ÁTVR er bundinn trúnaði og má ekki gefa upp með hvaða hætti þátttaka hans var í þessu nefndarstarfi. Niðurstaða umræddra nefnda hafa aldrei verið birtar og að því er mér skilst eru þær algert trúnaðarmál. Ég leyfi mér að óska eftir því að þær niðurstöður, sem þessar nefndir komust að, verði birtar opinberlega því þá kemur í ljós hvort rétt sé hjá ráðherra þegar hann segir að forstjóri ÁTVR beri ábyrgð á samningu frumvarpanna. Að mínu mati er það siðleysi hjá hæstv. ráðherra að ráðast með svona hætti að embættismanni, sérstaklega þegar ráðherra veit að viðkomandi embættismaður er bundinn trúnaði og má ekki gefa upp hver hlutur hans var raunverulega í málinu. Ég leyfi mér að óska eftir því að þessi gögn verði gerð opinber. Hér fyrr í dag var talað um skýrslur sem Ríkisendurskoðun gerði, það var talað um grár skýrslur, skýrslur sem væru ekki opnar fyrir þingmönnum. Ég skil vel að það kunni að vera til ýmis opinber gögn sem eru trúnaðarmál sem snerta viðkvæma persónulega hluti, það kunna vel að vera til slík gögn. Hins vegar er óeðlilegt annað en að nefndarálit eða störf og niðurstaða úr nefndarstarfi séu gerð opinber með þeim hætti sem hér hefur verið gert á þingi.

Síðan vil ég einnig leyfa mér að finna að því að

hæstv. ráðherra talaði um það sem einhvern slæman hlut að starfsmannafélag ÁTVR hefði leyft sér að hafa meiningar á þessum málum, skoðanir á þessum málum. Verið að brigsla ráðherra um að hann væri að skipa aðilum í nefndir sem væru málstaðnum andvígar. Eða öllu heldur sem fjölluðu ekki um málið á eðlilegan og óhlutdrægan hátt. Ég færði rök fyrir því í mínu máli um daginn að gagnrýni af þessu tagi frá Starfsmannafélagi ÁTVR ætti við rök að styðjast, hún væri rétt og ekkert óeðlilegt væri við það að samtök launafólks hafi skoðanir á málum sem þessum sem snerta bæði vinnustað þeirra, að ekki sé talað um mál sem snerta þjóðfélagið allt eins og þetta gerir ótvírætt.

En það var annað sem hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson gerði um daginn. Hann fór með rangar upplýsingar í rökræðu um efnisinnihald þessa frv. eða þeirra lagabreytinga sem við erum með til umfjöllunar. Ég verð að segja að mér þykir það mjög alvarlegt þegar við erum að ræða um tæknileg málefni, við erum að ræða um eftirlit sem komið verður á, við erum að ræða um hvernig farið verður með opinbera fjármuni og við erum að reiða fram staðreyndir og upplýsingar í þeirri rökræðu að hæstv. fjmrh. sem stendur fyrir þessum lagabreytingum skuli gera sig sekan um að fara með rangfærslur. Hæstv. fjmrh. sagði í ræðustól að áfengi sem færi til veitingahúsa úr sérpöntunarþjónustu ÁTVR væri ekki merkt ÁTVR. Nú setur hæstv. fjmrh. upp mikinn spurningarsvip og þess vegna held ég að það sé ástæða til þess núna undir lok þinghaldsins að upplýsta hæstv. ráðherra um þá hluti sem hann þekkir greinilega ekki. „Sérpöntunarþjónusta ÁTVR?" spyr hann með stórt spurningarmerki í augunum. Hvað skyldi það vera?

Það kom fram í málflutningi hans um daginn að hann teldi eftir þeim upplýsingum sem hann byggði á að talsvert væri um að áfengi sem færi til veitingahúsa væri ekki merkt. (**Fjmrh.:** Ekki merkt ÁTVR.) Ekki merkt ÁTVR, akkúrat. (**Fjmrh.:** Það er merkt VH.) Það er merkt ÁTVR, hæstv. ráðherra, og merkt líka að það fari til veitingahúsa og það sem meira er að víneftirlitsmennirnir sögðu okkur við þessa umræðu, og það er fróðlegt að þetta skuli fara fram núna loksins þegar menn farnir að rökræða hlutina, þeir sögðu við okkur að einfaldasta og besta leiðin til að tryggja bætt eftirlit með áfengisdreifingunni í landinu væri að bæta merkingarnar lítillega. Hægt væri að merkja áfengið hverju veitingahúsi og það væri hægt að setja dagsetningar þarna inn á. Með þessu móti væri auðvelt að bæta eftirlitið með áfengisdreifingunni.

Málum er þannig háttað, hæstv. fjmrh., ég skal upplýsa hæstv. ráðherra um þetta, að í dag flytur ÁTVR allt sitt áfengi inn beint og milliliðalaust frá erlendum seljendum en allt áfengi sem selt er í veitingahús er merkt sérstaklega með miðum sem límdir eru á hverja flösku. Einnig er möguleiki að brennimerkja flöskurnar í hverju veitingahúsi eins og ég gat um hér áðan og með því móti má sjá hvenær vínið var keypt. Í dag eru nokkrir möguleikar í boði fyrir veitingahús að kaupa inn áfengi fyrir gesti sína og þá er það af vörulista ÁTVR. Það er í gegnum sérpöntunarþjónustu ÁTVR sem hæstv. ráðherra vitnaði til og þekkti ekki hvernig vinnur og síðan eru það frísvæðispantanir en það er fyrirkomulag sem hefur verið notað í ríkari mæli í seinni tíð og hefur salan þar færst í vöxt og svipar um margt sérpöntunarþjónustunni en á það sammerkt henni ásamt allri annarri dreifingu að í öllum tilvikum er um merkingar að ræða.

Ég gæti rakið tæknilega í smáatriðum hvernig þetta er gert og hvernig þessu er fyrir komið en ég ætla ekki að gera það vegna þess að ég hygg reyndar að það hafi einhvern tíma verið vikið að því áður í þessum umræðum fyrir þá sem hafa viljað kynna sér það eða hlusta á þessar umræður. En hér á ögurstundu þegar á að fara að ganga til atkvæða um þetta rekur hæstv. fjmrh. upp stór augu þegar bent er á einföldustu staðreyndir í málinu. Það er verið að leiðrétta hæstv. ráðherra sem stendur fyrir þessum lagabreytingum þar sem verið er að gera umtalsverða breytingu á heilbrigðisstefnunni, áfengisstefnunni, meðferð með skattpeninga vegna þess að brennivínssalan er ekki bara sala á hverri annarri drykkjarvöru heldur er þetta einnig tæki til að innheimta fjármuni fyrir ríkissjóð. Það er svolítið nöturlegt fyrir ráðherra, sem hafa talað um það á hátíðarstundum í ræðum, að mesta áhyggjuefni sitt séu skattsvik í landinu, það séu 11 milljarðar sem skili sér ekki í ríkissjóð, í samneysluna vegna þess að svikið sé undan skatti, að sömu aðilar skuli nú keyra í gegn lagabreytingar sem sannanlega munu gera allt eftirlit með fjármunum ríkisins torveldara. Á því leikur enginn vafi. En ég leyfi mér að auglýsa eftir því að þeir sem eru annarrar skoðunar færi rök fyrir máli sínu því að ég ber fulla virðingu fyrir þeim mönnum sem telja þessar breytingar vera til góða og geta fært rök fyrir máli sínu. En það alvarlega er þegar menn ákveða að gera grundvallarbreytingar, stilla síðan báðum augum sínum í eitt í miðju enninu, horfa bara beint fram á við, eru gersamlega rökheldir og hafa síðan ekki upplýsingar á hreinu. Mér finnst það vera mjög alvarlegur hlutur. En ég hef beint spurningum til hæstv. starfandi heilbrrh. Ég hef beint spurningum til hæstv. fjmrh. sem ég hef trú á að sé í símsambandi við aðila úti í bæ sem eru að reyna að uppfræða hann á síðustu mínútum þingsins um hvernig þetta sé raunverulega. Við erum að tala um umsetningu upp á 12–14 milljarða kr. og menn eru að reyna að fá upplýsingar á síðustu stundu til þess að geta svarað fyrir sig. Hæstv. forseti, mér finnst átakanlegt að horfa upp á þessi vinnubrögð, upp á þessa handabakavinnu.

Við fluttum tillögu um að þessum málum yrði vísað aftur til ríkisstjórnar, ekki endilega vegna þess að við tryðum því að menn kæmust þar að annarri niðurstöðu, heldur til þess að menn ynnu heimavinnuna sína, að menn undirbyggju betur það sem þeir eru að keyra í gegn, að þeir vissu hvað þeir væru að tala um.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni en ég hlakka mikið til að heyra rökstuðninginn, að heyra útskýringarnar. Ég spurði um daginn um merkingarnar og þá benti hæstv. fjmrh. á að ekki væri allt áfengi merkt sem kæmi inn í landið. Þannig væri það t.d. í Fríhöfninni þar sem áfengi færi í gegn. Mér brá nokk-

uð við þetta. Þarna voru einhverjar upplýsingar sem ég greinilega ekki hafði. Síðan fór ég að hugsa málið svolítið betur. Hann var að tala um túrista. Hæstv. ráðherra var að tala um ferðamenn sem kæmu inn í landið. En það sem við hin vorum að gera, við hin vorum að ræða um heildsöludreifingu á áfengi á Íslandi. Þá er það allt í einu orðin röksemd að túristar kæmu hérna inn í landið með ómerkt áfengi. Það eru engar fréttir fyrir okkur hina. En þetta var orðið innlegg í rökrétta umræðu um lagafrumvörp sem snerta ýmsa grundvallarþætti hjá okkur og ég hef áður rakið.

**Útbýting þingskjala:**

Gjald af áfengi, 4. mál, brtt. fjmrh., þskj. 122.

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, 42. mál, nál. sjútvn., þskj. 120.

Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 3. mál, brtt. fjmrh., þskj. 121.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 121 og 122. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

[16:12]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):**

Hæstv. forseti. Mig langar til að mæla fyrir brtt. sem er að finna á þskj. 122 og leyfi mér jafnframt að mæla fyrir brtt. sem tilheyrir 3. máli þingsins og er að finna á þskj. 121. Að því loknu mun ég fara örfáum orðum um nokkur atriði sem hafa komið fram við 2. umr. málsins.

Á þskj. 121 er að finna brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Í fyrri lið brtt. er gert ráð fyrir að orðinu „birgjum" sé breytt í áfengisbirgjum. Það er óþarfi að fjölyrða um þessa brtt. Hún er tilkomin vegna gagnrýni sem heyrst hefur á hinu háa Alþingi um að orðalag þeirrar tillögu sem samþykkt var við 2. umr. málsins sé ónákvæmt. Á það hefur verið bent að ekki er ætlunin að breyta starfsháttum ÁTVR vegna tóbaks, a.m.k. ekki að sinni, og þess vegna sé eðlilegt að orða lögin með þeim hætti að eingöngu sé verið að fjalla um áfengi og þegar rætt er um áfengi er að sjálfsögðu átt við bjór eins og annað áfengi.

Á þskj. 122 er brtt. við 2. gr. þar sem bætt er við 2. mgr. greinarinnar nýjum málslið svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Heimilt er með reglugerð að takmarka innflutning samkvæmt þessari málsgrein við ákveðnar vörutegundir, hámarksmagn eða hámarksverðmæti og að setja skilyrði fyrir því hverjir mega flytja inn samkvæmt henni."

Í 2. mgr. lagafrv. um gjald af áfengi er fjallað um þá sem gjaldskyldir eru og flytja inn til landsins áfengi til eigin nota, svo og er fjallað um þá sem fá sent áfengi erlendis frá án þess að það sé til sölu eða vinnslu, þ.e. áfengi til einkanota. Það þykir eðlilegt og mér finnst þess vegna rétt að flytja þá brtt. að hægt sé að setja reglur með reglugerð sem samsvarar reglum í tollalögum en í tollalögunum, 20. tölul. í 6. gr., eru reglur sem fjalla um innflutning farmanna og ferðamanna á áfengi og þykir eðlilegast að samræmis sé gætt í þessum lögum.

Þá vil ég jafnframt benda á að í brtt., bæði þeim sem er að finna á þskj. 121 og einnig á þskj. 122 er gert ráð fyrir breytingum á gildistökuákvæðum þannig að lögin um gjald af áfengi taki gildi 1. sept. 1995 í stað 1. júlí 1995 og að gildistaka laganna, ef frv. verður samþykkt, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf með síðari breytingum verði 1. des. 1995 en ekki 1. ágúst eins og gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi tillögu.

Varðandi nokkur atriði sem komið hafa fram í umræðunum vil ég nefna tvö: Í fyrsta lagi ræddi hv. 17. þm. Reykv. um að ég hefði reynt að vísa ábyrgð á tillögugerð á tiltekna embættismenn. Þar átti hann við að ég hefði sagt frá því að þeir sem hefðu samið fyrirliggjandi frumvörp væru Snorri Olsen, Ari Edwald og Höskuldur Jónsson. Ég vil taka afar skýrt fram sem ég hélt satt að segja að ég hefi reyndar gert í ræðu minni að þótt þeir hafi samið frv. er ábyrgðin að sjálfsögðu ráðherrans og ég vona að það hafi hvergi verið sagt af minni hálfu það orð sem gæfi annað til kynna en ábyrgð á frumvarpstextanum væri hjá fjmrh. og auðvitað ríkisstjórninni því að hér er um að ræða stjfrv. Hafi það ekki verið sagt með nægilega skýrt vil ég hér og nú taka það skýrt fram að textinn er að sjálfsögðu á mína ábyrgð.

Ég vil einnig láta það koma fram hafi það valdið einhverjum misskilningi að í nefnd eða starfshópi sem skilaði skýrslu eða greinargerð að mig minnir haustið 1991 kom fram að Höskuldur Jónsson, forstjóri ÁTVR, hafði aðra hugmynd um hugsanlegar breytingar á starfsemi ÁTVR en a.m.k. sumir ef ekki allir hinir aðilarnir í hópnum. Um þetta skal ég ekki fullyrða að svo stöddu en mér er þó minnisstætt að Höskuldur hafði þar sérsjónarmið. Þá er ég að fjalla um greinargerð, virðulegi forseti, sem send var og unnin á vegum fjmrn. sumarið 1991. Þetta vildi ég að kæmi einnig fram. Ég man ekki til þess að þessi greinargerð hafi verið gerð opinber og það stendur heldur ekki til og hefur satt að segja litla þýðingu því að sumt af því sem þar var minnst á hefur þegar orðið að lögum og hefur breyst og að öðru er unnið. Ég nefni það einnig til sögunnar að annar hópur fjallaði þá um Lyfjaverslun ríkisins sem nú er Lyfjaverslun Íslands hf.

Þá vil ég koma að síðara efnisatriðinu þar sem hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, sagði að ég hefði gefið rangar upplýsingar og farið með rangfærslur þegar ég hefði rætt um merkingar á svokölluðum sérpöntunum. Það getur vel verið að það hafi ekki gætt fullrar nákvæmni en ég ætla að reyna að lýsa því núna við hvað var átt en tók þátt í þessari umræðu í andsvari við hv. þm. og ég heyri að hv. þm. telur sig hafa skilið mig með öðrum hætti en ég vildi a.m.k. Af því að ég hef heldur betur tíma skal ég fara yfir þetta þannig að það sé nokkuð skýrt við hvað er átt.

Þannig er að allur innflutningur á vegum ÁTVR, sem er til endursölu og er fluttur inn að frumkvæði fyrirtækisins, er merktur á það sem við köllum „eti-

kettur" eða aðalmiða á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Með öðrum orðum að heitið Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er prentað á framleiðslumiða fyrirtækjanna. Þetta hafa a.m.k. sumir þingmenn séð, þ.e. þeir sem nokkurn tíma hafa lesið á slíkar flöskur.

Það sem hefur hins vegar breyst á undanförnum árum í starfsháttum ÁTVR og sumir töldu að nægilega mikið væri aðgert í þeim efnum til þess að það gæti nægt eftirlitsstofnun EFTA var að opna fyrir svokallað sérpöntunarkerfi þar sem einstaklingar og smásalar eins og vínveitingaleyfishafar geta pantað þau vín sem þeir vilja hafa á boðstólum, annaðhvort til einkanota, þ.e. heima hjá sér eða þá til sölu á vínveitingahúsum. Í þeim tilvikum er ógerningur að merkja á miða flasknanna Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Það var þetta sem ég var að reyna að segja en ég hef aldrei mótmælt því að það væri ekki álímdir miðar á þessar flöskur vegna þess að á allar flöskur sem fara til vínveitingahúsa eru límdir miðar sem á stendur VH, litlir rauðleitir miðar, álímdir hér á landi og það er sama hvort það eru flöskur sem eru seldar beint frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins af því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stendur að innflutningnum til *vínveitingahúsanna eða hvort það er tekið í gegnum* sérpöntunarkerfið. Að auki er límt á þessar flöskur lítill miði sem stendur á Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, a.m.k. í mörgum tilvikum. Það er álímdur miði, miði sem hægt er að taka af hvenær sem menn vilja og er ekki prentaður á sjálfa etikettuna eins og margoft hefur verið minnst á. Þetta segi ég vegna þess að það er að sjálfsögðu hægt hver sem flytur inn einhverja vöru hér á landi ef menn telja það eðlilegt að líma miða á flöskur. En það sem málið hefur snúist um í umræðum um þetta mál er það hvort eðlilegt sé að prenta á framleiðslumiða einstakra framleiðenda ÁTVR þegar ljóst er að ÁTVR hefur ekki lengur einkaleyfi á innflutningnum. Um þetta hefur deilan snúst fyrst og fremst.

Það getur vel verið að menn vilji líka deila um það um hvað deilan hefur snúist og ef menn kjósa það þá gera þeir það auðvitað. Það getur enginn haft einkaleyfi á því, ekki einu sinni ÁTVR eða hv. þm. Ögmundur Jónasson, að vita um hvað deilan snýst. (**ÖJ:** Nei, en málið er að hafa staðreyndir réttar.) Hafi hv. þm. skilið mig öðruvísi þykir mér það leitt en ég er hér að gera grein fyrir því sem ég tel vera nákvæmlega það hvernig staðið er að þessu og það sem skiptir máli í þessu sambandi er að það er ekki prentað á það sem kallað er etikettur eða framleiðslumiðar viðkomandi aðila. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er ekki prentað á þessa miða á þær flöskur sem fara í gegnum sérpöntunarkerfið. (**ÖJ:** Jú.) Nei, — jæja, virðulegi forseti, ég held að jafnvel í þessu langa máli mínu hafi mér ekki tekist að sannfæra hv. þm. og ég svo sem geri ekki heldur og vona að enginn annar geri þær kröfur til mín að mér takist það. En ég vona að flestir aðrir sem hafa hlýtt á mitt mál skilji a.m.k. það sem ég er að reyna að koma til skila.

Virðulegi forseti. Það er eftir sem áður hægt að setja kröfur um álímdar merkingar, jafnvel brennimerkingar sem tíðkast í ákveðnum mæli nú þegar ef menn vilja. Það þurfa menn auðvitað aðeins að skoða og engin ástæða til þess að taka um það ákvörðun nú. Það sem skiptir máli er að verið er að falla frá því að krefjast þess af framleiðanda að hann prenti Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins á miða eftir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur ekki lengur einkaleyfi á innflutningnum enda hljóta allir að sjá að slík væri óeðlilegt.

Virðulegi forseti. Ætlan mín var ekki önnur en nefna þessi tvö atriði. Ég get vísað til fyrri ræðu minnar um þessi mál, bæði á þessu kjörtímabili og eins á hinu fyrra sem lauk sl. vor og ég held að þetta mál sé orðið nokkuð ljóst flestum þeim sem um hafa fjallað. Í þessari viku samþykkti norska Stórþingið breytingar sem eru mjög svipaðar þeim breytingum sem verið er að gera á lögunum hér. Hugmynd þeirra hafði verið að setja á eftirlitsstofnun en Stórþingið féll frá því. Í staðinn hefur verið ákveðið að taka gjald fyrir þá sem flytja inn áfengi til Noregs. Þeir ganga að nokkru leyti lengra en gengið er hér á landi með þeim breytingum sem hér er verið að fjalla um því að þar verður kerfið með þeim hætti að smásalan verður í höndunum á *sérstöku hlutafélagi sem hefur einkaleyfi á smásölunni* en innflutningur og heildsala annars vegar og framleiðsla hins vegar, sem er enn á sterkum vínum undir einkaleyfi ríkisins í Noregi, er í höndum sérstaks hlutafélags, sem heldur utan um tvö dótturfélög. Mér er kunnugt um að það er hugmynd a.m.k. sumra í norsku ríkisstjórninni að norska ríkisstjórnin selji framleiðslufyrirtækið en eins og allir vita hafa Norðmenn byggað bjór í einkafyrirtækjum árum saman.

Þetta vildi ég segja hér því að það voru fyrst og fremst Norðmenn og Svíar sem á sínum tíma ákváðu að leggja til svokallaðan fyrirvara við EES-samninginn sem Íslendingar skrifuðu vissulega undir ásamt Finnum. Á þessu augnabliki er staðan sú að Íslendingar eru eina ríkið á Norðurlöndum sem hefur ekki breytt lögum sínum og fylgja þó Íslendingar nákvæmlega sömu heilbrigðis- og félagsstefnu og þessar þjóðir eins og allir vita. Sú breyting sem verið er að gera nú á lögunum er ekki breyting sem veldur því að vín flæði yfir íslenska æsku eða íslenskan almenning í stærri stíl en hingað til hefur verið gert. Það hefur satt að segja verið sorglegt fyrir mig að þurfa að lesa sumt af því sem hefur meira að segja komið frá ýmsum opinberum aðilum og ég harma að samskipti fjmrn. og sumra opinberra aðila sem hafa það samkvæmt lögum að *starfi sínu að koma til skila staðreyndum um þessi mál.* (**ÖJ:** Er þetta hótun?) Það er engin hótun í þessu. Ég harma það bara að mér finnst að sumir slíkir aðilar hafi farið út fyrir mörk sín þegar þeir skrifa það sem frá þeim hefur komið. Ég veit að það sem ég segi hér skilst af þeirra hálfu sem ég beini máli mínu til. Það er engin hótun í þessu. Það er eingöngu verið að segja að mér finnst að menn hafi stundum gripið til þess í þessu máli að halda því fram að hér sé vísvitandi verið með tilteknum aðgerðum að koma málum þannig í kring að íslenskur almenningur og þó einkum og sér í lagi börn muni eiga greiðari og mun greiðari aðgang að áfengi

en áður. Þetta er auðvitað reginmisskilningur því eins og ég hef margoft sagt er það ljóst að það er fylgt sömu stefnu og áður, en meginþunginn í þeirri stefnu, meginatriðið, er sú verðpólitík sem hér hefur verið í gildi um ára og áratuga skeið.

[16:30]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Undir lok ræðu sinnar vék hæstv. fjmrh. að því að ýmsir aðilar, m.a. opinberir aðilar, hefðu látið frá sér fara um þessi mál efni sem fjmrh. gagnrýndi hér mjög harðlega og undir rós ýjaði að því að þeir mundu skilja hvað hann ætti við. Þegar fjmrh. talar með þeim hætti sem hann gerir er alveg ljóst að í slíkum orðum geta falist hótanir, alvarlegar viðvaranir. Og það er reyndar ekki við hæfi að fjmrh. flytji slíkt úr ræðustól á Alþingi nema hann tilgreini þá við hverja hann á. Eða ætlar hann að láta alla þá opinberu aðila sem um þetta mál hafa fjallað liggja undir þeim grun að hæstv. fjmrh. hafi verið að vara þá við í ræðustóli? Hvaða opinberir aðilar hafa fjallað um þetta mál? Heilbrrn., landlæknir, svo ég nefni tvo aðila. Er hæstv. fjmrh. með orðum sínum að eiga við heilbrrn. eða landlæknisembættið? Ég skora á hæstv. fjmrh. að upplýsa hér hverjir það voru sem hann átti við í ummælum sínum svo það fari ekkert á milli mála. Sé fjmrh. að beita valdi sínu í orðræðu á þinginu með þessum hætti er alveg óhjákvæmilegt að hann tali skýrt. Það er ekki við hæfi að hann sé með hótanadylgjur eins og hér voru áðan. Ég vil þess vegna beina þeim tilmælum til hæstv. fjmrh. að hann greini frá því hvaða opinberu aðilar það eru sem hann átti við með sínum orðum.

[16:32]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Ég á meðal annars við, virðulegi forseti, þá umsögn áfengisvarnaráðs, sem er dags. 29. maí 1995, og send efh.- og viðskn. Alþingis og undirskrifuð af Ólafi Hauki Árnasyni.

[16:33]

**Ólafur Ragnar Grímsson** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er upplýst að hæstv. fjmrh. var að hóta áfengisvarnaráði, en hann sagði: „meðal annars". Þar með er ljóst að hann átti ekki bara við áfengisvarnaráð. Þannig að ég skora á hæstv. fjmrh. að ljúka málinu og segja þá við hverja hann átti. Hann hefur aðeins nefnt hér einn, en segir um leið að það hafi verið fleiri. Er þetta þannig að hæstv. fjmrh. leggur ekki í að botna það, en er hins vegar reiðubúinn að leggjast á veigaminnsta og veikburðasta aðilann af þeim opinberu aðilum sem hafa látið þetta í té, þ.e. áfengisvarnaráð? Er hæstv. fjmrh. t.d. með orðum sínum að veitast að landlæknisembættinu sem lét í ljósi mjög eindregnar skoðanir á þessu máli sem varð til þess að hæstv. heilbrrh. fór í símann til þess greinilega að kvarta við landlækni um að þetta væri nú ekki nógu góður texti sem frá landlæknisembættinu kæmi? (**Viðskrh.:** Ég er ekkert að kvarta.) Það mátti nú alveg skilja það á sínum tíma að hæstv. starfandi heilbrrh., hæstv. viðskrh., hefði látið landlækni heyra að hann væri ekki vel sáttur við þær yfirlýsingar sem komu frá landlæknisembættinu, teldi þær byggðar á misskilningi og ekki réttum upplýsingum.

Ég skora sem sagt á hæstv. fjmrh. að botna vísuna algjörlega og tæma upptalninguna þannig að það sé alveg skýrt hvaða aðilar það eru sem hæstv. fjmrh. er að dylgja gagnvart eða hóta, hvað sem menn vilja kalla það, með orðum sínum hér áðan.

[16:35]

**Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru orð hv. þm. að talað hafi verið um einhverja hótun í þessu sambandi. Ég hef átt ágætissamskipti við ýmsa aðila sem hafa lögum samkvæmt það hlutverk að koma í veg fyrir of mikla áfengisneyslu hér á landi. Þau samskipti hafa verið ágæt og ég vona að þeir geti ekki kvartað undan þeim samskiptum við mig. Það eina sem ég sagði hér í ræðustól áðan er að ég harmaði að mér hefur fundist sumir þessara aðila, og ég hef tiltekið einn, fara út fyrir efnissvið sitt. Og ég skal bæta því við, og í því er engin hótun falin, að ég hef efasemdir um að sumt af því sem kemur fram í slíkum texta sé málefninu til gagns. Það væri óheiðarlegt af mér að segja þetta ekki hér en ræða það hins vegar við ýmsa aðila utan þessa ræðustóls. Þess vegna þótti mér eðlilegt að þetta væri sagt og ég segi þetta hér og nú af sérstökum ástæðum, m.a. þeim að ég veit að þeir aðilar sem ég nefndi til sögunnar eru hér staddir og mega hlýða á mál mitt þótt þeir geti ekki svarað fyrir sig. En ég er tilbúinn hvenær sem er að ræða við þá. Ef hv. (Gripið fram í.) þm. getur aðeins verið rólegur og setið á sér vil ég eingöngu segja að í þessu fólst engin hótun heldur kannski þvert á móti ósk um að samstarfið væri með öðrum hætti en það sem kemur fram í sumu af því sem hér hefur verið nefnt til sögunnar.

Vona ég nú að þetta mál hafi skýrst allsæmilega.

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Andsvörum er lokið. Enn eru þrír hv. þm. á mælendaskrá. Forseti væntir þess að ræðumenn gæti hófs í málflutningi þannig að þessari umræðu verði lokið á þessum fundi. Forseti var búinn að tilkynna að það þarf að setja nýjan fund til að taka fyrir mál sem verður að komast til nefndar.

[16:37]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**

Herra forseti. Örfá orð út af orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar áðan og þeim atburðum sem hv. þm. lýsti í því sem hann kallaði kosningabaráttunni en var á meðan þing starfaði í upphafi þessa árs og náttúrlega að vissu leyti partur að kosningabaráttunni.

Það er rétt hjá hv. þm. að ég átti fund með þremur eða fjórum fulltrúum starfsmanna Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í húsakynnum BSRB þar sem þessir fulltrúar óskuðu eftir því að ég kæmi þar sem formaður þingflokks framsóknarmanna og greindi frá því hver væri afstaða okkar til þeirra frv. sem þá lágu fyrir og efnislega eru samhljóða þeim frv. sem nú eru til umfjöllunar. Ég gerði það á þessum fundi og sagði að

ég teldi að þessi frv. færu ekki í gegnum það Alþingi sem þá var starfandi, það væri mitt mat, og tiltók þar einn ákveðinn þingmann Framsfl. sem legðist eindregið gegn þessum frv. eins og þau lágu þá fyrir. Ég held að hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem sat þennan fund með mér, muni það eins vel og ég að aðra þingmenn tilgreindi ég ekki að legðust gegn frv. Ég hygg hins vegar að það hefði vel mátt skilja af mínum orðum á þessum fundi að ég legðist gegn þessum frv. og það var rétt, hv. þm. Þess vegna kemur sú ályktun sem ég heyrði að hv. þm. vitnaði í áðan frá starfsmönnum ÁTVR um mína afstöðu til málsins ekkert á óvart. Hins vegar hefði mér fundist að ályktunin hefði þurft að koma frá þeim aðilum sem sátu fundinn því mér finnst einkennilegt ef allir starfsmenn ÁTVR ...(**ÖJ:** *Það var stjórn ÁTVR.*) *Já, þetta hlýtur að vera frá* stjórn starfsmannafélags ÁTVR sem þarna er um að ræða.

Ég er hins vegar alveg tilbúinn til að viðurkenna og finnst það vera sjálfsagt þegar slík aðstaða kemur upp að menn séu tilbúnir til að taka afstöðu sína til einstakra mála til endurskoðunar í ljósi nýrra upplýsinga, í ljósi breyttra aðstæðna. Og ég viðurkenni að afstaða mín til þessa máls er breytt frá því sem áður var. Fyrir því eru ákveðin rök og fyrir þeirri afstöðubreytingu ætla ég að færa hér nokkur rök og taka örlítinn tíma til þess. Þetta geri ég í ljósi nýrra upplýsinga, þeirra upplýsinga sem ég hef fengið eftir að ég átti þennan fund, upplýsinga sem ég hef haft tækifæri til að skoða í starfi mínu sem iðnrh. Þessi afstöðubreyting byggist á því að ég tel að eftir að ég hef fengi upplýsingar frá samtökum iðnaðarins, rætt við innlenda framleiðendur, þá séu gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir innlenda bjórframleiðendur í þessu máli.

Samtök iðnaðarins senda frá sér minnisblað um íslenskan bjór og breytingar á áfengislögum 23. maí 1995 og þetta minnisblað hefur verið sent til allra hv. alþm. þannig að allir hv. alþm. munu hafa fengið það í hendur.

Í öðrum lið þessa minnisblaðs kemur það fram hjá Samtökum iðnaðarins, með leyfi forseta: „ESA gerir athugasemdir við gjaldið vegna þess að það mismunaði innflytjendum og íslenskum framleiðendum. ESA krafðist þess að íslensk stjórnvöld legðu gjaldið af og afnæmu sömuleiðis einkarétt ÁTVR á innflutningi áfengis."

Í þriðja tölulið þessa sama minnisblaðs, virðulegi forseti, segir svo: „Þrátt fyrir að stjórnvöld hafi ákveðið einhliða að breyta fyrri ákvörðunum um að fella *gjaldið niður 1. des. 1996 voru íslenskir framleiðendur* tilbúnir til þess að sætta sig við niðurfellingu gjaldsins en gerðu þá kröfu að frv. um breytingar á áfengislögum og starfsemi ÁTVR gengju fram samtímis. Þetta varð ekki raunin og staðreyndin er sú að eftir að *gjaldið var fellt niður er íslenskum framleiðendum* mismunað gagnvart innflytjendum." Það er alvarlegt að mér finnst og ekki síst þegar svo skýrt er kveðið að orði eins og í þessu minnisblaði Samtaka iðnaðarins.

Í fjórða lið kemur fram, virðulegur forseti: „Mismunurinn er í því fólginn að innflytjendur þurfa ekki að annast innkaup, birgðahald, flutning og dreifingu eða annað sem heildsali ætti að gera. Þannig hafa umboðsmenn fyrir erlendan bjór hvorki þurft að hafa birgðageymslur né starfslið en notið hagstæðari taxta ÁTVR hjá flutningsaðilum. Á þennan hátt er verið að gera erlendum framleiðendum auðveldara að markaðssetja bjór á Íslandi og jafnframt að bjóða hann til sölu á lægra verði en ella."

Þegar þetta 35% gjald var fellt af 1. maí sl. voru gerðar ákveðnar breytingar á verðlagningu innlends og erlends bjórs. Það eru hins vegar allir sammála um að enn er til staðar mismunun í samkeppni milli þessara aðila. Fyrir því get ég fært enn frekar rök, ég ætla ekki að eyða miklu meiri tíma í þessa umræðu en ég er tilbúinn til þess ef menn vilja, en ég hef látið á vegum ráðuneytisins reikna þá hluti út. Það er alveg ljóst, hv. þm., að það er enn þá um verulega mismunun að ræða á milli innflytjenda og innlendra framleiðenda.

„Samtök iðnaðarins telja rétt að allir, bæði íslenskir framleiðendur og innflytjendur, sitji við sama borð. ÁTVR *ætti einungis að kaupa bjór eftir hendinni* af framleiðendum og innflytjendum sem ættu sjálfir að annast alla aðra þætti, svo sem framleiðslu, innflutning, lagerhald og dreifingu. Með öðrum orðum: ÁTVR á að halda sig við smásöluhlutverk sitt en láta alveg af heildsöluumsvifum hverju nafni sem nefnast. Frv. sem nú liggja fyrir Alþingi eru nauðsynleg forsenda fyrir breytingum", segir í þessari samþykkt Samtaka iðnaðarins.

„Íslenskir bjórframleiðendur eru ekki hræddir við heiðarlega samkeppni en sjá ekki að niðurfelling bjórgjaldsins ein og sér bæti þar úr", eins og ég hef áður sagt, „ því hún leiði til óeðlilegrar samkeppni þar sem innflytjendum er gert hærra undir höfði en íslenskum framleiðendum. Það getur ekki verið ásættanleg staða."

Í níunda og síðasta tölulið þessa minnisblaðs segir:

„Þess má geta að á gosdrykkjamarkaði, en gosdrykkir eru að mörgu leyti hliðstæð vara og bjór, er íslensk markaðshlutdeild nú 98%. Þar ríkir fullkomin samkeppni og erlendir framleiðendur hafa greiðan aðgang að markaðnum. Þetta sýnir að íslensku fyrirtækin eru fyllilega samkeppnisfær við þau erlendu. Í bjórnum er markaðshlutdeildin á hinn bóginn 60–65%. Þar hefur hins vegar ríkisvaldið mikil afskipti og greinilegt er að þau koma sér betur fyrir erlenda framleiðendur en innlenda."

Svo mörg eru þau orð í þessu minnisblaði Samtaka iðnaðarins.

Þegar iðnrh. horfir á að ríkisvaldið hefur sett upp „apparat" sem gerir að verkum að innlendum framleiðendum og innflytjendum er mismunað, og það vona ég að hv. þm. Ögmundur Jónasson skilji, og þrátt fyrir að ég sem þingmaður hafi í kosningabaráttunni talað um og viljað *leggjast gegn því* að þessi frv. yrðu samþykkt, þegar ég fæ slíkar upplýsingar og trúi og veit að þær eru réttar hlýtur afstaðan að breytast til mála eins og þessara. Ekki síst í ljósi þess, hv. þm., að á síðasta Alþingi flutti ég ásamt fleiri þingmönnum Framsfl. till. *til þál. um að tryggja samkeppnisstöðu innlendrar*

framleiðslu. Sú tillaga var samþykkt. Nú er það hlutverk mitt sem iðnrh. að sjá um að hrinda þeirri tillögu í framkvæmd. Einn hluti af þessu er einmitt að tryggja jafna stöðu innlendra framleiðenda og innflutnings.

Samtök iðnaðarins hafa látið fara frá sér að ef íslenskir neytendur, nú bið ég hv. þm. að hlusta, létu það ávallt ráða að velja íslenska framleiðslu í staðinn fyrir erlenda framleiðslu, ef verðið væri sambærilegt og gæðin væru sambærileg eða þau sömu, þá væri íslenska varan alltaf valin og þá þyddi það hvorki meira né minna en að á einu ári, miðað við hagskýrslur 1991, mundum við spara 20 milljarða íslenskra króna í gjaldeyri. Við hefðum þurrkað út viðskiptahallann á þessum tíma og við hefðum skapað fimm þúsund ný störf í landiu. Og hvað er meira virði um þessar mundir þegar atvinnuleysi hefur herjað á okkur í nokkra tíð en einmitt að leita allra leiða til að draga úr atvinnuleysinu? Einn liður í því er að efla og styrkja íslenska framleiðslu. Ég veit að ég og hv. þm. eigum samleið í því að vilja efla og styrkja íslenska framleiðslu, að auka atvinnu í landinu. Þetta er leið að vissu leyti í þeim efnum, með því að mismuna ekki. Hins vegar eiga menn, og það legg ég alveg kalt mat á í mínum huga, að meta þann árangur sem af því getur hlotist að draga úr þeim samkeppnismun sem er milli innlendra framleiðenda og innflutningsins og svo þeirrar hugsanlegu hættu sem af því getur hlotist að það verði greiðari aðgangur, sem ég veit reyndar að hæstv. fjmrh. neitar algjörlega að um sé að ræða, og treysti ég hans orðum í þeim efnum þar sem hann er yfirmaður þeirrar stofnunar sem fer með þessi verk, sem metur hugsanlegan árangur, og þá tala ég eins og landlæknir talaði í ályktun sinni um hugsanlegar afleiðingar af því að það verði greiðari aðgangur að áfengi og þann skaða sem af því getur hlotist. Þegar maður horfir til þess að það á að setja meiri peninga í forvarnir til að koma í veg fyrir skaðann en áður hefur þekkst hér, þá vel ég þá leið að tryggja að draga úr þeim samkeppnismun sem er milli innlendrar framleiðslu og þeirrar aðstöðu sem innflytjendur hafa. Með þetta í huga, hv. þm., hefur afstaða mín til þessa máls breyst frá því að málin lágu áður frammi á Alþingi.

[16:48]

**Hjálmar Jónsson:**

Herra forseti. Í þessum svonefndu brennivínsmálum hefur margt verið sagt, vafalaust flest gáfulegt en misjafnlega eftirminnilegt, sjálfsagt allt gott hvað með öðru. Starfsbróðir minn einn sagði forðum að vissir aðilar í þjóðfélaginu kæmu óorði á brennivínið. Nú er búið að breyta þessu og ég hygg að það séu nokkrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hafi tekið yfir í þessu efni.

Þær breytingar sem um er að ræða og fyrir liggja í frv. sem eru til umfjöllunar fyrir þinginu eru svo sem ekki stórvægilegar. Það er lögð til breyting á fyrirkomulagi á heildsöluverslun með áfengi. Það er ekki verið að breyta um stefnu í áfengismálum eða áfengisvörnum sérstaklega, það er ekki verið að fjölga útsölustöðum frá því sem nú er, það er ekki verið að lækka verð á áfengi. Ég tel ekki ástæðu til að ætla innflytjendum áfengis fremur en öðrum innflytjendum annars varnings óheiðarleika. Allsendis er ástæðulaust að vera að vantreysta kaupsýslumönnum sem flytja inn löglegan varning og stunda heiðarleg viðskipti. Ég á ekki von á öðru en að þeir verði samvinnuþýðir sem flytja inn áfengi, samvinnuþýðir við yfirvöld, tollgæslu og löggæslu, enda hafa þeir auk þess hagsmuni af því að allt sé innan löglegra marka.

Ef við værum hins vegar ánægð með ástand áfengismála eins og það er í dag væri þörf á að spyrna við fótum til að verja hið góða ástand. En við skulum viðurkenna að ástand áfengismála er í ólestri hjá okkur. Það hefur ekki tekist að stemma stigu við ólögmætri framleiðslu, sölu og neyslu vímuefna í landinu og í því liggur aðalvandamálið. Ég tel ekki rétt að skella skuldinni á væntanlegar breytingar á fyrirkomulagi heildsöluverslunar með áfengi. Það er auðvitað firra. Viðhorfi til áfengisdrykkju og eftirliti er ábótavant hvoru tveggja. Því er það fagnaðarefni að gjald verði tekið af áfengi til forvarna eins og nú liggur fyrir í tillögum og forvarnir verði efldar. Stofnaður verði sjóður tilsvarandi þeim sem Norðmenn og Svíar hafa talað um og Ólafur Haukur Árnason áfengisvarnaráðunautur hefur talað ákveðið fyrir undanfarið.

Við skulum tala um þetta út frá lífinu sjálfu. Við vitum að börn alast upp við ofneyslu á heimilum og þau verða mörg hver veik fyrir síðar á ævinni þegar þau vaxa upp. Hvað mest ógæfa sem hendir fólk í lífinu er tengd ofneyslu á áfengi. Það eru það þolendurnir, saklausir, börnin, sem eiga samúð mína alla og vissulega einnig fullan vilja til að vinna að úrbótum.

Alþingi ætti sannarlega að taka til alvarlegrar umfjöllunar þennan raunverulega vanda, sem sé þann að óprúttnir menn, fullorðnir menn, framleiða og flytja inn vímuefni föst og fljótandi og eitra með því fyrir fólk, einkum unglingana í landinu. Það væri vel að í þjóðfélaginu yrði nú upphaf nýs átaks gegn slíku böli og voða. Til þess þarf ekkert minna en hugarfarsbreytingu. Það hefur raunar verið boðað að tekið verði á þeim vanda á haustþingi. Hæstv. heilbrrh. hefur getið þess hér með allskörulegum hætti að hún vilji vinna að því á haustþingi og leggja þá fram frv. til laga um varnir gegn böli áfengis. Vissulega þarf að vinna gegn þeirri fyrirlitlegu iðju sem það er að bregða fæti fyrir ungt fólk með því að byrla því eitur.

Starf og viðleitni samtakanna Stöðvum unglingadrykkju, Vímulausrar æsku, áfengisvarnaráðs, bindindishreyfinga allra hverju nafni sem nefnast eru virðingarverð og ég hygg að stuðningur við bindindisstarf og áfengisvarnir almennt þurfi að aukast og verða miklu meiri. Það er einmitt það sem nú er verið að boða. Ég hygg líka að menn þurfi að samræma krafta sína til þess.

En breytingin sem frv. á þessu þingi gera ráð fyrir er ekki hugsuð til að draga úr áfengisvörnum heldur er stefnan að auka og ég hygg að komi eitthvað út úr allri þessari umræðu þessa daga í þinginu sé það einmitt að menn taki þá á í haust þegar þing kemur saman að nýju til þess að vinna verulega og gott starf í áfengisvarnamálunum.

Virðulegur forseti. Landsmenn þurfa að horfast í augu við þann skaða sem áfengi veldur einstaklingum, fjölskyldum og þjóðfélaginu í heild og horfast í augu við þann skaða allsgáðum augum.

Í starfi mínu undanfarna tvo áratugi hef ég mátt kynnast mörgum hörmulegum tilvikum og aðstæðum sem eru að gerast í samfélagi okkar og tengd eru áfengisvandamálum. Að því ber að keppa að þjóðin verði alla jafna allsgáð og stefni fram til meira heilbrigðis og lífshamingju. Þar gái hver einn að sjálfum sér og því að ekki sé eitrað fyrir börn og unglinga. Vinnum á réttum vettvangi gegn slíku og með áfengisvarna- og bindindisfólki á öllum sviðum og stigum.

Hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hér hafa mest haft sig í frammi eru drengir góðir og ég heiti á þá að leggja áfengisvörnum lið þegar þau mál koma til þingsins í haust.

[16:55]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Jónsson á þess kost að taka þátt í áfengisvörnum því að síðar í dag munum við leggja fram brtt. við þau frv. sem hér eru til umræðu sem eru til þess fallin að stuðla að áfengisvörnum.

Hæstv. forseti. Ég ætla að verða við þinni beiðni um að stytta mjög mál mitt. Ég mun ekki fara út í málefnalega rökræðu á grundvelli þess sem hér hefur verið sagt. Ég ætla ekki að rökræða við hæstv. iðnrh. sem talaði hér sem iðnrh. um samkeppnisstöðu innlendra og erlendra bjórframleiðenda. Ég held því miður að þar greini okkur talsvert á. Ég ætla ekki heldur að fara út í rökræðu við hæstv. fjmrh. um merkingar á áfengi. Enn fór hann því miður með rangfærslur í því efni. Látum það vera þótt hann kunni að vera litblindur og tali um rauða miða þar sem bláir miðar eru. En staðreyndin er sú að allt áfengi sem selt er til veitingahúsa er merkt. Það er brennimerkt og það er merkt með sérstökum miðum frá ÁTVR. Þetta hef ég kynnt mér mjög rækilega. Það sem deilan stendur um og það sem menn hafa verið að rökræða, þeir sem á annað borð hafa farið út í slíka rökræðu, er með hvaða hætti slíkt eftirlit og slíkar merkingar eru í bestu farinu.

Það er reyndar svo, hæstv. forseti, að margt af því sem hér hefur verið sagt snýst eiginlega um grundvallaratriði í pólitík. T.d. væri hægt að hafa mjög langt mál um það sem hæstv. starfandi heilbrrh. og viðskrh. sagði áðan um hvernig menn annars vegar töluðu í kosningabaráttu og hins vegar hvernig menn töluðu þegar þeir væru komnir í ríkisstjórn. En hitt vil ég taka undir með honum að það er enginn minni maður að því að skipta um skoðun á grundvelli röksemda og nýrra upplýsinga, það er alveg rétt. En það sem mér finnst miður í þessari umræðu er að núna alveg undir lokin er að hefjast raunveruleg málefnaleg umræða.

Ég ætla að ljúka þessu máli mínu á því að fara örfáum orðum um það sem hæstv. fjmrh. sagði um áfengisvarnaráð áðan vegna þess að það finnst mér vera mjög alvarlegt sem hann þar hafði í frammi.

Ég er með í höndunum það plagg sem hann er væntanlega að vitna í. Það eru umsagnir áfengisvarnaráðs frá 29. maí 1995 um þær lagabreytnigar sem hér er um að ræða þar sem vitnað er í Alþjóðaheilbrigðisstofnunina, þar sem vitnað er í rannsóknir sem áfengisvarnaráð hefur gert á dreifingarmátanum sem viðhafður er í ýmsum ríkjum, þar sem vitnað er í alþjóðlegar samþykktir um að stefnt skuli að því að draga úr áfengisneyslu um 25% fyrir aldamót, nokkuð sem íslenska ríkisstjórnin samþykkti 1986. Og það væri fróðlegt að fá að vita frá hæstv. fjmrh. hvað það er í þessum gögnum sem hann er að finna að. Er hann að finna að því að þessir aðilar, áfengisvarnaráð Íslands, láti þessa umræðu yfirleitt til sín taka? Mér finnst þetta vera mjög alvarlegur hlutur. Mér finnst ekki ganga að afgreiða þetta mál með einhverjum almennum yfirlýsingum. Hæstv. ráðherra verður að finna orðum sínum stað. Hann verður að skýra nákvæmlega út fyrir okkur hvað hann er raunverulega að tala um vegna þess að ég fæ ekki komið auga á annað en ígrundaða og málefnalega afstöðu.

Hæstv. forseti. Ég ætla að stytta mál mitt. Í lokin aðeins að ítreka þetta og vekja sérstaka athygli á því að við erum að toga upp með töngum, við erum að toga upp með töngum ýmislegt sem menn hafa ekki hirt um að svara í umræðu sem staðið hefur í margar vikur samfellt og þá sjaldan sem þeir hafa látið svo lítið að koma hingað í þingsal hafa menn setið án þess að mæla orð af munni og ekki svarað rökum, ekki komið fram með upplýsingar sem beðið er um. Ég vil leyfa mér í lokin að ítreka þá ósk mína að þær fundargerðir og upplýsingar og nefndarálit sem ég óskaði eftir að yrðu birt opinberlega verði birt. Við erum að toga það upp með töngum að þetta sé þegar allt kemur til alls allt á ábyrgð ráðherra. Það sé ekki á ábyrgð þeirra embættismanna sem hafa unnið að þessum frv. sem embættismenn. En við skulum minnast þess í hvaða samhengi sú umræða fór fram. Hún fór fram í því samhengi að annars vegar vorum við mörg hver, sem erum þessum lagabreytingum andvíg, að benda á þann þrýsting sem fram hefur komið frá Verslunarráði Íslands, Kaupmannasamtökunum og hagsmunaaðilum í bjóriðnaði og annars staðar og hins vegar hefur verið bent á að það hafi aðrir komið að þessum málum en þessir einir og þar hafa nöfn þessara embættismanna verið nefnd.

Hæstv. forseti. Ég ætla að virða beiðni þína um að hafa mál mitt í knappara lagi og er því lokið.

(**Forseti** (ÓE)**:** Umræðunni er lokið.)

Forseti, þó þessi orð hafi verið sögð, má ég í lokin aðeins fagna því að hæstv. fjmrh. skuli hafa komið fram með hugmyndir þar sem frestað er gildistöku laganna. Mér finnst það til bóta og ég áskil mér og við önnur sem höfum haft samstarf um málflutning í þessum málum um að taka þessi mál að nýju í haust og þá vil ég ítreka að það er ýmislegt órætt í þessu máli.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það ítrekast að umræðunni er lokið.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:05]

Till. í nál. 64 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 21:10 atkv. og sögðu

**já:** GE, GHelg, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VE.
4 þm. (ÁE, JóhS, LB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, GAK, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KH, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 23:2 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VE.
**nei:** KHG, RA.
9 þm. (ÁE, GHelg, JóhS, KÁ, LB, MF, ÓRG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, GAK, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KH, KPál, LMR, RG, SighB, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:06]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Það er ljóst að miðað við niðurstöðu þessara mála fyrr í meðförum þingsins hefur meiri hlutinn tekið ákvörðun um að gera grundvallarbreytingar á verslun með áfengi. Með hliðsjón af því er enginn annar kostur uppi fyrir okkur en sá að sitja hjá við meðferð á frv. sem hér liggur fyrir því eftir að hið fyrra frv. hefur verið afgreitt verður auðvitað að taka um það ákvörðun að leggja á þetta áfengisgjald samkvæmt þeim forsendum sem þar var gert ráð fyrir. Á þeim forsendum geri ég ráð fyrir að við munum sitja hjá við meðferð málsins að öðru leyti en því að við munum styðja brtt. á þskj. 67 um forvarnasjóð og þskj. 122 um seinkun á gildistöku laganna.

Brtt. 122,1 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KHG, KÁ, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÖJ.
1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.
26 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, GAK, GB, GHall, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KH, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StG, StB, VE.
**nei:** PHB.
15 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KH, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 67,1 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KH, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, VE.
11 þm. (ÁE, KHG, KÁ, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VE.
16 þm. (ÁE, GE, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VE, ÖS.
14 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 49 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VE, ÖS.
13 þm. (GGuðbj, GHelg, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VE, ÖS.
15 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VE, ÖS.
15 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 67,2 (ný grein, verður 8. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

8.–10. gr. (verða 9.–11. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VE, ÖS.
15 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 122,2 samþ. með 41 shlj. atkv.

11. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, VE, ÖS.
13 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VE, ÖS.
15 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VE, ÖJ, ÖS.
1 þm. (RA) greiddi ekki atkv.
21 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddur.

## *Áfengislög, frh. 2. umr.*

*Stjfrv., 6. mál (innflutningur áfengis).* — Þskj. 6, nál. 45, 58 og 59, brtt. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:15]
Till. í nál. 59 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 27:11 atkv. og sögðu
**já:** GGuðbj, GHelg, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.
**nei:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.
5 þm. (ÁE, GE, JóhS, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 29:9 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÖS.
**nei:** GGuðbj, GHelg, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.
5 þm. (ÁE, JóhS, KÁ, KH, SvanJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 28:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÖS.
**nei:** GHelg.
12 þm. (ÁE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RA, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 46,1 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÖS.

13 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, ÓRG, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddur.

5. gr., svo breytt, samþ. með 29:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÖS.
**nei:** GHelg.

13 þm. (ÁE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 46,2 (þrjár nýjar greinar, verða 6.–8. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÖS.

14 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 28:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.
**nei:** GHelg.

14 þm. (ÁE, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 46,3 (ný 7. gr., verður 10. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÖS.

14 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 46,4 (8. gr. falli brott) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÖS.

14 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

9.–13. gr. (verða 11.–15. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÖS.

14 þm. (ÁE, GGuðbj, GHelg, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KÁ, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.

7 þm. (KHG, KH, MF, ÓRG, RA, SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, GAK, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Út af dagskrá var tekið 11. mál.

Fundi slitið kl. 17:20.

# 26. FUNDUR

fimmtudaginn 15. júní,
að loknum 25. fundi.

**Dagskrá:**

1. Þingfararkaup, frv., 47. mál, þskj. 115. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

2. Matvæli, stjfrv., 15. mál, þskj. 116. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 36. mál, þskj. 117. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 45. mál, þskj. 88. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

5. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 43. mál, þskj. 118. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Gjald af áfengi, stjfrv., 4. mál, þskj. 123. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Áfengislög, stjfrv., 6. mál, þskj. 124. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, stjfrv., 3. mál, þskj. 91, brtt. 87 og 121. — 3. umr.

9. Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, stjfrv., 42. mál, þskj. 83, nál. 120. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

**Útbýting þingskjala:**

Áfengislög, 6. mál, þskj. 124.

Gjald af áfengi, 4. mál, þskj. 123.

Framleiðsla og sala á búvörum, 36. mál, þskj. 117.

Matvæli, 15. mál, þskj. 116.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 43. mál, þskj. 118.

## *Afbrigði um dagskrármál.*

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Á dagskrá þessa fundar eru níu mál. Leita þarf afbrigða til þess að 1.–7. mál og 9. mál megi koma til umræðu og afgreiðslu og verður þeirra afbrigða nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

## *Þingfararkaup, 1. umr.*

Frv. GHH o.fl., 47. mál (heildarlög). — Þskj. 115.

[17:22]

**Flm. (Geir H. Haarde):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Mál þetta er flutt af formönnum eða varaformönnum allra þingflokka utan eins, þ.e. Þjóðvaka.

Lögð er til með frv. þessu að gerð verði heildarbreyting á núgildandi lögum um þingfararkostnað. Á vegum þingflokkanna hafa núgildandi þingfararkaupslög verið endurskoðuð og sú endurskoðun hefur verið lengi í undirbúningi. Gildandi þingfararkaupslög eru rúmlega 30 ára gömul, en mörg ákvæði þeirra eru hins vegar eldri og úrelt orðin og ekki viðeigandi í nútímasamfélagi lengur. Á hinn bóginn taka lögin ekki til margra þátta sem breyst hafa með breyttum þjóðfélagsháttum, samgöngum og fleiru þess háttar.

Endurskoðun þessara laga er þess vegna löngu tímabær og hefur orðið samkomulag á milli fimm af sex þingflokkum um að flytja þetta mál á þessu þingi.

Í frv. þessu er að finna fimm efniskafla og hyggst ég gera nokkra grein fyrir hverjum þeirra um sig.

I. kaflinn fjallar um þingfararkaup, um launakjör forseta Alþingis og varaforseta og um rétt alþingismanna til þess að fá leyfi til að sinna opinberum störfum ef svo ber undir og með hvaða skilmálum slík leyfi séu veitt. Auk þess er mælt fyrir, í samræmi við ákvæði 51. gr. stjórnarskrárinnar, um rétt ráðherra sem ekki er alþingismaður til þess að njóta þingfararkaups.

Ég vek sérstaka athygli á því að það er ekki verið að gera tillögu um að breyta þingfararkaupinu sjálfu eða með hvaða hætti það er ákveðið. Sú ákvörðun er og verður samkvæmt frv. áfram í höndum Kjaradóms.

Hins vegar eru nýmæli í 2. og 3. gr. frv. Í 2. gr. segir svo: „Forseti Alþingis nýtur sömu launa- og starfskjara og ráðherrar.“ Hér er um að ræða breytingu sem er að dómi flutningsmanna löngu tímabær og eðlilegt að æðsti yfirmaður löggjafarsamkomunnar njóti sömu starfskjara og æðstu menn framkvæmdarvaldsins.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að aðrir forsetar, þ.e. varaforsetar þingsins, skuli fá greitt 15% umfram hið almenna þingfararkaup. Er það mat flutningsmanna að slíkt sé eðlilegt í ljósi þess að hér er um að ræða helstu stjórnendur löggjafarsamkomunnar.

Ákvæðið um rétt alþingismanna til að fá leyfi frá opinberu starfi í allt að fimm ár til þess að gegna þingmennsku er nýtt. Það er hins vegar eðlilegt að dómi okkar flutningsmanna að afsali hann sér starfinu eftir fimm ára leyfi eigi hann að öðru jöfnu forgang í allt að fimm ár frá þeim tíma að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera. Hér er verið að tryggja opinberum starfsmönnum sem hljóta kosningu til Alþingis ákveðin lágmarksréttindi og er að okkar dómi eðlilegt að kveða á með skýrum hætti um slíkt í lögum, en á það hefur nokkuð skort að um þetta atriði væru skýr ákvæði.

II. kafli frv. fjallar um svokallaðan þingfararkostnað. Þar er um að ræða þrenns konar kostnað. Í fyrsta lagi húsnæðis- og dvalarkostnað, í öðru lagi ferðakostnað og í þriðja lagi það sem kallað er almennur starfskostnaður.

Það sem hér er á ferðinni, virðulegi forseti, er það að tekin eru til endurskoðunar ákvæði gildandi þingfararkaupslaga um þessa kostnaðarþætti. Þeir þykja úr-

eltir og taka ekki til ýmissa atvika sem upp koma og hafa komið á undanförnum árum og er þess vegna þörf á að endurskoða.

Í gildandi lögum eru ýmis ákvæði um endurgreiðslu húsnæðis- og dvalarkostnaðar og um ferðakostnaðargreiðslur. Skrifstofa Alþingis hefur hins vegar neyðst til þess að úrskurða um ýmis vafaatriði í þessum efnum, m.a. með tilliti til breyttra samgönguhátta í nágrenni þingstaðarins og fleiri atriða sem ekki var gert ráð fyrir þegar núgildandi lög voru sett. Það hefur skort skýra lagastoð til að kveða upp slíka úrskurði þó þeir hafi á hinn bóginn verið taldir efnislega sjálfsagðir. Úr þessu er bætt með þessum lögum. Það þykir líka úrelt að miða greiðslur til þingmanna fyrir húsnæðiskostnaði eða starfsaðstöðu í kjördæmum við lögheimili manna og þess vegna fellur sú viðmiðun niður úr þessum kafla og ekki gerður greinarmunur á því hvar þingmenn, til að mynda utan Reykjavíkur og Reykjaness, hafa sitt lögheimili þegar kemur til greiðslna fyrir húsnæðis- og dvalarkostnað. Hygg ég að flestir muni sammála um að núgildandi ákvæði sé úrelt og þjóni ekki nokkrum tilgangi. Hér er sem sé verið að jafna nokkuð milli manna óháð búsetu eða lögheimilisskilyrðum og tryggja að þingmenn sem gegna þingmennsku t.d. í sama kjördæmi hafi sömu fyrirgreiðslu af hálfu þingsins til þess að koma sér upp heimili eða starfsaðstöðu þar sem þeir kjósa sjálfir að vera.

Enn fremur eru rýmkaðar í 7. gr. reglur um ferðakostnað, m.a. til að auðvelda þingmönnum að sækja fundi og komast greiðlega til fundahalda í kjördæmum sínum. Eins og kunnugt er er ekki gert ráð fyrir því í gildandi reglum að þingmenn, til að mynda úti á landi, fái greiddan ferðakostnað innan kjördæmis þeirra sem þó óhjákvæmilega fylgir því að stofna til fundahalda í víðáttumiklum kjördæmum. Hér eru óréttlát ákvæði á ferðinni og þessu viljum við breyta, enda er það ljóst að það eru gerðar mun ríkari kröfur til alþingismanna um að halda fundi í kjördæmum sínum en áður var og leiðir það m.a. af auðveldari samgöngum og greiðari möguleikum til þess að komast frá þingstað til fundahalda úti í kjördæmum.

8. gr. er einföld og í samræmi við það sem tíðkast hefur, þ.e. að Alþingi greiði kostnað við ferðalög manna á vegum þingsins, og auðvitað sjálfsögð.

Fyrri hluti 9. gr. er sömuleiðis eðlilegur og sjálfsagður og í beinu framhaldi af núgildandi ákvæðum um endurgreiðslu starfskostnaðar, þ.e. skrifstofuaðstöðu, símakostnað og þess háttar.

Í 9. gr., 2. mgr., er hins vegar nýmæli um að heimilt sé að endurgreiða alþingismönnum annan starfskostnað samkvæmt reglum sem forsætisnefnd þingsins setji. Ákvæðið kveður á um að heimilt sé að endurgreiða slíkan kostnað annaðhvort samkvæmt reikningum eða sem fasta mánaðarlega fjárhæð í stað endurgreiðslu samkvæmt reikningi. Hér er um það að ræða að slegið er saman í eina málsgrein heimild til ýmissa endurgreiðslna sem að hluta til hafa tíðkast í þinginu en jafnframt gefið færi á að greiða slíka upphæð mánaðarlega sem eina fasta greiðslu og ég geri ráð fyrir að þingmenn muni geta valið um það hvort þeir þiggi slíka greiðslu sem fasta mánaðarlega upphæð eða hvort þeir kjósa að framvísa reikningum og fá endurgreiðslu fyrir því sem hér er um að ræða og nánar er útskýrt í greinargerð frv.

Ég legg þó áherslu á að forsætisnefnd gæti þess í ákvörðunum sínum um þetta að taka sanngjarnar ákvarðanir um hóflegar greiðslur til þingmanna í þessu skyni.

Í III. kafla frv. er fjallað um forföll þingmanna og greiðslu til varaþingmanna. Hér er um að ræða ákvæði sem eru í samræmi við það sem tíðkast hefur, þó með þeirri breytingu að til þess að eiga rétt á því að halda launum á meðan kallaður er inn varaþingmaður þarf aðalmaður á þingi að vera fjarverandi í opinberum erindum í það minnsta fimm daga eða lengur. Í núgildandi reglum er það svo að það nægir mönnum að vera einn dag fjarverandi í opinberum erindum til þess að geta kallað inn varamann sem þá þarf að sitja á þinginu í hálfan mánuð og báðir njóta launa á meðan. Þetta teljum við að sé óeðlilegt og viljum þrengja þennan möguleika og jafnframt minnka kostnað við setu varamanna á Alþingi með því að væntanlega fækkar þeim eitthvað með þeirri kröfu sem hér er gerð um lágmarksfjarveru aðalmanns.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því að ákvæðið um að varamenn verði að sitja á Alþingi í það minnsta hálfan mánuð er að finna í þingskapalögum og það er ákveðin skörun á milli ákvæða þessara laga og þingskapalaganna, en þau hafa hins vegar ekki komið til endurskoðunar að þessu leyti nú. En ég vek athygli á því að ef menn kjósa að breyta ákvæðunum um lágmarksviðveru varamanna gerist það ekki með breytingu á lögum um þingfararkaup heldur með breytingum á lögum um þingsköp.

Ég vek athygli á því að í þessum kafla, um önnur starfskjör, eru m.a. ákvæði um fæðingarorlof og tryggingar en það er einmitt einkenni á núgildandi lögum að um slíka sjálfsagða hluti er ekki fjallað. Það eru engin ákvæði um fæðingarorlof þegar svo stendur á að kona sem kjörin er á Alþingi eignast barn. Hún á samkvæmt núgildandi lögum í raun og veru engan slíkan lögvarinn rétt. Þó að tíðkast hafi að greiða slíkt fæðingarorlof hefur það ekki verið gert með sérstakri stoð í lögum eins og ég reyndar gat um. Þetta er eitt dæmi um slíkt ákvæði sem þarf að sjálfsögðu að breyta þannig að allar slíkar greiðslur styðjist við lagaheimildir.

Einnig er hér um að ræða ákvæði um slysa- og ferðatryggingar sem ekki hefur heldur verið séð fyrir í lögum gagnvart þingmönnum.

Ákvæðið um biðlaun er með svipuðum hætti og verið hefur í gildandi lögum.

Í IV. kafla frv. eru ákvæði um það hverjir skuli taka ákvarðanir um þingfararkaup og þingfararkostnað. Þar segir, eins og ég hef áður getið um, að Kjaradómur samkvæmt lögum, nr. 120/1992 ákveður þingfararkaupið. Það er engin breyting í því efni og það verður engin breyting af völdum þessarar lagasetningar, ef frv. nær fram að ganga, á starfsreglum Kjaradóms að því er varðar ákvörðun þingfararkaups.

Síðan segir að forsætisnefnd skuli ákveða aðrar greiðslur samkvæmt lögum þessum og setja nánari reglur um þær. Það er kannski ein meginbreytingin í þessu frv. að til forsætisnefndar Alþingis er fært ákvörðunarvald um ýmsan kostnað sem í dag er ákvarðaður af Kjaradómi. Það er þannig hugsað að hluta af þeim greiðslum sem hér er um að ræða er forsætisnefnd skylt að ákvarða, húsnæðis- og ferðakostnað t.d. Hluta af þessum greiðslum er henni heimilt að ákvarða og kemur það þá í hlut nefndarinnar að sjálfsögðu að ákveða að hve miklu leyti hún kýs að taka slíkar ákvarðanir og þá nákvæmlega með hvaða hætti. Skýrist þetta nánar af ákvæðunum sem ég hef nú þegar rakið um starfskostnað í II. kafla frv.

Það kann að vera umdeilanlegt hvort flytja eigi ákvörðunarvald, t.d. um húsnæðiskostnað, dvalarkostnað og ferðakostnað, frá Kjaradómi til forsætisnefndar þingsins. Þó hygg ég að það sé ekkert vafamál að forsætisnefndin hefur mun betri yfirsýn yfir hin raunverulegu efnisatriði í þessum efnum og á hægara um vik að bregðast við breyttum aðstæðum og taka skynsamlegar ákvarðanir í þessu efni en Kjaradómur og er eflaust í betri færum að meta þessa hluti og þá í samráði við skrifstofu þingsins. Skrifstofan mun eins og áður úrskurða um reikninga sem þingmenn eiga að fá endurgreidda og er ekki breyting á því frá því sem nú er.

Í 16. gr. frv. er ákvæði um framtals- og skattskyldu þeirra greiðslna sem hér er um að ræða. Ég legg áherslu á það fyrir hönd flutningsmanna að hér er ekki um að ræða efnisbreytingu frá því sem nú tíðkast og við teljum að sú tillaga sem hér er gerð sé í fullu samræmi við þá úrskurði sem ríkisskattstjóri hefur þegar útgefið um þingfararkostnað eins og hann er nú skilgreindur í lögum, svo sem húsnæðis- og dvalarkostnað og ferðakostnað.

V. kafli frv. er gildistökuákvæðið. Þar er ákvæði um að lögin skuli taka gildi 1. júlí nk. og falli þá úr gildi núgildandi lög um þingfararkaup sem eru nr. 75/1980. Hins vegar skulu úrskurðir sem eru byggðir á þeim lögum halda gildi sínu, úrskurðir um húsnæðis- og dvalarkostnað o.fl., þangað til forsætisnefndin hefur sett nýjar reglur á grundvelli þessara laga. Auðvitað er ómögulegt að segja til um það hvað forsætisnefnd getur þurft langan tíma til að setja þessar reglur því að það þarf að vanda það verk mjög vel þannig að á meðan þær reglur hafa ekki verið gefnar út gilda fyrri úrskurðir Kjaradóms um þessi atriði. Það er mikilvægt að þetta liggi fyrir.

Ég hef þá í stuttu máli, virðulegi forseti, reifað helstu ákvæði þessa frv. Ég legg áherslu á að hér er að hluta til um að ræða lagahreinsun. Hér er verið að fjarlægja úr lögum ýmis ákvæði sem sætt hafa mikilli gagnrýni og verið í raun og veru illframkvæmanleg og sett Kjaradóm, sem hefur þurft að úrskurða um þau atriði, í mikinn vanda. Hér er verið að útrýma ýmsum úreltum ákvæðum, en þess í stað að taka tillit til þess að þjóðfélagið hefur breyst á undanförnum 30 árum, ég tala nú ekki um á undanförnum 50 árum, en sum þessara ákvæða sem í gildi eru eru jafnvel enn eldri, og það er löngu orðið tímabært að þingið taki sjálft á mörgum þessara atriða.

Það hefur verið litið til þess við þessa endurskoðun hvaða reglur gilda í öðrum þjóðþingum um mörg þessi atriði og höfð af því hliðsjón og það er ljóst að hér er í mörgum efnum verið að fara inn á svipaðar brautir og gilda í okkar nágrannalöndum um þessi efni.

Meginmarkmið þessarar endurskoðunar má segja að hafi verið að draga skýr mörk annars vegar milli kostnaðar sem eðlilegt er að Alþingi greiði á hverjum tíma og telja verður kostnað við störf þingsins og starfsemi og hins vegar launa þingmanna, að þingmenn séu ekki að borga af tekjum sínum fyrir það sem eðlilegt er að kalla kostnað við störf þingsins eða þinghald þess. Og jafnframt má segja að annað meginmarkmiðið hafi verið að sníða þessi lög að nútímaaðstæðum og skapa forsætisnefndinni aðstöðu til þess að bregðast við nýjum verkefnum jafnóðum og þau falla til.

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að lengja þessa framsögu fyrir frv. Ég tel að það sé skynsamlegt mál sem hér er farið af stað með. Ég fagna því að það hefur náðst tiltölulega breið samstaða í þinginu um efni þess. Það er hins vegar mikilvægt að forsætisnefndin vandi sitt verk þegar hún vinnur úr þeim heimildum sem henni eru fengnar og að niðurstaðan úr því verði kerfi greiðslna sem er öllum skiljanlegt, öllum aðgengilegt, jafnt þingmönnum sem almenningi, kerfi sem er gegnsætt, kerfi þar sem mönnum er ekki mismunað á grundvelli einhverra óskilgreindra atriða eða atvika, kerfi sem er sanngjarnt, byggt upp á sanngjörnum og hóflegum greiðslum sem getur náðst sátt um, ekki bara hér í þinginu heldur í þjóðfélaginu.

*Ég legg svo til að máli þessu verði vísað til 2. umr.* og hv. efh.- og viðskn.

[17:40]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Virðulegi forseti. Eftir að farið var að undirbúa þingstörfin í vor eftir kosningar á vettvangi formanna þingflokkanna var fljótlega reifuð sú hugmynd að áfram yrði haldið þeirri vinnu sem áður var farin af stað varðandi endurskoðun á lögunum um þingfararkaup. Þau drög sem fyrir lágu voru þá kynnt og niðurstaða okkar í þingflokki Þjóðvaka varð að í ljósi þess að hér átti að vera um stutt sumarþing að ræða, menn töluðu um 10 daga, gætum við ekki litið svo á að breyting á lögunum um þingfararkaup yrði forgangsmál. Það var ljóst þá að á því stutta sumarþingi sem boðað var átti að fást við stór mál varðandi sjávarútveg, varðandi GATT o.fl. Auk þess voru ákveðin efnisatriði sem ekki samrýmdust þeirri launastefnu sem við vildum sjá þróast. Vissulega voru síðan enn önnur atriði sem við töldum að væru til bóta. Virðulegi forseti. Niðurstaðan varð sú að við gætum ekki litið á þetta mál sem forgangsmál og mundum þar af leiðandi ekki taka þátt í vinnslu þess. Þessi niðurstaða var kynnt öðrum formönnum þingflokkanna og síðan ítrekuð á fundi formanna þingflokka með forseta. Við höfum því ekki komið að vinnu við samningu þessa frv. né frágang en kynnt okkur það eftir föngum nú eftir að það er komið fram í þinginu.

Áfram eru vissulega í frv. ákvæði til bóta, svo sem í þá veru að reyna að jafna kjör þingmanna án tillits til búsetu þannig að hin hvimleiðu lögheimililismál verði nú úr sögunni, að þingmenn eigi rétt á barnsburðarleyfi o.fl. En það eru einnig áfram inni ákvæði um álagsgreiðslur, um að forsætisnefnd ákvarði tiltekin starfskjör eða starfskostnað sem áður var í höndum Kjaradóms og að skattaleg meðferð starfskostnaðar verði ákvörðuð í lögum þessum. Allt hlýtur þetta að orka tvímælis og getur aukið á tortryggni fólksins í landinu varðandi tilgang þessarar lagasetningar. Þingflokkur Þjóðvaka styður ekki þetta frv., en mun ekki tefja fyrir afgreiðslu þess.

[17:44]

**Kristín Halldórsdóttir:**

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til umræðu hefur verið nokkuð lengi í undirbúningi og í rauninni hef ég ekki margt um efni þess að segja. Hér er fyrst og fremst verið, eins og kom fram í ræðu hv. 1. flm., að árétta og lögfesta sitthvað sem lýtur að starfsaðstæðum og starfskjörum þingmanna og það er mín skoðun að í því efni sé ekki um neitt óhóf að ræða og á heldur ekki að vera það. Alþingi verður eins og aðrir að sníða sér stakk eftir vexti og getur ekki leyft sér að sækja fyrirmyndir til fyrirtækja eða jafnvel ríkisstofnana sem hvað ríkmannlegast búa að starfsfólki sínu. Það er svo aftur annað mál hvort ekki væri heppilegra, eins og reyndar hv. 1. flm. kom einnig að hér áðan, að hlutlaus aðili hefði það hlutverk að setja reglur um starfsaðstæður og starfskjör alþingismanna rétt eins og Kjaradómi er falið að taka ákvörðun um launakjör þeirra. En það er ekki beinlínis á dagskrá núna og reyndar mér vitanlega ekki væntanlegt á dagskrá.

Frv. sem hér er til umræðu hefur þegar verið kynnt þingflokkunum og þar með þingflokki Kvennalistans. Ég hef þó ekki beinlínis legið yfir texta þess, en tel þó ekki ástæðu til að gera við það miklar athugasemdir, en þó eina og þeirri athugasemd hefur verið komið á framfæri við þá nefnd þingflokksformanna sem hefur samið það og flytur það hérna. Þessi grein, sem ég vil gera athugasemd við, hefur raunar tekið nokkrum breytingum í meðförum. Þessi athugasemd lýtur að efni 9. gr. frv. eða nánar tiltekið efni 2. mgr. þeirrar greinar og enn nánar tiltekið 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. svo að þetta sé nú alveg ljóst.

Þar er fjallað um endurgreiðslu starfskostnaðar samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setur og eins og hv. 1. flm. lýsti áðan er hér um nýmæli að ræða. Þessi grein hljóðar svo, þ.e. 2. mgr.:

„Endurgreiða skal alþingismönnum annan starfskostnað samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setur. Heimilt er að greiða starfskostnað samkvæmt þessari málsgrein sem fasta fjárhæð í stað endurgreiðslu samkvæmt reikningum."

Með þessu ákvæði er verið að heimila greiðslu fastrar mánaðarlegrar upphæðar til að mæta kostnaði sem er nánar skýrður og skilgreindur í skýringum og er þar m.a. talað um ýmsan kostnað. Segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Nægir þar að nefna kostnað við kaup á tímaritum, bókum og blöðum, þátttöku í ráðstefnum og námskeiðum og ýmiss konar risnu, t.d. á fundum sem þeir þurfa að standa fyrir sem þingmenn svo að eitthvað sé nefnt."

Og það er rétt að þarna er um kostnað að ræða sem verður tæpast umflúinn. Það þekkja flestir hv. þingmenn. Kröfur um slíkt fara sífellt vaxandi og þróunin hefur orðið sú að það hefur orðið æ kostnaðarsamara t.d. að taka þátt í fundum og ráðstefnum af ýmsu tagi. Ég get nefnt sem dæmi að nýlega var haldin ráðstefna hér á landi um mjög áhugavert efni sem sannarlega hefði verið gagnlegt að sækja og var raunar sérstaklega eftir því leitað að alþingismenn sæktu þessa ráðstefnu, en þátttaka í henni kostaði heilar 25 þús. kr. og flestir hugsa sig nú um áður en þeir greiða slíkt úr eigin vasa. Og raunin er sú að flestir eða a.m.k. mjög margir sem sækja fundi og ráðstefnur af ýmsu tagi eru sendir þangað af fyrirtækjum, félögum eða stofnunum sem greiða kostnað af þátttöku viðkomandi, en þannig er því ekki varið með alþingismenn sem greiða slíkt úr eigin vasa eða ekki veit ég betur. Þannig var það a.m.k. Mér finnst eðlilegt að það sé tekið á þessu máli. En ég er ekki sammála því hvernig ætlunin er að taka á því, þ.e. með greiðslu fastrar upphæðar á mánuði án tillits til þess hvort til kostnaðarins hefur verið stofnað eða ekki. Mér finnst eðlilegt að slíkur kostnaður sé greiddur samkvæmt reikningi þannig að um sannanlegan kostnað sé að ræða og að forsætisnefnd setji reglur um það. Ég tek það fram að mér finnst ekki eðlilegt að leysa þetta með því að bjóða alþingismönnum upp á val í þessu efni. Mér finnst að það eigi að gilda hið sama um alla og tel eðlilegt að þessi síðasta setning verði felld niður. Ég vísa því til nefndar sem mun fjalla um málið.

[17:50]

**Flm. (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf í raun og veru ekki að gera miklar athugasemdir við það sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns þar sem málið er alveg skýrt eins og fram kom hjá henni, en ég vil bara ítreka að hér er um það að ræða að forsætisnefndin annaðhvort endurgreiði þessa hluti samkvæmt reikningi ellegar gefi mönnum kost á því að fá í staðinn fasta mánaðarlega fjárhæð.

Auðvitað ræður forsætisnefndin því samkvæmt frv. hvort hún gefur mönnum kost á þessu vali í fyrsta lagi. Í öðru lagi geta þingmenn væntanlega valið, ef sú er niðurstaðan, hvora leiðina þeir fara, en þeir geta að sjálfsögðu líka valið að þiggja hvorugt. Ég vek athygli á því.

[17:51]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir ýmsar ábendingar sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir vék að áðan, en mig langar í örstuttu máli að fara almennt orðum um þær lagabreytingar sem hér eru lagðar til.

Árið 1992, í árslok það ár, var samþykkt lagabreyting í þá veru að launakjör alþingismanna voru felld undir Kjaradóm. Þessu var ég mjög andvígur á sínum tíma og er enn. Reyndar var ég ekki einn um þá skoð-

un því að þessu var andmælt af samtökum launafólks almennt, Alþýðusambandi Íslands, BSRB, BHMR, en ásamt formanni BHMR undirritaði ég fyrir hönd BSRB bréf til Alþingis í októbermánuði 1992 þar sem að gefnu tilefni var áréttuð sú skoðun, með leyfi forseta, svo að ég vitni orðrétt í bréfið: „Að Alþingi beri að taka beina ábyrgð á kjörum þingmanna, ráðherra, æðstu dómenda og þjóðhöfðingja."

Kjaramál eru pólitísk í eðli sínu. Þar er enginn endanlegur sannleikur til. Í þeim undantekningartilvikum þar sem því verður ekki við komið að stéttarfélög semji um kjörin er nauðsynlegt að pólitískt ábyrgur aðili standi að baki ákvörðunum og sé þá reiðubúinn að standa og falla með gerðum sínum og ákvörðunum í þessu efni sem öðrum. Hugmyndin um Kjaradóm og kjaranefnd er að mínu mati röng og má nefna margar röksemdir sem ég ætla ekki að tíunda hér nú, en nefna má t.d. að óeðlilegt er að Hæstiréttur skipi aðila í Kjaradóm sem ákveður sjálfur starfsreglur og tekur síðan ákvörðun m.a. um eigin launakjör, þ.e. um launakjör dómara. Þetta varð frægt að endemum eins og við munum þegar laun hæstaréttadómara voru leiðrétt á sínum tíma svo að nam háum fjárhæðum, en hæstv. forsrh. viðhafði þá hin fleygu ummæli: Ég deili ekki við dómarann.

Ég er þeirrar skoðunar að laun flestra þeirra sem Kjaradómur tekur nú til eigi að ákvarðast með lögum samkvæmt tillögu launanefndar sem þannig starfaði á ábyrgð þingsins. Með þessu móti yrði séð fyrir því að pólitísk ábyrgð væri til staðar. Þannig er málum háttað annars staðar á Norðurlöndum. Almennt ráðast launakjör opinberra starfsmanna þar í kjarasamningum, en laun ráðherra, þingmanna og hæstaréttardómara með lögum.

Grundvallarhugsunin í þeim breytingum sem hér er verið að leggja til er að aðskilja kaup þingmanna og tilkostnað við starfið. Mín gagnrýni er fyrst og fremst sú að ég vil taka kjaramál alþingismanna úr höndum Kjaradóms og færa þau algerlega inn í þingið. Þegar síðan komið er að því að taka ákvörðun á að skoða kjörin að mínu mati með tilliti til almennrar launaþróunar í landinu og kjara almenns launafólks. Ég legg áherslu á að þetta á að vera viðmiðið og er mjög mikilvægt að menn haldi sig við það.

Með frv. er viðhaldið kerfi sem ég er andvígur. Þess vegna mun ég ekki styðja frv. Ég mun greiða atkvæði gegn þeirri grein þar sem vísað er sérstaklega í Kjaradóm. Um annað mun ég sitja hjá.

[17:55]

**Flm. (Geir H. Haarde)** *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er misminni hjá hv. 17. þm. Reykv. að Kjaradómur hafi fyrst byrjað að hafa afskipti af launum þingmanna árið 1992. Það gerðist miklu fyrr. 1980 var þingfararkaupsnefndin sem hér starfaði lögð niður með lögum og ákvörðun þingfararkaupsins flutt til Kjaradóms. Hins vegar voru ný lög um Kjaradóm samþykkt þarna 1992. Það mun vera það sem hv. þm. hefur eflaust átt við. (**ÖJ:** Þar sem þessi ákvörðun var tekin algerlega úr höndum þingsins.) Það var gert löngu fyrr reyndar. Það var búið að því. Þingfararkaupsnefndin var lögð niður og Kjaradómur tók þessi mál í sínar hendur 1980. En það er ekki aðalatriðið.

Hins vegar vil ég segja það að sú skoðun sem hv. þm. lýsti um hver eigi að taka þessar ákvarðanir er fullkomlega lögmætt sjónarmið og það tíðkast hvort tveggja í löndunum í kringum okkar, ýmist að þingið ákveði sjálft þessar greiðslur allar saman og þar með talin laun þingmanna, eða þá að það sé óháður aðili utan þings sem það gerir. Ég vil vekja athygli á að með frv. er verið að flytja hluta af þessu máli til baka inn í þingið þannig að í raun og veru er verið að fara í nokkrum mæli inn á þá braut sem hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, mælir með. Ef menn vilja ganga lengra verður það að gerast við annað tækifæri, en ég hins vegar tel að sjónarmið hv. þm. sé fullkomlega málefnalegt og fullkomlega eðlilegt að menn skoði það og ræði í tengslum við umræður um þessi mál.

[17:57]

**Ögmundur Jónasson** *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í málalengingar um þetta annað en að ég held að það komi kannski ekki efni málsins við að fara út í málalengingar um hvenær þessi breyting tók gildi. Ég er með gögn undir höndum þar sem BSRB var að skiptast á skoðunum við talsmenn þingsins um þessar breytingar haustið 1992, en það snertir í rauninni ekki efni málsins. Mitt viðhorf stendur eftir sem áður.

[17:58]

**Guðný Guðbjörnsdóttir:**

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau sjónarmið að það er margt í frv. sem er til bóta og ég geri ekki athugasemdir við. Hér er verið að lögleiða ýmislegt sem tíðkast hefur og er það vel. Það er fyrst og fremst ein grein frv. sem ég geri athugasemd við eins og reyndar hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, en það er 9. gr. frv. sem kveður á um að endurgreiða skuli alþingismönnum annan starfskostnað sem ég reyndar tel ekkert óeðlilegt að gera, eins og t.d. ráðstefnukostnað. En með því að það sé heimilað að þessar greiðslur komi sem föst upphæð mánaðarlega, þó að það sé gert að því er virðist til þess að það sé auðveldara í framkvæmd, má auðveldlega túlka þetta sem óskattskylda launagreiðslu sem hún yrði t.d. í reynd fyrir þá sem hafa lítinn sem engan ráðstefnukostnað eða minni kostnað en aðrir.

Ég tel mjög vafasamt að Alþingi gefi höggstað á sér með þessum hætti og ekki til þess fallið að auka traust fólks á Alþingi. Ef ætlunin væri að nota þessa grein til að hækka laun alþingismanna ættu slíkar tekjur að vera skattskyldar. Það er því mat mitt að hér sé farin sú hefðbundna sporsluleið að hækka launin með óbeinum óskattskyldum greiðslum.

Ég er þeirrar skoðunar að það beri að endurgreiða kostnað, t.d. við ráðstefnur. En ég tel að vænlegra sé að gera það samkvæmt reikningum og ég er einnig þeirrar skoðunar að það beri að hækka laun alþingismanna, ekki síst til að koma í veg fyrir að alþingismenn séu að snapa upp vinnu hér og þar til þess að

hafa sómasamleg kjör. En þessu tvennu á ekki að blanda saman eins og 9. gr. þessa frv. býður upp á.

Við kvennalistakonur höfum lagt áherslu á að í þeim tilgangi að koma á launajöfnun kynjanna sé æskilegt að endurskoða launakerfi ríkisins og gera það sýnilegt þannig að öll laun séu uppi á borðinu. 9. gr. þessa frv. er því spor í gagnstæða átt og því mun ég ekki greiða henni atkvæði mitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Matvæli, 3. umr.*

Stjfrv., 15. mál (heildarlög). — Þskj. 116.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.*

Stjfrv., 36. mál (verðjöfnunargjald af útflutningi, heildargreiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 117.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 45. mál (leiðréttingar). — Þskj. 88.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 3. umr.*

Stjfrv., 43. mál (álag á iðgjöld, ofanflóðasjóður). — Þskj. 118.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:07]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.

22 þm. (ÁE, ÁJ, BBj, DO, EOK, GE, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JóhS, JónK, LMR, MF, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 127).

**Útbýting þingskjala:**
Áfengislög, 6. mál, brtt. SP, þskj. 125.
Frestun á fundum Alþingis, 48. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 126.

### *Þingfararkaup, frh. 1. umr.*

Frv. GHH o.fl., 47. mál (heildarlög). — Þskj. 115.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

### *Matvæli, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 15. mál (heildarlög). — Þskj. 116.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:09]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ.

20 þm. (ÁJ, BBj, DO, EOK, GE, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, LMR, MF, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 128).

### *Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 36. mál (verðjöfnunargjald af útflutningi, heildargreiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖJ.

2 þm. (JBH, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (DO, EOK, GE, GAK, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, LMR, RG, SighB, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 129).

### *Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 45. mál (leiðréttingar). — Þskj. 88.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:11]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

### *Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, 3. umr.*

Stjfrv., 3. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 91, brtt. 87 og 121.

[18:14]

**Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 87. Flm. ásamt mér er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Tillagan gengur út á að frv. verði fellt og í staðinn fyrir 1.–6. gr. frv. komi nýtt ákvæði sem gangi inn í lögin um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og er það svohljóðandi:

„Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Komi fram ósk um að tiltekin tegund áfengis eða tóbaks verði flutt til landsins má eigi synja þeim tilmælum nema með vísun til annarra laga en þessara, enda hafi sá er tilmælin bar fram tryggt að Áfengis- og tóbaksverslunin fái andvirði vörunnar greitt."

Þetta á sér stoð í því að eitt af þeim atriðum sem menn hafa rætt um að kynni að orka tvímælis gagnvart skuldbindingum okkar á grundvelli EES-samninganna og þessu máli tengjast væri að ekki væri óyggjandi að lög og starfsreglur eða viðskiptahættir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins uppfylltu í öllum tilvikum skilyrði viðskiptahluta samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Það mætti hugsanlega finna því stoð að ekki væri nægilega vel tryggt með núverandi tilhögun að fullkomið og ótvírætt jafnræði væri að ræða milli aðila sem vilja bjóða sína vöru fram hér á markaði.

Nú er það svo að Áfengis- og tóbaksverslunin hefur breytt tilteknum atriðum í starfi sínu og sett sér nýjar innkaupa- og starfsreglur sem m.a. hafa verið samþykktar af fjmrn. og bornar undir eftirlitsstofnun EFTA án athugasemda, en eftir sem áður mætti hugsa sér að ganga enn tryggilegar frá þessu með ótvíræðu, „pósitífu" lagaákvæði sem hægt væri þá að vitna til ef menn héldu uppteknum hætti og væru með klögumál út af þessum þáttum. Það mætti líta til þess að menn hefðu sérstaklega með „pósitífu" lagaákvæði gengið þannig frá því að það væri ótvírætt lögbrot ef um mismunun væri að ræða. Þetta hefur verið má segja annar aðalþáttur gagnrýninnar sem fram hefur komið eða þeirra sjónarmiða sem sett hafa verið fram um að ríkiseinkasala samrýmdist ekki ákvæðum hinna frjálsu markaðsviðskipta eða hvað það nú er sem EES-samningurinn þarna byggir á.

Hitt hefur verið einhver óljós röksemdafærsla um það að ekki væru fyrir hendi forsendur til þess að það mynduðust sömu viðskiptasamböndin eða samtengslin milli framleiðenda eða söluaðila erlendis og þeirra umboðsmanna hér innan lands í núverandi fyrirkomulagi. Því atriði teljum við að menn eigi einfaldlega að hafna og verja sig fyrir dómi ef til umfjöllunar um það kæmi. En aðgerð af þessu tagi er í sjálfu sér auðvelt að gera gagnvart okkar lögum, að breyta ákvæðum um þetta atriði í lögunum um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, og það teljum við sjálfsagt að gera ef það megi verða til þess að mönnum vaxi þá kjarkur og menn leggi í það að standa á þeirri afstöðu sem stjórnvöld hér mótuðu og rökstuddu í tengslum við gerð samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og hafa rökstutt síðan í samskiptum við hina erlendu aðila.

Herra forseti. Að öðru leyti sé ég ekki eins og nú er komið málum ástæðu til að hafa um þetta mörg orð. Hér hefur farið fram mikil umræða um þessi mál og við höfum, andstæðingar þess, gagnrýnt það mjög harðlega hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur hér staðið að málum. Við sjáum enga ástæðu til þess að knýja fram afgreiðslu á þessum miklu ágreiningsmálum við þær aðstæður sem hér eru í þinghaldinu og með öllu óskiljanlegt að ríkisstjórnin skuli leggja jafnmikið ofurkapp og raun ber vitni á að fá þessi mál afgreidd á meðan fjölmörg önnur brýn þjóðþrifamál fá enga meðhöndlun á vorþinginu. Við óttumst það fordæmi sem með þessu er verið að gefa gagnvart hinu erlenda valdi, að það verði svo í framtíðinni og þá í fleiri tilvikum en þessum að í hvert skipti sem aðfinnslur eru gerðar af hálfu erlendra aðila, erlendra eftirlitsstofnana eða dómstóla sem starfa á grundvelli hins evrópska réttar, þá ætli menn að leggja niður skottið og standa ekki á rétti sínum heldur gefast upp fyrir fram og gera þær breytingar sem beðið er um hvort sem þær eru okkur geðfelldar eða hagfelldar eða ekki. Og auðvitað endurspeglar þetta mál í hnotskurn, eins og margir hafa bent á með mjög skýrum hætti, þau tíðindi sem orðin eru í okkar stjórnmálum með aðild okkar að Evrópuréttinum í gegnum samninginn um Evrópskt efnahagssvæði.

Þetta mál lýsir því í hnotskurn hvert valdið hefur verið flutt ef svo er komið að við Íslendingar getum ekki lengur haft þá tilhögun á dreifingu þessarar vöru innan lands sem við kjósum. Hér er ekki um það að ræða að við ætlum að byggja á einhverri verndarstefnu, neita mönnum um að þessar vörur séu fluttar inn og að allir njóti þar jafnræðis. Ekki er um það að ræða að hér eigi að mismuna mönnum á grundvelli þjóðernis né neitt slíkt, heldur eingöngu um það að ræða hvort við Íslendingar megum ráða því sjálfir hvernig varan er meðhöndluð innan landsteinanna. Hér er verið að segja að svo sé ekki lengur. Við verðum að gefast upp fyrir klögumálum utan úr heimi, sem að

vísu hafa verið framkölluð með kærum af okkar eigin ríkisborgurum, og breyta þessu án þess að svo mikið sem reyna að standa á rétti okkar og verja okkur í málinu. Þetta er dapurlegt, herra forseti. Þetta er ákaflega ömurlegt satt best að segja, en um leið lýsandi fyrir þau kaflaskipti sem orðin eru í íslenskum stjórnmálum. Það er afar hörmulegt hlutskipti manna sem stóðu að því að gagnrýna þennan samning á sínum tíma, draga fram í dagsljósið hvaða breytingar mundu fylgja honum, að þurfa nú að bera ábyrgð á afgreiðsu mála af þessu tagi og bera þar ekki einu sinni hönd fyrir höfuð sér, hvað þá annað.

Ég vísa til þess sem áður hefur komið fram af okkar hálfu, herra forseti. Við erum algerlega andvíg afgreiðslu þessara mála. Við leggjum því til í þessari breytingartillögu að í stað 1.–6. gr. frv., þ.e. í staðinn fyrir öll efnisákvæði frv. að gildistökugreininni einni undanskilinni, komi sú brtt. sem ég hef hér gert grein fyrir. Þar með væri málið út úr heiminum með mjög farsælum hætti og við gætum vísað til þess að við hefðum tryggt enn frekar en orðið var í okkar löggjöf að við stæðum við okkar samningsskuldbindingar að þessu leyti. Málið væri svo síðan ekki í okkar höndum hvað það snertir hvort slík niðurstaða hér á Alþingi mundi leiða til dómstólameðferðar af hálfu dómstóls Evrópska efnahagssvæðisins í kjölfar þess þá að eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu þangað. Það mundi þá koma í ljós í framhaldinu og við þyrftum ekki að byggja á getgátum eða hótunum í því sambandi heldur mundi einfaldlega á það reyna og við fáum ekki séð að Ísland hafi ekki í þessu tilviki fullan rétt til þess að reyna að verja sinn málstað ef eða þegar til slíks kæmi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Áfengislög, 3. umr.*

Stjfrv., 6. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 124, brtt. 125.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. á þskj. 125. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

[18:24]

**Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):**

Virðulegi forseti. Í þeirri brtt. sem ég mæli fyrir við frv. til laga um breyting á áfengislögum er lagt til að gildistöku laganna verði frestað til 1. des. nk. Er það gert til samræmis við þær breytingar sem gerðar eru á frv. til breytinga á lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og frv. til laga um gjald af áfengi. Þó er lagt til að 3. gr. frv. taki gildi 1. ágúst nk. eins og frv. gerir ráð fyrir. Það ákvæði kveður á um heimild til upptöku sérhæfðra áhalda sem nota á við framleiðslu á ólöglegu áfengi óháð því hvort slík framleiðsla sé þegar hafin eða ekki. Brýnt er að sem víðtækastar heimildir séu til staðar til að sporna við framleiðslu á ólöglegu áfengi, enda virðist sala heimatilbúins vínanda fyrst og fremst beinast að ungu fólki undir lögaldri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Gjald af áfengi, 3. umr.*

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 123.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, 2. umr.*

Stjfrv., 42. mál. — Þskj. 83, nál. 120.

[18:26]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 120 um frv. til laga um úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna frá sjútvn.

Nefndin fjallaði um frv. á fundi í dag og fékk til fundar við sig fulltrúa fyrrverandi deiluaðila sem nú eru orðnir sáttir, þ.e. á fundinn komu Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Kristján Ragnarsson frá Landssamandi ísl. útvegsmanna og Þórarinn Viðar Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Einnig kom á fundinn Árni Kolbeinsson frá sjútvrn.

Það var farið yfir efni frv. og ræddar brtt. sem nauðsynlegt væri að gera í kjölfar breytinga sem samningsaðilar urðu ásáttir um að gera frá fyrri tilhögun sem fram hafði komið í svonefndri sáttatillögu og eru fluttar á þskj.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum að í 2. mgr. 3. gr. komi fimm dagar þar sem nú stendur vika. Þetta styttir þann frest sem þar er á ferðinni úr viku í fimm daga.

Við 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. verði sömuleiðis breyting þar sem fjallað er um frest sem úrskurðarnefndin hefur til að fella sína úrskurði. Og orðist 2. málsl. 1. mgr. svo:

„Nái þeir ekki samkomulagi um ákvörðun fiskverðs innan 14 daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra aðila en innan sjö daga varði málið viðskipti óskyldra skal málið tekið fyrir í fullskipaðri nefnd og skal hún kveða upp úrskurð innan sjö daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra en innan fjögurra daga varði málið viðskipti óskyldra.“

Efnislega, herra forseti, styttir þetta frestinn sem um er að ræða í viðskiptum óskyldra aðila úr 14 dögum í sjö og úr sjö dögum í fjóra í viðeigandi tilvikum. Og um þessa breytingu, að stytta þessa fresti, urðu samn-

ingsaðilarnir sammála og við leggjum til að svofelldar breytingar komi inn í frv., en að öðru leyti, verði það afgreitt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita allir nefndarmenn sjútvn. og Svanfríður Jónasdóttir, fulltrúi Þjóðvaka, með fyrirvara.

Það sjónarmið kom fram í nefndinni að rétt væri að athuga hvort möguleiki væri á því að frv. gæti rekist á við ákvæði samkeppnislaga og höfðu menn þá væntanlega einkum í huga hvort úrskurðir nefndarinnar eða ákvarðanir, sem hefðu bein áhrif á fiskverð í viðskiptum óskyldra aðila, gætu með einhverjum hætti flokkast undir samkeppnishindrandi aðgerðir eða með öðrum hætti rekist á ákvæði samkeppnislaga. Í framhaldi af fundinum var haft samband við Samkeppnisstofnun og stofnunin beðin að athuga eins og kostur væri á skömmum tíma sem til stefnu var í dag hvort ástæða væri til að hafa áhyggjur af þessum þætti sérstaklega. Eftir lauslega athugun, eða athugun eins góða og kostur var við þessar aðstæður, þá er það niðurstaða Samkeppnisstofnunar, eða þeirra sérfræðinga þar á bæ sem þetta skoðuðu í dag, að í fljótu bragði sjái þeir ekki ástæðu til að óttast að þarna verði um árekstra að ræða.

Í fyrsta lagi megi reyndar velta því fyrir sér hvort málið sem slíkt geti komið til kasta Samkeppnisstofnunar eða Samkeppnisstofnun sé til þess bær að fjalla um það þar sem um kjarasamningaatriði er að ræða og það er eðli málsins samkvæmt þannig að eins og menn þekkja, þá gera samkeppnislögin ekki ráð fyrir því að Samkeppnisstofnun blandi sér í þætti sem samkvæmt vinnulöggjöf eða venju á vinnumarkaði falla undir efni kjarasamninga eða eru leyst í kjarasamningum. Strax með þessum fyrirvara er ekki víst að það kæmi yfirleitt til kasta Samkeppnisstofnunar að taka fyrir mál sem af þessu kynni að rísa.

Í öðru lagi: Þó svo væri er það niðurstaða Samkeppnisstofnunar, eins og ég segi, í fljótu bragði að þeir sjá ekki að ástæða sé til að óttast að þarna verði um árekstra að ræða.

Í þriðja lagi kæmi til slíks að til stofnunarinnar væri beint umkvörtun út af árekstrum við samkeppnislög mundi umfjöllun um slíkt falla undir ákvæði 19. gr. samkeppnislaga og eru þá fyrst og fremst í því formi að Samkeppnisstofnun lætur í ljós álit sitt og beinir tilmælum til stjórnvalda en ekki í því formi að þau ákvæði laganna sem fjalla um úrskurðarvald Samkeppnisstofnunar eða aðra slíka þætti verði virk. Jafnvel þó svo færi og það yrði metið svo að Samkeppnisstofnun bæri að fjalla um mál sem þangað væri vísað, þá mundi hennar umfjöllun væntanlega verða á grundvelli 19. gr. og í þessu formi þannig að þá gæfist stjórnvöldum í staðinn kostur á að bregðast við og taka slík tilmæli til meðferðar og slíkar ábendingar þannig að úr því mætti þá vinna.

Í þessu ljósi sýnist mér mega gefa mönnum nokkuð góða vissu um það, herra forseti, að ekki sé ástæða til að hafa miklar áhyggjur af þessum þætti málsins.

Eins og kunnugt er, herra forseti, standa yfir atkvæðagreiðslur í dag um téðan samning sem undirritaður var í nótt og það er líklegt að þeim atkvæðagreiðslum og talningu ljúki núna undir miðnættið. Þess vegna var spurning hvort ástæða væri til að bíða með gildistöku laga þessara eða endanlega afgreiðslu þeirra þangað til ljóst væri hver niðurstaðan er því að augljóslega er efni frv. órjúfanlega tengt þessum samningum og á ekki erindi inn í landslög nema svo fari að þessir samningar náist og þeir verði samþykktir, en í því sambandi höfum við rætt og það hefur verið athugað í dag hvort ekki megi leysa úr því atriði með því að flytja brtt. við gildistökuákvæði frv. ef til kemur, þ.e. ljúki Alþingi störfum áður en ljós er niðurstaðan úr atkvæðagreiðslunni, og þá yrði þannig frá því gengið í því gildistökuákvæði að gildistaka laganna yrði tengd þeirri forsendu að samningarnir yrðu samþykktir. Ég tel þá eðlilegt að bíða með flutning slíkrar brtt. þangað til við 3. umr. málsins ef á það reynir, þ.e. í ljósi þess að Alþingi er þá að ljúka störfum áður en niðurstaða liggur fyrir úr talningu.

Að þessu sögðu, herra forseti, mælum við með því eins og áður segir að frv. verði samþykkt með brtt. sem flutt er í nefndaráliti á þskj. 120.

[18:36]

**Svanfríður Jónasdóttir:**

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli frsm. nefndarálits skrifa ég undir álitið með fyrirvara. Menn geta leikið sér að því að kalla það varkárni viðvaningsins, ekki síst í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram í þingsölum um fyrirvara og síðan önnur þau orð eða þær hugmyndir sem menn kunna að hafa um þau lög sem fjallað er um.

En allt um það. Minn fyrirvari tengist fyrst og fremst hugleiðingum og spurningum sem munu vaka áfram vegna þess að ég geri mér fullvel grein fyrir því, virðulegi forseti, að svör við þessum spurningum fást einungis við framkvæmd, við reynslu af því frv. sem hér liggur fyrir sem hefur þá sérstöðu að vera hluti samnings á milli sjómanna og útgerðarmanna og verður ekki breytt efnislega á hinu háa Alþingi. Eigi að síður ber Alþingi ábyrgð á þessum lögum líkt og öðrum landslögum. Þess vegna, virðulegi forseti, tel ég að það sé mikilvægt að við reynum að gera okkur grein fyrir inntaki laganna þrátt fyrir að þeim megi ekki breyta.

Mér er ljóst að tilgangur þessara laga er fyrst og fremst sá að hér skapist vettvangur þar sem sjómenn og útgerðarmenn geta í fullu trausti hver til annars úrskurðað um fiskverð sem sjómenn geta verið sáttir við. Sú niðurstaða að fara í þessa úrskurðarnefnd er í raun inni afleiðing af tortryggni sem hefur verið ríkjandi á milli þessara aðila vegna þess að ýmsir útgerðaraðilar hafa notfært sér þann sveigjanleika sem er í lögunum um stjórn fiskveiða varðandi framsal á kvóta með þeim hætti að sjómenn hafa verið hlunnfarnir. Áður hefur verið gerð tilraun með nefnd, það var í kjölfar síðustu samninga sjómanna, og á fundi hv. sjútvn. í dag spurði hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hvort þessi nefnd yrði betri, hvort menn reiknuðu með að hún skilaði meiri árangri en sú nefnd sem áður hafði verið að störfum. Svör sjómanna voru þau að menn færu með jákvæðum hug inn í þetta starf engu síður en hitt. Menn væru staðráðnir í að traust skapaðist á milli aðila og mun-

urinn væri sá að nefndin sú hin fyrri sem hefði flosnað upp hefði einungis átt að skila áliti, en þessi nefnd eigi hins vegar að veita úrlausnir. Hún á að skera úr um mál svo að óyggjandi sé. En þar komum við kannski að því nákvæmlega sem gerir það að verkum að við hljótum að íhuga örlítið hvaða afleiðingar þau lög sem frv. stefnir til gætu haft á ýmsa þá þætti hér í þjóðlífinu varðandi verðlagningu á fiskafurðum og annað það í okkar efnahagslega umhverfi sem því tengist.

Ef við lítum á 1. gr. þá er þar kveðið á um að nefndin hafi það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skuli við uppgjör á aflahlut. Virðulegi forseti. Hér má ályktа sem svo að um gæti orðið að ræða nokkurs konar pappírsverð, þ.e. verð sem samið yrði um án tillits til þess hvað útgerðin raunverulega fær greitt fyrir afla, þ.e. að gerðir verði fastir samningar um verð. Í tengslum við það getum við velt því fyrir okkur hvort hér sé verið að stíga skref eða opna fyrir það að stigin verði skref frá hlutaskiptum. Og við getum líka velt því fyrir okkur, og það tengist þá beint, hvernig það síðan samræmist ákvæðum um hæsta gangverð fyrir fisk. Ef við lítum til 2. gr. þar sem kveðið er á um að nefndin skuli reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum og sjómönnum sem best, og þar er talað um yfirlit um fiskverð á einstökum landsvæðum, þá gætum við einnig velt því fyrir okkur hvort þessi ákvæði gætu leitt til þess — og nú er þetta allt í viðtengingarhætti, virðulegi forseti, því að eins og ég sagði áðan er minn fyrirvari fyrst og fremst tengdur hugleiðingum vegna spurninga sem munu vaka áfram — en gæti með þessum hætti þróast fast fiskverð sem yrði þá mismunandi eftir landshlutum? Ef tekið er tillit til bæði þess sem gerist í beinum viðskiptum á milli aðila og þeim viðskiptum sem fara á markaði, þá gætum við ályktað sem svo út frá þeirri reynslu sem við höfum að fiskverð gæti orðið mismunandi eftir landshlutum og við gætum þá velt því fyrir okkur í framhaldi þess hver afleiðing þess yrði fyrir þróun vinnslunnar, hver afleiðingin yrði varðandi þá sérhæfingu sem ég hygg að við séum öll sammála um að þurfi áfram að eiga sér stað í vinnslunni, sem þurfi að þróast áfram vegna þess að á því ríður um lífskjör, ekki bara þess fólks sem í fiski vinnur heldur okkar allra. Við veltum því þá í framhaldi fyrir okkur hvort sala á óveiddum fiski muni áfram á ákveðnum landsvæðum sjá um að sú sérhæfing í vinnslunni sem við viljum sjá haldi áfram því að það er ljóst að viðskipti sem kölluð hafa verið „tonn á móti tonni" eru ekki búin með þessum lögum eða með þessari úrskurðarnefnd.

Í 5. gr. er talað um verð í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum og það leiðir okkur aftur, virðulegi forseti, inn í vangaveltur um möguleika fiskvinnslunnar til sérhæfingar og þess fjölbreytileika sem þar er að verða. Við hljótum líka að velta því fyrir okkur hvernig verði í framtíðinni tekið á því þegar mismunandi er hver leggur til kvótann. Verður sama verð greitt án tillits til þess hver leggur kvótann til? Verður sama verð greitt án tillits til þess hvort vinnslan leggur til kvótann, hvort hann er úthlutaður skipinu eða hvort landað er tonn á móti tonni? Þannig, virðulegi forseti, eru ýmsar spurningar sem vakna við lestur frv. og það eru spurningar sem varða ýmis grundvallaratriði sem mörgum hverjum verður ekki svarað fyrr en reynslan er búin að skera úr um hvernig þessi úrskurðarnefnd muni reynast.

Það er eitt atriði í viðbót sem ég vil gera að umræðuefni vegna þess að með því að Alþingi setur hér lög um þessa úrskurðarnefnd tekur það að sjálfsögðu ábyrgð á þessum lögum og í lögunum er ákvæði um oddamann, oddamann sem sjútvrh. er ætlað að skipa og mundi þannig starfa á ábyrgð ríkisvaldsins.

Í fyrsta lagi hljótum við að velta því fyrir okkur hversu langt frá eða nálægt við erum þá komin því fyrirkomulagi sem áður ríkti þegar oddamaður gjarnan skar úr um fiskverð og síðan gátu aðilar, útgerð eða fiskvinnsla eftir atvikum, varpað ábyrgð af afkomu sinni yfir á ríkisvaldið. Ég held að við hljótum að velta þessari spurningu fyrir okkur og við hljótum að fylgjast með framgangi þessa máls og gaumgæfa hvernig því vindur fram.

Þetta eru þær spurningar sem vöknuðu í mínum huga við að lesa frv. sem hér liggur fyrir. Spurningunni um samkeppnislögin svaraði formaður hv. sjútvn. áðan eins vel og henni er hægt að svara núna, en eins og ég gat um í upphafi setti ég minn fyrirvara vegna spurninga sem ég veit að mörgum hverjum verður ekki svarað í bráð. En hér liggur fyrir frv. sem varðar samkomulag sjómanna og útvegsmanna. Hér liggur fyrir texti sem þeir hafa orðið sammála um. Og ég mun styðja þetta mál þegar það kemur til afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 18:49]

## *Gjald af áfengi, frh. 3. umr.*

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 123.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:06]

Frv. samþ. með 30:7 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE.

**nei:** GHelg, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS.

4 þm. (ÁE, JóhS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁRJ, EOK, GE, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, IP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, RG, SF, StG, StB, SvanJ, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 132).

***Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 3. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 91, brtt. 87 og 121.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:13]

Brtt. 87 felld með 30:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** GHelg, KHG, KÁ, MF, ÓRG, SJS, SvG, ÖJ, RA.

**nei:** ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, GAK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, TIO, VE, ArnbS.

4 þm. (ÁE, JóhS, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, EOK, GE, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, IP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, RG, SF, StB, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:13]

**Ögmundur Jónasson:**

Hæstv. forseti. Að mínum dómi hafa menn stutt áfengisfrv. á þrenns konar forsendum.

Í fyrsta lagi eru það hagsmunir. Þeir eru til sem telja að gróðasjónarmið eigi að ráða ferðinni í áfengissölu.

Í öðru lagi eru það hugsjónamennirnir, pólitísku frjálshyggjumennirnir, þeir sem eiga sér þann draum æðstan að koma öllu lifandi og dauðu á markað, líka brennivíni.

Í þriðja lagi eru það þeir sem gjarnan vildu hlusta á sjónarmið og varnaðarorð heilbrigðisyfirvalda og almannasamtaka sem starfa á sviði áfengisvarna, en telja að fyrirkomulag eins og er nú við lýði stríði gegn skuldbindingum okkar gagnvart EES.

Hér er tækifæri fyrir þessa aðila að styðja tillögu um lagabreytingu sem ætla má að taki af öll tvímæli í þessu efni. Ég segi já.

Brtt. 121 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

9 þm. (JóhS, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, EOK, GE, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, IP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MF, RG, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 32:8 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

**nei:** GHelg, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ.

3 þm. (ÁE, JóhS, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, EOK, GE, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, IP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MF, RG, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 133).

***Áfengislög, frh. 3. umr.***

Stjfrv., 6. mál (innflutningur áfengis). — Þskj. 124, brtt. 125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:19]

Brtt. 125 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE.

12 þm. (GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, RG, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33:2 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VE, ÖS.

**nei:** GHelg, KHG.

10 þm. (ÁE, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, RG, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 134).

***Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, frh. 2. umr.***

Stjfrv., 42. mál. — Þskj. 83, nál. 120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:21]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1 í nál. 120 samþ. með 45 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, MS, MF, ÓE, ÓRG, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, ÓÖH, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

4.–6. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁE, EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 120 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JBH, JónK, KH, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KÁ, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

8.–12. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KÁ, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁE, EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

**Útbýting þingskjala:**
Þingfararkaup, 47. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 130; nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 131.

Fundi slitið kl. 19:28.

---

# 27. FUNDUR

fimmtudaginn 15. júní,
að loknum 26. fundi.

**Dagskrá:**
1. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 45. mál, þskj. 88. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Þingfararkaup, frv., 47. mál, þskj. 115, nál. 130 og 131. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
3. Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, stjfrv., 42. mál, þskj. 135. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

## *Afbrigði um dagskrármál.*

**Forseti (Ragnar Arnalds):**
Fyrir fundinum liggja þrjú dagskrármál. Leita þarf afbrigða til að þau mál megi koma fyrir þar sem of skammt er liðið frá síðustu umræðu þeirra og útbýtingu þskj.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

## *Athugasemdir um störf þingsins.*
Frumvarp til lyfjalaga.

[19:30]

**Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):**
Herra forseti. Nú líður að lokum þessa þings og ég sé það á dagskrá þeirri sem nú hefur verið dreift að ekki er gert ráð fyrir að taka fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum. Ég geri mér grein fyrir að það er ekki fullkomið samkomulag um þetta mál, en til þess að það sé skýrt og enginn þurfi að velkjast í vafa um það hefur

ríkisstjórnin ákveðið að endurflytja frv. strax í upphafi haustþings og þar með að fresta gildistökuákvæðum lyfjalaganna sem taka áttu gildi 15. nóvember nk.

Ég vildi að þetta kæmi fram þannig að það sé öllum ljóst að það er óbreytt áætlun ríkisstjórnarinnar að fresta gildistöku málsins.

### *Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 45. mál (leiðréttingar). — Þskj. 88.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Þingfararkaup, 2. umr.*

Frv. GHH o.fl., 47. mál (heildarlög). — Þskj. 115, nál. 130 og 131.

[19:32]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað.

Nefndin gerir tillögu um eina breytingu, að við 3. gr. frv. bætist ný málsgrein sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Formenn þingnefnda, sbr. 13. gr. þingskapa, og formenn þingflokka skulu fá greitt 15% álag á þingfararkaup. Enginn getur fengið nema eina álagsgreiðslu mánaðarlega samkvæmt þessari málsgrein. Enn fremur er heimilt að greiða formanni sérnefndar, sbr. 32. gr. þingskapa, svo og varaformanni fastanefndar sambærilegt álag eða hluta þess, ef sérstök ástæða er til."

Undir þetta rita allir nefndarmenn í efh.- og viðskn. utan Ágúst Einarsson, en tekið skal fram að Pétur H. Blöndal skrifar undir með fyrirvara.

Þetta mál var rætt nokkuð í nefndinni og nefndin er sammála um að reglur um þessi atriði þurfi að vera gagnsæjar og öllum skiljanlegar þannig að hver sem vill geti sem best gert sér grein fyrir því hvaða starfskjör þingmenn búa við.

Varðandi breytingarnar sem þarna er verið að gera má segja að það séu mjög litlar breytingar gerðar á launaliðum þingmanna. Meginaðferðin varðandi ákvörðun launa þingmanna er að sjálfsögðu Kjaradóms eins og verið hefur. Þær breytingar sem að öðru leyti eru við 15% álag á laun formanna þingflokka og formanna þingnefnda auk varaforseta Alþingis koma á móti lækkun sem er gerð vegna varaþingmanna, þ.e. kostnaður sem þingið leggur út í vegna varaþingmanna lækkar vegna takmarkana sem þar eru settar.

Það má segja að það sé grundvallaratriði í rekstri fyrirtækja í landinu og almennt að þau leggja í töluverðan kostnað vegna starfsmanna til að auka þekkingu þeirra og kostnað sem tengist atvinnurekstrinum. Það hefur verið svo að alþingismenn hafa ekki notið sambærilegra kjara að þessu leyti og reglur um þetta hafa verið afar óljósar. Því er eðlilegt að það sé tekið á þessum málum þannig að starfskjör alþingismanna verði hvað þetta snertir svipuð og almennt tíðkast í atvinnulífinu, að kostnaður sé greiddur vegna starfstengdra útgjalda.

Það hefur nokkuð verið rætt um 6., 7., 8. og 9. gr., sérstaklega um 7. gr. sem fjallar um ferðakostnað og 9. gr. Nefndin gerir ekki tillögu um neinar breytingar á þessum greinum. Þó má segja að það hafi komið fram það sjónarmið í nefndinni að það sé eðlilegri leið að forsætisnefnd íhugi að greiða alþingismönnum starfskostnað eftir reikningum þannig að alþingismenn hafi ákveðinn kvóta sem þeir geti þá ráðstafað reikningum upp í vegna starfstengdra gjalda frekar en greiða fasta upphæð fyrir fram ákveðna. En þetta þarf forsætisnefnd að skoða sérstaklega, hvor leiðin væri hentugri í þessum efnum.

Síðan var rætt um 16. gr. og meginsjónarmið nefndarinnar varðandi hana er að þegar fyrirtæki á í hlut eru það fyrst og fremst stjórnendur viðkomandi fyrirtækis sem ákveða í hvaða kostnað er lagt og hvernig sá kostnaður tengist rekstri fyrirtækis, en það sem hér er á ferðinni er að alþingismenn verða að ákveða sjálfir hvaða kostnaður þarna er til staðar og þess vegna er eðlilegt að það sé tekið sérstaklega á skattskyldunni í þessum lögum.

[19:38]

**Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):**

Herra forseti. Frv. það sem er verið að fjalla um er lagt fram af forsvarsmönnum allra þingflokka á Alþingi fyrir utan Þjóðvaka. Þingmenn Þjóðvaka hafa á engan hátt tekið þátt í samningu frv. Ætlun flutningsmanna, forustumanna hinna þingflokkanna, er að afgreiða málið á nokkrum klukkustundum nú í dag. Það eru ekki góð vinnubrögð í þessu máli. Þjóðvaki telur flest mál brýnni í þjóðlífinu en að festa í lög ákvörðunarvald alþingismanna um hluta af eigin launakjörum. Þingmenn Þjóðvaka telja að óháður aðili eins og Kjaradómur eigi að ákveða allt sem viðvíkur launamálum og þingfararkostnaði alþingismanna. Sú regla á að gilda að alþingismenn komi ekki að slíkum ákvörðunum.

Launakjör alþingismanna eru ávallt viðkvæmt efni í okkar þjóðlífi og fullur trúnaður verður að ríkja milli alþingismanna og fólksins í landinu, m.a. um launa- og starfskjör þingmanna.

Í 2. mgr. 9. gr. er kveðið á um að endurgreiða skuli alþingismönnum annan starfskostnað samkvæmt reglum forsætisnefndar. Heimilt er að greiða starfskostnað samkvæmt þessari málsgrein sem fasta fjárhæð í stað endurgreiðslna samkvæmt reikningum. Þingflokkur Þjóðvaka telur óeðlilegt að forsætisnefnd fái svo víðtæka heimild, sérstaklega í ljósi ákvæða 16. gr. frv. um skattfrelsi slíkra greiðslna. Þingflokkur Þjóðvaka leggst eindregið gegn þessu ákvæði frv.

Í 16. gr. frv. er gert ráð fyrir að greiðsla þingfararkostnaðar sé framtalsskyld en ekki skattskyld. Það orkar mjög tvímælis að greiðslur ákveðnar af forsætisnefnd séu ekki skattskyldar og þar með óháðar skattalegu mati ríkisskattstjóra. Þingflokkur Þjóðvaka leggst eindregið gegn þessu ákvæði frv.

Þingflokkur Þjóðvaka tekur að öðru leyti ekki þátt í afgreiðslu málsins.

[19:40]

**Kristinn H. Gunnarsson:**

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er til umræðu er m.a. flutt af þingflokksformanni Alþb. og í því felst að þingflokkurinn hefur heimilað honum að standa að flutningi málsins og ég mun að sjálfsögðu standa að því að afgreiða málið og samþykkja það.

Ég tek ekki undir þær athugasemdir sem fram hafa komið frá þingmönnum Kvennalista og Þjóðvaka og ég tel rétta leið, sem farin er í frv., að skilja á milli ákvörðunar þings annars vegar og Kjaradóms hins vegar.

Hins vegar er eitt atriði í frv. sem ég hef gert athugasemdir við og vil að komi fram þó að þær breyti því ekki að ég muni styðja málið í heild sinni þegar það gengur til atkvæða. Ég er andvígur 4. gr. frv. sem kveður á um að alþingismenn sem gegndu starfi hjá hinu opinbera áður en þeir tóku sæti á Alþingi hafi rétt umfram aðra alþingismenn sem gegndu starfi á almennum vinnumarkaði áður en þeir urðu alþingismenn. Ég tel ekki efni standa til þess að alþingismenn, sem áður gegndu starfi hjá hinu opinbera, svo sem Háskóla Íslands eða hafa verið kennarar, njóti þess atvinnuöryggis að halda stöðu sinni í allt að fimm ár og hafa auk þess þar á eftir í önnur fimm ár forgangsrétt að starfi hjá hinu opinbera eða atvinnuöryggi í allt að tíu ár samfleytt. Í greinargerðinni kemur fram að hér sé um að ræða lágmarksákvæði þannig að það er ljóst að menn geta notið rýmri réttinda en kveðið er á um í þessari grein.

Ég get ekki fallist á það, virðulegur forseti, að þeim alþingismönnum sem áður gegndu starfi hjá hinu opinbera sé frekar hætt við því að falla út af þingi en alþingismönnum sem gegndu starfi á almennum vinnumarkaði áður en þeir tóku hér sæti og af þeirri ástæðu sé ég ekki rök til þess að vernda þá sérstaklega fyrir því að missa starf sitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

**Útbýting þingskjala:**

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, 42. mál, þskj. 135; brtt. SJS, þskj. 136.

***Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, 3. umr.***

Stjfrv., 42. mál. — Þskj. 135, brtt. 136.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 136. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

[19:45]

**Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):**

Herra forseti. Eins og ég tók fram höfum við útbúið brtt. ef svo skyldi fara að Alþingi lyki fyrr störfum í kvöld en niðurstaða lægi fyrir í atkvæðagreiðslu sjómanna um nýgerðan kjarasamning. Þá væri eðli málsins samkvæmt eðlilegt að ganga þannig frá gildistökuákvæðum frv. að ótvírætt væri að lögin öðluðust þá aðeins gildi að hinir tilskildu kjarasamningar milli Landssambands ísl. útvegsmanna annars vegar og sjómannasamtakanna hins vegar yrðu samþykktir. Nú lítur út fyrir að Alþingi ljúki störfum á næstu mínútum eða næstu klukkustundum eða svo, en niðurstaða mun væntanlega ekki liggja fyrir í talningu atkvæða fyrr en undir miðnætti þannig að ég flyt fyrir hönd sjútvn., sem ekki hafði tök á því að koma saman sérstaklega út af þessu máli, en ég leyfi mér að fullyrða að það sé í fullri sátt við það sem áður var rætt um málið, brtt. sem gerir ráð fyrir að gildistökuákvæði laganna sé bundið því að kjarasamningarnir verði samþykktir. Og af því leiðir einnig að gera þarf þá breytingu að gildistökuákvæðið hvað varðar niðurfellingu eldri lagaákvæða verði sömuleiðis tengt saman og um það fjallar annar liður brtt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:48]

Brtt. 136 samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

**já:** ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MS, MF, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, VE, ÖJ.

**nei:** ÖS.

1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.

25 þm. (ArnbS, ÁE, ÁMM, DO, EOK, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, ÓE, RG, SF, SvG, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GMS) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EOK, FrS, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 137).

***Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.***

Frv. efh.- og viðskn., 45. mál (leiðréttingar). — Þskj. 88.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:50]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, ÖJ, ÖS.

17 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HBl, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 138).

***Þingfararkaup, frh. 2. umr.***

Frv. GHH o.fl., 47. mál (heildarlög). — Þskj. 115, nál. 130 og 131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:51]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RA, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HBl, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 130 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

6 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, MF, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (EOK, FrS, GE, GB, GÁS, HÁs, HBl, HG, IP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, ÓRG, RA, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

6 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, MF, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HBl, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 41:1 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KÁ, KH, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE.

**nei:** KHG.

5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

5.–8. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

9. gr., fyrri mgr., samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.

5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

9. gr., síðari mgr. fyrri málsl., samþ. með 42:4 atkv. og sögðu

**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.
**nei:** ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ.
1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.
16 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

9. gr., síðari mgr. síðari málsl., samþ. með 41:6 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.
**nei:** ÁE, ÁRJ, JóhS, KH, SvanJ, ÖJ.
1 þm. (GGuðbj) greiddi ekki atkv.
15 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

10.–15. gr. samþ. með 43:1 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.
**nei:** ÖJ.
4 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

16. gr. samþ. með 41:4 atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.
**nei:** ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ.
3 þm. (KH, PHB, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

17. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JBH, KHG, KÁ, KH, MS, MF, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS.
5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KPál, LMR, LB, RG, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 19:59.

---

# 28. FUNDUR

fimmtudaginn 15. júní,
að loknum 27. fundi.

**Dagskrá:**

1. Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 96 28. sept. 1990, um atvinnuleysistryggingar.

2. Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 27. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969.

3. Kosning sjö manna og sjö varamanna í stjórn Byggðastofnunar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. laga nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun.

4. Kosning tveggja manna og tveggja varamanna í stjórn Hollustuverndar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 70/1995, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

5. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 3. gr. laga nr. 61/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

6. Kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra varamanna í stjórn Kísiliðjunnar hf. til fjögurra ára, frá 20. apríl 1995 til jafnlengdar 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

7. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

8. Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Landsvirkjunar, allra til fjögurra ára, frá 1. júlí 1995 til 30. júní 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. laga nr. 42 23. mars 1983, um Landsvirkjun.

9. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn menningarsjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlut-

fallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 79. 18. maí 1993, um menningarsjóð.

10. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 10. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

11. Kosning fimm manna í Orkuráð til fjögurra ára, frá 1. júlí 1995 til jafnlengdar 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 69. gr. orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

12. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í tryggingaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. laga nr. 117 20. desember 1993, um almannatryggingar.

13. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 19. gr. útvarpslaga nr. 68 27. júní 1985.

14. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands til fjögurra ára, frá 27. maí 1995 til jafnlengdar 1999, skv. 2. gr. laga nr. 55 2. júní 1992 (sbr. 2. gr. laga nr. 10 27. febrúar 1995), um Viðlagatryggingu Íslands.

15. Kosning yfirkjörstjórnar Austurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

16. Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

17. Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis vestra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

18. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

19. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

20. Kosning yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

21. Kosning yfirkjörstjórnar Vestfjarðakjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

22. Kosning yfirkjörstjórnar Vesturlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

23. Kosning þriggja alþingismanna í Þingvallanefnd, frá þinglokum til loka fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

24. Kosning tveggja aðalmanna og tveggja varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands til 31. desember 1997, skv. 27. gr. laga nr. 43 11. maí 1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

25. Kosning eins manns í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna í stað Guðmundar Bjarnasonar landbúnaðarráðherra til 20. desember 1995, skv. 30. gr. laga nr. 59 1. júní 1983, um heilbrigðisþjónustu.

26. Kosning aðalmanns í stað Gunnlaugs Sævars Gunnlaugssonar í útvarpsréttarnefnd til 31. desember 1997, skv. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

27. Kosning eins manns í stað Sigbjörns Gunnarssonar í flugráð til 31. desember 1995, skv. 1. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála.

28. Þingfararkaup, frv., 47. mál, þskj. 115. — 3. umr.
*Ef leyft verður.*

***Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 96 28. sept. 1990, um atvinnuleysistryggingar.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Helgi Steinar Karlsson múrari (A),
Lára V. Júlíusdóttir lögmaður (B),
Þórður Ólafsson verkamaður (A),
Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður (A).

*Varamenn:*
Vilhjálmur Egilsson alþingismaður (A),
Sveinn Allan Morthens framkvæmdastjóri (B),
Hákon Sigurgrímsson framkvæmdastjóri (A),
Kristín Guðmundsdóttir viðskiptafræðingur (A).

***Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 27. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Jóhannes Bergsveinsson læknir (A),
Anna Friðrikka Jóhannesdóttir sálfræðinemi (B),
Sigurbjörg Björgvinsdóttir forstöðumaður (A),
Hörður Pálsson bakarameistari (A).

*Varamenn:*
Jóna Gróa Sigurðardóttir borgarfulltrúi (A),
Kristín Sigfúsdóttir kennari (B),
Kristján Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður (A),
Ásthildur Bragadóttir stjórnmálafræðingur (A).

***Kosning sjö manna og sjö varamanna í stjórn Byggðastofnunar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. laga nr. 64 1. júlí 1985, um Byggðastofnun.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Egill Jónsson alþingismaður (A),
Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður (B),
Stefán Guðmundsson alþingismaður (A),
Einar K. Guðfinnsson alþingismaður (A),
Sigbjörn Gunnarsson, fyrrv. alþingismaður, (B),
Guðjón Guðmundsson alþingismaður (A),
Magnús Björnsson framkvæmdastjóri (A).

*Varamenn:*
Kristján Pálsson alþingismaður (A),
Skúli Alexandersson, fyrrv. alþingismaður, (B),
Ólafía Ingólfsdóttir bóndi (A),
Drífa Hjartardóttir bóndi (A),
Ólöf Kristjánsdóttir verslunarmaður (B),
Svanhildur Árnadóttir bæjarfulltrúi (A),
Þorvaldur T. Jónsson bóndi (A).

***Kosning tveggja manna og tveggja varamanna í stjórn Hollustuverndar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 70/1995, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Sigurður Óskarsson framkvæmdastjóri (A),
Kristín Einarsdóttir líffeðlisfræðingur (B).

*Varamenn:*
Halla Halldórsdóttir ljósmóðir (A),
Jóhanna B. Magnúsdóttir umhverfisfræðingur (B).

***Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 3. gr. laga nr. 61/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Þórhallur Jósepsson deildarstjóri (A),
Guðrún Sigurjónsdóttir sjúkraþjálfari (B),
Hákon Hákonarson skrifstofumaður (A),
Gunnar S. Björnsson húsasmíðameistari (A),
Birgir Dýrfjörð rafvirki (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður (A),
Guðmundur G. Guðmundsson hagfræðingur (A).

*Varamenn:*
Kristján Guðmundsson húsasmiður (A),
Sjöfn Ingólfsdóttir formaður SR (B),
Ólafur Friðriksson framkvæmdastjóri (A),
Halldóra Vífilsdóttir arkitekt (A),
Kristín J. Björnsdóttir sjúkraliði (B),
Magnús Árni Stefánsson hagfræðingur (A),
Anna M. Valgeirsdóttir húsmóðir (A).

***Kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra varamanna í stjórn Kísiliðjunnar hf. til fjögurra ára, frá 20. apríl 1995 til jafnlengdar 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Björn J. Arnviðarson hrl. (A),
Lára Ellingsen Akureyri (B).
Hreiðar Karlsson framkvæmdastjóri (A).

*Varamenn:*
Snædís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur (A),
Sigurður Rúnar Ragnarsson sveitarstjóri Skútustaðahr. (B),
Jón Illugason framkvæmdastjóri (A).

***Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður (A),
Elsa Þorkelsdóttir lögfræðingur Kópavogi (B),
Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður (A),
Gísli Baldur Garðarsson hæstaréttarlögmaður (A),
Baldvin Jónsson hæstaréttarlögmaður Reykjavík (B).

*Varamenn:*
Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur (A),
Heiðrún Sverrisdóttir fóstra Kópavogi (B),
Sólveig Guðmundsdóttir lögmaður (A),
Hrund Hafsteinsdóttir lögmaður (A),
Guðríður Þorsteinsdóttir hæstaréttarlögmaður Reykjavík (B).

***Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn Landsvirkjunar, allra til fjögurra ára, frá 1. júlí 1995 til 30. júní 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 8. gr. laga nr. 42 23. mars 1983, um Landsvirkjun.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður (A),
Svavar Gestsson alþingismaður (B),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson bóndi (A),
Sturla Böðvarsson alþingismaður (A).

*Varamenn:*
Sólveig Pétursdóttir alþingismaður (A),
Þorsteinn Hjartarson skólastjóri (B),
Vigdís Sveinbjörnsdóttir kennari (A),
Bryndís Brynjólfsdóttir framkvæmdastjóri (A).

***Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn menningarsjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 79. 18. maí 1993, um menningarsjóð.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Bessí Jóhannsdóttir sagnfræðingur (A),
Sigríður Jóhannesdóttir kennari (B),
Áslaug Brynjólfsdóttir fræðslustjóri (A).

*Varamenn:*
Sigurður Björnsson óperusöngvari (A),
Ingunn Jónasdóttir bæjarfulltrúi, Akranesi (B),
Kári Bjarnason (A).

***Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 10. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnu rekstri.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Baldur Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður (A),
Runólfur Ágústsson lögfræðingur (B),
Jón Sveinsson héraðsdómslögmaður (A),
Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur (A),
Bergsteinn Einarsson iðnrekandi (B).

*Varamenn:*
Árni Árnason framkvæmdastjóri (A),
Jörundur Guðmundsson markaðsstjóri (B),
Þuríður Jónsdóttir lögmaður (A),
Sigríður Arnbjarnardóttir kennari (A),
Vilhjálmur Þorsteinsson forstjóri (B).

***Kosning fimm manna í Orkuráð til fjögurra ára, frá 1. júlí 1995 til jafnlengdar 1999, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 69. gr. orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Guðjón Guðmundsson alþingismaður (A),
Lilja Rafney Magnúsdóttir, form. Verkalýðs- og sjómannafélags Súganda, Suðureyri (B),
Sverrir Sveinsson veitustjóri (A),
Guðrún Zoëga verkfræðingur (A),
Sveinn Þór Elinbergsson aðstoðarskrifstofustjóri (B).

***Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í tryggingaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. laga nr. 117 20. desember 1993, um almannatryggingar.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur (A),
Guðrún Helgadóttir, fyrrv. alþingismaður, (B),
Bolli Héðinsson hagfræðingur (A),
Margrét S. Einarsdóttir forstöðumaður (A),
Petrína Baldursdóttir, fyrrv. alþingismaður, (B).

*Varamenn:*
Ásta Möller hjúkrunarfræðingur (A),
Þuríður Backman bæjarfulltrúi (B),
Elín Jóhannsdóttir kennari (A),
Svala Árnadóttir skrifstofumaður (A),
Ásta B. Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur (B).

***Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 19. gr. útvarpslaga nr. 68 27. júní 1985.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson framkvæmdastjóri (A),
Guðrún Helgadóttir, fyrrv. alþingismaður, (B),
Gissur Pétursson verkefnisstjóri (A),
Þórunn Gestsdóttir blaðamaður (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir stjórnmálafræðingur (B),
Anna K. Jónsdóttir aðstoðarlyfjafræðingur (A),
Kristjana Bergsdóttir kennari (A).

*Varamenn:*
Ingunn Guðmundsdóttir bæjarfulltrúi (A),
Svanhildur Kaaber kennari (B),
Áskell Þórisson ritstjóri (A),
Benedikt Jónmundsson framkvæmdastjóri (A),
Bryndís Guðmundsdóttir kennari (B),
Laufey Jóhannsdóttir bæjarfulltrúi (A),
Ingibjörg Davíðsdóttir stjórnmálafræðingur (A).

***Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands til fjögurra ára, frá 27. maí 1995 til jafnlengdar 1999, skv. 2. gr. laga nr. 55 2. júní 1992 (sbr. 2. gr. laga nr. 10 27. febrúar 1995), um Viðlagatryggingu Íslands.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Hrafnkell A. Jónsson, formaður Verkalýðsfélagsins Árvakurs, (A),
Snorri Styrkársson hagfræðingur (B),
Drífa Sigfúsdóttir bæjarfulltrúi (A).

*Varamenn:*
Halldór Jónsson bæjarfulltrúi (A),
Magnús Ól. Hansson innheimtufulltrúi (B),
Herdís Sæmundardóttir kennari (A).

***Kosning yfirkjörstjórnar Austurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Lárus Bjarnason sýslumaður (A),
Egill Guðlaugsson bóndi (B),
Hörður Hjartarson forstjóri (A),
Inger Linda Jónsdóttir sýslumaður (A),
Árni Halldórsson lögmaður (B).

*Varamenn:*
Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari (A),
Þorbjörn Ásbjörnsson bankamaður (B),
Páll Björnsson sýslumaður (A),
Bjarni Stefánsson sýslumaður (A),
Karl Jensen Sigurðsson flugvallareftirlitsmaður (B).

***Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar al-***

***þingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Ólafur B. Árnason lögfræðingur (A),
Inga Þöll Þórgnýsdóttir lögfræðingur (B),
Jóhann Sigurjónsson menntaskólakennari (A),
Guðmundur Þór Benediktsson fulltrúi (A),
Þórunn Bergsdóttir skólastjóri (B).

*Varamenn:*
Þorsteinn Hjaltason lögfræðingur (A),
Kristín M. Jóhannsdóttir kennari (B),
Magnús Þorvaldsson tryggingamaður (A),
Gísli Auðunsson læknir (A),
Unnur Þorsteinsdóttir skrifstofumaður (B).

***Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis vestra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Halldór Þ. Jónsson sýslumaður (A),
Ingibjörg Hafstað oddviti, Vík Skagafirði (B),
Bogi Sigurbjörnsson skattstjóri (A),
Egill Gunnlaugsson dýralæknir (A),
Hólmfríður Bjarnadóttir, form. Verkalýðsfélagsins Hvatar, Hvammstanga (B).

*Varamenn:*
Þorbjörn Árnason lögfræðingur (A),
Jóhann Svavarsson rafveitustjóri Siglufirði (B),
Magnús Sigurjónsson verslunarmaður (A),
Guðmundur Skarphéðinsson framkvæmdastjóri (A),
Kristín Jóhannesdóttir bóndi Páfastöðum (B).

***Kosning yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Jónas A. Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður (A),
Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður (B),
Þórður Ólafsson lögfræðingur (A),
Páll Ólafsson bóndi (A),
Þórunn Friðriksdóttir kennari (B).

*Varamenn:*
Guðríður Guðmundsdóttir lögfræðingur (A),
Gunnlaugur Ó. Guðmundsson yfirdeildarstjóri (B),
Sigríður Jósefsdóttir lögfræðingur (A),
Finnbogi Björnsson framkvæmdastjóri (A),
Katrín Pálsdóttir hjúkrunarfræðingur (B).

***Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður (A),
Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður (B),
Eggert Ólafsson héraðsdómslögmaður (A),
Hjörleifur B. Kvaran hæstaréttarlögmaður (A),
Sjöfn Kristjánsdóttir læknir (B).

*Varamenn:*
Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður (A),
Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður (B),
Gautur Gunnarsson lögfræðingur (A),
Erla S. Árnadóttir hæstaréttarlögmaður (A),
Sigurbjörg Ásgeirsdóttir verkakona (B).

***Kosning yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Georg Lárusson sýslumaður (A),
Sigurjón Erlingsson múrari (B),

Friðjón Guðröðarson sýslumaður (A),
Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari (A),
Unnar Þór Böðvarsson skólastjóri (B).

*Varamenn:*
Guðrún Inga Sveinsdóttir (A),
Stefán Ármann Þórðarson fulltrúi (B),
Þórir Haraldsson, aðstoðarmaður ráðherra, (A),
Þóra Grétarsdóttir bankastarfsmaður (A),
Kristín Erna Arnardóttir kvikmyndagerðarmaður (B).

***Kosning yfirkjörstjórnar Vestfjarðakjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Þórólfur Halldórsson sýslumaður (A),
Birkir Friðbertsson, bóndi Birkihlíð (B),
Björn Teitsson skólameistari (A),
Jens Kristmannsson framkvæmdastjóri (A),
Daði Guðmundsson sjómaður (B).

*Varamenn:*
Óli M. Lúðvíksson skrifstofustjóri (A),
Svanhildur Þórðardóttir kaupmaður Seljalandi (B),
Kristjana Sigurðardóttir verslunarmaður (A),
Engilbert Ingvarsson bóndi (A),
Sigurður Ólafsson, form. Sjómannafélags Ísafjarðar, (B).

***Kosning yfirkjörstjórnar Vesturlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Gísli Kjartansson lögfræðingur (A),
Guðný Ársælsdóttir útibússtjóri (B),
Páll Guðbjartsson framkvæmdastjóri (A),
Guðjón Ingvi Stefánsson framkvæmdastjóri (A),
Ingi Ingimundarson aðalbókari (B).

*Varamenn:*
Jósef Þorgeirsson lögfræðingur (A),
Inga Harðardóttir kennari (B),
Indriði Albertsson framkvæmdastjóri (A),
Helgi Kristjánsson fiskverkandi (A),
Böðvar Björgvinsson útgefandi (B).

***Kosning þriggja alþingismanna í Þingvallanefnd, frá þinglokum til loka fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Björn Bjarnason ráðherra (A),
Össur Skarphéðinsson alþingismaður (B),
Guðni Ágústsson alþingismaður (A).

***Kosning eins manns í stað Sigbjörns Gunnarssonar í flugráð til 31. desember 1995, skv. 1. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála.***

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Karvel Pálmason, fyrrv. alþingismaður.

***Kosning aðalmanns í stað Gunnlaugs Sævars Gunnlaugssonar í útvarpsréttarnefnd til 31. desember 1997, skv. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.***

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Jóhanna María Eyjólfsdóttir sagnfræðingur.

***Kosning tveggja aðalmanna og tveggja varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands til 31. desember 1997, skv. 27. gr. laga nr. 43 11. maí 1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*
Helgi S. Guðmundsson tryggingaráðgjafi (A),
Jóhann Ársælsson, fyrrv. alþingismaður, (B).

*Varamenn:*
Haukur Halldórsson, formaður Framleiðsluráðs (A),
Sigríður Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi Akureyri (B).

***Kosning eins manns í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna í stað Guðmundar Bjarnasonar landbúnaðarráðherra til 20. desember 1995, skv. 30. gr. laga nr. 59 1. júní 1983, um heilbrigðisþjónustu.***

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Unnur Stefánsdóttir leikskólakennari.

**Útbýting þingskjals:**
Þingfararkaup, 47. mál, þskj. 139.

***Þingfararkaup, 3. umr.***

Frv. GHH o.fl., 47. mál (heildarlög). — Þskj. 139.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KHG, KÁ, KH, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VE, ÖS.
5 þm. (ÁE, ÁRJ, JóhS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JBH, JónK, KPál, LMR, MF, RG, SighB, SF, StB, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 140).

Fundi slitið kl. 20:39.

---

# 29. FUNDUR

fimmtudaginn 15. júní,
að loknum 28. fundi.

**Dagskrá:**
1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 48. mál, þskj. 126. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 1. mál, þskj. 1. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Stjórnarskipunarlög, frv., 2. mál, þskj. 2. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

***Frestun á fundum Alþingis, ein umr.***

Stjtill., 48. mál. — Þskj. 126.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. dagskrármáls og 2. umr. 2. og 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

[20:40]
**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**
Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki ttil frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:
„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 15. júní 1995."
Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:41]
Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VE, ÖJ, ÖS.
18 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JBH, JónK, KPál, LMR, MF, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 141).

***Stjórnarskipunarlög, 3. umr.***

Frv. GHH o.fl., 1. mál (mannréttindaákvæði). — Þskj. 1.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:42]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VE, ÖJ, ÖS.
18 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JBH, JónK, KPál, LMR, MF, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 142).

### *Stjórnarskipunarlög, 3. umr.*

Frv. GHH o.fl., 2. mál (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur). — Þskj. 2.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:42]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
**já:** ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MS, ÓE, ÓRG, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VE, ÖJ, ÖS.
18 þm. (EOK, GE, GB, GÁS, HÁs, HG, IP, JBH, JónK, KPál, LMR, MF, RG, SighB, SF, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 143).

### *Þingfrestun.*

[20:42]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Hv. alþingismenn. Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf 119. löggjafarþings.

Þingið stóð yfir frá 16. maí til 15. júní. Þingfundadagar urðu alls 19. Þingfundir hafa verið 29.

**Þingmál** og úrslit þeirra:

**Lagafrumvörp** voru samtals 29.

Stjórnarfrumvörp voru 20 og þingmannafrumvörp 9.

14 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög en óútrædd stjórnarfrumvörp eru sex.

Fimm þingmannafrumvörp urðu að lögum en fjögur þingmannafrumvörp eru óútrædd.

Af 29 frumvörpum urðu alls 19 að lögum.

**Þingsályktunartillögur** voru alls 9.

Stjórnartillögur voru tvær og þingmannatillögur voru sjö.

Þrjár tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis og sex eru óútræddar.

**Fyrirspurnir** voru 10. Svör bárust við sjö fyrirspurnum. Munnlegar fyrirspurnir voru fimm og var þremur svarað. Beðið var um skrifleg svör við fimm fyrirspurnum og bárust svör við fjórum.

Alls voru til meðferðar í þinginu 48 mál, þar af hlutu 29 þingmál afgreiðslu og tala prentaðra þingskjala var 143.

Eins og sjá má af þessu yfirliti hafa allmörg mál verið afgreidd á þessu þingi þó staðið hafi stutt. Þingið hefur afgreitt brýn og mikilvæg mál og má þar nefna staðfestingu frv. um ný mannréttindaákvæði í stjórnarskrána sem er veigamikil réttarbót fyrir landsmenn alla. Af öðrum merkum málum má nefna breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og breytingar á ýmsum lögum sem nauðsynlegar hafa verið í framhaldi af staðfestingu Íslands á samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Um þessi síðastnefndu og reyndar fleiri þingmál hafa orðið snarpar og oft á tíðum skemmtilegar umræður og er ánægjulegt hversu nýir þingmenn hafa verið virkir í þeim umræðum. Í þessu sambandi vil ég rifja upp orð mín á þingsetningarfundi þann 17. maí sl. Þá sagði ég m.a. er ég ræddi um svipmót þingsins:

„Þingmenn gætu sýnt meiri háttvísi í orðavali og framgöngu hver gagnvart öðrum, enda eru það þingmenn sjálfir sem mest áhrif hafa á hver ímynd Alþingis er í augum þjóðarinnar."

Ég er mjög ánægður með hvernig þingmenn hafa brugðist við þessum orðum mínum og þykir mér sem þeir hafi tekið tillit til þeirra og mér finnst hafa verið góður blær á þingstörfunum þennan tíma. Vil ég láta í ljós sérstakar þakkir mínar til þingmanna fyrir samstarfsvilja þeirra.

Þetta annasama en stutta þing hefur um margt verið lærdómsríkt fyrir þá okkar sem kjörnir voru til að stýra störfum þess. Það er ljóst að ýmislegt í skipulagi þingsins má betur fara. Ég hyggst því beita mér fyrir því að tíminn fram að haustþingi verði notaður til að vinna að þeim breytingum sem æskilegt er að gera á þingsköpum og sem ætla má að samstaða geti tekist um meðal allra þingflokka. Um þetta mál mun ég hafa fullt samráð við formenn þingflokkanna.

Eins og þingmönnum er kunnugt verða 150 ár liðin frá endurreisn Alþingis hinn 1. júlí nk. Þó að vitaskuld séum við stolt af aldalangri sögu Alþingis, þá er engu að síður vert að minnast þessara tímamóta því að fundur Alþingis þann 1. júlí 1845 markaði upphaf Alþingis sem nútímalöggjafarstofnunar. Það er ætlun forsætisnefndar að þessa afmælis verði minnst með þeim hætti að almenningi verði gefinn kostur á að heimsækja þingmenn á vinnustað þeirra hér í Alþingishúsinu og fræðast um störf þeirra. Þess er vænst að helst allir þingmenn, þar með taldir að sjálfsögðu forsætisnefndarmenn þingsins og ráðherrar, geti verið í þinghúsinu þann tíma sem þingið verður opið og rætt við

gesti en ætlunin er að það verði frá hádegi til kl. 4 sídegis.

Nú við lok þinghaldsins vil ég ítreka þakkir mínar til allra þingmanna fyrir ánægjulegt samstarf á þessu þingi. Forseti þarf eðlis starfs síns vegna að hafa nána samvinnu við varaforseta þingsins og formenn þingflokka. Ég vil því færa varaforsetum sérstakar þakkir fyrir ágæta samvinnu og aðstoð við stjórn þinghaldsins, svo og formönnum þingflokkanna fyrir mjög gott samstarf.

Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð og fyrir mikið og gott starf og ágæta samvinnu í hvívetna. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á ný þegar Alþingi kemur saman í haust.

[20:48]

**Svavar Gestsson:**

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þingmanna þakka góð orð forseta í okkar garð og þakka forseta fyrir góða fundarstjórn, gott samstarf og skörulega forustu á þessu stutta þingi. Ég tek undir þau orð sem hann hefur látið falla í fjölmiðlum að þetta hefur verið málefnalegt þing sem við höfum haldið núna á undanförnum vikum.

Ég vil einnig taka undir orð hans með þakkir til skrifstofustjóra Alþingis og starfsmanna Alþingis og ég vil óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegs sumars og bið þingmenn að rísa á fætur til að taka undir þær óskir mínar. — [Þingmenn risu úr sætum.]

**Forseti (Ólafur G. Einarsson):**

Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir hlýleg orð í minn garð og hv. þingmönnum fyrir að taka undir orð hans.

[20:49]

**Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):**

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 119. löggjafarþings, frá 15. júní 1995.

Gjört á Bessastöðum, 15. júní 1995.
Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi hér með yfir því að fundum Alþingis, 119. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 20.51.